



3 1761 04569340 5

University of Toronto
Library

DO NOT
REMOVE
THE
CARD
FROM
THIS
POCKET

Acme Library Card Pocket
Under Pat. "Ref. Index File"
Made by LIBRARY BUREAU

case 86

STURLUNGA SAGA

INCLUDING

THE ISLENDINGA SAGA

OF

LAWMAN STURLA THORDSSON

AND OTHER WORKS

EDITED

WITH PROLEGOMENA

APPENDICES, TABLES, INDICES, AND MAPS

BY

DR. GUDBRAND VIGFUSSON

VOL. II.

Oxford

AT THE CLARENDON PRESS

M DCCC LXXVIII

[All rights reserved]



STURLUNGA SAGA.

ÍSLENDINGA SAGA

(Continued).

SAGA ÞÓRÐAR SIGHVATZ SONAR KAKALA.

[III. I: vii. I.]

164. EINUM vetri eptir lát Snorra Sturlusonar hófusc þeir atburðir er mörg tíðendi görðusk af síðan: útan-för Gizurar Þorvaldzsonar sunnan-landz; en Órækja fór útan í Eyjafirði. Þat sama haust kom út Þórðr Sighvatzson at Gásum; ok Jón Sturluson, ok var þá barn at aldri; ok Solveig móðir hans, ok dætr hennar. Jón lindi-áss¹ var stýri-maðr á skipi því. Í þenna² tíma var Kolbeinn Arnórsson mestr höfðingi á Íslandi, ok hafði þróngt undir sik mestum hluta landzins. En þá er Gizurr fór útan, þá setti hann Hjalta frænda sínn í rúm sít; ok skyldi hvárr þeirra Kolbeins veita öðrum, ef ófriðr væri görr á öðrum-hvárum³, Sunnlendingum eðr Norðlendingum. Vóru ok útan reknir synir Dufguss, Svarthöfði ok Kolbeinn; en Björn skyldi vinna eiða Kolbeini, at fara aldri í móti hónum, við hverja sem hann ætti um. Sturla Þórðarson var tekinn með valdi við Brú með Órækju, ok skyldi annat-hvárt fara útan eðr fá ellifu menn ina beztu ór Vestfirðinga-fjórðungi með sér; skyldi þeir vinna Kolbeini tylptar-eið, at eigi Sturla, ok eingi þeirra, skyldi vera í móti þeim Kolbeini, þótt Þórðr kakali kæmi til. Páll prestr Hallzson reið norðr, ok Ketill prestr Þorleiksson, Gunnsteinn Hallzson ok Vigfúss son hans, Þóroddr prestr, ok allir inir beztu menn ór þeim sveitum sem hann átti forræði.

¹ lindi, B.

² þenna] B; þann, Cd.

³ aðra hvára, B.

[III. 2 : vii. 1.]

Sór Sturla eið, ok þessir menn með hónum; ok reið heim síðan. Þetta it sama sumar reið Einarr Þorvaldzson ok Þórdís Snorradóttir, ok inir beztu bændr með þeim ór Ísafirði, norðr á fund Kolbeins; ok fengu þar sémilegar viðtökur ok gjafir góðar. Ok at skilnaði þeirra játuðu þau öllu því er Kolbeinn vildi eðr beiddi. Riðu þá vestr með þeim Einarr Jónsson ok Einarr dragi ok þeir sex saman af sylgðar-mönnum Kolbeins. En þá er þau kómu til Staðar í Steingríms-fjörð, görðu þeir menn til Ásgríms Bergþórssonar á Kallaðar-nesi. Kom hann til mótz við þá, ok festi trúnað sínn með eiðum við Kolbein, ok var til þess trauðr í fyrstu. En þá er þeir heyrðu, at annat-hvárt skyldi allir menn vinna Kolbeini eiða í Vestfjörðum, eðr sæta asar-kostum ella. Fór hónum þá sem öðrum, er ekki var til annarrar handar, at hann sá ekki annat sítt ráð, en göra svá sem beitt var. Riðu þeir þá vestr til Ísafjarðar, ok stefndu þar fund búöndum; höfðu þá uppi eiða-málit. Gékk það auð-velt, sem ván var; þvíat þar voru margir vinir Kolbeins inir stærri búendr. En í annan stað vildu allir göra vilja Einars ok Þórdfsar. Sóru þá allir bændr eið Kolbeini. Eptir þat fóru þau vestr til Barða-strandar, ok áttu þar fund við höfðingja; stefndu til Gísla af Rauða-sandi, ok höfðu upp orðsending Kolbeins, at Gísli skyldi sverja eið, eðr mæta ella því mun meira fjándskap¹ af Kolbeini sem hann hefði í fleira því verit, sem hónum var til mótgangs, en aðrir. Gísli kvazk aldri mundu eið sverja. Fór þá í fjándskap ok heitan af hvárum-tveggjum. Þar var Eyvindr prestr Þórarinsson, góðr maðr ok göfugr, er optast var vanr at vera umbótar-maðr með Gísla ok öðrum þar sem þess þurfti við. Þar var ok Þórarinn Kollason, systur-son Eyvindar. Kölluðu þeir þá Gísla á tal við sik; báðu hann at hyggja í hvert efni komit var; sögðu nú eigi vera Sighvat eðr Sturlu til liðveizlu við hann, eðr aðra þá er hónum hefði mestir fulltings-menn verit. Gísli kvað annars vera maklegan Kolbein eðr þá menn er drepit höfðu

¹ The text of B is here very much curtailed, thus—Sturla Þóðar son var tekinn með valdi, ‘sem syrr var ritað,’ ok skyldi annat-hvárt sara útan eða sverja K., typtar eið ok hinir beztu menn (I) hónum or Vestf., at vera aldri á móti K., þó at nökkurr maðr hafi ófrid móti hónum. Páll pr. Hallz son reið norðr ok þeir sem aðr var sagt; sóru þá allir eiða. Þetta sumar reið vestan sem sagt var Þórdís Sn. d., ok Einarr son hennar. Riðu þau þá vestr með þeim Einari lang ok hans félögum. Sór eið Ásgrímr Bergþórs son ok margir aðrir. Ok er þeir kómu á Barðaströnd áttu þeir fund við bændr, ok stefndu til Gísla af Sandi, ok höfðu upp orðsending Kolbeins at Gísli skyldi sverja eið eða mæta ella því meira f., etc.

[III. 3, 4: vii. 1.]

Sighvat ok Sturlu, en at hann vildi þeim né einn trúnað veita. Eyvindr kvað þá á hitt at líta, at hann fengi eigi svá breytt, at hann tæki sjálfr upp afar-kosti, en sveitin hefði ófrið; ok þætti öllum þat af hónum hljótask. Gísli kvazk þó aldrí mundu Kolbeini Arnórs-syni eið sverja, hvat sem í skurðinn gengi. Eyvindr þagnaði þá um hrifð, ok mælti síðan: ‘Sver þú eið Kolbeini unga. Ek á þann son sem Kolbeinn heitir, heitinn eptir Kolbeini Sighvatz syni; ok má þá rétr vera eiðr þínn, er þú veizt þat í hug þér, ar þú þykkisk hónum sverja.’ Gísli kvazk þetta göra mundu með forsjá þeirra. Gengu þeir þá með þessu ráði til mótz við þá Einar ok Norðlendinga. Sagði Eyvindr þá, at Gísli vildi göra fyrir bæn hans ok vina sínna annarra, eptir því sem beitt var. Stafaði Einarr Jónsson þá Gísla eið; en hann sór eptir því sem þeir Eyvindr höfða ráðit; ok sá eingi maðr í þat. Sóru þá allir bændr eið á þeim fundi þeir sem kvaddir voru. Skilðu þeir slískir vinir sem þeir fundusk. Fóru þeir Einarr þá norðr í Fjörðu. Gengu þá allir inir stærri bændr til eiða, fyrir útan fá eina menn. Sanda-Bárðr ok nökkurir menn vildu eigi sverja. Eptir þat riðu þeir Einarr norðr. Með slíkum hætti, sem nú heyrðu þér, fékk Kolbeinn vald yfir Vestfjörðum¹. Petta sama haust varð Þorfinnr fingr aptr-reka í Hrútafirði; voru þeir Dufgus-synir á því skipi, ok margir aðrir Íslenzkir menn. Riðu þeir þá heim í Hjarðarholt. Fór þá Björn drumbr norðr á fund Kolbeins ok Þorsteinn Hjálmsson með hónum; ok skyldu þeir þá friða fyrir þeim bræðrum við Kolbein. En þá er þeir kómu á hálsinn hjá Svína-vatni, þá reið þar maðr á móti þeim; sá hét Jón ok var kallaðr liðs-maðr. Þorsteinn spyrr hann tíðenda. Hann segir skip-kvámuna á Gásum; kvað þar á vera Þórð Sighvatzson ok fleiri Íslenzka menn aðra. Þorsteinn spyrr, hvert hann skyldi. Jón svarar: ‘Ek skal fara í Vestfjörðu, ok finna yðr ina stærri bændr.’ Þorsteinn spyrr hvat örendum væri. Jón segir Kolbein hafa til þess orð sent, ‘Ef Þórðr Sighvatzson kæmi nökkut í þeim sveitum fram, at þér skyldut láta taka hann ok færa hónum.’ Þorsteinn bað hann finna aðra bændr, ‘En vit munum riða á fund Kolbeins.’ Þá skilðusk þeir. Reið Jón vestr; en þeir Þorsteinn riðu þá norðr. Ok er sýn fal milli þeirra, þá mælti Björn: ‘Þau tíðendi hefi ek frétt, er ek mun aptr hverfa ok riða eigi lengra.’ ‘Hví sýnisk þér þat?’ segir Þorsteinn. ‘Þvíat ek

¹ Thus Cd.; nú fékk K. með slíku móti vald yfir Vestf. sem hér var sagt, B.

[III. 5 : vii. 2.]

veit,' segir Björn, 'at jafn-skjótt munu bræðr mínn fara til Þórðar, sem þeir ná hónum, hverigu sem¹ ek heit Kolbeini; en ek vil þeim fylgja.' Þorsteinn varð við sár, ok kvað hann ráða mundu. Þetta var um dagmála-skeið. Sneri Björn nú aptr, ok reið svá norðan, at hann fann ekki menn. Kom heim í Hjarðarholt er lítið var af nött; vakði hann þá upp bræðr sína, ok sagði þeim þessi tíðendi. Þeir urðu þessu segnir, ok þótti hónum hafa vel farit. Sátu þeir nú heima um hríð.

185. Nú er Þórðr var á land kominn í Eyjafirði, þá vóru þar syrir heima-menn Kolbeins; ok hleyptu þegar til fundar við hann, ok sögðu hónum at Þórðr var út kominn. Þórðr varð land-fastr Laugardag inn næsta syrir Máriú-messu síðari; hón var á öðrum degi viku. Vóru þar í kaup-stefnunni margir inir stærri bændr, þeir sem verit höfðu ástvinir föður hans. En í annan stað riðr Halldóra til mótz við Þórð son sinn; ok aðrir vinir hans urðu hónum all-segnir í fyrstu². En er þeir hugsuðu um ríki Kolbeins unga, hversu mikil vorðit var, þótti þeim nálega sem hann væri láttinn. Vakði þá upp syrir þeim at nýju harm³, er Halldóra hafði beðit; þvíat eingi inna meiri manna treystusk at veita Þórði eðr hans frændum; en alþýðan var svá hrædd at ekki þorði at mæla við hann þat er eigi væri á allra manna viti. En margir vóru í sökum vafðir við Þórð, er farit höfðu með eignir þær er faðir hans ok bræðr höfðu átt. En þá er Þórðr sá, hversu alþýðu var snúit af hræzlu-geði til mótgangs við hann, syrir ríki Kolbeins, svá at hverjum þótti sem at láta sjálfan sik eðr eignir sínar, ef hónum görði nökkurn góðan hlut: þá sékk hann sér hesta, ok reið inn til héraðs. Þórðr reið nú inn á Grund. Þar bjó þá Styrmir Þórisson ok Sigrfðr Sighvatz-dóttir; þau áttu tvau börn; hét Teitr son þeirra en Halla dóttir. Teitr var farinn út í Grímsey. En þá er þeir Sighvatr ok Sturla vóru látnir, lét Kolbeinn eiga skulda-dóm eptir þá, ok görði Sighvatr félausan; ok vafði í því alla ina stærri bændr, annat-hvárt at þeir kallaðisk átt hafa fé at þeim feðgum, eðr keyptu eignir þeirra með sínu frjálsu⁴, til þess at þá væri alþýða meir bundin í mótgangi við Þórð, ef hann kæmi til Íslandz. Þá lét hann sem hann keypti Grundar-land, sumt af Halldóru ok

¹ Thus, hvárigu sem, B; hverju sem, Cd. ² ok aðrir frændr hans, ok urðu hónum segnir í fyrstu, B. ³ vöktuz . . . þeir harmar, B. ⁴ In B this is worded somewhat clearer—ina stærri bændr í Eyjafirði með öðru hváru, at þeir skyldu ágírnaz ok kallaz átt hafa, eða lét þá kaupa, hvárt er þeir vildu eða eigi, ok gefa frjálsar eignir fyrir.

[III. 6: vii. 2.]

Tuma, ok gaf þeim við eignir í Skagafirði; bjoggu þau¹ þá at Þverá. Þótti Kolbeini sem Tumi mundi síðr þar koma né einu áleiðis til mótgangs, er um-hverfis sátu óvinir hans. En Styrmí ok Sigríði rak hann norðr á Grund; kvað hana þat skyldu hafa er sæmilegast var, ok setjask í rúm föður síns. En þau bjoggu áðr í Bjarnarstaða-hlíð, ok þótti hónum þau þar sitja fyrir njósnum. Sigríðr kvað sik mega reka brott af staðfestu sínni; en aldi kvazk hón at heldr eiga Grund². Þá er Þórðr kom á Grund, kom til hans Árni ábóti, inn sjaudi at Þverá, ok Guðmundr Gilsson; þeir báðu at Þórðr skyldi vera sem fyrst í brottru; sögðu, þann tíma at Kolbeinn yrði varr við út-kvámu hans, at hann mundi þegar göra til hans. Tóku þat þá flestir upp fyrir Þórði, at Hálfdan mágr hans væri líkastr til at veita hónum nökkurn styrk fyrir sakir kosta ok ættar; en kölluðu Steinvöru systur hans höfuð-skörung, ok vera líklega til framhvata við Hálfdan bónda sínn. Tók Þórðr þá þat ráð, at riða suðr um land. Var þá eigi meiri sveit hans ór Eyjafirði en tvær menn: Snorri Þóralfsson er út kom með hónum, ok Hámundr auga Þorsteinsson var leiðtogi þeirra. Riðu þeir þá norðr yfir Vöðla-heiði, ok svá upp ina nörðri leið á Sand.

En er Kolbeinn Arnórsson spurði útkvámu Þórðar, þá sendi hann þegar norðr til Eyjafjarðar þrjá tigi manna; voru þar fyrir heima-menn hans. Ok er þeir kómu til Gása, könnuðu þeir búðir allar með brugðnum vápnum; ok fundu þar eigi Þórð, sem ván var. Þeir urðu³ illa við sína för. Tóku þá Leif Austmann, er síðan var kallaðr Knarrar-Leifr; ok létu sem þeir mundu reka fót undan hónum. Hann var vinr Þórðar ok félagi. Peir tóku vápn hans; en Austmenn allir sögðu hann saklausan. Eptir þat létu þeir Leif lausan; en ræntu tvá Íslenzka menn, Starkað Einarson ok Björn⁴ skakk, til þriggja tiga hundraða. Eptir þat fóru þeir heim, ok sögðu Kolbeini at Þórðr var riðinn á Sand. Kolbeinn sendi þegar menn Hjalta biskups-syni; bað hann gæta sín, ok setja þar gíslar fyrir sem hónum þætti vænst at þeim mundi duga. Hjalti eykr þegar fjölmenni. Þórðr reið þegar þar til er hann kom til Keldna. Hálfdan ok Steinvör tóku vel við hónum. En er Þórðr hafði þar fár nætr verit, þá heimti hann á tal mág sínn ok systur; ok sagði, at þeim mundi kunnigt vera um skaða þann inn mikla er hann

¹ mæðgin, add. B. ² En aldri þíkkiumz ek at helldr eiga Grundar-land þóttek setiumz þar niðr. En þetta varð sem annat svá at vera sem Kolbeinn vildi, B.
³ undu, B. ⁴ Þorbjörn, B.

[III. 7: vii. 3.]

hefði beðit í manna-missi ok fjár-látum; en lét sér vera hvergi óhætt¹. ‘Nú em ek til þess kominn, at biðja hér nökkurar liðveizlu; ok vita ef Guð gæfi þann tíma, at vér mættim með nökkuru móti fá sœmðir várar. Er þat fyrst, mágr, at þú ert kosta-mestr mínnna venzla-manna², enda væntir mik hér bezt at er þit erut.’ Steinvör tók vel máli hans; ok kvað ein-sætt vera Hálfdani at drygja dáð sína ok veita hónum slíkt allt er hann mætti, þótt hann hefði eingi styrjaldar-maðr verit hér til. ‘Hefi ek þik ok sjaldan eggjat í göngu í stórmálum. En nú mun ek þat bert göra, at lítið mun verða samþykki okkurt, ef þú veitir eigi Þórði bróður mínum; mun þá svá fara ok, sem miðr er at sköpuðu, at ek mun taka vápnin, ok vita ef nökkurir vilja mér sylgja; en ek mun fá þér af hendi búrluklana.’ Steinvör var þá mál-óða um hrifð; en Hálfdan þagði ok hlýddi til. En þá er Steinvör þagnaði, þá svaraði Hálfdan: ‘Svá lízk mér sem fleira muni hér við þursa en ákafa einn saman, ef þetta mál skal nökkurn stað eiga er Þórðr beiðisk³. En mér er kunnast hvat manna ek em sjálfr; eru mér lítt hentar⁴ stór-deildir; ek em heldr hniginn syrir aldrs sakir, en verit þó ofallt úsamr at eiga hlut í stór-málum. En mér sýnisk þeim er í þetta mál ganga, sem nálega hafi allt landz-fólk í móti sér; vil ek ok fyrr vita hvern afla Þórðr sær annars-staðar þar sem frændr hans ok vinir eru; mun ek, ef þeir koma hingat með nökkurn styrk liðs, ganga í mál með hónum lengr.’ Steinvör eggjar þessa mjök. Görðu þau þá þat ráð öll saman, at Þórðr skyldi fara í Vestfjörðu, ok leita eptir hverir menn hónum vildi sylgja. Sagði Hálfdan þar marga þá menn, er harma sína áttu at rétta við Kolbein ok Sunnlendinga; kvað þá ok gjarnari⁵ vera mundu ófriðar en sik eðr sína menn.

166. Tumi Sighvatz-son átti þá bú í Arnarbæli. Kom hann til Keldna er hann spurði, at Þórðr var þar kominn. Verðr þar fagna-fundr með þeim braðrum. Rézk Tumi til Vestr-ferðar með Þórði, ok nökkurir menn með hónum. Nichulas hét maðr, ok var Oddzson; hann⁶ var ættaðr austan ór Fjörðum. Móðir

¹ beðit í láti fður síns ok svá ok bræðra, ‘ok svá teknar allar eignir várar, en látið mér hvergi óhætt,’ B.

² sœmðir várar. þikki mér enngi maðr jafn líkligr til lið veizlu við mik sem þú fyrst sakir vennzla, ok þess at þú ert kosta meiri fyrr fjár sakir ok annars afla en hvert annarra mínnna vennzla manna. Vænti ek hér . . . , B.

³ beiðisk] byrjar, B. ⁴ hendar, B. ⁵ gjarnari] B; gjarnara, Cd. ⁶ hann] Oddr fáðir hans var, B.

[III. 8, 9: vii. 3.]

Nichulásar var Herdís dóttir Barkar af Baugsstöðum; hann var fylgðar-maðr Hálfdanar; hann var mikill maðr ok sterkr ok vel viti borinn; hann fengu þau Steinvör ok Hálfdan til fylgðar við Þórð. Börkr hét maðr ok var Guðmundarson; hann rézk enn til ferðar með Þórði. Urðu þeir Þórðr ok Tumi, bræðrnir, saman nær þrír tigir manna¹, þá er þeir riðu frá Keldum. Riðu þeir þá vestr yfir Þjórsá; ok fóru svá um heráðit, at Hjalti varð eigi varr við. Riðu þá leið sína vestr til Borgarfjarðar ok svá vestr til Dala. Svertingr hét maðr, ok var Þorleifsson; hann bjó þá í Hvammi. Fór Tumi þangat, ok var þar meðan Þórðr fór vestr í Fjörðu. En er Órækja var útan rekinn, þá dreifðisk víða sveit sú er hónum hafði fylgt. En er þeir spurðu, at Þórðr var kominn í Dala², þá þótti þeim hann vænastr til nökkurrar uppreistar móti þeirra óvinum. Drifu þeir þá flestir allir til Þórðar. Tók hann við þeim öllum vel. Vóru þar fremstir í þeirri sveit frændr hans Dufgus-synir: Björn kegill, ok Kolbeinn grön; Þorgeirr Hroðbjartzson, er kallaðr var stafsendi, braeðrungr Dufgus-sona; Guðmundr Jónsson, er kallaðr var sorti, son Þórdísar Sveins dóttur Sturlu sonar; Ásgrímr baulufótr; ok enn fleiri, þótt vér nefnim eigi alla. Reið þá Þórðr vestr til Saurbæjar. Sturla Þórðarson bjó þá á Staðarholi; fékk Þórðr þar góðar viðtökur. Þá er hann hafði þar verit eina nótt, gengu þeir Þórðr ok Sturla á tal; kvað Þórðr sér þat sagt, at hann væri mestr maðr ok vitrastr í þessum sveitum af hans frændum; ‘Hefi ek þat ok spurt, at öngan mun nær borit hafa þeim hrakningum er á Örlygs-stöðum urðu, en þik; hefir þú jafnan síðan verit liðsinnaðr mínum frændum, þeim er síns réttar áttu at reka; vænti ek enn at svá munir þú til míni göra. Var mér þat ok sagt, at eigi ynðir þú betr við skilnað ykkarn Órækju, en at þér mundi þá þat í hug at veita þeim, ef nökkurr vildi þessar réttar reka.’ Sturla kallaðisk óhaglega við kominn; ‘Muntú þat spurt hafa, at ek hefi eið unnit³ Kolbeini unga, ok þar í bundnir þeim eiðum allir inir beztu menn í mínni sveit.’ Þórðr kallaði eiða þá ekki verit hafa annat en nauðung eina. Sturla kvazk vilja verða hónum at liði eptir því sem hann mætti sér við koma; en kvazk búinn mundu til slískrar liðveislu sem hann mundi í ganga, þá er Þórðr kæmi vestan. Þórðr fór þaðan vestr yfir Breiðafjörð til Barðastrandar. Þá bjó í

¹ B reads—hann var fylgðar-maðr Tuma(!) ok fóru þeir með Þórði, ok urðu þeir Þórðr ok T. saman braðr nær xx menn. ² Dala] thus B; Dali, Cd.

³ Here is a blank of one sheet (eight leaves) in B.

[III. 10: vii. 3.]

Haga Eyrindr prestr Ragneiðarson, sem fyrr var getið. Hann átti Þórunni Gellisdóttur; hennar móðir var Vigdís Sturludóttir. Gísla Markússon bjó á Rauða-sandi; hann átti Þórdísi Gellisdóttur, systur Þórunnar; ok var hann svá mægðr við Þórð. Hann var mestr bóndi syrir vestan Arnarfjörð, ok var þá mjök kominn á inn efra aldr; hafði hann ok alla æfi verit í ferðum, fyrst með Sighvati, en þá með Sturlu er hann kom í Dalí; hafði ok eingi maðr verit einfaldari í öllum mála-ferlum við Sturlunga en hann; átti hann þar ok allt sít traust er þeir vóru; en þurfti jasnan til at taka, þvíat hann var inn mesti ójasnaðar-maðr. Synir Gísla, inir skírgetnu, vóru lítt á legg komnir; en laungetna sonu átti hann marga, ok þá fullkomna at aldri. En er Þórðr kom í Haga, sendi hann menn eptir Gísla, ok stefndi at sér öllum bónum er nökkur málaskil kunnu. Þórðr bar þá upp örendi sín, fyrst við Gísla, ok þá við alþýðu; beiddi Gísla ferðar suðr um land til mótz við Hálfdan, ok þar með alla aðra, er hans flokk vildu sylla. Talði hann þá upp vandræði sín, sem ærin vóru til; sagði þat saman bera, skaða sfnn ok alþýðunnar í þessum sveitum; kveðr ok vel sama, at hann væri syrir-maðrinn í málunum, en þeir veitti hónum eptir-gönguna; ‘Mun þá vera annat-hvárt af bragði,’ sagði hann, ‘at vér munum réta várn hlut, eðr falla ella á fætr frændum vårum; ok er þar góðr, hvárr[gi] er upp kemr.’ Gísla kvazk elldr vera mjök frá ófríði, ok væri séi mál af at láta; en kvað þó ærna nauðsyn á vera at allir drýgði dáð ok veitti hónum; ‘Hefi ek ok þá eiða unnit Kolbeini, at mér samir allvel syrir þá sök at vera hónum mótgangsmáðr; mun ek fá til ferðar með þér, Þórðr, fjóra sonu mína; ok hvetja alþýðu þá, er ek má orðum við koma; ok ætla ek þat skulu mikit stoða.’ Þórðr tók því vel at einu; ok kvazk aldrigi ætlað hafa, at hann mundi sjálfan sik undan draga. Þórðr fór þá norðr til Eyrar í Arnarfjörð. Þá bjó á Eyri í Arnarfirði Steinunn, dóttir Hrafn Sveinbjarnar sonar, Bárðar sonar ins Svarta. Móðir hennar var Hallkatla, Einars dóttir, Gríms sonar, Ingjaldz sonar, Gríms sonar glammaðar, Þorgils sonar erru-beins-stjúps. Steinuðr átti sex börn, dætr tvær ok sonu fjóra. Hrafn hétt son hennar inn ellzti; annarr Guðlaugr, þriði Óláfr, fjórði Oddr. Herdís hétt dóttir hennar inn ellri; hón var gipt þeim manni, er vér nefndum syrr, Svarthöfða Dufgus-syni, frænda Þórðar. Svarthöfði var þá vistum á Eyri með Steinunni. Önnur dóttir Steinunnar hétt Halla.

[III. 11 : vii. 4.]

167. Þat var tíðenda, er Þórðr kom á Eyri, at Hrafn ok Svart-höfði vóru eigi heima. Þeir vóru þá farnir norðr í Dýrafjörð í Hjarðardal til brúðlaups. Þá var it næsta kveld fyrir Michaelis-messu, á Sunnudaginn¹. Þegar um nótina sendi Þórðr mann norðr í Hjarðardal, at þeir Hrafn ok Svarthöfði skyldi koma til mótz við hann á Söndum. Bárðr Þorkelsson bjó þá á Söndum, er kallaðr var Sanda-Bárðr; hann átti Ceceliu, dóttur Guðmundar Sigríðar-sonar. En þá er þeim kom orðsending Þórðar, þá fóru þeir til mótz við hann á Sanda. Þórðr heimti þá á tal Hrafn ok Svarthöfða ok Bárð, ok segir sílkt sem í var hans ráða-görð; kvezk þar fyrst bezt at vænta, er Svarthöfði var, frændi hans. Svarthöfði sagði sér þat þá í hug, ‘Er Sturla bróðir þínn var drepinn frá oss, en allir vér hrakðir ok skammaðir, at vér mundim fegnir verða, ef nökkurr vildi þess réttar reka; skaltú ok eigi bæna-stað til þurfa sílkt er vér megum veita þér.’ Bárðr segir, at hann mundi þat ráð upp taka, ok² þeir Eyrar-menn, ‘Hefir mér lengi þat vel gefizk.’ Bárðr var landseti Hrafnar; Þórðr spyrr: ‘Hverr er sá inn ungi maðr? Hví leggr þú ekki til?’ Hann kvazk Hrafn heita ok vera Oddzson. Þórðr kvazk heyrta hafa hans getið; ‘Eða villtú nökkut vera í ferðum með oss?’ Hrafn sagðisk vera ungr ok lítt til ferða fallinn; ‘Hefir ek,’ segir hann, ‘eigi í ferðum verit með höfðingjum hér til;’ kvazk hann ok eigi vita, hvárt hann mundi harðnaðr vera nökkut, þar er hann var lítt kominn af barns-altri.—Hrafn var þá sextán vetra, er Þórðr kom í Vestfjörðu.—Þórðr segir Hrafní ærna nauðsyn til bera, at vera mótgangs-maðr Kolbeins, fyrir sakir dráps móður-bræðra síンna; ‘Létusk þar ok öngir menn jafn-göfgir, fyrir útan þá Sighvat föður mínn ok sonu hans, sem þeir Sveinbjörn ok Krákr.’ Hrafn kvað ok eigi bæði vera skyldu, ‘At mega lítið veita þér, enda³ láta þík illa at komask því, er ek má.’ Þórðr þakkaði hónum vel; ok kvazk ætla sér mundu þat mikil mega fyrir sakir frænda styrks þess er Hrafn átti.

Pessir vóru þá inir stærri bændr norðr í Fjörðum, er Þórðr kom þangat: Jón Þorkelsson bjó á Álpta-mýri; hann átti Guðrúnu dóttur Tomass ór Selárdal; Halla var móðir hennar, dóttir Þórðar Sturlusonar. Guthormr, son Helga Sveinssonar, bjó í Lokin-hömrum; Þóríðr hét móðir hans, dóttir Hrafnar Sveinbjarnarsonar. Guthormr hafði látið föður sínn á Örlygs-

¹ á Sunnudaginn] add. B*; i. e. Sunday, the 28th of September, 1242; Michaelmas day falling that year on a Monday. ² ok] i. e. as. ³ enda] ok, Cd.

[III. 12: vii. 4.]

stöðum, ok tvá móður-bræðr. Bjarni Brandzson bjó þá á Mýrum, góðr bóndi. Steinþórr prestr Steinþórsson bjó þá í Holti í Önundar-firði. Þessir bændr bjoggu í Ísafirði; Sigmundr Gunnarsson bjó í Súðavík; hann átti Herdísí Hrafns dóttur síðarr; en fyrr hafði hana átta Eyjólfur Kársson, ok áttu þau einn son, er Eyjólfur hét. Einarr Þorvaldzson var þá ungr; ok áttu þau Þórdís móðir hans bú í Vatzfirði. Annat sumar áðr¹ var Íllugi Þorvaldzson dreppinn. Eptir þat óþokkuðusk bændr svá mjök í Ísafirði um dráp Ílluga við Órækju, at þeir vildu fara at hónum. Var þar hösuðs-maðr Páll Bárðarson ór Ögri; móðir hans var Valgerðr Snorradóttir; hann var systrungr Ílluga. En er Órækja varð þessa varr, stukku þeir sumir, er í þessu höfðu verit, með Páli norðr um land til Kolbeins ok görðusk þá ástvinir hans, sem fyrr er sagt. Þormóðr Hjálmsson bjó í Þernu-vík. Áron, son Halldórs Ragnheiðar sonar bjó í Ögri; Þórðr Heinreksson bjó í Reykjarfirði, Atli Hjálmsson bjó í Grunna-vík. Þórðr Sighvatzson fór norðr í Hjarðardal, ok kom þar er menn vóru í brott farnir frá brúðlaupinu. Vóru þar allir inir beztu menn fyrir útan, fram ór Ísafirði². Talaði Þórðr þá langt örendi. Hafði hann upphaf at sínu máli; at hann krafði alla menn þar liðveizlu ok uppstöðu svá skjótrar, at allir skyldi komnir í Saurbæ at Allra-heilagra-messu. En er Þórðr hafði lokit sínni ræðu, þóttusk menn þat finna, at hann mundi vera vitugr maðr, þegar er hann fengi stillt sik fyrir ofsa. En nökkut þótti mönnum hann stírt tala í fyrstu; en þess at djarfari ok snjallari var hann í málínu er hann hafði fleira mælt ok sjölmennara var við. Þeir menn svöruðu í fyrstunni, er í eiðum höfðu bundizk með Kolbeini um haustið; kölluðu sér eigi sama at fara at Kolbeini, meðan hann görði ekki afbrigði við þá. Kvóðu ok eigi þurfa um þat at leita, at þeir mundi upp standa með Þórði; en vera kvóðusk þeir vilja vinir hans í öðrum hlutum. Þórðr kvað svá lúka mundu sínum vandræðum, at hann kvað³ annat-hvárt göra skyldu þeim er væri í Vestfjörðum, at vera með hónum, eðr í móti ella. Kvað sér ok eigi minna ætlað mundu, ef hann kæmi aptr ór þessi ferð, ‘En ek muna⁴ mega skripta yðr eptir maklegleikum, er nú láta sér verst fara.’ Bændr segja hann ærit mörgum eiga silt at launa, þótt hann heitaðisk eigi við þá. Þórðr kvað þá eigi þurfa at minna sik á harma sína. Sló þá í heitan með þeim;

¹ áðr] add. B* (duly). ² fyrir útan, fram ór Ísafirði] thus Cd. (?); fyrir vestan Ísafjörð, B*. ³ kvað] kvaðst, Cd. ⁴ muna] mun, Cd.

[III. 13: vii. 5, 6.]

ok kvóðusk bændr eigi blotna mundu við þat. Skilðusk þeir við svá búit. Fór Þórðr á Sanda um kveldit. En um daginn eptir bauð Bárðr hónum bú sít. Þórðr tók við búinu. Þótti þetti geysi-stórmannlegt.

168. Litlu síðarr sendi Þórðr menn sína út í Fjörðu at kveðja menn upp; en hann sjálfur fór norðr til Önundar-fjarðar; ok fékk þar fátt eitt af mönnum. Þaðan fór hann til Ísafjarðar, ok fékk þeir nær önga menn¹, en Ísfirðingar, vinir Kolbeins, görðu njósn hónum. Þórðr fór þaðan norðr til Steingríms-fjarðar. Bjó Ásgrímr Bergþórsson á Kallaðar-nesi, sem vér gátum fyrr; fundusk þeir frændr; ok krafði Þórðr hann ferðar; kvað hónum sízt munu sama annat en vera í ferð með sér; ‘Fyrst fyrir sakir frændsemi; en þat annat, hversu mjök Sturla, bróðir mínn, hóf þik; sá inn þriði hlutr, hversu þú vart við allar hrakningar á Öryggs-stöðum, ok sátt lát frænda þínna, ok þeirra manna sem þér mundi aldri ór hug ganga.’ Ásgrímr varðisk marga vega ok kænlega; ok kom lagagrein fyrir sik, þvíat hann var forvitri; fyrst með eiðum þeim er hann hafði svarða Kolbeini; þá segir hann, sem satt var, at hann sat [í] nærra lagi þeim Norðlendingum, þegar er hann væri í nokkurri fjándsemi við þá. Dró hann svá sít mál um síðir, at hann lézk hvergi fara mundu. Þá átti Þórðr tal við aðra bændr. Drógu allir sik undan þá er þeir vissu at Ásgrímr mundi heima sitja.

169. Ásbjörn hét maðr, Guðmundar son smiðs, Solomons sonar. Hann var einhleypingr ok vaskr maðr; eigi var hann ættstórr. Hann gékk fyrir Þórð ok mælti: ‘Hví sætir þat, at þú kveðr önga menn aðra til ferðar þessar en bændr? viltú eigi aðra nýta? Ek vil bjóðask til ferðar með þér; ok ætla ek at vera þér miklu meiri en einn hvern bóndi. Fá þú mér sveit nökkura, ok mun ek freista at krefja þá upp bændrna; er þat maklegra at vér eigim saman; hér er hvárga til at spara.’ Þórðr tók því vel; ok kvað svá vera skyldu. En um morguninn eptir fékk Þórðr Ásbirni nfu menn, ok kallaði þá alla saman Gesti. Fór þá Ásbjörn út eptir Steingrímsfirði; var þat flest bænda, at brottu vóru af bæjum sínum, ok höfðu fólgizk; höfðu þeir heyrt kvitt af þessi ráða-görð um kveldit. En þeir urðu allir at fara, er heima vóru staddir. Fór Ásbjörn þar til er hann kom í Húsavík. Högni hét bóndi er þar bjó; var hann í brottu. Ásbjörn tók konu hans, ok hafði með sér; ætlaði þá, at

¹ þaðan—menn] add. B*; om. Cd.

[III. 14 : vii. 6.]

bændr mundu eptir ríða, ok mundi þá ná fundi þeirra. En heima-menn görðu Högna njósn, at kona hans væri í brott tekin. Högni fór eptir þeim Ásbirni við fjórtanda mann. Þeir fundusk við hey-garð nökkurn. Beiddi Högni þá, at Ásbjörn vildi láta lausa konu hans; en Ásbjörn bað þá fara með sér, en húsfreyja færí heim. Baendr vildu þat eigi; sögðu hann annars maklegan fyrir slískar tiltekjur. Fór þá í heitan með þeim. Eggjaði Högni¹ at bændr skyldi at þeim ganga; en ekki varð af því. Þá skaut Ásbjörn spjóti; ok kvazk þeim leiða skyldu at þeir færí at mönnum Þórðar í annat sinn; kom spjótið á Högna upp í hrörana, ok renndi ofan í lærit; var þat sár mikil ok banvænt. Sá var inn fyrsti áverki er menn Þórðar veittu. Gengu þá bændr upp nökkurir; en sumir fluttu Högna heim. Þórðr reið þaðan suðr til Saurbæjar; mættusk þeir þá flokkarnir ok þeir er vestan fóru. Var þat um kveldit fyrir Allra-Heilagra-messu. Fundusk þeir þar, Þórðr ok Sturla. Spurði Þórðr þá hvárt Sturla væri búinn til ferðar með hónum. En Sturla kvazk eigi nenna at svá búnu at brjóta eiða sína ok svá margra manna sem í voru með hónum; ‘En skamt mun líða áðr Norð-lendingar brjóta við mik, ok skal mínn þá eigi á bak at leita; en ríða mun ek með þér suðr til Borgarsjárdar, ef þú villt.’ Þórði fannsk fátt um; ok kvazk eigi vita hverju hann skipti þat. Reið Þórðr suðr yfir heiði til Hvamms-fjarðar ok Sturla með hónum. Kom þá Tumi bróðir hans til mótz við hann. Teitr Styrmisson, systur-son Þórðar, var þá norðan kominn við sjaudamann. Reið Þórðr þá með allan flokkinn suðr til Dala; heimti hann þá saman alla ina beztu menn, ok leitaði ráðs við þá hvert á skyldi snúa. Var þá rannsakat hversu mart liðit var; var þá nær tvau hundruð manna. Þótti þá eigi liðs-fjöldi til vera at ríða norðr á. Lögðu þat flestir til, at Þórðr skyldi suðr á snúa; þótti þar minni vörn fyrir landi; en ærnar sakir. Liðit var ok lítt vápnað. Lögðu þat margir til ráðs, at þangat skyldi á leita er nökkurr vápna-asli væri fyrir. Þórðr spurði hvar þat væri. Hónum var sagt, at Loptr biskups-son ætti skjöldu marga ok drjúgum önnur vápn. Þórðr segir hann maklegastan til vera, at fá nökkura skömm af hónum; ‘Hann hefir lengi verit ann-streymr oss frændum; var hann ok mest manna í ráða-görðinni í móti þeim feðgum.’ Þessa eggjuðu allir. Ok var þat ráðs tekit at ríða suðr til Hitardals.

¹ Högni] B*; Ásbjörn, Cd.

[III. 15, 16: vii. 7.]

170. Loptr biskupsson bjó þá í Hitardal at Húsafelli. En er Þórðr kom upp á heiðina ór Svínbjúgs-dal¹, þá kallaði hann til sín Teit Styrmisson; ok bað hann at ríða fyrir í Hitardal; ok bað hann at handtaka Lopt biskupsson, en göra hónum ekki, ok láta eigi menn komask í brott af bænum. Teitr reið fyrir með fimbrotti menn. Tóku þeir bæinn, en Loptr var eigi heima. Hann hafði riðit í brott áðr um daginn ofan undir Hraun. Þá bjó undir Hrauni Skúli Þorsteinsson. En Lopti kom njósn um kveldit; ok reið hann ofan til sjóvar, ok sékk sér þar skip, ok fór hann þá suðr yfir fjörð til Garða; þar bjó þá Þorleifr Pórðarson; var Loptr með hónum um hríð. Þórðr var í Hitardal um nöttina. En um morguninn eptir lætr Þórðr reka saman hross öll; ok svá lét hann taka vápn öll þau sem fundusk; voru skildir bornir út ór kirkju. Þaðan fór Þórðr suðr til Reykjadals ins syðra. Þar kom til mótz við hann Þórðr Bjarnarson; hann bjó þá í Eskiholti, ok átti Margrétu dóttur Þórdísar Sveinbjarnardóttur. Þeir Þórðr ok Sturla fundusk um daginn, er Þórðr fór ór Hitardal; ok áttu þá tal saman; ok hvarf Sturla vestr aptr; var þá ekki til tíðenda. Reið þá Þórðr suðr um Skarðz-heiði, Skarðaleið², til Laugardals þar til er hann kom í Tungu til búss Gizurar. Þar var þá fyrir Þóra Guðmundar-dóttir, móðir hans. Var þar allt í kirkju borit, svá at þar var engi hlutr inni til matar nema flautaker. Vildu menn þá drepa fé; en Þórðr bannaði þat; kvað eigi dveljask skyldu at því; kvað hermenn verða þann mat at hafa sem til væri. Fékk hann þá njósn af, at Hjalti hafði flokka saman dregit niðri í Flóa. Bað Þórðr þá hvern mann söðla hesta sína. Ok svá var gört. Sneru menn þá í brott. Ok þá bað Þórðr, at þeir [menn] skyldi fyrir riða er kunnigt var ofan í Flóann. Tumi bróðir hans kvað þat fjarri skyldu fara, ‘Ok ríði allir austr yfir ár, þeir er mér vilja sylgja.’ Gékk þá liðit í tvá staði. Áttu menn þá hlut at við Þórð, at heldr skyldi riða austr yfir Árnar; kvóðu þangat liðveizlu ván. Þórðr lét eptir bænum manna; ok reið austr til Keldna um nöttina; átti þá tal við Hálfdan mág sínn, ok beiddi hann liðveizlu; en Hálfdan var inn seinlegasti; kallaði þó öngan afla verða, at³ hann stæði upp. Þórðr bað hann fá sér menn til liðsemðar, þótt hann sæti heima. Hálfdan kvazk vilja

¹ Thus B*; Svínbugs-dal, Cd.; it is now called Svínbjúgr, and so in Skíða Ríma (besides, bugr would in gen. be bugar, not bugs). ² skar þá leið, Cd. ³ þó—at] emend.; þá . . . þó, Cd.

[III. 16, 17: vii. 8.]

finna bræðr sína áðr. Steinvöru konu hans líkaði þá stór-lla. Ok við þetta reið Þórðr á brott.

171. Ormr hét maðr ok var Bjarnar son, Þorvaldz sonar, Gizurar sonar, bróður-son Gizurar Þorvaldz sonar; hann bjó þá á Breiðabólstað í Fljótz-hlíð. Hann var goðorðz-maðr, ok hafði átt mikinn hlut at drápi Snorra Sturlusonar. Þórðr reið þá austr á Breiðabólstað; en Ormr stökk undan austr í Ver; en Þórðr sat í búinu á Breiðabólstað um hríð. Þá sömu nót er Þórðr var í herað kominn, ok Hjalti spurði þat, at hann var þar með flokk sínn, tók hann þat ráðs, at hann reið norðr um land á fund Kolbeins Arnórs sonar; en bað bændr at halda setum sem fjölmennustum í Skálaholti; en beiddi [Sigvarð] biskup at fara á fund Þórðar með sáttar-boðum; ok draga þat efni til þeirrar stefnu er Kolbeinn mætti til komask norðan. Reið Sigvarðr biskup austr á Breiðabólstað á mótz við Þórð at bæn Hjalta, ok leitaði um sættir fyrir hönd bóna. Steinvör kom ok til með biskupi. Biskup flutti ákaflega; en Þórðr var inn þverasti. Biskup bauð af hendi bóna, at sex menn skyldi göra fyrir hvárra hönd; en Þórðr neitti því; en bauð, at Steinvör ok Hálfdan skyldi göra allt óskorat. Biskup kvazk því hvárki kunna neita né játa fyrir hönd bóna, fyr en þeir keyri¹ sjálfir. Fór biskup þá heim í Skálaholt til mótz við bændr; en hann skyldi senda sem skjótast Þórði mann, ok segja hvárt bændr vilja sættir eðr eigi; ok var á kveðin stund nær sá skyldi aprí koma. Á þessi stundu fóru menn millum þeirra Þórðar ok Bjarnar Sæmundar-sonar, at leitask um, hvárt Þórðr vildi vera í sættum þeim sem bróðir hans Tumi hafði áðr tekit fyrir báða þá við Björn, fyrir þat er hann hafði verit á Örlygs-stöðum. Þórðr bað Björn ríða á fund sínn í griðum, ok ræddizk þeir við sjálfir. Reið Björn til mótz við Þórð á Breiðabólstað. Átti þá Tumi mikinn hlut at við Þórð bróður sfnn; kallaði eigi fleiri en svá at hónum hefði sóma² gört af þeim málum; ‘En mér þykki þat eigi fjarri, at þú héldir þær sættir.’ Þórðr kvað Björn mundu mestu um ráða sjálfan, hvárt hann vildi görask hans vinr eðr óvinr; ‘En eigi mun ek trygðir veita Birni fyr en ek veit hvern maðr hann vill vera.’ Björn kvezk þat skjótt sýna mundu hónum. Gaf hann þá Þórði sæmilegar gjafir. Þórðr þekðisk þat; ok skilðu þá laglega. Tveim dögum síðarr en á kveðit var, kom sá maðr er biskup sendi Þórði; sagði sá, at bændr

¹ keyri] B*; kæmi, Cd.² sóma] sama, B*.

[III. 18: vii. 8.]

neituðu þeim sættum sem Þórðr beiddi. Þórðr reið þá þegar til Keldna með flokk sínn; var Hálfdan riðinn ofan í Odda, en Steinvör var heima. Görði Þórðr þegar þá Dufgus-sonu, Kolbein ok Björn, til mótz við Hálfdan; en Steinvör stefndi saman bónum öllum í einn stað; bað þá búna vera, at ríða þann veg sem þeir Þórðr ok Hálfdan. Þeir Kolbeinn fundu Hálfdan, ok segja hónum orðsending þeirra systkina. Hálfdan kvað þat vera óráð, at ríða á helgan stað at bónum þeim er eigi væri slægja til; ‘Mun ek hvergi fara, ok engir mínr menn; en Þórðr má fá sóma sínn á annan veg á bónum í góðum.’ Sendi Hálfdan þá menn til bónda, ok bað þá fara heim. En er þeir Kolbeinn kómu aptr, ok sögðu [Þórði] orð Hálfdanar, þá varð hann all-reiðr; kvazk¹ þá skyldu ríða at bónum, ok sjá hvat í görðisk. Hafði hann þá ok sanna njósn um fjölmenni þeirra, at þeir voru nær sex hundruð, ok höfðu búizk um í kirkju-garði í Skálaholti. Þórðr reið út yfir á, ok kann-aði lið sítt; var þat² tíu tigir ok hundrað manna. Sögðu þá margir, sem satt var, at þat var óráð at ríða at þeim. En Þórðr kvezk svá opt mundu hætta verða í óvænt efni, ef nökkut skyldi á vinnask um hans mál. Suðr frá Auðsholti kom biskup í móti Þórði; ok bauð allt it sama af bónda hendi sem fyrr. Þórðr var þá inn styggasti við biskup; sagði hann allt draga til óliðs sér. Biskup kallaðisk jafn-fram skyldu bannsetja Þórð ok alla menn hans, sem hann riði á staðinn. Þórðr bað hann, at hann léti þá brott fara af staðnum; kvað þat ósætilegt³, at hann drægi þá í kirkju-garð, slískir hernaðar-menn sem þeir væri, ‘Pá er þeir brutu kirkjuna á Miklabæ Laugar-kveldit, ok leiddu út sex menn, ok létu hvern drepa á fætr öðrum.’ Biskup vildi þá ríða fyrir, ok göra njósn bónum. En er menn Þórðar vissu þat, létu þeir hann bíða þess er Þórð bar eptir, er hann reið síðarr. En er Þórðr kom eptir⁴, lét hann biskup ríða hvert er hann vildi, ok reið eptir sem ákafast þar til er hann kom í geilar hjá Skálaholti; ok bað hann menn þá stíga af baki ok búask til atgöngu. Þá sendi hann þá heim Hrafn Oddzson ok Teit [Styrmisson] at vita hvárt bændr væri í sama skapi um sætt sem fyrr; eðr hversu þeim litizk á umbúnað þeirra, hvé tor-sóttlegir þeir væri. En er þeir kómu heim, þá var biskup skryddr ok þrír tigir klerka með hónum; ok sagðisk þegar skyldu

¹ kvazk] kvað, Cd. ² ok—þat] V.; við tíu tigir manna, Cd.; nær tvau hundruð, B*. ³ ósannligt, B*. ⁴ en er—eptir] add. B*; Þórðr lét b. ríða h. er h. v., Cd.

[III. 19 : vii. 9.]

bannsetja Þórð, er atganga tækisk, ok alla hans menn. Teitr lögmaðr, vitr maðr ok góðgjarn, bróðir Gizurar, hann bað biskup at freista at ganga á milli, ok vita ef nökkut stoðaði. Sagði, sem satt er, hversu mikil vár-kunn Þórði var á, svá mikinn mann-skaða sem hann hafði fengit, ‘En svíptr öllu sénu, ok hefir ekki til viðrlífis sínum mönnum, annat en þat er hann verðr at deila til í hendr óvinum sínum, eðr rena saklausa menn: þótt hann leiti eptir sínum hluta með því móti sem hann þykkisk helzt mega.’ Linuðusk bændr þá, ok báðu at þeir biskup ok Teitr fær í millum, ok gáfu sít mál á þeirra vald ok forsjó. Gékk biskup þá at finna Þórð ok þeir Teitr. Sögðu þeir Hrafn Þórði, at þeir væri tor-sóttlegir, ef nökkur dáð væri í þeim. Tumi var þá ok all-sáttfúss¹. Sömðusk þá sættir með því móti, at biskup ok Steinvör skyldi um göra; en þat er þau yrði eigi ásátt, þat skyldi göra Steinvör ein; bændr skyldi í öngum mótt-ferðum vera við Þórð þar til er Gizurr kæmi til Íslandz. Skyldi þá lokit sættum með þeim Þórði ok bónnum, ef Gizurr kæmi til; en haldask ella. Gengu þá bændr til handsala við Þórð. Reið Þórðr þá austr á Breiðabólstað eptir sættina; ok settusk þá enn í bú Orms; en Ormr var í Veri meðan Þórðr var á Breiðabólstað. Fóru menn í millum þeirra; ok vannsk ekki at um sættir. Þórðr sendi Björn Dufgusson vestr í Breiðafjarðar-dali, en Þórð Bjarnason til Borgarfjarðar at vera á njósn um ferðir Kolbeins Arnórssonar; syrir því, at þat var þá kvittað, at mann-samnaðr væri syrir norðan land. En Þórðr reið út yfir á í Biskups-tungur. Kom þar biskup ok Steinvör, ok luku þá upp görðum; ok görðu á hendr alþýðu, bónða þeirra er þingfarar-kaupi áttu at gegna í sveit Gizurar, þrjú hundruð; en á hendr inum stærrum bónum fimm hundruð. Eptir þat reið Þórðr sunnan af héruðum til Borgarfjarðar.

172. Nú verðr frá því at segja, er vér gátum fyrr,—at Hjalti biskupsson kom á fund Kolbeins; ok segir hónum um ferðir Þórðar, ok bað hann suðr-reiðar. Kolbeinn brást við skjótt, ok sendir þegar menn norðr til Öxarfjarðar². Ok þeir drógu lið saman um allar sveitir syrir norðan Öxnadals-heiði. Aðra menn sendi hann vestr til Hrútafjarðar; skyldi þeir krefja menn upp um vestr-héruð, ok sjölmenna sem mest. En er flokkar kómu þaman, þá vildi Hjalti at floknum væri stefnt suðr um Kjöl ok svá til

¹ all-sættar-fúss, Cd.² Eyjafjarðar, edition (less correct?).

[III. 20 : vii. 10.]

mótz við Þórð. En Kolbeinn kvað vera þykkja mega, at Þórðr væri þá vestr um riðinn, ‘Áðr vér komim suðr; ok munu vér þá eigi ná þeim. Vil ek stefna inar vestri heiðar ok svá til Borgarfjarðar; má svá sízt bera í sundr fund várn, hvárt er Þórðr er suðr eðr vestr.’ Hjalti kvað Sunnlendinga yfrit lengi þolt hafa þenna ófrið. Kolbeinn kvað þá vel mátt hafa hrundit af sér, ef þeir hefði karlmennzku til, svá at þeir þyrfti eigi annarra manna liðveizlu. Norðlendingar allir báðu Hjalta flíz; kvóðu þetta allt af hónum hljótask. Kolbeinn reið þá með allan flokk sínn vestr til Miðfjarðar, ok þaðan suðr um Tvíðægru. En er þeir fóru upp ór Gnúpsdal, lét Kolbeinn telja lið sítt¹; var vel sex hundruð manna. Kolbeinn kvezk þá arít lið hafa, ef gipta félli. Svá var veðri farit, er þeir riðu á heiðina, at um morguninn var á krapadrífa ok vindr lístill; ok urðu menn alvátir. En er á leið daginn tók at frysta; hljóp þá veðrit í norðr. Görðisk þá hríð svá mikil sakir fjúks² ok frostz, at sjaldan verða þvískar³. Leið eigi langt, áðr þeir vissu eigi hvar þeir fóru. Drósk þá liðit mjök af kulða. Bað Kolbeinn menn þá stíga af baki, ‘Ok taki menn glímur stórar, ok viti ef mönnum hitnar⁴ við þat.’ Urðu þar svá miklar hrakningar, at margir menn týndu vápnnum sínum, ok fengu eigi á haldit fyrir kulða. Gengu þá þegar nökkurir menn til heljar af, en margir meiddusk til örkuðla. Tók þá heldr at birta veðrit. Kenndusk þeir þá við, at þeir vóru komnir á vatn þat er Hólmatvatn heitir. Hóf þá hvern annan á bak. Fóru þeir þá þar til er þeir kómu á Gils-bakka nökkuru fyrir dag. Var Kolbeinn þar um nöttina. En um daginn eptir reið hann ofan í Reykjaholt með allan flokkinn; en þat liðit, er eigi var fært, lá eptir í Síðunni.

173. En er Þórðr kom ofan í Reykjadal at Englandi, þá kom í móti hónum Þórðr Bjarnarson; ok segir hónum, at Kolbeinn var norðan kominn með fjölmenni, ok sat þá í Reykjaholti. Ari hétt maðr; hann bjó þá á Lundi í Reykjadal inum Syðra; en Böðvarr Þórðarson bjó þá í Bæ. Hann átti Herdísí Arnórsdóttur, systur Kolbeins. Böðvarr var manni firnari Þórði en braeðrungr. Þórðr reið ofan eptir Reykjadal til Lundar⁵, ok beið þar til þess er flokrinn kom allr eptir. Ok þá er menn vóru saman komnir, leitaði hann ráðs til inna betri manna, hvat upp skyldi taka. Lagði

¹ lét—sítt] add. B*. ² fjúks] thus B*; myrkrs, A. ³ at sjald-stundum verða slíkar, B*. ⁴ hitnar] ornar, B*. ⁵ Lundar] B*; Bæjar, Cd.

[III. 21, 22: vii. 10.]

þá næsta sítt hvern til; eggjuðu þeir, er áræða-mestir vóru, at ríða skyldi¹ í Reykjaholt; kölluðu þar marga mundu vera lítt til færa at verjask fyrir kulða sakir. En allir inir vitrari menn sögðu þat óráð, at svá fáir menn riði at, þar sem slíkt fjölmenni væri fyrir; sögðu þá allskörulega riðit, þóat hann riði vestr um, svá at hann ætti ekki við þá. Var þat ráðs tekit. Reið þá Þórðr ofan eptir dal; ok ætlaði yfir um á at Gufu-skálum, ok svá vestr Langa-vatzdal. En er hann kom ofan á Völlu, þá var sagt at eigi var hross-íss yfir ána. Snöri þá flokkrinn allr ofan til Grófar-vaðs. Ok er menn kómu upp frá Þingnesi, þá reið Þórðr á síki eitt; brast niðr íssinn undir hestinum, ok var hvárr-tveggi á kafi, hestrinn ok hann. Ok er hann kom á land, var hann alvátr; ok snöri ofan aprí til Þingness, ok sex menn með hónum. Þá bjó sá maðr í Þingnesi er Börkr hét, ok var Ormsson; hann tók vel við Þórði, ok skipti við hann klæðum. Þar létu þeir menn Þórðar eptir hesta nökcura. Setti Börkr þá inn í hús hjá hrossum sínum. Reið Börkr þá með Þórði upp til Grófar-vaðs. En er hann snöri ofan eptir héraði, heyrði hann til hvárs-tveggja flokksins, Þórðar ok Kolbeins. Þórð reið til Stafaholtz ok áði þar, ok þaðan út yfir Norðr-á. Í Svigna-skarði setti hann eptir sex menn til njósnar; vóru þar Dufgus-synir þrír; Sanda-Bárðr, ok Þorsteinn [kollr] Þorbergsson, Þorgeir stafs-endi; en Þórð Bjarnarson ok Kægil-Björn² setti hann eptir í Eskiholti ef Kolbeinn riði it neðra. En Þórðr riðr útá Mýrar með allan flokkinn; ok var all-ill færð.

En er Ari á Lundi varð varr við flokk Þórðar, tók hann hest sínn ok reið til Bæjar sem hvatast. En er hann kom til Bæjar, var Böðvarr í rekkuju. Ari segir Böðvari, at flokkr Þórðar riði ofan eptir Reykjadal; ok bað hann gæta hrossa sínnna, at þau yrði eigi tekin. En syrir vóru komnir menn Kolbeins, Þorvaldr keppr ok tveir menn aðrir. En er þeir heyrðu hvat Ari sagði, spruttu þeir upp, ok riðu sem mest máttu þeir til Reykjaholtz, ok segja Kolbeini hvat tilst var. Hann bað hvern mann spretta í klæði sín, ok ríða eptir sem hvatast. Ok er þeir vóru búinir, riðu þeir ofan eptir Reykjadal, ok kómu í Bæ; var Böðvarr úti, ok spurðu þeir hann um ferðir Þórðar. Hann kvezk ætla at löngu mundi hann vestr um riðinn. Riðu þeir Kolbeinn þá ofan á Völlu; ok spurðu

¹ at ríða skyldi] thus B; at at skyldi ríða, Cd. ² en—Kægil-Björn] thus emend.; see the following—Þorgeir stafsenda ok Þórð Bjarnarson setti hann eptir, Cd.

[III. 22, 23: vii. 10.]

þar, at Þórðr hefði upp snúit til Grófar-vaðs. Snúa þeir þá upp til Þingness; var Börkr úti. Spryja þeir hann at um ferðir Þórðar. Hann kvazk eigi vita þat, hvárt Þórðar-menn vóru eðr aðrir; kvað þar ríða annan flokk at öðrum, 'Í alla nótt.' Kolbeinn bað hann ganga á leið með þeim. En er Kolbeinn reið á brott, dvölðusk þar eptir nökkurir menn hans, ok fundu hesta í húsi einu þá er alváтир vóru ok ný-teknir undan söðlum. Riðu þeir þá eptir Kolbeins; ok segja hónum, at þeir höfðu fundit hestana; ok kvóðu, at þar mundi vera menn Þórðar nökkurir. Reið Kolbeinn þá heim aptr á bæinn. Einarr Lauga-djákn¹ Jónsson reið at Berki, ok setti spjótz-halann millum herða hónum, ok bað djöfulinn segja þat er hann vissi. Börkr kvazk eigi vita hvat hann segði hónum; 'En ekki mun ek þér fleira segja.' Börkr hóf upp öxina, er hann hafði, ok laust til Einarss; en Einar bar fram hjá, ok kom höggit á lend hestinum. Í því kom at Hallr Jónsson; ok kvað öngan mann skyldu Berki flít göra. Hann var annarr maðr en Brandr Kolbeins son mest við af Norðlendingum. Var þá rannsakaðr bærinn allr í Þingnesi, ok tekit fé þat sem laust var innan-gátta; en rænt fram hjá hrossum öllum; ok varð þetta löng dvöl. Riðu þeir Kolbeinn í brott. En Börkr kvezk ætla, at skamt mundi líða, at þeir sjálfir mundi verst una við dvöl sína, ok verr en hann við félát sít. Kolbeinn reið nú í Stafaholt. Þar fengu þeir sanna njósn af um ferðir Þórðar, ok riðu þá eptir sem ákafast. Njósnarmenn Þórðar hvárir-tveggi sá² er Kolbeinn kom í Stafaholt; brugðu þeir þá við ok riðu fram eptir Þórði. Höfðu þeir Kolbeinn þá skeið-reitt eptir stignum. Dró þá saman skjótt; kafðisk þá hestrinn undir Þórði Bjarnarsyni, en annarr undir Kægil-Birni. Görðu þeir þá ýmist, at þeir runnu eðr riðu at baki þeim Svarthöfða ok Bárði. En er þeir kómu at Langá, þá bar leiti á milli. Þá hljóp Svarthöfði af baki, ok bað bróður sínn á bak stíga; 'Ek sé, at oss dugir eigi lengr tvímenning; en vit Þórðr Bjarnarson munum forða oss sem verða má.' Björn kvazk aldregi mundu frá hónum ríða. Þeir Þórðr ok Svarthöfði tóku þá skeið ofan eptir ánni; en þeir Björn riðu fram eptir flokinum Þórðar sem ákafast. En þeir Svarthöfði ok Þórðr köstuðu sér í snjóinn, ok jásu á sik mjöllinni. Þeir Kolbeinn sóttu þá svá fast fram, at ekki var nær í milli þeirra. En er þeir Bárðr [kómu eptir], þá var Hrafn Oddzson á hala-

¹ Or Langa-diakn?² sá] sjá, Cd.

[III. 23, 24: vii. 10.]

ferðinni. Þeir báðu hann hvata eptir Þórði, ok segja hónum hvat er títt var, er hann hafði hvíldan hest¹. En er hann hitti Þórð, þá gékk Þórðr ok leiddi hestinn eptir sér. Hrafn bað hann fara á bak; segir, at Kolbeinn var þá nálega kominn á hæla þeim; ‘En meiri ván, at þeir Svarthöfði ok Þórðr sé teknir.’ Eptir þat sté Þórðr á bak; ok reið þá fram eptir skógar-götunum, þar til er klif var lítið. Þar bar þá leiti í milli. Bað þá Þórðr alla sína menn af baki stíga; kvað þar við skyldu nema, ok hlaupa á þá. En þar varð, sem viða annars-staðar, at flóttamanninn er eigi hægt at hepta. En er Þórðr sá þetta, at þá hleypði margr sá mest, er áðr kvazk hafa þreytan hest, svá at hvergi mátti ganga, þá bað Þórðr, er því mátti eigi áleiðis koma at nema þar við, at fólkit skyldi eigi svá geyst ríða; ok sendi þá frá fram, Guðmund sorta; ok bauð, at eigi skyldi brott ríða af bænum í Álpþá-tungu. En er Þórðr kom á bænn, þá sté þar af baki alþýða. Ok þá segir hónum Ingjaldr skáld Geirmundarson, ok kvað sét vera hversu þá mundi fara; ‘Nú flýr öll alþýða; en inir betri menn munu eigi frá yðr ríða. En ef þú bíðr hans, þá verðr þat þínn skaði ok þeirra manna er þér fylgja.’ Stigu þeir þá á bak. Tók þá ok svá at batna færðin, at þá var allt skeið-reitt. Þórðr bað þá menn fara í kirkju er þrotta höfðu hesta. Hljópu þá í kirkju nær þrír tigir manna. Brú var á Álpþá; ok var þar sein-fært yfir. En er Þórðr kom yfir ána, hleypði sínn veg hverr; Þórðr sendi menn fram eptir liðinu, ok bað menn saman halda hvat sem í görðisk. En því kom ekki til leiðar. Varð þá eigi fleira í reið með Þórði en hans menn; ok vóru þat sex tigir manna. En er Þórðr var brott riðinn ór Álpþá-tungu, þá kom þegar flokkrinn Kolbeins. Varð þá svá nær farit; at þeir sem norðr höfðu snúit frá kirkjunni syrir húsin², at þá er þeir snöru aprí, náðu þeir eigi kirkju. Vóru þá veginn tveir menn í kirkju-garðinum, Sigmundr Hallzson ok Torfi Þorgeirsson. Gengu þeir Kolbeins-menn þá til kirkju-dura, ok rannsökuðu hvat manna þar væri inni. Í því bili kom Kolbeinn; kvað þá óvitlæga göra; lágu þar ok görðu ekki þat er framkvæmð væri f; ok Þórð bæri undan ok alla þá er nökkt mannz-mót væri at. Setti hann þá þar eptir er ófærir vóru. Síðan tóku þeir eptir-reið sem ákast. En er þeir kómu at Álpþá, varð þeim eigi þar greið-fært yfir, þvíat Þórðr hafði látið af draga brúna.

¹ Or hvíldar-hest.² fyrir húsin] edition; frá hús, Cd.

[III. 24, 25: vii. 11.]

Þá varð þeim Kolbeini allt saman mikil dvöl. Þórðr snöri þá út eptir Mýrum. Ok er hann kom yfir Hitará, þá sté Teitr Styrmisson af baki ok Kolbeinn grön ok enn fleiri menn, ok vötnuðu hestum sínum, er vatn fíll á ísinum. Þá riðu Kolbeins-menn sunnan at ánni. Ok er þeir Teitr stukku upp af ánni, þá snöri Þórðr apr; en Kolbeins-menn snöru þá apr undan, þvíat þeir voru fáir eptir komnir. Teitr bað þá menn skunda á bak; kvóðu þetta ekki vera annat en dvöl þeirra. Reið þá hverr undan sem mátti. En Þórðr reið um daginn jafnan síðast; ok vildi hann aldri svá mikit ríða sem alþýðunni var í hug. Töluðu þá sumir við hann, en sumir keyrðu hestinn undir hónum. Bar þá enn undan. Kolbeins-menn tóku þá drjúgum menn af Þórði, er hestana þraut; voru þeir allir flettir, en á sumum unnit. En er Þórðr reið út á Vöðlana, þá sá þeir Kolbeins-menn, at undan mundi bera, ok hurfu þá apr. Þórðr reið í Mikla-holt, ok dvalísk þar um hríð. Þar bjó þá Guðmundr Óláfsson; hann var vinr mikill Sturlunga; fýsti hann Þórð sem fyrst brott-reiðar. Reið Þórðr þaðan vestr Kerlingar-skarð ok vestr til Helgafellz. Fékk Þórðr sér þar skip, ok fór út í Fagrey;—en hestana lét hann reka it iðra¹;—kom hann þar Laugardaginn fyrir hádegi. Þat var inn næsta dag fyrir Andreas-messu. Þótti þat öllum mikil furða, ok varla dæmi til finnask, at menn hefði riðit inum sömum hestum í einni reið af Þingvelli ok til Helgafellz í svá miklum ófærðum sem þá voru. Þórðr reið Fimtadag um hádegi af Þingvelli, en kom til Helgafellz Föstu-nóttina er stjarna var í austri². Þóttusk þá allir þegar vita, at Þórð mundi til stórra hluta undan rekit hafa. Kolbeinn reið til Álpþar-tungu með allan flokkinn, ok var þar um nóttina. En um morguninn eptir voru menn leiddir ór kirkju. Var þá höggin hönd af þeim manni, er Þórhallr hét, ok var Oddleifsson. Annarr maðr hét Naddr, er enn var hand-högginn; hann hafði riðit norðan með Teiti Styrmisyni. Fengu þá allir aðrir menn lífs-grið ok lima, en voru flettir vápnum ok hestum. Reið Kolbeinn eptir þat í Hitardal; ok var sagt þar allt it sanna um ferðir Þórðar.

174. Nú er at segja frá þeim Svarthöfða ok Þórði:—er þeir lágu í fönninni þar til er flokkr Kolbeins var um fram riðinn. Stóðu þeir upp ok gengu til bæja, ok fengu sér hesta. Riðu þeir

¹ iðra] thus B*; i. e. along ‘Skogar-strönd;’ itra, Cd. ² I. e. on the 28th till the 29th of November.

[III. 26 : vii. 12.]

í Stafaholt, ok drápu á kirkju-dyrr. Dufgus karl gékk til dura, ok fagnar vel syni sínum; ok spurði hvárt hann vissi at Óláfr kámi var þar með þrjá tigi manna. Þeir Svarthöfði hljópu þá þegar á hesta, ok riðu í brott. Þá spurði Svarthöfði Þórð: 'Hvar veitstú bæ þann, er kominn sé frá almanna-veg?' Þórðr segir: 'Bær heitir í Skógum, er vit skulum til riða.' En er þeir kónu þar, þá fóru þeir í baðstofu ok af-klæddusk. En er þeir höfðu litla hríð sofit, þá var þeim sagt, at menn Kolbeins riðu at garði. Hljópu þeir Svarthöfði þá upp, ok skutu inn brynjunum ok stál-húsunum í ofninn, en þeir hljópu út; Skilði þá með þeim; hljóp Þórðr í skóg, en Svarthöfði til hestanna. Reið hann þá undan sem ákast; en þeir eptir, ok kvíuðu hann fram á hamar nökkrum. Hann hratt þar fram af hestinum, ok hljóp þar sjálfr eptir. En hvárki sakaði hann né hestinn, þvíat mikill lausa-snjór var borinn undir hamarinn. En einginn þeirra vildi þar eptir fara. Riðu Kolbeins-menn þá leið sína. Svarthöfði fór heim á bæinn til vápna sínya, ok reið þaðan vestr til Sauðafellz. Síðan fór hann út í Fagrey til Þórðar. Þórðr Bjarnarson fór heim í Eskiholt.

Kolbeinn Arnórsson hvarf aprí í Hitardal, ok reið norðr Holtavörðu-heiði, ok svá heim á Flugumýri, ok lét hafa setu einhverja jafnan. Þann vetr lét hann mjök fjölmenna í ymsum stöðum þar sem hónum þótti bezt fallit. Þórarinn hét maðr ok var kallaðr ballti; hann setti Kolbeinn til njósnar í Miðfirði; dró hann at sér marga ill-hreysinga, ok hafði setu at Ósi; görðisk hann inn óvinsælasti; rændi hann hvern mann þann er hónum var í nánd.

175. Þórðr Sighvatzson var í Fagrey nær til Jóla fram. Fór hann þaðan inn til Ballar-ár; þá bjó þar Bárðr Hjörleifsson; hann átti Valgerði Sighvatzdóttur, systur Þórðar. Þórðr fékk þar góðar viðtökur. Báðu þau hann þar fyrir öllu sjá sem hann ætti. Lét Þórðr þar eptir suma menn sína. En hann fór sjálfr til Búðardals, ok sat þar um Jólin. Þar bjó þá Þorbjörn Ingimundarson. Á ofan-verðum Jólum riðr Sturla Þórðarson til fundar við Þórð; riðu þeir þá út í Dögurðar-nes. Kom Böðvarr Þórðarson þar til mótz við þá. Leitaði Þórðr á við Böðvar um liðveizlu. En Böðvarr segir, sem satt var, at hónum var mikill vandi á við hvárn-tveggja þeirra Kolbeins; þvíat hann átti Sigrði Arnórsdóttur systur Kolbeins; kvazk Böðvarr vilja fyrst um leita ef nökkurum sættum mætti á koma með þeim Kolbeini. Var þat

[III. 27 : vii. 12.]

þá ráðs tekit, at Böðvarr reið norðr; ok var áðr skorat, at hverjum [kostum] Þórðr vildi ganga. En Þórðr fór vestr yfir Breiðasjörð til Barðastrandar, ok þaðan vestr á Sand. Fór þá enn eigi all-marg-lega með þeim Gísla. Þaðan fór Þórðr til Selárdals. Þar bjó þá góðr maðr ok göfigr, Thomas prestr Þórarinsson. Hann átti Höllu, dóttur Þórðar Sturlu-sonar. Þau voru börn þeirra: Þórarinn hét inn ellzti þeirra, annarr Krákr, þriði Auðunn, Snörtr hét inn yngsti. Þeir voru allir mann-vænir. Dóttir Thomas hét Guðrún, önnur Ragneiðr, þriðja Guðfinna, sjórða Guðríðr, fimmta Halldóra. Fór Þórðr þaðan norðr á Sanda. Var hann þar um vetrinn; ok var þá allt tíðenda-laust. Á öndverðri Langa-föstu kom orð-sending Böðvars Þórðarsonar til hans, at Þórðr skyldi koma til mótz við hann til Helgafellz. Brásk þá Þórðr skjótt við, ok fór norðr til Ísafjarðar. Sendi hann þá Ásbjörn Guðmundarson til mótz við Atla Hjálmsson; ok beiddi, at Atli skyldi koma á hans fund ok görask hans maðr; ella bað hann Ásbjörn at sjá þat ráð fyrir Atla, at Þórði yrði ekki mein at hónum. En er Ásbjörn kom í Grunna-vík, bar hann upp örendi sítt við Atla. En Atli kvazk vilja sitja kyrr hjá málum þeirra Kolbeins; kvezk eiga Kolbeini gótt at launa. Ásbjörn kvað hann eigi mundu svá hjá sitja málunum, at eiga ekki við Þórð, en vera vinr Kolbeins. Fékk Ásbjörn ekki af Atla. Fannsk þat á Þórði, er þeir Ásbjörn fundusk, at hónum þótti lítið örendi Ásbjarnar orðit hafa. Fór Þórðr þá suðr til Saurbæjar, ok þaðan í Dögurðar-nes; svá suðr um fjörð til Helgafellz. Var Böðvarr þar kominn. Þótti Þórði Böðvarr allt hafa þar mælask látið¹; ok vildi öngar þær sáttir sem Kolbeinn bauð hónum. Sagði Þórðr, at þat mundi upp koma um hans mál sem auðit yrði; en aldri kvezk hann ganga mundu at þeim sáttum sem dugandi mönnum þætti hónum eigi sæmð í at taka, eptir frændr sína. Fór Þórðr þá vestr í Fjörðu, ok heim á Sanda; var hann þá þar fram um Páska. Um várit fór Þórðr á Gagndögum suðr um Dali; var hónum þá mikil sagt af uppgangi Þórarins balta ok óspekðum; ætlaði Þórðr þá at fara at hónum; ok komsk eigi lengra en á Dönu-staði. Bar þat þá við um ferðina, at Þórðr fékk líttinn hesta-kost. Hvarf hann þá vestr í Fjörðu, en setti eptir Kægil-Björn ok Þorgeir stafs-endu. Hákon hét maðr, hann var Bótólfsson, Norrænn maðr at föður-ætt; hann var kertis-

¹ Thus Cd., meaning that Bodvar had yielded in all points.

[III. 28: vii. 13, 14.]

sveinn Skúla hertoga; hann kom út með Órækju Snorrasyni; hann var nú heima-maðr Þórðar. Almarr Þorkelsson var þá ok heima-maðr Þórðar. Þessa menn setti hann eptir í Döldum; ok bað þá ríða at Þórarni ok drepa hann þegar er hann dreifði setunni;—allz vóru þeir¹ tíu menn saman. Ásbjörn Guðmundarson sendi hann norðr til Steinþímsfjarðar ok þá tuttugu saman; bað hann Ásbjörn taka öll in stærri skip í Steinþímsfirði ok á Ströndum ok flytja vestr á Dýrafjörð. Hafði Þórðr þá nökkrum pata af, at Kolbeinn mundi fara skipa-leið norðan, ok eyða svá Vestfjörðu. En er Þórðr var vestr kominn, þá fór hann fyrst á Sanda. Gaf hann Bárði Svefneyjar, er tóku hálfan fimta tog hundraða; ok enn görði hann Bárði fleiri sæmdir. Um Fardaga fór Þórðr á Mýrar. Þar bjó þá Bjarni Brandzson. Leitaði þá Þórðr eptir við Bjarna, at hann vildi taka þar við búinu. Bjarni lét þat uppi. Var hann með Þórði um vetrinn ok allt lið hans.

176. En millum þings ok Fardaga, þá fóru þeir Björn ok Hákon norðr til Miðfjarðar. Þórarinn bjó þá á Bretalæk. Peir kómu þar árdegis áðr menn vóru upp staðnir; gengu inn þegar með brugðnum vápnum. Þórarinn spratt upp, ok fékk eitt sverð vápna, ok varðisk bæði vel ok lengi. Þar féll hann; peir rændu því er laust var. Þar fengu þeir njósn af, at Kolbeinn lét draga saman fjölmenni allt, slíkt er hann fékk, ok svá stór-skip; setti hann þá Brodda, mág sínn, ok Hafr Bjarnarson², höfðingja yfir skipa-liðinu. Skipti hann þá liðinu í tvá staði; en hann ætlaði sjálfr at fara landveg. Var þat þá eitt í orði at eyða Vestfjörðu, svá at Þórðr mætti þar eigi heldr friðland hafa en annars-staðar á Íslandi. Peir Björn fara nú vestr í Dalí, ok sendu Þorgeir stafs-enda til mótz við Þórð. Þorgeirr fann Þórð á Mýrum, ok segir hónum víg Þórarins, ok slíka syrir-ætlan Kolbeins, er þeir höfðu frétt. Þórðr reið heiman þat sama kveld, ok ætlaði til Ísafjarðar ok draga saman menn ok skip.

177. Ásbjörn Guðmundar son fór til Steinþímsfjarðar, sem vér gátum fyrr; tók hann ferju á Heydals-á. Fór hann þaðan norðr fyrir Strandir allt til Trékyllis-víkr. Þar sömnuðusk saman Strandamenn, ok vildu verja skip sín ok önnur föng. Létu þeir þá Ásbjörn eigi ná á land at ganga; ok var þá grjót-flaug, ok skotið spjótum ok því öllu er laust var. En er þeir höfðu barizk skamma

¹ allz vóru þeir] V.; allt þá, Cd.
see p. 26.

² ok Hafr Bjarnarson] added by emend.;

[III. 29 : vii. 14.]

hríð, fengu Stranda-menn af verra, ok gáfusk upp. Tóku þeir Ásbjörn ferjuna Trékyllinn, ok annat skip gótt er Hringa-skúta var kölluð, ok allt þat sem þeir þóttusk þurfa. Fór Ásbjörn þaðan ok norðr til Dranga; þar bjó þá Gunnlaugr smiðr Þorvaldzson; hann átti tvá sonu roskna; hétt annarr Auðunn en annarr Þorvaldr; þeir voru vasklegir menn ok þjóð-hagir. Ásbirni þótti þeir verit hafa í óþykkju við sik, en inir mestu vinir Kolbeins. Ásbjörn lét taka þá báða braðr ok hand-höggva hvárn-tveggja þeirra; kvað þá nú skyldu með öngar njósnir hlaupa á fund Kolbeins. Fóru þeir Ásbjörn norðr til Horns, þar lét hann særa til ólífis einhleyping þann er Þóroddr hétt, ok var kallaðr kuggi; var þar ok enn ekki til saka annat, enn at hann vildi eigi laus láta vápn sín fyrir þeim Ásbirni. Tók hann þá öll þau skip er nökkurr vöxt var at. Fór hann þá vestr til Ísafjarðar. Atli Hjálmsson hafði farit norðr á Strandir eptir hval Þórdísar Snorra dóttur; hón bjó þá í Æðey. Atli fór norðan nökktu fyrr en gestirnir, ok vissu þá hvárir til annarra. Atli kom í Æðey með farminn; ok lítlu síðarr kom Ásbjörn í Æðey; kvaddi hann þá Atla til ferðar með sér til mótz við Þórð. Atli kvazk fyrst vilja fara heim eptir vápnum sínum ok klæðum. Ásbjörn segir, at hann mundi vilja fara til liðs við Kolbein en vera í móti Þórði; 'Skaltu nú eigi svá lausum hala um veifask;' ok bað sína menn höndla hann. Þórdís Snorra dóttir ok Bárðr Hjörleifsson vildu veita Atla; ok hélt þar maðr á manni. Bauð Atli fyrir sik slíkt er hann mátti. Ásbjörn kvað hann þá deyja skyldu. Var Atli þá veginn; hétt sá maðr Skeggi er at hónum vá. Líkaði Þórdísi þetta verk verr en illa. Fóru þeir Ásbjörn þá til Þernu-víkr; ok var Þormóðr, bróðir Atla, eigi heima. Var þeim sagt, at Þormóðr væri at seli sínu; kunnu þá eigi heima-menn at varask; þvíat eingi vissi Þormóði ótta vánir. Þeir Ásbjörn fóru til selsins. Gékk Þormóðr út; var hann þegar hand-tekinn. Hann spurði með hverju móti ferð þeirra skyldi vera. Ásbjörn kvað hann þat brátt vita mundu; ok segir hónum þá víg Atla bróður síns. Þormóðr spyrr ef nökkura hluti skyldi tjá at bjóða til lífs sér. Ásbjörn kvað þá eigi því mundu við koma; þvíat drepinn var áðr bróðir hans; ok kallaði hann aldri trúan mundu verða. Þormóðr kvað yfir-bætr liggja til allz. Ásbjörn kvað þá ekki mundu tjá skreiðing. Þormóðr skriptaðisk ok bjósk við dauða sínum. Þormóðr lagðisk eptir þat niðr; en sá maðr hétt Atli er hann vá, ok var Hallzson. Eptir víg Þormóðar fóru

[III. 30, 31: vii. 15.]

þeir Ásbjörn til skipa sínna ok sigldu út eptir Ísafirði. Þetta it sama kveld kom Þórðr Sighvatzson í Arnardal í Skutulsfjörð; kómu þá til hans Sigmundr Gunnarsson ok nökkurir Þver-fjarðamenn. Um kveldit sendi Þórðr menn á hestvörð fram á Arnarnes. Ok er þeir höfðu skamma stund verit á nesinu, þá sá þeir at sjau skip siglðu innan eptir Ísafirði. Riðu þeir heim sem skjótast. Spruttu menn í klæði sín, ok gengu ofan til sjófar. Var þá umraða mikil hvat skipum þetta mundi vera; var flestra manna ætlan, at vera mundi skip þeirra Kolbeins-manna. Bað Þórðr menn hlaupa ofan á skerin, ok verja þeim landgöngu. En er skipin kómu at landi, þá kendusk menn [við]. Gékk Ásbjörn þá á land ok þeir sveitungar; sagði hann þá allt slíkt er í hafði görzk þeirra ferð. Þóttusk þat allir finna á Þórði, at hónum lískaði þessi verk lítt. Tók ok alþýða flla á. Lílu síðarr um morguninn kom Eyjólfur Eyjólfsson; sagði hann þá at hann hafði varr orðit við skip þeirra Kolbeins-manna á Horn-ströndum. Þórðr görði þá sína menn á alla vega frá sér til liðs-samnaðar; en setti njósni syrir þá Kolbeins-menn, at hann yrði varr þann tíma er þeir kæmi. Stefndi hann öllum skipum ok mönnum saman á Sléttu-nesi í Selvágum. Kómu þá saman þrír tigir skipa, ok þrjú alskiput mönnum; heimti þá Þórðr saman ina beztu menn, ok leitaði ráðs við þá hvat til ráðs skyldi taka. Spurðisk þá ok, at þeir Broddi ok Hafn Bjarnarson vóru komnir undir Æðey átta skipum. Var Þórði þá mest um, at leggja norðr til mótz við þá. Teiti Styrmis-syni ok Svarthöfða var meira um at leita suðr á Breiðafjörð; segja þar allt í vinnask ef Kolbeinn næðisk; kvóðu norðr frá ekki mundu vera nema bú-karla ok fiski-menn, ok þá er ekki mannz-mót væri at. Sögðu ok, sem satt var, at suðr frá væri allir fylgðar-menn Þórðar þeir sem fræknastir væri. Var þat þá ráðs tekit, at Þórðr hélt suðr öllu liði sínu til Breiðafjarðar.

178. Nú er þat til máls at taka, er Kolbeinn Arnórson hafði sent Brodda til Vestfjarða. En um vetrinn áðr hafði hann sent menn suðr til Þóru Guðmundar dóttur, móður Gizurar,—vóru þeir syrir þeirri ferð, Einarr Jónsson ok Höskuldr Gunnarsson,—pess örendis, at þeir tóku hernaðar-sök af Þóru Guðmundar dóttur á hönd Þórði ok þeim fjórtán mönnum örðrum. Riðu þeir Einarr ok Höskuldr til þings með þessi mál. Kolbeinn reið upp á þingit at dóumum. Kom þar Hjalti biskupsson til mótz við hann. Varð Þórðr sekr, ok þeir menn allir fjórtán: Teitr Styrmisson, Hrafn

[III. 32 : vii. 15.]

Oddzson, Dufgus-synir fjórir, Eyjólfr Eyjólfsson, Hrafn Sveinbjarnarson, Hákon galinn, Þorsteinn Þorbergsson. Var þetta illa ræmt af alþýðu; þótti öllum sýnask í þessu inn mesti ákafi. Ok kölluðu þeir Þórðr þetta 'flauta-sekð;' fyrir því at þeir Þórðr höfðu náttverð einn í Tungu, ok höfðu flautir einar. Eptir þat riðr Kolbeinn Arnórsson ok Hjalti biskupsson ok Ormr Bjarnarson af þingi vestr til Breiðafjarðar-dala, ok höfðu nær sex hundruð manna. Sturla Þórðarson var þá í Sælingsdals-tungu. Kolbeinn sendi þangat sína menn, ok bað þá drepa Sturlu. Hann fékk njósn, ok reið undan vestr til Saurbæjar. En er Kolbeins-menn kómu í Tungu, var Sturlu leitað með brugðnum vápnum um öll hús, ok svá í kirkju. Var þá rænt því er laust var. Reið Kolbeinn þá með allan flokkinn vestr til Saurbæjar. En Sturla fékk sér skip í Tjaldanesi, ok fór þaðan út til Kross-sundz. Kómu þar til mótz við hann Dufgus-synir, Hákon galinn, ok þeir heima-menn Þórðar er suðr þar höfðu verit. Riðu þeir Kolbeins-menn þá ofan eptir Langey at sundinu. Ok er þeir fundusk skorti þar eigi silt orðtak er hvárir völdu öðrum. Röru þeir Sturla brott frá sundinu. Skilðu þeir Sturla þar ok Dufgus-synir. Skyldi hann¹ þá fara suðr um fjörð í lið-samnað. Kolbeinn Dufgusson ok Hákon galinn röru inn til Ballar-ár ok þá suðr² til Bildz-eyjar, ok vildu vita hvat títt væri um hesta sína; höfðu þeir þá ok frétt af, at Kolbeins-menn höfðu fengit skip nökkur. En Björn kaegill ok Jón Árnason vóru í Tjaldanesi, ok röru innan³ til Akreyja ok ætluðu at taka skip þau sem þar vóru. En er þeir kómu fyrir lendinguna þá sá þeir menn hlauta með vápnum uppi um eyna, ok upp um Kýr-auga. Þeir kenndu, at þar vóru komnir Norðlendingar; ok hljópu þeir þegar á land; vóru þeir mjök jafn-margir. Þar var fyrir þeim Óttarr, bróður-son Guðmundar biskups. Þeir Óttarr hljópu þegar á borg eina. En þeir Björn sóttu at þeim, ok báðu þá upp gesask. Gáfu þeir Óttarr þá upp vápn sín, ok gengu til handa ok fóru með þeim Birni. Röru þeir þá út til Fagr-eyjar. Nú er þeir Kolbeinn ok Hákon kómu í Bildz-ey, vóru þar menn fyrir, ok höfðu bundit hesta þeirra, ok ætluðu þá ok at leggja þá á skip. Hljópu þeir Hákon þegar upp á eyna. Þar var fyrir Jón Oddason, er kallaðr var Skegg-barn, ok þeir níu saman. Stukku þeir upp frá sjónum

¹ skyldi hann, i.e. Sturla] thus B*; skyldu þeir, Cd.; cp. the context in the following. ² Ballar-ár ok þá suðr] add. B*. ³ innan] emend.; inn, Cd.

[III. 33: vii. 15.]

ok á borg eina, ok bjoggusk til varnar; en þeir Kolbeinn ok Hákon héldu eptir þeim. Ok þegar er þeir Kolbeinn kómu at borginni, hljóp Kolbeinn upp, ok tók Jón höndum, ok fíllu þeir báðir saman ofan fyrir borgina; var þá þegar unnit á Jóni. Hákon Bótólfsson greip af hónum stálhúfuna, ok laust í höfuðit, ok var þat högg svá mikil, at Jón leiddi til bana fám dögum síðarr. Eptir þat vóru þeir allir handteknir ok flettir; ok höfðu þeir Kolbeinn þá heim með sér til Fagreyjar. Ekki varð af mann-samnaði Sturlu; ok urðu þeir illa við þat. Hafði hann verit kyrr meðan í Fagrey, ok hafzkr ekki at. Fengu þeir þá njósn af, at lið Kolbeins var nökkut komit í Arney, ok höfðu þar eitt skip. Tók Sturla þá þat ráð, at göra menn vestr í móti Þórði; ok bað at hann skyldi hvata suðr sem mest. En hann sjálfur, ok Dufgus-synir, röru inn til Arneyjar-sundz fjórum skipum, ok ætluðu at verja Kolbeins-mönnum landit, þar til er Þórðr kæmi vestan. Var þar svá til farit, at þrösköldr lá í sundinu, en djúpt at tvá vega; var þar riðit at fjórum en eigi flóðum. En er þeir Sturla kómu at sundinu, lögðu þeir skipum tveim-megin hjá þröskeldinum, ok ætluðu inn, at grýta á þá, svá at þeir næði eigi útan at ríða. En er fjara tók, herðu þeir Kolbeins-menn á, ok riðu útan á þrösköldinn. Tók þá at mjókka sundit, ok mátti þá grýta á skipa-menn ór báðum eyjunum. Hrukku þeir Sturla þá ór sundinu; en Kolbeins-menn riðu inn í Langey, ok fluttusk þeir þá þegar inn yfir Kross-sund. Eptir þat riðu þeir þegar inn um Meðal-fellz-strönd, ok svá inn til Dala; en Sturla fór heim í Fagrey. Sendimaðr Sturlu mætti Þórði í Flatey, ok segðr Þórði hvat tit var suðr þar. Þórðr bað sína menn ferma hvert skip af grjóti. Tók hann þá heit mikil til Guðs, ok talaði langt örendi ok snjallt¹, ok herði alla í ákafa ef fundum manna bæri saman, at hvern skyldi duga sem mannlegast. Eptir þat gengu menn á skip sín; var þá bæði gört, siglt ok róit suðr um flóana. En er skipin sóttu suðr undir eyjarnar, þá sá þeir Kolbeinn Arnórsson; ok þóttusk þegar vita, at þat mundi vera lið Þórðar. Þeir Þórðr fundu einn bát, er fiski-menn vóru á; ok sögðu þeir slíkt sem í hafði görzk með þeim Sturlu ok Kolbeins-mönnum. Hélt Þórðr þá út til Fagreyjar; ok fundusk þeir Sturla þar. Var þat þá ráðs tekit, at Teitr Styrmisson var sendr suðr til Böðvars, at beiða hann liðveizlu; en þeir Þórðr ok Sturla héldu

¹ örendi ok snjallt] add. B*.

[III. 34: vii. 15.]

skipum sínum inn til Hólm-látrs; skyldi Böðvarr ok þeir Teitr þar koma til mótz við þá. Kómu þeir Böðvarr ok Teitr at á-kveðinni stundu; fór þá sem fyrr, at Böðvarr vildi eigi veita Þórði á móti Kolbeini. Lá Þórðr þá um hríð undir Hólmlátrs-eyju með þrjá tigi skipa, ok hafði þá á fjórða hundraði manna. En frá þeim Kolbeini er þat at segja, at þeir riðu inn í Hvamms-sveit¹, ok svá yfir í Laxárdal. Tóku þá at herja, meiða menn en ræna fé. Ráku menn þá bú sít á fjöll, ok forðuðu sér svá ok fé sínu.

Tosti hétt maðr; hann var fylgðar-maðr Hjalta biskups-sonar. Hann reið upp á hálsana fyrir sunnan Laxárdal, at leita farar-skjóta manna, ok þeir þrír saman. Þeir sá hvar undan þeim voru rekin naut ok hross, ok voru með þrír menn; voru þeir allir slyppir. Sá maðr hétt Ingólfur er féit rak; hann var mikill maðr ok sterkr. Hann sá at þeir mundi hvergi undan komask; ok bað, at þeir skyldi renna á þá þegar er þeir mætti. En er Tosti kom eptir, þá báðu þeir þá Ingólf laus láta föngin. En Ingólfur kvazk þat eigi mundu [göra] at óreyndu; ok rann hann þegar á Tosta; en þeir félagar þeirra sóttusk í annan stað. Hvárr-tveggi þeirra, Tosti ok Ingjaldr, voru sterkir menn. Fór þá svá með þeim, at Tosti fell; greip Ingólfur þá meðal-kaflann á sverðinu, því er Tosti var gyrlor með, ok hjó þá undan Tosta fótinn þar er kálfi var digrastr, en annan í ristarlíðnum í einu högginu. Eptir þat flettu þeir þá alla vápnunum ok hestunum; en félagar Tosta fluttu hann til húss, ok segja Hjalta at Tosti hefði fengit áverka. Þeir Hjalti sá þá hvar menn slógu á engi-teig; lét Hjalti þá taku; hétt annarr Áslákr en annarr Árni; þeir voru gamlir menn ok heilsu-lstlir, ok höfðu þeir því eigi forðat sér. Hjalti lét hvárn-tveggja þeirra fóthöggva; ok mæltusk þau verk fíla fyrir. Þá lét Hjalti enn brjóta fótleppi í tveim mönnum í Laxárdal. Eptir þat reið hann heim suðr, en Kolbeinn norðr til Skagafjarðar. En er Þórðr spurði þetta, þá siglði hann vestr til Barðastrandár. Gékk hann þá af skipum; en lét menn fara með skipin it ytra. Spurði Þórðr, at þeir Broddi ok Hafr höfðu haldit skipunum norðr um Ísafjörð, ok höfðu gört þar áðr nökkt her-virki, en drepit önganmann. Fór Þórðr þá heim til Mýra, ok allir menn til búa sfnna. Var hann þá heima um hríð. Var nú af látið at leita um sættir; þótti þá sýnt at annarr-hvárr þeirra [Kolbeins] mundi hnífga fyrir öðrum.

¹ Hvamms fjörð, Cd.

[III. 35, 36: vii. 16, 17.]

179. Þenna vetr hafði Tumi Sighvatzson verit í Skálaholti með Sigvarði biskupi, sem fyrr var sagt. En eptir þing, er þeir Hjalti vóru suðr komnir, reið Tumi leynilega sunnan með þrim mönnum, ok fór hann þá vestr í Flatey til fundar við Teit Styrmisson. Var þat þá ráðit, at þeir Tumi ok Teitr skyldi þar eiga bú báðir saman. En er Tumi hafði þar skamma stund verit, þá hófu þeir ferð sína suðr til Dala, ok vóru tólf saman; vóru þar Dufgus-synir, Björn ok Kolbeinn. Þaðan fóru þeir suðr til Borgarfjarðar, ok þá suðr Gagnheiði þar til er kómu á bæ þann er at Ölfus-vatni heitir. Þar bjó sá maðr er Símon hét, ok var kallaðr Knútr; hafði hann frá blautu barns-beini verit sylgðar-maðr Gizurar Þorvaldzsonar; hann var á Örlygs-staða-fundi með Gizuri; hann var einna manna tillaga-verstr við Sturlunga. Hann var ok í Reykjaholti at vígi Snorra Sturlusonar; vóru hónum þar eignaðir áverkar við hann. Með hónum var ok sá maðr er Þorsteinn hét, ok var Guðinason, Kjósverskr maðr; hónum var ok eignat bana-sár Snorra. En þeir Tumi tóku bænn ok rannsökuðu þegar, ok fundu Símon í baðstofu; ok hafði hann þar gört reyk; var hann út leiddr ok högginn; sá maðr vá at hónum er Gunnarr hét, ok var Hallzson; hann var kallaðr nauta-tík. Þeir spurðu at Þorsteinn var í seli; þangat reið Björn Dufgusson ok þeir fimm saman. Þeir tóku Þorsteinn höndum; ok spurði Björn hverr höggyva vildi af hónum höndina. Sigurðr hét maðr, ok var kallaðr vegglágr, hann var Norrænn ok hafði verit kertis-sveinn Skúla hertoga; hann fór út hingat með Snorra, ok var þá í Reykjaholti er Snorri var veginn. Hann bað sá sér öxina; sagði sér þat þá í hug, er þeir drápu húsþóna hans, at hann skyldi göra einhverjum þeirra flít er þar stóðu yfir, ef hann kæmisk í betra færi um. Þorsteinn rétti fram höndina vinstri. Björn bað hann ina hægri fram rétta; kvað hann með þeirri mundu á Snorra hafa unnit, frænda hans, 'Enda skal sú af fara.' Eptir þat hjó Sigurðr hönd af Þorsteini; görðu þeir syrir því eigi meira at, at Þorstein mæddi blóðrás. Eptir þat rændu þeir hrossum ok lausa-fé; ok síðan riðu þeir vestr yfir heiði, ok svá til Dala. Fóru síðan heim í Flatey.

180. Þat var Óláfs-messu-dag, at Þórðr Sighvatzson spurði þessi tifðendi er nú var frá sagt, ok skip-kvámu í Dögurðar-nesi. Því skipi stýrði Eyvindr brattr, sonr Eyvindar skalla. Þórðr fór suðr yfir Breiðasjörð við heima-menn sína, ok var nökkrar nætr við skip í Dögurðar-nesi. Kómu þá menn norðan ór sveitum, ok segja

[III. 37: vii. 17.]

hónum öll tíðendi [þau] er hann frétti; svá þat ok, at Kolbeinn var heima ok allt kyrrelegt. Frétti hann þá, at allir menn sátu heima vestr frá Skagafjörði, hvern at sínu búi. Síðan sendi hann þá Nicholas ok Hrafn Oddzson suðr til Dala, at samna þar hestum sem leynilegast; en hann görði þat yfir-bragð fyrir alþýðu, at hann mundi fara vestr í Fjörðu. En þegar er hann kom suðr á Eyri¹, þá lýsti hann því fyrir heima-mönnum sínum, at hann mundi snúa inn til Dala ok þaðan norðr á sveitir, svá sem hónum þótti sér færi vera lengst. Snorri Þórálfssson, er út kom með Þórði ok fyr var getið; hann var Norðlenzkr at ætt; vóru þeir náfrændr hans, Mörðr inn sterki ok Ásbjörn Íllugason, ok margir aðrir Norðlendingar. Hann svarar þessu máli fyrst, at hann vildi fara þessa ferð með Þórði, ef hann skyldi ná at ráða griðum fyrir frændr sína. En Þórðr kvazk öngum manni mundu griðum játa, meðan hann hefði öngrá manna vald; en sagði þá mundu eigi hans orð stoða ef hann væri hvergi næri. Snorri var ok inn stærsti, kvazk því at einu mundu fara, ef hónum væri áðr þessu heitið. Skilðusk þeir við þat, at Snorri fór vestr í Fjörðu, en Þórðr fór leið sína suðr á Skóga-strönd, ok svá inn til Dala. Fann Þórðr menn sína alla Laugardaginn at Höfða við Haukadals-á. Riðu þeir þá um kveldit, manni miðr en hálfir sétti tögr, suðr um Bratta-brekku, ok suðr yfir Kálfs-háls til Höfða² um nóttina, ok svá upp eptir Kjarra-dal³, ok kómu fram Dróttins-margin í sólar-roð til Fljótz-tungu, svá at eingi maðr varð varr við reið hans um héraðit. Reið hann Dróttinsdags kveldit á Arnarvat-z-heiði. Annan dag viku var Laurentius-messa; þá skyldi vera manna-mót fjölmennt at Giljá. Kómu þar til Miðfirðingar ok Langdælir ok Vatzdælir, ok alþýða fyrir vestan Skagafjörð. Gékk þá sú frétt, at Þórðr var farinn vestr í Fjörðu ór Dögurðar-nesi. Þótti þá öllum vænt um þat, at þeir mundu mega vera í firði. Þorsteinn Jónsson bjó þá í Hvammi; þá var Eyjólfur son hans nítján vetra. Hann var manna efnilegastr í þann tíma, mikill maðr ok vænn; manna var hann bezt á sik kominn, sterkr svá at þá vóru engir hans jafn-aldrar þvflskir. Hann var þá ýmist heima með föður sínum eða heima-maðr Kolbeins at Flugu-mýri. Þá var á vist með Þorsteini í Hvammi Mörðr Eireksson, mágr hans; hann átti Borghildi dóttur Þorsteins. Þorsteinn átti Ingunni Ásgríms dóttur.

¹ á Eyri] V.; á Eyrar, Cd. ² til Höfða] add. B*. ³ Should it be Kjarrár dal?

[III. 38: vii. 18.]

Þorsteinn ok Mörðr höfðu verit á Örlygs-stöðum með Kolbeini þá er Sighvatr fíll ok synir hans. Merði vóru eignaðir áverkar við þá feðga. Mörðr hafði á Örlygs-stöðum spjót mikil, sem þá var siðvenja. En þá er þeir riðu norðan um Vatz-skarð, þá ræddi maðr um, at spjótið væri hlykkir einir. Annarr maðr svarar, er reið með þeim, er verit hafði í ferð með Merði: ‘Þat hefir hallask mjök í goða-beinunum.’ Þessi orð hafði Þórðr spurt, ok hafði þungan hug á Merði fyrir þat. Helgi hét maðr, ok var Hámundarson; hann bjó á Másstöðum; hann var annarr beztr bóndi í Vatzdal en Þorsteinn; hann átti Valgerði, dóttur Kolbeins kaldaljóss; hann var læknir mikill, ok hafði enn verit á Örlygs-stöðum móti Sturlungum. Einarr hét maðr, ok var Hallzson; hann bjó á Gilj-á; hann var inn vasklegasti maðr ok var jafnan í ferðum með Kolbeini; hann hafði ok verit á Örlygs-stöðum í móti Sighvati.

181. Nú er frá því at segja, at Þórðr reið á Arnarvatz-heiði Dröttins-kveldit, ok reið þá annan dag vikunnar allt at bygðinni í Vatzdal, en um nóttnina, er myrkva tók, ofan í dalinn. Var þá tekinn fyrst bær á Hauka-gili; ok hafði hann þá fréttir at heima vóru bændr allir í dalnum. Var þá skipt liði í sveitir; var Ásbjörn í sveit einni ok Gestir með hónum, en fyrir annari var Teitr Styrmisson ok Svarthöfði Dufgusson. Þar var ok Egill Sölmundarson, ok Einarr Ásgrímsson; vóru þá áttján¹ menn í hverri sveit. Var þá umræða, hvert hvárir skyldi fara; vildu allir í Hvamm sízt, fyrir sakir vinsælda Þorsteins. Þórðr kvað þat maklegast, at hann færi þangat er öðrum væri minnzt um; ‘En þó veit ek eigi,’ segir hann, ‘þann mann fyrir norðan land, at eigi sami mér betr yfir at standa en Þorstein Jónsson.’ Fóru þeir Teitr ok Svarthöfði með sveit sína á Másstöði. Gestir skyldi riða til Hofs, ok svá ofan fyrir vestan ána, á Breiðabólstað, ok taka þann mann er Hallvarðr hét, ok var Joseppson; ok riða svá ofan til Hóla-vaðs; ok skyldu menn þar finnask. Nú er þar fyrst frá at segja, er Þórðr reið í Hvamm, ok kom þar nökkuru fyrir sólar-roð; vóru þar byrgðar hurðir allar, en ekki manna á fótum. Skipuðusk menn þá fyrir dýrr allar, en Hákon galinn hljóp á hurðina fyrir þeim durum er næstar vóru kirkju, ok braut upp; ok við þat vöknudu heimamenn. Hljóp þá prestr upp ok út í dyrrin. En þeir Hrafn ok

¹ áttján] thus emend. (18 x 3 = 54); fjórtán, Cd.; seytján, V.

[III. 39 : vii. 18.]

Nichulas hljópu inn, ok báðu hann út ganga. Hann færðisk milli hurðarinnar ok veggjarins ok vildi eigi út ganga. Ok í því þá kom Mörðr í dyrrin ok lagði út, ok enn fleiri menn, með vápnum. Í því hrukku þeir Hrafn út; en hann varð lauss prestrinn; ok þá sóttu þeir at, en hinir vörðusk. Í því kom Þórðr; ok bað, at þeir skyldi ganga inn skörulega. Sá maðr gékk fyrstr inn, er Almarr hét, ok jafn-fram hónum Kolbeinn Dufgusson; en Þórðr sjálfur, ok Hrafn, ok Nichulas, gengu inn allir jafn-snemma. Þá hrukku þeir Mörðr ór durunum ok í skálann. Eyjólfur varð seint vakðr, ok vaknaði hann eigi fyrr en þeir Mörðr hrukku í skálann. Þá mælti Bárðr prestr: ‘Leita til dura er til fjallz eru, þvíat þar vóru engir menn fyrir áðan.’ Ok svá görðu þeir. Ok er þeir kómu at durunum, var þar einginn fyrir; hljóp Bárðr prestr út; tók sér hest með söðli. Hann bað Eyjólf hlaupa á bak hestinum ok ríða í fjallit sem skjótast; ‘En mér mun við öngu hætt,’ segir hann. Hljóp Eyjólfur þá á bak, ok reið undan. En er þeir Þórðr kómu í skálann, þá fékk Mörðr áverka; ok komsk við þat út. Þá kómu menn Þórðar at, ok særðu hann. Féll Mörðr þá. Þorsteinn bóni komsk ok út, ok varð hand-tekinn; var hónum fylgt á fund Þórðar. Þorsteinn bað sér griða; en Þórðr kvað þá hafa skyldu þau grið sem þeir létu hafa Sighvat föður sínn á Örlygs-stöðum. Þorsteinn kvað eigi Sighvat þar dreppinn mundu vera, ef hann hefði þar mestu um ráðit; en kvazk vilja bjóða Þórði alla hluti til lífs sér, þá er hónum sómdu vel; en biðja ekki griða sér svá at Þórði væri leiðindi í því. Áttu þá margir hlut at, ok vóru tillaga-góðir. Ingunni húsfreyju fór ok all-skörulega. Þórðr segir at Þorsteinn skyldi grið hafa; sagði, at eigi væri fleiri en svá í Norðlendinga-fjórðungi, er við hann hefði vel¹ haft, áðr hann færi útan, en eigi skyldi hann þat meirr á nýja; ‘En tak vápn þín ok klæði ok far með mér.’ Ok svá görði Þorsteinn. Eptir þat gékk Þórðr upp á völlinn, ok spurði hverr þar lægi. Hónum var sagt, at þar var Mörðr Eireksson. Þórðr bað Hrafn til ganga, ok sjá hvé² mjök hann var sárr. Hrafn gékk til, ok spurði at sárum Marðar, en hann lézk vera græðandi, ok beiddi sér griða. Hrafn kvað hónum einsætt at búask svá við sem hann mundi eigi grið hafa. Mörðr spyrr fyrir hvat Þórðr var hónum svá gramr, ‘Svá vel sem með okkr hefir verit.’ Hrafn segir hann mundu vita þat, at hónum hefði kenndir verit áverkar við þá feðga á Örlygs-stöðum. Mörðr

¹ við—vel] thus by conject.; er hann hefði verr, Cd.² hvé] hvat, Cd.

[III. 40: vii. 18, 19.]

kvezk eigi sannr at því. Hrafn fór þá, ok segir Þórði at Mörðr var græðandi. Þórðr bað þann mann er Árni hét, at vega at hónum. Ok svá görði hann; hann var Eireksson. Bjarni hét maðr, ok var Húnröðarson; hann var særðr til ólífis. Á þremr mönnum var þar öðrum unnit. Þorsteinn fór með Þórði. Reið hann þá ofan eptir dal.

Þeir Teitr ok Svarthöfði kómu á Mássstaði; skutu þá stokki á dyrr ok brutu upp hurðina; hljópu þeir síðan í skálann. Helgi hljóp upp í því er hann varð varr við ófriðinn, ok ætlaði til duranna. Hann var allra manna knástr; hratt hann þeim af sér, svá at þeir hrukku í sætin af hónum. Í því gat Svarthöfði tekit hann. Helgi beiddi sér griða, ok hafði þá fengit áverka. Þeir segja, at eingi kostr mundi griða vera; báðu hann rannsaka ráð sitt, ok tala við prest. Ok svá görði hann. Eptir þat var Helgi leiddr út, ok vá sá maðr at hónum er Álfr hét, ok var Þorgilsson. Því næst rændu þeir hrossum, ok því sem innan gátta var, ok riðu þaðan út til Giljár; ok tóku þeir þar Einar Hallzson; var höggin hönd af hónum, ok særðr mörgum sárum öðrum; rændu þeir þar. Riðu þeir eptir þat til Hóla-vaðs; var Þórðr þar kominn ok svá Ásbjörn. Þeir Ásbjörn höfðu rænt öllu á Breiðabólstað öðru en ganganda fé. Hallvarðr hafði undan komizk, en Lær-Bjarni var særðr til ólífis; á höfðu þeir unnit fleirum mönnum. Reið þá Þórðr vestr ok allr flokkrinn; var þá rænt því sem fyrir varð, þar til er þeir kómu í Miðfjörð. Þar létt Þórðr öngu ræna. Reið hann þá vestr til Hrútfjarðar um kveldit. Tvennir vóru þeir hlutir er Þórðr bauð mestan varnað á; at þeir skyldu eira konum ok kirkjum. Reið Þórðr þá vestr til Dala ok svá til Saurbæjar. Þaðan fór hann út til Skarðz. Þaðan hvarf Þorsteinn Jónsson, ok vann Þórði áðr trúnaðar-eið; skilðusk þeir þá með vináttu. Fór Þórðr þá aprí i Fjörðu ok til bús síns á Mýrar. En er Eyjólfur Þorsteinsson komsk í brott, reið hann norðr á Flugumýri ok segir Kolbeini þessi titendi. Kolbeinn stefndi þegar saman mönnum, ok eflði setur; hafði hann ávalt einhverja þat er eptir var sumars. Þótti hónum þá skjótara til eptir-reiðar, ef nokkur illvirki væri gör á héruðum hans.

182. En er Þórðr hafði lítlia hrifð heima verit, þá sendi hann menn alla vega frá sér til mann-kvaðar; ok var sú mann-kvöð svá frek, at hverr vígr maðr skyldi fara. Dró Þórðr flokk þann allan til Saurbæjar. Stóð þá Sturla upp it fyrsta sinni með Þórði frænda

[III. 41 : vii. 19.]

sínum. Vóru þá ok menn kvaddir allt um Dali fyrir vestan Brattabrekku ; var orpit á þat, at lið Þórðar mundi vera á átta hundraði. En er þeir kómu í Ljár-skóga, þá spurði hann þat, at setur vóru at Ásgeirs-á ; vóru þeir þar fyrir Ílluga-synir, Ari ok Rögnvaldr. Þá sendi Þórðr til Teit ok Svarthöfða með sex tigi manna, at hleypa upp setunni. Riðu þeir norðr til Hrútafjarðar um kveldit, ok um nöttina á Miðfjarðar-háls. Laust þá á myrkri svá miklu, at menninir skilðusk ; kómusk þeir Teitr eigi betr en nítján menn norðr á Auðunnar-staði. Urðu þeir þá varir við, er á hestverði vóru af Norðan-mönnum ; sýndisk þeim sem fjöldi liðs væri at kominn. Hleypdu þá Norðlendingar upp á fjall allir [þeir] er í setunni höfðu verit. Ásbjörn reið til Ásgeirs-ár ok nökkurir, ok sá at ekki görði eptir at ríða. Hurfu þeir Teitr þá aprí, ok riðu suðr Holtavörðuheiði til Borgarfjarðar. Fundu þeir þá Þórð í Stafaholti. Reið Þórðr þá með flokkinn allan á Ferju-bakka, ok settisk þar. Kom þá Böðvarr Þórðarson útan frá Stað. Þorleifr Þórðarson kom ok útan ór Görðum, ok höfðu hvárir-tveggju þeirra mikinn flokk. Michaelis-messu-dag hafði Þórðr fund í Stafaholti ; var þar Sturla, Þorleifr, ok Böðvarr. Þórðr krafði þá frændr sína liðveizlu ok ferðar norðr um land, eða ella suðr um Heiði, svá at hann mætti rétta skaða sínn við aðra-hvára. En þeir kvóðuskar eigi mundu veita hónum til hernaðar á aðra menn upp. Sögðu at þeir mundu ríða til þings með hónum at sumri, ok veita hónum til einhvers órskurðar, svá at hann fengi sóma sínn. Þórðr tók því vel, ok þakkaði þeim ; kvezk þenna kost þiggja vilja, þótt hónum væri sá starfa-meiri. Reið Þórðr þá ofan á Ferju-bakka, ok létt alla flokkana sofa undir Þjóðólfs-holti um nöttina. En um morguninn í dagan þá kom Hákon galinn ofan ór héraði, er hann hafði verit á njósn ; sagði hann, at Kolbeinn Arnórsson hefði verit um nöttina í Fljótz-tungu með þrjá tigi manna. Þótti þá öllum at sýnu ganga, at stór-flokkar mundu komnir í héraðit. Þórðr bað þá halda saman flokkinum öllum um daginn. Hafði hann þá svá mikin lið, at orpit var á tólf hundruð manna. En hann reið upp í héraðit á njósn, at vita hvat tit var. Reið hann þá upp á Gilsbakka ; ok frétti þar, at Kolbeinn hefði riðit norðr á Heiði. Görði Þórðr þá menn á njósn norðr á Tvíðægru. En hann sat á Ferju-bakka á meðan. En er þeir kómu aprí, segja þeir, at setur væri þrennar í Skagafirði ; en kölluðu kyrrt allt annat ; sögðu Kolbein hafa riðit norðan á njósn ; en engir höfðu til orðit aðrir. Þótti mönnum þar

[III. 42, 43 : vii. 20.]

enn mjök sýnask hvatleiki Kolbeins, at hann reið með svá fá menn at slískum stór-flokkum, sem þar vóru fyrir. En er Þórðr frá þetta, þá dreifði hann flokkunum. Fóru þeir Böðvarr ok Þorleifr þá heim; en Þórðr reið vestr í Fjörðu ok Sturla. Þóttusk þá allir skilja, þeir er í þessi ferð höfðu verit með Þórði, at hann mundi verða inn mesti höfðingi, ef hann héldi sér heilum. Þótti ok mönnum mikils um vert, er hann hafði slískum stór-flokkum samankomit í svá fátækjum sveitum. Fór Þórðr nú heim á Mýrar. Sat hann þá heima um vetrinn allt um Jól fram. En at Jólum bauð hann til sín öllum inum beztum mönnum ór Vestfjörðum; hafði hann þá veizlu mikla á Mýrum. Strengði Þórðr þá heit, ok allir hans menn. Þórðr strengði þess heit, at láta aldri taka mann ór kirkju, hveregar¹ sakir [er] sá hefði til við hann. Ok þat efndi hann. En er menn fóru í brott, veitti hann mörgum mönnum gjafir; vóru þá allir meiri vinir hans enn áðr.

183. Þenna vetr var Þórðr Bjarnarson í Görðum með Einari frænda sínum, hann hafði verit með Órækju í Reykjaholti at drápi Klængs Bjarnarsonar. Ormr Bjarnarson reið með þrettánda mann í Garða til Einars. Kómu þeir þar síð um kveldit í þann tíma er þeir Einarr ok Þórðr ætluðu at ganga til baðs. Tóku þeir Ormr Þórð þar höndum. Leiddu þeir hann þá inn til stofu. Þórð varð við alla vega sem bezt, ok bauð fyrir sik allt þat er hónum sómði. En þá er hann sá, at Ormr vildi ekki annat hafa en líf hans, þá beiddisk hann prestz-fundar. Ok svá var gört. Eptir þat var hann leiddr í ytri stofuna. Lagðisk Þórðr þá niðr opinn; ok bað þá hyggja at, hvárt hónum blöskraði nökkut. Ormr sékk þá mann til at höggyva hann; sá hét Einarr munkr. Eptir þat reið Ormr heim austr á Breiðabólstað.

184. Þat er nú at segja þessu næst:—at Tumi Sighvatzson unði eigi í Flateyju; fór hann þá inn til Meðal-fellz-strandar at finna Snorra prest at Skarði Narfason. Hann var manna auðgastr í Vestfjörðum; hann var ok göfugr at ætt. Hann hafði verit alla æfi mesti ástvin Sighvatz ok Sturlu; hann átti annat bú at Hólum á Reykja-nesi. Vóru þar fyrir synir hans, Bárðr ok Sigmundr. Tumi beiddi Snorra at taka við búi at Hólum til Fardaga. Snorri létt þat uppi, ef hann fengi hónum handsala-menn þá er varða vildi, at hann tæki þar við jafn-miklu fé at vári. Tumi leitaði eigi eptir handsala-mönnum, en settisk í búit at Hólum. Drifu þá til

¹ hveregar] emend.; hverjar, Cd.

[III. 43, 44: vii. 21.]

hans menn, Björn Dufgusson ok Þorgeirr stafs-endi, Þorkell dráttarhamarr. Þenna vetr í móti Jólum tók at fættask með þeim Þórði Sighvatz-syni ok Ásbirni Guðmundar-syni; görðisk Ásbjörn þá svá stórr, at hann vildi nær jafnask við hann sjálfan. Bað Þórðr hann þá göra annat-hvárt, hafa sik brott eðr vera í hófi. Ásbjörn kvað hann eigi þurfa [at] reka sik í brott; en kvað þat vel fyrir því, at þær einar mundu verða fram-kvæmðir Þórðar þegar er hann færi í brott; sagði ok at sá mundi heita mestr maðr þeirra ávallt, er hann var með. Þórláks-messu-dag reið Ásbjörn í brott ok þeir þrír bræðr, Grímr, ok Þorkell hnjoð-hamarr. Riðu þeir þá suðr á Hóla. Tók Tumi þá við hónum; ok var hann þar í góðu yfir-læti um Jólin. Drifu þá at Tuma mjök margir menn aðrir. Litlu eptir Jólin reið Tumi heiman við áttjándamann norðr í Hrútafjörð. Tók Ásbjörn þat upp fyrir hónum, at hann skyldi vinna nökkur stórvirki; ok kvað þá eigi mundu þykkja minna um hann vert en [um] Þórð bróður hans. Þessir vóru í förinni: fyrst Tumi, þá Ásbjörn, Grímr, ok Þorkell bræðr; Björn kægill, Bitru-Kelli, Bárðr [Skarðz-prestr], Einarr Oddason, Húnþogi Svíns-bógr, Bergþórr Snorrason, Vestliði Bassason¹. Tóku þeir þá þat ráðs, at þeir skyldu ríða norðr á sveitir á hendr nökkurum þeim mönnum er í sökum væri við Sturlunga. En er þeir kómu í Hrútafjörð til Fögru-brekku, þá spurði Björn kægill Tuma hversu ferð sjá var ætluð. Tumi segir, at hann ætlaði at ríða norðr á sveitir at bónum einhverjum. Birni kvazk þykkja lið lítið, en hesta-kostr eingi; ‘Þætti mér ráð, at þú værir eptir, en létil oss ríða þangat sem þér lískaði,’ kvað þar hóflegt til hætta². Tumi kvazk ríða vilja. En þó kom þar at um síðir, at hann varð eptir at Fjarðar-horni. En þeir Ásbjörn ok Björn riðu norðr til Miðfjarðar³ til Línakra-dals á þann bæ er í Múla heitir. Þar bjó sá maðr er Magni hét; hann var löngum heima-maðr með Kolbeini á Flugumýri; hafði hann þar verit um Jólin. En er hann fór heim, gaf Kolbeinn hónum einn inn bezta hest, grán at lit, ok skyldi hann halda njósnum til Þórðar þegar, ef hann hrærðisk nökkut ór Vestfjörðum. En er Magni varð varr við at ófriðar-menn vóru komnir á bæinn, leitaði hann út um laun-dyrr. En er hann var skamt kominn frá húsunum þá sá þeir Björn hann, ok hljópu eptir hónum. En er Magni sá,

¹ þessir vóru—Bassason] om. Cd., but not V. ² kvað þar hóflegt til hætta] thus; hóflangit, edition; it should perhaps be, kvað þá hóflegt til hætta. ³ til Miðfjarðar] add. B*.

[III. 45: vii. 21.]

at hann mundi eigi undan komask, þá snörisk hann við; hjoggusk þeir Björn í móti; ok varð hvárrgi sárr. Björn hjó til hans í annat sinn, ok kom höggit fyrir ofan eyra á hálsinn, ok varð þat mikit sár ok banvænt. Eptir þat tók Björn í fær hónum ok snöri hónum í lopt upp, ok lagði sverði til hans, ok varð þat lítið sár. Í því kom Ásbjörn at, ok spurði hví hann drepi hann eigi. Hann kvazk at hafa gjort þat er hann mundi. Ásbjörn gékk þá at hónum ok hjó af hónum höfuðit. Kom síðan at Vigdís Markús dóttir kona Magna. Þerði Ásbjörn blóðit af sverðinu á klæðum hennar; en hón bað þeim margra forbæna, ok bað Guð hefna skjótt á þeim sína mótgörð¹. Eptir þat snöru þeir aprí; ok spurðu at njósarmaðr Kolbeins var á Torfastöðum; sá hét Ásgeirr, ok var kallaðr Kollu-geirr. Riðu þeir þangat at, ok brutu upp úti-dura-hurð, ok hljóp Ásbjörn inn, ok bað kveykja ljós. Kollu-geirr hljóp upp, ok greip upp sínni hendi hvárt senn, hand-sax ok spjót, ok lagði hváru-tveggju senn til Ásbjarnar; kom annat lagit í bringuna, en annat í neðan-verða brynjuna. Ásbjörn mælti þá: ‘Taki þér djöful þenna, hann vill vinna á mér.’ Ásgeirr er tekinn, ok leiddr út. Ásbjörn hét þá á sína menn at nökkurr skyldi til verða at drepa hann; en eindi varð til. Ásbjörn snaraði þá buklara-fetil at hendi hónum. Bað hann þá einhvern mann at halda; en hann brá sverðinu, ok segir [at] hann skyldi láta höndina; ok hjó síðan; ok kom á handlegginn uppi við öxl; en sverðit renndi með beininu, ok skar ór allan vöðvann allt ofan í ölnboga-bót; var þat all-mikit sár. Ásbjörn vildi höggva annat, en Björn bað hann láta vera. Var Ásgeirr þá inn borinn, ok varð við sár sítt allhraustlega. Kom þar til svá mikil blóðrás, at eigi varð stöðvat. Lézk Ásgeirr áðr en þeir Ásbjörn riði í brott. Þessa nótt kom þeyr mikill, ok hljópu vötn fram, ok leysti árnar. Ok er þeir Ásbjörn riðu vestr Hrútafjarðar-háls, sá þeir troll eitt mikit, ok fór þat á svig við þá; varð þeim sumum ósvipt við, en Ásbjörn hrakði þá þar um. Ok er þeir riðu inn at Branda-gili, sá þeir eld mikinn brenna fyrir fjarðar-botninum. Ok varð þeim þar illa við². En er þeir Ásbjörn kómu til Starðar í Hrútafjörð, var flæðr sæfar; ok eigt reitt yfir vöðla. Var fjörðrinn eigi ruddr af ísum; en þeyr mikill hafði á verit. Vóru vötn í leysingu³, ok ófærar árnar

¹ kom síðan—mótgörð] V.; om. Cd. ² V.; here is a homoteleuton in Br. (from ‘ósvipt við’ to ‘illa við’). ³ V.; yfir vaðla—leysingu, om. Br.

[III. 46: vii. 22.]

it næsta. Biðu þeir þar lengi um daginn fjörunnar. En er á tók at líða daginn, vildu þeir fyrir hvern mun yfir ána vestr; þvíat þeim þótti eigi örvaent at eptir þeim mundi riðit. Ríða þeir nú til vöðlanna, ok hversfa aprí; ríða nú upp með ánni, ok finna hvergi þar er þeim þætti yfir fært. Ásbjörn eggjaði at þeir skyldi á ríða, ok kallað pá raga, ok segir ekki áræði með þeim. Björn kvað ána ófsæra¹ þar er² hón lá á bökkum uppi. En er þeim vóru minnztar vánir, hleypir Ásbjörn út á ána; en hestrinn misti þegar fóta, ok rak hvárn-tveggja í kaf. En er Ásbjörn kom upp, pá var hann af baki, ok hélt sér í stigreipit. En þeir er á landi vóru, réttu til hans spjót-sköptin; ok er hann vildi til taka, varð hónum lauss hestrinn. Þar druknaði Ásbjörn, ok fannsk eigi fyrr en um várit eptir. Eptir þat riðu þeir föru-nautar til vöðlanna³, ok kómusk þar yfir um nöttina við illan leik, ok fundu Tuma at Fjarðar-horni. Riðu þeir síðan til Dala, ok svá vestr til Hóla.

185. Þann sama vetr eptir Jól fór Þórðr⁴ norðr til Ísafjarðar; en hann sendi Hrafn Oddzson ok Svarthöfða suðr til Dala at segja vinum sínum, at hann ætlaði at ríða norðr í Skagafjörð. Í þenna tíma tók mjök at sækja at Kolbeini Arnórssyni þat it mikla mein sem hann fékk eptir Örlygs-staða-fund, er hann tók svá fast, at hann varð löngum banvænn af. En þann sama vetr stefndi Kolbeinn fjölmennan fund í Geldingaholti; kómu þar til allir inir stærstu bændr í Norðlendinga-fjórðungi. Bauð Kolbeinn þá bónum tvá kosti. Talaði langt örendi, ok sagði deili á um vandræði þeirra Þórðar; talði upp manna-lát þau er hvárr hefði fengit fyrir öðrum; kvazk þann kost vilja bjóða þeim annan, at fara útan ok gefa Þórði upp ríkin öll, ok bæta Þórði svá föður sínn ok bræðr; ‘Munu þér þá eiga verða yðart mál á hans miskunn. Varir mik, at yðr muni þat vel gefask; þvíat þá gafsk Þórðr mér bezt er ek hætta mínum hlut mest undir hann; vóru þér þá ok vinir, Skagfirðingar ok hann.’ Þeir kvóðusk þenna kost eigi vilja; kvóðu þar tvennt til vera þat er fyrir beit⁵, ‘Annarr sá, at vér viljum öngum manni [öðrum] fylgja meðan þú lifir; en hinn annarr, at Þórði mun þykkja vér hafa gört miklar sakir við sik, svá at vér munum eigi bera mega þær refsingar er hann leggr á oss.’ Kolbeinn segir enn vera þann kost, at þeir héldi setum þat er eptir

¹ Here B begins again, see page 7, foot-note 3. ² þar er] þvíat, B. ³ Thus B; not vaðlanna. ⁴ fór Þórðr] bjó Þórðr ferð sína vestan af Mýrum ok fór, B.
⁵ beit] B; bar, Cd.

[III. 47: vii. 22.]

var vetrar, einni í Skagafirði, annarri í Vatzdal, þriðju í Vífidal; væri ok uppi almenningr þegar [er] sú njósn kæmi at Þórðr væri nökkur¹ í nánd þeim. Þeir kvóðusk þenna kjósa, hvat sem þá kostaði, at þeir héldi sér saman. Þá mælti Kolbeinn til Þorsteins Hjálmssonar, at hann vildi senda hann á fund Þórðar at leita um grið framan til þings. Þorsteinn kvazk þá ferð eigi vildu undir höfuð leggjask, ef hann fengi til fleiri dugandi menn með hónum. Kolbeinn bað hann kjósa mann til fylgðar við sik. Þorsteinn kvazk kjósa Eyrind bratt stýrimann. Kolbeinn kvað svá vera skyldu. Gengu þeir þá á tal þrí² samt. Bað Þorsteinn [Kolbein] at göra fyrir Guðs sakir at gefa hónum nokkut sættar-efni at flytja til Þórðar. Kolbeinn kvezk vilja, at hann flytti jafn-sætti. Þorsteinn kallaði, at Þórði mundi þat eitt jafn-sætti, at hann tæki eignir sínar allar. Kolbeinn kallaði[sk] allar at lögum fengit hafa, ok kvazk öngar láta mundu fyrir dóma fram. Eptir þat riðu þeir Þorsteinn; ok reið Kolbeinn á leið með þeim til Jökuls-ár. Þá spurði Þorsteinn Kolbein, ef Þórðr væri kominn á leið með flokkum ór Vestfjörðum, ef Kolbeinn vildi þá nökkut auka boð sín, ok yrði þeim flokki þá heldr hnekkt en áðr. Kolbeinn kvað Þorsteinn heyrt hafa³ tal þeirra bónda á fundinum ok sítt; ‘En hversu sem með oss fór, þá vil ek á þat hætta, at gefa upp Þórði frænda mínum allan Norðlendinga-fjórðung, ok ráðask frá með öllu; vil ek þá at allir menn hafi frið, lífs-grið ok lima.’ Þorsteinn bað hann⁴ segja þetta Eyrindi, er hann var undan fram riðinn. Kolbeinn kvað öngu þat skipta hvárt þetta vissu fleiri menn; ‘Austmenn eru opt skjót-orðir; þvfat ek vil boð þessi því at eins⁵ uppi láta, at þú sjáir⁶, at vér höfum ófrið í annan stað.’ Riðu þeir Þorsteinn þar til er þeir kómu vestr í Dali; fengu þeir þá brátt njósn af at Þórðr var vestan kominn. Fundu þeir Þórð at Skarði. Ok gengu þeir Þórðr ok Þorsteinn á tal; bar Þorsteinn þá fram orðsending Kolbeins bæði um grið ok sættir. Þórðr kvazk eingi grið vilja; segir ok, at hann vildi í öngrá manna dóm leggja eignir sínar eðr manna-forráð í Eyjasíði. Þeir Þorsteinn ok Eyrindr þóttusk þá skilja, at Þórðr mundi ætla at ríða norðr á sveitir, af viðr-búnaði þeirra; urðu þeir ok þess varir, at Sturla mundi þá í ferð vera með Þórði. Lét Þorsteinn þá uppi öll þau

¹ nökkur] B; nökkut, Cd. ² þrí] B; tveir, Cd. ³ heyrt hafa] B; heyra, Cd. ⁴ hann] B; þá, Cd. ⁵ því at einu, B. ⁶ at þú sjáir] B (seair); ef þú sér, Cd.

[III. 48, 49: vii. 23.]

boð er Kolbeinn hafði fremst boðit. Eyvindr kvazk eigi kunna at segja þetta, ok kvazk eigi þessi boð heyrta hafa. Þorsteinn bauð eið sínn, ef Þórðr vildi þá heldr trúa. Þórðr görði þá ráð sít, ok vinir hans; lögðu þá margir gótt til. Tók Þórðr þat upp, at hann seldi grið fram um Páska-viku, en játaði sættum. Þorsteinn skyldi ok þess vera skyldr, at senda Þórði mann norðr á Langa-föstu, ef Kolbeinn vildi þessi sættar-boð halda; ok svá þótt nökkt væri annat efni í. Þorsteinn reið nú norðr á mótz við Kolbein; en Þórðr fór vestr í Fjörðu. En er Þorsteinn kom norðr ok bar upp örendi síttyrir Kolbeini: lézk Kolbeinn þá þat aldri mælt hafa at gefa upp Þórði Norðlendinga-fjórðung. Þorsteinn segisk ekki annat flutt hafa, en þat sem Kolbeinn bauð hónum, hver raun sem til var¹ gör við hann. Tók Kolbeinn þá grið af hónum fram um Páska-viku, en vildi eigi þá sætt er Þorsteinn hafði boðit [Þórði] af hans hendi. Reið Þorsteinn við þetta heim, ok líkaði stór-illa. Lézk aldri síðan skyldu fara með sættarboðum af Kolbeins hendi. Sendi hann þegar Þórði mann, ok segir hvar komit var. En er þetta fréttisk, mæltu menn misjafnt til Þorsteins.

186. Um várit í Páska-viku átti Kolbeinn fjölmennan fund. Kómu þar til Eyfirðingar. Segir Kolbeinn þá öllum mönnum, at þeir skyldi við því búask, at hann mundi ríða vestr á sveitir þegar eptir Páska-viku. Stefndi hann Eyfirðingum norðan á nefndan dag mótz við sik. Kom norðan Hallr Jónsson af Möðruvöllum, Þorvarðr Þórðarson ór Saurbæ, Þorvarðr Örnólfsson ór Mikla-garði, Guðmundr Gilsson undan Hvassa-felli. En er þeir kómu í Skagafjörð, þá var þar saman dregit lið mikil. Rézk þar til sylgðar með Kolbeini Brandr Kolbeinsson frá Stað, ok Broddi Þorleifsson, mágr Kolbeins. Riðu þeir þá með flokkinn vestr til Langa-dals; voru þar allt þá menn² upp teknir. Reið Kolbeinn þá vestr til Staðar í Hrútafjörð. Höfðu þeir þá á öðru hundraði manna³. Skipti þá Kolbeinn liðinu í tvá staði; setti hann þá höfðingja fyrir aðra sveit, Brand Kolbeinsson ok Brodda. Riðu þeir til Laxárdals. Bað Kolbeinn þá⁴ muna Vatzdals-för. Var þá nefndr til Sturla Þórðarson, at þeir skyldi hann drepa, ef þeir næði hónum, ok Björn drumbr Dufgusson. Kolbeinn lýsti

¹ var] væri, B. ² menn] here begins the fifteenth vellum leaf (only a fragment of the first and the fourth columns). ³ ok áðu þeir, ok höfðu þá ccc manna, B.

⁴ fara hermannliga ok, add. B.

[III. 49, 50: vii. 23.]

þá, at hann mundi ríða með sína sveit at Tuma Sighvatzsyni á Reykjahóla. Skyldu þeir finnask í Gilsfjarðar-botni þá er þeir riði norðr apr. En er þeir riðu yfir vöðla¹ á Hrútafirði, þá sá menn reið þeirra fyrir vestan fjörðinn; hljópu þá menn vestr til Dala, ok svá til Saurbæjar. Fór þá Sturla út í Eyjar². En Böðvarr frá Hváli, ok Þorgeirr stafs-endi, ok Hallr ór Tjaldanesi fóru vestr á³ Hóla, ok segja Tuma at ófriðar mundi ván vera. Tumi brá við skjótt, ok létt setja fram skip, ok fékk þar menn til gæzlu, at eigi skyldi uppi fjara. En Björn kægil sendi hann inn í Króksfjörð, ok Þorkel Árnason, ok Halldór barm; skyldu þeir halda þar hest-vörð. Þeir riðu á bæ þann er at Tindum⁴ heitir; þar bjó þá Þórðr Gilsson; þar máttu þeir sjá inn fyrir Króksfjarðarmúla. Héldu þeir þar vörð.

Nú er þar til at taka er fyrr var frá horfit, at Kolbeinn reið út með Hrútafirði. Ok er þeir kómu í Bæ til Torfa, þá hljóp Gils son hans út, ok vildi göra njósn nábúum sínum. Ok er Kolbeinsmenn sá þat, riðu þeir eptir hónum. Gegnir Íllugason kom fyrst at hónum, ok lagði þegar í gegnum hann. Þar lézt Gisl; þótti þat verk all-sílt, þvíat þeir feðgar vóru með öllu⁵ saklausir. Þeir Kolbeinn riðu þat kveld í Bitru, ok tóku þar alla bæi um nótina. En um morgininn eptir riðu þeir til Kleifa; ok fengu þar sannar fréttir, at njósnir vóru allt gengnar fyrir þeim á Reykjahóla. Þá sögðu margir, at ekki mundi ríða þurfa lengra; ok báðu, at apr væri horfit; kvóðu Tuma eigi mundu heima vera. Kolbeinn kvað ríða skyldu allt at einu; ok kvað Tuma heima munda ef hann væri feigr. Riðu þeir þá út með Gilsfirði. Þá bjó í Garpsdal Gunnsteinn Hallzson ok Vigfüss son hans. Þeir Kolbeinn létu þar alla hluti í friði, en hvergi annars-staðar; ok renndu menn grunum á fyrir hvat þetta var. Annan dag viku riðu þeir í Gilsfjarðar-múla; þar særðu þeir til ólfsis Jón Hallzson⁶. Þeir létu eptir sex tigi manna í Garpsdal⁷. Þeir kómu á Gróstaði. Þá mælti kona sú, er Helga hét, einmæli við Kolbein; hón var Jóns dóttir. Eptir þat hrökði hann hestinn, ok kvað konuna vel segja. Þeir fundu

¹ vöðla] thus B (not vaðla). ² vestr til Eyja, B. ³ yfir á Hóla, B. ⁴ Tindum] thus B; ka .. (i. e. kambi), the vellum as it seems, the edge of the leaf being cut off; but erroneously, for the description as to the outlook from this place is true of Tindar, but not of Kamb. ⁵ með öllu] vandliga, B. ⁶ Jón son Hallz Hallz sonar, B. ⁷ þeir létu—Garpsdal] þeir riðu í Garpedal ok görðu þar engar óspektir; en þar létu þeir eptir nær ix manna, B.

[III. 50, 51 : vii. 23.]

fyrir Króksfjarðar-múla Halldór hornfisk ok Ingiríði konu hans, ok Óláf Brandzson. Gísli Barkarson reið fyrir; hann bað Halldóri griða, ok kvað hann frænda Vigfúss. Kolbeinn spyrr hann hvar njósnar-menn Tuma væri. Halldórr kvað þá vera at Tindum. ‘Ok munu feigir,’ segir hann. Þeir lustu Óláf með exi. Veðr var kafþykkt ok drífsanda; ok mátti trautt¹ sjá. At Tindum í Króksfirði vóru njósnar-menn Tuma á hest-verði, Björn kægill², Halldórr barmr ok Porkell Árnason. Þeir svófu í skála, ok vóru vakðir er þeir Kolbeinn riðu í tún, ok hljópu út; komsk Björn inni á hest, ok reið út ok í fjall upp; reið í dý, ok lét þar hestinn, ok rann þeim hvarf. Halldórr komsk seint á bak, ok var veginn við húsín sjálf; en [Porkell] Bitru-keli komsk upp í tindinn, ok varðisk þar drengilega. Þá kómu sumir á bak hónum í skarðit, ok vágu hann þar³. Er skjótast af ferð þeirra at segja, at hvern karlmann börðu þeir til meiðinga, eðr særðu; en rændu fé öllu því er þeir kómu höndum á. Penna dag var þoka svá mikil, at engir menn sá flokkinn fyrir en þeir kómu í tún. Varð þeim Birni þat ok, at þeir sá eigi fyrir en þeir vóru at þeim komnir. Björn hleypti upp í fjallit, ok komst svá undan fyrst ok ætlaði at komask fyrir þá fram í Króksfjörð, þvíat hann vissi hvar skip stóð, ok ætlaði hann þar til, ok bera svá njósn á Hóla, þvíat hestr hans var þrotinn. En er hann kom ofan í brekkuna milli Kambs ok Tinda þá var kominn fyrir hann ferðar-broddrinn. Komst hann þá skamt undan, þvíat hann var þá á fæti. Bersi Tumason kom fyrst at hónum. Björn beiddi sér griða. Bersi kvað hann grið skyldu af sér hafa; ok færði hann Kolbeini. Kolbeinn spyrr hví hann ynni eigi á hónum. Þá lögðu þeir til hans fimm senn; ok gengu þau lög öll á hol. Eptir þat bjó Óttarr biskups-fraendi á hals Birni. Lét hann þar líf sítt; ok segja þeir svá, at hann dæi hlæjandi⁴. Síðan riðu þeir til Kambs, ok þá Magnús grið af orðum Hallz af Möðru-völlum. Síðan riðu þeir fram í Króksfjörð til Bæjar. Þar bjó sá maðr er Steinn hét, ok var Arason. Ari hét son hans, ok var hann nær

¹ trauft] skamt, B. ² kiegill, B, here and elsewhere. ³ þá kómu—þar]
add. B.

⁴ er skjótast—hlæjandi] this is much shorter in B—En er Björn hugði, at flokkrinn mundi um riðinn, sneri hann ór fjallinu ok ætlaði til skips er hann vissi at flaut undir bökkunum niðri. Hann hljóp í hendr þeim, ok tók Bersi Tumason hann. Þá kom Kolbeinn at, [ok] spurði hvert þar væri. Þá var Björn kendr. Kolbeinn lét drepa hann. Óttarr snoppu-langr vá hann. Þá riðu þeir til Kambs, ok þá Magnús grið af orðum ok (!). Hallz af Möðru-völlum. Riða þeir þá til Bæjar.

[III. 51, 52: vii. 24.]

tvítögum manni. Þeir feðgar sátu í stofu, ok gékk Ari Steinsson út, er hann heyrði gnýinn ok talaði við Hall Jónsson. Þá hljóp at Þorvarðr matkrákr, ok hjó á höndina ok í sundr hand-legginn uppi í afl-vöðvanum. Ari gékk inn; ok ristu konur klæði af hónum. Steinn faðir hans sat öðrum-megin í bekk ok hafði lagit hendr á víxl á kné sér. Þá kom matkrákr í stofuna, ok hjó með sverði á báðar hendrnar, ok af aðra; en önnur loddi við; ok varð aldri nýt. Síðan riðu þeir á Gillastaði, ok þar bjó Halldórr Einarsson; hann hljóp til vápna er hann heyrði gnýinn af reiðinni, ok hljóp upp ok brá sverði. En þeir særðu hann til ólífis. Þaðan riðu þeir til Reykjahóla¹.

187. ²Á Hólum varð þat tíðenda, þá er þeir Þorgils kómu með njósnina, sendi Tumi þá Björn á njósn. Hann létt ok flota skipi miklu er þar var, ok ætlaði þar á at ganga ef tóm yrði til. Þar var kominn Böðvarr Oddason ok Þórálfr Kolbeinsson með hónum, ok vóru þeir þá farnir út á Miðja-nes. Sendi Tumi þá eptir þeim; ok fóru þeir þá apríl á Hóla. Þar var margt manna fyrir. Ok gengu þeir til matar um kveldit. Vóru menn á húsum uppi á verði, Árni Snorrason ok Þorsteinn djákni titlingr. En er þeir höfðu matask um hríð, þá kallaði Árni, at menn riði innan hjá Miðhúsum. Tumi kvað þá Björn mundu þar fara. Þá var kallat, at fleiri væri menninir. Tumi kvað þar mundu vera Króksfirðinga er hann hafði pangat stefnt. Þá var kallat at ófriðr væri. Ok sagt at sumir væri komnir til Kjarbóla-garðz, en sumir á Skeiðit. Þeir Tumi hljópu þá upp, ok út; sumir til skips, en sumir af vellinum. Sumir hljópu til kirkju; ok fara sundr-laust, nær sér hverr. Bárðr Snorrason komz skamt af vellinum; var hann veginn skamt frá stöðli. Steffan Bjarnarson vann á hónum. Skamt þaðan var tekinn Böðvarr frá Hváli, ok kom fyrst at hónum Þorsteinn göltr Íllugason; ok tók Böðvarr annarri hendi um háls hónum, en annarri milli fótanna; ok skaut hónum at höfði í keldu eina. Þá kom at Ásbjörn Íllugason ok lagði hann með spjóti til bana; ok fleiri unnu þeir á hónum. Þórálfr Kolbeinsson var særðr til ólífis skamt

¹ ok gékk Ari—Reykjahóla] taken from B; much shorter in Br.—þeir feðgar sátu í stofu er þeir Þorvaldr mat-krákr kómu inn, ok þegar hjó Þorvarðr til Steins ok af hónum báðar hendr. Steinn hafði áðr lagt fram á kné sér er hann sat, ok eptir þat hjó hann til Ara sonar hans, ok særði hann mjök.

² The following chapter we have taken from B, the text being on the whole fuller and better.

[III. 52, 53: vii. 24.]

þaðan í frá, ok fékk hann komiz heim. Þorgeirr stafs-endir var þar fundinn ofan í mýrinni¹, ok kom Ögmundr Vandræða-mágr eptir hónum; ok hjó Þorgeirr á bæði lærin áðr hann komz af baki; ok varð hann ekki sárr. Síðan kómu fleiri at ok sóttu hann; en hann hjó sem hann horfði. Þeir unnu þó fleiri á hónum; en Ögmundr bar sér vígit. Grímr son Guðmundar Solomons sonar var særðr skamt frá Biskups-brunni; ok skreið hann í brunninn um nöttina, ok var heim færðr um morguninn; ok fékk alla þjónustu. Árni Snorrason komsk lengst í mýrarnar; ok var hann þar veginn; ok höfðu þeir heim höfuð hans með sér. Hjálmr af Viðivöllum ok Ásgeirr Ormsson tóku Tuma, ok var hann lítt sárr, ok fluttu hann heim. Var hann lagðr undir kirkju-garð. Þorkell dráttar-hamarr var þar fyrir, frændi hans; ok gáfu þeir hónum grið. Kolbeinn var í stofu þá er Tumi kom heim; gékk hann þá út til kirkju-garðzins. Tumi settisk upp, ok bað sér griða, ok bauð utan-ferð sína, ok þat er Kolbeinn vildi piggja; en Kolbeinn þagði ok allir aðrir um hríð. Þá mælti einn maðr: ‘Ekki mun þurfa um sættir at leita.’ Kolbeinn gékk þá frá, ok kvaddi til Þórarinn grautnef at vega at hónum. Tumi kastaði sér niðr áðr hann var veginn. Kolbeinn var á Hólum um nöttina, ok fór þaðan til Kleifa².

¹ mýrina, Cd.² In Br. and in the vellum leaf, as far as it goes, this chapter runs as follows:—

Riðu þeir þaðan út á Reykjanes. Ok er þeir riðu innan frá Miðhúsum þá vorú menn úti á Hólum, ok þrettu um, hvárt vera mundi fénaðr eðr manna-reið. Sýndisk þeim er feigir voru, at fénaðr væri; en konur segja, at manna-reið var. Þetta var Týsdag fjórum nótum fyrir Jóns-messu biskups. Urðu þeir Tumi eigi fyrir búniр brott af bænum, en hinir kómu it neðra gegnt Hólum, en sumir innan at gardi. En þeir stefndu til skipsins. Hljóp þá sér hvern. Var Bárðr Snorrason, er kallaðr var Skarðz-prestr, þegar dreppinn heima í túninu. Hann hafði leiddan inn hjá sér hest sinn, ok réð til þrysvar á bak at hlaupa—en hann var manna þeit hest-fær—ok komst öngan veg upp; hann hafði fengit á Örlýgs-stöðum tólf sár; en nú þrjá tigi, áðr hann lézk. Guðmundr biskup hafði vígðan hann til messu-djákna. Ok er hann var ný-vígðr, tók biskup hendi sinni í höfuð hónum, ok mælti: ‘Ekki mun þik, son mínn, saka í höfuðit.’ Þat var ok svá; hann var særðr prem tigm [sára], ok kom ekki í höfuðit. Grímr Guðmundar son, Solomons sonar, var særðr til ólífis skamt frá Biskups-brunni, ok skreið hann í brunninn um nöttina, ok var heim færðr um morguninn; ok fékk alla þjónustu; Stefán Bjarnar son vann á hónum. Skamt þaðan var tekinn Böðvarr frá Hváli, ok kom fyrst at hónum þorsteinn göltr Íllugason; ok tók annarti hendi um háls hónum, en annari milli fótanna, ok skaut hónum á höfuðit í keldu eina. Þá kom at Ásbjörn Íllugason, ok lagði hann með spjóti til bana; ok fleiri menn unnu þar á hónum. Þórálfr Kolbeinsson var veginn þar skamt frá, ok fékk komizk heim.

[III. 53, 54 : vii. 24, 25.]

188. ¹ Kolbeinn sendi Brand Kolbeinsson ok Brodda Þorleifsson mág sínn, ok Hafr Bjarnarson til Dala. Riðu þeir ofan Laxárdal; ok höfðu á öðru hundraði manna. Þeir kómu á Dönu-staði, ok var þar ekki manna heima. Brandr sör ok hans sveit fyrir norðan ána ofan. Ok voru menn hvergi heima, þvíat njósn hafði komit sú er Þórðr viti hafði gört. En þeir Broddi ok Hafr riðu fyrir sunnan ána, ok kómu í Gröf ok hljópu þar inn. Þar bjó þá Jón son Páls Mássonar; hann hafði skeint sik [á ljá] ok lá í rekkju; ok særðu þeir hann til ólífis, ok dó hann af þeim sárum um summarit. Þaðan riðu þeir á Leiðólfss-staði, þar bjó Hallr Hallz son Hallz sonar; hann hafði farit á fjall um nöttina, var hann þá kominn til matar. En er hann var mettr, bað móðir konu hans hann verða í bröttu; kvað þar fara óvina-fylgjur. Hann kvað sik sysja mjök. Ok er hann vildi upp standa, félí hann af út sofinn. Þá var mornat. Lítlu síðarr kómu þeir Broddi þar, ok brutu upp hurðina, ok hljópu inn. Hallr varð allvel við, ok varði sik drengilega. Hann hörvaði undan til fjóss, ok fékk lag í gegnum it esra holit. Síðan komsk hann út fjóss-dyrr, ok stefndi ofan til ár; hón var óreið. Þeir riðu þá eptir hónum, ok höfðu hesta góða. Tóku þeir hann niðr í myrnum, ok særðu hann þá enn mörgum sárum til bana. Eptir þat riðu þeir á Höskullz-staði, ok hljópu þar

þorgeirr stafsendi varðisk vel; varð hann fundinn þar í myrinni, ok kom Ögmundr mágr hans eptir hónum, ok hjó þorgeirr á bæði lær hónum áðr hann kæmisk af baki eik varð hann ekki sárr. Síðan kómu fleiri menn at, ok sóttu hann; en hann [hjó sem hann] horfði; unnu þeir þó fleiri á hónum, en Ögmundr bar á sik vígít. Þorkell dráttar-hamarr varðisk ok vel, ok voru hónum grið gefin, þvíat vinir hans voru margir með Kolbeini. Árni Bóthildarson komst ok lengst undan, ok varð veginn niðri í nesinu; ok höfðu þeir heim höfuð hans með sér. Þeir Hjálmar af Viðivöllum ok Ásgrímur Ormsson ok Stefan tóku Tuma höndum, ok færðu hann Kolbeini. Hann var lítt sárr. Stephan pessi var bróðir þorsteins balta. Fluttu þeir hann heim, ok var hann lagðr undir kirkju-garð. Þorkell dráttar-hamarr var þar fyrir frændi hans, ok gáfu þeir hónum grið. Kolbeinn var í stofu þá er þeir kómu heim með Tuma. Gékk hann þá út til kirkju-gardzins. Tumi settizk upp, ok bað sér griða, ok bað útan-ferð sína ok þat er Kolbeinn vildi þiggia. En Kolbeinn þagði ok hinir aðrir um hrið. Skagfirðingar báðu hann hafa slik grið sem bræð hans höfðu haft á Örlygs-stöðum. Kolbeinn gekk þá frá, ok kvaddi þorarinn graut-nef til at vega at hónum. Tumi skriptaðisk, ok mæltisk vel fyrir. Síðan var hann leiddr suðr fyrir kirkju-gardinn ok högginn. Kastaði hann sér niðr áðr hann var veginn. Kolbeinn var á Hólum um nöttina, ok ræntu þeir hrossum ok lausa-fé. Riðu síðan brott eptir þat ok til Kleifa. Prestar tóku lik Tuma er hann var veginn, ok unnu því.

¹ This chapter, too, we have taken from B, the text being here fuller and better.

[III. 55 : vii. 25.]

inn. Gunnlaugr bóni lá í útan-verðum skála ok huspreyja, en öðrum-megin gegnt lágu þeir Ari son hans, ok Þórðr son Lauga-Snorra. Þeir snöru at því rúminu, ok lögðu sverðum upp í rúmit, ok skeindisk Þórðr á fæti. Síðan tóku þeir þá, ok leiddu út at hárinu. Var Ari þá lostinn í andlitið með buklara, ok varð hann sárr af því; en þeir lögðu fetil á hönd Þórði, ok ætluðu af at höggva, áðr Þorbjörn Sælendingr ok Þorsteinn lýsu-knappi fengu grið til handa öllum þeim, þvíat þar vóru tengðir í millum. Síðan létu þeir Þórð ríða til vaðs með sér. Ok er þeir kómu í Hjarðar-holt vóru þeir Brandr þar fyrir, ok vóru á svefn; höfðu þeir á öngum mönnum þá unnit. Björn var eigi heima, ok hvergi karlar á bæjum. Riðu þeir Brandr þá inn til Hvamms, ok sá þar mann undir hlíðinni upp frá Akri; var þat Þorleifr son Gils Þorleifssonar. Hann vildi hlaupa undan ok í fjallit, er hann sá þá. En þá kom á hann herfjöturr; ok kunni hann ekki at ganga nema í móti þeim, ok þó seint. En er þeir fundu hann, vágu þeir hann. Snöru þeir þá upp til Tungu, ok kómu þar mjök á óvart; ok komsk Helga húsfreyja, kona Sturlu, nauðulega í kirkju, með Snorra son sínn, er þá var fjogurra vikna. En þeir unnu á þeim manni er Valbjörn hét; særðu hann þrem sárum, ok ræntu þar til tuttugu hundraða með því er spilt var. Kerling ein var þar í Tungu með Jóreiði húsfreyju; hón kvað vísu þessa um þá flokksmenn:—

Beinir Brandr til rána bróðir Páls í hljóði;
hykk at hvergi þykki hvinn Broddi þó minni;
ólmr var hér með Hjálmi, Hallvarðr of dag allan;
hann mun hef[n]dar vinuu Hafri Bjarnarson varna.

Síðan riðu þeir til Saurbæjar hvárir-tveggju; leituðu þeir Sturlu kirkju í Tungu ok svá á Staðarholi er þeir kómu þar. Þaðan riðu þeir á Bjarnarstaði, ok eltu þar í fjall upp Þorfinn í Múla ok Þjóðulfr Þorgeirsson. Þeir fundusk í Tjaldanesi, ok þeir er Svíndal höfðu riðit. Riðu þaðan inn til Kleifa, ok þar fundusk þeir Kolbeinn allir. Ok riðu þaðan norðr, ok þótti sjá verit hafa in mesta herferð¹.

¹ All this chapter is very much abridged in Br., and likewise the text of the vellum leaf, as can be seen both from what is still left of it, and also from calculating how much could have stood in the lost part of it. Br. and the vellum, so far as it goes, run thus:—‘Nú er frá þeim Brandi at segja, at þeir riðu ofan Laxárdal, ok rændu hvern mann ok börðu. Í Gröf í Laxárdal drápu þeir son Oxa Márssonar. Í Hjarðarholti var rænt því öllu er þeir kómu höndum á en Björn komsk undan. Riðu þeir

[III. 56: vii. 26.]

En þeir menn er Tumi hafði á skipin sett, þá er þeir urðu varir við ófriðinn, sigldu þeir vestr til Flateyjar. Var þaðan gör Þórði njósn vestr í Arnarsjörð; var hónum svá sögn borin, at Tumi mundi vera í kirkju, en Kolbeinn sæti þar um. Þórðr bað sína menn þegar [her-]klæðask; ok gengu til skips; var þá ýtt skipinu; ok kafði þegar syrir hvass-viðri; ok gengu menn heim apr. Hét Þórðr þá á Krist, at veðrit skyldi lægja. Ok jafn-skjótt félล veðrit. Fór Þórðr þá inn til Otra-dals á skipi. Vóru þar þá komnir menn af Barða-strönd, ok sögðu hónum öll þau tíðendi sem görzt höfðu í ferð Kolbeins, ok svá þat með, at Þóris Ór Ormsdóttir var komin í Flatey með son þeirra Tuma, er Sighvatr hét; ok vildi hón finna Þórð sem fyrst. Fór hann þá sem hvatast til mótz við hana. Kvómu þar þá ok menn Þórðar innan ór Króksfirði. Þeir höfðu höndlat mann er Loðinn hét, ok var Ingimundarson; hann hafði verit með Kolbeini í Hóla-ferð. Lét Þórðr leiða hann norðr á Ferju-vág; ok fékk til þann mann at vega hann er Þorkell¹ hét, ok var bróðir þeirra Guðmundar-sona, Ásbjarnar ok Gríms. Þóris Ór spurði Þórð at um fé þat er Tumi hafði átt, hversu hann vildi því skipta. Þórðr lét sem lítið mundi til skiptis, þótt þeir hefði átt lönd nökkur saman í Dolum. ‘Pætti mér þat ráð,’ segir hann, ‘at þú hefðir fé þat allt sem vit eignum í þessum sveitum, en ek hitt sem fæst af félagi váru² Kolbeins.’ Ok því játaði hón; ok þau handsöl áttusk þau við. Þótti Þóris Ór þetta vera gört af ástuð við sik. Vóru þar ok undir skild öll manna forráð, ef til þyrfti at taka, þau er Sighvatr hafði átt. Var Hrafn Oddzson vátr, ok Teitr Styrmisson, Kolbeinn grön, ok Nichulas Oddzson³, ok margir aðrir. Fékk Þórðr af þessu gótt orð af alþýðu; þótti öllum mönnum hónum þetta vel fara⁴. Eptir þetta fór Þóris Ór til Sauðafellz, ok var þar⁵ [vistum] in

þá inn í Hvammsfjörð. Á Leiðólfs-stöðum var dreppinn Hallr Hallzson. Í Hvammi at Svertings var rænt, en dreppinn búskarl hans á Akri; var sá Gils nefndr. Riðu þeir eptir þat til Saurbæjar, ok fóru þar með sílum hætti inn til Gilsfjarðar. Fundusk þeir Kolbeinn þá at Kleifum, ok drepit þrettán menn í þessi ferð, en særða marga. Eptir þat riðu þeir til Hrútafjarðar. Loðinn hét maðr, er bjó at Fjarðarhorni; hann ginnu þeir ór bæn-húsi⁶ ok fót-hjoggu. En hér eptir þessi verk reið Kolbeinn heim á Flugumýri, ok undi vel við ferð sína.’

¹ pl., B. ² váru] okkru, B. ³ Thus B; the vellum leaf om. the last two names. ⁴ fékk Þórðr—vel fara] add. B. ⁵ var þar] here ends the fifteenth vellum leaf.

⁶ Here begins the fourth column of the fifteenth vellum leaf, being in accordance with Br.

[III. 57 : vii. 27.]

næstu misseri. Þórðr fór ór Flatey vestr í Fjörðu, en sendi til Borgarfjarðar Ingjald Geirmundarson at vitja heita þeirra er þeir Þorleifr ok Böðvarr höfðu hónum heitið um haustið á Ferju-bakka, at þeir skyldu veita hónum til laga á þingi. Ok er Ingjald fann þá Þorleif ok þá bræðr¹, gengu þeir ór skugga, at þeir mundu eigi til þings ríða með Þórði. Fór þeim svá sem mörgum, at ‘minna þykkir fyrir at heita en at efna.’ Ok er þeir gengu ór þessu máli, þá segir Sturla sem satt var, at þeir Þórðr hefði eigi afla til þingreiðar móti fjölmenni Kolbeins ok Sunnlendinga; en þó kvazk hann vilja veita Þórði slíkt allt er hann mætti. Eptir þat fór Ingjaldr vestr aprtr, ok segir Þórði til svá búins. Penna sama vetr sendi Kolbeinn Einar draga² ok nökkura menn norðr á Langanes at drepa þá Blásius³-sonu, Álmgeir ok . . .⁴. Þá görðisk svá, at Eyfirðingum, ok þeim er verit höfðu vinir Sighvatz, þótti þungt undir at búa þeim afar-kostum er menn urðu undir at liggja⁵ í mann-drápum ok ránum. Kom þá svá, at þeir görðu Þórði orð, at þeir mundu veita hónum, ef hann kæmi norðr þangat með nök-kurn afla til mótz við þá.

189. Eptir dráp Tuma gengu menn mjök undan Þórði í lið-semðinni; varð hann af þessu hugsjúkr, ok vissi ógörla hvat hann skyldi ráðs taka. Gaf hann nú upp bústað á Mýrum⁶. Bauð Hrafn Þórði þá at taka við búi á Eyri. Ok þat þektisk Þórðr, ok þakkaði hónum með mörgum fögrum orðum, sem aðra vinsamlega hluti þá er Hrafn veitti hónum.—Nú tekur Þórðr þat til ráðs, at búa öll þau in stærstu skip í Vestfirðinga-fjórðungi; ok þar til fékk hann menn, svá at þau voru öll alskipuð. Kom Teitr til mótz við hann ór Breiðafirði með eitt skip. Þar voru með hónum Barð-strendingar ok heima-menn hans. Svarthöfði ok Hrafn stýrðu einu skipi⁷. Arnfirðingar stýrðu tveim skipum⁸. Bárðr af Söndum stýrði því skipi er Rauð-síðan hét; þat var mest af öllum skipum Þórðar; voru þar á Dýrfirðingar. Helgi Halldórsson ok Ingjaldr Geirmundar son stýrðuteinærungi einum. Bjarni Brandzson, ok Páll gríss Kálfsson, stýrðu skipi því er Trékyllir er kallat; voru þar með þeim Dýrfirðingar⁹. Kolbeinn Dufgusson ok Hakon galinn

¹ ok þá bræðr] B; Þorleif ok Böðvar bræðr, Cd. ² B; til Dranga, Cd. (badly).

³ Blasius, B. ⁴ Here is a blank in Cd.; B omits both the names. ⁵ undir at

liggja] þola Kolbeini, B. ⁶ Hrafn Oddzsyni, add. Cd. ⁷ Hrafn—skipi] add. B.

⁸ ok Arnfirðingar með þeim, B. ⁹ Helgi—Dýrfirðingar] add. B; in Cd. here is a homoteleuton from Dýrfirðingar.

[III. 58: vii. 27.]

stýrðu staðar-ferju ór Holti, vóru þar á Önundfirðingar. Annat skip var búit ór Önundarfirði, þat varteinæringer, því stýrði Sigurðr rábiti Eyvindarson. Ór Ísafirði vóru búin þrjú skip:—Nicholas Oddzson, ok Eyjólfsson Eyjólfss Kárssonar, ok Sigmundr Gunnars-son, stýrðu Ógnar-brandinum; þat var mikil skúta; þar vóru á Ís-firðingar; Bárðr Hjörleifsson stýrði teinærungi; öðrum teinærungi stýrði Sigurðr vegglaðr, Norrænn maðr.—Ketill Guðmundarson ok Álmarr Þorkelsson stýrðu því skipi er þeir höfðu tekit á Ströndum, er Snækollr hét; þar var á Gesta-sveitin. Þórðr Sig-hvatzson stýrði skútu einni mikilli; þar vóru á heima-menn hans ok þat mann-val er hónum þótti knálegast. Á hvert skip setti hann nökcura heima-menn sína þá er hann trúði bezt, ok lét þá þar vera¹.

190. Þá er þessi skip fímtán² vóru búin, hélt Þórðr þeim norðr yfir Ísafjarðar-djúp, ok svá norðr til Horn-stranda. Þar kom til Þórðar Ari frændi hans Ingimundarson; hann var þá áttján vetra. Áðr Þórðr sigldi ór Vestfjörðum, sendi hann orð Sturlu Þórðarsyni, at hann skyldi vera fyrir-maðr til gæzlu sveitanna vestr þar ef nök-kurr ófriðr væri görr af Norðlendingum. En er Þórðr var á Horn-ströndum, settusk³ fyrir hann veðr; en þar var eingi bygð í nánd; fengu menn þá öngar vistir; ok vóru þar fimm dægr. Þaðan tóku⁴ þeir Þórðr róðrar-leiði til Trékyllis-víkr allt fyrir Strandirnar, ok

¹ The whole passage runs thus in B:—þat létu þeir nú verða ráðit, at Þórðr lét búa öll hin stærri skip í Vest-fjörðum, ok þar til fékk hann manna svá at þau vóru öll alskipuð. Kom Teitr Styrmis son til mótz við hann ur Breiðafirði með eitt skip. Þar vóru á með hónum Bardstrendingar ok heimamenn hans. Svarthöfði ok Hrafni stýrði (l) einu skipi ok (*one word cut off*) með þeim. Bárðr af Söndum [haði] þat skip er Rauðan (l) hét. þat var mest af ölluin skipum Þórðar. vóru þar Arnfirðingar ok Dýrfirðingar. Helgi Halldórs son ok Inngjaldr Geirmundarson stýrði teinærungi einum. Bjarnni Brannz son, Páll gríss Kaalfs son, stýrðu því skipi er Trékyllir var kallat. Vóru þar með þeim Dýrfirðingar. Kolbeinn grön ok Hákon galinn stýrðu staðar-ferju ur Holti. Vóru þar á Önundar firðinngar. Annat skip var ur Önundar firði; þat var teinæringer. Því stýrði Sigurðr raabiti Eyvinndarson. Ur Ísafirði vóru búin þrjú skip. Nikulaass Oddz son ok Eyjólfsson Eyjólfss son, Sigmundr Gunnarsson þeir stýrðu Ognar brandinum. þat var mikil skúta. Þar vóru á Ísfirðinngar. Baarðr Hjörleifsson stýrði teinærungi einum. Öðrum teinærungi stýrði Sigurðr vegglaðr norrænn maðr. Ketill Guðmuundarson ok Álmarr Þorkelsson stýrðu því skipi er þeir höfðu tekit af Horn ströndum er Snækollr hét. Þar var á gesta sveitin. Þórðr kakali stýrði skútu einni mikilli, þar vóru á heima menn hans ok mann val er honum þótti knáligaz. Á hvert skip setti hann heima menn sína þá er hann trúði vel. Enn er þessi xii (l) vóru búin. . . .

² fímtán] xii, B, undoubtedly wrong (xu=xii).

³ settusk] B; settist, Cd.

⁴ tóku] B; fóru, Cd.

[III. 59 : vii. 28.]

fórk heldr erviðlega, þar til er þeir kómu í Trékyllis-vík¹ tveim nótum fyrir Jóns-messu-baptista—hón var þá á Frjádag. Vóru þá tekin strandhögg stór. Þórðr lagði Jóns-messu-kveld öllum skipum út undir Trékyllis-ey, ok átti þar stefnu við lið sítt; kom þá Ásgrímr Bergþórsson til Þórðar, ok segir hónum þá sögu, at Kolbeinn dragi lið saman fyrir norðan Flóa, ok hefði þangat mart skipa, ok ætlaði þeim at halda it ytra til mótz við Þórð, en sendi suman herinn vestr landveg fyrir. En þat kunni hann eigi at segja hváru liðinu Kolbeinn mundi fylgja². Þeim Þórði þótti sem þetta mundi vera kvittr nökkrum um liðs-dráttinn Kolbeins sá er ótrúlegr væri; ella mundi þat eigi vera meira lið, en it fyrra sunar fór norðan til Ísafjarðar. Fór þá Ásgrímr heim. Þórðr talaði langt örendi fyrir liðinu; minnti menn á harma sína, ok eggjaði í ákafa at menn skyldi vera sem hraustastir þótt í raun kæmi. Sagði hann mönnum deili á, at menn skyldi allir leggja til einnar hafnar. Vóru þegar uppgöngur ætlaðar, ok at fara með hernaði. Þóttisk hann ok eiga vánir liðs ef hann kæmi til Eyjafjarðar. Hann hafði þá eigi meira lið en níu tigi manna annars hundraðs. Báru menn þá grjót á skipin; ok bjoggusk til brott-lögu. Röru þeir þá inn fyrir Reykjanes. Austræn gola var innan á Flóa³, svá at f-fellt⁴ var; ok sigldu þeir þá norðr á Flóa.

191. Nú er at segja frá Kolbeini.—Þegar er várar, dró hann saman öll stór-skip í Norðlendinga-fjórðungi. Þessi skip öll létt hann verða saman dregin í Skagafjörð, ok bjósk hann f höfn þeiri er heitir í Selvík⁵ fyrir vestan Skaga⁶. Sá atburðr var, þá er þeir bjoggusk Eyfirðingar undir Hrifsey áðr þeir héldu skipunum norðr til Skagafjarðar, at þá er þeir gengu millum skipanna, steypðisk einn maðr á kaf, ok kom aldri upp síðan,—sá hét Jón;—ok þótti þetta síll furða. En er skip þessi öll vóru komin til Skaga ok búin, þá var ok komit lið allt norðan um Öxnadals-heiði þat sem ván var. Skipti Kolbeinn þá flokkunum í tvá staði; setti hann þá Brand Kolbeinsson höfðingja yfir annan flokkinn; skyldi hann fara með sínu liði landveg vestr til Fjarða, ok hafði hann tvau hundruð manna. En er hann kom vestr til Miðfjarðar, fékk hann þar sanna njósn⁷ um ferð Þórðar, at hann var kominn á Strandir,

¹ þar til—Trékyllis-vík] add. B. ² hváru—fylgja] B; hver liðinu Kolbeins, Cd. ³ flóana, B. ⁴ So also B, as it seems, although somewhat miswritten.

⁵ bjósk—Selvík] ok bjósk hann ur Víkum, B.

⁶ fyrir vestan Skaga] add. B.

⁷ njósn] here is a blank of two leaves in B.

[III. 60: vii. 29.]

ok ætlaði at sigla norðr yfir Flóa. Hafði Brandr þá setur í Miðfirði, ok ætlaði at bíða þar þess er hann spryrdi hvert Þórðr sneri. En er Sturla spurði, at Brandr var kominn í Miðfjörð með flokk, ok ætlaði vestr á sveitir, þá dró hann þegar lið saman. Kom þá til hans Þorgils Böðvarsson ok Vigfúss Gunnsteinsson. Riðu þeir þá norðr yfir Haukadals-skarð, ok höfðu nær tvau hundruð manna. Tóku þeir þá ái-fanga fyrir norðan Skarðit. Kómu þá aptr njósnar-menn þeirra Sturlu; ok segja, at Brandr var í Miðfirði ok fór heldr óvarlega. Eggjar Þorgils þá, at þeir skyldi ríða at þeim skörulega. En Vigfúss svarar svá, at hann vildi veita Sturlu til þess at verja hérað með hónum, en fara kvezk hann mundu hvergi á sveitir annarra með ófriði. Töluðu þeir um þetta langa hrif, ok urðu eigi ásáttir. Þorgils segir, at hann vildi, at þeir riði norðr á þá Brand sem hvatast, ok vefðisk eigi lengi í þessu ráði. Sturla segir, at hann vildi gjarna at þeir héldi norðr á, ef engir vildi undan skerask fyrir-menninir¹. Segir þá mundu lítil verða efni þar til attreiðar er eigi yrði allir á einu ráði er fyrir-menn skyldu heita. Gékk Vigfúss þá ór þessu máli, ok reið í brott með sína menn; dreifðisk þá allr samnaðrinn þeirra Sturlu. Þá reið Sturla vestr til Dala: en er þeir Brandr spurðu liðsamnað þeirra Sturlu, þá brugðu þeir öllum setunum ok riðu norðr til Skagafjarðar. Ok vildi hann fá lið meira.

192. Þá er Kolbeinn var búinn til brott-lögu þá varð þat til titðenda, at menn kómu til hans sunnan um land, ok segja hónum þau titðendi, at Gizurr Þorvaldsson var út kominn suðr á Eyrum, ok stefndi fund við Kolbein. En Kolbeinn segir, at hann var þá búinn til ferðar þeirrar, er hann vildi fyrir öngan mun bregða. Þat var Jóns-messu-kveld at Kolbeinn sigldi út eptir Skagafirði; ok svá út fyrir Skaga, ok síðan vestr á Flóa. Hafði hann þá tuttugu skip, ok nær ellifu tigum² ins fjórða hundraðs manna. Kolbeinn sjálfr stýrði því skipi er nær var haf-færanda, ok var þrennum bitum út-bitæð. Þar var ok kastali á við siglu. Öðru skipi stýrði Ásbjörn Íllugason. Sökku-Guðmundr stýrði mikilli ferju. Ketill Gnúpsson ok þeir Gríms-eyingar höfðu enn mikit skip. Hjalti Helgason ór Leirhöfn stýrði mikilli ferju. Hrani Koðransson var enn skipstjórnar-maðr. Einarr dragi stýrði enn einu skipi. Óttarr biskups-frændi hafði ferju. Víga-Bútr stýrði mikilli ferju. En þó

¹ fyrir-menninir] here is a homoteleuton in Cd., but not in V.

² ellifu tigum]

nær níu tigum, B*.

[III. 61, 62: vii. 29.]

vér telim eigi alla skipstjórnar-menn norðan, þá hafði Kolbeinn marga ina röskustu menn setta á hvert skip. Mátti svá at kveða, at öll skip Kolbeins væri at-skjölduð framan til siglu. Höfðu öngir menn séð á vóru landi þvílskan herbúnað á skipum. Sigldi Kolbeinn svá útleið vestr á Flóa, ok ætlaði eigi fyrr við land at koma en fyrir vestan Horn.

Nú er frá því at segja, at Þórðr sigldi vestan á Flóa. Ok er þeir vóru komnir á miðjan fjarðinn, þá mælti maðr á skipi Ketils Guðmundarsonar er Þorgeirr hét, ok var kallaðr korna-sylgja. Hann leit til hafs út ok spurði hvárt selar lægi á ísinum. Ok er fleiri menn sjá þetta, segja þeir, at þar sigldu skip Kolbeins. Vóru þá lagin seglin. Tóku menn þá ráða-görðir; mæltu flestir, at þá skyldi þegar róa út at þeim; þvíat þá félle veðrit í logn; en sumum þótti þat ófært, fyrir þá sök, at allir sá at mikill mundi liðs-munr vera. Var þat þá ráð vitra manna, at heita nökkuru. Þá hét Þórðr á Guð Almáttkan, ok Heilaga Máríu móður Guðs, ok inn Helga Óláf konung, til árnaðar-orðz. Var því heitið, at allir menn, þeir er þar vóru með Þórði, skyldu vatna¹ allar Föstu-nætr innan þeirra tólf mánaða², ok fasta Laugardaga alla til vetrar fram, ok láta kaupa tólf mánaða tíðir fyrir sál Haraldz konungs Sigurðarsonar. Þá var fest heitið með handtaki. Eptir þat bað Þórðr léttu skipin ok búask til róðrar; var þá þegar skipat hversu skipin skyldi fram leggja.

Var þá tekinn róðr út eptir Flóa til mótz við þá Kolbein þegar er þeir vóru búnir. En er Kolbeins-menn sá at skip Þórðar réru innan á Flóann, þá felldu þeir seglin ok lögðu skipin saman í tengsl³. Var þat nær Skaga en Horni. En þat var í þann tíma dægra, er sól var skamt farin um morguninn. Kolbeinn lagði skip sítt mjök í miðjan flotann. Skip Sökku-Guðmundar lá næst Skaga, en skip Ásbjarnar Íllugasonar lá í annan arminn næst Horni. Sneru þeir Kolbeinn fram-stöfnum á land inn. En er Þórðr kom í skotmál við Kolbein, bað hann þá leggja sín skip í tengsl, ok greiða atróðr. Var svá skipat, at Ógnar-brandrinn, er Nichulás Oddzson stýrði, var næstr Horni í móti skipi Ásbjarnar Íllugasonar; en þar næst lagði Þórðr sínu skipi; en þá var skip Helga Halldórs sonar; þá var skip Teitz

¹ vatna] vatn fasta, B*.

² mánaða] here is a homoteleuton in Cd., but not

in V. ³ felldu—tengsl] V.; lægðu þeir seglin ok svo skipin í tengsl, Cd.

[III. 62, 63 : vii. 30.]

Styrmissonar. En í annan arminn mótz við skip Sökku-Guðmundar, var skip Sanda-Bárðar. En þar í milli lögðu menn fram skipum sínum sem drengskap höfðu til. Eptir þetta gékk Þórðr í fram-stafn á skipi sínu. Ok er hljóð fíksk, þá talaði hann¹, ok bauð Eyfirðingum ok öllum mönnum syrir norðan Öxnadalsheiði grið². En er Kolbeins-menn heyrðu hversu horfði talit, þá þótti þeim eigi örvaðt, at nökkut mundi digna hugir manna þeirra, er frændr sína höfðu látið á Örlygs-stöðum, ok þá voru enn óbættir. Þá svarar³ einn af Kolbeins-mönnum;—bað óvininn þegja, ok kvað aldri sættask skyldu. ‘Muntú fara slíka för sem Tumi bróðir þínn för í vár á Hólum, ok því verri sem þú færir þik sjálfr til beina-lagsins.’ Eptir þat æpðu hvárir-tveggju heróp; ok tóksk þá bardaginn. Ok var fyrst vakinn af Kolbeins-mönnum með skotum ok grjót-kasti; ok var þat hörð hrifð áðr skipin kómu saman, ok hvárir kómu stafn-ljám á skip annarra.

193. Tóksk nú harðr bardagi, ok í fyrstu með grjóti ok skotum⁴. Skutu menn Þórðar svá hart at þeir Kolbeinn fengu eigi annat gört en hlífa sér um hrið. Hallaðisk þá bardaginn á Norðlendinga. Kom þat mest til tveggja hvárt, at Kolbeins-menn höfðu grjót eigi meira en lítið á tveim skipum, en Þórðar-menn höfðu hlaðit hvert skip af grjóti; hinn annarr, at á skipum Kolbeins voru fáir einir menn þeir er nökkut kunnu at göra á skipum þat er þeim væri gagn at; en á Þórðar-skipum var hverr maðr öðrum kænni. Nú má þat skilja, at með þvílskum atburðum má sigrinn skipask með auðnu milli höfðingjanna. En eigi volli þat, at eigi hefði hvárir-tveggju mart it bezta mann-val. En áðr grjót-hriðinni var lokit þá hrukku Kolbeins-menn flestir allir á sínum skipum aprt um siglu. Eggjaði Þórðr þá sína menn, at þeir skyldi greiða uppgöngur. Eyjólfur Eyjólfsson, ok Nichulas Oddzson, ok Sigmundr Gunnarsson, gengu fyrstir manna upp á skip Kolbeins. En er Kolbeinn sá þat, þá herðu þeir at þeim,

¹ skírt ok sköruliga hátt ok hermannliga (!), add. V. ² með mörgum prýdilum, fogrum ok frábærligum orðum (!), add. V. ³ svarar] æpti, V.

⁴ The paper transcripts (perhaps from B when whole) begin the chapter thus—Nú tókst harðr bardagi. Þórðr Sighvatsson ok þeir helstu hans menn voru klæddir blám brynjum, björtum stálhúfum, snörpum sverðum ok stinnum spjótum, er hann hafði fengit sér í Noregi á þeim misserum. Sumir voru í hringa-brynjum eðr með öðrum hætti búinir. Kolbeins lið var í sama máta mjök vel brynjat, ok búit at vápnum ok verjum. Hófst nú bardaginn fyrst. . . . This turgid style is quite out of character with our Saga, and is evidently an interpolation.

[III. 64: vii. 30.]

ok báru þá alla fyrir borð á spjótum; vóru þeir þá dregnir af sundi upp á skip sín. Eptir þat tekr bardaginn at festask¹; ok var þá mest barizk um stafna, er fættisk grjótið. Tóksk þá mannfall, ok hallaðisk þat mest í lið Kolbeins; gékk ok eingi jafndjarflega fram af Þórðar-mönnum sem hann sjálfur. Svá sem segir Ingjaldr Geirmundarson í atlögu-flokkni þeim er hann orti um bardagann á Flóa. Nú er þetta því merkilegt, at Ingjaldr var þar í bardaganum, ok orti þetta kvæði þegar um vetrinn eptir:—

Þórðr óð í styr stríðum (strengs kom hagl á drengi)
(endr rufu ímun-vindar Yggjar-tjöld) fyrir skjöldu:
Gunn-mána vann grennir galdrs-Freyr Sigars-tjálda
(ormr rauzk i val vörmum) víg-skóð drifin blóði.

Rít varð rauð at mæta, roðin spjóti², val-grjóti;
gjóstr knúðisk mjök mistar; mein fókk herr af steinum:
Stærðisk hjaldr (en kurðir Hárs reiddusk; skip meiddusk;
búkr fíll á val víka) vápna-dóms at rómu.

Þetta enn :—

Þórðr vann flest, þar er fyrða, flein-hregg, bitu³ eggjar;
framr gat sonr at semja Sighvatz dunur vigra:
Ógn-rökkum frá ek ekki all-snart í styr hjarta,
þar er hraut á sjá sveiti, sverð-álfí mjök skjálfá.

Taka nú skipin at leggja sem næst hvert öðru til högg-orrostunnar. Tóksk þeim Kolbeini ógreitt atlagan, svá at eigi komsk fram þat it mikla skipit er sjálfur hann var á, ok enn fleiri in stærstu skipin þeirra; ok varð þar á bugr nökkurr; ok hallaðisk í þessi svipan bardaginn í lið Kolbeins. Hann hafði sik lengst [um] lítt við orrostuna um daginn. Bar þat til þess, at hann þóttisk hafa liðs-kost gnógan; en sá annarr, at hann var heill lítt, ok þótti hónum sér varla hent at ganga í stór-erfiði. En allir menn vissu, at Kolbeinn var inn fræknasti maðr ok höfuð-kenpa til vápna sínna. Stóð hann við siglu á kastalanum, ok skipaði þaðan til atlögu. En er hann sá, at eigi var víst at svá búit hlýddi, þá hét hann á sína menn, ok biðr þá ganga af sínu skipi ok á þau er lá við at hroðin mundi verða. En Hjalta Helgason ór Leirhöfn bað hann leggja sítt skip á skut skipi Þórðar; ok enn hét hann á fleiri skipstjórnar-menn at leggja skyldu á skut Vestan-manna, ok göra hring at þeim; ‘Er þat eigi meðal-skömm, ef þeir skulu

¹ V.; eptir þat tókst enn bardaginn, Cd.

² roðin spjóti] roðin spjót í, Cd.

³ fyrða—bitu] emend.; fyrðar brutu, Cd.

[III. 65, 66: vii. 30.]

vinna yðr með inum smáum ok inum sám skipum, er þeir hafa, við þann inn mikla skipa-afla er vér höfum at dregit.' Leysa þeir nú skipin ór tengslum, ok fara svá at sem Kolbeinn hafði syrir sagt. En nú var áðr svá komit orrostunni, at þeir menn af liði Þórðar, sem fremstir vóru, höfðu þá greiddar uppgöngur; en sumir ætluðu þá at ganga upp á skip þeirra Kolbeins. Ok hér urðu nú margir hlutir jafn-snemma, þeir er mikillar frásagnar eru verðir; en nú verðr þó um eina hverja¹ fyrst at tala. Verðr þessi hríð mjök skaðsöm í liði Kolbeins, áðr en it snarpasta mann-val² Kolbeins kom þeim Þórði í opna skjöldu, er þeir höfðu eytt³ skip sín mjök, ok var allr þori manna kominn fram um siglur. Ok þá er kall kom á skip Þórðar, at tveggja-vega⁴ væri at þeim sótt; urðu þeir þá við hváru-tveggja at sjá. Gékk þá Þórðr aptr á skip sítt, ok svá görðu nú margir aðrir hans menn. En Þórðr hafði lítið deildar-lið. Eggjar hann þá at þeir ræki af sér þá fyrst inu óþarf-legu bak-jarla er þá vóru komnir þeim til óhaglegra fhöggr. Bað þá þegar, at þeir gengi upp á skip Hjalta; varð þar lítil viðtaka, áðr uppgöngur tókusk. Gékk sá maðr fyrst upp er Áron hétt, ok var sonr Halldórs Ragneiðar sonar; þar næst Þórðr sjálfr. Lagði Þórðr til Hjalta í gegnum brynjuna ok sjálfan hann, ok nisti hann svá dauðan út við borðinu. Ruddu þeir þat skip svá vandlega, at nálega var hvern maðr dreppinn, eðr syrir borð rekinn; varð ok sám einum af sundi hólpit. En meðan Þórðr hafði petta at starfa, þá höfðu Kolbeins-menn komit stafn-ljám á skip hans, ok dregit fram í milli skipa sínna. Félle þeir þar, Ánn Áskelsson ok Snorri Loptz son ok Steinólfur Þorbjarnarson, í stafni á skipi Þórðar, ok vildi eingi þeirra flýja. Fjórði maðr féll þar, Clemet; ok særðu hann bæði Kolbeins-menn ok Þórðar-menn; en allir aðrir flýðu á þau skip er næst lágu. Tókusk þá hlaup mikil milli skipanna. En er Kolbeins-menn gengu upp a skip Þórðar, þá görðisk þeim ávinnt er næstir lágu. En í þenna tíma höfðu þeir Kolbeinn grön, ok Teitr Styrmisson, ok margir menn, greitt uppgöngur á skip Kolbeins. Ok er til kómu heima-menn Kolbeins, þeir er hann sendi til af sínu skipi, þá vóru þeir Teitr ok Kolbeinn bornir ofrliði, ok reknir syrir borð, ok kómusk nauðulega aptr til sínna manna; ok var þá bardagi inn ákastasti. Kómu Kolbeins-

¹ eina hverja] emend.; ein hverja, Cd. ² Áðr—mann-val] V.; ok it snarpasta
mannfall, Cd. ³ eytt] V.; rutt, Cd. ⁴ -vega] vegna, Cd.

[III. 67: vii. 30.]

menn stafn-ljám á skip Teitz ok drógu fram á millum sínna skipa. Ok í þeirra hríð vóru særðir, Teitr, ok Ásgrímr baulu-fótr, ok Álmarr. Flyði þá allr þori manna af því skipi á skip Kolbeins Dufgussonar. Teitr hljóp ok þar á. Varð þat svá hlaðit ok þróngt at inn féll um söxin ok há-reiðarnar. Hljóp þá megin-þorin á skip Sanda-Bárðar. Tók nú bardaginn at losna, ok hljópu menn nú títt í millum skipanna. En er Þórðr ætlaði apríl á sítt skip, þá sá hann at skipit var autt af hans mönnum, en hann hafði þá eigi liðs-kost til at sækja þat. Gékk hann þá á skip Svarthöfða, ok dvalðisk þar um hríð. En þá er hann sá, at þeir Nichulas Oddsson ok Eyjólfr, ok öll þeirra sveit, var hrokkin apríl um siglu á Ógnar-brandinum, ok þar var þá búit til uppgöngu, hljóp hann þá upp á skipit til þeirra, ok eggjar ákasflega, at þeir skyldi herða sik. Hleypr hann þá fyrstr alla manna fram í stafn, ok hefir skjöld yfir höfði sér en sverð í annarri hendi; fylgja þeir hónum þá all-djarsflega. Ok verðr nú it snarpasta él, ok verða nú hvárir-tveggju sárir. Höfðu Kolbeins-menn áðr komit akkeri í stafn því skipinu. Gengu þeir Þórðr þá svá skörulega¹, at í þessu slagi kómu þeir af sér akkerinu. Ok þá kenna þeir Norðan-menninir Þórð; eggjar þá hverri annan at hann skyldi þá eigi undan komask, ² er hann var svá mjök kominn í greipr þeim. Þórðr svarar þá: ‘Rétt kenni þér,’ segir hann, ‘ok sækit nú at fast, þvíat sannlega skal yðr í dag reynask fyrir-maðrinn Vestfirðinga óragr! Segir mér ok svá hugr um, at aldri síðan munu þér fá jafnt-vænt efni við mik.’ Leggja þeir nú ok at frýju-laust³ Norðan-menninir; drífr nú ok þangat til af öðrum skipum fólk er fræknast var; ok lauk svá þeirri hríð at eingi varð ósárr þeirra manna er fram höfðu gengit með Þórði. Finna þeir eigi fyrr er apríl vóru í skipinu, en vaxa tók austrinn. Bað þá Sigmundr Gunnarsson at ausa skyldi. Eptir þessa sókn losnaði heldr bardaginn víðast á skipunum. Tóku nú teinæringarnir allir at höggva sik ór tengslum, nema þeir Helgi Halldórsson. Jón Álptmýringr flýði fyrstr allra manna, ok nökkuru síðarr Bárðr Hjörleifsson, þar næst Sigurðr vegglaðr. Þá kallaði Svarthöfði á Sigurð, ok bað hann at leggja. Hann görði svá; gékk þá Svarthöfði þar á skip ok Hrafni snati⁴, ok nökkurir menn aðrir. Svarthöfði bað Hrafni mág sinn fara með sér. Hrafni

¹ svá skörulega] skafinliga, Br. ² er hann] here B begins again. ³ knýjaz
þeir nú at fast, B. ⁴ snati] add. B.

[III. 68: vii. 30.]

spurði hvat hann vissi til Þórðar. Hann lézk ekki til hans vita. Hrafn bað hann þá fara sem hónum líkaði, ‘En hér er nú Óttarr snoppu-langr, bróður-bani þínn.’ Svarthöfði segisk ekki þat hirða; segir, at unnið mundi sá sigr þá at sinni er auðit yrði. Hafði Svarthöfði þá fengit stór sár; en Hrafn vissi þat eigi. Réru þeir Svarthöfði þá frá, ok til landz. En er Teitr var af stokkinn skipi sínu, þá gengu Kolbeins-menn þar upp; var þá 6ðr vápna-burðr á skipi Kolbeins Dufgussonar, svá at menn þolðu eigi við. Flyði svá vandlega af því skipi, at Kolbeinn stóð einn eptir; tóku þá menn hans ok drógu hann öfgan¹ á milli skipanna til sín. Ok í þeirri rímmu fékk hann fjogur sár, þrjú í lærít, ok vóru tvau í gegnum lærít; en eitt neðan í ilna², ok skar út í klaufina við þumal-tána, ok var þat sár mikit. Þeir Ketill Guðmundarson, ok Almarr Þorkelsson lögðu all-djarflega fram. Þeir Bjarni Brandzson ok Páll gríss héldusk³ einir menn bezt við. En frálagan tóksk þeim giptusamlega. Sanda-Bárðr hafði skip borð-mest, ok lagði vel fram. Sóttu þangat flestir, sem helzt þótti hléit⁴. Fundu þeir Bárðr ok hans félagar eigi fyrr en skipit var svá hlaðit, at við því var búit at sökkva mundi undir þeim. Var þá⁵ sú orrosta mest, er kastað var handsöxum ok bolöxum milli skipanna. Þá var ok skotið sel-skutlum ok hval-járnum, ok barizk⁶ öllu því er til féksk, bæði beiti-ásum ok ára-hlumum. Var þá bæði, at flestir menn vóru nökkut tann-sárir, tók⁷ þá ok flestum heldr at leiðask högg-orrostan. Leituðu heldr flestir menn at hafa hættu-minna, þess at þeir verði sik frýju. En á því skipi, er Þórðr er á staddir, þá stóðu menn þar einart í austri; ok var við sjálft, at eigi mundi varit verða; finna þeir nú at skipit var meitt neðan. Biðja þeir Nichulas ok Sigmundr at hafa skyldi í árarnar, ok leggja frá. En er Þórðr varð þess varr, þá bað hann þá eigi verða svá at undri at flýja þegar bardagann. Þeir segja, at sum vóru skipin flýin⁸, en þetta var nálega meitt til ófærslar, ‘En öll eru vár skip,’ segja þeir, ‘búin frá at leggja.’ En Þórðr trúði því eigi, fyrr en hann gékk sjálfur til at sjá austrinn. En þeir létu á meðan síga á hömlu skipit⁹; ok því næst snúa þeir frá. Ok þegar er þat sá af öðrum skipunum, at hann lagði frá, þá hét hvern skipstjórnar-maðr á sína liðs-menn

¹ öfgan] B; öfugan, Cd. ² ilna] B; ilina, Cd. ³ héldusk] B; heldu, Cd.⁴ hléit, B. ⁵ var þá] var í þessari svipan allri saman, B. ⁶ barit, B. ⁷ tók] B; tokst, Cd. ⁸ flýin] B; flúin, Cd. ⁹ skipit] B; skipin, Cd.

[III. 69, 70: vii. 30, 31.]

at leysa sik ór flotanum. Ok flýr nú hvert skip sem skjótast verðr búit. Hér um kvað Ingjaldr Geirmundarson:—

Mundi sízt á sundi svip-knújandi flyja
hildar-garðz frá hördū hret-viðri geir-fletjar:
Ef hjaldr-reitar hóti hlunn-sáks sumir runnar
(gunn-látrs ruðu Gautar glæðr) fastara stæði.

Hér segir Ingjaldr, hversu mörg skip hruðusk af Kolbeini:

Hrauð¹ þar er hermenn kníðu² hlut-vandir dunur randa
(menn vissu þat) þrenna Þórðr hlaup-mari borda:
Lyð frá ek líf við dauða lið-veljanda selja;
en þess er gríð greinðusk galt Leir-hafnar-Hjalti.

Frá því segir Ingjaldr hverr liðs-munr var:—

Ims³ hafði lið ljóma leik-herðandi ferðar
(ruðusk mél⁴ í styr stála stinn) tveim hlutum miðna:
Því frá ek þundar skyja þing-eggjanda leggja
gunnar seims frá glaumi Göndlar-skíðs um síðir.

En er snúit var skipinu⁵ Þórðar, kallaði hann til Hrafns Oddzsonar ok biðr hann fá sér menn nökcura. Hrafn segir, at þeir þykkjask hvergi of margir. En þó hljóp Hrafn á skip til Þórðar, ok hljópu fjórir menn eptir hónum. Héldu þeir nú til landz, ok svá hvorr sem búinn var. Var þá umræða mikil á skipi Þórðar, hversu langr bardaginn hefði verit. Kom þat ásamt með þeim, at þá mundi sól vera f⁶ miðju land-suðri; en þá var lágr veggr undir sólinu⁷ er þeir fundusk. Var Þórðr all-hugsjúkr, þvíat þá var vant skipsins Sanda-Bárðar ok svá Trékyllis er stýrði Bjarni Brandzson; ok hugðu menn, at því mundi eigi Kolbeinn reka flóttann at þeir mundi hafa þessi skip í sínu valdi. Þeir Bárðr höfðu látið árarnar allar nema fjórar einar. Lagði þá Bjarni at þeim, ok tók af þeim nær þrjá tigi manna, en fékk þeim árar, svá at þeir urðu birgir. Réru þeir þá undan allir samt. Kolbeinsmenn réru eptir á tveim skipum lítlum, ok þorðu eigi á þá at ráða er þeir kómu eptir; ok snéru aprt til flotans. Lágu þeir Kolbeinn þar á hafinu ok biðu hafgolu⁸, þvíat ferjurnar voru þungar undir árunum.

194. Þórðr ok hans menn tóku róðr sem ákafast, ok stefndu upp undir Reykja-nes, þvíat þeir hugðu at þangat mundi skemst til

¹ hrauð] B; hruðuz, Cd. ² kníðu] thus B. ³ ims] thus B; not yms.
⁴ mél, B. ⁵ skipi, B; skipum, V. (badly). ⁶ i] nær, B (better). ⁷ sólinu, B. ⁸ hafgulu, B.

[III. 71: vii. 31.]

landz; ok var þar at lagt ok upp gengit. Tóku menn þá vatn á skip sín, þvíat margir vóru mjök þyrstir. Var þá nón dags. Þórðr bað Hrafn Oddzson þá ganga á skip sítt ok róa fyrir inn til Árnесс, ok láta taka öll þau hross sem vóru í Víkinni. ‘Vil ek,’ segir hann, ‘at þeir menn er mest eru sárir, riði undan óvinum sínum, en eigi taki þeir menn hrossin, er vel megu fætrnir bera þá á fjöll upp.’ Görði nú Hrafn svá; en Þórðr fór meir af tómi. Ok er hann kom í Víkina þá kenndu þeir ferju Sanda-Bárðar ok [svá] Trékyllinn, at þau röru þá at útan. Urðu þar fagna-fundir þá er þeir hittu Þórð. Könnuðu menn þá liðit; ok fundu, at þeir höfðu fá eina menn látið; en nálega var hvern maðr nökkut sárr, sá er með Þórði hafði verit; en öll alþýðan var lítt sár. Hét hann þá kalla saman liðit, ok skaut á húspingi. Pakkaði hann mönnum þá góða fylgð, ok fór þar um mörgum orðum ok fögrum: ‘Vænti ek¹ ok þess, at nú í dag þykki yðr um hafa skipzt² hamingjan með okkr Kolbeini þann tíma er vér spryrjum þann inn mikla mann-skaða, er ek hygg, at þeir skulu fengit hafa hjá því sem vér. Vil ek nú biðja yðr, góðir hálsar, at þér leggit til þat er yðr þykkir ráðlegast, upp at taka. Er nú svá komit vóru máli, at þegar er Kolbeini gefr byr, mun hann sigla vestr hingat; ok sýnisk mér sem vér munim lítt koma við undan-ferðinni á skipunum, þvíat vér höfum látið³ tré-reiði á flestum skipum várum. Vil ek nú at þér ráðit um með mér.’ Lögðu menn þá til all-misjafnt. Flestir þeir er skip áttu, sýstu at eigi skyldi við þau skiljask; en þeir sem ekki áttu í skipum, hugðu meir at því hvat þeim mundi hent⁴; ok verðr þat at endr-mæli⁵ einu. Ok þegar er Þórðr sá, at hann nýtti lítið af tillögum alþýðunnar, þá tók hann svá til orða: at, ‘Svá góða raun hafa mér [gefit] þessir inir góðu mínr félagar ok fóstbræðr, er mér hafa nú veitta í dag svá drengilega fylgð, at varla munu á vóru landi dæmi til finnask, at menn hafi við jafn-mikit ofr-efli átt at skipta, ok svá drengilega í móti gengit; sem Guð þakki yðr. Ok eigi vil ek nú því launa yðr, at leiða yðr á nýja-leik í háskann fyrir mínar sakir; þvíat meira þykki mér verðr einn góðr drengr en allir þessir skip-tötrar. Þarf hér eigi langt um tala, at menn skulu ryðja skipin, ok bera reiðann í kirkju ok öll önnur föng⁶; skulu ok þeir menn í kirkju er sárir eru, ok sé þó eigi með oss’

¹ væntir mik, B.² um hafa skipzt] um turnat, B. ³ látið] thus B,
með því at vér höfum látið tré-reiðann; lítið, Cd. ⁴ hent] hættu minst, B.⁵ endr-mæli] so also B. ⁶ föng] add. B.

[III. 72 : vii. 32.]

færir. Þeir menn skulu með oss fara er vér hyggjum at eigi muni fá kirkju-grið.' Var þat um nátt-mála-skeið er þetta var allt at gört, ok Þórðr snéri á leið upp með fjalli frá Árnesi. Skilðu peir þá við hann, Teitr Styrmisson, ok Egill Sölmundarson, Kolbeinn grön, ok Ásgrímr baulu-fótr, ok allir peir er hónum þótti eigi færir með sér. Fékk hann þeim hross, ok menn ósára til fylgðar, ok skyldu peir flytjask til Steingríms-fjarðar. En er peir kómu skamt á fjallit, þá görðisk Ásgrímr svá farinn af sárum, at hann mátti eigi fara lengra. Varð hann þá eptir, ok Gunnarr nauta-tík, ok nökkurir menn aðrir. En Þórðr, ok sú sveit er með hónum var, snýr upp í dal þann er verðr skamt upp frá Árnesi¹. Beiddi þá liðit hvíldar er þar var komit.

195. Nú er þar til at taka er þeir Kolbeinn lágu eptir á Flóanum. Lét hann nú rannsaka skip sín, ok skynjaði hvé mart fallit var, eðr hvat svá væri sárt at hann vildi eigi með sér hafa. Finnur hann nú, at mart er fallit, en fjöldi sárr². Fær hann nú til tvau skip ok liðfæra menn svá³ at birgt var; lætr nú flytja norðr til Skaga lík ok sára menn. Var nú ok at hugat, hvé mörg skip Þórðar þar lágu eptir; ok fundusk þrjú. Vóru á Þórðar skipi fallnir fjórir menn, ok eigi þá enn látnir. Vóru þá gefin grið Snorra Loptzsyni ok Áni Áskelssyni, þvíat hann nefndisk nafni Þórðar bróður síns. Steinólfur Þorbjarnarson var þegar högginn syrir borð, en Clemet smiðr var dreppinn uppi á skipinu. Var Ánn þá leiddr upp á skip Einars [langs] Jónssonar. Tóku þeir Kolbeinn þá hvíld, ok biðu byrjar, ok átu mat. Ok nú hugðu þeir at víst, hvé marga menn þeir höfðu látið. Lézt í þessum bardaga af Kolbeini á séttu tigi⁴ manna allt saman, ok síðan andaðisk af sárum. Þessir menn vóru mest virðir af þeim er létusk: Guðmundr frá Sökku, ok Hjalti Helgason, þeir Ílluga-synir Einarr dragi ok Þorsteinn, Snorri Þórálfsson, Sigurðr Rögnvaldzson. Bað Kolbeinn nú at Einarr Jónsson skyldi taka Snorra Loptzson til sín; 'Er þér kunnast, hverr hverrgi peirra er Vestfirðinganna.' Sjá [þeir] ok nú at kyrrelegt görir. Ok er Snorri kemr á skip Einars, þá tók hann svá til orða, er hann kennði Án Áskelsson: 'Guð sé lofaðr, Ánn félagi, er ek sé þik á lífi!' Ok er Einarr Jónsson heyrði þetta, mælti hann: 'Er svá,' segir hann, 'at Ánn

¹ B; nesi, Cd.² sárr] B; sárt, Cd.³ menn svá] add. B.⁴ á átta

tigi, B.

[III. 73: vii. 33.]

fjándinn er hér, er flest illt hefir oss gört! Lét hann þá þegar taka Án ok höggva fyrir borð. Snorra þótti þetta verk svá illt, ok of mjök af sér hljótask; vildi nú gjarna heldr þagat hafa, ok heldr láta allt er hann átti; ok mátti þó ekki at hafa. Eptir þetta biðr Kolbeinn reisa viðuna ok taka til segla. ‘Vil ek því nú lýsa fyrir yðr, at nú skal sigla vestr um Flóa, at leita Þórðar þar til er vér finnumk; ok láta nú sverfa til stáls með oss. En ef vér fám eigi fundit þá, þá skulu vér sigla til Vestfjarða, ok herja, brenna bæi, en drepa menn, ok eyða svá bygðina, at Þórðr megi eigi þaðan eflask með ósíði á hendr oss. En þó segir mér svá hugr um, at eigi sé víst at mér verði auðit at standa yfir höfuðsvörðum Þórðar, svá sem hann rak nú ór færi at sinni; ok nær er þat mínum hug, at yðr mun þykkja hamingju-skipti orðit með okkr Þórði. Hafit nú þá stefnu, er þér sát þeir höfðu undan.’ Sigldi nú sá fyrst er fyrst var búinn vestr um Flóann.

196. Nú er þar til at taka er fyr var frá horfit, at Þórðr hefir tekit hvíld uppi í dalnum, ok hafa menn sofnat fast. Ok er komit var at sólar-setri, lét Þórðr vekja liðit, ok varð at ausa köldu vatni á marga menn áðr vaknaði. Þá bað Þórðr, at tveir hverir menn skyldi ganga fram á fjallit yfir Árnes¹, ok hyggja at, ef þeir sæi nökkut til flota Kolbeins. Fóru þá tveir menn á fjallit; ok kómu aptr skjótt, ok segja, at Kolbeinn sigldi útan at Trékyllis-vík². Segir Þórðr þá, at eigi voru setu-efni. Gengu þeir þá upp á fjallit, ok kómu ofan í Ingólfss-fjörð ok [þaðan] til Ófeigs-fjarðar. Vóru menn þá svá mæddir af mæði ok blóðrás ok svefnleysi, at þá vildu menn eigi lengra fara. Lögðusk menn þá niðr, ok tóku á sik svefn. En Dróttins-daginn er Þórðr vaknaði, kallaði hann saman menn sína, ok spurði þá alþýðuna hvat helzt væri til ráðs at taka. Fann hann þat skjótt at bændr voru heim-fúsir; hann kvazk ok gjarna gesa þeim heim-leyfi ef þeir kæmi til hans þegar er Kolbeinn sigldi vestr skipunum it ytra. Hétu flestir þar góðu um. Snéru þeir þá flestir á fjall upp, ok kómu ofan í Ísafjörð; en sumir gengu it efra um fjöll allt til Barða-strandar; kómu hverir þar ofan í Fjörðuna er heima áttu. Þórðr sendi menn sína at leita at smá-skipum. En áðr menn skildusk í Ófeigs-firði, þakkaði Þórðr mönnum fylgð sína, er þeir höfðu hónum veitt; kvazk öllum þeim góðu launa skyldu, ef Guð gæfi hónum tíma til. Þá fór

¹ yfir Árnes] B (thus acc.); fyrir Árnes, Cd.² Trekyllis-ey, B.

[III. 74: vii. 34.]

Þórðr út á Engines, ok þaðan til Dranga, ok þaðan til Furufjarðar. Setti Þórðr þá menn til út á Stiga-gnúp, at verða varir við ef Kolbeinn sigldi it ytra með herskipum. En hann fór þar til er hann kom Pétrs-messu-margin í Holt í Önundarfjörð.

197. En er Kolbeinn kom í Trékyllis-vík gékk hann á land í Árnesi, ok lét kanna kirkjuna; ok vildi vita hvat þar væri þeirra manna er hónum væri slægr til. En er hann fann engan þann þar, er hann vildi nökkut at göra, þá ræntu þeir kirkjuna, ok tóku slíkt er þeir fengu. Dröttins-myrgin fékk Kolbeinn njósn af, at nökkurir sára-menn mundi vera uppi á fjallinu. Görði hann þá sveitir upp á fjallit at leita. Þeir hittu þar Ásgrím baulu-fót, Gils-son; hann beiddi sér griða til fundar við Kolbein. Þeir játuðu hónum því, ok fluttu hann heim í Árnes. Frændr hans báðu hónum griða við Kolbein, ok hann mundi hann láta njóta mágsemdar, þvíat hann¹ hafði fyrr fylgt Hallberu syrju systur hans. En Kolbeinn kvazk eigi vilja sjá hann, ok bað háls-höggyva hann. Fékk hann þá til mann at drepa hann. Eptir þat lét Kolbeinn taka skip öll; hafði sum með sér, en sum lét hann brenda. Í þessi ferð var þat gört, er aldri hafði verit fyrr gört á Íslandi; hann lét taka hvala²; en suma lét hann breyna upp. Segir hann, at eigi skyldi þeir Þórðr ala sik við þat til ófriðar við hann. Rænti Kolbeinn þá allar Strandir ok sigldi þaðan til Vestfjarða, ok kvazk þá alla eyða³ skyldu svá at Þórðr mætti þaðan eigi eflask með ófriði. Enn næsta dag eptir Pétrs-messu sigldi Kolbeinn inn eptir Ísafirði. Geirmundr son Fanga-Ljótz sá þá skipin er hann var á njósn, ok fór hann þar til er hann kom á fund Þórðar, ok segir hónum. En Kolbeinn fór þá með skip sín inn til Æðeyjar, ok lagði hann þar til hafnar. En er Geirmundr kom í Holt, sat Þórðr yfir borðum ok hans menn allir. En þegar er Geirmundr mátti segra tíðendin, þá bað hann Þórð úti verða; segir at Kolbeinn mundi ókominn at eins, nema hann hefði siglt inn til Ísafjarðar. Var þá hrundit fram borðunum; hljópu menn þá til vápna, ok her-klæddusk; en sumir hljópu⁴ at hestum. En er hestar kómu at, sendi Þórðr alla vega menn til lið-samnaðar. Hrafn Oddzson sendi hann vestr á Rauða-sand ok um Barða-strönd, ok um alla Út-fjörðu; ok um alla Vestfjörðu sendi hann menn; en Ingjald

¹ haun] Kolbeinn, B.

² hvalina, B.

³ alla eyða] aleýða, B.

⁴ hljópu]

leituðu, B.

[III. 75: vii. 34, 35.]

Geirmundarson sendi hann til mótz við Sturlu Þórðarson, ok Böðvar Þórðarson, ok Þorleif Þórðarson, at þeir kæmi allir til fundar við Þórð í Breiðafjörð; en Eyjólf Eyjólfsson sendi hann til Ísafjarðar, at samna þar mönnum; en Þórð sjálf skyldi samna liði um Önundarfjörð; ok skyldu finnask allir saman úti í Dýrafirði Laugarkveldit. En er Kolbeinn kom í Æðey fann hann Þórdísi Snorradóttur ok Einar Þorvaldzson. Senda þau þá orð inum stærrum bónnum fyrir norðan Ísafjörð, ok öllum þeim er í friði vildu hafa fé sít ok fjör, þá skyldu allir koma til mótz við Kolbein, ok sverja hónum trúnaðar-eiða. Skutusk þá margir við Þórð í trúnaðinum, ok fóru til fundar við Kolbein; en sumir lágu úti á fjöllum með bú sín, svá at aleyða vóru bæirnir eptir. Þórðr kom eigi mönnum upp fyrir norðan Dýrafjörð; gafsk þá upp samnaðrinn. Fór hann þá út á Eyri; kom þá Hrafn ok Gísli vestan¹ til Armarfjarðar með níu tigi manna. Fundusk þeir Þórðr þá. Þótti hónum þá eingi föng á viðr-töku, þótt Kolbeinn sigldi vestr á Fjörðuna. Lét hann þá fara heim allt it óknálega liðit, en fjóra teinæringa lét hann flytja til Barðastrandar, ok steig þar á með sex tigi manna, ok fór suðr um Breiðafjörð til Fagreyjar. Fann hann þar Sturlu frænda sínn. Spurði hann þá, at Gizurr Þorvaldzson var kominn í Breiðafjarðar-dali með sjölmenni; hafði hann þá sætk við Jón Sturluson; ok vóru öll mál þeirra lögð í dóm Hákonar konungs. En er Þórðr spyrr, at Gizurr var þar kominn, þá sömuðu þeir liði Þórðar-synir, Sturla ök Böðvarr, um Borgarfjörð ok Snæfellz-nes, ok útan um Skógar-strönd, ok [um] Gilsfjörð. En er Gizurr spyrr, at Þórðr var vestan kominn, ok hafði lið-samnað, þá riðr Gizurr þegar suðr aprtr. Þetta sumar var Tostig Dagnzzson fót-höggin²; hét sá maðr Ingólfur, ok var Óláfsson, er hónum veitti áverka. Kolbeinn sigldi vestan, þá er hann þóttisk þess búinn vera, ok sat þá heima á Flugumýri um kyrrt. Þórðr fór þá vestr í Fjörðu, ok sat á Eyri um sumarit. Var þá kyrrt um hrif.

198. ³Þórðr fór vestan milli Márfu-messna við mikla sveit manna; ok riðu þeir Sturla suðr til Dala með hundrað manna, ok svá norðr Haukadals-skarð, ok ætlaði til Skagafjarðar at Kolbeini. Þeir riðu til Miðfjarðar; ok svá þar til er þeir kómu norðr í Miðhóp. Þá

¹ vestan at, B. ² báðum fótum, add. B. ³ Kolbeinn sigldi norðr í brott ór Ísafirði eptir Flóa-fund, add. Cd. (om. B), a repetition.

[III. 76, 77: vii. 36.]

vissu þeir, at njósn hafði komit fyrir þá til Þingeyra. En þar vóru fyrir menn Kolbeins, Óláfr kámi¹ ok annarr maðr, Harri bóndi er þar bjó á² Miðhópi. Hann var þá í brott riðinn, ok hafði hest allgóðan. Riðu þegar norðr. Síðan reið Þórðr norðr til Hóla-vaðs. Sá þá norðr til bæjanna at menn hleypðu á fjöll upp, en sumir norðr á leið. Görðisk þá kurr mikill í liðinu, at óráðlegt væri at riða lengra. Mæltu menn við Sturlu, at hann skyldi tala við Þórð, at aprt væri snúit. Sturla vildi þat eigi; þvíat hónum þótti þeir hafa ámaelt sér um summarit, at þeir hefði slælega riðit at þeim Brandi. Ok er þeir kómu til Giljár, þá mælti Þórðr, at aprt skyldi hversa, ‘Ok sé ek nú, at þér metið við mik atkvæði um þetta.’ Þeir vóru í Miðhópi um nóttnina. En annan dag riðu þeir til Hrútafjarðar, ok lágu úti um nóttnina á Hrútafjarðar-hálsi. En þann aptan kom Kolbeinn með þrjú hundruð manna í Miðfjörð. Ok kómusk þeir Gils-synir, Kálfr ok Úlfhéðinn, nauðulega í kirkju. En síðan sendi³ Kolbeinn Kálf Úlfhéðins son vestr eptir þeim Þórði at leita um grið eðr sættir; ok fann hann Þórð á Staðarholi. Vóru þá enn grið sett til vetr-nátta. Jafnan leitaði Kolbeinn um sættir; en aldri vildi hann sveitir eðr goðorð upp gefa, þau⁴ er Sighvatr hafði átt. Þetta summar urðu tvau skip apratreka í Hvítá: Höfða-búzan er út hafði látið í Dögurðar-nesi, ok Egvindr brattr er þaðan létt ok út. Þórðr fór nú í Fjörðu vestr, ok var á Eyri um vetrinn, [en] stundum suðr í sveitum. Penna vetr kvángaðisk Hákon galinn. En um várit gengu menn millum þeirra. Ok var þat mælt, at hvárr-tveggi þeirra skyldi utan fara, Kolbeinn ok Þórðr; ok skyldi Hákon konungr göra um mál þeirra; ok skyldi Kolbeinn fá Þórði sex tigi hundraða vaðmála til farar-efna. Ok þat kom fram, ok var sú vara færð til Hvítár.

199. En er á leið várit, tók mein Kolbeins at vaxa, ok lagðisk hann í rekjkju. Sá hann þá, at hann var eigi færr til utan-ferðar. Var þá sent eptir Gizuri, ok kom hann norðr. Leið þá mjök at Kolbeini. Hann vildi þá fá öll manna-forráð í hendr Gizuri ok þeim Brandi Kolbeins-syni. En Gizurr var þess eigi búinn; en hét at veita Brandi, frænda sínum, ef hann væri fyrir sveitunum, allt slíkt gótt er hann hefði söng á ok færi. Var þat þá ráðs tekit at sent var vestr til Þórðar, ok vóru hónum þá upp gefnar sveitir

¹ kaim, B. ² er þar bjó á] B; af, Cd. ³ ok kómusk—sendi] V.; om. Cd.⁴ þau] eða fé þat, B.

[III. 78 : vii. 37, 38.]

fyrir norðan Öxnadals-heiði ok svá öll föður-leifð hans. Skyldi hann þar selja grið í móti, ok játa sættum. Öll hérud fyrir vestan Öxnadals-heiði vóru fengin Brandi Kolbeinssyni, allt til Hrúta-fjarðar. Skyldi hann veita Gizuri slíkt er hann mætti, ok hvárr öðrum. Vóru bændr í Skagafirði til Brandz fúsastir þegar Kolbein leið, þvíat hann var vinsæll af allri alþýðu. Vildi Kolbeinn ok Brand helzt í sínn stað. Lýsti Kolbeinn því ok þá fyrir öllum mönnum, þeim er þá kómu at finna hann í sjúkleikanum, at Brandr ætti allan þora goðorða í Skagafirði ok mikil fyrir vestan Heiði, ‘Þó at hann hafi mér unnt¹ vel með at fara.’ Var við þetta tal Kolbeins Brandr prestr Jónsson, er síðan var biskup at Hólum. Hann kom sunnan með Gizuri, ok var systrungr Brandz Kolbeins sonar. Staðar-Kolbeinn var þar við, ok eggjuðu þeir báðir Brand viðr-töku sveitanna. Fylgðar-manna-sveit Kolbeins unga báðu hann allir til, at hann skyldi fyrir-bindask málum þeirra. Var Brandr þá á Flugumýri. En Gizurr reið suðr.—Kolbeinn ungi andaðisk þat summar, Márie-messu Magdalene. Þá var hann hálf-fertögr at aldri, sem Arnórr faðir hans, ok Kolbeinn Tumason, föður-bróðir hans, er hann var heitinn eptir. Kolbeinn var mjök harmdauði sínum mönnum ok kunningjum, ok svá allri alþýðu í Skagafirði. Hann var færð til Hóla út, ok grafinn fyrir kirkjurdum hjá Kolbeini Tumasyni.

200. Eptir þat var fundr áttr at Hesta-pings-hamri. Kom þar fjölmennt um héraðit ok svá vestan um Heiði. Var þá Brandr þar kosinn yfir² allar sveitir þær er áðr vóru til nefndar. Hafði hann þá tekjur allar af sveitunum, þær er Kolbeinn hafði áðr haft, ok sauða-toll. Hafði hann þá bú mikil at Stað, ok fjölmennt. Um haustið kómu þeir menn til Brandz er verit höfðu fylgðar-menn Kolbeins unga: Gegnir Íllugason, Hámundr Þórðarson, Gísli Barkarson, Halldórr nef, Óttarr snoppu-langr, Ögmundr vandræða-mágr, Ásgrímur Ormsson, Ölvíðr Einarsson; Ásbjörn Íllugason var þar löngum um vetrinn, ok svá Broddi Þorleifsson. Arnórr Eireksson, systur-son Brandz, var þar um vetrinn.

201. ³Í þenna tíma bað⁴ Hrafn Oddzson Þóriðar Sturludóttur. Flutti Þórðr þat mjök; ok var brúðlaup þeirra at Sauðafelli um summarit. Þat summar fór Svarthöfði útan í Hvítá með vöru þeirri er

¹ unnt] unnat, B. ² yfir] B; fyrir, Cd. ³ þat er at segja frá þeim vestr í sveitunum, at . . ., add. B. ⁴ bað] B; fékk, Cd.

[III. 79 : vii. 39.]

Kolbeinn ungi hafði fengit Þórði¹. Þórðr fór norðr eptir brúðlaup Hrafnar; ok var svá mælt, at Eyfirðingar skyldu koma í móti hónum í Miðfjörð. Þórðr reið norðr með heima-menn sína; var þat á þriðja tigi manna². Sturla fór með tuttugu menn³. Þorleifr ór Görðum með tuttugu manna. Þar var Ketill Þorláksson, ok Guðmundur undan Felli, ok margir bændr at boði Þórðar⁴; ok hafði Þórðr allz meírr en níu tigi manna⁵. Ok er þeir kómu til Miðfjarðar, vóru Eyfirðingar þar fyrir með átta tigi manna. Riðu þá norðr allir saman. Þórðr kom í Eyjafjörð Lafranz-messu-dag. Þann dag sigldi þar skip af hafi; var þar Gunnarr brattr. Þeir segja andlát Órækju Snorrasonar; hafði hann andask á Jónsmessu baptista⁶ um sumarit. Þórðr keypti þar við skip bjór mikinn, ok létt flytja inn til Grundar. Var þar búit til veizlu Márfu-messu. En Sunnudag fyrir hafði hann fund í Krist-nesi við alla héraðs-menn. Þeir unnu hónum eiða, ok gáfu upp eignir þær er þeir höfðu at varðveita ok Sighvatr hafði átt. Hann veitti vel Márfu-messu, ok gaf þeim stórv-gjafar er hónum höfðu norðr fylgt⁷. En Þórðr var eptir með sveit sína, er þeir riðu vestr. Fylgðar-menn Kolbeins vóru flestir með Helgu á Flugumýri. Þeir vóru gems-miklir, Einarr langr ok Gegrnir Íllugason ok enn fleiri aðrir.

202. Brandr Kolbeinsson átti þá bú á Stað í Skagafirði⁸; hann var vinsæll maðr, ok hafði þá mart manna með sér, ok hélt sér vel upp, ok hafði mikla rausn í búi. Hann var örr af sé, ok hafði orðz-tír góðan. Svá segir Ingjaldur Geirmundarson í flokki þeim er hann orti um Brand Kolbeinsson:—

Vell gaf varga-fyllir vingóðr kyni þjóðar;
veitti auð, sá er átti oddrós-boði, gnógan:
Blíðr var örr af auði odd-stiklandi miklum;
þær lifa víst er váru vinsels skörungs minjar.

Mætr fíkk orðz-tír ýta álm-rjóðandi góðan;
ítí kunni blik brjóta Brandr glym-fjöturs landa:
Sízt unni sá sleitum (seim, hyr-broti-geima,
opt-gefnan létt jafnan odd-rjóðr) vanaðr hoddar⁹.

¹ Kolbein ungi andaðist Marie messu Magdalene, add. Cd. (but om. B), a repetition. ² B; Þórðr kom með xxx manna, Cd. ³ nær xx menn, B. ⁴ at boði Þórðar] add. B. ⁵ lxxx manna, B. ⁶ baptista] add. B. ⁷ hónum—fylgt] B; hann flutt, Cd. ⁸ sem fyrr var ritað, add. B. ⁹ B interchanges the two verses.

[III. 80: vii. 40.]

Fylgðar-menn Kolbeins, er verit höfðu, ok þá voru með Brandi, fóru með¹ danza-görðir²; ok kom þat til eyrna Þórði, ok líkaði hónum lítt. En er Brandr varð varr við flimtan þeirra, bað hann þá eigi með fara slík flendi; segir at þar mundi mikil flit af standa³. Görðisk þá mikill orða-sveimr á milli héraðanna. Þórðr var fá-orður um; ok líkaði þó þungt allt saman, gems þeirra, ok þung mála-efni er hónum þóttu þeir hafa við sik. Mart var þá í Skagafirði röskra manna. Þessir voru mest til ráða-styrkðar með Brandi: Broddi Þorleifsson mágð Kolbeins, Ásbjörn Íllugason, Einarr langr, Óláfr kámi⁴; hann bjó í⁵ Miklabæ í Blöndu-hlíð; ok fleiri aðrir er verit höfðu vinir Kolbeins. Þórðr hafði mart fylgðar-manna með sér. Eptir Jól um vetrinn görðisk berr fjándskapr milli héraða, en við bárusk öll vandræði framan til Páska; en grið stóðu meðal allra manna fram um Alþingi. Var sú sætt stofnuð, at tólf manna dómr skyldi á öllum málum, [þeirra] manna er bezt þetti til fallnir á öllu Íslandi. Opt sásک stjarnan *Cometa* um vetrinn. Menn Þórðar fóru jafnan vestr í sveitir um vetrinn at örendum sínum; ok hann sendi orð vinum sínum, þeim er hann vildi at norðr kæmi at finna hann. Teitr Styrmisson fór norðr milli Jóla ok Föstu; hann átti bú í Flatey, ok hafði um haustið fengit Sigríðar Háldanar-dóttur. Hrafn Oddzson, ok Eyjólfur frændi hans, kómu vestan á Föstunni. Þórarinn Thomasson, ok Hákon galinn, kómu vestan frá Sturlu. Þórarinn var⁶ heima-maðr Þórðar. Björn drumbr fór þá ok norðr, ok Páll kapp-gnógr. Um várit á Páskum sendi Þórðr Nikulás Oddzson ok Álmar Þorkelsson norðr til Öxarfjarðar í lið-samnað, ok stefndu liðinu norðan Páska-viku.

203. Snimma Föstunnar sendi Brandr menn sína suðr til Gizurar, Gegni Íllugason ok Hámund Þórðarson, með bréf þat er svá sagði:—

‘Gizuri Þorvaldzsyni sendir Brandr af Stað kveðju Guðs, ok sína fullkomna vináttu:—Slíkt it sama er mítt skap-lyndi um samband við yðr, frændi, sem [it] fyrra sumar mælt var⁷; ok fyrir því at eigi minnkari nauðsyn hvárra-tveggju at vér haldim⁸; saman sem bezt. Kyrrt má kalla um hagi Þórðar allt til Föstu-

¹ fóru með] voru eigi trúir at því at þeir færi með, B. eigi at, add. B. ² þær er Þórði gatz enn ekki gótt, add. B. ³ chaim, B. ⁴ f] á, B. ⁵ þá, add. B. ⁶ mælt var] ræddu vit, B. ⁷ halldimz, B.

² þær er Þórði gatz

[III. 81 : vii. 41.]

inngangs. Þá görðisk mörg um-leitan um handsöl á löndum í Skagafirði í héraði vóru; ok heitask til, ok kalla¹ sættar-rof, ef þat er eigi uppi látið. Mjök leita ok Þórðar-menn sína vini undan oss at heimta, með slíku sem þeir fá helzt við komit. Leitað hefir ok við verit, at semja aðra sætt en áðr var gör með oss. Talar Þórðr² þat, at engar megi heilar sættir verða, nema hann hafi allan Norðlendinga-fjórðung til umráða. Hann þykkisk allan Borgarfjörð eiga, ok kallar Þorleif í Görðum öngan³ vin sínn. Nú gör svá vel, frændi, reyn slíka menn fullri raun. Þat vildu vér, at þú tækir alla kosti af Borgarfirði eptir boði konungs; þvíat oss þykkir þat all-gótt þar at at veita. Sann-spurt höfu vér ok, at Þórðr sendi bréf Sigvarði biskupi at leyfa sér kirkju-göngu ok sex mönnum með hónum; ok þat með, at hann skyldi halda yðr frá málum við oss Skagfirðinga; ok hann hafði því heitit. En þat vitu vér, at biskup sendi bréf Steinmóði presti, at leiða hann í kirkju; ok svá görði hann. Vel treystu vér héraðs-mönnum flestum öllum víst, ef þú sýnir þik hjá oss. Tregt veitir oss heldr at fá görðar-menn; þykkir vant ok mikit í at ganga. Nú at svá komnu öllu, þá vilju vér, at þér sækit norðr hingat várn fund, svá sem þú mátt fyrst, þvíat vér treystumk eigi vóru sambandi⁴ nema þú komir⁵ til; en vér megum fyrir öngan mun, fyrir sakir háska héraðs-bygðarinnar, yðvarn fund sækja.'

Þeir Gegrnir kómu saman frá Gizuri til Brandz í Páska-vikunni ok segja at Gizurr mundi sunnan koma.

204. Þat er sagt at Þórðr átti fund á Grund fjórða dag Páska við alla bændr þar í héraði, nema Hall á Möðru-völlum, þvíat hann var þá heima-maðr í Bæ suðr. Þórðr görði þá bert, at hann ætlaði vestr til Skagafjarðar með flokk þann er hann fengi til, ok reka harma sínya⁶ við þá Skagfirðinga. Klyppr Ketilsson svaraði fyrst málí Þórðar: 'Vel er, þótt vér farim nú til Skagafjarðar; eigi munu vér nú skjótlegar í brott fara⁷ en næstum er vér vórum þar með flokkana.' Engi maðr mælti þar í móti Þórði, en fylgðar-menn hans fýstu mjök, ok lögðu harðlega til. Sunnudaginn eptir Páska-viku fór Þórðr heiman, ok út í Hörgárdal; en Þriðja-daginn

¹ ok heitask til, ok kalla] B; ok heitast at kalla, Cd. ² talar Þórðr] þat er orð tak Þórðar, B. ³ öngan] öruggan (!), B. ⁴ at þér sækit norðr þangat (!) á várn fund, sem þú níataf verða fyrst við látinna ráð fyrir at göra, ok ekki treystaz menn'sambandi (!), B. ⁵ brálla, add. B. ⁶ at því er hanu kallaði, add. B. ⁷ fara] reknir, B.

[III. 82, 83: vii. 41.]

vestr yfir Heiði. Riðu fylgðar-menn Þórðar fyrir. Eyjólfur Þorsteinsson var fyrir þeim. Þá kvað Ingjaldr¹ vísu:—

Hvatr ferr höldr at vitja (hlýr-garðz) Skaga-fjarðar
(ván er hreggs, ef heima hjarl-stríðandar bíða):
Nú görisk norðr á Heiði (níðs mun herr reka errinn²).
(þjóð dredgsk á veg víða) vindlegt Glerilz³ strindar.

Allr flokkrinn fór á Silfra-staði um kveldit. Þórðr hafði þá nær fimm hundruð manna.

Brandr spurði lið-samnað þenna Þórðar í Páska-vikunni; dró hann þá lið saman um allt héraðit, ok svá vestan um heiði ok ór Fljótum. Svá segir Skáld-Hallr í drápu þeim er hann orti um Brand Kolbeinsson:—

Brandr drósk ýta undir, (at-reið var þar skatna);
brátt um breiðar sveitir búendr saman stefndu:
Þustu Vatz-skarð vestan vinir Brandz, ok svá handan,
skjótt frá ek heldr at hittisk Héraðs-drótt ok lið Fljóta.

Þat er nú at segja af þeim Þórði, at þeir lágu um nóttina úti, er þeir voru á Silfra-stöðum, niðri á vellinum. Vindr kom á þá, er flest fólk hafði sofnat, ok þaut mjök í spjótunum. Þá vakna þeir við þytinn, ok hugðu at ófriðr væri at kominn; hljópu þeir upp, ok brugðu vápnum, ok börðusk þar sjálfir. Sumir hljópu á hús upp, ok vörðusk þaðan; en sumir sóttu þar at í ákafa. Ok var löng hrið ok snörp atlaga áðr þeir kenndusk. Miðvikudaginn riðu þeir Þórðr ofan í Valla-holt. Einn maðr hafði fallit, er Eirekr hét, en sárir urðu margir. Brandr var þá á Viðimýri ok hafði sex hundruð manna. Fóru menn þá í millum þeirra: Ísarr prestr Pálsson, ok Vermundr Halldórsson, er síðan var ábóti á Þingeyrum, ok aðrir kenni-menn. Vóru þá grið sett til meðal-göngu. Buðu Skagfirðingar Gizur til görðar, hvern sem Þórðr tekr⁴ til; en Þórðr vildi ekki nema sjálfðæmi. En þeir æptu þá í móti; ok varð ekki af sættum. Björn hét prestr, ok var Starrason; hann fór í lið-samnað um Laxárdal ok Reykja-strönd. Hann var at Sauðá Miðviku-nóttina þá er þeir börðusk Firmta-daginn eftir. Hann dreymði þegar hann sofnaði um kveldit, at maðr kom at hónum, ok laut upp yfir hvflunni, ok mælti þessi orð: ‘*Domine Jesu Christe, accipe spiritum meum.*’ Þá vaknaði prestr, ok gékk út,

¹ Ingjaldr] B; hann, Cd. ² B; rek-errinn, Cd. ³ Thus, glerilz, B; gletils (!), Cd. ⁴ tekr] tæki, B.

[III. 84: vii. 42.]

ok sfðan til hvílunnar, ok sofnaði; ok þat sama bar fyrir hann þrysvar. Þann mann þóttisk hann görla kenna, bæði at hárferð ok yfir-litum, at Brandr var þar Kolbeinsson. Ok þá er Skagfirðingar vóru á Vífðimýri, kom sótt í lið þeirra, með því móti, at þeir félru í óvit nær þrír tigir manna, ok vóru ófærir. Þar var Páll, bróðir Brandz, í því flóði¹.

205. Miðvikudags-kveldit reið Þórðr á Úlfstaði með allan flokk sínn. En Skagfirðingar vóru á Vífðimýri um nöttina, ok fóru snemma Fimta-daginn [norðr] yfir Jökuls-á, ok námu stað fyrir sunnan Djúpa-dals-á skriðunni, ok fylktu þar liði sínu, ok höfðu framarlega á séttu hundraði manna. Eysteinn hvíti [Austmaðr] fylkti liði Brandz. Þar biðu þeir Þórðar ok hans manna. Hafði Þórðr nær sex² hundruð manna, ok var lið þat allt vel búit. Fylking Skagfirðinga horfði í móti vestri, ok ætla at Þórðr skyli þaðan at ganga. En Þórðr ok þeir riðu ofan með brekknunum, ok stigu af hestum. Þeir horfðu á jaðarin Skagfirðingafylkingar. Þeir Brandr snérusk við, ok brást³ þá fylking þeirra, ok vóru torf-grafar fornar milli þeirra, ok gengu þeir Þórðr þar yfir. Þórðr var í miðri fylking sínni, ok þó fremstr; en í inn nörðra arminn vóru Svarfdælir ok Norð[an]-menn. Eyfirðingar vóru í syðra arminn, ok fórk þeim hvárum-tveggjum seinna um grafarnar. Þar vóru þeir Brandr fyrir ok fylgðar-menn hans. Þórðr réð þegar á, þar er mættusk fylkingar. Var fyrst grjót-hrisð, en þá spjóta-lög. Losnaði þá fljótt fylking Skagfirðinga sem klambrar-veggr væri á rekinn⁴. Þar heitir Haugs-nes upp frá er bardaginn var ofan frá á⁵ grundinni. Svá segir Skáld-Hallr:—

Brátt varð ferð at fréttum fundr á Haugs-ness grundu,
hættr sá er hölðar áttu (hlíf rauzk) fíra lífi:
Lagði lyðr, þar er dugði landz-fólk, saman randir,
ok full-harðra fyrða fylkingar at gingusk.

Ruddisk brýndum broddi (Brandr neytti vel handa)
af þar er eggjar skífðu⁶, auð-baldr, hluti skjaldar:
Geystusk geirar traustir (gékk hræfn af því drekka)
fast at fyrða brjóstum (fen dreyrugra benja).

Þess getr Hallr ok, at Brandr var framarla í fylkingu öndurðan

¹ flóði] B; liði, Cd. ² sex] fimm, B. ³ Thus, braaz, B, from bregða, not brast from bresta. ⁴ á rekinn] B; rekinn, Cd. ⁵ ofan frá á] V.; ofan frá, Cd.; ofan á, B. ⁶ skífðu] thus B (not skyfðu).

[III. 85, 86: vii. 42.]

daginn, ok gékk þá fram Jón Skíðason fyrir hann, er kallaðr var kjappi¹, mikill ok sterkr maðr. [Svá segir Hallr]:—

Gékk þar er gírar stukku Goði várr með hjör roðinn
fyrstr í fylking trausta framm, ok Þórðr inn rammi:
Fast hykk fjándr at lysti, (ferð ofraði sverðum)
(él varð Yggjar bála öndótt²) saman röndum.

Jón Skíðason, er fram hljóp fyrir Brand, lagði tveim höndum spjóti til Þórðar, svá at hann féll við; en Skagfirðingar æpðu at. Þorsteinn Gunnarsson hljóp fram yfir hann. Þá urðu margir atburðir senn í höggum ok spjóta-lögum. Var þetta snörp orrosta, svá at engi hefir slík verit á Íslandi, bæði at fjölmenni ok mann-falli. Þórðr stóð skjótt upp eptir fallit, ok kvað sik ekki saka. Gegnir Íllugason gékk ok einnig vel fram; hann lagði til Hákonar Galins, kom spjótið í augat, ok bryddi út [um] hnakkann; varð þat hans bani. Varð þá mikit mann-fall af hvárum-tveggjum.—Einarr Auðunnarson³ hét maðr; hann bjó í Vík út frá Stað; hann átti Ingibjörgu Bergþórs-dóttur, frændkonu Þórðar⁴. Hann var til þess settr sem hann görði, at hann flýði fyrstr manna, ok Brandr son hans, ok þar margir eptir þeim. Þeir Þórðr gengu þá at fast, er þeir sjá at flóttinn brast; ok var þá mikit mann-fall enn af hvárum-tveggjum. Hafr Bjarnarson, Brandr Atlason, ok fleiri menn með þeim, Fljóta-menn ok Slétt-hlíðingar, kómu á fylkingar-arm Þórðar inn nörðra, ok gengu at drengilega, ok drápu þar tuttugu menn af Norðan-mönnum svá at hvern lá hjá öðrum. Þá brast flótti á Héraðs-mönnum ok Vestan-mönnum yfir Heiði, ok mart manna með þeim⁵. En ef þeir hefði staðit kyrrir, þótt þeir görði eigi at fleira, þá hefði Skagfirðingar kosit á við Norðan-menn. En nú bar eigi svá til. Þórarinn Thomasson komsk á hest, ok rak flóttann. Þorbjörn Sælendingr Snorrason reið undan með öðrum flóttamönnum. Þá heyrði Þorbjörn kall á bak sér aptr, at hann skyldi drýgja dáð, ok duga sér. Þorbjörn sneri skjótt aptr, ok sér, at tveir menn sóttu Svein eldboðung, ok var annarr á hesti. Þorbjörn lagði þegar til þess er á hestinum var, ok í gögnum hann, með spjóti; var þat hans bani, var þat Þórarinn Thomasson; dreppinn var sá ok, er at Sveini sótti annarr. Ari Finnzson er bjó í Bjarnarstaða-hlíð, hann vildi eigi flýja; ok studdisk á öxi sína, ok

¹ kór kiappi(I), B.² öndurt, B (ljósta öndurt saman röndum).³ Einarr.

auðmaðr, B.

⁴ frændkonu Þórðar] add. B.⁵ ok—þeim] ok var þat fjöldi mannz, B.

[III. 86, 87 : vii. 42.]

söng versit, ‘*Ave Maria*¹’, er menn heyrðu síðast til. Álmarr Þorkelsson hjó hann bana-högg. Broddi Þorleifsson, ok Einarr langr, Gegrnir Íllugason, Jón kjappi, Ásbjörn Íllugason, Skarf-Helga-synir² þrír : Kollsveinn, Þorvaldr, Bergþórr—þeir gengu allir fram rösklega, ok mikil sveit með þeim. Gengu þeir svá fram fyrir Brand, meðan þeir voru heilir, ok eigi sundr-skila, at hónum var við öngu hætt. Í móti þeim kom Þórðr, ok fylgðar-manna-sveit hans, ok mikil sveit önnur; var þá af nýju it harðasta él³. Þá varð Gegrnir frá-skila félögum sínum; sóttu hann þá þrír eðr fjórir; varðisk hann drengilega; varð hann móðr mjök, þvíat hann hafði þunga brynju; ok féll hann fyrir þeim. Þeir flettu upp um hann brynjunni, ok vágú hann svá. Hjalti járn-auga hét maðr, hann var vasklegr maðr, ok fóll bleikt hárit niðr á herðar undan stálhúfunni. Par ætla Norðan-menn Pál Kolbeinson, ok sóttu at hónum þríf menn. Hann segir, at engi einhleypingr eðr leysinginn skyldi síðr hlifa þeim en hann. Þeir sóttu hann lengi áðr hann fóll. Hann hafði þrjá tigi⁴ sára, ok lét við góðan drengskap líf sítt. Jón Skíðason lét sem öngan sæi hann annan en Þórðr, ok sótti hann í ákafa. Svá sagði Þórðr síðan, er um var talat, ef slíkir hefði þrír verit kjapparnir⁵, at hann hefði aldri síðan sól séð. Sóttusk þá allir í ákafa, þeir er við héldusk með Brandi. Svá segir Hallr í Brandz-drápu:—

Harðr frá ek heldr at yrði Hildar-leikr, þar er gildir
baug-skerðandar börðusk; (bitu sverð í hlym rítar):
Yggs varð annarr-tveggi (at gengusk þá skatnar)
odda-meidr í óðu allz gný-hreggi falla.

Létu líf fyrir spjótum (lásk eigi þar háski)
(sungu vópn á vanga⁶ víg-hljóð) búendr góðir:
Vitt lá valr á grýttu (varð tafn gefit hrafni)
(gunnar-már yfir gaurum gall) Haugs-nesi fallinn.

Ok er löng hríð hafði svá gengit, þá riðlask sveitir⁷ Brandz, ok urðu þá mann-drápin. Hrani Koðransson færði stein mikinn at Jóni Skíðasyni, ok kom á bringuna, ok gengu inn bring-spelirnir, ok varð þat hans bani. Jón varðisk þó nökkrura stund síðan, en hann hafði nær engi önnur sár; ok lét hann líf sítt með miklum drengskap ok hreysti ágætrar karl-mennsku. Brandr komsk á hest, ok var tekinn millum grunda í flóttanum. Kolbeinn grön tók hann;

¹ Máriu-vers, B. ² Karp Helga-, B. ³ iel, B. ⁴ á þriðja tigi, B.
⁵ kjapparnir] thus B; krapparnir, Cd. ⁶ vanga] vangi, B. ⁷ sveitin, B.

[III. 88, 89 : vii. 42.]

ok færðu hann upp á grundina, ok þar sem nú stendr krossinn. Kolbeinn fann Þórð, ok segir at Brandr var hand-tekinn. Þórðr mælti: 'Hví drepi þér hann ekki?' Þórðr sat uppi á grundinni. Var þá lokit mjök bardaganum. Kolbeinn mælti: 'Ek vissa eigi, nema þú vildir til ganga.' Þá stóð Þórðr upp. Þá mælti Hrafn Oddzson: 'Gangit eigi til, Þórðr, ef hann skal eigi grið hafa.' Þá fókk Þórðr til Sigurð Glúmsson at vega at hónum. Gékk Kolbeinn grön þá til þar sem Brandr var hand-tekinn, ok margir menn með hónum. Sigurðr hjó öxi til Brandz; hann skaut yfir sik buklara. Kolbeinn snaraði af hónum buklarann. Þá hjó Sigurðr um þvert höfuð Brandi, ok klauf höfuðit¹ at eyrum niðr. Lét Brandr þar líf sítt. Við líflát Brandz vóru þrír tigir manna². Var þar sett upp róða er Brandr fíll, ok heitir þar Róðu-grund síðan³. Eyjólfr Þorsteinsson fékk tekit Einar lang frænda sínn, ok gaf hónum grið; ok hafði hann drengilega barizk. Fleiri menn vóru þar teknir, þeim er grið vóru gefin af ymsum frændum sínum ok vinum; en þeir flýðu allir er því kómu við. Þar fíll fjöldi manna af hvárum-tveggjum, ok fjöldi varð sárr. Ok inir beztu bændr fíllu ór Eyjafirði: Klyppr Ketilsson, Þorgils Hóla-sveinn, Guðmundr Gilsson, Magnús Narfason, Vigfús Þorgilsson.—Nær fjórum tigum fíll af Þórði. Af Brandi fíll nær sjau tigir manna⁴: Þar fíll Brandr Kolbeinsson, Jón Hasliðason, Kleppjarn Hallzson, Óláfr kámi⁵, Íllugi frá Svína-vatni. Svá segir Ingjaldr í flokki þeim, er hann orti um Brand, ok kveðr á, hversu mart látisk hafi:—

Hregg-sulli tók halla, hné ferð í dyn sverða
sköglar-fúrs at skyrá Skagfirðinga stirðum:
Hvíz hesir hundrað látzik hjaldr-landz í styr manna
(trautt má tal þat er hittir⁶) tírætt (ór því fætta).

Skiptu sköp sem optarr (skörungr fíll í dyn hjörva
æztr með orðz-tír beztan) ósvíft fíra lífi⁷:
Fár má fleina-skúrar⁸ frægr aldr-lagi þegja,
seiðs, né sínum dauða, svip-skordandi forða.

¹ höfuðit] B; hann, Cd. ² á þriðja tigi manna, B.

³ var þar sett upp róða—síðan] add. V., but both B and Br. omit it; Br. however annotates in the margin—'Önnur Islandinga-saga segir þar hafi verit sett upp róða sem Brandr fíll ok heitir þar Róðu-grund,' which may be derived from the vellum A, which is here wanting, unless it be a later interpolation.

⁴ á sjauda tigi, B. ⁵ kaim, B. ⁶ hittum, B. ⁷ fíra lífi] B; frá lífi, Cd. (i.e. ósvíft sköp skiptu fíra lífi). ⁸ skúrar] so B.

[III. 90 : vii. 43.]

Él-grundar¹ bjarg þú öndu, æztr þjóð-konungr, mæstri²
 (góðs samir buðlung beiða) Brandz (víðfjörnis landa):
 Hvíld fái öðlingr aldar allviss Paradísaar
 prútt, sá er píslum léttir, Páls bróður frið sálu.

Þórðr reið þá á Flugumýri af fundinum. Görði hann þá bert, at allir menn skyldi í griðum koma á hans fund, þeir er sættask vildu við hann. Sóttu menn þá til hans, þeir er á fundinum höfðu verit, ok margir aðrir. Seldu þá allir hónum sjálfdæmi, ok svörðu hónum trúnaðar-eiða. Hann tók undir sik öll héruðin, ok fór við þat norðr heim; ok sat nú um kyrt nökkura stund.

206. Lík Brandr var flutt til Staðar, ok þar jarðat fyrir sunnan kirkju við söng-húsit fyrir stúku-durum; ok var hann mjök harm-dauði sínum mönnum. Svá segir Ingjaldr í Brandz-flokki:—

Mildr réð skemr en skyldi skjald-reyrs hötuðr³ aldri
 þrym-kennis tók þannig þungr harnir sonu unga:
 Viggs megu⁴ varla hyggja veðr-tams svana-beðjar
 áms blik-njótar⁵ ítrir auð-mildz skörungs dauða.

Tíðendi þessi fóru⁶ um allt land; ok þóttu mikil, sem var.

207. Þá er Gizurr spurði þessi tíðendi, dró hann lið saman, ok fór norðr um land með fjogur hundruð manna. Hann kom í Skagafjörð, ok þá heim-boð með fimmánda mann at⁷ Jórunni Kálfssdóttur, ok hét henni, ok sonum þeirra Brandz, sínni ásjá ok vináttu. Jórunn gaf Gizuri góðar gjafir. Skagfirðingar sóttu þá á fund Gizurar, ok játuðu hónum sínum trúnaði. Þá gengu njósnir til Þórðar, ok samnaði hann mönnum, ok fékk enn mikit lið. En menn hans vóru mjök hremðir, ok varð þeim eigi jafn-létt-víg⁸ sem um várit fyrir fundinn. Þá tókusk meðal-ferðir; ok fóru í millum Þórir tottr⁹ Arnþórsson; hann átti þá skip á Eyrum ok var með Gizuri. Margir menn [aðrir] fóru í millum þeirra; ok varð saman komit sættinni með því, at Hákon konungr skyldi göra með þeim við þá menn sem hann vildi við hafa. Skyldu þeir báðir fara útan um sumarit, Þórðr ok Gizurr. Sóru tólf menn þessa sætt ór hváru-tveggja liðinu, at þessi sætt skyldi haldin, ok fundusk þeir eigi sjálfir. Síðan fór Gizurr heim suðr.

¹ iel-grundar, B. ² mæztr, B; mæst', Cd. (read mæztri öndu). ³ hötuðr]
 B, i. e. hvótuðr; höldr, Cd. ⁴ viggs megu] B; vigt menn, Cd. ⁵ áms
 blik-njótar] B; arm-bliks njótar, Cd. ⁶ fóru] flugu, B. ⁷ at] B;
 með, Cd. ⁸ jafn-létt-víg] B; jafn-létt vígit, Cd. ⁹ B (and V.); þeir
 Teitr, Cd.

[III. 91 : vii. 44.]

208. Þórðr bjósk til útan-ferðar; hann fékk ríkit til geymslu Hálfdani mági sínum; skyldi hann vera á Grund ok Steinvör ok börn þeirra; ok fylgðar-menn Þórðar, Kolbeinn grön ok Álmarr Þorkelsson. Þórðr gipti Þóriði Sturlu dóttur Eyjólfi Þorsteinssyni, ok skyldu þau vera á Grund um vetrinn. En þeir fóru útan með Þóriði: Nikulás Oddzson, Þorsteinn Gunnarsson, Ingjaldr Geirmundarson. Fóru þeir útan í Eyjafirði; en Gizurr fór útan á Eyrum, ok með hónum Önundr biskups-frændi, Guðmundr Þór-hildarson¹, Þorleifr hreimr. Þeir kómu hvárir-tveggju til Noregs um haustið; ok fundu Hákon konung í Björgyn, ok fóru hvárir-tveggju með hónum norðr til Frándheims, þvíat konungrinn sat þar um vetrinn. Hákon konungr lagði stefnu til málá þeirra Þórðar ok Gizur. Ok á stefnunni lét Þórðr lesa upp rollu langa er hann hafði látið rita um skipti þeirra Haukdæla ok Sturlunga. Birtisk þar á margr skaði er Þórðr hafði fengit í manna-látum. Þá mælti konungr: ‘Hvat flytr þú hér í móti, Gizurr?’—‘Eigi hefi ek skrá-sett sagnir mínar; en þó kann ek hér nökkuru í móti at svara; en þó kalla ek hér einarðlega frá sagt várum skiptum.’ Þann orðróm fengu þeir báðir, at menn sögðusk² eigi heyrt hafa einarðlegar flutt en hvárr flutti sítt mál, svá mart sem í hafði orðit; mælti hvárrgi í móti öðrum, né³ ósannaði hvárr annars sögu⁴. En þat þóttusk menn skilja, at konungrinn viki meirr áleiðis með Gizuri, allt [þat] er hónum þótti svá mega; ok höfðu menn þat fyrir satt, at þat mundi vera fyrir sakir málá Snorra Sturlusonar, er lát hans hafði nökkut leitt af konunginum. Þá buðu þeir málín öll á konungs dóm; en konungr dró heldr á frest; ok öngan ór-skurð vildi hann á millum þeirra göra um vetrinn. En um várit fór konungrinn suðr til Björgynjar, ok báðir þeir með hónum, Gizurr ok Þórðr, ok menn þeirra. Var þá enn talat um málin er þeir kómu suðr. En er Þórðr kærði á um málin Snorra [Sturlusonar], svaraði konungr þar fyrir; ok segir, at hann átti þat at bæta, en bað Gizur svara öðrum málum. Þótti mönnum þá sem konungr mundi lið-sinna Gizuri allt þat er hónum þótti sér sama eptir hónum at mæla. Vóru þeir nú báðir með konungi. Einum vetri eptir Haugsness-fund kom út Heinrekr biskup ok Þórðr kakali⁵.

¹ Þorvaldz son, B. ² sögðusk] kóðuz, B. ³ eða, B. ⁴ sögn, B. ⁵ einum vetri—kakali] B. omits this passage.

[III. 92: vii. 46.]

209. ¹ Nú skal hér taka [til] á Íslandi :—Pat sumar eptir Haugness-fund ok fall Brandz var friðr á Íslandi. Staðar-Kolbeinn var þá fyrir ráðum at Hólum, ok var heill lítt um sumarit eptir fundinn; naut hann hvárki svefns né matar, ok þótti mikit frá-fall Brandz sonar síns. Hann kom til Staðar, at finna Jórunni nökkuru fyrir Óláfs-messu ina syri, ok gisti at Stað, ok fékk ekki mælt við Jórunni, né aðra hugðar-menn sína. Þaðan reið hann upp á Viðimýri til Ingigerðar dóttur sínnar. Lagðisk hann í rekkju er hann kom þar, ok andaðisk Óláfs-messu hina síðari; ok þótti þeim mönnum sem görst vissu, sem hónum mundi manna-missir mjök grandat hafa. Var hann færð til Staðar, ok jarðaðr fyrir sunnan kirkju hjá Brandi, syni sínum. Kolbeinn var þá nær sjautögum ² manni er hann andaðisk. En Brandr var hálf-fertögr er hann féll; vetri yngri en Kolbeinn ungi. Jafn-lengð Brandz, ok þeirra manna er þann dag léту skum, er fjórum nóttum fyrir Jóns-messu Hóla-biskups. Þá var liðit frá falli hins Heilaga Óláfs konungs, sex vetr ins tíunda ³ tigar, ok hundrað tólfraett. En frá brennunni í Hitardal, er mest tíðendi höfðu þá önnur orðit hér á landi, tveim ⁴ vetrum fátt í tíu tigi vетра. Þá er Brandr féll, var Innocentius páfi [f] Roma, Friðrekr var keisari, Eirikr Eiriksson konungr í Svíþjóð, Eirikr ok Abel í Danmörku, Hákon konungr í Noregi, Heinrekr sonr Jóns konungs ⁵ í Englandi.

210. Vetri eptir Haugness-fund kom hingat í Norðrlönd ok til Björgynjar Viljalmr kardináli, sendr af páfa Innocentio, til þess at vígja Hákon konung undir kórónu. Hann vígði ok Postula-kirkju í Konungs-garði á Svhithuns-messu-dag um sumarit. Hákon konungr lét þá Gizur ok Þórð kæra mál sín svá at kardinálinn var við, ok lét tjá hónum alla mála-vöxtu þeirra. En er kardinálinn heyrði ok skilði mann-lát þau er Þórðr hafði fengit í skiptum þeirra Gizurar, þá veik hann hér mjök eptir, ok þótti jafnan sem hans hlutr mundi hafa við brunnit. Vildi hann þat eitt heyra, at Þórðr færi þá til Íslandz, en Gizurr væri þar eptir. Kvað þat ok ráð, at einn maðr væri skipaðr yfir landit, ef friðr skyldi vera. Þá var ok vígðr Heinrekr biskup til Íslandz til Hóla-staðar, ok dró hann mjök fram hlut Þórðar við kardinálinn ok svá við

¹ The following three chapters (209-211) are here taken from B. Br. contains them, but annotates in the margin, ‘Önnur Saga jók þessu.’ ² vij tögum, B.

³ Emend.; níunda, B. ⁴ tveim] emend.; þrim, B. ⁵ Heinrekr sonr Jóns konungs] thus emend.; Jón konungr, Cd. (Henry III, son of king John).

[III. 93, 94: vii. 47.]

konunginn. Var þá ok all-kært með þeim biskupi ok Þórði. Um sumarit Óláfs-messu var Hákon konungr vígðr undir kórónu; hafði hann þá veizlu mikla út í naustinu. Þá var þat ráðit, at Þórðr skyldi út; ok var hann þá skipaðr yfir allt landit til forráða. En Gizurr var þá eptir; ok þótti hónum þat all-bungt; ok var hónum þá skipuð sýsla norðr í Þránd-heimi. Þorgils, frændi Þórðar, var þá eptir með konungi svá sem í nökkurri gislingu fyrir Þórð til trúnaðar við konung.

211. Sumar þat er Þórðr fór til Íslandz var tveim vetrum eptir þat er Kolbeinn ungi andaðisk ok Svarthöfði Dufgusson fór útan í Hvítá með vöru þá, er Kolbeinn lagði til utan-ferðar Þórði. Var Svarthöfði þann vetr í Noregi er Þórðr var á Grund. En þat sumar, er Þórðr fór útan, kom Svarthöfði út í Vestmanna-eyjum. Þat sumar, er Hákon konungr var vígðr, fóru þeir Heinrekr biskup ok Þórðr til Íslandz. Kom Þórðr í Vestmanna-eyjar. Tók hann þar vín mikit¹, er hann átti, er Svarthöfði hafði út flutt ok látið þar eptir í eyjunum. Fór Þórðr upp til Keldna; fann hann þar Hálfdan mág sínn ok Steinþoru. Vóru þau brott ór Eyjafirði; hafði þeim lítt lískat til fylgðar-manna Þórðar. Þórðr reið síðan norðr til Eyjafjarðar til Grundar, ok dvalðisk þar nökkura hríð, áðr hann fór vestr í sveitir. Ok er hann kom í Borgarfjörð tók hann undir sik sveitir allar, ok allt fé Snorra Sturlusonar, ok svá héraðit í Borgarfirði. Hann fór í Garða til Þorleifs, ok tók af hónum trúnaðar-eiða, ok skipaði hann mest yfir héraðit. Sendi hann þá menn á Bessastaði, ok tók bú þat til sín; ok hafði þaðan mölt mikil, ok flutti upp í Reykjaholt, ok ætlaði þar at sitja um há-vetrinn. En hann fór þá vestr til Saurbæjar, ok var á Staðarholi með Sturlu um Jólin öndverð. Síðan fóru þeir Sturla báðir suðr í Reykjaholt, ok sátu þar framan mjök til Föstu. Þá kom vestan Einarr Þorvaldzson ok Hrafn Oddzson, ok játtuðusk allir Vestfirðingar til hlýðni við Þórð. Þann vetr kvángaðisk Nikulás Oddzson í Reykjaholti. Kom þá sunnan Sigvarðr biskup; ok urðu þeir Þórðr ekki mjök sáttir í fyrstunni sín á milli, en greiddu þó vel. Gaf Þórðr til staðarins í Skálaholti Skóg-tjörn á Álpta-nesi

¹ Here a leaf in B is much mutilated, more than the outer half being cut off; so that the first column is almost entire; but the second and third are cut clean off, except a small piece; the fourth has been left blank by the transcriber. However, the copy in Br. and other transcripts of the seventeenth century were taken whilst the leaf was still whole.

[III. 95: vii. 47.]

fyrir sál föður síns ok móður. Hón hafði andask um haustið áðr hann fór norðan. Þórðr reið um vetrinn fyrir Föstu ok tók undir sik öll héruð í Norðlendinga-fjórðungi ; mælti þá eingi maðr í móti því. Öngar bauð hann bætr eptir Brand frænda sínn, enda beiddi engi bóta. Vóru synir Brandz þá ungar, annarr átta vетra en annarr níu. Um várit görði Þórðr annat bú í Geldinga-holti í Skagafirði, ok var þar löngum. Var þar fyrir Kolfinna Þorsteins dóttir ; hón var frilla Þórðar ; ok áttu þau dóttur er Halldóra hét. Þórðr átti tvá sonu við Yngvildi Úlfssdóttur, Þórð ok Úlf. Styrmir hét son hans ok Nereiðar Styrmis dóttur. Jón kárin¹ var ellztr; hann var fæddr í Vestfjörðum. Þetta sumar reið Þórð til þings² með fjölmenni mikit. Vóru þá ok inir stærstu menn flestir á þingi ; ok veittu allir [Þórði] tillæti á þingi, nema Sunnlendingar, þeir [er] vóru menn Gizurar, ok enn sumir Áverjar þeir sem eigi hlýddu ráðum Hálfdanar. Þá vóru þeir frændr ungar í Austfjörðum, synir Þórarins Jónssonar, Þorvarðr ok Oddr ; ok höfðu þeir föður-leifð sína ; ok viku þeir öllum sínum málum undir Þórð ok hans forsjá. Sæmundr Ormsson hafði Síðuna, ok föður-leifð sína. Guðmundr bróðir hans var þá ungr, ok réð Sæmundr fyrir þeim. Hann var vitr maðr, ok heldr ágjarn ; ok þótti líkastr til mikils höfðingja ; hann bjó at Kálfa-felli. Hann mælti til innar mestu vináttu við Þórð, ok vildi at hann hefði forsjá með hónum ; ok beiddisk at görask heima-maðr Þórðar. En Þórðr réð einn öllu á þinginu. Hann tók til lög[sögu-]mannz Óláf hvíta-skáld Þórðarson. Hann ýfðisk heldr við Sunnlendinga, ok kvazk sjá hverra föður-bóta þeir vildu hónum unna, er þeir vildu síðr þjóna hónum en öðrum mönnum á Íslandi. En þeir gásu eigi gaum at því. Hann hét þeim því, at þeim mundi eigi gagnask at halda þeirri stærð fram. En þó reið Þórðr norðr af þinginu, ok var heima um sumarit. En um haustið, þá er skipa-gangr var reyndr, ok vitað var, at Gizurr kom eigi út, reið Þórðr suðr um Kjöl með mikla sveit manna, ok fór um alla sveit Gizurar. Mæltu þá flestir menn eigi í móti at þjóna hónum ; ok var þeim þó in mesta nauðung. Hann lagði ok fégjald á alla bændr ; ok þótti þeim þat léttara en þjóna opinberlega til Þórðar ; þvíat þeir vóru einfaldir í sinni þjónustu við Gizur. Þórðr fór ofan allt á Nes, ok svá upp í Borgarfjörð;

¹ kaarin, Cd.² Here ends the first column of the mutilated leaf; the rest of this chapter is therefore for the greater part taken from the transcripts.

[III. 96, 105 : vii. 47, 51.]

var þá kominn til hans Sæmundr Ormsson. Fór Þórðr ór Borgarfirði í Dali vestr, ok skipti rískinu með þeim frændum sínum¹, Sturlu Þórðarsyni ok Jóni Sturlu-syni. Þat görði hann á Þorbergsstöðum. Reið hann síðan norðr Laxárdals-heiði, ok sat á Grund um vetrinn. Þann vetr gipti hann Ingunni Sturlu-dóttur Sæmundi Ormssyni. Fóru þau um sumarit austr til bús þess er Sæmundr átti þar. Görðisk hann þá ofsa-maðr mikill, ok þótti lísklegr til höfðingja. Þetta sumar reið Þórðr til þings. Mælti þá eingi maðr í móti hónum á þinginu. Guldu Sunnlendingar gjald þat er Þórðr lagði á, ok gekk þat þó² allt með inni mestu nauðung. Þetta sumar urðu þeir nökkut mis-sáttir, Sæmundr Ormsson ok Ögmundr Helgason. Kærðu þeir þat fyrir Þórði; ok setti hann þá niðr þær greinir er þá vóru í milli. Mælti þá eingi maðr í móti því er Þórðr vildi at væri.

Sumar þetta kom út bréf Hákonar konungs til Þórðar; ok var hónum stefnt útan. Þar vóru á nökkurar sakar-giptir ok átölur við Þórð, um þat, at hann hefði meiri stund á lagit at koma landinu undir sik en konunginn, sem hónum þótti einka-mál til standa. Heinrekr biskup sylgði ok þessu, at Þórðr héldi eigi þat er hann hafði konunginum heitið. Ok fóru þá margar greinir [f] með þeim Þórði, svá at nær kom einginn hlutr ásamt með þeim. Svall þetta sundr-þykki svá, at Heinrekr brá til utan-ferðar þetta sumar; ok kom á fund Hákonar konungs. Tók hann við biskupi forkunnar-vel, ok vissi at hann hafði einarðlega sylgt hans máli á Íslandi. En biskup flutti eigi mjök mál Þórðar, ok kvað hann ekki efna þat er hann hafði heitið; kvað konungs vilja aldri mundu við gangask á Íslandi meðan Þórðr réði svá miklu. Biskup var með konungi um vetrinn; ok hlýddi konungr all-mjök á hans sagnir. En þá var sátt þeirra manna í Noregi, er mjök drægi fram hlut Þórðar, nema nökkurir lögur-nautar hans³.

212. ⁴ Um sumar it fyrra hafði Þórðr riðit suðr til Hváls, ok kom þar um nótt með ófriði. Gékk Philippus út ok þeir menn er fyrir

¹ ok, add. Br., but not B. ² þó] svá, Cd.

³ ‘Hér vantart enn við,’ Cd., in margin. The fourth column in the vellum B is left blank, probably in order to take in the following chapters, 212-215. This is in the vellum the last leaf in a sheet, the next sheet beginning with a fresh handwriting and a fresh Saga, viz. the Svínfellinga Saga. See below.

⁴ The following three chapters are not found in B. In Br. they have been inserted in the midst of the Svínfellinga Saga, where they break off the context. They evidently form a part of Sturla's work.

[III. 105 : vii. 52.]

vóru. Þá vildi Hrani Koðransson ljósta Philippus með keyri; en Þórdís Flosadóttir, kona Philippus, brá við hendinni með skikkjunni, ok bar af hónum höggit. En svá varð skilnaðr þeirra at sinni, at Philippus festi Þórði útan-ferð sína á því sumri. Þaðan reið Þórðr til Keldna. Þá sendi hann Áron í Odda; skyldi hann koma Haraldi til mótz við Þórð. Ok er Áron finnr Harald, segir hann at þeir skuli flytja hans mál, ef hann vill fara með þeim; ok hans kostr skyldi þá vera beztr, ok segir hónum annat óráðlegra. Nú með því, at Haraldi þótti eigi örvaent, at Áron fengi þat flutt, at hann fær eiði útan, en trúði hónum vel, þá fór hann til mótz við Þórð. Var þá eingi annarr kostr af Þórði, en Haraldr festi útan-ferð sína. Ok þat fór fram, ok varð Áron hónum at öngu liði. Var þat mál manna, at hann görði þat eigi at makgleikum. Þetta haust kvánguðusk þeir Þórarinssynir; fékk Þorvarðr Solveigar Hálfdanar dóttur, en Oddr fékk Randalinár Philippus dóttur, ok vóru bæði senn brúðlaupin at Hváli um haustið eptir er þeir vóru útan farnir, Sæmundar-synir. Var Sigvarðr biskup at brúðlaupinu, ok fór útan síðarr ok Þórðr Sighvatzson. Á því ári var veginn Guðmundr Hjaltason.

213. Maðr hét Hrani ok var Koðransson; hann var mikill ok nökkut skrámleitr, langnefjaðr, ok hafit framan-vert nefit. Þórðr kakali hafði vina-boð á Grund. Þar kom Hrani, Eyjólfur Þorsteinson, Hrafn Oddzson, Sæmundr Ormsson, Sturla af Staðarholí, Þorleifr ór Görðum. Á þeim fundi skipti Þórðr ríki með þeim. Skyldi Eyjólfur hafa ríki í Skagafirði, ok búa í Geldingaholti. Hrani skyldi taka við búi á Grund, ok vera fyrir héraði í Eyjasfirði. Þorleifr skyldi vera fyrir Borgarfirði, en Sæmundr fara austr til ríkja sínnna. Hverr þeirra skyldi veita öðrum, ef nökkut þyrfti við. Þeir skyldi fyrir öngum laus láta ríki, nema bréf Þórðar kæmi til, eðr hann sjálfur. Gaf Þórðr þeim öllum góðar gjafir at skilnaði. Fór hann þá útan. Ok þótti mönnum hann hafa lítt skilizk við málín þeirra Orms-sona ok Ögmundar. Hrafn bjó á Sauðafelli; hann átti annat bú á Eyri í Arnarfirði. Hrafn fór jafnan til Borgarfjarðar, ok vingaðisk þar við bændr. Nikulás Oddzson átti Gyðu Sölmundardóttur; hann var lengi með Þórði Sighvatzsyni, ok fékk af hónum mikinn sóma; hann var hirðmaðr Hákonar konungs ok í góðri virðingu með hónum. Þau Gyða áttu tvá sonu; annarr hét Valgarðr, en annarr Sölmundr; en Helga dóttir; hón var gipt Þorlaki Narfasyni; þeirra son var Ketill. Nikulás

[III. 106: vii. 52, 53.]

átti bú í Kalmans-tungu, ok var löngum með Hrafni, ok var með þeim mikil vinátta. Allir inir stærstu bændr í héraðinu vóru trúnaðar-menn Hrafns: Egill, ok Þorkell prestr í Síðu-múla, Finnr af Sámsstöðum.

214. Þá er Sæmundar-synir kómu á fund Hákonar konungs, tók hann vel við þeim. Gáfu þeir þá upp goðorðin í vald Hákonar konungs, ok vóru með hónum tvá vetr. Síðan gefr konungr þeim orlof til Íslandz, ok fær hann aprí ríki sítt, ok kvazk skyldu auka sæmð þeirra. Fóru þeir í skip með Kolbeini svarta ok Skeggja hvíta; ok sigldu í haf, ok höfðu langa úti-vist. Ok Dróttinsdag¹ fyrir Michaelis-messu sigldu þeir austan fyrir Mýrdals-eyri, ok svá vestr fyrir; ok stóð Haraldr á búlka-brún, ok skipaði² land. Hvessti þá svá veðrit sem á leið nóttna. Ok þat veðr görði Mána-daginn, svá at skipit leysti undir þeim. Hljópu menn þá í bát, ok týndusk þeir allir. En fjórir menn hljópu í stafn-lok skipsins; ok sögðu þeir svá síðan, at þeir kenndu at Philippus komsk þriði³ á kjöl. En þeir vóru áttján⁴ dægr á skips-flakinu, ok höfðu önga vist, nema einn smjör-laup, ok átu þar við svarð-reiðann. Drykk höfðu þeir örgan. Var þar Ari Ingimundarson, Sighvatr kostr, Mör-kári, Ögmundr hét inn fjórði. Síðan fundu fiski-menn þá ór Vestmanna-eyjum, ok fluttu þá með sér til Eyjanna. Ok vóru þeir mjök þrekaðir, sem ván var.

¹ Langardaginn, V. ² Thus, or read skygndi (?) = *he had the look-out, or espied*; skodaði, V. ³ Or, þrysvar (?) ; 'iij,' Cd. ⁴ prettán, V.

SAGA SVÍNFELLINGA; OR, SAGA ORMS SONA.

215 (1). Þá er Hákon konungr Hákonarson hafði þrjá tigi vetraráðit Noregi, kom Vilhjálmr kardináli í Noreg, ok vígði hann Hákon konung undir kórónu. Þat var á fimta ári pávadóms Innocentii. En þrim vetrum síðarr fór útan Heinrekr biskup Kársson ok Þórðr kakali¹. Þá var körinn til lög[sögu-]mannz Sturla Þórðarson. Á þeim misserum andaðisk Árni óreiða Magnús son, Ámunda sonar. Brandr prestr Jónsson var vígðr til ábóta á því ári er Hákon var vígðr undir kóronu; hann réð fyrir austr í Þykkvabæ í Veri², ok var ágætr höfðingi, klerkr góðr, vitr ok vinsæll, ríkr ok góðgjarn; hann hafði mann-heill mikla³. Halldóra Arnórs dóttir var móðir hans; en móðir Halldóru var Guðrún, dóttir Brandz biskups Sæmundar sonar.

(2). Ormr Jónsson bjó at Svínafelli; hann var goðorðz-maðr þar um Síðuna; hann átti Álfeiði, dóttur Njáls ór Skóggum. Synir hans vóru þeir Sæmundr, Ormr, ok Guðmundr. Þeir vóru bræðr⁴: Brandr, er síðan var biskup at Hólum, ok Þórarinn faðir þeirra Þorvarðz⁵ ok Oddz. Systr þeirra vóru þær Sólveig ok Steinunn;—þau vóru fimm systkin. Þá bjó Digr-Helgi í Kirkju-bæ; hann átti Arnfríði dóttur Þorsteins bónða frá Hofi. Synir þeirra vóru þeir Ögmundr, Þorsteinn, ok Arnórr er síðan var ábóti í Viðey, Sokki ok Finnbjörn. Ögmundr Helgason átti Steinunni Jóns dóttur; þau vóru börn þeirra: Guðmundr gríss⁶, Jón karl, Sigmundr, ok Sokki; Guðrún, Þóra, Helga, ok Arnbjörg nunna. Skeggi Njálsson bjó í Skóggum; hann átti Sólveigu Jóns dóttur; þessi vóru þeirra börn: Klængr, Þorsteinn, Eyjólfur, Jón prestr, Arnbjörg er átti Guðmundr Þorsteinsson er bjó í Skarði'nu Eystra á Rangár-völlum. Helgi Loptzson bjó þá í Skál; hann

¹ en þrim—kakali] add. B. ² í Veri] add. B. ³ ok í þann tíma hafði hann mest (!) mannehill þeirra manna er þá vóru á Islandi, B. ⁴ Viz. these were the brothers of Orm. ⁵ Þorvarðar, B. ⁶ Guðmundr gríss] add. B.

[Saga Svínfellinga, 3.]

átti Ásbjörgu¹ Þorláks dóttur systur Árna biskups; þau Helgi áttu mörg börn: Lopt, ok Bjarna prest, Magnús, ok Árna er síðan varð biskup, Guðny er átti Þórðr á Möðru-völlum, Þórdís, Halldóra². Helgi í Skál átti þann bróður, er Svartr hét; hann var góðr bóndi; hann átti Ástríði Guðmundar dóttur; þau áttu son er Porkell hét. Snorri sveimr bjó í Holti í Meðal-landi; hann var fémaðr mikill, ok þó lítils-háttar³; hann var vinr Ögmundar; ekki átti hann barna⁴. Egill hét maðr, skyr-hnakkr; hann bjó í Mörtungu; Ragneiðr hét kona hans; en Einarr hét son þeirra. Með þessum öllum mönnum var góð vinátta.

(3.) Þat var eitt sumar er Ormr Jónsson var á Alþingi⁵, at verk laust í hönd hónum. Þá kom til hans Helgi læknir er þá bjó á Márvstöðum. Hann kvað eigi mundu göra atgörðir; ok at því varð⁶. Þat segja sumir menn at Ögmundr Helgason tæki Ormi blóð þar á þinginu á gjós-aðinni. Ok síðan felldi sóttina at hónum. Reið Ormr af þinginu í Skálaholt ok við mikinn þunga, ok lagðisk þar í rekkju, ok lá lengi sumars í þessum vanmætti. Kom þá Álfreiðr húsfreyja hans austan, ok margir frændr hans ok vinir, at finna hann, þvíat hann var vinsælastr af öllum óvígðum höfðingjum á Íslandi í þann tíma; þvíat hann leiddi mest hjá sér allra⁷ þeirra hernað ok ööld⁸ þá er þeir vöfðusk í, en hélt hlut sínum óskerðum fyrir öllum þeim. Ormr bóndi andaðisk þrim nótum fyrir Máríumessu ina síðari í Skálaholti. Var hann jarðaðr fyrir austan kirkju. Þá fór Álfreiðr húsfreyja hans með barni; ok fæddi hón á þessum misserum svein, ok var kallaðr eptir föður sínum Ormi. Þat haust var veginn Snorri inn Fróði í Reykjaholti. Sæmundr tók goðorð eptir föður sínn ok staðfestu, en Ögmundr bauð Guðmundi heim til fóstrs til Steinunnar föður-systur sínnar. Sæmundr tók þar fé Guðmundar í Kirkjubæ; en Ögmundr varð-veitti fé Guðmundar. Þá var Guðmundr sjau vetra er faðir hans andaðisk. Þat fannsk brátt á, er Ormr var frá kallaðr, at Ögmundr hélt sér vel fram um heraðs-stjórn, ok görðusk margar greinir með þeim Sæmundi.

¹ Arnbjorgu, B. ² Guðny—Halldóra] add. B. ³ lítill bóndi, B. ⁴ ekki —barna] add. B. ⁵ B; þingi, Cd.

⁶ hann létt senda í búð eptir Helga lækni er bjó á Márvstöðum í Vazdal; hann kom til ok sagðe, at honum syndiz svá meinít sem eigi mundi teá atgerðir at hafa, ok at því varð, B, which omits the following sentence, þat segja—at hónum.

⁷ allra] B; alla, Cd. ⁸ óöld], B; óvild, Cd.

[Saga Svínfellinga, 4.]

(4). Þat var eitt sumar¹, at Sæmundr lét eiðfæra ómaga á land-seta Ögmundar er Höskuldr hét. Ögmundr reið þegar at sjá yfir efni hans; ok vildi hann kalla þat, at Höskuldr ætti eigi at annask² ómagann syrir fjár-sakir. Síðan fékk Ögmundr menn til at færa aprí ómagann. Sæmundr varð reiðr við þetta, ok sér nú yfir fé Höskuldz³, ok þykkir hann fé hafa at annask ómagann; ok kvezk eigi svá búit hafa skyldu. Ríðr heim eptir þetta, ok kvað Ögmund rangt gört hafa. Ok er nú kyrt um vetrinn.

Um várit fór⁴ Sæmundr stefnu-för í Kirkjubæ; stefnir hann Ögmundi um þat, at hann þóttisk eigi ná réttu af hónum. Heyrir Ögmundr á stefnuna, ok svá Guðmundr bróðir Sæmundar. Síðan ríðr Sæmundr ofan í Hollt í Meðal-land, ok tekr þar upp bú Snorra sveims, svá at þar var fátt fé-mætt eptir. Þaðan ríðr hann í Mörtungu, ok skiptir fé með þeim Agli⁵ ok Ragnheiði, ok rak þaðan í brott fé allt⁶; en segir Agli skyr-hnakk, at hann skal heimila vist eiga at Svínafelli þeim stundum er hann vill verit hafa. Egill tekr því hvárki vel né illa. Síðan ríðr Egill til Kirkju-bæjar, ok segir Ögmundi til hvar komit var⁷. Ögmundr görir þar ekki at, en býðr Agli með sér at vera. Egill þakkar hónum boðit, ok lézk lengrum⁸ þar mundu vera en með Sæmundi. Ok er þeir tala þetta, ríðr þar [at] Snorri sveimr, ok berr upp vandræði sín. Ögmundr bað hann vel verða við, ok kvað eigi mat⁹ mundu skorta í Kirkjubæ, ‘Ok skal oss jasn-drjúgt verða,’ segir hann. Ögmundr sendir mann í Þykkvabæ¹⁰ til Brandz ábóta, ok segir hónum hverju þeir fóru fram. Ábóti hét at leggja til samnings með þeim, en bað Ögmund eigi halda vini sína til rangra hluta með ofkappi, ‘Þvíat þess er ván, at Sæmundr vili þat eigi hafa, hvárki af yðr né öðrum mönnum¹¹.’ Ábóta líkar ok illa fjár-upptektin, þótt sakar væri til; ok kvazk ugga, at til meira mundi draga með þeim en þá var fram komit; þvíat Sæmundr var ofsa-maðr mikill ok óeirinn, ok görði at

¹ Þat haust—þat var eitt sumar] much shorter in B,—Sæmundr tók staðfestv oc godorð, en Guðmunde var êtlát annat fé; hann var längum með Ogmunde ok Stein-unne föður systur sinne. Þat var eitt sinn at Sæmundr lét . . . ² mætti eigi annatz, B.

³ -ulldar, B. ⁴ eptir um várit, B. ⁵ Egli, B, here and often.

⁶ síðan ríðr hann í brott, ok hefir með sér fé allt þat er Egill átti, B. ⁷ Egill tekr því mjök hvárgangar veg. Þegar Sæmundr er í brottu ríðr Egill í Kirkjubæ, ok segir Ögmundi til svá búins, B. ⁸ lengrum] B; lengr, Cd. ⁹ mat] ok önnur föng, add. B. ¹⁰ Þjokkvabæ, B, here and often.

¹¹ Here is a homoteleuton in B (ábóti).

[Saga Svínfellinga, 5, 6.]

því öngan manna-mun, en Ögmundr var ótillátsamr, ok átti mikit undir sér.

(5).¹ Nú ríðr Sæmundr til þings, ok fjölmennir mjök. Brandr ábóti reið ok til þings, ok Guðmundr bróður-son hans reið með hónum. Á þinginu vill Sæmundr sækja Ögmund til sekta, en ábóti bað, at þeir felldi þetta niðr, ok svá Guðmundr, bað hann vægja Ögmundi fóstra sínum. Ok svá gerir Sæmundr, at hann hefir eigi mál fram at sinni. Af þinginu riðu þeir ábóti heim. Ok þótti þá sem jafnan, at Brandr ábóti hefði sér hinn betra hlut af deildan. En Sæmundr reið norðr með Þórði Sighvatz syni² í Geldinga-hollt, ok bað Ingunnar Sturlu dóttur bróður-dóttur hans³; ok hón var hónum gipt. Þórðr sagði Sæmundi, at hann vill, at hann leggi hvergi sínn hlut fyrir Ögmundi, kvað hvárki til skorta fjölmenni né mægðir. Nú ríðr Sæmundr heim til Svínafellz með konu sína. Ok þegar hann kemr heim, býr hann til veizlu ok býðr þangat Guðmundi bróður sínum ór Kirkjubæ. Guðmundr segir, at hann man koma, en Steinunn húsfreyja föður-systir hans bað hann eigi fara. En Guðmundr reið þó til veizlunnar ok með hónum Egill skyrhakkr. Um veizluna var þeim bræðrum alltíðrætt, ok vissu menn óglöggt hvat þeir töludu. En er slitið var veizlunni reið Guðmundr heim í Kirkjubæ, ok gaf Sæmundr hónum einn hest. Nú er hann í Kirkjubæ þat er eptir var sumars. En um haustið beiðir Guðmundr Ögmund brötferðar, ok hann vill hafa í brot með sér fé sít. En Ögmundr tók því seinliga, en kvez þó eigi vilja banna hónum brötferð. Steinunn húsfreyja bað Ögmund vel leysa Guðmund af hendi; ok svá gerði Ögmundr, at hann gallt⁴ Guðmundi til hundrað hundraða. Ferr hann við þetta efni til Sæmundar. Sitja þeir nú um kyrt fram yfir Jól⁵.

(6). Eptir Jól um vetrinn dregr Sæmundr at sér lið; hann sékk nær átta tigum manna, ok ferr við þetta lið í Kirkjubæ. Ok um morgininn er þeir ætla at fara, bað Álfreiðr húsfreyja, móðir Guðmundar, at hann fær eigi þessa ferð með Sæmundi, fyrir þá sæmð ok velgerninga, er Ögmundr hafði hónum væitta. En hann svaraði henni heldr styggliga, ok kvazt svá aldrs kominn at hann mundi

¹ The following two chapters (5 and 6), and a part of chapter 7, are taken from B, the text being more minute and better.

² til Þórðar Sighvatz sonar, Br. ³ bróður-dóttur hans] add. Br. ⁴ ok svá gerði Ögmundr, at hann gallt] Ögmundr greiddi Guðmundi innstæður þessa fjárhæð sem hann tók við, sem var til hundrað hundraða, Br. ⁵ sitja—Jól] add. Br.

[Saga Svínsfellinga, 6.]

sjálfr ráða ferðum sínum¹. Hón kvað hann þó eigi mundu fara svá búinn, ok bað hann ganga með sér til Lítlu-stufu, ok gera klæða-skipti. Ok er hann klæddizt, gengr hón brott af stufunni ok rekr fyrir láss. Ok er hann verðr þessa varr, tekr hann einn stein er hann fann í stufunni, ok brýr frá hurðina; ok komzt út eptir þat. Þeir Sæmundr vóru þá búinir, ok riðu við þetta lið í Kirkjubæ. Þetta var um nótt eptir Páls-messu. En sá maðr var á staðnum er Íllugi hét, ok var Guðmundarson; hann var bryti; hann átti þá konu er Bergljót hét; þau vóru úti í ellda-húsi um nótt at soðningu, ok sá maðr með þeim er Þorvaldr hét, ok kallaðr feni. Rakki lá í eldhúsinu; hann spratt upp ok gó. Íllugi bað Þorvald forvitnæzt at hverju hann gó. Hann gengr, ok ferr upp á húsin; ok sér, at hundrinn horfir norðr af húsunum. Hann heyrir þá manna-mál, ok þekkir skjótt mál þeirra bræðra, Sæmundar ok Guðmundar. Þorvaldr görði ekki vart við sik; ok gékk heim skjótt, ok inn í skála at rúmi bónða, ok sagði at menn fóru at bænum, ‘Ok eigi ráðit, at með góðum vilja sé þeim er hér eru fyrir.’ Ögmundr spurði, hvárt hann vissi nokkut af hverir vera mundi. Steinunn svarar: ‘Eigi þarf ek lengi at geta til; þeir munu vera frændr mínr, Sæmundr ok Guðmundr. Ok görít fyrir Guðs sakir ok nauðsyn yðra, at þér aukit eigi vandræði við frændr mína².’ Ögmundr stendr upp þegar, ok tekr brynjar nökkurar tíu, er héngu fyrir rúmi þeirra, ok kastar eptir setjunum, ok bað menn upp standa. Þeir klædduz skjótt, þvíat ljós brann hverja nótt. Ögmundr bóni tekr mörg spjót, er bundin vóru í kerfi, ok berr út til kirkju. Ok þeir menn aðrir, er fyrir vóru, gingu til kirkju með vápnum. Ok er bóni kemr í kirkjuna, telr hann liðit, ok vóru þar fimm tigir vígra karla, þat er hónum þótti vápn-fært. Síðan gengr Ögmundr með vápnum, ok með hónum Pétr Gríms-son. Þeir ganga í stöpulinn; en í aðrar stöpul-dyrr gékk Jón karl ok Snorri sveimr. Þeir létu út horfa spjót-z-oddana. Ok í þessu hleypa þeir Sæmundr á hlaðit ok menn hans; ok kallar Sæmundr, at þeir skyldu hlaupa í dyrrin, svá fyrir þær dyrr er norðan vóru á húsunum. ‘Gangit nú inn sköruliga,’ segir hann, ‘ok látið þá nú enga viðtöku fá.’ Þá mælti Ögmundr: ‘Ef þér vilit nökkura menn finna, þá gangit hingat til kirkjunnar, þvíat húsin eru auð

¹ en hann svaraði—sínum] Guðmundr bað hana eigi þess biðja, at hann fær eigi með bróður sínum; ‘mun ek eigi þá meira virða er halda réttindum fyrir hónum,’ Br. ² ok görít—mína] add. Br.

[Saga Svínfellinga, 6.]

af mönnum. Þeir svöruðu engu, ok hljópu allir senn ofan til kirkjunnar, ok í kirkju-garðinn, ok slógu hring um kirkjuna, ok brugðu sverðunum. Ögmundr bónði heilsar þeim báðum bræðrum, Sæmundi ok Guðmundi. Þeir tóku því seinliga, ok spurðu, hví þeir væri í kirkjunni. Ögmundr kvað vart hafa orðit við ferð þeirra, ok þeir léti ekki friðliga; ‘En ef þér vilit fara með öðru efni, þá skal hér heimil gisting vera.’ Sæmundr kvaz ekki hafa ætlat þar mat at éta; ‘En þess beiði ek [at] þér gangit brott af kirkjunni.’ Ögmundr kvazk eigi mundu út ganga fyrr en lýsti; kvazk þá mundu gera sem hónum líkaði. Þá mælti Guðmundr: ‘Hvat muntú þá undir þér eiga meira kost, þótt lýsi af degi?’ Ögmundr mælti: ‘Þat ætlaða ek aldri, at þú mundir slískum orðum mæla, fóstri, sem nú heyri ek.’ ‘Ekki man nú farit at því, hverja virðing þú leggr á.’—‘Vera má at svá sé,’ sagði Ögmundr; ‘en mæla munu þat sumir menn, at ek være¹ annarra orða eigi ómakligri frá þér.’ ‘Svá skyldi ok vera,’ segir Guðmundr, ‘ef þú hefðir eigi syrri valdit upphöfum ok fullkomnum fjándskap við okkr bræðr; þar sem faðir okkarr veitti þér þat upphald, at þú mant aldri fá svá góðu launat, þótt þú leitaðir við þat, sem þú skyldir; en eigi með vélum ok prettum sem þú ert nú sann-prófaðr at.’ Þá tók til orða Fiargarðr Austmaðr, er í ferð var með þeim bræðrum; bað þá at ganga ok láta eigi kirkjuna standa fyrir þeim. Sæmundr kvazk þat eigi göra mundu, ok bað engan mann dirfa sik at því, at gera grand heilagri kirkju. Moðólfr djákni, er kallaðr var gani-maðr, fékk komizk út undir syll kirkjunnar, ok hafði einn hamar í hendi. Teitr hét fylgðar-maðr þeirra bræðra, er kallaðr var Hafr-Teitr; hann fékk tekit djákna, ok spyrr hann vildi er hann hljóp svá. ‘Þat skaltu brátt vita,’ segir hann. Hefr upp hamarinn, ok lystr á handlegginn, svá at Teitr lét þegar laust. Moðólfr hleypr at ánni fram, Kirkbæinga-á; hón fíll þíð í milli höfuð-ísa. Hann kastar sér þegar út á ána, ok leggz yfir. Hann ferr á þann bæ er í Tungu heitir. Hann segir Halldóri bónða heim-sóknina; bað hann senda á bæi ok segja þessi tíðendi, bað þá alla skunda til mótz við Ögmund. Djákni snýr þá skjótt aprt sömu leið. Ok er hann kemr á bæinn, gengr hann til baðstufu, þvíat hónum var kallt orðit. En Teitr gengr at Sæmundi, ok sagði, at maðrinn hafði brot komizt, ok brátt

¹ være] thus B.

[Saga Svínsfellinga, 7.]

mundu menn at koma. Sæmundr brá þá við skjótt, ok bað þá brot ríða, ok segir þá liðinu at hann vill ríða í Skál til Helga Loptz sonar. Þeir gerðu svá. Ok er mjök var ljóst orðit, kómu í Kirkjubæ nær átta tigir manna til mótz við Ögmund. Þar var Svartr, bróðir Helga ór Skál, ok eggjaði mjök eptir-reiðar; ok þess fýstu fleiri. En Steinunn húsfreyja latti eptir-reiðar; kvazk hón bæði til spara bónða sínn ok sonu sína, ok kvað flitt mundu hljótask af þessu her-hlaupi. Ok eptir þetta ríðr Ögmundr í brott, ok ærði undan at sinni. Hann ríðr norðr um land við hinn sjaundamann í Geldinga-hollt til Þórðar Sighvatz sonar. Ögmundr segir Þórði sín vandræði. Þórðr kvað Ögmundi sjálf-rátt í hvern stað, at láta hlut sínn fyrir Sæmundi, 'Því at þú hefir sjárkost meira; þú ert ok vinsælli af bónnum, þótt þú hafir eigi goðorð. Þá heyri ek ok, at bændr vili þér eigi verr en Sæmundi. Ok þótt ek sé mægðr við Sæmund, þá mæli ek þat eigi [eptir hónum] at hann ofssæki né einn mann. En ver með mér slfska stund er þér líkar.' Ok er þeir Orms-synir spryja þetta, brott-reið Ögmundar, þá sendir Sæmundr mann í Kirkjubæ, ok bað bændr ríða til mótz við sik. Þeir gerðu svá; fundu Sæmund í Skál. Hann hafði þá upptekt, at þeir hefði sýnt sik í mótgangi við hann, þar sem þeir voru hans þingmenn. Bauð hann þeim tvá kosti; at þeir skyldu vinna hónum trúnaðar-eiða; hinn annarr, at hann mundi taka fé þeirra eða limar. En þeim sýndisk, at vinna hónum, ok þeim bræðrum, trúnaðar-eiða, ok skiljast eigi við þeirra mál. Skildu þeir at því. Riðu þeir bræðr heim eptir þetta. Ok er nú kyrt um vetrinn ok tfðenda-laust.

(7). Nú er at segja frá Ögmundi, at hann er í Holti um vetrinn með Þórði Sighvatz syni. En um várit eptir Fardaga ríðr hann suðr um Kjöl, ok vill þó eigi ríða heim í Kirkjubæ. Görði Ögmundr þá vart við, at hann var kominn í héraðit. Bændr sendu þau orð Ögmundi, at þeir þóttusk verða nokkut hremðir; en kvóðu þó Ögmundi jafn-frjálsar símar eignir sem sjálfss síns, hvers sem hann þyrfti við. Ögmundr ríðr þá brott af Síðu, ok vissu menn óglöggt um ferðir hans, hvert hann mundi snúit hafa.

¹ Þá slásk í þessi mál með Ögmundi Þórarins-synir, Þorvarðr ok Oddr. Teitr Hallzson var með þeim Sæmundi ok Guðmundi,

¹ The following episode, þá slásk—sam-sumars, is taken from Br.; om. B.

[Saga Svínfellinga, 8.]

ok unði því eigi¹ er Ormr Svínfellingr hafði gefit Þórarni goðorð þau er Gróa Teitz dóttir móðir hans hafði átt, ok Ragnfríðr systir hennar; ok aldri höfðu þær leyfi til gefit at lögat væri goðorð-unum. Nú fékk Sæmundr eign goðorðanna af þeim sem löglega áttu, ok at erfðum höfðu tekit. Þessi mál vóru á Alþingi kærð, ok lögðu hvárir-tveggju undir Þórð kakala. Þórðr görði þat, at Þórarinssynir skyldi kjósa, hvárt er þeir vildi gjalda fimm tigi hundraða Sæmundi, ok eignask þá goðorðin, ok skyldi handsalamenn fram koma áðr þeir riði ór Fljótz-hlíð. Þeir kjöru at eiga heldr goðorð; en engir kómu fram handsala-menn. Kallar Sæmundr nú til goðorðanna. Ok er nú fyrst kyrt; en þó vex sundrþykti at nýju með þeim. Reisa þeir flokkinn, Þorvarðr ok Oddr. Ferr Þorvarðr suðr í Rangár-hverfi, ok biðr menn til atfara við Sæmund. Oddr fór norðan við átta tigi manna; ok þar sem þeir koma, hrekja þeir menn. Sæmundr görir norðr í móti þeim. Þá hljópu þeir á cinn klett allir; nema Oddr, ok þeir þrír, riðu frá þeim. En hinir er á klettinum vóru, gengu til sættar, ok sóru Sæmundi trúnaðar-eiða; handsoluðu þeir hónum, at hann skyldi göra af þeirra fé svá mikil sem hann vildi, ok þá er hann vildi; ok þat með, at þeir bræðr skyldi eiga allt fé þeirra, ef þeir hlypi í flokk móti Sæmundi, ok fara útlaga af eignum. En þat görðu þeir þó sam-sumars.

(8).² Næsta vár eptir er Þórðr kakali fór útan, reið Sæmundr Ormsson í móti þeim Oddi, ok hafði sjálfðæmi af mönnum hans. Ok þat sama sumar er Sæmundr var á þingi, tók Þorvarðr Þórarinsson Guðmund Ormsson ok nøkkura menn með hónum, ok flutti þá nauðga til Austfjarða, ok vóru þar haldnir til Óláfs-messu. Þorvarðr varð sekr um hernað á Alþingi, ok Oddr, Hálfdan Loptsson, Magnús Jónsson. Eptir þat sættusk þeir í Skagafirði um sumarit, ok handsoluðu hvárir-tveggju fyrir sína menn öll þau mál er görzk höfðu sveitanna á meðal. Varð þat at sætt, at þeir skyldu hluta hvárr göra skyldi við eið, Sæmundr ok Þorvarðr. Nú hlaut Sæmundr at göra. Þessi görð var upp lokit undir Lóns-heiði; ok var þat upphaf, at hann görði sér til handa sex tigi hundraða syrir töku Guðmundar á hendr Þorvarði, en tvau hundruð á hendr hverjum þeirra er fóru með hónum, ok skyldi

¹ ok unði því eigi] thus emend.; ok virði þá eigi, Cd.

² This chapter is wanting in B; in Br. it is displaced. It is a continuation of the above, referring to the year 1251.

[Saga Svínfellinga, 9.]

annarr eyrir upp gefask er annarr var goldinn. Fyrir sekð Þorvarðz vóru görvir þrír tigir hundraða. Þá görði hann sér til handa þrjá tigi hundraða¹ á hendr Oddi fyrir sekð hans. Görði hann hundrað á hendr hverjum þeirra er fóru með Oddi norðan á sveitina. Tuttugu ok fimm hundruð görði hann² fyrir sekð Hálfdanar Loptzsonar; simmtán hundruð fyrir sekð Magnúss Jónssonar. Þat manna-forræði görði hann sér til handa er þeir höfðu um deilt; en þat var norðr frá Lóns-heiði um Fjörðu til Gerpis³, ok upp til Eyvindar-ár upp í héraði, ok skyldi þat jamnt skerða beggja hluta þeirra bræðra, ok jafna með sér þau goðorð er norðr vóru þaðan. Síðan sér Sæmundr eið at görð sínni. Eptir þat bauð hann þeim heim. En þeir sóttu boðit, ok gaf hann þeim sæmiliðgar gjafar. Fám vikum síðarr lét Oddr drepa Þorstein Torfason, ok var illa látið yfir því verki. Hann átti Þórdísí Jónsdóttur föður-systur Oddz.

(9). ⁴Nú líðr at þingi⁵, ok fjölmennir Sæmundr mjök. Þórðr Sighvatzson var til þings kominn með mikil fjölmenni. Hann réð þá einn öllum Sunnlendinga-fjórðungi ok Norðlendinga-fjórðungi eptir fall Brandz Kolbeinssonar, en Gizurr var þá útan. Sæmundr hefir þá fram mál þat er hann hvarf frá it fyrra sumarit, þá er Brandr ábóti var á þinginu. Gékk þat nú auðvelldliga, þvíat engi var til andsvara fyrir Ögmund. Lýkr því svá, at Ögmundr varð sekr. Ríðr Þórðr heim norðr, ok þat sumar ferr hann útan. Ok er þat mál manna, at hann skilði harðliga við þetta mál.

Sekt Ögmundar fréttisk af þinginu⁶. En er Brandr ábóti spyrr þessi tíðendi, lætr hann illa yfir. En Sæmundr ríðr í Kirkjubæ, ok háði féráns-dóma eptir Ögmund. Var þá skipt öllu fé því er þar var; fyrst var skipt af⁷ staðar-eign, en þá síðan í helminga með þeim hjónum. Tók Steinunn til sín allt þat fé sem hón kallaði sér, ok þar með þat fé sem Ögmundr hafði gefit henni, þvíat Sæmundr kvazk vel því trúá sem hón segði. En mjök þótti fylgðar-mönnum Sæmundar þat í móti skapi, er hann lét þat fé laust. En hann kvað þá ekki því ráða skyldu⁸. Petta fé rak Sæmundr í brott: þrjá tigi kúa, ok tólf kúgildi ungra geld-neyta,

¹ görði hann, add. Cd. ² görði hann] om. Cd. here. ³ Gerpis] emend.; Grepils, Cd. ⁴ The following chapters, 9-15, are taken from B. ⁵ nú líðr at þingi] þat sumar var mikil þing-reið, Br. ⁶ sekt—þinginu] add. Br. ⁷ skipt af] frá skipt, Br. ⁸ tók Steinunn—ráða skyldu] thus Br.; tók Steinunn til sín Ögmundar-hluta, ok sinn hlut, þvíat hón kallaði þat sína eigu, B.

[Saga Svínsellinga, 10.]

fjóra arðr-eyxn, hundrat á-sauðar, fimm tigir geldinga, sjau tigir vetr-gamalla sauða, hross tuttugu, hálfir priðe tögr svína, fimm tigir heimgása, tólf skildir, tólf spjót, sex stálhúfur, sex brynjur, ok tju kistur, dúnklæði á hest. Ok er þeir ráku á brott þetta fé allt, þá æptu þeir upp allir senn fylgðar-menn Sæmundar; en hann bað þá þegja. Þetta kemr húsfreyju í grát. Þá mælti ein kona, at várkunn væri á, at henni þótti mikti at missa þvflsks efnis. Hón húsfreyja svarar: 'Pat muntú ætla, at ek gráta fé þetta, er þeir reka hér í brott. En þat er þó eigi; þvíat ek vilde gjarna at þeir hefði, sem meirr þyrfti, ef eigi hefði svá til borit sem nú er; heldr græt ek þat, er ek uggi at eptir komi síðarr.' Gékk hón þá til kirkju, ok bað syrir öllum þeim jafn-saman. Bað hón þess Guð, at við bærisk vandræði með þeim mágum meðan hón lifði. Ok svá varð sem hón bað. Þetta fé, sem nú var talið, ráku þeir til Svínafellz; ok sátu nú um kyrt þat sem eptir var sumars; ok höfðu þeir Orms-synir mann-margt.

(10). Nú ríðr Brandr ábóti at finna Sæmund frænda sínn, ok beiðir at hann taki sætt af Ögmundi. Sæmundr tekur þessu vel, ef Ögmundr kynni sik með hófi at halda. Bað Sæmundr þá ábóta semja sætt ok fullkomin grið þeirra í milli, ok fastan frið. Ábóti þakkar Sæmundi orð sín, ok kvezt vænta at hónum mundi vel fara. Ríðr ábóti heim eptir þat, ok kemr í Kirkjubæ, ok segir Steinunni systur sínni, at Sæmundr hafði heitið hónum at sættask við Ögmund. Hón varð þessu allz hugar fegin; ok gerir þegar mann á fund Ögmundar ok biðr hann heim ríða. Ögmundr ríðr þegar heim. Húsfreyja tekur við hónum fegin-samliga, segir enn ekki góðs skorta þat er hafa þurfti. Váru nú sett fullkomin grið milli þeirra Sæmundar ok Ögmundar, ok veittar fullar trygðir, af góðvilja ok ráðum Brandz ábóta ok Steinunnar húsfreyju, ok Álfseiðar móður Sæmundar, ok margra annarra góðra manna tillögu.

Svá bar at, at Sæmundr reið þann vetr í Kirkjubæ eptir sættina, ok var með hónum Þorsteinn Skeggjason ok fáir menn aðrir. Ögmundr gékk út móti hónum ok allir hans menn, þeir er vígir voru á bænum, ok höfðu allir nökktu vápn í höndum. Ögmundr sneri þá á gleðil¹ við Sæmund, ok bauð hónum þar at vera; enn hann kvezk ríða mundu, sem hann görði, til fundar við Brand ábóta. Ok er þeir riðu í brot, mælti Þorsteinn við Sæmund, kvezk sýnask

¹ gleðil] thus B.

[Saga Svínfellinga, 10.]

Ögmundr ekki trúligr. Sæmundr bað hann þegja, ok mæla ekki slíkt, ‘Par sem vér erum menn sáttir.’ Þorsteinn kvað þat þá mundu reynzk hafa, ‘Ef Guðmundr bróðir þínn hefði þar verit.’ Fann Sæmundr ábóta, ok segir hónum at sumum mönnum þótti Ögmundr ekki mjök trúligr um griðin. Ábóti segir hann eigi mundu sannan at því. Sæmundr mælti: ‘Þat býðr mér hugr, herra, at mér þikki þá sárt at segja fjörráðin Ögmundar við mik, er þú trúir [eigi].’ Ábóti bað hann halda sem bezt fyrr sína hönd; kvað hónum þat mestu varða. Sæmundr kvazk svá skyldu gera. Ok skildu þá með blíðu, ok funduzt ekki síðan lífs. Ögmundr var heima¹ um vetrinn ok heldr fálátr. Hann talaði jafnan mjök vingjarnliga til þeirra bræðra þá er þeirra var getið.

Þat var eitt sinn, þá er á leið vetrinn fyrir Langa-Föstu, at hann sendimann til Sæmundar með bréfi. Stóð þat þar í, með öðrum vinmælum, at hann bað Sæmund vera hægjan við bændr um þá lutir er þeir áttu saman. Kvað þá því traustari hónum vera mundu, ok veita hónum meira eptir-gang, hvers sem hann þyrpti við. ‘Far ok helldr fámeðr um héraðit; nú, er hallkeri er mikit á komit; því at nú er vetrar-rfki mikit, ok er bæði flít til matar ok heyja.’ Sæmundr svarar hér fá um, enn ihugaði þó slík orð.

Þat varð til tíðenda um vetrinn á Langa-Föstu í Kirkjubæ, at Steinunn húsfreyja tók sótt ok lá um alla Föstuna. Hón var óleuð Skírdag. En hón andaði Laugar-kveldit fyrir Páska. Vóru þá þegar sögð tíðendin til Kirkjunnar², ok þótti þat öllum mönnum mikil tíðendi, enn bónda hennar mest ok sonum. Var hón jörðut annan dag Páska. Yfir grepti hennar stóð Brandr ábóti, bróðir hennar, ok fjolði annarra manna, þvíat hón var öllum hugþekk meðan hón lifði³.

¹ heima] add. Br. ² Kirkjunnar] thus; read Þiökkvabæjar!

³ In the preceding chapter the text of Br. is considerably at variance, both in disposition and even in point of facts, and runs as follows:—

Nú ríðr Brandr ábóti at finna Sæmund frænda sínn, ok biðr hann at hann sættisk við Ögmund. Sæmundr segir, at hann mun þat göra sem ábóti vill fyrir sjá. Ábóti varð því feginn við góðigirnd sína. Riðu þeir bræðr vestr með ábóta, ok finnask þeir Ögmundr í Skál, ok sættusk með ráði ábóta ok annarra góðra manna. Riðr ábóti heim eptir þat, ok kemr í Kirkjubæ, ok segir Steinunni systur sínni, at þeir Sæmundr ok Ögmundr væri sáttir. Hón varð því fegin. Ok kemr Ögmundr heim; ok tekr húsfreyja Steinunn við hónum all-vel; kvað einskis góðs skorta; ok bað hann halda nú sem bezt þessa sætt. Egill skyrhakkr ríðr nú um haustið til Svínafellz. Sæmundr tekr vel við hónum. Hann var inn beztí bú-þegn. Hann hafði aldri færri eptirgöngu-menn en fimbrotta, þeir er hónum fylgdu jafnulega, en opt

[Saga Svínfellinga, II.]

(II). Enn Föstudaginn eptir Páska-viku reið Sæmundr heiman við fjórðamann. Reið með hónum Guðmundr bróðir hans, ok þeir frændr hans, Skeggja-synir, Klængr ok Þorsteinn; ætlöðu þeir at finna Brand ábóta, sem áðr höfðu þeir sendzt orð í milli; enn síðan ætlaði¹ hann at riða í Skál til Helga vinar síns. Enn Föstu-kveldit riðu þeir á þann bæ er á Hörgs-landi heitir. Þat er á Síðu. Sæmundr átti þar bú. Þar var fyrir búinu sá maðr er Sölmundr hét. Sæmundr hafði hann þar fyrir settan síðan hann tók landit af Hákon² smið Móðólfs syni. Um kveldit er þeir gingu frá baði, mælti Sæmundr við konu þá er hónum þerði³, at hón skyldi gnúa þurkunni um háls hónum, sem fastast, ‘Þvíat mér kleyjar⁴ þar mjök.’ Hón gerðe sem hann mælti. ‘Ekki gnýr þú,’ sagðe hann. Tekr hann nú dúkinn, ok gnýr⁵ sem tiðazt. Um morginin segir Guðmundr draum sínn. Spurðizt um kveldit þegar í Kirkjubæ, at þeir Orms-synir vóru um nótt á Hörgs-landi. Verkmenn í Kirkjubæ stóðu upp at vanða sínum Laugardags-morgininn, ok spurðu bónda hvat þeir skyldu gera.

fleiri. Egill segir Sæmundi mörg vingjarnleg orð Ögmundar. Tók hann því vel. Um vetrinn kemr Sæmundr í Kirkjubæ um farinn veg ok Þorsteinn Skeggjason, ok fátt að fylgðar-mönnum hans. Gékk Ögmundr út í móti þeim, ok allir karlar sem á vóru staðnum, nema prestr. Varð í fyrstu eigi skjótar kveðjur, en þó sneri Ögmundr á leið með Sæmundi, ok fór sәmilega með þeim. En er þeir höfðu skilit, mælti Þorsteinn Helgason til Sæmundar: ‘Hug-leiddir þú þat, [at] allir menn höfðu hér nökkuð vápn í hendri, þeir er út gengu í móti þér?’ Sæmundr svarar: ‘Hví mundi þat saka?’ Þorsteinn svarar: ‘Þá mundir þú þat hafa vitað, ef Guðmundr hefði hér verit bróðir þínn.’ Sæmundr mælti: ‘Hættu skjótt! ok drag ekki á þat, at Ögmundr, mágr okkarr, muni eigi vel halda sættir várar.’

Þat varð til tíðenda um vetrinn á Langa-föstu í Kirkjubæ, at Steinunn húsfreyja tók sótt, ok lá um Föstuna. Hón var oleud á Skírdag, en hón andaðisk Laugarkveldit fyrir Páska, ok þótti mönnum þat mikil tíðendi, en bónda hennar mest ok sonum hennar. Var hón jörðut annan dag Páska. Yfir grepti hennar stóð Brandr ábóti bróðir hennar, ok mart annarra manna, þvíat hón var mörgum hugþekk meðan hón lífði.

Þetta it sama vár í Páska-viku sendi Ögmundr Helgason bréf Sæmundi Ormssyni, ok bað at þeir skyldu halda vináttu með sér þaðan af sem tengðum þeira heyrði til; ok kvað þess Steinunni húsfreyju hafa beðit með miklum ölhuga ok góðigrind áðr hón andaðisk. Ok mart annat var á því bréfi sәmilega talat. Ok með öðrum hlutum var Sæmundr beðinn til með fögrum orðum, at hann skyldi vægja sveitar-mönnum, ok fara eigi með marg-menni, þótt hann vildi finna Brand ábóta móður-bróður sinn; var þat til fundit, at várit var heldr hart ok tilt til heyja. Trúði Sæmundr þessu, ok reið við sá menn heiman, ok létt heima sitja alla fylgðar-menn sína. Föstudaginn eptir Páska-viku . . .

¹ Here is a homoteleuton in Br. (ætlaði). ² Helga, Br. ³ þerði] þjónaði, Br.

⁴ kleyjar] thus B. ⁵ gneri, Br.

[Saga Svínfellinga, 12.]

Ögmundr mælti: 'Gangit fyrst til matar,' segir hann. Enn er þeir vóru mettir, gengu þeir til Ögmundar bónða. Hann var þá klæddr; ok þótti þeim nökkut undarliga; þvíat hann var í brynu, ok panzara um útan, stálhúfa á köfði, ok öll ryðug; eyxi hafðe hann í hendi, svart-leggju, þá er hann gékk optliga með; buklara í annari hendi. Hann var manna mestr ok sterkastr, vel á sik kominn, rauð-hárr, þykkri í andliti, digr-nesfjaðr, ok bjúgt nakkvað svá nefit; fá-mæltr hversdagliga. Þar var þá hjá hónum Jón karl, son hans¹; hann var ok vápnaðr ok í hringa-brynu. Þar var ok Þórarinn Snorra-son ór Ásum, Egill skyrhakkr, Snorri sveimr, Árni gullskeggr, Brandr Guðmundarson. Þessir vóru vápnaðir allir. Ögmundr fékk húskörlum sínum vápn, svá at hann gékk út við hinn prettándamann; ok snýr til kirkju, ok dvaldizt þar lítlá hríð. Eptir þat gengr Ögmundr austr eptir geilum við pessa menn. Þeir nema stað í einum hvammi skamt frá veginum.

(12). Nú er at segja frá Sæmundre ok þeim frændum, at þeir rísa upp um morgininn á Hörgs-landi, ok báðu taka hesta sína. Ok eptir þat stigu þeir á bak, ok riðu allir í steindum söðlum. Riðu síðan, sem leið liggr til Kirkjubæjar, ok at því síki sem leiðin liggr yfir fyrir ofan Kirkjubæ, ok skamt frá þeim hvammi er þeir sátu í. Sæmundr reið þeirra fyrstr; hann var í hálf-litum kyrtli, rauðum ok grænum, ok hafði kastað yfir sik sölu-váð, ok vóru saman saumaðir jaðrarnir,—þvíat þoka var myrk ákafliga, ok hraut ór af vætu,—ok stál-húfa á höfði, ok gyrrðr sverði, buklara á söðul-boga. Hann var meðal-maðr vexti, ok manna kurteisastr, ljós-hærðr ok fölleitr, eygðr vel, ok nökkut munn-ljótr, ok þó vel farinn í andliti; manna bezt knár, jafn-mikill. Guðmundr bróðir hans reið næst hónum; hann var í blám kyrtli, ok hafði yfir-höfn stríp-renda; hann reið við alvæpni. Hann var lágr maðr ok síval-vaxinn, herði-mikill, ok mið-mjór, ok rauðgulr á hár, ok hærðr mjök, þykk-leitr, ok friðr maðr sýnum, blíðr í viðræðu. Þorsteinn Skeggjason reið næstr hónum; hann var meðal-maðr vexti, ok fálátr maðr í skaplyndi. Klængr reið síðast; hann var hár ok grannligr, ljóss á hár, ok vel á sik kominn. Vápnaðir vóru þeir báðir Skeggja-synir. Ögmundr stendr upp, er þeir riða á síkit, ok bað taka þá. Þorsteinn Skeggjason mælte þá: 'Sér þú, Sæmundr, at Ögmundr sitr hér fyrir oss við marga menn!' Sæmundr svarar:

¹ ok Sigmundr, add. Br.

[Saga Svínsfellinga, 12.]

‘Hvat kemr til þess?’ ‘Er sem má,’ segir Þorsteinn. Sæmundr ríðr fram í götu-skarðit. Ögmundr gékk á bakkann fram, ok tók báðum höndum um Sæmund fyrir neðan axlir, ok ætlaði at færa hann af baki; enn þat gékk eigi, þvíat hann sté svá í stigreipin fast, er hann reið í stanz-söðle. Tóku þá til þrífir aðrir með Ögmundi, enn sumir sprettu gjörðunum, ok tóku hann svá ofan. Ænn þeir Snorri sveimr ok Brandr Guðmundarson tóku Guðmund af baki. Þórarinn Snorrason ok Árni gullskeggr tóku Þorstein af baki. Klængr komzk af síkinu, ok hljóp af baki, ok brá sverði. Þat sér Egill skyr-hnakkr, ok leggr til Klængs með spjóti, svá at hann fél á bak aprí í síkit, ok varð hónum laust sverðit. Þá gékk at Jón karl, ok rétti at hónum spjót-skepti, ok bað hann í taka. Klængr stóð upp, ok tók í skaptið ok mælti: ‘Grið villde ek frændi!’ ‘Vel man þat,’ segir Jón, ‘ok man ek taka við vápnum þínum.’ Klængr gerði svá. Jón gékk þá at Þorsteini, ok bauð hónum grið; hann tók við vápnum hans. Þá mælti Sæmundr: ‘Hvat skal fyrir-sát þessi, Ögmundr! ek hugða at vér værim menn sáttir?’ Ögmundr mælti: ‘Þú skalt deyja,’ segir hann, ‘ok svá Guðmundr, bróðir þínn¹.’ ‘Prest-fund villde ek hafa,’ segir Sæmundr. ‘Skömmu mantú prest hafa fundit,’ segir Ögmundr. ‘Gör nú sem guð kennir þér,’ segir Sæmundr. Jón karl sagðe, at eptir presti skyldi fara. Þrír voru prestar á staðinum. Þormóðr hét staðar-prestr; annarr Hjallti; þriði Sæmundr. Nú koma prestar, ok biðja þeir Þormóðr þeim griða. Enn Sæmundr prestr varð við hráp-orðr, ok sagði Ögmund² seint mundu bætt fá glæp sínn, ef þetta færi fram. Ögmundr hlýddi til hvat þeir tölzuðu, ok gaf sér ekki um. Sæmundr Ormsson bað Ögmund at senda skyldi eptir Brandi ábóta, ok kvazt vilja finna hann. Ögmundr kvað þess öngva ván. Ok er engi kostr var griða, skriptaðiz Sæmundr við Þormóð prest, enn Guðmundr við Hjallta prest; ok tóku báðir þjónostu, holld ok blóð Jesu Christi, í sínn lskama. Eptir þat lásu þeir *Lelaniam*. Síðan varp Sæmundr af sér yfir-höfninni, ok féll á kné, ok laut í gaupnir sér, ok bað Guð almáttan sér miskunnar. Hann varð bæði við dauðanum harðliga ok³ hjálpvænliga. Ögmundr mælti til Árna gullskeggis: ‘Tak hér eyxi, ok högg í höfuð Sæmundi, ef hann leggz eigi niðr.’

¹ Ögmundr mælti—þínn] thus Br., and more emphatically than B, which reads, Ögmundr segir at Sæmundr skyldi þá ekki lengi kunna at segja frá tíðindum.

² Ögmund] Br.; þá, B. ³ ok] þó, add. Br.

[Saga Svínfellinga, 12.]

Sæmundr féll þá til jarðar, ok hafðe hendr fyrir augum sér. Arni hjó þá á hálsinn, svá at eyxin stóð í sandinum, en höfuðit hné af¹ hónum. Enn þat undruðuz menn, er ekki blæddi líkamanum. Guðmundr Ormsson, ok prestarnir, lásu þá sjau psalma, ok fann ekki á hónum annan veg, en hann kvað nökkut harðara at orðunum². Þá var hann átján vетra. Guðmundr mælti til Ögmundar þá er þeir höfðu lesit psalmana: ‘Gótt være enn at lifa, ok villde ek grið, fóstri! ’ Ögmundr leit frá ok mælti: ‘Eigi þorum vit nú þat, fóstri mínn,’ segir hann. Var hann þá rauðr sem blóð. Guðmundr svarar þá: ‘Sá liggr héðan nú skamt í brot, at eigi er betra at sáma við yðr ok lifa eptir hann dauðann³. ’ Gékk Ögmundr frá eptir þat, ok setti tñiðr, ok var þrútinn mjök í andliti. Jón karl mælti þá: ‘Slíka för skaltú fara, Guðmundr, sem bróðir þínn.’ Jón kvaddi þá til nökkura menn, at vega at Guðmundi; enn engi villdi, þvíat Guðmundr var flestum mönnum þar hugpekkur. Þorsteinn hét maðr, er kallaðr var hrak-auga; hann hafði sótt korn um daginn; ok kom heim til elldhús-dura. Þar var Íllugi bryti. Þorsteinn spyrr hvar menn væri allir. ‘Þat skiptir þik öngu, varð-veittu reiðinginum, ok fær hestinn á gras! ’ Þorsteinn skerr þá gagntökin, ok hrindr ofan reiðinginum af hestinum ok klyfjunum með. Hljóp hann þá á bak, ok hleypti austr ór garði, ok fór allt til þess er hann kom til mótz við þá Ögmund. Jón ræddi um, at hann skyldi hafa erendi. Fær Jón í hönd Þorsteini þá sömu eyxi er Sæmundr var veginn með; enn hann mæltiz undan. Þá tók til orða Sigmundr Ögmundar son tólf vетra gamall eðr ellifu: ‘gjör þú, Þorsteinn, þat sem þeir vilja.’ ‘Annarr skal hónum verri,’ segir Jón karl. Gékk þá Þorsteinn með reydda eyxina at Guðmundi; enn hann hneigði sik til jarðar brosand, ok bað Guð hjálpa sér. ⁴ Þorsteinn hjó þá neðarliga á

¹ af] at, Cd. ² ok fann ekki—orðunum] thus A; ok fann engi maðr, at hann brygði sér nokkut við þessi tíðendi, B. ³ skamt liggr sá nú héðan, er þú lézt drepia, at eigi (!) mun einsætt at biðja þik nokkurrar lísgjafar, A.

⁴ This is partly more minutely told in A:—Þorsteinn tók við öxinni ok hafði engi orð fyrir. Þá tók til orða S. s. Ö.... Görðu, Þorsteinn, sem þeir vilja. Guðmundr mælti enn sem fyrir, at gótt væri at lifa; en engi svaraði hónum. Hann lagðist þá niðr nær brosand. Gékk Þorsteinn þá at með reydda öxina. Hann hjó til Guðmundar; ok kom höggit þar er mættist hálsinn ok herðarnar, ok sneiddi mjök út á herðar-blaðit; var þat all-mikit sár. Gékk sú hyrnan miklu lengra niðr, er út vissi á herðarnar ok á öxlina. Ganga þá flestir frá sem eigi var haldit, ok ætluðu brott at fara. Ok þótti þá flestum öllum ærit mikit at unnit; ok fanst mikit um þessa atburði. Þá gékk at Guðmundi Brandr Guðmundarson, ok tók hendi sínni

[Saga Svínfellinga, 13.]

hálsinn við herðar-blaðit, mikit högg, ok viku þá flestir í brott frá. Enn prestarnir tóku til at syngja. Þá gékk at Brandr Guðmundar son, ok þreifaði ofan í háls-sárit ok mælti. Kvað þá eigi vilea Guðmund seigan ef þeir gerðe eigi at meira. Var þá Þorsteinn til fenginn í annat sinn ok hjó hann þá af hónum höfuðit. Bjoggu síðan prestarnir um lískin. Enn þeir Skeggja-synir vóru teknir ok byrgðir ramliga í einne lítilli stuflu ok heitið þeim dauða þegar eptir helgina. Þá var af nóné.

(13). Siðan skiptu þeir Ögmundr liði. Reið Ögmundr í Þykkvabæ at Svarte Loptz syni; enn hann var í ellda-húsi, ok var þvegit höfut hans. Sveinninn Þorkell, son hans, [mælti] er hann sá mennina ríða í túnið: ‘Kominn er prestr, faðir,’ segir hann. Svartr gékk þá út, ok tók Ögmundr hann þegar. Enn Svartr heilsaði hónum, ok spyrr tifðenda. Ögmundr sagði slík sem vóru. Þá beiddi Svartr sér griða. ‘Eigi man ek drepa þik,’ sagði Ögmundr, enn hand-höggva skal ek þik.’ ‘Eigi þikki mér þat betra enn dauði,’ segir Svartr. ‘Þat skal at gera,’ segir Ögmundr, ‘þótt þér þikki þat verrá.’ ‘Vilja mantú [segir Svartr], at ek bæta sé fyrir mik, eðr fara útan, ok koma ek alldri til Íslandz meðan ek spyrr at þú ert á lífi.’ ‘Vel má ek séa þik,’ sagði Ögmundr, ‘enn eigi veit ek enn hverjum bezst endazt penningar.’ Siðan felldi hann Svart, ok héllt í fingrna framan-verða, ok bað þá Árna gullskegg höggva hönd af hónum. Árna kvazk þat flít þíkkja. ‘Þat skaltu þó gera,’ sagði Ögmundr. Árni gékk þá at með reidda eyxi. Ögmundr mælti þá: ‘Högg eigi á hönd mér,’ sagðe hann. Árne kvazk þat vilja mundu. Hjó Árni þá á hand-legg Svarti fyrir ofan úlflið, ok tók eigi af. Ögmundr skaut þá buklara undir höndina. Þá hjó Árni í annat sinn, ok af höndina þar sem handleggr var digrastr. Þá berr Ögmundr hann inn í stuflu, ok bindr um höndina¹. Ok ríðr eptir þat heim í Kirkjubæ.

ofan í sárit, ok vildi vita hversu djúpt var, ok leitaði með fingrunum. Siðan mælti hanu við Ögmund ok Jón son hans. ‘Eigi vili þér Guðmund seigan, ef ekki skal meira at vinna.’ Jón kvaddi þá enn til Þorstein hrakauga at vinna at hónum í annat sinn svá at yfir tæki með öllu; en hann neitti því. Jón kvað hónum annan skyldu verrá. Þorsteinn gékk þá aprí til þar er Guðmundr lá, ok ætluðu flestir hann þá sálaðan þeir sem þar vóru, ok prestar sungu fyrir sál hans. Þorsteinn reiddi þá upp óxina hart ok hátt mjök, ok hjó á hálsinn svá at af tók höfuðit. Þá gengu þeir félagar frá ok heim. Likama Guðmundar blæddi þá mjök. En þeir Skeggja-synir, etc. All this seems to be from an eye-witness.

¹ ok varð við it harðmannlegsta, add. Br.

[Saga Svínfellinga, 14, 15.]

(14). Nú er at segja frá Jóni karli. Hann ríðr við séttu mann í Skál til Helga Loptzsonar. Hann stóð úti á hlaði við nökkura menn, ok hafði yfir [sér] kápu. Egill skyr-hnakkr ríðr upp fyrir austan kirkjuna. Helgi kennir mennina, ok gengr til kirkju. Þá kom Egill at, ok fékk tekit í kápuna. Helgi lét lausa kápuna, ok hljóp í kirkjuna. Þá mælti Egill: ‘Par sá refr¹ rakka, en rakki hafðe allz ekki.’ Þá mælti Egill, at kirkjan mundi eigi standa fyrir hónum, er hón var óvígð. Jón kvazk eigi mundu láta draga hann ór kirkjunni, ‘Ok manu vér nú eigi söðla glæp á óhapp.’ Ok riðu þeir í brott. Ok lét Ögmundr illa yfir þeirra ferð. Þeir Þorsteinn fluttu heim lík þeirra braeðra með kenni-mönnum.

(15). Þá sendi Ögmundr eptir Brandi ábóta, ok reið hann skjótliga í Kirkjubæ. Vóru þeir bræðr þá jarðaðir, ok stóð hann yfir grepti þeirra. Ögmundr leggr þetta mál undir Brandi ábóta, ok þá Skóga-Skeggja. Þeir gera níu tigi hundraða fyrir hvern þeirra bræðra enn þrjá tigi hundraða fyrir handhöggit Svartz; enn Ögmundr skyldi eigi vera þrim náttum lengr á Síðu, nema hann fære í klastr í Þjokkvabæ; enn Jón karl skyllde suðr ganga ok vera útan þrjá vetr. Þeir Árni ok Þorsteinn skyldu fara utan ok koma eigi til Íslandz meðan þeir lifði.—Þeir Jón ok Þorsteinn fóru utan á einu skipi, ok ætluðu at ganga suðr. Þá leysir fótinn undan Jóanni í kné-liðnum, ok dó hann af því. Enn Þorsteinn settizt apr, ok kom hann eigi til Íslandz. Árni fór út á skipi Sindra, ok lézt þar. Ögmundr galt þetta fé sem á kveðit var².

Um várit fór Ögmundr bygðum í Dal undir Eyja-fjöll ok hafðe þá lítil efni, ok með hónum Egill skyr-hnakkr ok Snorri sveimr. Enn í Kirkjubæ fór Arnórr prestr er kallaðr var skull³ at ráðe Brandz ábóta.

¹ refr] add. Br.; om. B.

² Ögmundr—á kveðit var] add. Br.

³ skull]

skryll, Br. (badly).

[III. 117, 118: vii. 59, 61.]

216. ¹Um sumarit eptir var þingreið mikil norðan ór sveitum. Lét Eyjólfur Þorsteinsson, er Þórðr hafði sett fyrir sveitirnar, fjölmenna mjök norðan ór héraðum. Hann ² hafði þá bú í Gelldingahollti ok reið hann með sex hundrað manna á þing. Gizurar-synir fjöldmentu ok mjök. Um vetrinn áðr lét Hallr Gizurason drepa biskups-Börk ³ á Bersastöðum er verit hafði fylgðar-maðr Þórðar Sighvatz sonar. Broddi Þorleifsson ok Páll Kolbeinsson gengu í milli ok bændr með þeim, svá at þeir náðu eigi at berjast. Þat sumar reið Oddr Þórarinsson til þings, ok gerði Hrana Koðransson sekjan skógar-mann firi þat er hann laust Philippus Sæmundarson keyris-högg þá er Þórðr Sighvatzson sótti hann heim til Hváls. Enn þá höfðu þeir braeðr, Philippus ok Haralldr, Sæmundar-synir, druknat annat sumarit áðr suðr fyrir Minnðaks-eyri. Var þá eigi við Philippus at meta mála-ferlin við Hrana ⁴. Hrani bauð engi boð fyrir sik á þinginu. Ok riðu menn við þat heim.

217. ⁵Um sumarit fundusk þeir í Vatzdal, Eyjólfur, Hrafni, Sturla, ok Þorleifr, ok angraði þá mjök dráp Sæmundar, fyrir sakir mægða ok sambandz þess, er Þórðr hafði þá saman bundit áðr hann fór frá. Görðu þeir þat ráð, at þeir mundu bíða til þess er skip gengi af Noregi ok Þórðr kæmi út, eðr hitt ella, at hans væri eigi vánir. Þat var þá ⁶ talat, ef Gizurr kæmi til, at þeir skyldi halda rískin fyrir hónum, ok hverjum manni öðrum þeim er til kallaði. Þorleifr fór því öllu seiglegar; þótti þeim hann vera í öllu slær, ok skildusk at því. En Eyjólfur bauð þeim öllum heim í Gelldingaholt at Laurentius-messu.

218. ⁷Gizurr Þorvaldz son var þessar stundir með Hákonni konungi, síðan hann fór útan um sumarit eptir Haugsness-fund. Hafði hann jafnan nökcura sýslu, hvárt er konungr sat norðr eðr suðr. Ok er Þórðr Sighvatz son, ok Gizurr Þorvaldz son, höfðu einn vetr verit í Noregi eptir Haugsness-fund, þá fór Þórðr út til Íslandz, sem fyrr er ritat. Enn Gizurr var þá eptir í Noregi ok undi lítt sínum hluta. Var hónum fé-skortr mikill; enn ugði nú um

¹ This chapter is taken from B. ² hann] Þórðr (!), Cd. ³ Thus B; biskups frænda, Br. ⁴ enn þá—við Hrana] om. Br. ⁵ The following chapter, Um sumarit—Laurentius-messu, is omitted in B. ⁶ þá] þat, Cd. ⁷ The following three chapters are taken from B.

[III. 119: vii. 61.]

frændr sína ok vini, at Þórðr mundi þeim harðr í horn at taka. Réð Gizurr þá af, at hann fór af landi brott, ok gékk suðr til Róms. Broddi Þorleifsson var þá útan, ok fóru þeir Gizurr báðir samt út til páfa ok þeir nökkurir menn saman. Þá var Innocentius páfi í Róma. Gizurr fékk þar lausn allra sínna mála. Þá var Eirekr konungr í Danmörk Valldimars son. Valldimarr var þá Sví-a-konungr, Birgis son. Þeir fóru af landi á brott með Gizuri: Önundr biskups-frændi, Þorleifr hreimr systur-son hans, Auðunn kollr, Árni beiskr. Þeir kómu allir heilir aprí til Noregs¹. Ok er Gizurr hafði þrjá vetr verit í Noregi, þá fékk hann orlof af HákonI konungi at fara til Íslandz. Fóru þeir út á einu skipi ok Heinrekr biskup, ok margt Íslenzkra manna. Þar var Þorgils Skarði Böð-varsson, Finnbjörn Helgason, Arnórr Eireksson ok margt annarra Íslenzkra manna. Þat skip kom at Gásum í Eyjarfríði; því skipi stýrði Eysteinn hvíti. Þeir sögðu út hingat andlát Sigurðar erkibiskups; hafði hann um vetrinn andazt sex nóttum fyrir Gregorius-messu. Var þá Sörlí kosinn til erkibiskups. Gizuri var skipaðr mjök svá allr Norðlendinga-fjórðungr; enn Þorgilsi Skarða Borgarfjörðr; Finnbirni Reykjardalr, ok þaðan norðr til Jökuls-ár. Þar kom þá ok til skipsins Brandr ábóti Jónsson; hann var þá fyrir kenni-mönum um alla biskups-sýslu Sigvarðar biskups. Brátt riðu þeir allir fjölmennir vestr til Skagafjarðar. Var þá fundr stefndr fjölmennr at Hesta-þings-hamri; vóru þar upp lesin konungs-bréf; ok játtu allir fúslega at taka við Gizuri at höfðingja yfir sik. Eyjólfur Þorsteinsson var ok á þeim fundi, ok fylgðar-menn hans; ok fannzt fátt til Gizurar. Þá vóru kjærleikar miklir með þeim Heinreki biskupi ok Gizuri. Gizurr sendi menn suðr til sona sínna, at þeir skyllu koma til mótz við hann í Vinverjadal með sjau tigi manna. Enn hann valði lið ór Skagafirði sex tigi manna; ok þeir riðu með hónum suðr í Vinverjadal. Kómu þar senir Gizurar til mótz við hann þrír, Hallr, Ísleifr, Ketilbjörn. Var Hallr² þá fjórtán [vetra]; hinir vóru ellri. Allir vóru þeir skoru-ligir menn at séa. Varð þar mikill fagna-fundr með þeim feðgum, ok öðrum vinum Gizurar. Skagfirðingar riðu þá norðr aprí; enn

¹ Br. here winds up thus—Nú fara margar sögur saman, ok má eina senn rita. Mun nú um sinn sagt frá Þorgilsi skarða; ok koma þessar sögur þar saman, er þeir koma út, Heinrekr biskup, ok Gizurr, ok Þorgils, þat sumar er áðr vóru um várít Orms-synir vegnir.

² Hallr] emend.; hann, Cd.

[III. 120: vii. 62.]

Gizurr suðr, ok sat hann í Kallaðarnesi um vetrinn, ok hafði fjölmenn um sik. Þá um haustið, er Brandr ábóti kom suðr til sveita, görði Gizurr brúðlaup til Gró Álfss-dóttur, móður þeirra Hallz ok Ísleifs. Var þat þá samþykki kenni-manna. Ok at því brúðlaupi var Brandr ábóti. Heinrekr biskup fór heim til Hóla til stóls síns. Enn Porgils skarði reið suðr til Borgarsjárðar, ok tóku héraðs-menn við hónum ok helldr fáliga. Hann sat í Stafaholli um vetrinn, ok hafði margt röskra manna með sér. Þá var með hónum Arnórr Eireks son, Bergr Ámundarson, ok margt annarra manna. Finnbjörn reið norðr til Reykjardals, ok var um vetrinn á Grenjaðar-stöðum. Eysteinn hvíti, stýrimaðr, var um vetrinn at Hólum með Heinreki biskupi.

210. Þetta sumar, er þeir Gizurr kvómu út, sendi Þórðr Sighvatsson út til Íslandz Kolbein grön ok Ara Ingimundarson til vina sínnar; kvómo þeir út suðr á Eyrum, ok fóru þaðan vestr í sveitir til þeirra Hrafns Oddz sonar¹ ok Sturlu Þórðarsonar. Hrafn bjó þá at Sauðafelli í Döldum; enn Sturla at Staðarholí. Vigfúss Gunnsteinsson bjó í Garpsdal; hann átti Guðnýju Sturlu dóttur. Brátt er [þeir] Kolbeinn ok Ari kómu vestr, þá funduzt þeir allir jafn-saman, Sturla, Hrafn, Vigfúss ok aðrir vinir Þórðar; ok réðu þá atsför at Gizuri; ok fóru um vetrinn fyrir Jól suðr á sveitir með sjau tigi manna. Í þeirri ferð voru margir röskvir menn. Enn þeir voru fyrir ferðinni, með áeggian Kolbeins, Hrafn ok Sturla. Þeir kvómu á úvart í Stafaholt til Porgils, ok brutu þar upp hurðir. Þeir Porgils hljópu upp ok fylgðar-menn hans. Hrafn villdi láta drepa Porgils, enn Sturla villdi þat eigi. Tóku þeir hann með valldi, ok svarði hann þeim trúnaðar-eiða, at hann skyldi í öngu fari í móti þeim vera, ok eigi veita Gizuri. Skilðu þeir við þat. Riðu þeir Hrafn ok Sturla með flokkunum suðr Bláskóga-heiði; voru margir menn í þeirri ferð gjarnir á lff Gizurar; ok ætluðu nú at eigi skyldi við bera[sk] at fund þeirra bæri saman. Þeir riðu þar til er þeir kómu at Ölfuss-á; ok var þat um nött, ok var án þá í leysingu, svá at engan veg máttu þeir yfir hana komaz. Verðr þat þeirra ráð, at þeir snúa aprí við svá búit, ok ríða heim vestr. Þeir Hrafn ok Sturla voru báðir at Staðarholí um vetrinn; var þar alldri færa enn átta tigir karla. Var þá víða föngum til sópat; voru þat eigi berliga rán köllut.

¹ Ráfn ok Oddz (!), Cd.

[III. 121: vii. 62.]

220. Þat er at segja frá Þorgils Skarða, at hann reið norðr til Skagafjarðar þegar er þeir Hrafsn ok Sturla riðu suðr á heiði. Var hann með Heinreki biskupi um Jólin ok þeir átta saman. Arnórr Eireksson var með þriðjamann Á Víðimýri; tveir vóru at Stað með Páli Kolbeins syni. Þorgils reið síðan til Borgarfjarðar fyrir Föstuna, ok sat í Stafaholtti, ok hafði vörðu sterka. Ekki funduz þeir Gizurr um vetrinn. Ok um vetrinn milli Jóla ok Föstu kom Gizurr sunnan til Skagafjarðar, ok þá keypti hann Flugumýri at Heinreki biskupi; þvíat Helga Sæmundar dóttir hafði biskupi í hendr fengit. Hallr, son hans, var með hónum, ok nær tuttugu menn; sagði hann bónum í Skagafirði, at hann mundi búnat sín reisa um várit á Flugumýri. Þat sagði hann ok Eyjólfí Þorsteins syni, at hann villdi hann eigi í Skagafirði. Eptir þat reið Gizurr suðr. Var þá kyrt um vetrinn þaðan frá. Hrafsn fór heim til Sauðafellz at Föstunni. Um várit eptir Fardaga fór Gizurr sunnan til Flugumýrar ok Gróa kona hans, ok Hallr son þeirra. Nær xxx manna vóru þau saman. Var þá bú risulikt saman sett á Flugu[mýri]. Gizurr reið til þings um sumarit norðan með ccc manna. Ísleifr ok Ketilbjörn synir hans kómu til mótz við hann á Beiti-völlum með cccc manna. Riðu þeir allir samt á þing. Þingreið var lítil vestan ór sveitum. Óláfr Þórðarson hafði þá lögsögn. Hann reið þá eigi til þings, ok [eigi] þeir Hrafsn fyrir ófriði. Þórðr Andrésson reið til þings með Gizurar-sonum, ok veitti þeim at öllum málum á því þingi, ok Andrés faðir hans. Með ráði Gizurar tók lögsögu á því sumri Teitr Einarsson, ok allra þeirra manna er þá vóru á þingi. Gizurr gékk til Lögbergs, áðr hann reið af þingi, ok lét lýsa fjörráða-sökum við sik á hendr Hrafni ok Sturlu ok öllum þeim inönnum er í þeirri ferð vóru um vetrinn. Siðan riðu menn af þingi. Fór Gizurr heim á Flugumýri¹.

¹ B then proceeds with the narrative of the Flugumýrar-brenna, thus—Eyjólfí Þorsteinsson fór búnaði sinum um várit . . . (see p. 154), omitting the whole Saga of Thorgils Skardi. In the following we accordingly take the text from A (Br.), where the contents of chapters 219 and 220 will be told at much greater length than here in the vellum B.

[III. 122: viii. 1.]

ÞORGILS SAGA SKARÐA¹.

221. BÖÐVARR, son Þórðar Sturlusonar, bjó at Stað; hann átti Sigrlíði Arnórsdóttur; synir þeirra voru þeir Þorgils, Sighvatr ok Guðmundr. Dætr þeirra voru þær Helga, er fyrr átti Páll Sáms-son, en síðarr Þjóðólfr kotkarl, ok Aldís er átti Þórðr Hitnesingr, ok Hallbera, er átti Gunnlaugr² prestr Hallfríðarson; ok Guðrún, ok Vigdís. Þorgils var elztr sona Böðvars. Guðmundr biskup biskupaði hann tvæ-vetran, ok spurði hverrar ættar hann væri. Hónum var sagt. Biskup var þá at spurðr hvat hónum litisk um sveinin. Hann mælti: ‘Ef þessi maðr bíðr aldr, þá mun hann verða hraustr maðr ok mikill höfðingi; en eigi kemr þat at mér óvörum at hann verði eigi elli-dauðr.’ Guðmundr gaf sveininum gull-sylgju, ok mælti vel fyrir hónum. Þorgils var vænn maðr yfir-litz, herði-mikill, ok görvilegr, hvítr á hár ok hörund; eygðr manna bezt, mið-mjór, ok herði-breiðr; þunnt hárit, ok fór vel; hann var hraustr ok harðgörr, syndr vel, ok inn mesti harðfari í hví-vetna; fámæltr, ok fast-heitinn; hvárt sem hann hét góðu eðr illu, þá var hann örr í at efna. Í efri vör hans var skarð þat er hann var alinn með; því var hann kallaðr Þorgils Skarði. Sighvatr Böðvarsson var maðr sein-görr í uppvexti; en var þó mikill maðr ok mjúkr, ok vel glímu-færr; hann var ok syndr vel ok hagr, nökkt orðugr³ ok laga-maðr mikill. Eigi var hann fríðr sýnum, en þó var hann yfirbragðs-mikill ok kominn á sik vel, brigð-lynðr ok nökkt bráð-skapaðr. Guðmundr Böðvarsson var fríðr sýnum, mikill maðr á vöxt, harðfengr í knáleikum, hægr hversdaglega, ok hélt mjök til gleði.

Þorgils Böðvarsson óx upp at Stað með föður sínum, þar til er varð víg Snorra Sturlusonar í Reykjaholti. Görði Gizurr

¹ Saga of Þorgils Skarða, Br. The Saga Thorgils Skarda is only left in a single vellum, namely the Árna Magn. 122 b, of which now only a few leaves remain. From this vellum the Saga has been inserted into all the paper transcripts of Sturlunga, even those derived from the vellum B.

² Gunnlaugr] thus the vellum itself below; Gunnlaugs, Br. ³ Thus? ordygr, Cd.

[III. 123: viii. 1.]

Böðvari þann kost, at sverja hónum trúnaðar-eið, eðr fá hónum gísla. Tók Böðvarr þat ráðs, at fá Gizuri til gísla Þorgils son sínn, ok Guthormr Þórðarson bróður-son sínn. Þorgils var þá fimm-tán vетra gamall; voru þeir þann vetr í Tungu með Gizuri, ok fékk [hann] til þjónustu þeim aðra tvá menn, Björn Sigurðarson, ok Stein Bersason. Gizurr var vel til Þorgils, ok þótti Þorgils meiri-háttar; skipaði hónum it næsta sér. Þorgils var heldr illr viðr-skiptis ok vand-lyndr. Guthormr var hægr við hvern mann. Gróa húsfreyja var bezt til þeirra.—Sá atburðr varð, at þá skilði á um tafl, Þorgils Böðvarsson ok Sám Magnússon frænda Gizurar, vildi Sámr bera aptr riddara er hann hafði teft í uppnám, en Þorgils létt því ekki ná. Þá lagði til Markús Marðarson, at aptr skyldi bera riddarann, ‘Ok látið ykkr eigi á skilja um tafl.’ Þorgils sagðisk ekki fyrir hans orð mundu göra; ok svarfaði taflinu, ok lét í punginn; ok stóð upp; ok laust við eyra Sámi, svá at blæddi, ok mælti við: ‘Mikit er þat at vita, at vér skulim öngan hlut þora at halda til jafns við frændr Gizurar.’ Þá var fram hlaupit ok sagt Gizuri; ok kom hann inn, ok spurði hvárt Sámr þyrði eigi at hefna sín. Þau Guthormr ok Gróa höfðu setið á palli er Gizurr kom í stofu, ok heyrðu at hann andsakaði sveinana reiðulega; gengu þau til ok prestr með þeim. Þorgils svarar Gizuri heldr skapraunar-samlega. Gróa tók í hönd Gizuri ok mælti: ‘Hví lætr þú svá reiðulega? mér þætti þú eiga fyrir at svara, þótt hann hefði þat nökkut gört er bót-pursa væri.’ Gizurr svarar: ‘Eigi vil ek á þessu þínn dóm.’ Hón svarar: ‘Ek skal þó¹ bæta ef þarf.’ Leiddu þau Þorgils á brott, ok báðu þau hann vel svara Gizuri; en Þorgils kvezk þat eigi mundu göra. Lögðu þá margir til, ok kölluðu þetta vera bernsku-bragð. Féll þat þá niðr; ok var Gizurr færri við Þorgils en áðr. Fyrir Jól lét Gróa göra Þorgils grænan kyrti af nýju klæði, en hann gaf Sámi blán kyrti er hann hafði áðr, ok voru þeir jafnan síðan góðir vinir. Þetta vár lét Órækja, son Snorra Sturlusonar, drepa Klæng Bjarnarson í Reykjaholti, annan dag Jóla, ok fóru síðan at Gizuri í Skálaholt; var þar þá bardagi inn níunda dag Jóla. Þorgils var þá í kirkjunni, þvfat Gizurr vildi eigi at hann væri í bardaga. Fór þat svá, at þeir Gizurr ok Órækja sættusk. Fór Þorgils eptir þat vestr til Staðar ok þeir félagar.

222. Þat er nú því næst at segja:—At þá er Þorgils var átján²

¹ þó] emend.; þá, Cd.

² átján] thus, i. e. in the year 1244, Thorgils being born in 1226.

[III. 124, 125: viii. 2.]

vetra rézk hann til utan-ferðar með þeim manni er hét Eirekr Skarði; hann var Norænn maðr. Sá maðr fór með Þorgils er Bergr hét, son Ámundra Bergs sonar ok Þóru Þorvarðz dóttur frá...¹ En er Þorgils var við skip, kom þar Þórðr Sighvatzson, ok mæltusk þeir Þorgils vel við. Hét Þórðr hónum sínu trausti nær sem hann kynni þurfa. Hann bauð hónum til sín, ef hann vildi þat. Þorgils kvezk þat mundu þegit hafa, ef hann hefði þat fyrr boðit; en kvezk nú eigi vilja bregða ferð sínni. Þórðr kvað þat fyrir höndum, þótt síðarr væri. Skildusk þeir með vináttu. Létu þeir Þorgils í haf, ok fórsk þeim vel; tóku þeir land við Björgyn. Eirekr bauð Þorgils til vistar með sér ok þeim félögum; ok fóru þeir með hónum inn í Sogn. En Þorgils kvazk með þeim manni vilja vera er göfgastr væri þar í héraði. En þá var ríkastr maðr í því héraði Brynjólfur, sonr Jóns stáls; hann átti höfuð-ból at Hváli. En er Þorgils kom heim með Eireki, veitti Eirekr hónum vel ok með mikilli sæmð; mátti Þorgils þar gótt þykkja fyrir manna sakir, en eigi gatzk hónum þar at hfsýlum. Þat var vanði Eireks, þá er hann kom heim ór kaupferðum, at hann hafði vina-veizlu, ok bauð at sér grönnum sínum; ok eigi nú sízt er þeir vóru komnir með hónum, er mikils þóttu verðir. Bauð hann þangat Brynjólfur frá Hváli, Þóri af Steðja. Þar var fjölmenni mikil ok veizla góð. Vóru þeir sessu-nautar, Brynjólfur ok Þorgils, ok töluðu mart, ok lagðisk vel á með þeim; þóttisk Brynjólfur finna, at Þorgils var miklu meira-háttar en alþjóð manna; vissi hann ok góð skil á ætt hans, ok bauð þeim² til vistar með sér...³; lagði ekki á neina aususu. Þorgils vildi þat þiggja en Bergr var þess hvergi fúsari. Þó réð Þorgils; ok fóru þeir með Brynjólfum. En er þeir kómu heim, tekr hann við þeim báðum höndum, ok slær á algleyming við Þorgils, ok setr hann it næsta sér. Brynjólfur fékk þeim svein til þjónostu er Pétr hét. Fór þat þann veg, at sveinninn var eigi athugall, en Þorgils þá heldr illa; ok eigi ótraust at hann svipaði hann⁴ eigi stundum; en Brynjólfur gatzk eigi at því, er sveinninn var skyldr hónum. Þar vóru hfsýli góð ok mann-mart, löngum drykkjur miklar ok glaðværi; urðu bændr misjafnt við drykkinn.

Geirmundr hét maðr, nágranni Eireks skarða ok frændi; hann hafði vingask við Þorgils er hann var með Eireki, ok gefit hónum

¹ A blank for the name in Cd. ² þeim, i. e. Þorgils and Bergr. ³ Something seems here to be wanting, or is it to be emend.—ok lagði á öfusu, at hann kæmi?

⁴ Thus Cd., not 'hónum.'

[III. 126: viii. 2.]

tapar-öxi snaghyrnda, eigi mikla, ok it bezta járn; hann var í Jóla-boði Brynjólfss með Eireki, ok drakk eigi varlega; vóru miklar drykkjur ok mörg víti. Björn hét maðr, ok var með Brynjólf, aldraðr maðr, ok hafði lengi verit með hónum; ok hafði þat starf, at hann görði ól ok varð-veitti drykk hversdag-lega. Þorgilsí þótti Björn vera heldr fastr af drykk hversdag-lega. Hafði hann á því grun, at Björn færí með róg ok hviksögur milli þeirra Brynjólfss; ok var þá heldr fátt með þeim. Björn var maðr skap-bráðr, ok þóttisk eiga traust öruggt; var áleitinn ok öfund-samr. Eireki var skipat hjá Bergi, þá Geirmundi; þá sátu bændr hvern hjá öðrum, ok höfðu sveit eigi all-lítlá. Bergr drakk jafnan lítið, þvíat hann var krankr, ok skyldi hann því eigi meira drekka en hann vildi; ok eingi víti¹. Var Brynjólf vel til hans. Þótti hann vera gegn ok óskapbráðr. Þorgils var inn mesti drykkju-maðr, ok misjafnt skapgóðr við drykkinn. Þat var it Átta kveld í Jólum, at drukkit var allra fastast; var þá drukkit vín er á leið. Á annan bekk sátu frelsingjar Brynjólfss, ok tveir hirðmenn Hákonar konungs, Árni Ívarsson ok Ketill langr; vóru þar fyrst druknar sveita-drykkjur; síðan slögusk í hnýfil-drykkjur; görðusk þá flestir druknir þeir er inni vóru. Talaði Geirmundr flest um, at hann þóttisk vera of settr, en þótti sem drykkr væri falsaðr. Þá bar Björn ker at Geirmundi. En hann drap við hendinni ok sló upp í fang hónum; fór drykkinn niðr í hálm. Björn reiddisk við, ok var málóði; kvað Geirmund vera snáp mikinn; ok laust með hnefa sínum á nasar hónum, svá at blóð flaut um hann allan, ok mælti flít við. Þorgils varð skjótast til upp at hlaupa; þreif upp dýrs-horn mikit ok þungt, af búningi silfrs ok steina, ok setti millum herða Birni, svá at hann steypðisk á fram, ok kom niðr ennit, ok var þar undir kerit er hann hafði haldit á; skeindisk hann á enninu, en kerit brotnaði allt í sundr. Þorgils vildi ljósta annat, en Bergr tók hann. Brynjólf hljóp þá upp, ok allir hans menn; slíkt it sama Eirekr, ok bændr með hónum. Var Þorgils þar í liði; hélt þá maðr á manni. Brynjólf var inn reiðasti. Eirekr mælti til Brynjólfss: ‘Geymit til, bóndi, at hark petta sem-isk; ok er þat yður sæmð ok allra þeirra er hér eigu hlut at.’ Brynjólf mælti: ‘Líttill vani hefir þat hér verit, at menn væri barðir í hibýlum mínum.’ Þá mælti Árni: ‘Lítið á hitt, bóndi, hvern

¹ ok eingi víti] add. V.

[III. 127: viii. 2.]

fyrstr barði, ok er þat siðr yðarr Sygna, at drekka þar til at engi veit hvat at sér horfir¹. En Birni kom þetta eigi fyrr at höndum en ván var.' Lögðu nú margir gótt til. Árni mælti þá enn: 'Þat er betr, at hér er engi maðr sakadr; er fyrir þat gótt um at tala; ok förum fyrst at sofa; en tali um þetta á morgun þegar menn eru ódrukknir; mun oss þá öllum einn veg sýnask.' Eirekr stóð vel undir þetta, ok margir aðrir. Fóru menn þá at sofa. En um morguninn eptir hlýðir bóni tíðum. Síðan gengu menn til drykkju; ok er menn vóru þar komnir, setjask menn niðr. Þá mælti Árni: 'Þat er öllum mönnum kunnigt, þeim sem hér eru, hverir atburðir hér urðu í gær-kveld manna í millum; eru vér nú allir ódrukknir, ok megum virða þessi mál eptir sönnum efnum; er þat eigi vel, bóni, at svá varð er þér misliskar. En mér lízk svá, sem sá væri eigi friðarins all-maklegr er braut Jóla-friðinn fyrstr í þínum híbýlum.' Ketill mælti: 'Svá lízk mér.' Björn mælti: 'Þat kann ek þér segja, Árni, þótt yðr þykki míni skömm lítils verð, at vera skal annat-hvárt, at ek skal hafa fyrir fulla sæmð, eðr hefna míni sjálfr.' Þorgils segir: 'Ef þú heitask við, Björn, mjök, at göra mér eina skömm, þá skal ek göra þér tvær skammir, þær er þú skalt mega báðar hendr á festa.' Björn mælti mart; en Þorgils þagnaði. Eigi má þar inna hvers mannz tillögur. En þeir lögðu þar bezt til hirðmenninir, Árni ok Ketill, ok Eirekr, ok Bergr. Báðu þeir Þorgils vægja til fyrir Brynjólfis bóna ok ráði þeirra manna er þar vóru mest virðir. En Þorgils þagði, sem hann var vanr, ef hann reiddisk. All-misjafnt lögðu menn til. En þessi varð lykt á, með ráði Brynjólfss bóna, ok ráði þeirra manna er þar vóru mest virðir í hjá², ok bezt vildu til leggja, at mál þessi félusk í faðma, ok skyldi einginn öðrum fé bæta. Seldi þá hvern öðrum grið. En síðan settusk þeir niðr ok drukku. Var bóni þá all-kátr, ok hvern við annan. Drukku nú af Jólin. Fóru nú bændr heim síðan, ok kurraði þat hvern í sínum híbýlum, at vetr-gestr Brynjólfss mundi eigi vera hvers mannz leika. Hér um kvað Gunnarr, Íslenzkr maðr, er var með Brynjólfis, ok orti svá at gaman var at:—

Herðar laust hring-njörðr horni (varat bryn-þorn)
á Birni (bil-gjarn) blunda fyrir Geirmund:
Steypask tók galinn glópr, gauri varð fyr nösum aurr;
þetta þótti þjóð gótt; Þorgisl samði hónum pisl.

¹ horfir] V.; hæfir, Cd.² í hjá] thus.

[III. 128, 129: viii. 3.]

Eptir Jólin varð með Brynjólfur ok Þorgils öngir margeleikar, en þó góðar afleiðingar¹.

223. Þat er nú þessu næst at segja, at Brynjólfur átti örendi yfir fjörð, at sækja skjöldu sína ok vápn. Þótti hónum vel at vita, hvé auðsveipr Þorgils væri, ok beiddi at hann mundi vera fyrir ferð þessari, er þá var eigi mann-mart heima. En Þorgils segir, at þess eins sendi-maðr eðr lestreki vill hann vera í Noregi, er enn væri riskari en Brynjólfur. Brynjólfur þótti þar opt it sama upp spretta. Bergr bauð Brynjólfur at sækja skjölduna fyrir Þorgils með öðrum manni; ok þat vildi hann. Bergr tók sjúkleik um vetrinn, ok lá lengi, ok var at kominn bana, ok batnaði er á leið. Var nú atburða-laust héðan frá um þar-vist Þorgils, svá at vér vitim frá at segja.

224. Um várit eptir Páska byrjaði Brynjólfur ferð sína suðr til Björgynjar á mótz við Hákon konung. Fóru þá með hónum Þorgils ok Bergr. Var hann þá færr. En er þeir kómu suðr, fundu þeir Hákon konung; tók hann þeim vel. Konungr hafði frétt af, at um vetrinn hafi verit með Brynjólfur Íslenzkr maðr einn af Sturlunga-ætt, er orð fór af. Hafði þar þat sannask, sem mælt er, at 'Mörg eru konungs-eyru;' hafði hann frétt af þeim viðskiptum, sem orðit höfðu millum þeirra Brynjólfus ok Íslendinga um vetrinn. Áron Hjörleifsson var þá með konungi. Hann hafði reynt af Böðvari vináttu mikla, þá er hann var skógar-maðr Sturlu Sighvatz sonar. Áron varð hirðmaðr Hákonar konungs, ok var kærri konungi; var hann ok góðr drengi. Áron gékk at Þorgils, ok fagnar hónum vel, 'Ok skal þér heimilt allt þat gótt er ek hefir til at veita þér, hvárt sem þat er fé eðr fullting.' Þorgils þakkaði hónum vel, ok kvezk eigi annat líkara þykkja en at hann mundi með hónum vera. 'En fyrst mun ek vera með Brynjólfur.' En Áron hafði fjár-kost eigi mikinn; en sparði öngan hlut við vini sína. Bauð hann Þorgilsu því til sín, at hann átti garð; var hann jafnan fullr af Íslenzkum mönnum. Skilðusk þeir Þorgils ok Áron; fór Þorgils með Brynjólfur til þess herbergis er hann átti. Settusk þeir þá til drykkju. Um daginn mælti Brynjólfur: 'Þér hafit verit með mér í vetr; ok vil ek kalla at vel hafi farit; en fundit hefi ek þat, at augu yður standa lengra fram til þess at þjóna rískara manni en ek em. Er þat ok satt, at slíkt eru konungs-

¹ en þó góðar afleiðingar] add. V.

[III. 129, 130: viii. 3.]

menn; en eigi mæli ek því þetta at ek spara mat við þik eðr drykk. Vil ek vera búinn til at flytja mál þítt við konung, at hann taki við þér ok göri þik sín mann; sem mik grunar at þér leiki í skapi.' Þorgils þakkar hónum sín ummæli; en kvazk fúsastr at fara til Íslandz; en ef hann næði því eigi, þá vildi hann gjarna ganga til handa konungi ok görask hans maðr. Lítlu síðarr fundusk þeir konungr ok Brynjólfur; ok verðr þat í tali þeirra, at konungr spyrr at þeim inum Íslenzka manni, er verit hefir með hónum um vetrinn. Brynjólfur segir konungi frá ætt Þorgils; ok kannádisk hann skjótt við; þvíat margir Sturlungar höfðu verit með hónum. Brynjólfur segir konungi, at 'Þorgils vildi fá af yðr útfarar-leyfi til Íslandz.' Konungr kvað þess önga ván; þvíat í þann tíma hélt Hákon konungr mörgum ríkra manna sonum í Noregi; þvíat hann hafði mjök í huga, at fá skatt af Íslandi. Konungr mælti: 'Mundi þessi maðr vera með þér í gær er vit fundumk, mikill maðr ok drengilegr, frifðr ok bragð-mikill, ok á lýti mikil í andlitinu, ok svá ungr at eigi mun grön sprottin?' 'Sá er rétt inn sami,' segir Brynjólfur, 'ok görít svá vel, herra, at þér takit við hónum sæmilega, ok görít hann yðarn mann, ef hann skal þó eigi ná at sigla til Íslandz, at vitja frænda sínna ok eigna; er hann eigi hér penninga-rískr.' Konungr tók því vel. Lét Brynjólfur þá senda eptir Þorgilsi. Kom hann þá fyrir konung, ok kvaddi hann. Tók hann því vel. Þar var þá Áron Hjörleifsson, ok flutti með Þorgilsi at konungr tæki við hónum sæmilega. Konungr segir, at hann mun ná hirðmannz-nafni, ef hann reyndisk eptir því sem þeir Brynjólfur ok Áron segja, ef hónum sýndisk; en kvað þat eigi mundu skjótt ráðask. Þorgils kvezk þess eigi mundu lengi biða at sinni; þótti eigi örvaent, at koma mætti hann þar, þótt hann leitaði annarra landa, at hann kæmi sér í sveit með rískum mönnum; þvíat Óláfr, föður-bróðir hans, hafði verit með Valdimar konungi, ok fengit af hónum mikinn sóma. Áron mælti: 'Taki þér, herra, vel við þeim sumum, sem eigi mun jafn-mikit mann-kaup í sem þessum manni.' Brynjólfur mælti: 'Svá skulu þér ætla, herra, at hraustum karlmanni man skipat í þat rúm, sem Þorgils hlýtr [f] at standa.' Konungr brosti þá. Þorgils mælti: 'Vili þér, herra, gefa orlof til at ek sé frjáls, ok fara [ek] hvert er ek vil annars-staðar, ef ek ferr eigi til Íslandz?' 'Vist eigi,' segir konungr; 'ek skil, at þú mant vera maðr bráðlátr, ok heldr ákaflyndr; en öngum sæmðum þykkjumk ek hafa af-svarat þér,

[III. 131: viii. 4.]

þótt ek vilja fyrr reyna hversu mér gezk at þínni þjónustu.' Skilðu þeir at þessu. Sagði Þorgils Ároni, at hann mundi ráðask í garð hans. Skilðu þeir vel, Brynjólfur ok Þorgils. Ragnhildr hét kona Árons, ok var hón inn mesti öflunar-maðr; en hann eyddi eigi seinna en hón aflaði. Porgils var þar um hríð, ok varð illt til fjárá; þvíat hann sá at Áron var févani, en hann vildi hver-vetna fullt fyrir leggja þann kostnað sem Áron hafði fyrir hónum. Höfðu þeir sveit mikla, ok vóru ekki dælir.

225. Þá er skip tóku at búask um várit, lét Þorgils rita á vax-spjaldi¹ ok sendi konungi; var þat þar á, at hann beiddi at konungr leyfði hónum at fara til Íslandz eðr ella til annarra landa; kvazk eigi lengr vera vilja í ófrelsi. En er konungr sá þetta, virði hann svá, sem Þorgilsi gengi til stærð ok metnaðr, er hann vildi eigi sjálfr flytja við sik sem aðrir menn. En þó sendi konungr eptir hónum. Kom Þorgils þá fyrir konung. Margrét dróttning, ok Ívarr Englasón², fé-hirðir konungs, ok fátt annarra manna, var þá hjá konungi. Með Þorgilsi var Áron ok Bergr. Dróttning var inn mesti vin Sturlunga, sem verit hafði Skúli [hertogi] faðir hennar. Hón bað Þorgils setjask niðr hjá sér. En hann settisk á fót-skemil hjá sótum hennar. Konungr mælti þá: 'Beiddisk þú út til Íslandz, Þorgils?' 'Já, herra,' segir hann. Konungr mælti: 'Ek mun nú segja þér hversu vera skal um hag þínn; þú skalt hér vera, en hvergi fara. Mun ek göra þik mínn mann, sem þú beiddisk. En svá hefir mér spurzk, sem þér félagar þykki verit hafa eigi spakir til fullz.' Drótting mælti: 'Slíkt verðr opt ungum mönnum.' Áron mælti: 'Ek skal þar fyrir svara, ef þat³ þykkir nökkurs á fátt hafa verit.' Konungr mælti þá brosand: 'Ek veit eigi, hvárt þú mátt nökkut á hendr takask meira en svara fyrir þik.' Tók konungr þá til at sprýra Þorgils af Íslandi, frá föður sínum ok frændum, frá Þórði kakala ok öðrum höfðingjum; en Þorgils segir konungi slíkt sem hann spyrr. Konungr spyrr hvern sá maðr er, sem fylgði Þorgilsi. Hann nefndi sik ok föður sínn. Áron kvað föður hans hafa verit vitran mann, ok vel fjáðan⁴, ok inn bezta bónða; 'Hann beiddisk hirðgöngu ok hirðmannz-nafns, herra, sem yðr má kunnigt vera.' Konungr segir: 'Man eigi þat vel fallit? Þvíat ek hefir af hónum þá frétt, at hann man vera spakr maðr. Skaltú, Þorgils ok þér félagar, vera í boði mínu

¹ Thus dat.; better acc. ² Englasón] emend.; Engla jarl, Cd. ³ þat] V.; þer, Cd. ⁴ feaðan, Cd., as well as V.

[III. 132: viii. 5.]

Uppstigningar-dag; en síðan görask hand-gengnir.¹ Gaf konungr Þorgils lauf-grænt klæði, fjórtán álna langt. Síðan var Þorgils í boði konungs Uppstigningar-dag. En síðan gjörask hand-gengnir ok hirðmenn, Föstudaginn eptir, þeir báðir, Þorgils ok Bergr. Gaf konungr þá Þorgils skjöld ok brynu², þvíat þau vápn skorti hann áðr. Var Þorgils þá löngum á konungs-garði; ok þótti vera heldr skapbráðr.

226. Sá atburðr görðisk þar, at eina nóttr varð þar eldr lauss í bænum; var þá blásit um allan bæinn. Ok er þetta herboð kom í konungs-herbergi, klæddisk hann nú³ sjálfr skjótt, ok hét á þá menn er hjá hónum vóru. Hann lét blása út allri hirðinni ok öllum bæjar-lýðnum til þessa ófriðar; ok vápnudusk menn sem til bardaga, ok skipaði konungr hirð sínni þar sem hónum þótti mest þurfa; bað konungr menn fara varlega ok þó djarflega. Var eldz-gangrinn svá ákaflega mikill, at ólfsklegt þótti at slökt mundi verða. Var þá margs í leitað, borit í vatn ok sjór, ok brotin víða herbergi. Konungr kvað á hvar Þorgils skyldi standa, en hann vildi fram ganga miklu lengra; fékk hann svá mikinn háska við þat, at þat þótti með ólfskendum er hann hélt lífi meiðingar-laust. Um síðir lét konungr taka lang-skips-segl⁴, ok göra alvátt, ok bera at eldinum. Varð þat þá um síðir, at eldrinn slöknaði, með Guðs miskunn ok hamingju konungs. En Þorgils fékk þann orðróm af konungi sjálfum, ok öllum öðrum er vissu, at eingi maðr hefði þar jafn-vel borit sik, ok borgisk, sem hann, í jafn-miklum háska. Svá sem Sturla Þórðarson hefir kveðit í erfi-drápu þeirri er hann orti um Þorgils. Ok þessa naut Þorgils jafnan síðan hjá konungi, svá at hann holdi hónum betr en flestum öðrum jafnar tilgörðir. Næsta dag eptir brennuna kom Þorgils í herbergi dröttningar. Tók hón hónum vel ok þakkaði hónum hvé drengilega hann hefði gefisk um nóttnina. Ok er hón sá at klæði hans eru brunnin, þá gaf hón hónum vel sex álnar af skarlati. Hann þakkaði henni þetta. Fékk Þorgils af þessu mikla sæmð. Sem þar er kveðit um:—

Lauss varð eldr fyrir öldum all-brátt er tók nátta;
út gékk hirð með Hörða hildingi veg-mildum :
Náði Þorgils þjóða⁵ prek-bráðr lofi ráða
þar er rennr⁶ & lið ljóna log-reitar brá heitum.

¹ Cp. Hyndluljóð, verse 2, gaf hann Hermóði hjalm ok brynu. ² nú] thus.

³ lang-skips-segl] thus some paper transcripts; kgs-skips, Cd., V. ⁴ þjóða] emend.; þjóðum, Cd. ⁵ rennr] thus (read, þar er eim á lið ljóma ?); rennum, V.

[III. 133: viii. 6, 7.]

227. Í þenna tíma kom af Íslandi Þórðr kakali. Hafði þá áðr orðit Haugsness-fundr, ok þau tíðendi er þar af leiddi. Var þá Gizurr í Noregi; ok settusk¹ þeir þar undir konungs-dóm. Sögðu [þeir] þá svá einarðlega sín mála-efni fyrir konungi, at þá greindi ekki á. Þorgils kom þá til fundar við Þórð, ok var löngum með hónum. Ok einn dag, er þeir drukku í konungs-herbergi, mælti konungr til Þórðar: 'Hví lætr þú eigi göra at lýti² frænda þíns?' Hann svarar: 'Þar þurfu vér, herra, at njóta við þínna ráða; en ek vil þar eigi fé til spara; ef þér ætlit [at] at megi göra.' Konungr mælti: 'Pat ætla ek, at at megi göra;' ok nefndi til lækni þann er Vilhjálmr hétt. Var þá leitað at lækninum; ok urðu þeir kaup-sáttir. Görði hann með konungs-ráði at. Sat konungr sjálfur hjá. Póttusk menn þat sjá, at þetta var mikil þrek-raun. En Þorgils þolði þat vel. Gröri sárit svá, at Þorgils varð maðr lýta-lauss; ok var nú maðr fegri yfir-litz en áðr. Þórðr kakali fékk eigi orlof til Íslandz. Dvalðisk hann með konungi um hríð, þar til er hónum var skipuð sýsla. Þorgils var með konungi nökkura vetr; ok þóttisk vera haldinn; ok kunni því illa.

228. Hákon konungr hafði skipaðan jarl í Þrándheimi Knút, son Hákonar jarls galins. Knútr jarl var mikill maðr vexti, ok vænn sýnum. Hann hafði margar náttúrur fram yfir aðra menn. Engi var sá maðr í Noregi er svá kynni skynja steina náttúru sem hann; var hann drykkju-maðr mikill, ok þótti vera nökkut vanstilltr við drykkinn þá er á hann fékk. Hinn síðasta vetr er Þorgils var í Noregi, var hann norðr í Þrándheimi með Eysteini hvíta, ok höfðu þeir sveit mikla af Norænum mönnum ok Íslenzkum mönnum. Eysteinn var bóndi góðr. Mart var annarra manna hand-genginna með hónum í bænum, bæði hirðmenn ok gestir. Konungr vær eigi í bænum. Þorgils var mest fyrir konungs-mönnum. Knútr jarl var þá rískastr maðr í bænum; ok var með hónum sveit mikil. Mart varð til greina um vetrinn með konungs-mönnum ok jarls-mönnum. Pat var eitt sinn, at [þeir] Knútr jarl drukku í einu herbergi, ok Þorgils, ok mikill fjöldi annarra manna; ok voru nökkut druknir. Var þá talat mart. Mælti Knútr jarl heldr háðulega til Íslendinga; talaði til Snorra Sturlusonar, ok annarra Íslenzkra manna, er verit höfðu með Skúla

¹ settusk] thus; sættusk?² hans, add. Cd.

[III. 134: viii. 7.]

hertoga; tók jarl á þeim öllum lítil-mannlega. En Þorgils svarar svá í móti, at þeir frændr hans mundi verit hafa, at eigi mundi sik allir¹ vanta þykkja á við hann, fyrir útan nafnbót. Þetta líkaði jarli stór-illa; urðu af þessu mjök sundr-orða. Kom þá svá, at jarl hljóp upp bölvandi, ok greip öxi. En er Þorgils sá þat, sprettr hann upp, ok brá sverði; hljópu menn þá á milli þeirra svá þykkt, at þeir náðusk eigi til; skilðu þeir at því. Gengu þeir Þorgils á brott lítlu síðarr. Leið af nóttni. Stóð jarl upp, ok hlýddi tíðum. Síðan sendi hann eptir Þorgils, ok bauð hónum í boð sitt; var Þorgils treglegr, en Eysteinn fýsti Þorgils. Fór til með hónum Eysteinn ok mjök margir saman. Var jarl þá inn blíðasti, ok skilðu góðan afleiðing. Var þá kyrt um hríð, ok áttusk fátt við.

220. Þat bar til eitt hvert sinn, at á greindi jarls-mann ok gest konungs; urðu þeir mjök andorða, allt þangat til gestrinn vann á jarlz-manni. Þat var síð dags. En er² gestrinn kom til herbergis síns, ok segir frá þessum atburðum. Þar var fátt manna fyrir, en flestir fýstu hann at fara í kirkju eðr á traust konungs-manna, þangat sem fleiri væri fyrir. Jarl varð skjótt varr þessara tíðenda, þvíat hann vissi görla hvert er hann hafði farit. Manninum hafði svá dvalizk, at hann var þá kominn út af herberginu er jarls-menn kómu at; ok tóku hann, ok færðu hann jarlinum, ok léku hann illa. Þá var myrkt, svá at jarli þótti eigi tóm til at drepa hann; var hann þá settr í fjötra, ok kastað inn, ok læst herbergi, ok fengnr menn til at varð-veita hann. Gestrinn hafði átt frillu í garðinum; ok þegar er hón vissi hvar komit var, hljóp hón kallandi með gráti miklum í garð Eysteins hvíta, ok segir þeim Þorgilsí skarða ok öðrum konungs-mönnum hversu maðrinn var nauðulega kominn, ok hann mundi dreppinn, nema þeir frelsti hann með nökkuru móti; bar hón sína sögu með inum mesta ákafa. Þorgils vildi þegar at þeir tækimanninn út með valdi; en Eysteinn vildi at þeir stefndi at sér konungs-mönnum; þótti þeir of lið-fáir vera til hvárs-tveggja, fyrst at taka út manninn, en verja sik eptir. Ok svá görðu þeir, sem hann vildi vera láta; ok fleiri lögðu ráð eptir. Stefna at sér konungs-mönnum, ok búask um í garðinum. Síðan er á leið nóttnina ferr af hvárs liði³. Er þeir vóru búrir fara þeir Þorgils með sína sveit til herbergis þess er maðrinn var

¹ allir] thus; allz?

² en er] thus?

³ síðan—liði] thus? something is wanting.

[III. 135: viii. 7.]

inn kastaðr; verða vöku-menn við þat varir; skipask þeir fyrir durum; ok hyggja, at þessir muni eigi svá harðlega at ganga. En Þorgils laust þann er fyrir hónum varð, öxar-hamars-högg mikit; ok fleiri vóru þeir lamðir er fyrir vóru; ok stukku frá. Gékk Þorgils at hurðunni, ok braut; tók manniinn í fang sér, ok bar út; braut af hónum fjöturinn. Fór þessi maðr með Þorgils heim í garðinn. En varð-menn segja jarlinum hversu harðlega þeir vóru leiknir. Varð hann við þat reiðr mjök, ok lét blása saman hirð sínni ok hand-gengnum¹ mönnum, ok öllum þeim sem hans flokk vildu fylla. Lét jarl þá bera út merki sítt, ok vápnaðisk sjálfr, ok allir hans menn; ganga þeir nú út eptir bænum. Ok er nú sagt þeim Þorgilsi, at jarl ferr at þeim með her mikinn vápnaðan, ok létu heldr ófriðlega. Þorgils heitr nú á menn sína, at þeir skuli ganga út á vígin, er þeir höfðu gört, ok verja hendr sínar rösklega, ‘Ef þess þarf við; ok látum konung þat spryra, at hann hefir hér drengjum skipat, en eigi dáðleysingum.’ Gengu þeir þá út, ok fram í vígin. Kom þá jarl at í því, ok spurði: ‘Hefir þú, Þorgils, ok þér félagar, gört hér svá mikit hervirki at; brotið upp herbergi, ok bart² menn mína, en tekit þann í brott með valdi er sjálfr hafði unnit til dauða?’ Þorgils kvað þat satt, at þessi maðr var á þeirra valdi, er hann leitaði eptir; ‘En annat ætla ek þat eitt gört, er lístíllar umræðu sé vert. Er nú vel, at þú reynir þat í dag, hvárt Íslendingar eru svá linir ok lítils-háttar sem þér sögðut í vetrí³?’ Jarl mælti: ‘Slíkt er mikit ofbeldi ótígnum mönnum, at halda til jafns við oss, eðr meirr.’ Talði hann nú margar sakar við Þorgils; ok eggjaði þá menn sína til atsóknar. Þorgils segir sér þat vel líka. ‘Skulu þér, jarl, minni til reka, áðr þér náit manninum.’ Menn urðu seinir til atsóknar; þvíat þeir vóru margir með jarli, er þar áttu frændr ok vini í garðinum eðr aðra vanda-menn. Eysteinn bóndi var svá vinsæll, at eingi af bónum var vinsælli. Þá lögðu inir betri menn til, ok báru sáttmál í millum þeirra. En jarl var inn óðasti, ok bað bera eld at bænum. En Þorgils gékk út í garðinn með brugðit sverðit, ok bað jarl þar undir ganga, ef hann þættisk eptir nökkurum eiga at sjá þar. Tókus⁴ þá meðal-göngur; tjáðu menn þá fyrir jarli, hver ófæra hónum var í at göra svá mikit

¹ hand-gengnum] V.; harðfengum, Cd.² bart] barit, Cd.³ vetr, Cd.⁴ tékus^k] here begins the sixteenth vellum leaf.

[III. 136: viii. 8.]

hervirki á konungs-pegnum, ok í konungs-landi¹. Kom þá svá fyrir jarli, at hann mundi taka sjálfðæmi. En er Þorgils var þat tjáð, neitaði hann því þverlega. Bað jarl þá sækja eðr frá hversa. Eysteinn segir, at Þorgils mundi vilja konungs dóm á málinu. Þorgils segir, at hann vildi at svá búit stæði til konungs fundar, en síðan görði hann ráð fyrir sættinni. Eysteinn segir eigi sið, at mál stæði opin. Þorgils mælti: ‘Sé ek, Eysteinn, at þú ert sáttgjarn.’ ‘Svá er víst,’ segir Eysteinn, ‘þíkkir mér góðr friðrinn; em ek hónum vanastr. En haltú þó, Þorgils, þessu máli svá fast sem þú vilt; fyrir því, at ek mun eigi fyrstr við þik skiljask; ok fyrr skal hér í garðinum étíð ok drukkit allt þat er ætt er í garðinum, en ek taka nauða-sætt af jarlinum.’ ‘Mældú² drengja heilastr!’ segir Þorgils. Þá gékk Jórunn húsfreyja út í garðinn, ok mælti svá: ‘Þess bið ek þik, Þorgils, ef ek hefi nökkut svá gört, at þér þíkkir vel, þá stýr þú eigi þessu máli í svá mikit vandræði, at þú hafir þik í veði eðr bónda mínn, eðr aðra góða menn, ef þú átt kost sæmilegra sætta.’ Ok fyrir hennar fortölur hneigðisk Þorgils. Áttu nú margir menn hlut í at þeir skyldu sættask. Kom því svá, at jarl varð at því leiddr með fortölum vina síinna, at hann bauð alla mála-vöxtu á konungs dóm. Gékk þá sættin saman, svá at konungr skyldi dæma öll málín óskorut þau er þeirra í millum vóru orðin, ok hónum þætti dóms þurfa. Þótti Þorgils þessu hafa vel fylgt; ok sékk hann hér fyrir gótt orð.

230. Um várit eptir Páska fóru þeir Þorgils á konungs fund, tók konungr þeim vel. Sögðu þeir konungi slíkt sem í hafði görzk með þeim Knúti jarli. Líkaði konungi vel þessi mála-lok. Dvalðisk Þorgils þá með konungi. Þá var með konungi herra Heinrekr biskup, Gizurr Þorvaldzson, ok Finnbjörn Helgason. Vóru þeir þá allir ráðnir til útferðar, ok beiddusk skipanar af konungi. Konungr kallaði arf Snorra Sturlusonar hafa fallit undir sik; slíkt it sama lendur þær er Snorri hafði átt á deyjanda degi, utan stað í Reykjaholti. Skyldi Þorgils vera semjandi ok sækjandi allra þessa mála, er lög mætti á standa meðferð þessa fjár. Finnbirni skipaði konungr ríski fyrir norðan Vöðla-heiði, ok ætlar hónum bústað á Grenjaðar-stöðum. Gizurr hafði ríski sítt fyrir sunnan land, ok skyldi hvárr þeirra veita öðrum, Gizurr ok Þorgils. It sama var Finnbjörn skyldaðr at veita þeim, ok svá þeir hónum.

¹ -landi] thus vellum, not '-garði.'² mældu, vellum.

[III. 137: viii. 8.]

Hét Heinrekr biskup konungi ok öllum þeim sínu trausti. En er þetta var allt ráðit, þá bjoggu þeir skip sín til hafs; ok fóru þeir allir í skip með Eysteini hvíta; ok fóru þetta sumar til Íslandz. Þórðr kakali sat eptir í Noregi, ok líkaði hónum þat flia, þvíat hann hafði áðr skipat eignir Snorra Sturlusonar vinum sínum, Eyjólfí Þorsteinssyni Skagafjörð ok búnað í Geldingaholti; Hrana Koðranssyni Eyjafjörð, ok búnað á Grund; Þorleifi Þórðarsyni Borgarfjörð. Hrafn Oddzson, Sæmundr Ormsson, Sturla Þórðarson, ok Nikulás Oddzson, vóru bundnir í trúnaði ok tengðum við Þórð, ok í vináttu.—Um várit áðr Þorgils kom út ok Gizurr, lét Ögmundr Helgason drepa Sæmund ok Guðmund Orms-sonu; þótti þeim Eyjólfí ok Hrafni þat skaði mikill.

231. ¹ Um summarit at Laurentius-messu var veizla mikil í Geldinga-holti; kom þar til Hrafn Oddzson, Sturla Þórðarson, Þórðr Hitnesingr, Nikulás Oddzson. Þorleifr í Görðum hafði sent Eyjólfí bréf, var þat lesit at veizlunni; segir hann svá, at Ögmundr Helgason bjó svá nær kirkju, at eigi mundi svá at hónum komit, þótt hann vildi á hefni-leið róa, at eigi mundi hann skjótit ná kirkju. Þorleifr segir sik traustan ok öruggan til slíks sem þeir vildu upp taka. At af liðinni veizlu riðu menn í brott. Reið Sturla á Gunnsteins-staði um kveldit. Þat var Miðviku-aptan fyrir Máriú-messu. En er þeir kómu á leið um morguninn var Sturla hljóðr. Þórðr Hitnesingr spyr, hví hann væri svá hljóðr. En hann kvazk hugsa um draum sínn. Þórðr spurði hvat hann hafði dreymt. Hann kvað sik dreymt hafa, at faðir hans kom at hónum, ok kvazk hann spryja hann tíðenda; en hann kvazk eingi segja; ok spurði í móti, ef hann vissi nökkur. En hann kvazk eingi vita. ‘Frétt muntú hafa,’ segir Þórðr, ‘skip-kvámu í Eyjafirði, ok er þar á viðbjörn, er Böðvarr á, frændi okkarr, frá Stað; ok sagt dýr þetta heldr ólmt.’ ‘En er ek vilda spryja fleira, þá vaknaða ek.’—Þórðr spurði, hvat hann hugði þann draum vera mundu. Hann kvazk görla vita, eðr ætla, at Þorgils Böðvarsson mundi annat-hvárt kominn við land, eðr koma all-brátt. Þeim þótti þetta líklegt. Þá spurði Þórðr, hví hann hefði svá fár verit í Geldingaholti. Sturla segir: ‘Þvíat mér er þar viðbjóðr við öllu; ok allt kom mér þar verr at haldi en veitt var. En eigi kemr mér þat at

¹ This chapter stands here in the vellum leaf of A; but in the transcript Br., as well as in all other paper transcripts, it has been displaced and transposed to pátr 7. See old edition, vii. ch. 60 (iii. 118).

[III. 138: viii. 9.]

óvörum, þótt eigi sé enn búit um skipti vár Eyjólfs.'—Eptir þetta reið hvern heim.

232. Næsta dag eptir Máriú-messu syrri var landfast at Gásum skip þat er Þorgils Böðvarsson var á. Þeir kómu til Staðar Bartholomeus-messu. Fögnum frændr hans hónum vel. Stefndi Þorgils at sér vinum sínum ok tengða-mönnum; kom til hans Einarr Halldórsson frændi hans, Þórðr Hitnesingr mágr hans, Gunnlaugr Hallsfríðarson¹. Birti Þorgils þá ráða-görðir sínar, ok lét lesa skipunar-bréf sít, ok kvaddi menn til ferðar með sér. Vikusk menn vel undir þat. Reið Þorgils frá Stað, ok nær fjórir tigir manna með hónum. Var þar Böðvarr Þórðarson faðir hans, Einarr Halldórsson, Þórðr Hitnesingr mágr hans, Helgi bróðir hans, ok þeir menn er út vóru komnir með Þorgilsi. Reið hann suðr til Borgarfjarðar, ok gisti í Stafaholti. Þá bjó þar Óláfr Þórðarson. Eptir þat stefndi hann fund undir Höfða-hólum; kom þar til Þorleifr ór Görðum, ok Egill ór Reykjaholti, ok aðrir héraðsbændr. Létu héraðs-menn heldr drjúglega.—Óláfr Þórðarson stóð upp, ok hóf svá mál sít,—at hann bað Guð geyma alla menn, er þar vóru komnir, með sínni mildi ok miskunn. Bað ok þess í annan stað, at menn tæki sæmilega bréfum ok örendum svá ágætz herra sem Hákon konungr var. En göra eigi, sem margr angrgapi, at svara fólsku tíginnna manna örendum, 'Sem Guð láti eigi vera hér í dag; þat er fram-kvæmd² sem hans er vili til, en öllum gegndi bezt.' Settisk Óláfr niðr. En Þorgils stóð upp ok segir: 'Þat er mönnum kunnigt, at ek hefi stefnt fund þenna. En þat er syrir þá sök, at ek em skyldaðr til í dag at reka konungs örendi. Man hér lesit vera konungs-bréf. Bið ek, at menn gefi hér til gótt hljóð, ok hyggi síðan at svörum³.' Hélt þá Þórðr á bréfinu ok sýndi innsiglit; bað Þorleif at fá mann til at lesa, ef hann vildi. Þorleifr kvezk þat eigi mundu göra. 'Ferr þat þann veg, at margir eru fúsir til héraðs þessa, en fáir eru til mótt-svara í dag. Má þat vel bíða annars dags, eðr þess at við er Hrafn ok Sturla, ok vér görum allir saman ráð syrir svörum. Ok vitu vér, at þér er skipat hérað þetta af konungi; ok er þat örendi hans í dag; en margir mæla þat, at hann eigi ekki í. Em ek eigi arfi Snorra Sturlusonar,

¹ Hallf*ð., vellum, either thus, or Hallfríðar. ² þat er fram-kvæmd] thus; en þat verði at fram-kvæmd?

³ at svörum] here begins the vellum fragment of Thorgils Saga, preserved in the Record Office (Rigs-archiv) at Christiania. This fragment consists of two continuous leaves, the only remnant now existing of the complete original Thorgils Saga.

[III. 139: viii. 9.]

þótt ek hafa hér nökkura forsjá með ráði Þórðar. Em ek eigi fyrir svörum um þetta mál meirr en aðrir.' Þetta studdu margir með Þorleifi. Þótti konungr eigi maklegr at hafa nökkur forræði á erfð Snorra Sturlusonar. Þorgils mælti: 'Vita skulu þér Þorleifr, at ek ætla at láta lesa hér í dag konungs-bréf, tvau eðr þrjú, opinberlega svá at þér heyrit; ok skal ek eigi myrða þetta konungs-bréf, þóttu hafir myrt þau konungs-bréf er til þín hafa send verit; ok má vera, at þú eigrir því hér at svara í dag, ok þurfir eigi til annarra svörum at víkja.' Þorleifr drap þá niðr höfði, ok svaraði öngu; ok vóru hans tillögur fár í hávaða. Lét Þorgils þá lesa bréf konungs; ok görði [þat] Þórðr Hitnesingr. En er bréf var lesit, þá tóku menn eigi skjótt til svara. Þá mælti Óláfr Þórðarson: 'Þat er siðr hæveskra manna, at þegja eigi á móti konungs örendum; en flestir munu hér meta svör við Þorleif.' Þorleifr segir: 'Eigi mun ek halda hérað fyrir konungi, ok eigi reisa flokk í móti þeim sem í sezt, en ekki lof legg ek þar á.' Egill kvazk frelst hafa Þórði manna-forráð þat er hann hafði átt; 'Ok á ek þar fyrir¹ at svara.' Flestir lögðu þar erfitt til. Böðvarr í Bæ kvað sér eigi myklu skipta hverr fyrir-maðr væri í héraði, kvez við engan mundu bág brjóta, enda² þjóna lítt til flestra, en kvez betr líka at hefði hans vanda-menn, heldr en þeir er hónum vóru venzla-lausir, 'Ætla ek slíkt at sýna þeim í vináttu, sem þeir sýna mér³.' Haukr af Álptanesi mælti svá: 'Þat er mín tillaga, at unna enkis máls á fyrr um hérað, enn Hrafni ok Sturla væri við.' Þorgils segir þetta ekki til hans koma: 'Munu þín orð hér um enkis metin; en eigi örvaðt, at menn muni þínar tillögur.' Þaðan frá urðu þar eingin mótmæli berlega, enda ekki skörulegt já-orð. Þá lét Þorgils lesa konungs-bréf þat er Þorleif var sent. Var hann mjök ávítáðr um þat er hann hafði brotið bréf konungs; var þar mikil atmæli⁴, ok heitan, við Þorleif, ef hann görði eigi konungi þá sæmð, er þeir⁵ sæi fyrir hans hönd, Gizurr Þorvaldzson ok Þorgils Böðvarsson. Þorleifr svarar því vel; 'Vil ek þat bæta við góðra manna sann,' er hann hafði seinna farit á konungs fund enn hónum vóru orð til send. Var þá leitað við Egil í Reykjaholti, ok Þórarinn prest Vandráðsson, ef þeir vildi gefa Þorgils

¹ fyrir] thus vellum, f (i. e. firir), not ê (i. e. eigi). ² enda] emend.; enn, Cd.³ Böðvarr í Bæ—sýna mér] add. the Christiania fragment. In the Sturlunga text there is a kind of homoteleuton, viz. from one speaker to another. ⁴ atmæli] thus vellum. ⁵ vellum om. 'þeir.'

[III. 139: viii. 9.]

upp búit í Reykjaholti. Féksk þat at lyktum. Ok kom þat flestum mönnum mjök óvart¹. Skilðu menn at þessu. Reið

¹ This is much more detailed in the Christiania fragment, and runs thus:—

Þá var sendr Þórðr Hitnesingr til Egils at leita eptir, ef hann vildi nökkurn kost á göra at taka við Þorgils um vetrinn. Bar þetta Þórðr upp fyrir Egil. Egill tók því ólíkliga; ok kvað sér þat ofr-efli at taka Þorgils sér til vistar-mannz við svá mikinn kostnat sem af því mundi leiða; 'En þat annat, at Þórarinn prestr á bú hálst við mik; ok á hann hér eigi síðr ráð fyrir en ek; en þat it þrója ^a, at sá er þetta tekz á hendr munu (!) hafa óþökk allra héraðs-[manna], ok þar með fullan fjándskap Hrafns ok Sturlu ok Þorleifs.' Þórðr segir, at hann hyggr Egil vera svá frjálsanmann, at hann mundi ráða eiga takí heima-manna sinna; ok hónum mundi eigi næra fara um héraðs-stjórn, ef hann réði eigi hj[úm] eðr herbergjum í Reykjaholti. Egill kvað petta vanda-tak mikit. Þórðr spurði, hvárt hónum þætti vanda-laust af höndum at vi[kja]; kvað Þorgils líkligan til at verða hónum at sœmðar-manni, ef hann g[ürðisk] þess verðr. Egill kvað þetta ekki þurfa við sig at tala; kvezk engan kost mundu á göra;—Ok vildi upp hlaupa. En Þórðr tólk i hönd hónum, ok bað hann eigi á brott hlaupa. Settisk Egill þá enn niðr. Spyri Þórðr þá, ef Egill vildi göra á því nökkurn kost, at Þorgils t[æk]i við búi í Reykjaholti; kvezk hónum þíkka eigi ör-vænt ^b, at Þorgils mundi hafa til stórmennzku at veita Agli vist ok hans skulda-liði. Egill kvez eigi þurfa at vera hans veizlu-maðr; en b[æd] þá tala petta fyrir Þóra, ef þeir vildi. Spratt Egill þá upp; en Þórðr gekk at finna Þorgils, ok sagði hónum sem farit hafði. Var nú gengit til Þórarins. Kom Þórarinn þá til mótz við Þorgils. Gengu þá til við Þorgils nökkörir menn: Óláfr Þóðarson, Einarr Halldórsson, Þórðr Hitnesingr. Var þá kallað á Egil. En Egill kallaði at sér Þorleif Þóðarson, Böðvar i Bæ ok Finn af Sámstöðum. Þorleifr vildi eigi til ganga; en aðrir sôru þeir sem kvaddir voru. Flutti Þorgils þá sjálfr sitt örindi við þá Þóra ok Egil, ef þeir vildi nökkurn kost á göra at gefa upp búit. Þótti sér þat bezt falla. Þórarinn veik at Egli^c, en Egill at Þóra. þá mælti Böðvarr i Bæ: 'Vefit petta ekki, Egill, fyrir Þorgils, ok hættið þá til [fá]rra manna vináttu ef þit vilit af svara. Görít hónum greilli[ga] kost þann er hónum þíkki vináttu fyrir vert; þvíat hann mun ekki lengi sitja á snugg við ykkur Þórarinn, ef hann er nökkut skaplíkr Kolbeini móður-bróður sinum.' Þórarinn spurði Böðvar: 'Hverra tillaga skulu vér eiga þar ván, bóndi, er þú ert?' Böðvarr svaraði: 'Þat ætla ek, at Þorgils skal ekki mein at mínum tillögum, ef hann deilir [eig]i við Þorleif, bróður mínn; ok í öngum svíkum eðr umsátum ætla ek at vera við Þorgils; en engum manni nenni ek fé at veita. En þat er skylt, at ek leggja gótt til ykkars máls, hvárt sem þit görít í þessu nökkurn kost eðr engan.' Þá mælti Einarr Halldórsson: 'Þat er vant at víkja af höndum þeim manni, er svá ríki höfðingi hefir til sendan, sem er Hákon konungr. Mun hónum svá sýnaz, sem mjök sé héraðs varnat, ef Þorgils skal hvergi ná, [niðr] at setjask.' Var þá fast fylgt; en Egill fór undan á ymsa vega. Þórarinn var samr ^d um. Þá gengu þeir saman, Egill ok Þórarinn, [ok þeir] bændr er hjá þeim voru, ok töludu lítlia hrifð. En er þeir kómu aptr, sagði Þórarinn, at þeir urðu á þat sáttir sín á milli, at göra Þorgils kost á at taka við búi. Skyldi þat svá vera, sem Þorgils hefði tekit við búi at Fardögum. Skyldi hann annað hjón þau er þeir höfðu ráðit, ok gjalda kaup verk-mönnum. Þorgils skyldi greiða af höndum um várít slíkt sem

^a Here begins the second leaf, the edge of which is slightly injured, and marked here in brackets. ^b eyrvænt, vellum. ^c Thus vellum. ^d samr = willing.

[III. 140: viii. 10.]

Þorgils af fundinum í Stafaholt, ok var þar um nöttina, ok greiddi ferð manna sínna út á Strönd. Reið hann síðan upp í Reykjaholt, ok tók þar við búi. Skyldi vera in sama ráðs-kona, Guðlaug Áladóttir, fylgi-kona Þórarins prestz. Settisk Þorgils þá um kyrt; varð brátt kostnaðr mikill, þvíat þar var áðr fjölmenni ok mart kom við¹; var þá ok mikil atsókn, en öngum af hrundit. Eyrindr brattr rézk til vistar í Reykjaholt um haustið, ok Sunnifa húsfreyja hans. Eyrindr var hirðmaðr Hákonar konungs; var hann gamall maðr ok óskygn; ok vin Sturlunga, en óvnr Gizurar.

233. Um haustið eptir Máríu-messu reið Þorgils Böðvarsson suðr á Nes við sjauda mann, ok gisti í Görðum at Þorleifs; ok fór með þeim heldr fálega. Þaðan reið Þorgils til Hólms; ok tóku þar skip er Þorleifr átti, ok fóru yfir um fjörð, ok gistu í Saurbæ at Magnúss Árnasonar. Þá spurði Þorgils, at Gizurr var kominn ofan á Nes. Fór Þorgils til fundar við hann. Fundusk þeir í Viðey; fór með þeim álitlega. Síðan reið Þorgils heim, ok hafði með sér landz-leigu af Eyrindar-stöðum ok Bessastöðum. Þorgils gisti í Bæ at Böðvars; gaf hann hónum hesta tvá brúna, ok skjöld rauðan, ok gull-lögð lauf á. Sagði Þorgils Böðvari, hversu fálega fallit hafði með þeim Þorleifi, ok svá [at] hónum virðisk eigi svá fastlegr tænaðr af Gizuri sem hann hugði. Reið Þorgils þá heim í Reykjaholt. Vóru þá menn sendir í sauða-kvöð um herað allt. Féksk þat at kalla. Þorgils sendi Berg ofan til Brekku at fala slátr-fé at þeim braeðrum, Ólafi ok Þórhalli. Féksk þar ekki af; gazzk Bergi þó lítt at svörum þeirra. Nær vetr-nóttum reið Þorgils heiman, ok með hónum fylgðar-menn hans; ok ætlaði at riða út á Snæfellz-nes. Reið hann til Borgar um kveldit. Bjó þar þá Loptr biskups son. Vóru þeir Þorgils sjau saman; var þar allvel við þeim tekit. Mýrar lágu flá; mátti þá tyllask² á vetrar-brautum. Þaðan reið Þorgils út um daginn til Brekku; stigu þeir af baki, ok

hann tók við. Þorgils kaus þetta. Hét Egill hónum [af]lausnum^a um þá hluti, er hann sei þegar stað fjári síns; en hann hefði til at leysa. Hét hvárr öðrum sínni vináttu. Var þetta þá handso . . . (*Here the fragment breaks off.*)

All this minute narrative is in the text of Sturlunga reduced to a few lines—
 * Var þá leitað við Egil í Reykjaholti, ok Þórarinn prest Vandráðsson, ef þeir vildi gefa Þorgilsi upp búi í Reykjaholti. Féksk þat at lykðum, ok kom þat flestum mönnum mjök óvart; (as in the text above.)

¹ Here ends the sixteenth vellum leaf. ² Thus, tillast, Cd.; read mátti þó?

[III. 141: viii. 10.]

létu gefa hestunum undir garði. Bóndi kom eigi út. Gengu þeir Þorgils þá til stofu, ok settusk á annan bekk. Óláfr bóndi sat á palli, en Þórhallr bróðir hans var í pallinum, ok hafði hælana undir sér. Þeir heilsuðu Þorgils; en bjóða hónum öngan greiða. Þorgils falar slátr-fé at þeim bræðrum; en þeir svara sem fyrr, ok vildu eigi selja. Mælti Þorgils til vel í fyrstu; en er á leið ræðuna lét hann fara nökkur heitanar-orð. Þeir sögðu Þorgils mundu mega ræna þá ef hann vildi; ‘En eigi er þá örvaent at nökkurr rétti hlut várn; munu vér eigi selja því heldr¹.’ Þorgils spratt, upp ok mælti: ‘Mjök vilja mik öll strá stanga! ok laust Óláf með stálhúfunni. Óláfr hafði smeygt tví-salldri hettu á höfuð sér; kom högg þetta á vangann ok á öxlina. Hnígr Óláfr þá í pallinn²; ok veltr ofan fyrir stokkinn. Tók þá húsfreyja til hans, ok reisti hann upp seint þat; ok skreiðisk hann upp í pallz-hornit. Þorgils laust Þórhall annat högg í höfuðit; var þat mikit högg, ok brast við. Féll hann af út, ok krepti undir sik hælana. Laust Þorgils þegar annat högg milli herðanna; lét þá í Þórhalli, ok ugðu menn [at] hann mundi meiddr. Eptir þetta riðu þeir Þorgils ofan á Álptanes. En er þeir riðu at bænum á hlaðit, var úti fyrir þeim maðr einn, er Sölví hét, ok var son Óláfs lang. Þorgils spurði: ‘Hvar er Haukr djöfullinn?’ Sölví svaraði: ‘Eigi veit ek, bóniði sæll! hvar hann er.’ Þorgils laust eptir hónum með keyrinu er hann hélt á; var þat svá mikit högg, at ennit kom fyrst niðr á Sölvu, ok kastaði fótunum fram yfir höfuðit. Hestrinn skriðnaði á sváðanum undir Þorgils, ok stökk hann af baki, ok kom standandi niðr. Sölví snöri þá undan. Laust Þorgils hann annat högg með keyrinu. Féll hann þá enn á knéin, ok stakk niðr höndnum. Þorgils bað hann þá segja til Hauks, ef hann vissi þá görr. Sölví hljóp þá undan, ok mælti: ‘Ber þú mik eigi, bóniði mínn! þvíat eigi veit ek hvar Haukr er.’ Þá kom út Gróa húsfreyja, ok mælti: ‘Þórðr, láttu ekki hér göra flit, ef þú ræðr nökkuru.’ Þorgils mælti: ‘Hvar er Haukr bónið þínn?’ Hón mælti: ‘Þat er bæði, at ek veit eigi, enda munda ek þér eigi segja þótt ek vissa.’ Þá kom út kona, er Ragnhildr hét, ok spyrr Þorgils: veitzu hvar Haukr er: ‘Þat hygg ek, at hann færí út í Koranes at búa um sellað³ sínn.’ Riðu þeir Þorgils þangat, ok var Haukr eigi þar. En er þeir kómu heim, var þeim sagt, at Haukr var í

¹ því heldr] thus? ² V.; fallinn, Cd.

³ sellað] thus? a dubious word;

read stakkgarð?

[III. 142 : viii. 10.]

kirkju; en húsfreyja var í kirkju-durum ok Íllugi prestr. Húsfreyja heilsaði Þorgils, ok bauð hónum gisting. Hann kvað henni mundu vel fara. Húsfreyja beiddi Hauki griða, 'Ok ef hann hefir mælt eðr gört, svá at þér þykkir sílla, þá vil ek þar eigi til spara mítt, at þit semit sem bezt.' Þorgils kvað hann engi grið mundu fá, fyrr en hann fengi sætt af hónum þá er hónum líkaði. Gróa spyrr, ef hann vildi sjálfdæmi. Bergr segir: 'Eigi mun sekt meiri vera, en þetta mun vel boðit.' Þórðr segir þá: 'Hvar mun betr fallit at ræna en hér, ef nökkur skal, en þurfi þó?' Gróa mælti: 'Söm eru enn tillög Þórðar!' Bergr bað Hauk sjálfan bjóða fyrir sik sjálfdæmi. Haukr görði þá svá. Sættusk þeir at því, at Þorgils var þar um nöttina; vóru viðtökur góðar. Um morguninn var regn mikit. Buðu þau Þorgils þar um dag; en hann vildi ríða. Haukr bað hann þá líka upp görðinni; kvazk gjalda mundu slíkt er hann görði. Þorgils mælti: 'Gróa húsfreyja, ek vil nú gefa upp görð þessa; en þit görít aslausn slíka sem þit vilit; þá má eigi nauðung metask.' Penna kost tóku þau. Gaf Haukr tvau sáld maltz ok sáld korns, ok sex vættir matar, ok öxi mikla er Þorleifr í Görðum hafði gefit Hauki. Gróa gaf Þorgils fingr-gull. Skilðu þau laglega. Ríðr Þorgils þaðan á Hitarnes, ok þaðan á Snæfellz-nes; ok gisti at inni meiri bónða, ok gáfu allir hónum gjafir. Fundusk þeir Sturla Þórðarson, frændr, at Helgafelli. Féll með þeim heldr fálega. Sagði Sturla, sem allir þeir er ríki héldu af Þórði kakala, at þeim var óþokki mikill á allri skipan Hákonar konungs. Vildi Sturla draga Þorgils frá konungs trúnaði; en Þorgils vildi heimta Sturlu frá sambandi við þá Hrafn ok Eyjólf. Skilðu þeir frændr með engri vin-áttu. Reið Þorgils þaðan suðr til Staðar, ok þaðan suðr í Reykjaholt. Fóru með hónum af Strönd útan, Ingimundr, bróðir hans, ok Gunnlaugr prestr, mágr hans, ok Hallbera, systir hans, Hallbjörn inn mikli, ok Björn¹ sonr hans, skyldi [hann] vera bryti í Reykjaholti, Sveinn Ormsson, ok Sveinn Ívarsson, Þórðr Hitnes-ingr, ok Magnús gargan. Egill bónði hafði verit jafnan fyrir utan Hvítá með vinum sínum, meðan Þorgils var vestr. Höfðu þeir Nikulás mágar fundisk á Sáms-stöðum; hafði Egill tekit skapskipti við Þorgils af viðræðum þeirra. Eptir Marteins-messu kómu norðan af Eyri, Marteinn Ívarsson², ok Hallr son Páls prestz af

¹ Björn] add. V.; om. Cd. ² Ívarsson] V. and Cd. below; this person is, however, called Mársson in Árna S. ch. 13.

[III. 143: viii. 10.]

Eyri. Þetta vár áðr höfðu orðit víg í Döldum vestr; hafði Marteinn vegit Tanna Gunnlaugsson¹. Þar var ok veginn Páll Ívarsson bróðir Marteins. Tók Þorgils við Marteini at orðsendingu Páls prestz. Var Marteinn því síður í ferðum, at hann var í skriptum ok kárínu.

234. Á öndverðum vetri kom austan af Siðu Klængr Skeggjason; var hann sendr af Brandi ábóta norðr til Hóla á fund Heinreks biskups. Klængr bar bréf ábóta; stóð þat í bréfi því, at hann hefði tekit Þorgils til görðar um víg Orms-sona, með Gizuri Þorvaldz-syni; ok þat annat, at hann bað hann at vera spaklega í héraði, ok betr en þá lék orð á; ok þat it þriðja, at komit hafi vestan ór Fjörðum Snörtr Seldæll, ok sagt hónum, at þat var orð á, at Hrafn Oddzson væri mesti óvin Þorgils, en Sturla minni vinr en vera skyldi, ok bað hann vera varan um sik. Reið Klængr þaðan tveim nótum eptir Cecilíu-messu. Reið Þórðr Hitnesingr með hónum í Norðrár-dal í Hvamm, ok vóru þar um nöttina. Um kveldit kom vestan ór Fjörðum Þorsteinn Gellisson, heima-maðr Þorgils; hafði hann verit tvær nætr á Staðarholi, ok segir hann, at Hrafn var þar kominn, ok hann hafði þá mart talat við þá báða. Segir hann, at þeim lægi vel orð til Þorgils, ok vildu gjarna gótt við hann eiga, ok at þeir vildu finna hann annan dag viku eptir messu-dagana á Hellu fyrir vestan Ámótz-vað við Hvítá; hafði Þorsteinn þar grið er hann skyldi selja Þorgilsi til fundar þessa. En Þorgils skyldi selja þeim grið í móti. Skyldu hvárir vera við² fimmtánðamann. En er leið helgin, reið Þorgils til fundarins með fimmtánðamann. Þeir gengu mjök jafn-snimmia, hvárir-tveggju. Vóru þar kveðjur góðar með mönnum. Vóru þeir þar Hrafn ok Sturla ok Nikulás Oddzson, Kolbeinn grön. Þeir vóru fimmtán saman. Bundu menn hesta sína, ok settusk niðr á völlinn. Hrafn var mest fyrir fréttum; spurði at ferðum Þorgils ok at tíðendum ór Noregi. Sturla kallar á Þórð, ok kvezk vilja tala við hann. En er þeir kómu saman, spurði Sturla, hversu mikil vináttu hónum þótti vera með þeim Gizuri ok Þorgilsi; eðr hvárt nökkut mundi stoða at leita þess, at Þorgils skilðisk við Gizur. Þórðr kvazk hyggja, at þat mundi eigi tjá; ok at Þorgils mundi öngu því bregða, er hann hafði konungi heitið; þótt hann görði þat eigi fyrir Gizurar sakir. ‘En hitt mæla sumir menn,’ segir Þórðr, ‘vit þik, Sturla bóndi, at þér sæmði eigi verr at halda vináttu ok félags-

¹ Called Guðlaugsson in Árna S. ch. 13.² við] með, Cd.

[III. 144: viii. 10.]

skap við Þorgils, frænda þínn, en bindask í trúnaði við þá menn, sem eigi eru vinir hans.' Sturla svarar: 'Vit fundumsk á hausti¹ at Helgafelli, ok kómu við þá öngu ásamt meðal okkar; mátta ek ekki þat mæla, er eigi tæki hann með forsi ok fjándskap. Mun hann vera þrá-lyndr í skapi, sem faðir hans, en hafa brjóst verra.'— Ok nú heyrðu þeir, at upp gékk talit fyrir þeim Hrafni. Hljópu þeir Sturla þá þangat til. Þeir Þorgils ok Nikulás töluðu um eignir þær, er hann hafði tekit í heiman-fylgju með Gyðu af arfi Snorra Sturlusonar, ok Þorgils var til skipaðr fyrir at sjá. Hrafni kvað lítils vert um lönd þau, ef þeir felldi saman vináttu sína; 'Mun Þorgils hljóta af vináttu við Gizur ekki nema skömm ok skaða, svá sem aðrir Sturlungar; ok eigi víst hvárt all-langt er at bíða.' Þorgils bað hann eigi heitask við sik, 'En gæt þess, bóni, at þú stelzk eigi á mik, þvíat þat mun illa fyrir mælask, . . .² ef ek sný baki við þér, ef vér erum jafn-liða ok jafn-búnir. En þat sem konungr hefir mér skipat, hvárt sem eru ríki eðr eignir, þá ætla ek at heimta sem ek vinnumk til, hvárt sem varð-veitir Hrafni eðr Nikulás.' Reið Nikulás knút á því, at hann mundi alldri lausar láta þær eignir er hann varð-veitti, hvern sem til kallaði, 'Enda komi eigi Þórðr til.' Hrafni ok Sturla hétu Nikulási, at fylgja [hónum], ok skiljask eigi við hann. Varð nú þat eitt í tali þeirra, at hélt við heitan ok harðindi. Lögðu flestir þat til, at þeir skilði. Þeir Bergr ok Þórðr lögðu þat til, at þeir Þorgils ok Sturla talaði tveir samt, ok buðusk til við at vera. Þorgils kvazk þess vin vera skyldu, sem hann reyndi vináttu at; ok þess frændi, sem hann reyndi frændsemi af. Bergr mælti: 'Undarlegt er slíkt, um svá vitra menn sem þit erut, at þit sjáit eigi mis-smíði á slíku, er³ allir þykkjask sjá.' Sturla svarar, at vera mætti, at bert yrði síðarr um sakar þær, er þá mundi eigi upp bornar. Þorgils kvazk vel mundu við búinn at verja þær, ef eigi væri logit á hann. Sturla segir, at ekki mundi verða af tali þeirra. Stóðu menn upp, ok gengu til hesta síンna. Riðu þeir Hrafni fyrri. Þorgils reið heim í Reykjaholt, ok þóttisk nú vita vísan óþokka þeirra Hrafns við sik; en eigi ætlaði hann at þeir mundi atfórum sæta við hann. Sat Þorgils nú heima, ok létt búa drykk til Jóla-föstu; en hafði njósn fyrir vestan Hvítá.

235. Skip hafði komit um haustið vestr í Dýrafirði; var þar stýrimaðr sá er Clemet hétt, ok annarr Öndóttir, Hjaltr, hann var hirðmaðr

¹ V.; á í haust, Cd. ² Here a few words seem to be wanting. ³ er] ok, Cd.

[III. 145, 146: viii. 11.]

ok kunningi Þorgils. Öndótr fór um vetrinn vestan, ok suðr um heiðar, at heimta skuld er hann átti at Katli Ketilssyni í Kallaðarnesi; ok fékk eigi skuldina; ok kenndi hann þat nökkut Gizuri af. Gisti hann í Reykjaholti er hann fór sunnan, ok dvalðisk þar nökkurar nætr. Hann bar þangat bréf þat, er Ámundi biskups-frændi sendi Þorgils, legu-naut sínum.—‘Hefir ek gengit á hugraun við Gizurr’—eptir því sem Þorgils bauð hónum um haustið í Viðey.—‘Legg ek þat ráða með þér, legu-nautr, at þú haldir vináttu við Gizur, en treystir hónum þó eigi til vináttu¹; en gótt eina vil ek frá hónum segja, en ekki silt. Ætla ek hónum þykkja til at spryrja gótt, at þú deilir fyrst við Vestfirðinga.’—Öndótr segir mart frá Vestfirðingum; hann hafi fundit Hrafn á Staðarholi, er hann fór vestan; ‘Var þá Hrafn kominn sunnan ór Borgarfirði af Hellufundi. Var ek þá hafðr at viðsjá-manni.’ En þat kvezk hann vita, at Kolbeinn ok Svarthöfði vóru sendir vestr í Fjörðu. ‘Þótti mér svá,’ segir hann, ‘at sem kvikt væri allt vestr um sveitir.’ En öngan kallaði hann vera flokka-drátt svá at hann vissi; ‘En þat vissa ek, at þeir bjoggusk við nökkuru fllu.’ Bað hann Þorgils vera sem varastan; ‘Veit ek, at þeim Hrafni hefir slla lískat við þík á Hellu-fundi.’ Reið Öndótr brott þaðan Þriðja-dag í Sælu-viku; hét hann Þorgils at göra hónum njósni ef hann yrði varr við ófrið. Þriðja-aptaninn² kom heim Egill Sölmundarson útan um á. Var Egill þá kátr við alla menn, nema við Þorgils ok Þórð; við þá mælti hann ekki, ok ekki þeir við hann. Miðviku-daginn, er tíðum var lokit, segir Þorgils fylgðar-mönnum sínum, at hann mundi rifða um daginn ofan í Stafaholt ok finna Óláf Þórðarson, frænda sínn. En er þeir bjoggusk, kom í Reykjaholt Þorsteinn Árnason ór Síðu-múla, ok fann þat til örendis, at hann færði þangat mórent vaðmál, er Þorkell prestr sendi Þórði. Þorsteinn var þar meðan þeir bjoggusk, ok fór eigi syrr en þeir vóru farnir; ok vissi hann þá um ferðir þeirra, þvfat eingi maðr varaðisk hann.

236. Nú riðu þeir Þorgils þar til er þeir kómu í Stafaholt; vóru þeir fjórtán saman; var þar með Þorgils: Þórðr Hitnesingr, Bergr Ámundason, Arnórr Eireksson, Þorsteinn Gellisson, Ingimundr Þorgeirsson, Steingrímur stjúpi, Þorsteinn kuggi³, Sveinn Ormsson, Sveinn Ívarsson, Hallr Pálsson, Jón Ívarsson, ok strákar þrír er

¹ tölù-verðrar vináttu, Cd. (a modern word).² i. e. Tuesday evening.³ kuggi] paggi, Cd.

[III. 147: viii. 11.]

ætlaðir vóru til at geyma hesta. Var þar vel við tekit, ok drukkit langt á nótt fram. Vápn sín höfðu þeir fest á tjaldz-nagla í stofu; en þeir gengu með sverð sín. Allir vóru þeir brynju-lausir, nema Þorgils. Þeir höfðu talat mart frændr, Þorgils ok Óláfr, um fréttir þessar; ok drap Óláfr því öllu á dreif; kvazk hann senda mann á Staðarhól at örendum sínum; ok skyldi sá verða varr hvat við sik væri vestr um sveitir; 'Mun ek ekki því trúa, at Sturla gangi í né einn ófriðar-flokk¹ á móti þér.' Þar vóru menn til fengnir at vaka, strákar þrír. Vápn Þorgils vóru fram höfð, en nær eingi önnur, þvíat öngum kom í hug, at þar mundi vápn við þurfa. Þar var svá hvílum skipat, at Þorgils lá í miðjum skála í stafn-rekkju, ok Þórðr hjá hónum. Fyrir innan þilit lá Bergr, ok Þorsteinn Gellisson. Öðrum-megin, gegnt, hvíldu þeir Ingimundr Þorgeirsson, ok Magnús gargan. Þar öðrum-megin frá² til stofu lágu þeir nafnar, Sveinn Ormsson, ok Sveinn Ívarsson. Þar öðrum-megin, gegnt, Steingrímur steypir, ok Þorsteinn kuggi. Ok er menn koma í sæng, sofna þeir fast. Þat höfðusk menn at í Stafaholti um nóttina, at húsfreyja var at ölgörð, ok með henni Björn Sigurðarson, rædis-maðr; ok höfðu úti hitu-eldinn; þvíat þau vildu eigi göra reyk at mönnum; ok vóru því dyrr allar opnar, er þau fóru jafnan út eðr inn. Kyrt var veðr, ok tungl-skin all-mikit; var hjarn at riða, bæði á vötnum ok mýrum. Nökkurir af Þorgils-mönnum vöknudu við þat, at þeir heyrðu dyn mikinn. Þórðr heyrði dyninn, ok vakði Þorgils, ok kvazk hyggja, at riðit væri hjá úti. Þorgils vaknar líttat, ok kvað sveina mundu rfða hestum til vatn. Sofnaði hann þegar. Lítlu síðarr heyrðu þeir mikla atreið ok langa; ok gnauðaði þá fast, svá at skjálfa þóttu húsin. Var kallat inn í skála-glugginn, at Þorgils skyldi vakna ok menn hans; 'Þvíat herr mannz ferr at bænum, ok með brugðnum vápnum. Ok hygg ek at ófriðr sé.' Þórðr vakði þá Þorgils skelegglega. Þorgils vaknar; ok segir Þórðr hónum, at komit var fjölmenni. Þorgils bað menn upp hlaupa skjótt³, ok taka vápn sín. Hann spratt upp skjótt. Vóru mönnum ógreið klæðin, er myrkt var inni. Ok í þessu hlaupa þeir í skálann, er⁴ komnir vóru, í þær dyrr er nær vóru kirkju, með bölvum ok kalli. Þorgils mælti þat, at menn skyldi láta hljótt, meðan klæddisk, ef því kæmi við. Þorgils fékk

¹ flokk] add. by conjecture. ² frá] conject.; hjá, Cd. strax (!), Cd. ⁴ er] í skálann vóru, add. Cd. (repeating).

³ skjótt] V.;

[III. 148: viii. 11.]

skrúð-hosu, ok skinn-hosur tvær, ok ekki innan f¹. Þórðr fékk kyrtil grænan en Þorsteinn² treyju. Tóku menn þá vápn sín. Þórðr preif ofan skjöld, er hékk yfir rúminu, ok fékk Þorgils. Þórðr fékk stálhúfu, ok kenndi at þat var húfa Þorgils. Þorgils hafði brugðit sverðinu, ok létt standa hjá sér meðan hann klæddisk. Þá var hlaupit öðrum-megin í skálann. Bergr mælti, í gegnum rauf er á var á þilinu millum rúmannar, ‘Þat hygg ek, Þorgils, at hér sé Sturla frændi þínn.’ Þá mælti Hrafn fyrst svá at heyra mátti: ‘Þat er þeim nú ráð, er hæst báru höfuðin á Hellu-fundi, ok heituðusk við oss, at ganga nú fram, ok fela sik eigi.’ Þorgils segir: ‘Ef þér leitið míín, þá mun ek eigi felask; en spryrja vil ek, hvárt ek skal grið hafa, ok menn mínir, eðr eigi. En fyrir hví farit þér hingat með svá miklum stormi ok styrjöld?’ Hrafn svarar: ‘Öngum griðum mun ek þér heita, ok fám þínum mönnum. Eðr hvárt er Marteinn hér Ívarsson³, fjándinn?’ ‘Eigi er Marteinn hér,’ segir Þorgils; ‘en eigi dyl ek at hér er nökkrur fjándinn inn kominn.’ Ok nú kom⁴ log inn í skálann. Þá mælti Þorgils: ‘Hvárt er Sturla Þórðarson hér?’ ‘Hér em ek,’ segir hann, ‘þótt ek sé nökkut tor-kenndr.’ Gékk Sturla þá inn fyrir rúmin í kvenna-skálanum. Þorgils mælti: ‘Sturla, viltú gefa mér grið ok mönnum mínum?’ Hrafn segir þegar: ‘Eigi skal Sturla fyrir griðum ráða; en þú skalt hafa slík grið sem þú ætlaðir Sturlu frænda þínum.’ Í þessu settisk upp Óláfr Þórðarson ok mælti: ‘Þat skulu þeir vita, Hrafn ok Sturla, ok allir þeir menn er í flokki eru með þeim, at öll sú skömm sem þér görít staðnum ok mér, skal ek á leggja slíka reiði sem ek vinnsk til. Skal ek þess biðja almátkan Guð, ok inn helga Nicholaum biskup, er staðinn á, at hann hefni yðr sína meingörða. Ok betr þætti mér þér sama, Sturla, at standa fyrir rúmi Þorgils með mönnum þínum vápn-udum, en þar sem nú ertú.’ Sturla svarar: ‘Veit ek, at þú munt gótt til leggja; en eigi mun nú at því verða fyrst⁵? Nú voru þeir Nikulás ok Kolbeinn komnir upp í setið at húðfatinu. Þá mælti Nikulás: ‘Grið bjóðu vit Kolbeinn, Bergi, ok Arnóri, hirðmanni míns herra.’ Arnórr játti því skjótt. En Bergr kvazk vilja þiggja grið, ef Þorgils væri gefin, en eigi ellegar. Hrafn mælti: ‘Grið vil ek gefa Þorsteini Gellis-syni, ok Ingimundi Þorgeirs-syni.’

¹ innan f] thus? ok ekki annat? ² Þorsteinn] emend.; Þórðr, Cd. ³ Ívars-son] V.; yðvars, Cd. ⁴ kom] kómu, V. ⁵ fyrst] thus; read farit?

[III. 149: viii. 11.]

Þeir tóku því vel. Þorgils spurði Hrafn ok Sturlu, hvat þeir gæfi hónum at sök til svá mikils fjándskapar. Hrafn kvað þat til saka fundit, at Þorgils hafi þat svarit Hákon konungi, at drepa Sturlu, frænda sinn, ok vinna sér þat til ríkis. Þorgils kvazk þess ósannr vera; ‘Veit ek eigi, hvárt fyrr mundi fara, at Hákon konungr mundi slíkt níðings-verk fyrir mik leggja, eðr ek munda undir þat játask.’ Hrafn segir, at djarft mundi at dylja, ‘Eru hér,’ segir hann, ‘váttarnir, Kolbeinn ok Ari Ingimundarson.’ Þorgils spyrr hvárt Kolbeinn eðr Ari segði svá. Þeir kvóðusk slíkt mundu segja sem fyrr. Bergi ok Arnórr, ok fleiri Þorgils-menn, mæltu á móti; ok segja, at þetta var in mesta álygi, hverr sem þat segði, ok væri með öngu móti til hæft. Þorgils mælti: ‘Þér munut ráða vilja.’ Hrafn segir: ‘Um grið mun þann veg fara; ef þú versk, þá er þat víst, at þú fær eingi grið; en ef þú gengr á vald okkar Sturlu, ok lætr okkr skapa ok skera slíkt millum vár, þá görur vér um slíkt¹ sem okkr sýnisk.’ ‘Þat er víst,’ segir Þorgils, ‘at sjálf-dæmi sel ek þér aldri, Hrafn; ok eigi þér, Sturla; ok öngum manni öðrum á Íslandi, meðan Hákon konungr er á lífi; býð ek mál vár á konungs-dóm.’ Þeir neituðu því skjótt. Þorgils mælti: ‘Um vörn ok vápna-búnað sé ek at lítið muni verða, þótt vit standim hér tveir, en öllum-megin alvápnaðir menn.’ Ok beint í þessu kastaði Þorgils vápnunum upp í rúmit, ok hljóp fram á gólfisit ór hvíslu-gólfisnu ok í þróngina. Tóku þeir hann þá þegar. Nú mælti Hrafn ok Sturla, at hann² gengi út í Lítlu-stofu ok menn hans; spurði Sturla, hví Þórðr færi eigi. Hann kvezk eigi fara mundu fyrr en hann væri klæddr. Hrafn bað Sturlu at ganga til Lítlu-stofu. Tók Þórðr þá at klæðask, ok var leiddr³ útar í Lítlu-stofu; voru þá þangat leiddir menn Þorgils, hverr sem klæddr var. Hrafn mælti, at Þorsteinn Gellisson skyldi fara innarr í stofu til þeirra. Þeir Hrafn fóru nú í stofuna, ok settusk í ráða-görðir sínar; en hespa var látin á Lítlu-stofu. Ljós var bjart í stofunni; en kulði var þar mikill; sátu þeir þar lengi einir saman, svá at eingi maðr kom til þeirra. Lagðisk Þorgils niðr, ok fékk eigi softi. Orti Þórðr orða á hann, ok spyrr hví hann væri svá fár. ‘Ek hugsa þat,’ segir Þorgils, ‘hvé flitt mér þykkir, ef engi skal saga ganga frá mér, áðr en þrýtr líf mítt, svá at ek geta ekki á hefni-leið róit um svívirðing þá er mér er nú gör.’ Þórðr mælti:

¹ slíkt] V.; sekt, Cd.² hann] i. e. Thorgils.³ út, add. Cd.

[III. 150: viii. 12.]

‘Gör eigi þat í hug þér. Gör þá sem þér sýnisk ef þú þiggr líf; en ef þú skalt nú deyja, þá er þér því betra sem þú átt færum ábyrgðum at svara.’ ‘Ekki kvíði ek við dauða mínum,’ segir Þorgils. Þórðr kvezk þat ætla, at þeir mundi flestir með hónum vera, at svá mundu þola dauða sínn, at hvártki mundi hónum né þeim skömm í því. Þorgils kvað svá vera mundu.

237. Þá kom Guthormr Þórðarson í stofuna. Hann var í þungu skapi, ok andvarpaði mjök er hann settisk niðr. Þorgils heilsaði hónum, ok spyrr enn hvat hann vissi af ráða-görðum höfðingjanna. Hann kvað þar þungt af at segja. Kvað þess þykka meiri ván, at Þorgils mundi eigi¹ grið hafa, ‘Ok bíð ek þunga daga, ef ek skal þat bíða at Þorgils væri dreppinn; þættumk ek láta þann mann annan er ek hugða bezt, ef þetta óhæfu-verk færi fram.’ Maelti hann þat til Sturlu bróður síns. Þar var nú talat um þver kné sér hverja sætt Þorgils mundi taka, eðr hvárt hann mundi útan fara, ok koma aldrí út, ef þessi væri kostr. Þorgils svarar: ‘Hverr mun þá hefna skammar mínnar; ok mun ekki þess auðit vera; hér mun ek bein bera á Íslandi,’ segir hann, ‘hvárt sem nú er, eðr í annat sínn.’ Lítlu síðarr kómu þeir Dufgus-synir í stofuna, Kolbeinn ok Svarthöfði, ok settusk niðr; kvóðusk sendir vera af Hrafni ok Sturlu til Þorgils, at vita hverja sætt at Þorgils mundi taka; hvárt hann mundi vinna til lífs sér at fara at Gizuri með þeim, ok binda þat fastmælum. Þorgils kvazk þat eitt mundu vinna til lífs sér, at hónum væri hvárki at síðan skömm ná klæki. Fóru þeir við þetta á brott; sögðu svá búit Hrafni ok Sturlu. En er þeir voru á brottu, tók Þórðr til orða: ‘Þat er tillag mítt, Þorgils, at þú vinnir hvat-vetna² til lífs þér; allt er annat auðkeyptara en líft. En ef þú fær grið, þá er eigi skylt, at efna meir af nauða-sætt þessi en sýnisk; veit þá enn eigi síðan í skiptum yðrum hvé verða má.’ Þess fýstu allir Þorgils-menn at taka sætt, ef kostr væri. Nú leið löng stund, áðr³ Óláfr Þórðarson kom í stofuna, ok þeir Dufgus-synir, Kolbeinn ok Svarthöfði, ok Guthormr körtr. Óláfr mælti: ‘Ek hefi verit á tali við Hrafni ok Sturlu; ok gör þú bæn mína, at þú tak nú þann kost er vænast er at hlýði, at firrask⁴ mætti in stærstu vandræði; ok minnstú á þat hvé marga ok mikla skömm þú átt Gizuri at gjalda, fyrst

¹ eigi] add. V.; om. Cd.; ‘eigi’ is required by the context, unless we read *minni* ván, or *lítill* ván. ² hver vetna, Cd. ³ áðr] at, Cd. ⁴ V.; forðast, Cd.

[III. 151 : viii. 12.]

í drápi Snorra Sturlusonar, er vér værim skyldir at hefna ef vér mættim. Er þat sannast at segja, at Gizurr hefir drepit mestan hlut aettar várrar. En þótt þú sér svá þrár, at þú vilir eingis mannz ráði hlýða, þá muntú lítið veita Gizuri ef þú ert hér dreppinn; ok hlýzk þat þá af Gizuri sem hann mundi vilja. En þat eru kosta-boð við þik, at þú skalt fara í för þessa með þeim at Gizuri, ok standa jafn-fram þeim at öllu er til tíðenda görizk í ferð þessi. En síðan skulu þeir göra þér sæmðir við várn sann er þér komit apr.' Þorgils svarar: 'Þat mun heldr bráð-kjörit, at ganga í all-mikla ófæru með þeim, en geta í hnefa þeim til launanna.' Óláfr segir: 'Ór vöndu er at ráða, frændi; ok takit þann upp sem minnzt mein mætti af verða.' Þetta studdu margir með Óláfi; ok báðu at Þorgils frelsti líf sitt með nökkuru móti. Þorgils bað þat segja Hrafni ok Sturlu, at þeir mætti koma útar þangat, ef þeir vildi til umtals leggja: 'Ætla ek eigi at vera svá hræddr, at ek mega eigi bæði heyra ok sjá þá.' Var þá gengit eptir þeim Hrafni ok Sturlu; kómu þeir útar þangat af annari stundu, ok voru mjök margir. Var þar Hrafni ok Sturla ok Vigfúss Gunnsteins son, Nikulás Oddzson, Einarr Þorvaldzson, Svart-höfði ok Kolbeinn Dufgus-synir, ok svá mart manna sem stofan vannsk. En er hljótt var, mælti Óláfr til, hvat hann hefði flutt milli; ok spyrr hvat þeir vildi þar at göra. Þeir kvóðu hann satt eina flutt hafa. Óláfr mælti: 'Görít fyrir Guðs sakir, ok vægit til hvárir við aðra.' Nikulás mælti: 'Veiztú þat víst, Óláfr, at þá er betr, at annat sinn gangi mál til vegar.' Þá mælti Kolbeinn: 'Þess vil ek beiða, at þeir menn allir, er hér vilja flitt til leggja, at göri annat-hvárt, at gangi á brott eðr þegi; þvíat ek ætla, at hér þurfi öll þau [in] góðu tillögin, ef vel skal verða.' Guthormr mælti: 'Ófimlega verðr, ef vér görum hér níðings-verk á frændum vórum saklausum; en sá gangi undan, er þér eигut allan fjándskap at gjalda.' Þetta þótti mörgum vel til lagit. Þorgils bað Hrafni ok Sturlu segja hvern kost þeir vildi göra hónum. Hrafni segir: 'Sturla bóndi; þetta mun eigi svá fara sem í nótta hefir farit, at ek muna hér vera bæði fyrir svörum ok atgörðum; skaltú nú ganga jafn-framt mér at hváru-tveggju; ok kalla þá ekki utan þítt samþykki gört, hvárt sem gört er vel eðr illa.' Sturla mælti: 'Óláfr hefir sagt hvárs-tveggja samþykki.' Þorgils neitaði þessi sætt. Síðan töluðu þeir Hrafni ok Sturla ok Óláfr. Ok er þeir hættu talinu mælti Sturla: 'Nú er þannig, Þorgils frændi, at nú

[III. 152: viii. 13.]

er sætt ráðin af várri hendi sú er vær munum framast ganga:—
 Er þat upphaf at sætt þessi, at þú, Þorgils, skalt fara héðan með oss at Gizuri þegar með fylgðar-menn þína. Skulu vér binda saman lag várt, ok festa þat með svardögum, ok eigi skiljask nema hel skili, áðr lykr ófriði þessum. En ef vér vinnum nökkut í, skal eiga þriðjung hverr várr; en slíta eigi fyrr flokinum en vér bíðum annat-hvárt bót eðr bana.' Þorgils svarar: 'Á þessa sætt væri litanda, ef ek ryfa eigi eið mínn við konung, ok mér væri unnt fullrar sæmðar fyrir atsför þessa. En eigi er mér Gizurr svá ást-fólginn, at eigi mætta ek göra þat at mér, þvíat vit erum eigi eiðum saman bundnir.' Nú áttu menn hlut [at] at sættin gengi saman; lagði flest til Óláfr Þórðarson, Bergr ok Þórðr, ok Dufgus-synir, ok margir aðrir. Gékk at þessu sætt saman; ok var þat nú með eiðum bundit af [þeim] Hrafni ok Sturlu ok Þorgilsi. Gengu síðan á brott, ok héldu á ferð sínni; ok þóttu allt til lengi dvalzk hafa. Þorgils spyrr Hrafni ok Sturlu ef þeir vildi lofa hónum, at hann riði heim í Reykjaholt, ok bjoggisk þaðan, ok riði þá á heiði. Þeir vóru þess heldr tregir; en leyfðu þó.

Ríðr Þorgils nú heim í Reykjaholt. En er þeir kómu upp at Ámótz-vaði, datt hestrinn dauðr niðr undir hónum; þeir fluttusk yfir ána, ok tóku þar annan hest. Riðu þeir Þorgils þá heim í Reykjaholt¹. Egill fagnar vel Þorgilsi, 'Ok er þat vel, at þú ert heill heim kominn.' Gekk Þorgils þá til kirkju. Spurði Egill ok Eyvindr brattr tíðenda um ferðir Þorgils; en hann segir þeim af léttu², ok svá hvar þá var komit, ok skyldi þegar ríða suðr á Bláskóga-heiði, þvíat hann var til ferðar ráðinn með þeim um kveldit, ok fara at Gizuri. Varð Egill við þessa sögu all-gleymr ok svá Eyvindr. Var þá gengit til borða. En Egill ok Gunnlaugr prestr létu járna hesta þeirra með slíku sem til féksk. Egill fékk öllum Þorgils-mönnum nökkut til þessar ferðar, vápn, eðr klæði, eðr hesta-járn, nema Þorgilsi ok Þórði. En er þeir vóru mettir³, gengu þeir Þorgils ok Þórðr til laugar, þvíat hestar vóru eigi búnr. En er þeir sátu í laugunni, mælti Þorgils: 'Þórðr, hvat þíkki þér ráð, at ek halda sættina.' Þórðr spurði hvat ráðs hann ætlaði fyrir sér, ef hann héldi eigi sættina. 'Eigi annat heldr,' segir Þorgils, 'en ríða

¹ En er—holt] add. the paper transcripts; here is a homoteleuton in Cd. and V. (Reykjaholt). ² af léttu] emend.; af léttiligia, Cd. ³ mettir] here begins the seventeenth vellum leaf, followed by the eighteenth (two continuous leaves).

[III. 153: viii. 14.]

norðr til Heinreks biskups.' Þórðr spyrr hvárt hann þættisk bregða eiðum við Hákon konung, ef hann héldi sættina. Hann kvezk víst bregða þíkkjask. 'Meiri nauðsyn þikki mér,' segir Þórðr, 'at þú haldir þann eið er þú¹ svarðir konungi til sæmðar þér en þann er þú vannt nauðigr til lífs þér.' 'Þat mun ek kjósa,' segir Þorgils, 'at ríða norðr til biskups.' Var þat þá ráðit áðr þeir gengu á brott þaðan. Klædduz þeir þá ok tóku vápn sín; voru þá hestar búrir. Tveir [menn] gengu fyrir hestum þeirra, Eyjólfr sloppr² ok Þorkell. Riðu síðan. En er þeir kómu upp ór garði, kallaði Þorgils á Berg. Þorgils segir hónum þessa ráða-görð. Bergr tekr vel á því, kvezk þessar ferðar fúsari en fara at Gizuri. En er þeir kómu upp um Breiðabólstað, bað Þorgils sína menn nema staðar; ok svá görðu þeir. Sagði Þorgils þá upp ráða-görð sína. Tóku menn undir þetta vel. Hann sendi Þorkel raunar-mann suðr á Bláskóga-heiði, ok³ segja þeim Hrafni ok Sturlu, at hans er eigi vón þangat til mótz við þá; ok hann segir upp nauða-sætt þessi. Fór Þorkell eptir þetta.

238. Nú ríða þeir Þorgils upp eptir Reykjardal. Þeir kómu til Húsafellz; voru þar menn allir í svefni. Þorgils lét berja at hurðu, ok lét kalla út Sigmund prest; ok heilsaði hann Þorgilsi, ok bauð hónum þar at vera. En Þorgils vill ríða; bað Sigmund fá sér mann þann er kynni leið um Tvíðægru. Sigmundr kvazk öngan mann hafa þann er leið kynni; 'Eðr hví farit þér um nætr?' Þorgils segir Sigmundi atförlina; bað hann nökkut ór ráða um leið-sögu-manninn. Vísaði Sigmundr hónum til Reyðarfellz; 'Er þar maðr sá,' segir hann, 'er kunnigar eru allar leiðir norðr til héraða, sá maðr heitir Sighvatr Steingrímsson, allra manna fót-hvatastr, ok af æsku-skeiði.' Þeir ríða þá, ok kómu til Reyðarfellz; rézt Sighvatr til ferðar með þeim við áeggjan Þóriðar Skeggja dóttur, frillu Sölmundar. Fóru þeir þá þar til er þeir kómu í Kalmans-tungu. Þar átti bú Nikulás Oddzson. Drápu þar á dyrr, ok gékk út maðr er Þórhallr hét. Þorgils spyrr hvárt Gyða væri heima. Hann kvazk eigi vera skyldr til frá at segja. Þorgils laust með öxi lítilli í höfuð hónum, ok sprakk nökkut í hár-rótunum. Hopaði hann þá undan, ok kvazk barðr vera. Gyða kom þá út í dyrrin ok bauð Þorgilsi slíkan greiða sem þeir vildi. Þorgils mælti: 'Ekki hefir ek ætlað för mína hingat til þess at éta

¹ er þú] om. vellum.² sloþr or skoþr, vellum.³ ok] thus vellum.

[III. 154: viii. 14.]

mat; er ok Nikulás meira illz frá mér verðr, en ek mun göra hér at sinni.' 'Pess bið ek þik, frændi,' segir Gyða, 'at þú látil hér eigi ræna, ok eigi göra her-virki; en hafit héðan slíkt sem þér þykkisk þurfa í birgðum í heimold.' 'Þat er líkast,' segir Þorgils, 'at svá sé nú at sinni; ok nýtr þín at því.' Skilðusk þau vel, Þorgils ok Gyða. Ok riðu þaðan leið sína, ok höfðu þaðan hey á einum hesti. Nú fóru þeir ok kómu ofan f¹ Gnúpsdal Föstu-kveldit; var rökvit nökkt. Þar áðu þeir hestum sínum þegar þeir fengu hey. Hestar höfðu orðit haltir fyrir þeim. Arnórr átti holtan hest er Egill hafði gefit hónum; vildi hann láta svífa ofan eptir héraðinu, ok hafa hesta-skipti; en Þorgils vildi ríða norðr yfir hálsa it efra. Var Sighvatr þar eptir, ok þakkaði Þorgils hónum ferð, ok spretti frá sér gull-sylgju, ok gaf Sighvati, ok bað hann vitja sín síðan, ef hann þyrfti. Þorgils reið norðr it efra yfir hálsa til Víðidal. Þeir kómu Laugar-morgin í Tungu; tók Jón við þeim vel, ok lögðusk þeir fyrst til svefn; vóru þeir þar um daginn, ok biðu þar messu, ok átu mat. Þat var Thomas-messu. Riðu þeir þaðan um kveldit, ok slósk til ferðar með þeim Jón járn-búkr. Riðu þeir til Svína-vatz um kveldit; þar bjó Kolperna Einarssdóttir; vóru þar hinu beztu viðtökur; bjoggusk þeir þaðan sfðan; kvazk Þórðr eigi mundu ríða fyrr undan en hann yrði varr við Arnór, ok dvalðisk² ferð þeirra Dróttins-dag; en um hádegis-skeið kom Arnórr, ok hafði öngar fréttir sunnan um heiði. Riðu þeir þaðan ok kómu um kveldit á Víðimýri. Var þar vel við þeim tekit, ok vóru þar um nóttina ok höfðu þar tíðir Þorláks-messu; ok var þar fastað um daginn. Riðu þaðan í Ás, ok réðu þat at hafa þar dagverð. Árni bóndi vildi gesfa þeim dagverð, en bað þá sjálfa ábyrgjask hvárt þeim var þat losfat eðr eigi, 'Eðr hvárt vili þér kjöt éta eðr eigi!' Þeir segjask þat gjarna vilja. Ok svá var gört. Ok er þeir vóru mettir, riðu þeir upp til Hóla; kómu í þat mund er biskup gékk til aptan-söngs; mættusk þeir biskup fyrir kirkju-durum; kvaddi Þorgils biskup, ok tók biskup hónum blíð-lega, ok bauð hónum þat at vera svá lengi sem hann vildi, ok öllum hans mönnum. Var þat bæði, at biskup spurði enkis, enda var hónum ekki sagt. En er biskup gékk inn í stöpulinn, þá gékk til hans Þormóðr Grímsson, ok mælti við hann hljótt. Þá spyrr biskup Þorgils, hvárt nökkurir hans menn fastaði þurt: 'Eingi í

¹ i] om. vellum.² dualðiz hann, vellum, as also Br. (dvaldi hann).

[III. 155, 156: viii. 15.]

kveld,' segir Þorgils. 'Eigi munu þér kjöt éta í kveld,' segir biskup. 'Kjöt átu vér í dag,' segir Þorgils. Biskup segir við Þormóð: 'Bú þeim gótt kjöt ok digrt!' Gékk biskup þá til aptan-söngs. En er aptan-söng var lokit, gengu þeir biskup ok Þorgils upp í stofu. Segir Þorgils þá biskupi allan tilgang þangat-kvámu sínnar. En er þeir skildu talit, gékk Þorgils til borðz, en biskup at sofa. Var þar it bezta við tekit. En um morguninn var sét fyrir hestum þeirra. Var biskup inn kátasti. Leið þá af dagr þessi. Kómu þá boðs-menn, Broddi bóndi frá Hofi ok Einarr faxi, Jón Skíðason. En á Jóla-daginn í mið-messu gékk biskup á kór, ok predicaði af hátiðinni. En er því var lokit, þá segir hann um þangat-kvámu Þorgils, ok alla þá atburði er þar höfðu görzk; kallar þá vera landráða-menn, Hrafn ok Sturlu, ok alla þá er þeim veittu. Setti hann þá út af heilagri kirkju ok forboðaði þá; en kvezk bíða mundu at sjálfu banni þar til er hann spryði fleira íllt af ferðum þeirra. Biskup mælti, at allir þeir menn, 'Sem at nökkuru vilja hafa mín orð, verði Þorgilsi at trausti, ef hann þarf nökkurs við.' Broddi tók vel við Þorgilsi. Jóla-daginn skipaði biskup mönnum í sæti; setti hann Þorgils it næsta sér á pall, ok svá hans menn, sem bekkrinn vannsk. Þar var þá á vist með biskupi Eysteinn hvíti ok Jórunn kona hans ok Áron Hjörleifsson. Sat Eysteinn gegnt biskupi, ok þar boðs-menn hjá hónum.

239. Þat er nú fyrst at segja, at biskup bauð Þorgilsi þar at sitja, ok öllu hans föruneyti um Jólin; var Þorgils þar inn fyrsta dag Jóla ok annan kyrr. Þriðja dag Jóla reið hann upp á Flugumýri snemma; var þar stefndr fundr enn fjórða dag Jóla; kómu þar til héraðs-menn. Biskup var ok þar, ok segir héraðs-mönnum allt um ferð Þorgils. Broddi bað menn minnask á ástúð þá, er menn höfðu haft við Kolbein unga; ok kvezk opt heyrt hafa, at menn vildu þann höfðingja at af ætt Kolbeins væri. 'Er nú pess kostr,' segir hann. Var þar nú mart um talat; ok ræðzt þat af, at ekki varð af¹ tillögum at sinni. Þorgils sendi þá njósnar-menn vestr til Miðfjarðar ok suðr allt til Reykjaholtz. En er þeim fundi var slitið var Þorgils á Flugumýri þrjár nætr, ok reið síðan út til Hóla, ok sat þar í kyrðum; voru þar drykkjur miklar ok býlifi².

Sjaunda dag Jóla kómu sunnan ór Reykjaholti Gunnlaugr prestr mágr Þorgils, ok með hónum Ingimundr Böðvarsson, Sveinn Ívars-

¹ af] so vellum.² býlifi] thus the vellum.

[III. 157 : viii. 15.]

son. Tók Þorgils vel við þeim, þvíat hónum var forvitni mikil á tíðendum. Gunnlaugi var skipat hjá Brodda. En er biskup vissi at hann var kvángaðr ok prestr, gazk hónum ekki at¹ því, ok við sjálft, at hann mundi eigi ná at ganga í kirkju, áðr Þorgils bað fyrir hónum. Ok lítlu síðan gengu þeir Þorgils upp í stofu ok Gunnlaugr prestr; var þar fyrir Heinrekr biskup. Var þá Gunnlaugr spurðr at tíðendum frá ferðum þeirra Hrafnar ok Sturlu.

Tók hann þar til er þeir Þorgils höfðu skilt:—‘Riðu þeir Hrafn ok Sturla suðr á Bláskóga-heiði, þar til er þeir kómu suðr undir Hallbjarnar-vörður. Stigu þeir af baki, ok biðu Þorgils fram á nóttnina, allt til þess er sendi-maðr Þorgils kom, ok segir at hans væri eigi þangat ván. Þeir Hrafna spretta upp görvallir; var nú kurr mikill í flokkinum; kölluðu sumir, at Þorgils hefði svikit þá; en sumir virðu til várkunnar, ok þótti þessa jafnt ván; kenndi hvern þeirra örðum fyrir-mannanna; en þó gnuddi² þetta mest á Sturlu. Sturla svarar fá; en mælti þetta, svá at nökkurir menn heyrðu, at þótt hann hefði vitað þetta fyrir, at svá hefði orðit, sem nú var, at heldr vildi hann þenna kjósa en standa yfir drápi Þorgils, frænda síns; ok vita þat víst, at hann þætti aldri slískr maðr sem áðr. Vigfúss kallar þetta hafa gengit at getu sinni. Nikulás mælti: “Þat ætla ek, at Þorgils hafi því undan dregit at sinni, at þeim mundi meira flít af hónum leiða áðr þeira skiptum væri lokit.” Hrafna kvazk vilja annat-hvárt, at glettask ekki við Þorgils, eðr eiga hann ekki³ yfir höfði sér, en kvezk Sturlu kenna hvárt-tveggja. Sturla bað nú hvern um tala slíkt er vildi; “En meira mun nú annat til framkvæmðar en hindra⁴ eptir þessu.” Spurðu þeir nú Þorkel at ferðum Þorgils; en hann kvazk hyggja at Þorgils mundi riðinn af heraði. Hrafna mælti: “Hvar skilðisk þú við hann?” Þorkell mælti: “Fyrir ofan Breiðabólstað.” “Hvert reið hann þá?” kvað Hrafna. “Upp eptir Reykjardal,” kvað Þorkell. Þá segja sumir, at til flíz mundi draga; sumir mæltu at hann skyldi berja; sumir mæltu at hann skyldi fara með þeim. Sumir kölluðu at þeir skyldi taka hesta sínna, ok kölluðusk ærit lengi hafa þar verit. En þá er mestr var gnýrinn, ok menn bjoggusk allir sem ákafast, stökk Þorkell á brott, ok vestr á heiði; ok létti eigi fyrr en hann kemr í Reykjaholt. Sturla ok

¹ at] á, vellum.² gnuddi] not gnúdi (from gnyðja). ³ ekki] here ends the seventeenth vellum leaf and begins the eighteenth.⁴ Thus vellum,

hiñd.

[III. 158: viii. 16.]

Hrafn höfðu gört njósn frá sér; ok riðu með flokk sínn sem ákafast. Tók þá veðr at þykna; görði á bar-viðri ok regn mikit, ok it mesta íllviðri með áköfum stormi. Riðu þeir þar til er þeir kómu ofan með Ölfus-vatni í Stýringa-dal¹. Kómu þá í móti þeim njósnar-menn þeirra, ok segja at Ölfusá er ofan hlaupin með ís, ok væri langt um ófæra. Tóku þeir þat ráð, at þeir snúa aptr. Hélkz illviðrit; vóru menn þá margir mjök þrekaðir svá at til einkis vóru færir, ok barg hvárr þeirra öðrum þeirra er bezt máttu. Sloðruðu þeir þá vestr af² heiðinni svá at menn héldu lífi, en urðu sem vesolstir³. Dróttins-dags-aptaninn kómu þeir Sturla ok Hrafn í Reykjaholt; skipuðu þeir mōnnum á bæi, ok vóru nær þrír tigir manna í Reykjaholti. Tók Egill bóndi við þeim báðum höndum. Sátu þeir þar Þorlaks-messu ok drukku; ok urðu þá sann-fróðir, at Þorgils hafði norðr riðit á Tvídægru, ok farizk vel; þvíat sá var aptr kominn er farit hafði með hónum. Ok Atfangadag Jóla reið Hrafn yfir Norðr-á í Skarð, en Sturla í Stafaholt⁴. Þeir riðu af héraði at öndverðum Jólum, ok þóttusk héraðs-menn haft hafa af þeim ágang. Riðu þeir vestr í sveitir. Reið Sturla heim, en Hrafn var á vist at Staðarholi með Sturlu ok á Sauðaselli. En flokkrinn reið vestr í Fjörðu; dreifðusk, ok unðu illa sínni ferð.—Lauk Gunnlaugr svá sínni sögu.

240. Þorgils sat um kyrt at Hólum í inni mestu sæmð, en hafði njósn fyrir vestan Vatz-skarð. Biskup talaði jafnan um, hversu vel hónum þótti orðit er þeir höfðu eigi náð Þorgilsi; ok þakkar Guði þat. Liðu nú Jólin framan til ins tólfsta dags með mikilli gleði ok skemtan, skorti þar eigi inn bezta drykk ok önnur föng. En inn tólfsta dag er biskup var at aptan-söng, gékk maðr í kirkju; var hann snjóougr allr; hann var lágr ok kollótr at sjá; en þó gékk hann heldr en valt. En er hann kom í kirkjuna, mælti Þorgils við Þórð: ‘Pessi maðr er Loðinn Sigurðarson, frændi mínn.’ Gékk Þorgils at hónum, ok mintisk við hann. Var þá sunginn aptan-söngr til lykta. En er menn kómu inn í stofu, vóru dregin klæði af Loðni ok þeim félögum. Fóru með hónum Bárðr kanpi, ok annarr maðr hét Auðólfur. Bar Loðinn biskupi kveðju Gizurar ok svá Þorgilsi, ok segir hann Gizur heilan ok kátan; segir hann ok svá frá ferð Hrafnar ok Sturlu slíkt sem Gunnlaugr sagði, ok at Gizurr hefði fengit njósn,

¹ Thus?² vestr af] vestr af af, vellum twice. ³ Thus vellum clearly vesolst'; vgs. odstir, Br., V. ⁴ Stafholtt, vellum.

[III. 159: viii. 16.]

svá at þeir mundi eigi þá ná hónum, þótt áin hefði eigi ofan hlaupit. Hafði Loðinn bréf at færa biskupi ok Þorgils; var þar á vinmæli in mestu við hvárn-tveggja. Loðinn var inn mesti vin Gizurar en inn mesti óvin Vestan-manna. Biskup var sótr at trausti, at hann héldi Skagfirðingum undir Gizur. En er Þorgils varð þess víss, setti hann þegar hug sínn móti Gizuri. En hann vildi eigi opinberlega segja biskupi. Talaði Þorgils þetta fyrir Ároni lögu-naut sínum. Lagði hann þat til, at Þorgils skyldi fyrir hvers mannz dyrr ríða með þrjá tigi manna. En hann vildi þat eigi. Inn Þrettánda dag Jóla var veizla in bezta, ok drukkit fast; urðu menn þegar mjök druknir. Eptir Jólín reið Broddi í brott ok aðrir boðs-menn; bauð hann Þorgils til veizlu út til Hofs at Geisla-degi. Reið Þorgils út til Hofs ok þeir tíu saman. Fengu þeir þar ina beztu veizlu. Var þar heldr fjölmenn, bæði Dróttins-dag ok annan dag viku. En aðra nótt viku, er menn höfðu einn svefn sofit, var þar hurðar kraft heldr ákaflega. Var þá til hurðar gengit. Þar var kominn Steingrímr stimpr¹ frá Hólum, segir at njósnar-menn Þorgils væri komnir vestan; ok segja at Hrafn ok Sturla mundi koma vestan í Langadal at Dróttins-dags-helginni við þrjú hundruð manna. Létu þat fylgja sögu, at meiri ván væri, at Hrani mundi koma ok svá Eyjólfir. Spratt Þorgils pá upp, ok klæddisk; ok varð þeim heldr seint, þvíat hestar þeirra vóru annars-staðar á bæjum til fóðrs; varð þá at sækja. Rézk Þorgils þá um við Brodda; lagði hann þat til, at senda menn um allt hérað at samna mönnum; sendi Broddi menn í Sæmundar-hlíð til Páls Kolbeinssonar; en annarr var sendr Einari, at hann skyldi samna mönnum um Blöndu-hlíð. Biskup hafði sent mann upp í Tungu; skyldi þetta lið saman koma á Flugumýri. Biskup kvazk ok mundu upp standa af staðnum með alla vígða menn. Þorgils reið útan Þriðja-dag at samna mönnum um Höfða-strönd; reið haní útan um Kolbeinsdal. Kómu þeir þar allir um kveldit; ok kómu saman nær sjogur hundruð manna. Kom Áron þar ok Ingimundr, ok kvóðu mann Hrafns kominn vestan ór Langadal, ok kvóðu Hrafn ekki þar kominn, ok önga flokka vera; ok ekki til Hrafns spryrjask. Vóru þá menn sendir vestr í Vatz-skarð; en bændr beiddu heim farar-leyfis. Var ok þat ráðit, at bændr skyldi verja hérað, ef þyrfti, en fara hvergi af héraði. Áron Hjörleifsson var kominn á hest sínn, ok reið at Þorgils ok mælti: ‘Ríða vil ek

¹ stípr, vellum.

[III. 160 : viii. 16.]

nökkur, annat-hvárt vestr eðr austr; væri þat nærrí mínu skapi, at riða norðr til Hrana, ok lystim þann fjánda af, áðr þeir kæmi sér saman; en snerim þá á móti hinum, ef þeir kæmi vestan.' 'Eigi ætla ek þat einsætt,' segir Þorgils, 'ef bændr vilja hvergi af héraði fara.' Áron mælti: 'Pess varði mik eigi, Þorgils, at þú mundir ragr vera; enda kann ek þér at segja, at ek skal eigi koma af staðnum í vetr, hvers sem þú þarf við, ef nú skal ek ekki at hafask.' Snöri hann þá hestinum í kring, ok kvazk brott mundu riða. 'Hart þótti mér þú at mér kveða,' segir Þorgils, 'ok veit ek, at þér var þat gaman, en engi alhugi; ok því tek ek þat fyrir gaman.' Dreifðusk þá flokkarnir, ok hétu því allir Þorgilsi, at hverr skildi þegar uppi er manna þyrfi við; en sumir beiddu þess, at Þorgils riði af héraðinu; ok þótti sem eigi mundi á gengit héraðit ef hann væri eigi þar. Ok þá riðu þeir Þorgils á Heggstaði. Gengu þeir þar á tal, biskup ok Þorgils; ok Broddi ok nökkurir menn aðrir. Var þá snúit skapi biskups; vildi hann þá leita um sættir meðal þeirra Hrafns ok Sturlu ok Þorgils; ok stóðu margir undir þat. Bauzk biskup þá til at fara suðr til Borgarfjarðar, ok stefna fund. Var þat játað af Þorgilsi, at [biskup] hefði hérað[s-fund]¹ í Borgarfirði, ok skyldi hann kjósa með sér mann til fylgðar af mönnum Þorgils; en hann kauss Þórð. Riðu þá til Hóla, ok bjoggusk skyndilega. Með biskupi fór Eysteinn hvíti ok nökkurir heima-menn biskups.

241. Biskup reið til Flugumýrar, ok gisti þar at búi sínu ok Þorgils með hónum. Þorgils reið með hónum til Vatz-skarðz; reið hann þá aprtr. Þeir biskup höfðu vötn ófærileg ok þeyi mikla. Þeir gisti at Stað í Hrútafirði næstu nótt fyrir Páls-messu. Þar kom til hans Jón járbúkr. Þaðan var sendr Hrafn snati ok Þorsteinn Gellisson til við þá Hrafn ok Sturlu. Vildi biskup eiga fund við þá í Borgarfirði. Páls-messu-dag var mikil drífa, ok myrkr mikit. Reið fyrir Jón járbúkr. Þeir kómu í Hvamm um kveldit í Norðrár-dal, ok voru þar um nóttina. Reið biskup þaðan um daginn til Reykjaholtz, ok var þar við hónum tekit sem menn kunnu. Biskup sendimenn í Skálaholt til Brandz ábóta, at hann skildi koma sunnan sem skjótast. Þeir kómu vestan, Hrafn ok Sturla, ok riðu til Ámótz-vaðs. Báðu þar koma biskup Kyndil-messu at færu veðri; en ella mundu þeir bíða á Hellu. Mundu þeir vera við fímítandamann; en biskup skyldi ok

¹ Emend.; at hefði herað, vellum.

[III. 161 : viii. 17.]

vera eigi sjölmennari en við fímtándamann. Bændr skylda vera svá margir sem þeir vildu. Þá tók af snjó allan, ok var lengstum þítt¹ ok vötn mikil. En Kyndil-messu var veðr allgótt, ok söng biskup tíðir allskynsamlega. Riðu menn þá er búinir vóru; var þar Egill bóndi ok mart héraðs-bóna. Riðu þeir þá ofan til Ámótz-vaðs, ok var áin heldr mikil. En er þeir kómu yfir ána, vóru þeir eigi komnir.

242. Lítlu síðarr kómu þeir, ok riðu á hæð nökkrara, skamt þaðan sem biskup hafði af baki stigit. Sturla sendi Svart Þórisson til Þórðar, ok bað hann koma² til mótz við sik í griðum. Ok er þeir fundusk, spurðu þeir ef hann vildi þat sverja, at Þorgils væri hvergi í nánd, svá at hann mætti þeim mein göra þann dag. Þórðr kvazk víst eigi vilja sverja; en segir þat, at Þorgils mundi um eingin svik búa, ‘Ok er hann eigi nær en í Skagafirði.’ Hrafni kvað aldri mark at hvat hann segði, ok kvað hann allt ljúga mundu. Sturla mælti: ‘Satt mun hann segja; er þat eigi skap Þorgils eðr þeirra frænda.’ Létu þeir þá lausa hesta sína, ok gengu til biskups, ok tóku ofan stálhúfur sínar, ok kvöddu hann. Þagði hann við. Settusk menn þá niðr, ok spryrja tíðenda. Eptir þat tóku þeir at tala um málaferli sín; ok spyrr biskup hverja sætt þeir vildi bjóða Þorgils. Þeir kváðusk önga bjóða mundu; en heyra til ef biskup byði nökkrara; ‘Hafit þér sent oss orð til þessa fundar, en eigi höfu vér yðr sent.’ Biskup tók á því erfiðlega; ‘Kalla ek yðr,’ segir hann, ‘friðbrotz-menn á hirðmanni konungs.’ Þeir báðu hann bera fram sáttar-boð af hendi Þorgils, eðr sá er hann fengi til. Biskup kvað á þat, at Þórðr skyldi fram bera sáttar-boð af hendi Þorgils. Þórðr segir þat vera sáttar-boð af hendi Þorgils, ‘At hann vildi halda ok hafa Borgarsjörð í friði ok frelsi, ok öll þau ríski sem konungr hafði hónum skipat. Síðan vill hann hafa fyrir Stafaholtz-ferð þeirra sex manna dóum sem þeir allir samt vilja nefna, jafn-marga hvárir.’ Þeir svöruðu, at um þat væri eigi at leita, at þeir mundi gefa upp Borgarsjörð eðr önnur ríski þau sem Þórðr hafði þeim skipat, fyrr en bréf hans kæmi til; kölluðusk eigi konungs-skipan vilja hafa á héruðum. Eysteinn mælti: ‘Eigi mundu þér þora þat at mæla, ef þér sætið jafn-nær konungi sem nú biskupi; mun þá sætt yður sæmilegust, ef þér leggit allt á konungs vald, ok færi hvárir-tveggju utan.’ Þeir neittu því þverlega; ‘Muntú eigi, Eysteinn, ráða sættum

¹ þítt] thus vellum.² koma] here ends the eighteenth vellum leaf.

[III. 162: viii. 17.]

manna, þótt þú þykkisk góðr kaupmaðr; er Þorleifr skipaðr yfir hérað með vóru samþykki.' Var þá mart talat. Þá sásk manna-reið upp með Hvítá at sunnan; vóru þeir menn eigi færi saman en tólf; ok skinu við vápnin. Vóru þar ymsar getur á; sumir ætla at vera mundi Þorleifr ór Görðum; sumir ætla at vera mundi héraðs-bændr; sumir ætla at vera mundi Þorgils Böðvars-son. Bar þessa menn brátt at; var þar Brandr ábóti ok Böðvarr ór Bæ, ok aðrir bændr. Þar vóru kveðjur bliðar með biskupi ok ábóta; settisk ábóti þegar niðr, ok segir biskup ábóta hvat efni þar var talat. Ábóti kvað þat Hrafni ok Sturlu vel sama, at unna Þorgils góðra sætta, svá illa ok ómannlega sem þeir hefði brotið frið á hónum í Stafaholti. Þeir tölðu þat, at hann hefði brotið frið í héraðinu, ok bart bændr, en suma kúgat, en bætt öngum. Ábóti kvað þat illa vera; ok þyrfti þat þeim at bæta er brotið var á, en eigi hinum er á frýði. Böðvarr bóndi mælti: 'Vist var þat satt, at Þorgils var harðr sumum bónnum, enda var hans eigi með blíðu leitað.' Var þá því firr um sættir er fleira var um talat. Hrafn mælti: 'Eigi varði mik, Böðvarr, slíksra tillaga af þér.' 'Svá með því'¹, segir Böðvarr, 'at eru þeir sumir, at í svikum hafa verit við Þorgils; ætla ek þá marga er sín mundi til ljá at svíkja hann, ef þeir hefði mátt.' Hljópu þeir Hrafn þá upp, ok spryja, ef þá væri séð fyrir enda um sættina. Biskup segir væri² lokit því er hann mundi til leggja. Sigurðr soll³ var með þeim Hrafni ok Sturlu; ok kenndi Þórðr at hann var gyrr sverði því er hann hafði látið í Stafaholti; ok beiddi at hann mundi laust láta. Tók Þórðr þá til sverðzins er Sigurðr var gyrr með; en hann hélt á, ok toguðusk þeir um. En er menn sá þat, þá fór til Kolbeinn Dufgusson, ok kvazk vilja at hann léti laust. Sigurðr kvað hann öngu mundu fyrir ráða. Þá gengu þeir til, Hrafn ok Sturla, ok báðu⁴ Sigurðr laust láta sverðit, ok deila eigi um slíkt; 'Máttú vita, at þú átt eigi.' Sigurðr spyrr Hrafn hvárt hann skyldi laust láta. Hrafn mælti: 'Ek hirði aldri hvárt þat er laust eðr eigi.' Þórðr togaði sverðit, ok þeir er með hónum vóru, þar til er þorninn gékk í sundr í sverðz-fetlinum; var þá laust sverðit. Sigurðr hélt um skálpinn. Þórðr greip sverðit ór sliðrum; tók Jón járbúkr við því, en þeir héldu á umgörðinni. Ok í því kom at Brandr ábóti ok Böðvarr; bað

¹ svá með því] thus.² væri] read vera?³ soll] Cd.; sott, V.⁴ ok báðu] read ok bað Sturla?

[III. 163, 164: viii. 18.]

ábóti þá eigi deila um þat er lítils væri vert; ‘En þú, Sigurðr, munt eigi vilja, at hljótisk jafn-slt af þér sem fyrr.’ Þreif Kolbeinn um handlegg Sigurði syrir ofan úlflið; lét Sigurðr þá rakna hendr af skálpinum. Hrafn mælti þá nökkur háðungar-orð til Þórðar—‘Er slíkt vel fallit, at launa þér síðarr.’ Þórðr kvað nú eigi mundu at því farit verða. Fóru þá hvárir-tveggju at taka hesta sína; ok skilðu með fjándskap. Biskup var þá á bak kominn. Hvítá var all-mikil, ok vildu þeir eigi at biskup riði í stand-söðli þeim er hann hafði áðr í riðit; þótti sem hann mundi verða of-vátr. Reið biskup þá hesti þeim er átti Egill í Reykjaholti. Á sína hlið reið hvárr, Jón járnþúkr ok Böðvarr ór Bæ; reið Jón við straum-inum, en Böðvarr for-streymis. Egill ok Eirekr Birkibeinn riðu syrir vaðit. Áin tók síðuna. Þá snaraði biskup af baki, ok fékk hann eigi uppi setið öðru-vís, en þeir héldu hónum á baki, ok sloðraði svá til landz. En af baki rak Eindriða af Rauðs-gili ok Sigurðr ór Kálfanesi, ok varð þeim borgit. Biskup mælti, er hann kom af ánni, at hann mundi aldri á jafn-ófært vatn riða síðan. Reið biskup ok ábóti í Reykjaholt. Þeir sungu hátíðlega Blásius-messu, ok predicaði ábóti. Hann kom ok við forboð þat er biskup hafði sett á við þá Hrafn ok Sturlu; kvazk [því] vilja í hví-vetna fram halda ok samþykkja; en prestar skyldu skripta þeim, ef þeir vildi játa Þorgils jafn-sætti, ok vera þá í kirkju frá Skfrdegi ok til Alþingis. Blásius-messu riðu þeir biskup ok ábóti upp til Gils-bakka, ok þaðan reið biskup norðr til sveita. Ábóti reið aptr til Bæjar, ok þaðan suðr. Þórðr reið heim á Hitarnes, en Hrafn ok Sturla vestr á sveitir.

243. En er biskup kom norðr til Hóla, segir hann Þorgils frá ferð sínni; þótti mönnum hans örendi lítið orðit. Biskup var inn blíðasti við Þorgils, sem áðr hafði hann verit. En þessi kurr fór af ráða-mönnum, at mikill kostnaðr þótti standa af þar-vist Þorgils. En er Þorgils heyrði þann kurr, bjósk hann til brott-reiðar. Þórðr hafði ritað bréf til Þorgils, at ábóti bauð hónum heim í Skálaholt, ok þótti hann betr kominn í Skálaholti en í Skagafirði. Reið hann þá norðan, ok skilðusk þeir biskup með blíðu, ok hét hónum sínni vináttu. Hann þakkaði biskupi margfallega sín velgörning. Reið Þorgils þá á Arnarvatn-heiði ok í Reykjaholt, ok sendi mann til Þórðar á Hitarnes; en hann var riðinn til Staðar. En er hann kom eigi, at því er Þorgils hafði á kveðit, þá reið hann suðr í Skálaholt ok þeir tólf saman. Tók ábóti við hónum forkunnar-

[III. 165 : viii. 18.]

vel; vóru þar um várit í inum bezta fagnaði. Þorgils hafði mælt, at Þórðr skyldi til hans koma í Skálaholt it síðasta eptir Páska-viku, ok vildi at þeir Gunnlaugr prestr keypti þriggja hundraða kaupi bú¹ í Reykjaholti. Ok þeir görðu svá. Stóð nú kyrt fram um Páska-viku. Reið Þórðr suðr eptir Páska-viku ok Ingimundr Böðvarsson. Ok er þeir kómu suðr á heiði, tók at drífa; ok féll snjór svá mikill, at hestarnir máttu eigi vaða. Treystusk þeir eigi at ríða Lyngdals-heiði, ok sneru til Gjábakka, ok kómu mjök þrekaðir til Brúa² um kveldit. Þeir báðu þar greiða ok fengu eigi. Tóku þeir þar vöndul heys fyrir hest hvern, ok lágu undir túngarði, þvíat bóndi lét byrgja hurðir vandlega. Fóru þeir þegar í sólar-upprás; var þá veðr bjart. Kómu þeir til Búrfellz; höfðu þar messu ok dagverð. Riðu þeir um kveldit í Skálaholt. Var þá Þorgils í baði, ok kom lítlu síðarr innar, ok fagnaði þeim vel. Þeir ábóti vóru ný-komnir heim austan af sættar-fundi þeim er görr var um víg Sæmundar ok Guðmundar Orms-sona. Sagði Þorgils Þórði, at hann skyldi fara vestr til Staðar, ok efna þar til bús, þvíat hann ætlaði þangat til at Fardögum; en Þórðr segir hónum ófimlegt frá högum Böðvars. En er ábóti varð þess varr, þá latti hann þess mjök, ok bauð hónum með sér at vera fram til Alpingis. Þorgils þakkar hónum bíðlega boð sít.—‘En þó vil ek vestr ríða; vil ek eigi lengr,’ segir hann, ‘felask fyrir þeim Hrafni.’ Þórðr ríðr þaðan á Þingvöll, en annan dag í Reykjaholt. Um nöttina kom á hríð mikil. Þórðr segir, at Þorgils mundi eigi kaupa þar í bú framan til Fardaga. Líkaði Agli þat illa, ok fór með þeim Þórði stuttlega. Gékk þá í sundr búit. Reið Gunnlaugr þá vestr um heiði, ok Hallbera; ok Aldís Sigmundar dóttir frá Húsafelli fór³ heim til föður síns. Ingimundr Böðvarsson fór með Þórði; ok allt þat lið, sem með Þorgils var, fór þá í brott. Skilðusk þeir Þórðr ok Egill eigi með kærleikum. Þórðr fór, þegar [er] hann kom þeim til Staðar, ok segir Böðvari ráð-stofnan Þorgils; tök Böðvarr því vel. Kolgrímr í Bjarnar-höfn lagði til bús við Þorgils fimm kúgildi. Þórðr stefndi fund á Stað, ok beiddi at hvern bóndi, sá er til færr væri, skyldi lána Þorgils kúgildi. Gengu menn undir þetta vel, ok hugðu gótt til at Þorgils kæmi til Staðar. Lítlu síðarr kom Þorgils sunnan; höfðu þeir ábóti skilizk með kærleikum, ok gaf hann Þorgils oxa fimm vetra, ok

¹ þriggja—bú] ccc. kaup í bú, Cd. ² Brúa] thus. ³ fór] fo, Cd. (fóru?).

[III. 166, 167: viii. 19.]

kult. Þorgils fékk Gunnlaugi land á Hitarnesi; ok bjó hann þar; en Þórðr fór til staðar ok Aldís, ok var hón þar fyrir búi, ok fékk Þorgils þeim land at Þorgeirs-felli. Böðvarr rézk til Eyrar, ok görði þar bú. At Stað vóru fjórir tigir kúa ok hundrað á-sauðar; hafði Þorgils rausnar-ráð fyrir sakir fjöl-mennis ok hísbýla. Fæð sú er verit hafði með þeim Böðvari ok Einari Halldórs-syni talðisk öll ór þegar Þorgils kom til, ok varð með þeim in mesta vináttu með frændsemi. Hafði Þorgils hann mjök við ráð sítt, ok virði hann mest allra héraðs-manna. Þorgils sendi Eyjólf Þorvarðson til Alþingis með goðorð; hann skyldi ok nefna dóma fyrir Reykhytinga-goðorð¹ ok Jökla-manna-goðorð. En Eyjólfur þóttisk því eigi fram koma; ok nefndi Þorleifr dóma fyrir öll höfðingja-goðorð með styrk Hrafns. En er Eyjólfur kom heim, talði Þorgils á hann; ok kallaði, at hann hefði eigi skörungskap til haft at göra sem hann hefði fyrir mælt; ok líkaði Þorgilsí stór-ílla².

244. Nú er frá því at segja, at þetta vár görði Gizurr bú á Flugumýri, ok gengu undir hann allir héraðs-menn til Hrúta-fjarðar; en hann skipaði þau ríki, er hann átti fyrir sunnan land, sonum sínum, Halli ok Ísleifi. Görðisk Gizurr inn mesti virðinga-maðr. Þetta sama vár fóru menn á milli þeirra Gizurar ok Hrafns, ok var leitað at koma sættum saman með þeim ok vináttu³. Þá bað Hallr Gizurason Ingibjargar dóttur Sturlu, ok rézk þat á þingi um sumarit, hón var þá þrettán vетра. Þá tók Teitr Einarsson lögsögu, en Óláfr Þórðarson lét lausa fyrir van-heilsu sakir. Ráð skyldu takask með þeim Halli ok Ingibjörgu á vetr-nátta-helgi á Flugumýri.

245. Þá bjó Hrafn Oddzson á Sauðafelli; hann var vin-margr ok inn mesti óvinr Þorgils, sem fyrir segir. Hann setti njósnir fyrir utan heiði. Maðr hét Halldórr Vilmundarson; hann var djákn at vígslu; hann hélt njósnum fyrir Hrafn fyrir utan heiði, svá at hann vissi síð ok snemma hvat þar var tilbenda. Hann bjó at Rauðamel inum ýtra. Þat var orð á, at búit mundi eigi standa mega atfanga-laust at Stað. Þorgils reið með heima-menn sína til Rauða-mels, ok leitaði eptir við Halldór ok húsfreyju hans, at þau réðisk til Staðar, ok væri þar fyrir búi. Halldórr neitti því

¹ hann skyldi—goðorð] V.; in Br. here is a homoteleuton (goðorð). ² Here Cd., under the head ‘Önnur Saga,’ inserts from B the passage, Ok um vetrinn—Fór G. heim á Flugumýri, printed above, p. 103, l. 7 sqq. ³ ok görðist þat af at með Hrafni ok hónum var mælt til hinn er mestu vináttu, add. some paper MSS.

[III. 167, 168 : viii. 19.]

pverlega. Þorgils bauð at leita vörzlu við bændr ina beztu fyrir kvíkfé hans; en hann vill engan á göra. Þorgils kvazk önga þá menn vilja vera láta þar í sveit er hónum vóru ótrúir, hvárt sem eru vígðir eðr óvígðir. Hann kvazk eigi þessa valdr. Þorgils bað hann þá sverja fyrir. Hann mælti: 'Ek mun engan eið þér sverja.' Lét Þorgils þá reka kýr hans okær til Staðar. Prestr vildi eigi éta þann mat, eðr aðrir kenni-menn, er undan því fé var görr. Halldórr fór at finna Guðmund umboðs-mann til Helgafellz ok sendi [hann] bróður Þórhall; ok beiddi at Þorgils léti rakna rán þetta. En setti hann af kirkju ellegar, ok alla þá er af neyttu ráninu. Þorgils kva[zk] ekki rán mundu rakna láta, 'En Guðmundr ráði kirkju-göngum.' Halldórr fór til Sauðafellz, ok segir Hrafni til svá búins. Hrafn varð við all-beiskr, ok bauð Halldóri til sín ok öllu hans skulda-liði; 'Vil ek eigi,' segir hann, 'at þit deilit ill-deilcum; en ek vil¹ sjí fyrir máli, ok skal þat mælt, at þessa máls skal rekit verða.' Reið Halldórr þaðan suðr til Kolbeins-staða, ok fann þar Ketil prest ok Narfa. Lögðu þeir þat ráð á með hónum, at hann færi í Skálaholt at finna Brand ábóta, ok segja hónum til svá búins, ok fara hans ráðum fram, 'Par sem þú ert messu-djákn at vígslu.' Halldórr ferr til ábóta, ok segir hónum um hvat hann á at vera, ok bað hann ásjá. Ábóti segir þat ljóst fyrir augum, at við hann var ranglega búít; 'En hitt veit ek ógörr, hversu þú ert sekr um tilgörðir.' Halldórr afsakaði sik fyrir ábóta; en hann tók hónum eigi marglega, 'Sýnisk mér svá, sem flestir menn sé hónum of-skynja vestr þar, ef it sanna væri uppi.' Ábóti görði þó bréf með Halldóri, ok sendi orð Katli presti, at hann færi með hónum út til Staðar. Fór hann þá ok fann Ketil; reið hann með hónum út til Staðar. Þorgils tók vel við Katli; bar hann fram bréf ábóta, ok var þess beitt, at Þorgils léti rakna ránit, ok byði jafnaðar-dóm á máli þeirra Halldórs; ok hætti Þorgils heldr stórmælum. Þorgils svarar vel örendum ábóta; ok kvað rán skyldu rakna á hverja leið er hann vildi; 'en dóm á máli okkru Halldórs' kvazk hann öngum mundu í hendr fá nema sjálfum sér. Leitaði Ketill þá um sættir; ok féksk þar ekki annat af. En Þorgils hét Halldóri afar-kostum, sem hann kæmi því við. Lauk því svá, at Þorgils skyldi sæma Halldór nökkruru eptir því sem sannr hans væri til. Var þá fé

¹ vil] mun, V.

[III. 169 : viii. 20.]

á brott rekit; en Þorgils gaf Halldóri messu-klæði; ok áðr þeir skilðu, gaf Halldórr¹ Þorgilsí þrjá geldinga ok oxa fjogurra vетra gamlan, ok bað hann vináttu; en Þorgils hét því. En er Hrafn spurði þetta, þótti hónum hann farit hafa lítlmannlega.

246. Þat er nú um summarit, at Þorgils ríðr heiman í Langadal til Páls prestz, ok þeir níu saman. Fór Þorgils at sjá Ingibjörgu dóttur Páls; hón var þá ógefin, ok sýnisk hónum þat eigi upp at bera; þvíat hónum leizk konan ófríð. Þeir Páll töluðu mart; ok leitaði hann eptir ef hann fengi nökkt saman komit með þeim Þorgilsí ok Hrafni. Þorgils tók því líklega, ok kvazk fúss vera at semja við Sturlu ef hann mætti fullkomlega komask at vináttu hans. ‘Vil ek,’ segir Þorgils, ‘hafa fulla sæmð af Sturlu fyrir þá vanvirðing er hann hefir til míni gört.’ Páll segir þá Sturlu allt þetta, ‘Ok lízk mér Þorgils svá sáttfúss, at þat mundi auðsætt vera. Legg ek ok þat ráð á, at þú ríðir til mótz við Þorgils, þvíat ek veit at þú trúir hónum.’ Reið Þorgils þaðan til Helgafellz ok var þar um nótt. Var Guðmundr inn kátasti. Fór Guðmundr at leita um sættir með þeim Þorgilsí ok Hrafni. En hann kvazk eigi sætta mundu biðja Hrafni, en svara því sem hónum sýndisk ef boðnar væri. Bauzk Guðmundr til meðal-ferðar, ok leiddi þat fyrir augu Þorgilsí hversu lítla kosti hann hefði til at halda strið við stór-menni; ‘Hygg ek at Gizurr muni meiri vinr Hrafns en þinn, en ráðnar teingðir við Sturlu.’ Þorgils tók þessu seinlega, ok gazzk eigi at þessu tali. Þorgils reið þá í Bjarnar-höfn, ok var þar um nótt. Þorgils leitaði eptir, ef þau Kolgrímr ok Þóriðr, dóttir hans, réðisk til Staðar til forvistar. Þau tóku því seinlega; en þó rézk þat af, at hón fór þegar suðr með þeim. Ok er hón kom til Staðar, tók hón þegar við búi; var hón hæfi-lát ok sínk, en þó sæmðar-maðr. En er Þorgils kom heim, sendi hann Þórð suðr í Borgarsjörð at helga Þverár-leið; vóru þeir sjau saman ok gistu í Stafaholti. Latti Óláfr þá at fara til leiðar; kvað Þorleifr ok heraðs-menn vera flia til Þorgils. En Þórðr vildi göra sem fyrir hann var lagt. Riðu þeir um daginn til leiðar, ok vóru þar hesta-víg mörg ok allmikit fjölmenni. Gékk Þórðr í þing-brekku, ok mælti þar þeim málum öllum, sem hann skylda² lög til fyrir Reykhyltinga-goðorð. Þorleifr ok Egill ok aðrir heraðs-menn segja Þorgils hafa hóflega mikit af heraði, þótt hann léti helga

¹ Halldórr] hann, Cd.² skylda] skyldi, Cd.

[III. 170: viii. 21, 22.]

leið, eðr mæla slíkt er hann vildi. Þórðr kvað hann öngu at fírr þótt hann léti þetta löglega göra. Riðu þeir síðan heim til Staðar; ok lét Þorgils vel yfir þeirra ferð.

247. Þat var einn dag, er Þorgils reið til Lýsuhváls¹-laugar at skemta sér, ok fylgðar-menn hans með hónum. Þar bjó Vestarr Torfason. Jóreiðr var kona hans; hón var væn. Þeir Þorgils stigu af baki við sundlaug². Jóreiðr var þar fyrir, ok þó klæði. Þorgils tók í hönd henni ok glenzaði við hana. Þetta sér Vestarr, ok hljóp heiman ok til vápna þeirra, ok tekr eitt sverð ok bregðr, ok hleypr upp at lauginni. Ok er fylgðar-menn sjá þat, hlaupa þeir upp. Ok taka Vestar, ok vilja hrekja hann, ok tóku af hónum sverðit. En er Þorgils sá þetta, hleypr hann til, ok biðr þá eigi hrekja hann; ‘Þvíat hann er maðr at vaskari, þótt hann vildi hefna svívirðu sínnar, er hann hugði hónum væri gör, þótt hér væri eigi þau efni í. En legg ekki hug á þat, Vestarr, at ek vilja nökkura þá hluti eiga við konu þína at hón sé þá verri kona en áðr; en fyrir raun þína vaska vil ek gefa þér öxi þessa.’ Ok skilðu þeir at því.

248. Lítlu síðarr reið Þórðr vestr á Staðarhól, ok töluðu þeir Sturla all-mart um skipti þeirra frændanna; ok fannsk Þórði, at Sturla væri sáttgjarnlegr; en talði þat upp í annan stað, at hann þóttisk vera mjök févani til stórra gjalda. Sturla spyrr hver sættar-efni hann gæfi þeim. Þórði kvazk þykkja tvennir kostir til: Bjóða Þorgils jafnaðar-dóm, ok mundi hann svara fégjöldum eptir því sem dómr félli á: ‘Sá annarr, at unna Þorgils sjálfdæmis, ok bjóða hónum frændsemi góða, ok skiljask aldri við hann, hvers sem hann þarf við, við hvern sem hann ætti.’ Lézk Þórðr vænta, at Þorgils mundi vægja hónum um fégjöld, ef hann tæki þetta upp með góðra manna fortölum. Mæltu þeir þá fund með þeim Þorgilsi ok Sturlu um haustið þá er þeim þætti tími til. Reið Þórðr heim til Staðar. Tók Þorgils hans örendum vel; en kvað raun mundu eptir fara um efndir þótt fagrt væri talat. Hrafn hafði riðit um sumarit vestr í Fjörðu, ok var þar til þess er hann var [boðinn] til veizlu á Flugumýri. Var hann leyndr þessum ráða-görðum.

Þorgils talði þat opt fyrir fylgðar-mönnum sínum, hvé slla hann unði við óvirðing þá er hann þóttisk fengit hafa í Borgarfirði. Kenndi hann sumum fjörráð en sumum svik ok fllvilja, en ekki

¹ Now called Lýsuhvoll.² sundlaug] thus, a local name?

[III. 171: viii. 22.]

til umbóta nema gymbingar¹ ok atmæli við sik; en þóttisk van-
afli² til at reisa ófrið í móti svá miklu fjölmenni sem héraðit bygði,
en kvazk víst eigi una at svá búit stæði. Lítlu síðarr fundusk
þeir Þorgils ok Einarr Halldórsson í Vatz-holti; réðu þeir þat
þá at göra hleypi-flokk í Borgarfjörð í Reykjaholt, ok hafa sjálf-
dæmi af Agli, eðr göra hónum nökkura skömm, ok enn fleirum
er hónum þætti maklegir til vera. Lét Þorgils nú kveðja menn
til ferðar. Riðu þeir frá Stað Fimmta-daginn syrir Michaelis-
messu at áliðnum degi hálfir fjórði tögr manna. Þeir riðu suðr
at Straumfirði, ok svófu þar um nótina; en þeir vöknudu eigi
við fjöru um nótina. En um morguninn vissu þeir eigi hvárt
sjór fell út eðr inn. Tóku þeir þá hesta sína, ok riðu syrir ofan
Straumfirð. Þeir riðu Föstudag allan svá at þeir kómu hvergi
til bæja syrr en á Valbjarnar-völlum. Þar reið Þorgils at durum
ok hitti Eilif bónda er þar bjó. Hann spyrr tíðenda ór héraði;
en Eilifr segir kyrt ok tíðenda-laust. Var hann áðr ný-kominn
sunnan ór Bæ. Hann kvað Þorleif í Görðum heima, þá er hann
vissi, ok Egil í Reykjaholti. Hann spyrr hvert Þorgils ætlaði.
Þorgils kvað hann þat öngu skipta. Bergr bað Eilifr riða á leið
syrir þeim suðr til Norðr-ár, en hann kvazk hvergi riða mundu
ónauðigr; þvíat hann lézk eigi vita hvert örendi þeirra var í hérat.
Þá mælti Sigmundr Brandzson, at þeir pyrfti eigi at spara at hann
riði nauðigr. Þorgils mælti: ‘Ekki hark skulu vér hónum göra.
En þat skal kaup með oss, þú skalt fara hvergi, nema þú vilir,
enda bera önga njósni syrir oss öðrum mönnum.’ Eilifr kvað svá
vera skyldu. Vísaði hann þeim leið. Tók þá at kenna annars
litar. Þoka var all-mikil. Reið Bergr syrir suðr um mýrarnar
syrir ofan Munaðar-nes. Ok þeir kómu til Norðr-ár, áðu þeir.
Segir Þorgils þá mönnum sínum, at hann ætlar at riða í Reykjaholt
ok taka Egil höndum, ef svá vildi verða; en bannaði mönnum
at bera vápn á hann. Þorsteinn Árnason hafði ráðisk í Reykjaholt
til ræðis-mann um várit, ok var Þorgils hónum lítt þokkaðr,
þvfat hónum þótti sem hann hefði vísat til hans í Stafaholti þeim
Hrafni ok Sturlu. Riðu þeir þaðan, þegar þeir vóru búrir, yfir
Hvítá á Ámótz-vaði. Þórðr Hitnesingr reið á Snældubeins-staði;
en þeir Þorgils skyldi bíða hans við Ámótz-vað þar sem gatan liggr
yfir um Reykjardals-á. Þeir Þórðr kómu á Snældubeins-staði, ok

¹ gymbingar, Cd.; an ἄπ. λεγ.² vanefli, Cd.

[III. 172: viii. 22.]

fengu þar kyndla stóra. Þaðan fóru þeir til Reykjardals-ár; var þar fyrir Bergr Ámundason ok þeir fimbán saman; vissu þeir eigi til Þorgils ok til þeirra Einars. Hafði Þorgils stigit af baki örna¹ sínna en þeir Bergr höfðu fyrri riðit; ok fundusk eigi síðan.

Þá riðu þeir upp til Reykjaholtz ok á götuna fyrir ofan Grímsstaði, ok öttu þeir Bergr þá ráðum², hvárt þeir þeir skyldi riða heim. Stigu af baki ok biðu Þorgils, ef hann bæri at. Tóku þá hundar at geyja í Reykjaholti. Réðu þeir nú þat af at riða heim í Reykjaholt. Skiptu þeir þá mönnum í helminga; gengu þeir norðan ór kirkju-garði, Þórðr ok hans menn, en Bergr sunnan frá laugu at suðr-durum. En er þeir kómu at durum hvárum-tveggjum³, voru þær byrgðar rammlega. Þá taka þeir þat ráð, at þeir lypta Böðvari kanpa upp á virkis-vegginn, ok dró hann lokur frá hurðum. Gengu þá inn hvárir-tveggju ok mættusk í skála-durum. Þá sóttu þeir eld í elda-hús. Ok er eldr kom seint, gengu þeir Bergr ok Þórðr í skálann. Hljóp þá maðr í fang Þórði, ok tók hann þann ok spyrr hverná væri. ‘Egill er hér, mágr, ok vilda ek grið hafa! ’ Í þessu kómu ljós inn; gengu menn⁴ þá í skálann. Tóku þá menn upp at setjask, ok mælti Bergr, at þeir skyldi liggja kyrrir ef þeir vildi eigi láta vinna á sér. Lögðusk menn þá niðr, ok töluðusk við. Gengu þeir þá um allan skálann, ok rann-sökuðu hvert rúm, ok fundu eigi Egil. Þá tók Bergr at rann-saka Lítlu-stofu ok lopt, ok varð þess var at Þorsteinn Árnason lá í loptinu. Þá spryra þeir Þórð prest Bersason hvárt Egill væri heima. En hann spyrr, hví þeir færi þangat með svá mikinn storm. Þeir kváðu þar öngan görvan. Prestr segir Egil riðinn út á Akranes. Í þessu kómu þeir Þorgils ok Einarr, ok höfðu þeir farit villir mjök, ok vorðit því seinir. Þórðr prestr heilsaði Þorgilsi, ok beiddi heima-mönnum griða; ok varnaði Egils, ok kvað hann eigi heima vera. Þorgils kvazk öngum griðum heita. Þá segir Bergr hónum, at Þorsteinn Arnason lægi upp í lopti. Frétti Þorgils þá at Agli; ok er hann var fullnumi í því at Egill var eigi heima, þá gékk hann upp í loptið; bar á Þorstein fjörráð, at hann hefði vísat til hans í Stafaholti. En hann gékk eigi við, ok kvazk sjúkr vera. Þorgils bað taka hönd hans ok höggva af, ok kvaddi til Sigurð knapp-söðul. Þórðr bað hann eigi höggva; þótti vera

¹ örna] erinda, Cd. ² öttu—ráðum] thus Cd., auttu ráðum; áttu radum, V.; etja ráðum, *to consider? - to waver?* ³ hvº tveggº, Cd. ⁴ ljós—menn] V.; at sem inn gengu, Cd.

[III. 173: viii. 23.]

níðings-verk at vinna á sjúkum manni. Urðu þeir mágar mjök sundr-orða. Kvaddi Bergr þá til Þorkel hvíta; en Þórðr gékk á brott ok út. Hjó Þorkell höndina mjök svá af Þorsteini.

249. Riðu þeir Þorgils á brott eptir þat ok norðr til Síðu-múla. Bergr varð þeim frá-skila, ok fór villr, ok nökkurir menn með hónum. Kom þá nökkuru síðarr í Síðu-múla. En er þeir Þorgils riðu neðan at garði í Síðu-múla, þá reið Þórðr at Þorgilsi ok mælti: ‘Ef þú ætlar at göra hervirki í Síðu-múla, þá vil ek frá ríða. En ef þú ætlar hér til sættar eðr samnings, þá vil ek allan hlut í eiga.’ Þorgils mælti: ‘Hér ætla ek eigi til annars en til sætta; ok skaltu hér miklu um ráða, ef þeir vilja þín orð nökkurs meta.’ Riðu þeir þá heim, ok reið Þórðr fyrir heim¹, ok með hónum Böðvarr kanpi. Stigu þeir af baki, ok drápu þegar á dyrr, ok gékk maðr til hurðar. Ok þegar upp var lokit hurðinni, ok hann sá mennina, sneri hann þegar inn aprí. Gékk Þórðr inn, ok spurði Þorkell prestr hverir menn væri komnir. En Þórðr segir til sín. ‘Hvat er komit fleira?’ segir prestr. Þórðr mælti: ‘Þorgils Böðvarsson við nökkura menn; vilda ek at þú görðir hans ferð hingat sæmilega, ok unna hónum góðra sætta fyrir þat er hann telr á yðr.’ Þorkell prestr svarar skjótt: ‘Allz öngrar sættar mun ek hér af unna, þvíat ek em ekki sakadur.’ ‘Pá skal þat vera þítt ráð,’ segir Þórðr, ‘ef vel er ráðit, ok þó á annan veg sé; en af sel ek þá vanda mér af höndum, hversu sem gefsk.’ Sneri hann þá út, en Þorgils inn ok Einarr, tveir einir; ok námu staðar á gólfinu. Þá var spurt hverir komnir væri. Einarr segir: ‘Þorgils Böðvarsson, ok nökkurir menn með hónum.’ Þá var hann enn spurðr, hvat hann vildi. Þorgils segir: ‘Ferr ek at leita vina mínnu, þvíat ek þykkjumk þá lítt² fundit hafa hér til suðr hingat.’ Þorgils mælti: ‘Er prestr heima eðr synir hans?’ Þá var sagt at hann var heima; en eingi greiði var á görr um sonu hans. Þeir stóðu þar Þorgils ok Einarr um hríð á gólfinu, ok var þá hljótt. Þá mælti Þorgils: ‘Nú má vera, Einarr, at vit þarfum eigi at spryrja hvárt heima eru synir prestz.’ Einarr mælti: ‘Hversu þá?’ Þorgils mælti: ‘Höggit er til okkar ofan ór setinu.’ Einarr segir: ‘Mun eigi þá ráð, at hrökkva við sem fyrst.’ Brugðu þeir þá sverðum, ok hjoggu á móti. Gnustu þá saman vápnin; ok gékk þat um hríð. Þá mælti Þorgils:

¹ heim] V.; hónum, Cd.² lítt] hér, add. Cd.

[III. 174, 175: viii. 24.]

‘Laust er mér orðit sverð mítt.’ Einarr mælti: ‘Þetta er ófimlegt, at vit berimsk hér í myrkri; göngum vit í brott, ok sé kveykt ljós, ok viti menn þá hvat við sik er.’ Kom Þórðr þá í móti þeim í durunum. Hann sá blóð á þeim er þeir gengu út, ok spurði ef þeir væri sárir. Einarr kvað þat eigi vera. Gengu þeir Þórðr ok Magnús gargan þá inn, ok enn fleiri menn, með brugðnum vápnum eptir endi-löngum skála, ok urðu við ekki varir. Spyrr Þórðr þá hvar þeir væri er berjask vildu. En öngu var svarat. Ok er hann kom at skála-durum, varð hann varr at maðr gékk at hónum, ok spurði hann hvern þar væri. En hann nefndisk Snorri; var hann slyppr ok berfætr. Lét Þórðr hann ganga út dyrrin. Hljóp hann þegar út, ok kastaði þeim manni er næstr hónum stóð. Hljóp hann út með vegginum. Þeim varð bilt. Þorgils bað menn ríða eptir hónum; en þat varð eigi, ok setti hann þegar á brott. Nú var gengit með logum um öll hús ok leitað manna. Fundu þeir Valgarð í skálanum undir tjaldi; tóku þeir hann ok leiddu út; var hónum þá heitið drápi. Eigi fannsk sverð Þorgils, ok enginn gékk við at upp hefði tekit. Þá gékk út Ingibjörg, kona Valgarðz, ok bauð syrir hann allt þat er hón hafði til. Þorgils kvazk af öngum manni boða taka, nema af föður hans. Gengu menn þá at Porkatli presti, ok báðu hann bjóða þeim sæmðir syrir fjörráð, ok syrir ákvámur þær, er heima-menn hans höfðu veitt þeim Þorgilsi ok Einari meðan þeir vóru inni, þvíat hvárr-tveggi þeirra var skeindr¹ á hendi er þeir kómu út. Porkell kvezk önga bjóða; ‘Mun þeim annat meirr verða til fjár en þetta.’ ‘Þá skal hann drepa,’ segir Þorgils. Þá beiddi Valgarðr at skriptask við föður sínn; ok var þat þegar uppi látið. Þóttusk menn þat heyra, at hann bað föður sínn leysa sik, ok fékk þat eigi. Fékk Þorgils þá til Eyjólf smið, at vega at hónum. Eptir þat var Valgarðr dreppinn. Síðan riðu þeir á brott ok út á Kolbeins-staði um kveldit, ok leysti Narfi prestr þá til samneytis, ok vóru þeir þar um nóttina. Þorgils reið um daginn eptir heim til Staðar, ok lagðisk mis-jafn orðrómr á um ferð hans.

250. Nú kom vestan af Staðarhóli Blöðru-Svartr, ok segir at Sturla vildi at þeir fyndisk áðr Sturla riði til boðs norðr á Flugumýri. Þorgils vildi at Sturla riði til mótz við hann yfir Rauðamels-heiði; ok skyldi þar hvárir-tveggju koma við fjóra menn leynilega

¹ V.; skemdr, Cd.

[III. 176: viii. 25.]

at ákveðnum degi. Reið Þorgils þann dag heiman, ok fundusk þeir í Eldz-hólmum fyrir sunnan Hafsfjarðar-á. Töluðu þeir þá mart um Stafaholtz-ferð, ok áburði þá er þeir höfðu við Þorgils haft í Stafaholti. Bar hann þat af sér, at hann væri né eitt sakadr við Sturlu. Hélt Sturla þá ekki á því. Bauð Þorgils mál þeirra undir dóm Páls prestz; en Sturla vildi þat eigi—‘Vil ek at þú skipir sjálfr.’ Var nú sjá¹ sætt þeirra, at Sturla seldi Þorgilsí sjálfðæmi. Sættisk hann fyrir sik ok fyrir þá menn sem með hónum höfðu verit í Stafaholti, ok kallar hann þat fjóra tigi manna. En er þeir voru sáttir, lauk Þorgils þegar upp görðinni. Hann görði af Sturlu fimm hundræd fyrir hvern mann, en tju hundræd fyrir Sturlu². Þeir töluðu mart um Síðumúla-reið, ok lét Sturla yfir henni illa. Sturla bað Þorgils vera varan um sik. En áðr þeir skildusk, minntusk þeir við. Þá tók Þorgils í hönd Sturlu ok mælti: ‘Nú hefir þú, frændi, selt mér sjálfðæmi, ok gört mér þat til sæmðar; hefi ek sagt á þik fé mikit, ok þó hvergi meira en mér þykkir vert; veit ek ok görla fé-skort þínn. Nú vil ek eigi, at okkr verði þat til deilu um feskuld þessa. Vil ek nú frændi, gefa þér upp alla görðina, svá at ek skal þat aldrí heimta ok engir mínir erfingjar, hvárt sem með okkr ferr betr eðr verr.’ Sturla þakkaði hónum vel, svá mikla frændsemi sem hann hefði hónum sýnt. Bundu þeir þá þetta með fast-mælum, at hvárr skyldi veita öðrum slískan styrk sem til væri færr. Skilðu þeir þá með enum mestum kærleikum. Reið Sturla þá vestr í Langadal, ok görði þat bragð á, at hann hefði fundit Pál prest. En Þorgils reið heim til Staðar.

251. Um sumarit kom Hrani Koðransson norðan á Staðarhól, ok var þar nær viku. Undruðusk margir menn um hans ferð. Ok meðan hann var þar, létt Einarr Ásgrímsson fót-högga Magnús soðkrók; var hann fátækr maðr. Kenndi Einarr hónum þat at hann njósnaði um vistir hans af hendi Vigfúss. Þá var með Einari Eyjólf Rögnvaldzson. Fór Einarr þá við áttjánda mann á Reykjanes á Breiðabólstað at Vigfúsi; var þar Rögnvaldr faðir Eyjólfss, ok Skeggi Ingimundarson, ok Hallkels-synir, Halldórr ok Eilífr. Þeir voru ný-komnir af sjó, ok höfðu lagizt niðr í baðstofu um kveldit áðr þeir Einarr kómu. En er dynrinn kom undir hásin,

¹ sjá] conject.; svá, Cd.² Here half a page is left blank in Br., although nothing is wanting, only there is a change of hands.

[III. 177: viii. 25.]

hljópu þeir upp ok í skálann, ok kölluðu at ‘Ófriðr er at kominn.’ Þeir hljópu til stofu, þviat þar voru vápn þeirra flestra; urðu heim þau at öngu gagni. Ok er þeir Einarr hlaupa inn í ann-dyrit, hljóp Skeggi í skála-dyrrin, ok varðisk alldrengilega, ok féll hann þar. Þá hleypr í dyrrin Hallr Gunnsteinsson ok Þórðr Ívarsson, ok Eyjólfur hrafna-hauss. Var þá hörð atsókn. En þeir vörðusk vel. Jafn-fram höfðu þeir Einarr borit eld at öðrum durum; sótti þá at þeim eldr ok reykr. Þá kallaði Eyjólfur á föður sínn, ok biðr hann þrysvar út ganga. En hann svaraði hinu sama, kvazk aldri hirða út at ganga ef Vigfúsi væri eigi grið gefin¹. Þá mælti Eyjólfur: ‘Brenndú þar þá, djöfuls-karlinn!’ Vigfúss hafði vaknat seint, ok hljóp hann upp í skyrtu ok í línbrókum. Þreif hann spjót, ok lagði til Páls Teitz-sonar þrim sinnum. Þá stökk Páll í brott. Rögnvaldr fékk einn stein mikinn, ok fór upp á fóta-bréf er var við þilit, er eingi var bjórinn milli húsanna. Hann mælti er hann kastaði: ‘Farðú þar steinn,’ mælti hann, ‘ok komi þar niðr er Guð vill!’ Steinninn kom framan á stálhúfu-barð Einari; ok gékk frá, ok niðr á vörr’ina efri, svá at út gengu tennrnar tvær; heykðisk hann við ok nær í óvit. Varð þaðan af engi atsóknin. Gunnsteinn hafði leitað um grið. Féll þá ofan skálinn allr útar. Einarr játti þá griðum. Ok þat fór fram. Þeir Einarr Guðmundarson urðu sárir mjök. Allir urðu þeir sárir ok allir græddir, ok [svá] Skeggi. Þá kómu þeir út ór stofunni Hallkels-synir, ok eggjuðu atgöngu; en Vigfúss vildi þat eigi, þviat grið voru sett. Riðu þeir þá í brott. Skip hafði staðit uppi í Dýrafirði um vetrinn; fóru þar útan Sigurðr seli² ok Kolfinna Þorvaldz dóttir syrir utan frænda ráð. Áron Hjörleifsson hafði komit út með Gizuri ok Erlingr snagi; hafði Hákon konungr sætt þá um víg Sigmundar, föður Erlings. Fór Áron þá vestr í Fjörðu, ok beiddi sér fjár til vígs-bótanna; ok hann fékk nökkut. Þat sumar koin út Þorleifr Guðmundarson.

Um haustið bjósk Sturla til brúðlaups-ferðar með Ingibjörgu dóttur sína. Henni var þá inn sjórtándi vetr. Hón var væn kona, ok kurteis ok kvenna högust. Hrafn Oddzson var í ferð Sturlu, ok Snorri prestr undan Felli. Þar var ok Þorleifr Guð-

¹ Thus V.; ef Vigfúsi væri eigi grið gefin, kvazk Rögnvaldr aldri mundu út ganga,
Cd. ² selr, V.

[III. 178: ix. 1.]

mundarson, ok it bezta mannval vestan ór sveitum. Hrafн var boðs-maðr Gizurar.

[*Flugumýrar-brenna.*]

252. ¹EyjóLFR Þorsteinsson fór búnaði sínum um várít norðr á Möðruvöllu í Hörgárdal. Fékk Heinrekr biskup hónum staðinn til ábúðar. Kom Eyjólfur sér í kærleika við Heinrek biskup af flutningi sjálfs síns ok framkvæmð ². Eyjólfur var bæði mikill ok sterkr; hann hét Eyjólfur ofsi ³; vel andlitz farinn ⁴, ok inn drengilegasti maðr at sjá. Með hónum fóru norðr margir þeir menn er verit höfðu með Þórði Sighvatz syni. Ófeigr Eireksson bjó þá á Úlfss töðum; hann átti Vigdísí Gils dóttur. Gizurr vildi eigi bygð þeirra í Skagafirði; fóru þau norðr með Eyjólfum á Möðruvöllu. Risu þá þegar miklir úfar á með þeim Gizuri. Þetta sumar andaðisk Þórarinn ábóti Sveinsson at Þingeyrum fjórum nótum syrir Bartholomeus-messu. Var þá syrir fjárforráðum staðarins Vermundr prestr Halldórsson.—Sá atburðr varð út í Fljótum þetta sumar, at þat æpti í fjallinu, Tungufjalli, mikit stór-óp, ok var hrinr flír ⁵ á eptir. Þat heyrðu menn nökcurum sinnum. Vigfúss bónði Íllugason heyrði þetta óp ok fleiri menn aðrir.—Á Flugumýri um sumarit tóku nær allir menn sjúkleika, nema Gizurr ok Hallr ok Gróa húsfreyja, svá at menn fóru af öðrum bæjum þangat til verknaðar.—Um haustið, er á leið, var stefndr sættar-fundr með þeim Gizuri, Hrafni ok Sturlu vestr í Vestr-hópi. Vóru þá grið sett til fundarins, ok fór Þorsteinn Hjálmsson á milli er þá bjó á Breiðabólstað. Þeir fundusk þar á Breiðabólstað. Kom þar Gizurr með þrjá tigi manna. Þeir kómu ok vestan með þrjá tigi manna Hrafni ok Sturla. Gékk þar sætt saman greiðlega með þeim Gizuri ok Hrafni svá at göra skyldi Brandr ábóti. Þá hóf ok Hallr Gizuraron bónorð sitt, ok bað Ingibjargar Sturlu dóttur, ok var hón hans heit-kona áðr þeir skilðu. En sú var ályktan ⁶ þeirra Gizurar ok Sturlu, at þeir skyldi sjálfir semja sættir sínar, en Hrafni vera odda-maðr ef þá skilði á. Brullaup þeirra Hallz ok Ingibjargar skyldi

¹ Here B resumes the text (see above, p. 103, foot-note); in Br. here is a large initial letter, and a space for two or three lines. The paper transcripts begin here a fresh section or þátr, the ninth out of ten.

² -kémð, B. ³ hann—ofsi] om. B. ⁴ andlitz farinn] thus B. ⁵ hrinr flír] B (and Br.). ⁶ ályktan] thus Br.; om. B, a mod. word; read álykt?

[III. 179, 180: ix. 1.]

vera at vetr-nóttum á Flugumýri. Var Hrafn boðs-maðr beggja þeirra Gizurar ok Sturlu. Skyldi hann koma vestan með Sturlu¹. Hallr reið vestr með fimtamann með þeim Hrafni ok Sturlu. Skilðusk þeir Gizur ok Hrafn með kærleikum miklum. Hallr reið með þeim í Sælingsdals-tungu. Þar var Ingibjörg með Jóreiði Hallz dóttur móður sínni. Jóreiðr fékk Ingibjörgu til heiman-fylgju landit í Sælingsdal fyrir þrjá tigi hundraða, ok þar með tíu hundruð; en Sturla, faðir hennar, fékk henni sex tigi hundraða. Þau Hallr ok Ingibjörg riðu þá bæði samt vestr á Staðarhól. Var þar þá drukkit fast. Hallr var þar nær viku, ok reið síðan heim norðr á Flugumýri.

253. Eyjólfur Þorsteinsson bjó á Möðruvöllum, sem fyrr var sagt. Hann görði þetta sumar veizlu í móti Heinreki biskupi, ok bauð hónum til síń; var þar mikil fjölmenni, ok fögr veizla, ok drukkit fast. At þessi veizlu var Ásgrímr Bergþórsson af Kallaðarnesi, frændi Eyjólfss Þorsteins sonar; þar var ok Broddi Þorleifsson. Þeir voru sessu-nautar, ok sátu þeir útar á bekk báðir saman; en biskup sat á palli, ok Eyjólfur á aðra hönd hónum. Broddi mælti til Ásgríms, at Eyjólfur, frændi þeirra, væri skörulegr maðr at sjá. Ásgrímr mælti: ‘Þat er annat-hvárt, þar er Eyjólfur er frændi okkarr², at hann býr yfir miklu í sínu skapi³, eðr hendir hann nökkrar hluti þá er betra væri skarð í ætt várri, en at þat kæmi fram, sem nú sitr hann um⁴.’ Broddi varð nær ókvæði við. Eyjólfur leysti Heinrek biskup brott með sæmilegum gjöfum; ok var með þeim all-kært; ok skilðu með blíðu. Meðr Gizuri ok biskupi var þá eigi jafn-blítt sem verit hafði. Þá bjó Hrani Koðransson á Grund, ok var hann fyrir fjár-starfi⁵ Þórðar Sighvatz sonar; þeir voru at einu ráði ok Eyjólfur Þorsteinsson, ok voru um⁶ margir norðr þar. Álitlega var með þeim Gizuri um sumarit ok Eyjólfis, ok reið hann til Skagafjarðar at finna Gizur, ok skilðu þá vel. Eyjólfur átti Þóriði, dóttur Sturlu Sighvatz sonar ok Vigdísar Gilsdóttur.—Þat er sagt eitt hvert sinn um sumarit, helgan dag, at menn sátu þar úti á Möðruvöllum í góðu veðri, Eyjólfur bóni ok húsfreyja hans; þau Ófeigr ok Vigdís Gilsdóttir; ok þar voru heima-menn hans. Þá mælti Eyjólfur at gamni sér til Vigdísar: ‘Hvat mundi Gizuri tilganga, er hann vildi eigi bygð

¹ skyldi—Sturlu] add. B. ² þat—okkarr] þar er annat-hvárt um Eyjólf frænda okkarn, B. ³ skapi] brjósti, B. ⁴ en at—hann um] en þar sem nú sitr hann, B. ⁵ fjár-fari, B. ⁶ um] B; vinir, Cd.

[III. 181: ix. 2.]

þína í heraði í Skagafirði?’ Vigdís varð¹ fá um. Þá svarar Þóriðr dóttir hennar: ‘Þvíat Gizuri,’ segir hón, ‘þótti hver herkerling líklegri til at hefna föður míns en þú; sá hann þat, at þér var litr einn gefinn.’ Eyjólfur svarar öngu, at var rauðr sem dreyri. Þá var þar með Eyjólf, Kolbeinn grön, ok Ari Ingimundarson; ætlaði hann þá útan um sumarit, sem hann görði, með Eysteini hvítá at Gásum; ok vóru þeir þá harðir í tillögum við Gizur.

254. Nú líðr á sumarit, ok láta þeir út skip sítt, Eysteinn ok hans félagar², ok verða síð-búnir. Sigla út ór Eyjafirði, ok svá norðr syrir landit. Þeir fá brátt mótvíðri ok storm mikinn, ok verða aprtr-reka, ok brjóta skipit við Flateyjar-dal inn næsta dag um haustið syrir Matheus-messu. Týndisk þar Eysteinn hvíti, ok á séttu tigi manna, en af kómusk átta [menn] eðr níu. Þar komsk af Ari Ingimundarson, ok Áron Hjörleifsson, Þorgeirr káti³. Mart rak líka upp. Lík Benedictz Hesthöfða-sonar rak upp fyrt; hann hafði ætlað ferð sína til umbótar ok suðr-göngu. Hann hafði vegit Ásgrím prest Íllugason at Barðz-laugu um várit þrem nótum eptir Hallvarðz-vöku, vetri⁴ fyrr en þetta var. Ari Ingimundarson ok þeir Þorgeirr káti fóru þá til Eyjólfs á Möðruvöllu.

255. Nú líðr at brúðlaups-stefnu; ríða þeir Hrafn ok Sturla [vestan] við sjau tigi manna; þeir höfðu gótt mannvæl. Með þeim var Fell-Snorri prestr, Vigfuss Gunnsteinsson, Þorleifr Fagrðæll, ok mart annarra góðra manna. Ekki er frá ferð at segja fyrr en⁵ þeir kómu Föstu-kveldit it síðasta í sumri í Skagafjörð. Tók Hrafn gisting á Víðimýri ok þeir tíu saman. Arnórr Eireksson var þá heima⁶. Sturla gisti á Reykjahróli; var þar [með hónum] Helga, kona hans, ok Ingibjörg dóttir hennar, ok [bau] fimbán saman. Þá var skipt [liði] á aðra bæi. Laugar-morguninn kom á Víðimýri Ásgrímr Þorsteinsson ok þeir sex⁷ saman. Hann gékk til tals við Hrafn ok segir hónum ætlan þeirra Eyjólfs Þorsteins-sonar⁸ ok Hrana, at þeir ætli at stefna at Gizuri ok sonum hans brátt eptir brúðlaupit, ok drepa þá eðr brenna hann inni, ef þeir fengi þá eigi með vápnnum sótta; ok beiddi þess⁹ Hrafn, at hann mundi þá sækja með vápnnum inni í húsum, en þeir með

¹ varð] B; svarar, Cd. ² ok hans félagar] B. ³ Þorgeirr káti] B, and so the vellum leaf below; þorgils knatti, Br. ⁴ vetri] here begins the nineteenth vellum leaf, much mutilated. ⁵ þeir höfðu—fyrr en] add. B; om. vellum leaf.

⁶ Arnórr—heima] add. B. ⁷ sex] þrír, B. ⁸ ætlan sína ok þeirra Eyjólfs bróður síns, B. ⁹ beiddi þess] B; beiddu þeir, Cd.

[III. 182: ix. 2.]

eldi útan. Hrafn kvazk þat eigi göra mundu; ok latti þessa óráðs, en kvazk eigi nenna mundu at segja þá upp. Við þat skilðu þeir; ok reið Ásgrímr norðr [til mótz við Eyjólf]. Gizurr hafði boðit mörgum bónum um Skagafjörð ok svá ór Eyjafjörði; Gizurr bauð Páli frá Stað ok Brodda frá Hofi; ok fór hvárrgi. Þorvarðr ór Saurbæ fór norðan, ok Guðmundr frá Hrafna-gili; ok þeir feðgar ór Mikla-garði, Þorvarðr ok Örnólfur son hans; ok enn fleiri bændr norðan. Sunnan kom Ísleifr Gizurarson, ok Ketilbjörn, ok kom hann fyrst¹. Sámr Magnússon ok Ámundi, ok þeir tíu. Á öðru hundraði var boðsmanna Gizurar², enir beztu bændr ór öllum sveitum þar í nánd.

Nú kómu menn til brúðlaupsins Laugar-kveldit³ á Flugumýri. Þar var sú manna-skipan, at Gizurr sat á inn eystra⁴ langbekk miðjan, ok Hrafn innar frá hónum it næsta; þá föru-nautar hans ok félagar innar frá hónum. Útar frá Gizuri it næsta sat Hallr son hans, brúðguminn; þá Ísleifr bróðir hans; þá Þórir tottr Arnþórsson; þá Sámr; þá Þorvarðr ór Saurbæ, ok þeir Eyfirðingar. Á hinn vestra bekk miðjan sat Sturla; innar frá hónum Snorri prestr; útar frá hónum Vigfúss Gunnsteinsson. Forsæti vóru fyrir endilöngum bekk hvárum-tveggja. Kirkju-stólar vóru settir eptir miðju gólfinu, ok þar var setið at⁵ tveim-megin. Ketilbjörn, sonr Gizurar, sat á stóli⁶ innar við pall, ok þar hjá hónum synir Brandz Kolbeins sonar, Kálfr ok Þorgeirr, ok horfðu⁷ at þeim bekk er Gizurr sat á. Ok er mönnum var í sæti skipat, vóru log upp dregin í stofunni. Ok því næst stóð Gizurr upp, ok talaði, ok segir svá:—‘Guð sé með oss nú ok jafnan! Hér er nú gótt mannvil saman komit, þess er kostr er á landi þessu⁸. Kunnigt er flestum mönnum, þeim er hér eru, um mála-ferli þau er orðit hafa millum manna hér á landi, þat er næst berr oss. Nú er þeim málum, er betr er, til góðra lykta komit, með þeim öllum inum⁹ beztum mönnum er hér eru nú saman komnir: Sturla bóndi ok Hrafn Oddzson! Vil ek óska¹⁰, með Guðs miskunn, at várar sættir fari vel af hendi; ætla ek at þessi samkundu skyli¹¹ vér binda með fullu várn góðan

¹ ok kom—fyrst] om. B. ² mikit á öðru hundraði, var boðsmanna Gizurar, B.

³ Laugar-kveldit] B; um kveldit, Cd. ⁴ inn eystra] add. B. ⁵ at] thus the vellum leaf; á, B.

⁶ á stóli] thus the vellum leaf, not ‘akstóli,’ as the edition; Ketilbjörn sonr Gizurar sat á þeim stóli innar mjök við pall, B. ⁷ ok horfðu] er horfðe, B. ⁸ landi váru, B. ⁹ inum] þeim, Cd. and B. ¹⁰ óska] vænta, B.

¹¹ skyli] B; skulum, Cd.

[III. 183: ix. 2.]

félagskap með mágsemð þeirri er til er hugat. En til varhygðar vil ek grið setja allra manna í milli, þeirra er hér eru saman komnir, at hvern sé í góðum hugum til annars í orði ok verki.' Síðan mælti Gizurr fyrir griðum, ok talaði þá enn vel ok skörulega, ok lauk vel sínu máli. Eptir þat vóru borð upp tekin um alla stufuna ok ljós tendruð. Stofan var sex álna ok tuttugu löng, en tólf álna¹ breið. Sex-fallt var setið í stofunni. Ok er menn höfðu matask um hrifð, kom innar skenkr² í stofuna, átta menn fyrir hvern bekk³. Þorleifr hreimr var fyrir þeim. Fjórir menn skenkðu konum, ok gengu allir með hornum. Var þar drukkit fast þegar um kveldit, bæði mjöðr ok mungát. Var þar in bezta veizla er verit hafði í þann tíma hér á landi. Hefir þat jafnan kynfylgja⁴ verit Haukdælum ok Oddaverjum, at þeir hafa inar beztu veizlur haldit. Um daginn eptir var ágæt veizla. Sat þá Ísleifr Gizursson innar frá Hrafni, ok drukku þeir af einu silfr-keri; ok minntusk við jafnan um daginn þá er hvárr drakk til annars. Ok er veizlu þraut, riðu menn í brott, ok gaf Gizurr mörgum mönnum góðar gjafir. Hrafni gaf hann stóðhross góð, er Miklgerðingar höfðu átt ok gefit hónum, Þorvarðr ok Örnólfur. Mánadaginn kom þar Ari Ingimundarson; gékk Hallr í móti hónum með silfr-keri, ok fagnaði hónum allvel. Þá segir Ari Hrafni enn fyrir-ætlan þá er síðarr kom fram. Flestir menn riðu Týrsdaginn í brott.

Mánadaginn reið Hrafni í brott sifð, ok töluðu þeir Gizurr áðr, ok Hrafni, ok Hallr; ok s[at] Gizurr í Lítlu-stofu, ok vildi at Eyjólfur kæmi til hans, ok mælti til Ara: 'Kom inn, Ari mínn, at finna mik,' segir Gizurr, 'ok görum sættir várar góðar ok trygðir.' Ari mælti: 'Ifa aldri þat, Gizurr,' segir hann, 'at vér komum at finna þik; ok eigi skulu vér Kolbeinn grön frændi mínn vera með Eyjólfum, ef eigi komum vér at finna þik.' Gizur grunaði eigi slík orð, en kalla mátti at Ari segði hónum í hverju orði. Hrafni ríðr nú í brott, ok mælti varúðar-málum við Gizur, bað hann vera varan um sik. 'Já, Hrafni mínn,' segir hann; 'eðr veitzú mér nökkurs ótta ván?' 'Eigi veit ek,' segir Hrafni, 'hvaðan óðr eðr ólr kemr at.' Ríðr Hrafni til Hóla um kveldit. Hrafni segir Sámi áðr hann reið í brott, at þeim mundi brátt eigi ljúgask

¹ álna] alnir, B. ² kom innar skenkr] B; komu skenkjarar, Cd. ³ B
here adds, ok gengu með honum allir, omitting it in the latter instance.
⁴ kynríkt, B.

[III. 184: ix. 3.]

ófriðr¹. Sturla reið í brott fyrr² um daginn, ok skilðu þeir Gizurr með bliðu mikilli. Tveir menn vóru eptir með Ingibjörgu dóttur Sturlu, Þorbjörn nef Þórðarson, móður-bróðir hennar; annarr Svartr Þórisson³. Þorleifr hreimr reið í brott Þriðja-daginn ok prest-Jóan⁴, ok þeir nökkurir saman upp í Tungu, ok ætluðu suðr um Heiði. En Ísleifr varð eigi búinn Þriðja-kveldit ok þeir Sunnan-menn; vóru sumir hestar hans eigi komnir, en sumir ójárnaðir.

256. Nú er at segja frá Eyjólfi Þorsteins syni, at hann samnar mönnum at sér. Hann sendi orð Hrana Koðranssyni, ok var hann út í Flatey. Hann fór ór Flatey aðra nótt vikunnar; hann kom á Möðruvöllu í dagan ok þeir sjau saman. Þessir vóru menn með Hrana: Einarr Grímsson, Þórðr Björnólfsson⁵, Koll-Þórðr, Einarr börðungr, Þórir bukks-ungi, Þorgeirr selnasi bróðir hans⁶. Þessir vóru menn með Eyjólfi: Ásgrímr bróðir hans, Kolbeinn grön, Ari Ingimundarson, Eirekr Brandzson; sétti Ingjaldr skart Eymundarson⁷; Kvistungar tveir, Steinþórr ok Jón; þeir bræðr Hermundr⁸ ok Kolgrímr;—ok eru nú tíu⁹. Þorgeirr káti, Ófeigr Eireksson; Andreas Brandzson ok Jón af Bakka, Ljótr son hans;—ok eru nú fímtán nefndir; Hafsteinn ok Þórarinn ljótz-ungi, Þorgíslar þrír;—ok eru nú tuttugu; Þorsteinn genja ok Fótar-Örn, Steingrímr Naddzson, Einarr ór Garðzvík¹⁰, Skraf-Oddr;—ok eru nú hálfir þriði tögr; Vigfúss fundi, Ásmundr af Bringu¹¹, Þorleifr Fagrdæll, Einarr Þorgrímsson¹² af Öxna-hóli, Þorvaldr Sveinsson, Brekku-kári¹³, Helgi Fereygill; Brynju-Hallr ok Konall

¹ Mánadaginn reið—ófriðr] the narrative is somewhat different in B:—Rafn reið síðan á brott Mána-daginn, ok mælti varúðar málum til Gizorar, bað hann gæta sín vel. Þar kom Ari Ingimundar son um daginn á Flugumýri áðr Rafn reið í brott, ok toloðo þeir Rafn lenge, ok sagði hann Rafni þá enn ætlan þeira, at þeir mundo koma at vitea Gizorar, ok vita ef þeir næðe lífi þeira allra feðga, er þeir vóru þá allir í einum stað. þeir toloðo ok í Litlo stofo allir samt, Gizurr ok Rafn, ok villde Gizorr at Eyjolfr kæme til hans ok mælte til Ara. ‘Komit, Ari mínn, at finna mik, ok gerum sættir várar góðar ok tryggvar.’ ‘Efa aldri þat G.,’ s. hann, ‘at vér k. at finna þík, ok e. sk. vit K. g. f. m. vera með E. ef eigi k. vér at finna þík.’ Gizurr grunaði ekki sílk orð, en kalla mátti at Ari segði hónum í hverju orði. Nú ríðr Hrafni í brott ok út til Hóla um kveldit. Rafn sagði Sámi . . . ófriðrinn, ok kvez svá hugi um segja.

² fyrr] fyrt, B. ³ annarr—son] add. B. ⁴ ok prest-Jóan] add. B.
⁵ Þórðr Björnólfsson] Þormóðr braudneif, B. ⁶ selnasa-bróðir, B. ⁷ Eyjolfs-
son, B. ⁸ Hámundr, B. ⁹ ok—tíu] add. B. ¹⁰ Gaddzvík, B (erron.).
¹¹ Bringum, B (erron.). ¹² Grímsson, B. ¹³ Brennu-kári (!), B.

[III. 185 : ix. 3.]

bróðir hans Ragnhildar-synir. Tveir menn ins fimta tigar vóru með Eyjólfí, ok vóru þrír tigir manna í hringa-brynjum ok tvær¹ Treyjur með. Þeir riðu Þriðja-daginn þar til er þeir kómu upp til Öxnadals-heiðar. Þar kom í móti þeim Þorvarðr ór Saurbæ, ok Guðmundr frá Hrafna-gili, ok Drumb-Björn, Þorleifr Fagrdæll,— ok fleiri vóru þeir². Kolbeinn grön bað Björn bróður sínn fara með þeim, en hann vildi þat víst eigi. Leitað var þessa við Þorvarðr ór Saurbæ, ok var þar þvert nei fyrir. En Þorleifr snöri aprí með þeim. Helgi leistr hétt maðr; er bjó í Fagranesi uppi við Heiði; hann var son Þorvaldz, Guðmundar sonar dýra; hann var þrimenningr Gizurar at frændsemi. Hann hljóp um daginn til Hörgár-dals it efra³, ok vildi bera njósn Gizuri ok sonum hans. Ok er þeir Eyjólfir kómu af Öxnadals-heiði, þá var Helgi kominn gegnt þeim, ok heyrði reiðina. Tóku þeir þá at ríða mikinn. Treysti[sk] Helgi þá eigi, at hann gæti fylgt þeim. Var þá mjök sett degi⁴. Snöri hann þá brátt aprí. Þeir Eyjólfir kómu á Hökustaði; settu þeir þar eptir Þorbjörn arnar-unga, ok mann með hónum, skyldi hann gæta⁵, at þaðan væri eigi njósn gör. Þar var fyrir Þorvaldr kanpi, ok heitaðisk Eyjólfir við hann; en ekki var at hónum gört. Ok er þeir kómu til Skeljungs-staða⁶, sagði Eyjólfir öllu liðinu, at hann ætlaði at stefna á Flugumýri öllum flokkinum, at sækja Gizur ok sonu hans með vápnum eðr eldi, ef hann fengi eigi öðruvís sótt. Margir vóru þeir menn þar, er hvárt-tveggja þótti lílt, at fara, ok at hverfa aprí; snöri ok eingi aprí sá er þar var kominn. Tóku þeir nú á reið mikilli; ok var all-gótt at ríða ofan eptir héraðinu. Hafa menn þat ok á orði haft síðan, hvé skjótt þá bar at⁷. Ok er þeir kómu út um Djúpadals-á⁸, riðu þeir it efra með fjallinu fyrir ofan Byggðhl, ok ofan frá⁹ fjallinu í garð á Flugumýri. Þeir stigu allir af baki við rétt þá er var fyrir sunnan húsin, ok bundu þar hesta sína, ok gengu þá í einum dun¹⁰ heldr hljóðlega heim at húsum. Tveir menn vóru á verði úti í túni, Markús Marðarson ok Beinir Steinson. Markús hljóp þegar af bænum er hann varð varr við ófriðinn, ok nam eigi fyrri staðar en hann kom út til Þverár, ok

¹ tvær] tvennar, B. ² B; ok enn fleiri menn, Cd. ³ it efra] um fjöllin, add. B. ⁴ var þá mjok svá í dagsatr (!), B. ⁵ skyldi hann gæta] add. B; om. vellum leaf. ⁶ Skeljungs-skála, B. ⁷ bar at] þeir er grun höfðu af reiðinni, add. B. ⁸ ok er—Djúpadals-á] add. B; om. vellum leaf. ⁹ ofan frá] ofan hjá, B (less correct). ¹⁰ dun] duna, B; dvn, vellum leaf.

[III. 186: ix. 3.]

hljóp þar í kirkju; ok urðu menn svá víslir ófriðarins um nöttina víða um héraðit¹. Hljóp maðr þá ofan í Hegranes, ok annarr² yfir til Staðar. Sá menn þá eldinn þaðan, ok víða um héraðit. Hljópu menn hvervetna saman þegar er víslir urðu, en engir svá at þeim yrði at gagni er fyrir urðu vandræðinu³. Beinir hljóp inn í skálann ofelltilega⁴, ok bað menn upp standa, kvað ófrið at kominn. Hljóp hann þá ór skálanum, ok ætlaði til úti-duranna inna syðri, sem hann görði, ok verja sem hann mætti. Hann hafði eina handöxi vápna. Þá voru þeir Kolbeinn grön komnir fimm inn í ann-dyrit, ok vann Kolbeinn á Beini; hjó hann með sverði í höfuðit⁵ inum vinstra megin, ok svaddi sverðit ofan á kinnar-kjálkann; var þat mikill áverki. Beinir hrataði⁶ undan í skálann. Þeir lágu í einni hvílu, Gizurr glaði ok Sámr. Hrafн hafði varat Gizur glaða við ófriðnum um kveldit; en hónum hafði ór hug liðit at segja nafna sínum Gizuri Þorvaldz syni⁷. Gizurr glaði varð skjótastri á fætr, ok Björn son Óláfs káms⁸. Gizurr hafði skyrtuna á hálsi sér, ok var eigi í ermunum, er hann spratt upp; ok komsk í brynu, ok fékk skjöld einn; þvíat allir skildir voru inn bornir um kveldit áðr ór úti-búri af áeggjun Gró húsfreyju. Ok er Gizurr kom fram ór hvflunni, þá var Sámr rekkju-félagi hans högginn bana-högg. Gizurr heyrði er Sámr mælti þetta er hann fékk höggit: ‘Slíks var at ván! ’ segir hann. Þeir voru ok vegnir í hvflunni, Ámundi ok Magnús, Sunnlenzkir menn báðir. Gizurr glaði hljóp í kvenna-skála-dyrrin, ok hafði skjöld fyrir sér, ok setti hann í dyrrin, ok sem væri hann undir skildinum, ok hélt hónum sem fastast. En þeir Björn ok Beinir vörðu dyrnar⁹ yfir höfði hónum.

257. Nú urðu margir atburðir senn, ok má þó frá einum senn segja: Gizurr Þorvaldzson ok þau Gróa lágu á vinstri hönd innar í skálanum við þilin¹⁰, þat er næst var kvenna-skálanum. En Hallr sonr hans ok Ingibjörg lágu þar fyrir útan þilin næst¹¹ í stafn-rekkju, ok var gluggr kringlóttir á þilinu¹² milli rúmanna. Í þann

¹ B; víða um nöttina, Cd. ² maðr—annarr] B; markus, Cd. ³ en engir—vandræðinu] add. B; om. vellum leaf. ⁴ ofelltilega] thus vellum leaf; ofelltiliga, B.

⁵ höfuðit] here ends the nineteenth vellum leaf. ⁶ emend.; horvaði, B; hvataði, Cd.

⁷ Hrafн—þorvaldz-syni] ok sagði Sámr Gizori glaða um quelldit þat sama er R. hafði varat h. við ófriðinn, en hónum hafði ór minni liðit at segja G. P. syni (!), B. ⁸ chaims, B. ⁹ dyrrin, B. ¹⁰ enum vinstra megin í skála innar við þili, B.

¹¹ fyrir útan þilin næst] B; fyrir útan næst við þilin, Cd. ¹² á þilinu] add. B.

[III. 187: ix. 3.]

zeptir. Þessir menn fóru með Oddi: Steinólfir bróðir hans, Hallageirr, Þorgeirr kiðlingr, Örnólfir Jónsson, Már Eyjólfsson, Halldórr galpin, Koðran Pálsson, Þórarinn grautnefr, Þórir rödd,—ok fór hann út syrir á Fagranes á njósn, ok kvezk skyldu kaupa skreið til handa Bergþóri bónða ór Héraðsdal; grunaði hann eingi maðr;—ok eru nú tíu menn. Einriði Kormaksson¹, Markús Guðmundarson, Eyjólfir steins-ungi, Hvápta-Kolr, Þórðr kröbbungr, Ögmundr prjónn, Bangar-Oddr, tveir Ísleifs-synir². Þeir kómu í Fagranes, ok vóru á þriðja tigi manna³. Þá var biskup ok hans menn undir borðum, ok matr á borð borinn, en eigi til tekit. Þá bjó Brandr Þjóðólfsson á Fagranesi. Þeir gengu flestir⁴ í stofuna. Biskup bað í brott bera matinn; ok svá var gört. Þá tók Oddr til máls: ‘Því em ek hér kominn, herra,’ segir hann, ‘at ek vil at vit sættimz. Vil ek þat bjóða af mínni hendi at ríða af héraði ok mínr félagar, ef yðr þykkir svá betr; en þér heitið mér því í móti, at brennu-menn komi eigi á hérað svá at bónnum verði mein at.’ Biskup kvezk þat eigi mega ábyrgjask. Oddr beiddisk sættar með nökkuru móti. Biskup bað Odd ríða af sveitum þessum ok austr til Fjarða, ok bæta Þorsteini rán þat, er Oddr rænti hann. Oddr kvazk eigi þat mundu góra; ‘Munu þér víst eigi einir öllu ráða.’ Hvápta-Kolr segir svá, at biskup vildi þat eitt reyndar, at fara með þeim; ‘Er hann lítt arm-vitigr um flest⁵; ok lítt harmaðir þú, er menn vóru⁶ inni brenddir á Flugumýri,’ segir hann. Biskup segir: ‘Vist harma ek þat⁷; ok þat harma ek ok⁸ at sál þín skal brenna í helvítí, ok vilt þú þat; því er verr.’ Svá reigðisk⁹ talit sem þeir höfðu lengr talat. Þá gengu þeir at pallinum innarr, Oddr ok hans menn, ok lögðu hendr á biskup, Hvápta-Kolr ok Þórarinn graut-nefr. Oddr kvað þat öllum mönnum óráð skyldu at halda biskupi; en biskup hafði á sér sull¹⁰, ok varð hónum sárt við¹¹, er þeir tóku á hónum. Þeir höfðu önga viðtöku er syrir váru; því at öngir treystusk. Fór biskup þá út með þeim. Allir máttu þat sjá, at hann var mjök nauðigr. Sumir menn Oddz gengu út ór stofunni, þegar þeir sá í hvat fór. Ögmundr prjónn¹² ok Einriði Þormóðarson¹³ stigu á hesta sína ok riðu suðr á völliinn.

¹ Þormoðs son, B. ² Ásleifar synir ij, B. ³ B; á xxx. m⁵, vellum leaf (and Br.). ⁴ fyrist, add. B. ⁵ kvað hann lítt armvitkan, B. ⁶ er menn vóru] B; þótt menn s⁶, Cd. ⁷ þat] B; þik, Cd. ⁸ ok] add. B. ⁹ reigðisk] B (rigðiz); harðnaði, B. ¹⁰ sull] sulle, B. ¹¹ sárt við] vellum; mjök meint, Cd.

¹² Ögmundr prjónn] Örnólfir, B. ¹³ Thus vellum here, but Kormaksson above.

[III. 210, 211: ix. 16.]

Var biskupi þá búinn hestr til reiðar. Þórarinn prestr kaggi fór með hónum. Þeir riðu um nöttina upp á Flugumýri. Þeir Oddr færðu biskup upp í virkit, þat er Kolbeinn ungi hafði göra látið; vóru þar þá enn hús nökkur; var biskup í þeirra valdi nökkurar nætr. Þessi tíðendi¹ spurðusk brátt; sömnuðusk þá saman góð-gjarnir menn, bæði Norænir ok Íslendzkir. Ásbjörn Íllugason var fyrir Héraðs-mönnum; vóru þeir [allz] nær tvau hundruð manna. Oddr hafði þá mann-sátt. Fóru nú menn milli þeirra. Vóru Aust-menn harðir í tillögum; vildu þeir berjask til biskups, ef hann væri eigi skjótt lauss láttinn. Ásbjörn sendi Oddi orð leynilega, ok bað hann greiða til um² þetta mál. Ok svá varð. Lézk Oddr þetta göra mundu sakir bóna í Skagafirði³. Var biskup þá lauss láttinn, ok fór hann heim til Hóla. Þessa stund, er biskup var eigi sjálfráði, vóru hvergi tíðir sungnar við tóni, ok hvergi hrингt í hans biskups-sýslu. Páll Kolbeinsson frá Stað, ok Hallr Porsteinsson ór Glaumbæ, riðu frá búum⁴ sínum suðr um heiði. Var Páll um vetrinn með Birni Sæmundar syni á Velli, móður-bróður sínum. Hallr var í Odda með Sigríði systur sínni. Oddr Þórarinsson reið bráðlega suðr yfir heiði, ok þeir menn með hónum flestir, er með hónum höfðu verit í Fagranesi. Fór hann þá í hríðinni⁵ til þess er hann kom austr í Fjörðu ok settisk á Valþjófs-staði, ok var löngum fálátr meðan hann var þar heima. Ekki er þess getið at þeir Þorvarðr braeðr fyndisk.

272. Nú er at segja frá þeim Eyjólfí Þorsteinssyni ok Hrafni Oddzsyni;—þeim kom orðsending Heinreks biskups, at þeir kæmi norðr at frelsa hann af ánauð þessi, ok koma Oddi af héraði, þvíat hann þver-knýtti⁶ þat þann tíma er hann sendi þeim mann, Hrafni ok Eyjólfí, at hann mundi lauss vera, ok rekinn útan. Nú sendu þeir Hrafni ok Eyjólfri orð Þorgils, ok fundusk þeir á Eyri at Snorra; beiddu þeir hann norðr-ferðar með sér; en Þorgils lézk fara mundu, ef þeir ynni hónum at sitja í Skagafirði. Ok því játtu þeir, ef þat væri samþykki biskups ok bóna; enda fengi þeir stökkt Oddi ór héraði eðr⁷ drepit hann. Þorgils sendi eptir Sturlu frænda sínum; ok brá hann þegar við, ok samnar mönnum. Hrafni sendi eptir Þorleifi; ok fóru Borgfirð-

¹ ill-tíðendi, B. ² ok bað at hann léti rakna, B. ³ í heraðinu, B. ⁴ búum] thus bisyllabic, both vellum leaf and B. ⁵ í hríðinni] add. B; because in the vellum leaf there would be no space for it in the cut off part of the line. ⁶ þver-knýtti] thus vellum leaf. ⁷ eðr] emend.; ok, vellum leaf (and Br.).

[III. 211, 212: ix. 16.]

ingar með hónum, ok höfðu mikinn flokk. Þar var ok Vigfúss Gunnsteinsson með Krókfirðinga, Einarr Þorvaldzson með Ísfirðinga, Seldælir, ok synir Gísla af Rauða-sandi¹, Stranda-menn, ok Steingrímsfirðingar. Var þessi ferð um haustið eptir Máríu-messu ina síðari. Var á því orpit, at í flokki þessum mundi vera átta hundruð² manna. Drógu þeir her þenna norðr um land. En er þeir kómu í Vatzdal, var þeim sagt, at biskup var láttinn lauss, en Oddr riðinn af héraði, ok vissu menn þat þó ógörla; ok var eigi dreift flokinum. Gékk svá sögn at Oddr mundi riðinn til Austfjarða³. Þorgils reið um kveldit á Auðkúlu-staði, en þeir riðu til Svínavatz, Einarr Halldórsson með sveit manna, ok var þeim þar vel fagnat. Þar bjó þá Kolþerna Einarsdóttir systir Kolbeins í Gríms-tungum. Þau Einarr ok Kolþerna vóru systra-börn; vóru þeir saman fjórir tigir; hafði Þorgils mælt at þeir skildi vera til hlífðar við hana hvat sem at kynni bera. Maðr hét Ari, son Smið-Skeggja; hann átti dóttur Kolþernu; hann reikaði á hlaðinu um kveldit. Þá riðu þeir þar at Hrafn Oddzson ok Eyjólfr með flokk sínn. Eyjólfr hljóp af baki, ok mælti við fylgðar-menn sína: 'Taki hann Ara, ok láti hann berja!' Hámundr Várbelgr varð skjótastr, ok fékk tekit hann, ok héllt hónum; en fylgðar-menn Eyjólfs knylltu⁴ hann með keyrum. Þá kom maðr inn ok segir, at Eyjólfr Þorsteinsson ok menn hans vóru komnir, ok hrökðu hann Ara mág húsfreyju, 'Ok kostið pér, Einarr, ok dugit hónum, ef pér megit!' Einarr spratt þá upp ok þeir félagar, ok tóku vápn þau er næst vóru hendil. Hljópu þeir þá út, Steinn Ar[n]steinsson ok Jón var skjótastr; hljóp hann undir hann Hámund, ok tók hann upp, ok keyrði niðr mikit fall; varð Ari þá lauss, ok hljóp inn. Eyjólfr kastaði eptir hónum buklara ok kom á dyri-stafinn; vóru þeir Einarr þá komnir í dyrrin. Eyjólfr bað menn sína inn hlaupa ok taka hann Ara. Einarr kvað hónum þat mundu með kaupi⁵ at því sinni; 'Höfum vir filu heilli yðvarn flokk fyldan, ef venzla-menn várir skulu vera hrakðir í höndum oss; ok skulu vér vera hrakðir fleiri ef hann er.' Var nú staðar numit ok gengit eigi at. Þá reið Hrafn at í því; ok spurði hvat þeir ættisk við.

¹ Here ends the twenty-second vellum leaf; a part, however, is left of the first and the fourth columns of the next twenty-fourth leaf. ² Mccc, Cd.; this word is cut off in the vellum leaf; some transcripts have 'viii. c.' which is probably the true reading, as B has 'vi. c.'

³ gékk svá sögn—fjarða] add. B; om. vellum leaf.
⁴ knylltu] so the vellum leaf. ⁵ með kaupi] thus vellum leaf, not miskaupi.

[III. 212, 213: ix. 16.]

En hónum var sagt. Þá mælti hann: 'Ríðu vér, Eyjólf! opt munu vér kost eiga at göra við Ara þat er vér viljum, þótt vit berimz eigi við heima-menn okkra.' Síðan riðu þeir Ögmundr Ísólfsson ok þeir félagar þar at; þeir höfðu tekit hest frá Bjarna á Auðkúlu-stað. En Þorgils bað Þórð ríða til þeirra ok taka af þeim hestinn. Hann görði svá, ok færði aprí á Auðkúlu-stað. Riðu nú um kveldit allir flokkarnir norðr yfir Blöndu, ok lágu þar um nöttina í sauða-húsum, en görðu njósnar-menn í Vatz-skarð at vita þaðan sönn tīðendi. En er menn höfðu af hestum tekit, settusk menn niðr. Spurði Hrafn Þórð ef hann gengi við því, at hann hefði hrakt menn hans um daginn ok rænt. Þórðr kvazk við því ganga, at hann heimti hest Bjarna er þeir höfðu tekit. Hrafn kvað ósimlega stjórn mundu um flokka þessa, ef hverir skulu ræna aðra; 'En vit þat víst, at þér skal skamt til meiri hrakningar.' Brá hónum ok því, at hann hefði staðit yfir vígi Valgarðz fóstrsonar síns, ok mörgu öðru; kvað ok maklegt, at hann syndi sik fyrir. Þórðr kvazk eigi standa munda kyrr fyrir mönnum Hrafnar ef þeir væri jafnliða; kvazk eigi vita at annat sinn mundi betr til fallit en nú. Hrafn mælti: 'Þú jafn-yrðir mik; en þér, Ögmundr, er ok illa farit; ert manna fliggjarnastr, en þorir þá ekki er þú þarfst til at taka.' Vigfúss mælti stundar-hátt: 'Sittú, Ögmundr!' Sturla mælti: 'Eigi er þat ráð, Hrafn, at hrekja Þórð um þetta; var þetta annarra manna nauðsyn, er hann hefir mála-esni gjort¹. En ef þú lætr drepa Þórð mág várn, þá munu vér freista at vér komim í hel nökkurum mönnum fyrir þér.' Skutusk þeir Hrafn ok Sturla á nökkurum orðum, ok þótti sinn veg hvárum. Þorgils bað sína menn upp standa ok ganga brott; stóð Þorgils þá upp, ok Sturla, ok menn þeirra, ok gengu annan veg á túnit. Lögðusk þeir þá niðr með vápnum sínum ok klæðum. Þorgils lét nökkura menn vaka um nöttina. En um morguninn snemma riðu allir flokkarnir til Bólstaðar-hlíðar; ok stigu menn af baki ok áðu; en höfðingjar gengu á tal. Gékk Þorgils tregr til; en þó fór hann; voru þeir fjórir saman, Þorðr ok Einarr ok Bergr. En er þeir settusk niðr spurði Hrafn: 'Skulu allir þessir menn hér vera?' Þorgils svaraði: 'Vér skulum allir hér vera, eðr allir brott ganga.' Settusk þeir niðr, ok varð lítið at tali. En þat varð helzt ráðit, at þeir mundu ríða til Skagafjarðar, ok hafa þar héraðs-fund, Dróttinsdag. Laugardag í Imbrudögum um haustið reið Hrafn ok Eyjólfir

¹ Thus; somewhat corrupt.

[III. 214: ix. 17.]

í Geldingaholt með sína flokka, ok Þorleifr með þeim. Þorgils ok Sturla riðu á Víðimýri. Vigfúss reið til Sæmundar-hlíðar; Guðlaugr Oddzson ok Seldælir, Auðunn, ok Snörtr, í Glaumbæ. Þá sendu þeir Eyjólfir mann til Hóla, ok fundusk þeir biskup, Hrafn, ok Eyjólfir, niðri í Hegranesi. Var fundr á Mánadaginn á Hestapings-hamri; kómu þar þá allir þessir flokkar, ok mart héraðsfólk. Þar kom Heinrekr biskup. Þorgils skarði fór til tals við biskup, ok töludu tveir skamma hrifð. Ok þá stóð Þorgils upp ok segir alþýðu í hávaða¹, at hónum þótti eigi esnt við sik þat sem hónum var heitið, at hann skyldi setjask í Skagafjörð. Hrafn spurði hverjum hann vildi kenna þat mest. ‘Eyjólfí,’ segir Þorgils, ‘hversu sem enn fara skipti vár.’ Eptir þetta var eytt flokkinum; reið Þorleifr suðr, en Vigfúss ok Einarr vestr, Hrafn ok Eyjólfir norðr til Eyjafjarðar, ok svá...². Sturla ok Þorgils riðu norðan til Gásá til kaupa ok bráðlega vestr apríl. En er Þorgils reið norðan, sendi hann Þórð til Ásbjarnar, ok vildi vita hvorn styrk hann skyldi þar eiga, ef hann leitaði apríl til héraðs. Fannsk Þórði þat í svörum Ásbjarnar, at hann tók á öllu hræddr; en kallaði þat þó næst sínu skapi at þjóna Þorgilsi; sagði ok ekki vita drauma sína ef Þorgils yrði eigi höfðingi yfir Skagafirði nökkura hrifð. En kvazk þat ráð á leggja, at Þorgils sæi um hérað³ í Skagafirði þenna vetr, ok sjá svá fyrst fyrir hverju rýmði; ok kallaði sér svá hug um segja, at mikil breytni mundi á verða þenna vetr. En þó lauk svá, at Ásbjörn hét slíkum hlutum ok styrk sem hann beiddi ok hann mætti sér við koma, þó at hann leitaði síðan apríl til héraðs. Reið Þorgils þá heim til Staðar⁴ ok sat⁴ um kyrt⁵.

273. Þeir Hrafn ok Eyjólfir settusk á Grund í Eyjafirði. Brátt

¹ í hávaða] add. B. ² ok svá] thus; something is wanting here. ³ sæi um hérað] thus; the meaning must be that Thorgils should *forbear, wait* awhile.

⁴ reið Þorgils—sat] amend.; riðu þeir . . . sátu, Cd.

⁵ Chapter 272 is much abridged in B, thus:—Nú er at segja frá þeim E. Þ. syni ok R. O. syni, þá er þeir spurðu vestr í sveitir, at O. hafði handtekit Heinrek biskup, þá safna þessir höfðingjar liði, Ey., ok Þorg. skarði, St. Þórðar-s., Þorl. ór Görðum, Vigf. Gunnst. s. Ok þá er þessir flokkar kómu saman í Bólstaðar hlíð, þá fréttu þeir at Oddr var riðinn ór héraði, en biskup lauss láttinn ok heima at Hólum. Gékk svá sögn at Oddr mundi riðinn til Austfjarða. En þá riðu þeir norðr Vatz skarð með alla flokkana, ok var orpit á vi. c. manna. Laugar dag Ymbru dag um haustit reið R. ok Ey. í Gelld. holli með sínum flokki ok Þorl. með þeim, Þorg. ok St. á Viðim. (see line 2 in the text above) . . . reið Þorl. suðr, en Vigf. vestr, R. ok Ey. norðr til Eyjafjarðar, en St. ok Þorg. riðu vestr apríl litlu síðarr (omitting the end of the chapter).

[III. 215: ix. 18.]

reið Ásgrímr ok [þeir] Eyjólfur [bræðr] norðr yfir Vöðla-heiði. Sneri Eyjólfur með fimbrotti menn til Reykjardals á Helga-staði. Þeir tóku þar Halldór galpin um morguninn í baðstofu, ok drápu hann. En þeir Ásgrímr tóku saman riðu til Laxárdals til Þverár, ok tóku þar Jón son Eyjólfss prestz Svalberðings, ok tóku hönd af hónum, þvíat hann var frændi Gizurar, ok verit í ferðum með hónum. Riðu síðan aptr til Eyjafjarðar á Grund, ok fluttu þangat föng at sér. Þeir vóru stundum um vetrinn á Möðruvöllum í Hörgárdal at búi Eyjólfss, ok vóru heldr óspakir um vetrinn. Fóru þá menn milli þeirra Heinreks biskups um vetrinn jafnan. Fór allt vingjarnlega með þeim.

274. Oddr Þórarinsson fór af Valþjófs-stað¹ þenna vetr þegar fyrir Jóla-föstu, ok fór allt it syðra; ok kom at Jólum í Haukadal til Þóris tottz; ok var þar við þeim vel tekit. Þaðan fóru þeir Þórir fimta dag Jóla með þrjá tigi manna norðr á fjall. Þá görði á harða veðráttu ok hríðir á fjallinu; ok inn sjauda dag Jóla höfðu þeir hríð mikla². Tók þá lídit at dasask mjök. Þorgeirr kiðlingr lagðisk þá fyrir, ok kómusk þeir eigi með hann. Dó hann suðr frá Hvinverja-dal³—Guðrún var móðir hans, dóttir Álfeiðar Tumadóttur;—var hann þar kasaðr. Oddr bargsk vel á fjallinu, ok gaf mörgum mönnum líf ok limu, ok lypti á bak fólkini í fjúkinu ok í ófærðinni, er eigi urðu sjálf-bjarga. Þeir kómu í Hvinverja-dal, ok vóru þar um nöttina fyrir inn Átta⁴ dag. Um daginn eptir fóru þeir ór Hvinverja-dal; var þá veðr nökkuru lettara. Ok er þeir vóru skamt komnir frá Hvinverja-dal⁵ þá kom hræ-ljós á spjót þeirra górvallra; ok var þat lengi dags. Tíunda dag Jóla kómu þeir síð um kveldit ofan í Svartár-dal; vóru þá margir mjök þrekaðir af kulða. Þar skiptusk þeir á bæi í dalnum, ok hvíld-usk þar tvær næstr. Þaðan fóru þeir [inn] Tólfsta dag Jóla ofan í Bólstaðar-hlíð til Þorvarðz Árnasonar⁶. Prettánda dag Jóla riðu þeir til Skagafjarðar, ok var Oddr á Víðimýri, Þórir tottr á Reykjahóli. Sendi Oddr þá boð um hérað, ok létt menn upp kveðja; kómu brátt menn til hans [drjúgum]. Fór Oddr með flokkinum ofan í Geldinga-holt; ok var þar lítið skort viku⁷. Var þá höggvit bú⁸

¹ -stað] -stöðum, B. ² mikla] emend., vi. . . (I) ³ Hvinverja-dal] Vinverjadal, vellum leaf, and B, both here and below. ⁴ Átta] B; vij, vellum leaf. ⁵ frá Hv.] add. B. ⁶ ofan í Bólstaðar-hlíð ok þar á bæi; þá bjó í Bólstaðar-hlíð Þorvarð Árnason, B. ⁷ ok var þar lítið skort viku] B; vóru þar mjük viku, Cd. ⁸ bú] B; om. vellum leaf.

[III. 216: ix. 19.]

Kolfinnu húsfreyju ok étið meðan vanzki. Þá kom lið til Oddz¹, ok var mart lauslegt. Fóru margir heim um kveldum² þeir er heimili áttu skamt þaðan. Ásbjörn Íllugason kom til mótz við Odd í Geldinga-holt með sveit manna, ok görði sik glaðan við Odd í liðveizlu. En Ásbjörn var þó fyrir austan Vötn með sveit sína; kvazk þar vera mundu þar til er þeir væri búnir at ríða norðr á sveitir; þvíat Oddr ætlaði norðr at þeim Eyjólfí þegar hann þóttisk búinn. Fljóta-menn³ kómu útan⁴ til mótz við Odd Einarr ór Hvammi Steingrímsson⁵ ok þeir tíu saman.

275. Eyjólfur ok þeir Hrafn sátu á Grund með sveit sína. Þá gengu njósnir um ferð Oddz. Sendu þeir menn út í Svarfaðardal í liðs-samnað. Þorgils Hjaltason frá Urðum ok þeir tólf saman fóru inn til Eyjafjarðar til mótz við þá Eyjólf ok Hrafn; þeir fengu nær átta tigi manna. Guthormr kötr kvað þá vísu, er þeir bjoggusk til ferðar⁶; hann var þá með Hrafni, frænda sínum:—

Fold skal fregna aldrí fagr-leit digul-sveita
(glaðir⁷ hyggjum svan seðja sárs) ógleði våra:
þó at val-nistendr vestan vigrar-seiðs um heiðar
(lítt hyggr ferð á flóttu) frið-ván segi grána.

Þeir riðu [út] til Hörgárdals um kveldit af Grund; reið Eyjólfur á Möðruvöllu, en Hrafn í Fornhaga. Þá dreymði Hrafn um nöttina, at hann þóttisk úti vera þar í Fornhaga. Maðr gékk at hónum mikill. Hrafn þóttisk spryja hverr hann væri. Hann kvazk Höskuldr⁸ heita. Hrafn spurði, hversu fara mundi með þeim Oddi mála-ferlin. Hann svarar: ‘Svá sem glíman mun fara með okkr.’ Þessi maðr rann á Hrafn; ok þóttisk hann í fyrstu forviða verða; en þess at fastari þóttisk hann fyrir verða sem þeir höfðu lengr at gengizk; ok Höskuldr⁸ hrökk allr fyrir um þat er lauk. Þá vaknaði Hrafn ok segir Guthormi kört drauminn. Guthormr mælti: ‘Hvárt þótti þér hann seint leiða nafn sítt eðr skjótt?’ ‘Vist heldr seint,’ segir Hrafn. ‘Þá kalla ek hann Haust-skuld⁹,’ segir Guthormr, ‘ok munu vit nú gjalda Oddi haust-skuld¹⁰ er hann tók á hausti Heinrek biskup, ok sé Þorsteins bónda í Hvammi; ok þat hefir hann sagt, at svá mundi

¹ driúgum, add. B. ² kveldum] B; kveldit, Cd. ³ Fljóta-menn] B; fleiri menn, vellum leaf (badly). ⁴ utan] add. B; om. vellum leaf. ⁵ ór—Stein-

grímsson] add. B; om. vellum leaf. ⁶ Here ends the twenty-third vellum leaf.

⁷ glaðan, B. ⁸ Havskuldr, B. ⁹ Thus, Haustskulld, B. ¹⁰ Thus B; haustskuldina (with the article), Cd. (less correct).

[III. 217: ix. 20.]

fara með oss Oddi sem glíman fór með ykkur. Eigi kann ek öðruvíð at ráða þenna draum.' 'Líklega er upp tekit,' segir Hrafn. Sjaunda dag frá Prettánda degi¹ riðu þeir upp um Hörgárdal, ok átu mat í ofanverðri bygð. Þeir riðu til Hjaltadals-heiðar. Ok er þeir kómu upp á heiðina, kendi² at lit brá. Hrafnar tveir flugu með þeim um alla heiðina. Hrafn kvað sér þat vel líka³, er nafnar hans vóru með þeim í sinni⁴. Þá kvað Þorvarð⁵ tréfótr vísu þessa :—

Brandyfjúga⁶ tveir með týri tafns leitandi hrafnar;
oss býðr Oddr inn hvassi álm-skúr ok dyn hjálma:
Enn mun örva-sennu Eyjólfur búinn heyja
en geir-hríð at gæða get ek minst at vér letim.

'Er þat sannast sem mælt er, at "Á mörgu henda spakir menn mið,"' Góðu áttu þeir færð um heiðina, ok svá um héruðin; bar því skjótt yfir ferð þeirra. Var liðit vel búit, en formenninir einharðir ok skeleggir um allt þar er þeir vildu at hafa. Tóku þeir þá á reið mikilli. En er þeir kómu ofan í dalinn, áðu þeir lítlia stund áðr þeir riðu upp eptir héraðinu; var allgótt at riða upp eptir ísinum⁷; þeir kómu nokkurir í Ás í Hegranes, ok höfðu sanna frétt, at Oddr var í Geldinga-holti, ok á öðru hundraði manna með hónum; ok þá lið hans⁸ hér ok hvar um héraðit.

276. ⁹Oddr sendi menn Geisla-daginn ofan á Hafsteins-staði til Jórunnar Kálfs-dóttur er þar bjó, ok létt fala at henni naut nokkur til matar mönnum um kveldit. Þá var Fríjadagr eptir. Jórunn sendi hónum uxa rauðan¹⁰ fimm vetra gamlan; var hann dreppinn ok étinn þegar um kveldit. Oddr lá í Almanna-stofu um nóttina, ok svá mart manna sem stofan tók við. Oddr svaf lítið um nóttina, ok söng lengi ok las psaltara sínn. [Þeir] Hrafn ok Eyjólfur riðu með flokk sínn upp eptir ísinum; ok er þeir riðu útan at vellinum, reið Svarthöfði í fyrra lagi Dufgusson, ok Jón járbúkr, ok nök-kurir menn með þeim. Hestr Svarthöfða rasaði er hann reið at túngarðinum; ok stökk hann af baki, ok hljóp skjótt á hestinn fyrir aptan söðulinn, ok síðan reið hann heim í túnit¹¹. Einn maðr af liði Oddz sá er Tosti hét, hafði farit til hesta um nóttina út á

¹ sjaunda—degi] en Geisladag, B. ² þá, add. B. ³ Rafne Oddz syni quaz þat vel líka, B. ⁴ B; í þat sinni, Cd. (badly). ⁵ Þormóðr, B. ⁶ fjúga] B; flugu, Cd.

⁷ var allgótt—ísinum] add. B. ⁸ en þá vóru margar sveitir af monnum hans, B. ⁹ Oddr sat í Gelldinga holtti sem fyrr var ritað, hann, B.

¹⁰ rauðan] add. B. ¹¹ túnin, B.

[III. 218 : ix. 20.]

völlinn; hann varð fyrstr fyrir liði þeirra Eyjólfss. Sveinn Eyþjófsson lagði hann spjóti til bana. Eptir þat riðu þeir heim á bæinn, ok hljópu af hestum millum kirkju-garðz ok úti-búrs þess er stóð út ok ofan frá branda-durum í túninu. Þeir gengu þá hljóðlega heim at branda-durum¹ ok allir menn þeirra með dregluðum stálhúsum. Kona hétt Öngul-Þóra²; hón varð fyrst vör við ófriðinn, ok gékk skjótt til stofunnar. Vóru þar þá margir menn vaknaðir, ok töluðu um með sér hvar norðr í sveitum þeir mundu finna þá Hrafn ok Eyjólf. Hón svaraði Þóra, [ok sagði,] at eigi mundi langt at leita þeirra, ‘Þvíat nökkurir menn kómu í túnit með dregluðum stálhúsum.’ Hljópu þeir Oddr þá upp skjótt, ok taka vápn sín, er þar hengu í stofunni, ok hljópu fram til úti-dura. Eyjólfur ok Hrafn gengu at branda-durum ok fylgðar-manna sveit þeirra. Ásgrímr gékk at eldhúss-durum, ok Svarfdælir með hónum. Svarthöfði Dufgusson at [enum] synnstu durum ok þeir Kvistungar³. Jón járnþúkr hljóp fyrstr upp at durunum. Jón dúði spjótið inn í dyrnar ok spurði hvárt skolli væri inni. Þeir Oddr hljópu nú í dyrrin, ok fylgðar-manna sveit hans með hónum, ok mart annarra manna: Halla-geirr ok Sumarliði inn sterki, Eindriði Þormóðsson, Már Eyjólfsson, Hjálmr af Viðivöllum, Einarr ór Hvammi Steinfrímssoñ;—þessir eru nefndir með Oddi í branda-durum. Skipaði hann nú til varnar sínum mönnum. Þórir tottr ok sveit manna með hónum, hljóp í eldhús-dyrr, ok varði þar. Steinólfur Þórarinsson, bróðir Oddz, varði [in] synnstu dyrr, ok sveit manna með hónum. Nú vörðu þeir hverir sem skipat var; en sóttu þar at hverir sem fyrr var sagt. Teksk nú harðr bardagi. Veitti Oddr góða vörn, ok hans menn, mjök langa hríð; en sumir hlífðusk við mjök. Þá mundi þriðjungr nætr lifa er þeir tóku at berjask. Pröngt varð þeim Oddi í durunum, ok óhægt vörn við at koma. Eyjólfur Þorsteinsson hljóp brátt upp á húsin, ok nökkurir menn með hónum, ok rifu⁴ þakit; lögðu þar inn ok grýttu. Varð þeim Oddi þat skeini-samt. Urðu þá margir sárir, bæði af grjóti ok vápnum. Þórir tottr veitti harða vörn um hríð; hann var í panzara öruggum⁵ ok stálhúsu Noræna á höfði, ok spjót mikit í hendi, ok lagði því bæði hart ok tíðum. Þórir var skamma hríð í durunum,

¹ B; durum, Cd. ² Vingul-Þóra, B. ³ ok sveit manna með hónum, add. B.⁴ rifu] emend.; rifu, Cd.; rifu af þakit húsunum, B. ⁵ digrum (!), B.

[III. 219 : ix. 20.]

ok stökkir hann út eldahúss-dyrrin, ok nökkurir menn með hónum. Þórir komsk í kirkju. Eigi þykkjask menn séð hafa, hverju faraldi er hann komsk í kirkju. Með hónum hljóp út Þórarinn grautnefr. Ok er hann kom ofan í kirkju-garðinn¹ mælti hann: 'Strauk hann yðr þar, grautnefr!' segir hann. Þá var kastað eptir hónum buklara, ok kom í knés-bætr hónum², ok fíll hann á bak aprí. Hljópu menn þá til af liði Eyjólfss ok drápu hann. Þá var ok veginn Þórir rödd; þeir vóru báðir Fagraness-menn. Ok er þeir [Þórir] vóru út gengnir, þá var gengit í eldhús-dyrrin³; gékk þar inn Hrafn Oddzson ok sveit manna með hónum. Þessir eru nefndir at með hónum vóru⁴: Óláfr Óláfsson var með hónum, Guthormr körtr, Auðunn Thomasson ok Snörtr bróðir hans, Ari Ingimundarson, Halldórr greppr ok Erlingr bróðir hans. Eggjaði Hrafn þá menn sína at þeir skyldu trúlega ryðja skálann, ef þeir kæmi í skálann⁵. Þá var syrir í skálanum Þorbjörn Þórólfsson af Ríp, ok var hann lagðr spjóti til bana. Már Eyjólfsson var þá í skálanum; hann hljóp upp í stafn-rekkju við [inar] syðri skáladýrr, ok varðisk þaðan vel ok drengilega, svá at hans vörn hafa margir við brugðit, þeim er kunnast var. Hrafn hjó til hans ok í set-stokkinn, en Már hjó um þverar herðar Hrafni, er hann laut við⁶, er hann vildi ná sverðinu ór stokkinum, ok varð höggit lítið, er hónum var óhægt til at höggva yfir brískina, ok varð Hrafn ekki sárr. Már hljóp þá ór hvíflunni fram, ok komsk í andyrít til Oddz. Þorbjörn Sælendingr Snorrason varði branda-dyrr með Oddi, ok var þá enn eigi eptir-bátr vaskra manna þar er karlmennsku skyldi fremja. Þorbjörn stóð í durunum hjá Oddi; hann var í panzara erma-lausum, ok hafði skjöld fyrir sér í inni vinstri hendi, en vá með sverði inni hægri hendi. Auðunn Thomasson Seldæll hjó með sverði til Þorbjarnar á höndina vinstri fyrir ofan öln-bogann⁷; þat var mikill áverki, Auðunn mælti: 'Skall þar einum!' Þorbjörn svaraði: 'Lítt var þat.' En Þorbjörn hafði áðr vegit Þórarin bróður hans á Haugsness-fundi; en þó kenndi Auðunn eigi Þorbjörn. En Þorbjörn vissi górla⁸ hverr á hónum vann; sagði hann svá ok síðan, at hann var af hónum maklegastr áverka at taka allra þeirra manna er þar vóru. Þeim Oddi varð þróngt mjök í anddurinu⁹, rofín húsin yfir þeim, en sótt at þeim

¹ ofan at kirkju garðinum, B.² hónum] grautnef, B.³ eldhúsit, B.⁴ þessir—vóru] add. B.⁵ er þeir kómuz í hann, B.⁶ við] niðr, B.⁷ aſl-vöðvann, B.⁸ górla] gerva, B.⁹ B; anddyrum, Cd.

[III. 220: ix. 20.]

mjök harðfengilega öllum-megin. Oddr mælti við menn sína, þá er hónum vóru næstir, at þeir mundi út leita, ‘Mun ek hlaupa út fyrstr,’ segir hann, ‘en þér fylgit mér [vel]. Eru þá mörg góð at¹, ef vér komumsk á víðan völl; ok látum eigi stanga oss hér inni svá auvirðilega.’ Margir hétu [góðu] at fylgja hónum. Oddr hljóp út ór durunum. Hann hafði skjöld ok sverð ok stálhúfu; hann var í grænum kyrtsli. Svá var sem kólfí skyti er hann hljóp út; komsk hann ok langt ofan frá durunum; skjöldinn hafði hann yfir höfði sér, en sveiflaði sverðinu í hring um sik. Hann var manna fimastr við skjöld ok sverð, allra þeirra manna er þá vóru á Íslandi. Már Eyjólfsson hljóp út eptir hónum, ok komsk ofan í túnit hjá hónum. Ok er Oddr gat séð Má, mælti hann: ‘Þar ertú enn, góðr félagi²!’ segir hann. Skildi þá með þeim; ok var þá margr um einn. Már hrökk upp at veggini, ok féll hann þar fyrir vápnum, ok var þó lítt sárr; skaut hann yfir sik skildinum, en krepti upp undir fætrna; vóru hónum þá grið gefin³, ok ‘Bergr hverjum nökkut er eigi er feigr.’ Nú er Oddi veitt atsókn af mörgum mönnum; ok kómu þeir lítt sárum á hann meðan hann stóð upp; hann hlifði sér með skildinum, en vá með sverðinu, ok sveiflaði því um sik. Hann varðisk svá fræknlega, at varla finnask dæmi til, at einn maðr hafi betr varizk svá lengi fyrir svá margra manna atsókn úti⁴... Eyjólfur Þorsteinsson var uppi á húsum; hann eggjaði mjök sína menn, ok sagði þat skömm [mikla] at þeir sóttu einn mann svá margir, ‘Eðr hvar er Nikulás Þórarinsson⁵? Illugi svarta-kollr, sonr Jóns Markússonar⁶, lagð-isk til sóta Oddi, ok görði hepting at. Féll Oddr þá⁷. Ok þá mælti hann: ‘Prestz-fund vilda’g í Guðs nafni,’ segir hann. Þat heyrði Svarthöfði Dufgusson, er hann sat á kirkju-stoðinni⁸, ok margir aðrir. Var þá unnit á Oddi. Nikulás Þórarinsson hjó í höfuð hónum, ok var þat bana-sár. Hallbjörn hali Jónsson vann ok á hónum. Lét Oddr þar líf sitt við mikla hreysti ok drengskap. Þá var lýst nökkut er Oddr lézk. Eigi flettu þeir hann. Var þá skotið skildi yfir líkit þar í túninu. Oddr var mikill maðr vexti; eigi mátti hann styrkjan kalla at affi, en þó var hann inn knásti, ok inn fimasti, ok bezt at sþróttum búinn, ok manna mjúkastr

¹ góð at] B; góð ráð, Cd. ² ok þú er þar inn góði félagi, B. ³ Here begins the mutilated leaf in B. ⁴ úti] thus B as it seems, one or two words being cut off.

⁵ hann varðisk—Þórarinsson] add. B; yet a few letters are cut off the edge of the mutilated leaf. ⁶ Illugi—sonar] Illugi . . . (cut off) Markus son hans (!), B.

⁷ því at (cut off) ecki mjok sárr, add. B. ⁸ -stéttinni, B (better?).

[III. 221, 222: ix. 21.]

með Þorvarði bróður sínum ok Kolbeini¹. Oddr var ljós-jarpr á hár ok vel fallinn í andliti², blá-eygr, ok manna bezt á sik kominn, blíðr ok góðr við alþýðu, ok örr af fé; manna var hann vápn-fimastr; ok svá segir Þorvarðr bróðir hans, at þat var einskis mannz færi eins á Íslandi, at skipta vápnum við Odd; þótti öllum mönnum mestr skaði at hónum³ þeim er hann var kunnastr. Eirekr hét Austfirzkr maðr, er ljómi var kallaðr; hann var veginn í úti-búri því er stóð norðr frá branda-durum; var þar atsókn mikil um nöttina. Fleiri menn vóru þar særðir í úti-búrinu. Halla-geirr var mjök sárr, bæði í höfði ok annars-staðar. Brandr hét maðr hrúga; hann lagði höndina upp á þilit ina hægri; þá var höggit á höndina⁴, ok tók af fjóra fingr við þilinu allt uppi við hnefann; kenna flestir Hámundi Várbelg þann áverka. Átta menn léttusk í Geldingaholti með Oddi: Kollsveinn kröbbungr, Þorbjörn Þór-ólfsson, Tostí, Þórarinn grautnefr, Þórir rödd. Tvá nefni ek eigi. Flestum mönnum vóru grið gefin þegar Oddr var fallinn. Oddr var nær hálf-þritógr er hann féll. Menn Oddz fluttu líkama hans upp til Seylu, ok grafinn þar síðan undir kirkju-garðinum,—en þó var eingi gröptr at þeirri kirkju,—ok svá langt inn undir kirkju-garðinn. Þeir Hrafn ok Eyjólfur riðu norðr skjótlega, ok settusk enn á Grund; ok höfðu þar fjölmennt.

Nú fréttusk þessi tiðendi, fall Oddz; ok þótti Þorvarði bróður hans mikill skaði ok mörgum öðrum, þó at þeir braeðr bæri eigi með öllu auðnu til samþykkis. Randalín Philippus dóttir, er Oddr hafði átt, hélt búi sínu á Valþjófs-stöðum; óxu þar upp börn þeirra Oddz með henni: Guðmundr er gríss var kallaðr, ok Rikiza dóttir. Þau vóru bæði mannvænleg. Nú leið vetrinn af hendi ok várit. Ekki hafði Þorvarðr mála-tilbúnað eptir Odd bróður sínn.

277. Þenna vetr er nú var frá sagt, ríðr Þorsteinn Arnórsson ok Finnur af Sámsstöðum Miðvikudag í Efstu-viku út á Hitarnes. Bað

¹ með þorvarði—Kolbeini] doubtful; in B only remains, miukazstr ok (*cut off*) ðe b' sm (?) ok Kol. ² vel andliz . . . , B, i.e. andlitz farinn; cp. p. 154f 1. 8. ³ at hónum] um hann, B.

⁴ höndina] h . . . ; here ends the first column of the mutilated leaf of B; the whole outer part of the leaf, containing two columns (the second and the third), is cut entirely off, along with a segment of the first and fourth columns. In the fourth column the story is advanced as far as the middle of the battle at Thverá. Chapters 277–289, being a part of Thorgils Saga, were no doubt either entirely omitted or reduced to a couple of sentences, so as to connect them with the battle of Thverá.

[III. 222, 223; ix. 22.]

Þorsteinn Þórð, at hann riði með þeim til Staðar at leita um sættir með þeim Þorgils. Riðu þeir nú til Staðar Skírðag. Leitaði Þórð eptir við Þorgils ef hann vildi nökkura sæmð unna Þorsteini fyrir handar-höggit. Talði þat til, at hann hafði sótt á fund hans nær einn saman, ok þat annat at þá stóð yfir svá mikill miskunnar-tími sakir píningar várss Herra Jesu Christi. Ok var Þorgils heldr treglegr í fyrstu. En þó lauk svá, at þeir sættusk, ok skyldi Þorgils dæma. Sættusk þeir þá með fullu, ok var mælt fyrir trygðum. Þorgils görði fimbán hundruð, ok félù niðr sum fyrir gagn sakir; ok hét hónum sínu vinfengi ok fulltingi.

278. Þorgils skarði ok Þorvarðr Þórarinsson vóru þri-menningar at frændsemi, ok því kom Þorvarði þat í hug, at leita þangat liðsinnis eðr nökkurs traustz. Sendi hann þá menn austan um várit með bréfum til Staðar at leita eptir, ef hann vildi nökkurn kost á góra at veita hónum lið at hefna Oddz bróður hans, ok hann fengi fyrir víg hans fulla sæmð. ‘Vil ek þar eigi góz til spara.’ Þorgils bar þetta mál fyrir Sturlu ok fyrir aðra vini sína. Rézk þat af, at Þorgils stakk eigi af um liðveizlu; en segir þat svá framt mundu ráðask er þeir syndisk. En bað Þorvarð sjá fyrir fundi þeirra; ‘Vil ek hvergi af heraði ríða.’ Þetta samar fyrir Alpingi drógu þeir Hrafn ok Eyjólfur flokka saman ok fóru suðr til Borgarfjarðar; höfðu þeir frétt af, at menn höfðu farit í millum þeirra Þorvarðz ok Þorgils; settusk þeir þá í Borgarfjörð með flokkana, ok ætluðu at Þorgils skyldi eigi ná þingreið¹. Sneru þeir þá á hann fjándskap. Var þat ok svá, at Þorgils reið eigi til þings ok eigi Sturla; var þat þá mælt, at farit mundi at Þorgils, ok mundi hann sæta nökkurum asar-kostum. En ekki varð af því. Þá er þeir vissu at Þorvarðr reið eigi til þings, dreifðu þeir flokkum um. Riðu þeir Eyjólfur þá norðr til sveita, ok settu Nikulás til í Kalmanstungu ok Egil í Reykjaholti, at göra sér njósn ef þeir yrði við nökkurn ófrið varir, eðr flokka-drátt.

279. Þenna tíma kom austan ór Fjörðum Magnús Jónsson, frændi Þorvarðz; hafði hann farit lítt með bygðum, en jafnan um nóttum; gékk því engi njósn af hans ferðum fyrr en hann kom til Staðar. Skoraði hann þá enn af nýju á Þorgils til liðveizlu fyrir hönd Þorvarðz. Segir hann þá, at Þorvarðr mundi á ferð kominn austan, ok vildi at þeir syndisk á Margrétar-messu-dag á vestan-verðri Bláskóga-heiði, ok skyldi Þorgils vera svá fjöl-

¹ þingreið] some paper MSS.; þangat reið, Cd., V.

[III. 223, 224: ix. 22.]

mennr, at þeir þættisk faerir þaðan hvert ráð er þeir vildu upp taka. Var Þorvarðr þá heitbundinn í því, at sú ein skyldi vera sætt þeirra í milli, Hrafns ok Eyjólfs, at Þorgils skyldi ná héraði í Skagafirði, svá at hann þyrfti eigi þá at ugga. Sturla var þá riðinn vestr til Staðarhóls at göra þar upp stofu, ok sendi Þorgils heima-mann sínn¹ at hann kæmi vestan til fundar við þá Þorvarð, ok því betr er hann væri fjölmennari. Magnús hafði komit til Rauðs-gils, er hann fór austr aptr, ok var hann þar kenndr. Höfðu þeir Nikulás ok Egill á þessu njósn; ok sögðu þeim Hrafni ok Eyjólfí, at þeim þótti ótrúlegt um ferðir Magnúss, en höfðu önga sanna fregn af Þorvarði. Reið Hrafn þá norðan ok stefndi fund við Þorleif í ofanverðum Hrútafirði við fjöll uppi. Kunni Þorleifr ekki annat at segja en allt væri fjándskapar-fult af Þorvarði við þá. Þá mæltusk þeir þat við, at Þorleifr skyldi búinn til liðveizlu við þá Hrafn ok Eyjólf þegar þeir þyrfti nökkurs við. Hrafn reið þaðan til Sauðafellz, ok spurði at Þorgils var at Stað, en Sturla at Staðarholi; varð hann eigi annars varr en allt væri kyrt í sveitum. Reið Hrafn norðr eptir þetta, en Þorleifr var uppi í héraði ok sat þar fyrir fréttum. Þorgils Böðvarssón lét stefna manna-mót fjölmennat Miðsumars-helgi. Kom þar Einarr Halldórsson ok mikil fjölmenni. Kvaddi Þorgils þá menn til ferðar með sér; 'Man ek ríða suðr undir Hraun til Kráks, ok til mótz við Sturlu frænda mínn.' Kvaddi hann þá til þess er hónum þóttu bezt til færir fyrir vápna-sakir. Urðu þeir saman nær sjau tigir manna; var þar inn fyrsti maðr Einarr Halldórsson, frændi hans, ok þar með bændr aðrir eðr bónda-synir. Riðu þeir þegar af manna-mótinu suðr yfir fjörur; ok grunuðu menn mjök, at nökkut mundi undir búa þessi ferð. En er þeir kómu suðr af Sela-Lóni, þá sendi hann Glúm Hafliðason ok Böðvar Vermundarson á Hitarnes til Þórðar. Bað hann koma til sín upp undir Hraun áðr sól væri upp komin. Kómu þeir á Hitarnes um miðnætti; voru þar allir menn í svefni. Þeir báru þegar upp örendi sfn er þeir kómu. Stóð Þórðr þá upp þegar, ok bjó sik. Þeir sögðu hónum eigi fleira. Bjósk hann því af skyndingu mikilli² ok hafði önga brynu; en hafði hann önnur vápn. Með hónum reið Þorkell brennir. Ok er þeir kómu undir Hraun var Þorgils eigi upp risinn. Ok er hann var klæddr, kallaði hann Þórð til

¹ V.; þá heim mann, Cd.² skyndingu mikilli] emend.; skyndi miklum, Cd.

[III. 225: ix. 22.]

máls við sik, ok segir, at hann ætlar at riða suðr í hérað til mótz við Sturlu frænda sínn. Átu þeir þar dagverð á ymsum bæjum, ok riðu síðan. En er þeir kómu á leið, þá spurði Þórðr at nýju at ferð Þorgils. Segir hann þá af it ljósasta. ‘Hefir ek spurt,’ segir hann, ‘at Þorleifr hafðisk við í héraði, ok skyldi halda njósnum fyrir þá Hrafni ok Eyjólfi, ef Þorvarðr kæmi sunnan eðr Þorgils útan.’ Þóttisk hann hafa var-goldit Þorleifi fyrir óþokka þann er hann hafði lýst við hann í Borgarfirði; ok svá fyrir þat er hann hafði ætlað at fara at Þorgilsi um summarit með þeim Hrafni ok Eyjólfi.

280. Um summarit hafði Hrafni látið riða eptir Þórði, mági Þorgils; ok lýsti í því fjándskap við hann. En Þórðr setti undan vestr til Staðarhóls, er hónum var eigi fært um Dali fyrir Hrafni. Átti Sturla þar annat bú; en annat hafði hann gört í Hitardal um várit; ok hafði hann þat treglega fengit af Katli, ok þó nauðungar-laust. Sat Sturla um summarit ymist á Staðarholi eðr í Hitardal. Þetta vár urðu þeir sekir á Þórness-þingi, Gísli á Rauða-sandi ok synir hans. Deilðu þeir Seldælir um bergtoll af Barðz-gnípu. Veitti Þorgils Seldælum, frændum sínum, á þinginu; en þeir hétu hónum í móti sínum styrk. Ok er Þórðr kom á Staðarhló var þat til tíðenda, at Sturla stóð úti einn saman, ok vóru menn at, at kasta steinum í stofu-vegginn. Heilsaði Sturla hónum ok spurði tíðenda, eðr hvat hann vissi at segja frá þeim Hrafni ok Eyjólf. Þórðr segir þat, at hann vissi þat til Hrafns, at hann var þá kominn til Staðar í Hrútafjörð, ok þeir Þorleifr ok Hrafni mundu finnask; ok Hrafni mundi riða til Dala, ok vita hvat þeir Sturla ok Þorgils hefðisk at, eðr hvé kyrrelegt hónum þætti vera í sveitum. Sturla kvezk sjá, at bjósk til ófriðar með þeim öllum. Þórðr barði því niðr. Sturla kvað ekki skipta hvat þeir segði frá, ‘Því at nú í summar mun barizk vera, ok munu eigi allir þaðan frá tíðendum segja.’—Maðr hét Helgi; hann var kallaðr keis, heima-maðr Sturlu; hann var lítill maðr ok auvirðilegr; hann kastaði torfi á stofu-vegginn. Hónum þótti torfit borit at sér of-skjótt; var veggrinn hárr, en hann ókröptugr, ok gékk hónum silla upp at kasta: ‘Ok vili þér sprengja mik,’ segir hann. Sturla mælti: ‘Gefstú vel, fóstri! annat mun þér verða en þú springir af torf-kasti; ok muntú þó eigi eiga langt ólisat.’ Þat gékk svá eptir, at Helgi keis var dreppinn annat summar eptir á Staðarholi þá er þeir Hrafni ok Ásgrímr sóttu Sturlu heim. Þetta

[III. 226: ix. 23.]

sumar sættusk Seldælir ok Rauðsendir; ok var Gísli ok synir hans jafnan vinir Þorgils síðan.

281. Nú er þar til mál at taka, er þeir talask við mágar, Þorgils ok Þórðr. Þorgils kvað þat upp nú, at hann ætlaði at Þorleif; kvazk frétt hafa, at hann var kominn í hérað; ok vóru þeir optast saman tú eðr tólf. Þorgils reið þá suðr um Mýrar, þar til er hann kom í skógin sunnan-verðan gegnt Galtar-holti. Stigu þeir þar af baki. Ok lítlu síðarr kom Sturla þar; vóru þeir saman nær sex tigir manna, en Þorgils hafði sjau tigi manna. Vóru þar með hónum tveir Hrafns-menn¹, Óláfr ok Grani Arnórs-synir. Þeir Þorgils ok Sturla gengu þá á tal, ok nökkurir menn með þeim. Þóttisk Sturla spurt hafa at Þorleifr hefði verit Dróttins-dag á manna-móti þann sama Dróttins-dag at² Furu-ósi, ok at allt væri þar kyrrt í héraðinu. Þar var ok ný-kominn vestan ór Saurbæ Starri kaupungr; sagði at Sturla var á Staðarholi ok mundi þar vera þar til er stofa hans væri upp gör, ok ríða síðan heim í Hitardal. Hann kvazk spurt hafa, at Þorleifr reið til Bæjar Dróttins-aptann, ‘Ok þat orð á, at hann mundi brátt ríða út á Akranes þegar hann spurði kyrrt ór öllum sveitum.’ Þar var Þorkell hrútr görr á njósn suðr yfir Hvítá, ok skyldi hann forvitnask um ferð Þorleifs. Lögðusk menn þá niðr ok sofnuðu. En er á tók líða kveldit, lögðu menn á hesta sína, ok riðu svá sem götur lágu suðr til Valla-vaðs. Kom Þorkell hrútr þar til mótz við þá, ok hafði spurt, at at nóni dags var Þorleifr í Bæ, ok hann mundi þar vera um nóttina. Þorleifr hafði verit í laugu um daginn fyrir nón, ok lagðisk síðan til svefns sem vanði hans var til; ok er hann vaknaði, sagði hann Böðvari bróður sínum, at hann hefði dreymt mart. ‘Ek þóttumk vera staddir hér í Bæ, ok þóttumk ek sjá út á Borgarfjörð. Mér þótti skip mikil sigla utan eptir firðinum, mjök mikinn³, ok leggja upp í Hvítá. Ek þóttumk spyra mann er stóð hjá mér, hverr skip þat mundi eiga; en hann segir, at ætti Þorgils skarði. Ek þóttumk sjá at flugu gneistar margir af skipinu, ok þótti mér sumir fljúga ok dreifask hingat í Bæ; en sumir upp eptir Reykjadal, ok svá norðr til fjalla, sem menn máttu auga reka.’ Böðvarr mælti: ‘Þat mun vera, frændi, fyrir veðrum.’ ‘En mér lízk ófriðlegt,’ segir Þorleifr. Bað hann þá taka hesta þeirra; ‘Vil ek ríða heim,’ segir hann, ‘út á Akranes.’ Þeir Þorleifr átu

¹ menn] V.; synir, Cd.² at] V.; á, Cd.³ mikinn] mikit, Cd.

[III. 227 : ix. 23.]

þar náttverð, ok riðu síðan um kveldit út í skóggana syrir Grjóteyri, ok sváfu þar um nóttina; en riðu snimma um morguninn út á Akranes heim, ok höfðu önga frétt ór héraði. Þorgils hitti Þorkel hrút; ok segir hann slíkt er hann var víss orðinn. Þótti mönnum þat líkast, at Þorleifr mundi vera í Bæ. Þorgils varaði við því alla menn mest, at göra Böðvari nökkut grand ok sonum hans, eðr nökkurum hans varnaði, sakir mágsemðar ok þó vináttu. Sturla var eigi mikill vin Böðvars; þótti hann því ráðit hafa, at Ketill gékk treglega af staðnum í Hitardal. Þorgils kvað þat eigi syrir standa mundu, þótt Þorleifr væri þá í Bæ kominn. Riðu menn nú upp til Bæjar, ok kómu þar mjök svá um myrk-nætti; vóru þá úti-dyrr opnar. Menn höfðu heyrt gnýinn; tók Böðvarr þá klæði sín ok synir hans ok heima-menn. Gékk Þorgils inn þegar ok menn hans. Sturla var úti ok hans menn, ok svipuðust¹ at hrossum er úti vóru um garða. En er Þorgils kom í skálann, gékk Böðvarr bóni í móti hónum, ok var þá klæddr; hafði hann í hendi öxi snaghyrnda. Böðvarr spurði hverr þar færi svá ófrið-lega; því at nökkurir menn höfðu brugðit vápnum er inn gengu. Þorgils sagði til sín. Böðvarr mælti: ‘Þat inunda ek þér sízt ætla, at þú mundir hingat fara ófriðar-ferð, sakir vanda ok viðrmæla.’ ‘Öngan ófrið ætla ek þér at göra,’ segir Þorgils, ‘ok öngum þínum heima-mönnum.’ Þorgils spurði, hvárt Þorleifr væri þar. Þá svarar Herdís húsfreyja: ‘Því er betr, frændi, at hann er eigi hér; ok lát þér fara sem bezt til Böðvars míns.’ ‘Vel skal mér til hans fara,’ segir Þorgils. Þar var fátt manna í skálanum. Urðu þeir þá þess varir, at Þorleifr var eigi þar, ok hann hafði brott riðit um kveldit. Sneri Þorgils þá út, ok svá Böðvarr, ok synir hans; en nökkurir menn hljópu inn, ok þrifu ofan sverð nökkur. En er þeir kómu út, þá gengu þeir á tal, Þorgils ok Böðvarr, ok nökkurir menn með þeim. Talði Böðvarr á við Þorgils um atreið þessa; en hann þóttisk eigi sakaðr við Böðvar; ‘Em ek eingi þínn flivilja-maðr,’ segir hann; ‘vii ek unna þér sæmðar syrir ferð þessa svá at þér líki vel.’ Böðvarr mælti: ‘Eigi em ek nú mjök fé-þurfi; skortir þik meirr fé en mik.’ Tók þá vel at semjask með þeim mágum. Segir Böðvarr, at hann mundi verja Þorleif bróður sínn, þótt hann væri þangat heim sótr, ef hann mælti því við koma; ‘Man ek ok verja þik, Þorgils, ef Þor-

¹ svipust, Cd.

[III. 228: ix. 23.]

leifr sækir þik heim hingat; hefig opt latt Þorleif at göra sam-band með þeim Hrafni ok Eyjólfí; ætla ek ok, at hónum leiði önga sæmð af þeim. Hefi ek þat til lagt með þér, Þorgils, at þú skyldir Þorleifs með góðu leita, en hann því með góðu taka; ok hefir hvárrgi viljat hafa mínar tillögur.' Þar urðu nokkurar hrossa-kippingar¹, ok vildi Böðvarr, at Þorgils færi með hross, sem hann vildi upp í Reykjaholt; en hann vildi engi hross ljá Sturlu ok hans mönnum. Bauzk Böðvarr til meðal-göngu með þeim Þorgils ok Þorleifi. Þorgils játti því; 'Mun ek þín orð,' segir hann, 'þar um mikils virða.'

282. Riðu þeir Þorgils þá upp til Reykjaholtz; höfðu þeir þá spurt at Egill var heima; ætlaði Þorgils at þá skyldi greiðask um mál þeirra Egils. Þeir Þorgils kómu upp í Reykjaholt þá er mjök var mornat. En þat bar saman, at þeir riðu frá Gríms-stöðum ok maðr gékk út í Reykjaholti sá er Koðran hét, ok var kallaðr Skröggr; hann sá ríða marga menn vápnaða eptir götunni frá Gríms-stöðum, ok riðu heldr mikinn. Hann hljóp inn, ok sagði Agli at fjöldi vápnaðra manna reið at garði. Hljóp Egill þá upp, ok geymði eigi at klæðask, ok tók kirkju-lykil, ok mælti: 'Þar mun vera Þorgils, frændi, ok eigi horfinn heim-sóknum við mik.' Komsk Egill í kirkju, ok lauk aprí hurðinni. Þorgils gékk upp at kirkju-durum; var þar Þórðr prestr kominn fyrir kirkju-dyrrin, ok heilsaði Þorgilsi; en hann tók vel kveðju hans; ok spurði hann brátt at Agli, hvárt hann væri heima. Prestr segir, at hann var heima, ok þá í kirkju kominn. Þorgils mælti: 'Satt mantú segja,' ok kvazk sét hafa veslinginn er lauk kirkju-hurðinni, 'Ok sýndisk sem eigi væri klæð-margr.' Prestr mælti: 'Eigi veit til hvers happs hætti,' þótt hann hefði beðit, Þorgils mínn!' Þorgils gékk þá til manna sínna; bað þá af baki stíga, ok bauð þeim öllum þar at vera; 'Látið hesta yðra ganga í tún.' Sturla kvað eigi þat ráð, at göra þat; 'Því at Pétr postuli á töðuna, ok hefir hann ekki til sakar gört við Þorgils.' Einarr bóni ok Bergr báðu menn af reka hestana vellinum; ok Þorgils bauð þeim um, at þeir mundu fá menn til at annask hestana. Þeir segja svá vera skyldu. Fóru þá hestar reknir af túni, ok gætt út í Nesjum. Menn sveimuðu þá þegar inni um húsín, ok fundu drykk í kjallara Egils, ok sögðu Þorgilsi, ok vildi hann eigi at drukkinn væri; 'Vil ek,' segir hann, 'öngu spillá láta.' Fóru þá

¹ kippingar] thus Cd. and V.

[III. 229 : ix. 24.]

menn í milli þeirra Þorgils ok Egils, Berger Ámundason ok Þórðr prestr. Stóðusk þeirra þykkjur fjar¹; þóttisk Egill eiga á Þorgilsi stór-sakar, syrir heimsókn þá er hann hafði þangat farit þá er Þorsteinn var hand-höggin. Áttu þá margir menn góðan hlut at; var einn af þeim Sturla Þórðarson, frændi þeirra, Einarr Hall-dórsson, Berger Ámundason, Þórðr prestr. Var Þorgils þá svá þverr, at hann sagði svá, at hann skyldi þar þat hervirki göra, at Egil ræki allan aldr minni til, þótt hann héldi lífi. Töldu menn þá um syrir Agli, at meiri ván væri, at hans hluti mundi þá því meirr við brenna sem lengr stæði mis-þykt þeirra. Lét Egill þá beiða sér griða, ok þat féksk. Gékk hann þá ór kirkju; töluðusk þeir frændr þá við. Bauð Egill dóm Sturlu á málum þeirra; talði hann á Þorgils margar sakar, ok svá um staðar-ábúð ok fjár-auðn þá sem orðit hafði um vetrinn, er Þorgils tók við búinu, ok ógreidd stóð; ok atför í Reykjaholti, ok slíkar fjár-tökur sem þá höfðu orðit um vetrinn. Þorgils talði á Egil ótrúnað mikinn ok fjörráð; kenndi hónum ok mest af óþokka þeim er héraðs-menn höfðu til hans um vetrinn er hann var í Reykjaholti. En hvat sem þar var um talat, þá varð þat at lyktum, at Egill gékk til handsala við Þorgils ok seldi hónum sjálfdæmi; skyldi hann skipa öllum þeirra málum sem hann vildi. Lögðusk þeir Þorgils þá til svefns, ok allr flokkr þeirra, nema þeir menn er vökdū; en Egill bjó til greiða. Ok er Þorgils vaknaði, lét hann syngja sér messu, *De Sancta Margareta*. En er tíðum var lokit, gengu þeir í stofu; var hón vel tjölduð, ok upp settir bjórar. Var þá Egill inn glaðasti, ok beini inn bezti, ok drukkit nökkut af alþjóð². En er menn vóru mettir, lét Egill kalla Þorgils ok Sturlu, Einar Hall-dórsson, ok fleiri menn³, í Lítlu-stofu, ok mart manna, svá at stofan var full. Var þá drukkit fast ok veizla in bezta. Tjáðu menn þá syrir Þorgilsi hversu vel Agli fór. Hann tók því vel⁴, ok lét sér finnask um fátt. Í þenna tíma kom Högni Böðvarsson ór Bæ ok nökkurir menn með hónum. Hann segir, at herra Brandr ábóti hafði verit um nöttina at Lundi í Reykjadal ok hann var þá kominn í Bæ, ok hafði Böðvarr því eigi þangat riðit, at hann vildi ríða með ábóta þangat at áliðnum degi. Þorgils tók blíð-lega við Högna, ok skipaði hónum upp it næsta sér. En er kom

¹ fjar] thus; read firr? ² ölpjóð, Cd. ³ Einar—menn] om. Cd.; add. the paper transcripts. ⁴ vel] thus; read vel at eins?

[III. 230: ix. 25.]

at nóni dags, kómu þangat tveir menn, Þórarinn hét annarr en annarr Jörundr gestr; þeir vóru sendir af Þorvarði Þórarins-syni; sögðu at hann var kominn ofan at Rauðs-gili. Vildi hann at Þorgils kæmi til mótz við hann, ok talaði¹ um ráða-görðir sínar. Segja þeir at Þorvarðr var með tíu tigi manna. Brá Þorgils við þegar, ok bað leggja á hesta. En er menn vóru búinir, létt Þorgils kalla til sín Egil. Gengu þeir á tal; var þar við Sturla ok Einarr, ok Bergr Ámundason, ok Þórðr Hitnesingr. Sagði Þorgils þá upp görð með þeim Agli. Var þat fyrst, at Egill skyldi gjalda staðnum í Reykjaholti fé þat allt er eyzk hafði þann vetr er Þorgils átti þar bú. Þorgils skyldi rakna láta þat sem tekit var í Reykjaholti it fyrra sinn. Egill skyldi ok öngum manni veita í móti Þorgils, en göra hónum njósn ef hann vissi hónum háska ván. Þorgils hét Agli trausti sínu, hvar sem hann kæmi því við. Á hvárigan vóru þar fégjöld skild; en þaðan af skyldu þeir fella saman frændsemi þeirra ok fulla vináttu. Ok héldu þeir þat vel. Þóttusk menn þat brátt finna, at Egill unði vel við. Þorgils kvaddi Egil, at hann skyldi riða með til mótz við Þorvarð. Egill bauð hónum þangat um kveldit ok þeim mönnum sem hann vildi. Riðu þeir þá til Rauðs-gils, ok var Þorvarðr þar fyrir. Var með hónum Finnbjörn ok Ögmundr Helgason, Magnús ok Helgi Helgason, Sumarliði inn sterki, Þorgeirr ok Oddr ok Ögmundr prjónn, Óláfr frá Bustar-felli. Gengu þeir þá á tal, Þorgils ok Þorvarðr, frændr, ok Sturla, ok nökkurir menn. Töluðu þá um með sér hvat í milli hafði farit um vetrinn; ok greindi þá þar lítt á.

283. En er þeir höfðu talat um hríð, kom þar ríðandi Brandr ábóti, ok með hónum Böðvarr ór Bæ, mágr hans; vóru þeir fimm saman. Tóku menn við hónum blíðlega. Ábóti var fár við Þorgils; þótti hónum illa, er hann hafði farit með skari nökkurum² at Böðvari í Bæ. Ábóti hafði vitað ferð Þorvarðz. Tók Þorvarðr þá at leita liðveizlu við Þorgils, at hann veitti hónum til hefndar eptir Odd bróður sínn við þá Hrafn ok Eyjólf; talði þar til frændsemi við þá Odd; en eigi síðr þat, at þeir Hrafn ok Eyjólf fröðu sýnt³ við Þorgils. Ok at engi maðr mundi sínum sæmðum halda meðan þeirra uppgangr væri, ok eigi yrði lægðr þeirra ofstopi ok ójafnaðr með nökkuru tilfelli. ‘Sóttu ek [því],’

¹ töluðu, Cd.² skari nökkurum] emend.; nökkuru, Cd.; see Dict. s. v.³ sýnt] fjándskap, or the like, being left out.

[III. 231 : ix. 25.]

segir Þorvarðr, 'þik at ráðum, at mér þóttir þú líkast til nökkurrar liðveizlu hér um; mantú¹ nú ok sjá þann afla, er ek hefi fengit ór Austsfjörðum, ok vænti ek, at góða raun muni gesa; er þat þó mjök lítið móti slíku ofrefli sem við er at skipta. Man ek þat sýna vilja, at mér þykkir betr, at þú styrkir mik til þessa.' Þorgils mælti: 'Mér lízk meira vandkvæði á þessum hlut, en ek göra hér um skjóta órlausn. Vil ek ráðask hér um við herra Brand ábóta ok Sturlu frænda mínn, ok aðra vini mína.' Gengu þeir þá báðir, Þorgils ok Sturla; ok kölluðu þeir þá til Brand ábóta. Þorgils kallaði til með sér Einar ok Þórð. Ábóti kallaði til með sér bróður Heming, ok Böðvar ór Bæ. Spurði þó ábóti fyrst at sættum þeirra Þorgils ok Egils; ok segir Þorgils hónum þar frá. Ábóti mælti, at vel væri þótt Borgfirðingar hlyti þungt af Þorgils; 'Þvíat þeir voru þá illa, er hann var góðs frá þeim verðr.' Þorgils tjáði þá fyrir ábóta beizlu Þorvarðz, ok alla þeirra viðræðu; bað hann leggja til heilræði með sér, hverju hann skal svara um þetta vandræði; 'Mun ek yðr bezt til trúa, at þér munut hafa vit ok góðvilja, at ráða hér um.' Ábóti svarar skjótlega: 'Letja vil ek þik, ok alla frændr mína ok vini, at fara með ófriði á annarra manna sveitir; en eigi skal Þorvarðr þat ætla, ok eigi þú, at eigi forþykki² mér þat í drápi Oddz frænda míns, þar sem hann var kasaðr í urð sem melrakki eðr þjófr; en mér er þat bannat, at eiga nökkurn hlut ímann-ráðum eðr nökkurs-kyns ófriði; en þat er þér eigi verra, at vera eigi einum saman, ef þér þykkir þess ván at þú munir eigi um kyrt sitja. Eðr hvat leggr þú til, Böðvarr?' 'Fátt kann ek til slíks at leggja,' segir Böðvarr, 'en þat vilda ek, at þeir Hrafn ok Þorgils yrði góðir vinir, en ósparr er mér Eyjólfur til ófara, ef svá mætti verða, þvíat hann varð hér all-óvinsæll í héraði í sumar. Er mér lítil ván, at Þorgils siti um kyrt þegar þeir mega við komask.' Þá svarar Sturla: 'Eigi þykkir þat vanda-laust at veita Þorvarði, at ráða[sk] með hónum í fjarlægar bygðir eðr sveitir með lítið lið; en vér trúum hvárum-tveggjum illa, Borgfirðingum ok Dala-mönnum; en vér höfum lið sátt, en búit illa. Þorvarðr sýnir nú ok allan sínn styrk; vænisk hann ok engrá manna liðveizlu; má þá sjá hversu óráðlegt er, at fara með all-lístinn afla á svá stórar sveitir,—Eðr hvat viltú, Þorgils, til mæla við Þorvarð, ef þú vilt nökkurn kost á göra?' 'Þat er knefsat,' segir

¹ mantú] read máttu?² forþykki] thus.

[III. 232 : ix. 25.]

Þorgils, 'at ek vil hafa Skagafjörð ok sveitir norðan¹ at Hrútafirði, þó at Þorvarðr sættisk við Hrafni ok Eyjólf, eðr ellegar förlast² þeir með öðru móti.' Ábóti svarar: 'Betr ynna ek þér, Þorgils, at njóta Skagafjarðar ætt-leifðar várrar, en þeim sem nú hafa; en eigi vil ek fýsa þik ferðar, því at mér þykkir eigi laust fyrir liggja.' Spratt ábóti þá upp, ok bað at verða skyldi Guðs vili. Mæltu þá sumir menn, at hónum hlypi kapp í kinn; þvíat hann var dreyr-rauðr á at sjá, ok mælti þetta, er hann gékk í brotta: 'Hart er þat, at vér skulum bera frændr vára göfsga bóta-lausa fyrir bónad-sonum; ok svá mundi þykkja Ormi bróður mínum, ef hann lifði.' Nú gékk Þorgils til Þorvarðz; sótti Þorvarðr þá enn um liðveizlu við Þorgils með fram-boðnum fégjöfum, ok öllum þeim sæmðum, sem hann mætti hónum veita; ok at leggja líf sítt við hans nauðsyn, ef hann kynni þess at þurfa; kvað þá eigi skyldu skilja meðan líf peirra væri, við hverja menn sem skipta væri. Þorgils mælti: 'Með bæna-stað þínum, Þorvarðr, ok fögrum fram-heitum um liðveizlu ok aðra hluti, má ek göra kost á því at fara norðr til sveita, við þat ef Sturla vill fylgja mér; ok skiljask eigi fyrr við þik en þessi mál lúkask með einhverju móti.' Þá mælti Sturla: 'Fylgja mun ek þér, frændi, hvert á land sem þú vilt fara, svá sem ek hefir heitið, við hverja sem eiga er; en lítlu ráði þykkir mér sæta ferð þessi, at fara norðr um land með svá lítið lið ok lítt búit; þvíat sumir hafa nokkur vápn, en sumir engi; ok þó lítt hesta-birgir.' Þorgils mælti: 'Veit ek, frændi, at þér mun vel fara; þykkjumk ek þínna ráða mjök þurfa, þar sem þú ert kallaðr inn vitrasti maðr; þykkir mér ok þik til draga nökkut fyrir þann skaða óbættan, er þú hlauzk í brennu á Flugumýri í drápi Hallz mágs þíns; þykkir mér Þorvarðr eiga þeim öllum góðu at launa er í þessa ferð ráðask.' Vil ek ok spryrja Einar ok Þórðr mág mínn, hvárt þeir vilja fylgja mér í þessa ferð. En fylgðar-menn mína ok þingmenn þykkjumk ek frjálsa eiga til fylgðar við mik.' Þeir segja, at þeir mundu fylgja Þorgilsi; en þótti Þorgils þurfa, at hónum ynnisk nökkut til sæmðar, ef ferð þessi tækisk vel; en margir mæltu þat, at farit hefði flatt fyrir þeim Hrafni ok Eyjólfí, þótt vænna hafi til hætt. Lauk Þorgils þá upp fyrir Þorvarði hvern hann mundi á göra; 'Vil ek,' segir hann, 'hafa Skagafjörð, ok þau ríki er vestr eru þaðan,' ef þeir Þorvarðr ætti at ráða, sem

¹ norðan] V.; norðr, Cd.² fölast, Cd.

[III. 233: ix. 26.]

flestum þótti ólíklegt; ok at þeirri einni sætt skyldi Þorvarðr ganga sem Þorgils léti sér vel at getask, ok hann þættisk sæmðr af. Var þá sagt Brandi ábóta, ok Agli, ok Böðvari; vildi ábóti eigi til ganga, ok kvazk fullkomlega vilja letja fararinnar; ‘Man hér mörgum manni saklausum vera misgört í þessi ferð, svá at ósæmilegt er, at ek leggja þar samþykki til; ok má vera, at mér kenni heiptar um suma menn, svá at ek fá eigi allra orða gætt sem skyldi, ef ek tala mart til.’ Egill vildi ok eigi til ganga sakir vináttu við Hrafni. Þorvarðr játti því öllu sem hann var beiddr. Tóku þeir Þorgils þá höndum saman, ok skilði Sturla fyrir handlagi. Hét Þorvarðr ok Þorgilsí sínni liðveizlu með frændsemi, svá sem hann ynnisk til, meðan þeir væri báðir uppi. Var nú ráðin norðr-ferð þeirra; ok skilðu at því. Þorgils reið í Reykjaholt ok með hónum prír tigir manna. Ábóti reið í Bæ, en Sturla í Ás. Þórðr reið ofan eptir Reykjadal, þvíat hann attí þar ván hestz. Brandr ábóti mælti, at þeir Þorgils mundu finnask um daginn.

284. Um morguninn reið Þorgils eigi snemma ór Reykjaholti, ok reið Egill á leið með hónum, ok gaf hónum hesta tvá brúna, ok skilðusk þeir þá með kærleikum. Reið Þorgils þá upp í Kalmans-tungu. Nikulás var heiman farinn, þegar spurðisk flokka-drátrinn, ok út á Nes at örendum sínum, en görði þeim Eyjólfí ok Hrafni mann norðr um Arnarvatn-heiði, Magnús Atlason ok þá tólf saman; var þar Hermundr standali ok Björn Eireksson. Þorgils reið upp í Öxna-tungur; hann sendi mann it efta eptir Þórði. Sigfúss í Fljótz-tungu gaf Þorgilsí brynju. Nú er Þórðr reið upp af Sámstöðum, sér hann ríða neðan frá Háfa-felli menn mjök ákaft; beið hann þeirra; ok var þar ábóti ok Böðvarr. Spurði ábóti þegar at ferðum Þorgils; en Þórðr vissi þar ekki annat af en Þorgils reið um daginn snemma ór Reykjaholti, ok ætlaði at ríða á Gilsbakka ok bíða þar ábóta. En er þeir kómu þar, var Þorgils í brottu. Þá mælti ábóti, ‘Eigi mun ek ríða lengra, þvíat ek sé hversu at petta ferr. Í gær-kveld á fundi várum þótti mér óráð at fara ferð þessa. En æ dregsk fram jafnan þat sem fyrir er ætlað; ok er þess ván, at eigi verði með öllu ábyrgðar-laust; en mér sýnisk lið yðvart lítið ok flia búit; en eigi all-óbragðlegt, ok eigi all-feiglegt. Skaltú nú bera Þorgilsí, frænda mínum, kveðju mína, ok bið hann, at hann göri sem minnzt rangt jafnan saklausum mönnum. Þætti mér nú all-miklu skipta hvat ek spryða til hans; ok mjök mun ek vera

[III. 234, 235: ix. 26.]

áhyggjusamr um ferð þessa, þar til er ek spyrr hvernig yðr teksk; vilda ek, mágr, at þú fylgðir Þorgils vel, ok fýstir hann jafnan ins betra. Vilda ek nú, at Guð væri yðr fyrir vápn ok vörð, ok hyljunar-maðr¹ Thomas Erkibiskup; en treystið lítt á drengskap Þorvarðz, þvíat mér segir eigi mjök hugr um hversu til enda ganga skipti þeirra Þorgils ok Þorvarðz; ok ætla ek Þorvarðr valdi afbrigðum.' Skilðu þeir nú, ok gaf ábóti Þórði blezan, ok bað hann vel fara. Ríðr Þórðr nú skyndilega upp eptir Síðu þar til er hann kom í Fljótz-tungu; var þar fyrir Magnús Atlason, ok þeir menn er Þorgils hafði þar eptir sett. Sögðu þeir Þórði, at Þorgils reið upp í Öxna-tungur ok mundi þar bíða hans. Riðu þeir þá skyndilega í Öxna-tungur; var Þorgils þar fyrir ok allr flokkrinn, ok hafði hann sofnat. Þorgils gaf þá Þórði brynu Sigfúss-naut. Þeir Þorgils ok Sturla höfðu gört tólf menn norðr á heiðina; ok voru þar fyrir settir, Bergr, ok Magnús Jónsson. Bergr var manna bezt hest-færr. Þorgils hafði þess varr orðit í Kalmans-tungu, at Nikulás görði njósni fyrir þeim; höfðu þeir farit at dagmálum. Skyldu þeir fara dagfari ok náttfari þar til er þeir hitti Hrafni ok Eyjólf. Þeir vissu ok, at Þorvarðr var austan kominn, en Þorgils ok Sturla komnir í Reykjaholt; ok mönnum grunr á, at þeir mundu ríða norðr um land at þeim Hrafni ok Eyjólfí. Nikulás ætlaði, at Ásgrímr Þorsteinsson mundi vera í Hvammi í Vatzdal; skyldu þeir þangat fyrst fara. Þeir höfðu hesta-kost lítinn, ok fórk þeim seint. En þeir Bergr riðu ákaft norðr eptir heiðinni, ok gátu tekit njósnar-menn Nikuláss hjá Grímstungu-seljum; voru þeir þegar bundnir ok barðir mjök. En er þeir kómu eptir, Þorgils ok Þorvarðr, báðu njósnar-menn sér griða. Vóru þeim grið gefin; ok fóru aprír þaðan. Áðu menn þar nökkura stund. Sögðu þá höfðingjar, at menn skyldu ríða sem ákafast ofan eptir héraðinu í Hvamm, at sem sízt mætti njósni fyrir þeim ganga. Þeir menn, er heima voru í Hvammi, sá reiðina ofan eptir héraðinu, ok þóttusk víst vita at ófriðr var. Hafði Ingunn húsfreyja látið bera í kirkju allt þat er mátti. Var þar fólk allt á hlaupi; ok njósn hafði gengit vestan til Ásgríms ór Döllum, at Þorgils væri heiman ríðinn ok Sturla. Hafði Ásgrímr þegar heiman ríðit með slíkar fréttir sem hann hafði fengit, ok með hónum Saxi inn mikli ok Bergr enn ósvífi. Léttu þeir eigi

¹ Thus = *patron?* otherwise an unknown and misshapen word; if from hylja it should be hulningar-maðr. See Dict. p. xxxi. col. b, III.

[III. 236: ix. 27.]

fyrr en þeir fundu Hrafn ok Eyjólf, ok sögðu slíkt er þeir höfðu frétt.

285. Þeir Þorgils ok Þorvarðr kómu f Hvamm með flokkinn; hljópu þegar af baki ok til kirkju, ok var hón byrgð. Sumir hljópu inn í húsin; var þar autt. Þorvarðr beiddi at upp væri lokit kirkjunni, en Ingunn hafði orð fyrir þeim sem inni vóru, ok segir at eigi mundi upp látin kirkjan. Þá spurði Þorvarðr hvárt Ásgrímr bóndi væri heima. Ingunn kvað hann eigi þar vera, 'Ok muntú,' segir hón, 'taka vitni prestz hér um.' Prestr ok allir heima-menn segja at hann var brott riðinn. Þorvarðr trúði því varla. Þorvarðr görði hlaup at kirkjunni tveim-sinnum, ok spryndi á hurðina fætinum, svá fast at hélt við at brotna mundi. Þorgils ok nökkurir menn lögðu til, at hann skyldi eigi brjóta hurðina. En er Ingunn vissi, at Þorgils Böðvarsson var í ferðinni, þá kvazk hón mundu upp lúka kirkjunni, ef Þorgils héti griðum þeim er í kirkju vóru. Þorgils hét Ingunni griðum ok öllum heima-mönnum, ok fé því sem í kirkju var komit. Þá var upp lokit kirkjunni; ok gengu þeir innan um kirkjuna, ok fannsk Ásgrímr eigi, sem ván var. Bjoggusk menn þá í brott at ríða. Bauð Ingunn Þorgils mat at éta þar ok þeim mönnum með hónum sem hann vildi; en hann vildi þat eigi. Riðu menn þá í brott. Þeir Bergr, Finnbjörn, ok Ögmundr, höfðu riðit upp frá Marðar-gnúpi it efta um hálsa til Svínadals. Þat var sagt, at tveir heima-menn Eyjólfs höfðu verit í Gríms-tungum um nótina. Þeir höfðu upp stokkit þegar þeir sá flokkinn; riðu þeir þá ofan eptir héraði. Þeir Finnbjörn ok Ögmundr gátu tekit þá á hálsum norðr við Svínadal; var þá unnit á öðrum þeirra; en annarr var barðr, svá at hvergi var þaðan færr. Þeir Finnbjörn kómu til mótz við flokkinn hjá Blöndu, ok segja frá sínni ferð; létu menn yfir því vel. Nú görðu þeir Þorgils ok Þorvarðr ok Sturla ráð sít; var þá riðit í liðs-bón, ok vildu fáir menn upp ganga. Kom þá Finnr af Eyvindar-stöðum ok þeir fjórir; eigi fengusk fleiri fyrir vestan Vatz-skarð. Vóru þá njósnir sendar allt norðr til Öxnadals-heiðar; en flokkrinn fluttisk fram um nótina norðr yfir Vatz-skarð til Skagafjarðar ok norðr yfir Jökuls-á þar sem heitir á Langamýri. Stigu þeir þar af baki; var flokkrinn mjök syfjaðr. Þá var þat ráð gört, at Finnbjörn ok Ögmundr skyldi ríða upp til Hörgárdals-heiðar, ok gæta, at hvárki færí menn norðr né norðan; skyldu þeir gegna um njósnir ok annask vegu alla. Þorvarðr

[III. 237: ix. 28.]

skyldi kveðja upp menn um Sæmundar-hlíð ok Langa-holt; sendi hann ok menn upp í Tunguna. Þorgils létt samna liði um Blönduhlíð; en hann reið við tíunda mann út til Hofs at hitta Brodda mág sínn; hann setti Einar eptir, at gæta flokksins ok afla þeim vista. Sturla var ok eptir með sínn flokk. Arnórr Einarsson hafði riðit norðr með Ásgrími, ok Sigurðr Eldjárnsen¹, Jón af Lýtings-stöðum, ok með þeim nökkurir bændr. En er Ásgrímr kom norðr, brugðu þeir Hrafn ok Eyjólfur þegar við at samna liði þar um hérað, ok allt sendu þeir norðr í Eyjafjörð. Gengu menn upp heldr treglega; en þó fengu þeir mikil lið ok allvel búit. Höfðu þeir á priðja hundraði manna. En stórbændr allir í Eyjafjörði settusk heima. Héldu þeir Eyjólfur ok Hrafn flokinum í Eyjafjörð; ok höfðu fréttir, en fengu öngar.

286. Þorgils reið út til Hofs, sem fyrr var ritað, at finna Brodda mág sínn; hann átti Þjóðbjörgu Arnórsdóttur, móður-systur Þorgils. Fékk hann þar góðar viðtökur. Hann sótti Brodda at málum, ok svá um liðveizlu. Broddi lézk eigi áræði til bera, kvazk vera mjök gamlaðr, ok eigi herfærr, ok leiðr ófriðrinn. Segir hann Þorgilsi frá hrakningum þeim er héraðs-menn höfðu fengit af þeim Eyjólfí ok Hrafni síðan Geldingaholtz-fundr var; ok kvazk hyggja, at þrótr allr væri skekinn ór héraðs-mönnum nálega til uppreistar móti þeim; sumir höfðu orðit fyrir ránum af þeim, sumir fyrir ábarningum, en nær allir fyrir nökkurum afar-kostum. ‘Þeir hafa ok í brottru [tekit] våpn öll ok hesta alla þá er neytir eru; ok þykkir mér vánlegt at þér fáit lítinn afla, þvíat þér þykkit² óvænt út sigla; hefir þat reynt verit, at þeir eru bæði harðfengir ok sigr-sælir; þykkir nú sem þeim muni ekki bella³; en ef Guð vill sem vér, þá mundi þeirra ójafnaðr brátt steypask. En þat er tillaga míin, at þú sækir at liðveizlu Ásbjörn Íllugason, mág þinn, í Viðvík; hann þykkisk mestr bóndi í þessu héraði; en á brýnstar sakir við þá, bæði fyrir rán ok atfarar; er hann maðr ungr ok vel hestfærr.’ Þorgils riðr þaðan um kveldit síðla; sendi Broddi þá orð Ároni á Hól ok Þorgilsi í Unadal, at þeir skyldu upp standa, ok mundi hann fá þeim våpn. Hann sendi orð Guðmundi Fálkasyni á Ósland; hann bauð Þorgilsi skjöldu fimm, ok nennti hann eigi með at fara. Þorgils reið þá

¹ ok Sigurðr Illugason, add. Cd. and V., but om. the paper transcripts. It is only, we believe, a repetition of the same name. ² þvíat þér þykkit] emend.; þótt þér þykki, Cd. ³ bella] the paper transcripts; kolla, Cd., V.

[III. 238: ix. 28.]

til Viðvíkr, ok lét kalla út Ásbjörn; segir hann hónum þá hvernig af stóð um ferð hans, ok at flokkar vóru vestan komnir; ok þeir þóttusk liðs-þurfi. Beiddi hann Ásbjörn til ferðar með sér; en hann talði á því mörg tormerki. ‘Em ek,’ segir hann, ‘fla hestbirgr, ok ekki vápna; en ærin væri nauðsyn til þessar ferðar; skal ek ok eigi eptir sitja hversu mjök sem ek em vanbúinn. Eðr hví er Broddi eigi hér kominn? eru þar ráð bónðanna allra er Broddi er.’ ‘Því er hann eigi hér,’ segir Þorgils, ‘at hann er maðr gamall ok eigi herfærr, ok má eigi starfa í ófriði.’ ‘Ekki er þat,’ segir Ásbjörn, ‘hann er betr færr en margir ungrir; en eigi mun ek mína ferð undir hónum eiga; en satt er þat, at eigi hefir hónum jafn-nærri gengit ójafnaðr þeirra Hrafns ok Eyjólfs sem mér; en þat er auð-vitað, at meirr mun þér ráða-görð Brodda en fylgð míni.’ Bjósk Ásbjörn þá at taka hest sínn, ok klaeddi sik skjótt. Hann hafði eigi fleira vápna en eitt sverð feng-lítið ok buklara. Þorgils fékk hónum brynu þá er Broddi hafði gefit hónum. Riðu þeir þá upp eptir héraði, ok kvöldu menn upp þá er fyrir vóru. Þorgils snýr þá upp á Langa-mýri til liðs síns. Hann sendi Þórd Hitnesing ok Magnús Atlason at samna mönnum um Blönduhlíð, ok koma til mótz við hann at nóni, Laugardaginn, á Silfra-stöðum. Stefndu þeir þá saman mönnum öllum; ok fengu fá, en ekki af vápnum. Stefndu þeim á Silfra-staði til mótz við Þorgils. En hvar sem þeir kómu á bæi, þá var þetta mælt, hver her-kerling er mæla kunni, at Guð skyldi bregða ójafnaði þeirra Hrafns ok Eyjólfs. En er þeir kómu á Silfra-staði, þá var þar fyrir Þorgils, ok fagnar þeim vel. Ok er Þorgils vissi, at þar vóru sumir menn vápnlausir komnir, þá skoraði hann á Geir inn auðga, at hann mundi ór ráða við hann um vápn, ok fara sjálfr með hónum. Geirr synjaði ferðar, ok allra tillaga; kvazk eigi áðr haft hafa minsta lag af hrakningum. ‘En ef geng í þetta vandræði, þá mun hvárki óhætt vera fé né fjörvi;’ ok at þar mundi eigi þykkja við kollóttan at ryskjask er hann¹ var. Þorgils sótti á því meirr; en Geirr fór undan. Sló þá í heitan ok harðyrði fyrir Þorgilsi. Lagði Sturla þá til, at Geirr skyldi göra nøkkura aflausn. En hann svarar þverlega. Menn Þorgils höfðu rekit heim stóðhross er Geirr átti, hest ljós-bleikan ok nøkkur hross önnur. Þeir stóðu þá sínum-megin hestzins hvárr, er þeir tóku at deila. Tók Þorgils þá at bölvu ok hrekja hann

¹ hann] i. e. Rafn or Eyjolf?

[III. 239 : ix. 28.]

alla vega. Hann svarar stygglega. Færði Þorgils þá upp buklarann, ok vildi ljósta hann; en Geirr lét fallask undan. Ásbjörn Íllugason skaut buklara yfir höfuð hónum, ok kom þar í höggit. Báðu menn þá Geir til láta, ok sögðu at eigi mundi annat duga. Tók Geirr þat ráð, at hann léði Þorgilsi hross nökkur ok svá vápn, ok panzara þykkvan ok styrkjan, er Sturla Þórðarson var í á Þverár-fundi. Þeir Þorgils riðu þaðan Laugar-kveldit upp eptir Norðrár-dal, ok fundusk þá flokkarnir. Kom þar Þorvarðr ok Finnbogi ok Ögmundr með flokk sínn. Fundusk þeir hjá Höku-stöðum. Sögðu þeir Finnbogi, at þá grunaði, at njósn hefði komit norðr til Eyjafjarðar frá Hofi í Goðdolum it efra um fjöll. Riðu þeir Þorvarðr ok Þorgils til Hörgár-dals-heiðar, ok mundu hafa ór Skagafirði nær sjau tigi manna; var Ásbjörn þar fyrir skipaðr; ok voru þeir allir af Þorgils hendi. Dróttins-morguninn kómu þeir ofan til Hörgár-dals; skipuðusk menn þá á bæi. Þorgils reið á Þúfna-völlu. En er menn voru mettir, kom þar allr flokkrinn saman; var þá talt nær tvau hundruð. Tóku menn þá vápn sín svá sem fengusk. Spurðisk þat til Hrafnar ok Eyjólfs, at þeir voru í Eyjafirði, ok höfðu flokk mikinn ok einvala-lið. Riðu menn nú til þess er menn kómu um Glæsibæ. Þar stendr sauða-hús. Riðu þeir í sauðahúss-túnit, ok stigu af hestum sínum ok létu þar lausa. Lét Þorvarðr þá ganga í einn stað flokkinn allan; ok töluðu höfðingjar hljótt nökkura stund. Síðan mælti Þorvarðr; ok hóf svá málit, ok bað at guð skyldi geyma hans ok allra þeirra manna er í þann flokk höfðu ráðizk. ‘Nú vil ek, Þorgils, þakka þér þann styrk, er ek vættir, at þú munir uppi láta við mik,’ segir hann, ok svá til Sturlu¹. Því næst tjáði hann þat, hvers fjándskapar hann átti at minnask við þá Hrafn ok Eyjólf, fyrir þat er þeir höfðu drepit Odd bróður hans ok þá menn aðra, er í Geldinga-holti fíllu, ok Þorvarðr kallar sína þingmenn verit hafa. Tjáði síðan, ‘Hver nauðsyn at mik² til þessar ferðar dregr, ef hann skyldi eigi þykkja athlægi eðr ómannan; kvezk spurt hafa, at þeir Eyjólfur ok Hrafn væri úti í Eyjafirði, ok höfðu lið mikit ok vel búit; ‘Þykkir mér meiri ván, at eigi sé langt til fundar vårs. Er þat mikill drengskapr þeim mönnum er mér eigu ekki gótt at launa, en þeim ekki flít, ok þessi mál taka eigi henda; at berjask með mér, ef þess þarf, við svá lítinn stríðs-kost

¹ Thus Cd. and V.mik] m^c, Cd.; miok, V.

[III. 240: ix. 29.]

sem vér höfum. Á ek þat allt Þorgils at launa, frænda mínum, ok Sturlu; vænti ek at þeir einir munu hér komnir, at hverjum man hugat at fylgja vel ok drengilega sínnum höfðingja. Skal ek ók, ef ek á um at mæla, öllum nökkura ömbun at göra, þeim sem nú standa hér hjá mér í þessi nauðsyn. Er þat mítt ráð, at menn marki nú stálhúfur sínar, ok búi sik; ok veri sem varastir, þvíat nú er hvergi áhlaupa ör-vænt, er vér erum komnir hér í ókunnig héruð. En ef nökkurr er sá hér, er þat veit á sik, at eigi vill berjask þótt þurfi, þá segi sá nú heldr en síðarr. Em ek ok í því heit-bundinn, at taka þá eina sætt er Þorgils líkar, bæði fyrir mína hönd ok hans. En mart hefir vel fallit með okkr Eyjólfí; ok ekki fjarri em ek sættum, ef þær eru görvar er ek þykkjumk sæmðr af; en ella mun ek á fund hætta, þótt hann þykki eigi jafnlegr, ok vænti ek þess, at mála-efna-munr muni skipta. Vil ek nú þess biðja, at hvern maðr syngi *Pater noster* þrim sinnum; ok biðjum þess, at Guð gefi oss gótt ráð, ok geymi hvern sín, en Guð allra.' Nú talaði hvárr-tveggi fyrir sínum mónum, Sturla ok Þorgils; báðu þá vakra at vera, hvers sem við þyrfti, ok halda sér upp vel. 'Hefir Þorvarðr mikit frænd-skarð fengit í drápi Oddz bróður síns, þótt hann væri þar eigi við, ok aðilðar-maðr. Er þat ok skap mítt at veita hónum í þessi ferð með fullum drengskap; göra þeir einir mínn vilja er vel duga; skal ek gjalda hverjum mínnna manna eptir því sem verðr görisk.' Hétu flestir menn um þat góðu. Stigu menn þá á bak er búinir vóru, ok reið flokkinn samfast inn með Eyjafirði. Ok er þeir kómu inn með Eyjafirði, kom í móti þeim Björn bóndi frá Kroppi. Segir hann at Hrafn ok Eyjólfur hefði riðit af héraði norðr til Fnjoska-dals; ok þat orð á, at þeir mundu ríða allt til Reykjadals eðr til Öxarfjarðar móti liði því er þeir áttu þaðan ván. Lögðu menn á þat eigi fullan trúnað er hann sagði, þvíat Björn var nökkt snotr¹ ok nökkt grályndr kallaðr. Riðu menn þá yfir Eyjafjarðar-á, ok í ey þá er liggr í Eyjafjarðar-kvíslum; hón er vítt land, ok engi gótt. Vóru þá greiddir út hest-verðir, bæði yfir eptir héraði ok norðr til heiða; en sumir svifu at nautum ok kötlum ok eldi-viði. Lágu menn þar um nöttina, ok sváfu undir vápnum sínum.

287. Þá er þeir Hrafn ok Eyjólfur höfðu sanna frétt af at þeir

¹ snotr] thus (snot?), Cd.

[III. 241, 242: ix. 30.]

Þorgils vóru vestan komnir, reið Eyjólfur inn til Gása til skips, ok vildi fá våpn af þeim Austmönnum. Þar var kominn Ingimundr Árnórsson¹ er þá bjó í Fagrey á Breiðafirði; hann var frændi ok fóstbróðir Hrafns; hann var mikill maðr ok styrklegr. Eyjólfur bar hónum kveðju Hrafns, ok þat með, at hann vildi at hann kæmi til mótz við hann inn í Eyjafjörð, ok veitti hónum lið, ef barizk væri, til þess er lyki þessum málum; kvazk víst vita, ‘At þú mundir skjótt til hans koma þegar þeim orðum væri til komit;’ þóttisk ok fá þann sendimann, ‘at þú mundir eigi mistrúa.’ Ingimundr svarar: ‘Eigi em ek gjarn í ófrið; hefir ek verit með Sturlu í vetr, ok hefir mér vel til hans líkat; vil ek eigi vera í andskota-flokki hans; ok mun ek hvergi fara.’ Eyjólfur mælti: ‘Minni verðr þú í vafi um þetta en hann² ætlaði.’ ‘Já,’ segir Ingimundr, ‘mart mun þér þykkja mér lítilmannlega verða; en gæta ætla ek þess, at Hrafni verði eigi at mér mein.’ Eyjólfur mælti: ‘Alla vega þykki mér þér fara sem lítilmannlegast.’ Skilðusk þeir at því. Tveir bræðir Ingimundar höfðu verit í flokki með þeim Þorgilsí ok Sturlu, Grani ok Óláfr; leyndusk þeir aptr á Arnarvatn-heiði, því at þeir vildu eigi fara at Hrafni. Lézk Óláfr eigi mundu hafa heiman farit, ef hann vissi at við Hrafn var at skipta; en létkz nú Þorgilsí fylgja mundu sem hann hefði drengskap til, ‘Hvat sem fyrir liggr.’

288. Bændr í héraði, er þeir spurðu ófrið þenna, fóru á fund Eyjólfss ábóta, ok báðu hann til meðal-göngu. Annan morgin viku kom til þeirra Þorgils Þorsteinn prestr titlingr; hann hafði verit til kenslu í Stafaholti með Ólafi Þórðarsyni, ok var hann kunningi Þorgils ok Sturlu ok allra Vestan-manna. Gengu þeir Þorgils ok Sturla þegar á tal við hann, ok fögnumu þeir hónum vel, ok spurðu hvar hann hefði verit um nöttina. Hann kvazk verit hafa á Drafla-stöðum um nöttina. Þeir spurðu hvat hann vissi til þeirra Eyjólfss ok Hrafns. Hann kvað þá öndurða nött hafa riðit norðr til Fnjóska-dals; ‘Hafa þeir,’ segir hann, ‘verit á Vöðla-heiði, ok séð flokk Vestan-manna, ok útan-reið eptir firðinum; hafði þeim sýnzk mikill, ok þóttusk eigi hafa afta til at bíða, en trúðu silla héraðs-mönnum;’ segir þeir ætluðu at ríða norðr til Öxarfjarðar, ‘ok samna mönnum, ok fjölgga þannig lið sitt, en hrökkva þegar við er þeir hefði föng á, eðr færí þat er yfir

¹ Árnórsson] V.; Arnason, Cd.² hann] i.e. Hrafn.

[III. 243 : ix. 30.]

tæki, ef eptir væri riðit.' Tóku flestir menn undir þat léttlega; ok þótti þá ván, at bardagi mundi undan dragask, en menn mundu fara mega frjálslega sér til nauðsynlegra birgða um héraðit; trúðu flestir menn því er hann sagði, þvíat hann tók mikit af at þetta væri satt. En engi maðr tók af því jafn-mikit sem Þórðr Hitnesingr at hann mundi eigi ljúga til. Þá svarar Sturla: 'Hér em ek í annarri hugsan; hann ætla ek allt ljúga, ok hygg ek þat eigi satt er hann segir hér um.' Samþykkja þeir þessu Þorvarðr ok Þorgils. Reið prestr þá í brott. Lítlu síðarr sað þeir ríða menn mjök marga út með fjallinu ok stefna inn eptir héraði it efra; var þeim á því forvitni, því at þeim þótti sem þeir væri norðan at kommir, ok mundi menn þar fá fréttir, ef þat væri eigi flokka-menn. Var þar skipaðr til Magnús Jónsson, ok vóru þeir sex af Þorvarðz-mönnum, Þórðr Hitnesingr af Þorgils-mönnum, þeir vóru átta; Þorbjörn nef af Sturlu-mönnum, ok vóru þeir fjórir. Þessar ferðar vóru flestir ófúsir. Þeir riðu upp eptir mýrum ok stefndu fyrir þá. Hinir riðu seinlega; ok er þeir fundusk, var þar Eyjólfur ábóti, ok nökkurir munkar með hónum ok kenni-menn. Þeir spurðu ábóta hvat hann vissi til Eyjólfss ok Hrafns; en hann segir, at þeir lágu upp í Rauða-hjalla yfir Kaupangi; 'Ætla þeir,' segir hann, 'at hlaupa þegar ofan á flokkinn, er þeim þætti færi á vera. Hefir ek,' segir ábóti, 'sent menn til þeirra Þorgils, at segja þeim at þeir væri sem varastir ok gefi eigi færi á sér; en ek mun koma brátt þangat til yðar. Reið ek því til þeirra at leita um sættir; ok þótti mér þeir mæla um þat eigi ólfslega, en vera þó treglegir.' Reið ábóti þá; en þeir Þórðr til Þverár innar lítlu, ok mótuðusk þar. Síðan riðu þeir til mótz við þá. Þorgils. Þeir Hrafn ok Eyjólfur höfðu séð reið þeirra Magnúss ok Þórðar. Skipuðu þeir til sveit, at ríða at þeim ef þeim þætti færi á; var þar fyrir Svarthöfði Dufgusson; en þó frestaðisk, fyrir því at þá bar fyrri ofan at flokinum en þá varði. Lítlu síðarr kom ábóti í Þórunnar-ey, ok segir þeim Þorvarði ok Þorgils sætta-umleitan þá er hann hafði haft við þá Hrafn ok Eyjólf; kvað hann þá bjóða at leggja mál þeirra Þorvarðz öll undir jafna hönd, ok sættask at því, en skilja undan héraðs-sektir ok útan-ferð, ok ríki þau öll er Þórðr Sighvatzson hafði þeim skipat. Töludu þeir þar mart um. Var Þorvarðr eigi fjarri sættum, ok görði þann kost, at mál þeirra mundi fara í jafnaðardóm; en Eyjólfur skyldi fara útan ok láta lausar sveitir. Hrafn skyldi hafa sveitir sínar vestr í Fjörðum, ok vera eigi vistum fyrir

[III. 244: ix. 30.]

sunnan Gilsfjörð. Ábóti mælti: 'Hér er langt í milli; þeim þótti Oddr hafa unnit til óhelgi sér, ok gört óhæfur í héraði, er hann tók með ráni ok hét þeim atförum; en Eyjólfr sagðisk hafa konungs-bréf ok skipan í Skagafirði; þóttisk eiga stór-sakir á Þorgilsí ok Sturlu fyrir atfaran, en vera saklauss. Þat mæltu þeir ok,' segir ábóti, 'at þeim sýndisk at mál þeirra öll færi undir konungs-dóm, ok færi útan at sumri, annarr-hvárr eðr báðir, Eyjólfr ok Hrafñ; ok annarr-hvárr eðr báðir Sturla eðr Þorgils; en Þorvarðr fyrir sítt mál; ok væri þá undir konungs dómi¹ sætt ok sveitar-skipanir.' En þeir Þorgils ok Þorvarðr vildu þat víst eigi; vildu þeir at Eyjólfr færi útan sam-sumars, ok rýmði sveitir norðr þar. En Þorvarðr tók eigi af fyrir útan-ferð sína at sumri, ef hann yrði liðugr til. Þorgils lézk eigi útan fara mundu nema konungr sendi hónum orð. Sturla kvazk ekki þat gört hafa, svá at hann vissi, at hann þyrsti land at flyja, ok þótti þeir gört hafa sér grýlur um sumarit; var hann eigi mjök sætt-fúss. Ábóti segir þeim, at hónum þótti búnaðar-munr mikill, ok þótti vera it mesta hætturáð at berjask; 'En sá mun á baugi ef eigi er sætkz.' Sturla mælti: 'Má vera at minni hætta verði, en til er hugat; segir mér svá hugr um, at Eyjólfr muni mjök fyllt hafa sína lífdaga.' Þeir Þorgils ok Þorvarðr kvóðusk á mundu hætta at berjask með guðs miskunn, ef eigi væri þeirra sætta unnt, er þeim gætisk at. Fór ábóti þá við svá búit til þeirra Hrafnar; ok vildu þeir eigi þessi sætt játa; tók Eyjólfr eigi fyrir útanferð at sumri, en þver-knýtti at láta hérað fyr en þat væri konungs vili; en Hrafñ var í allri sætt tregari, ok fúsari at berjask. Þóttusk þeir hafa sanna frétt at liðs-asli var lístil en búningr minni; hafði þeim ok jafnan veitt léttlega at berjask, ok hugðu þeir at enn mundi svá vera. Göra þeir nú þau orð með ábóta, at þeir skuli finnask á grundinni hjá Þverá fyrir norðan, ok berjask til umskiptis; standa jafn-fram, ok stelask hvárigir at öðrum. Fór ábóti nú ofan til þeirra Þorgils, ok segir at eigi gangi sætt saman at þessum boðum, [ok] þeir buðu at berjask á Þverár-eyrum til umskipta. Kjöru þeir Þorgils heldr at berjask. Ábóti mælti: 'Pann kjósa nú hvárir-tveggju sem verr gegnir; em ek,' segir hann, 'heit-bundinn at láta þá Hrafñ vita hvat upp væri tekit.' En er þeim Hrafnar ok Eyjólfi kom þessi orðsending, urðu þeir glaðir við þetta ok lið þeirra.

¹ dómi] add. by conject.; om. Cd., V.

[III. 245: ix. 31.]

Stendr þá Hrafn upp ok talar fyrir liðinu; ok segir þeim, at nú er þar komit, at skamt mun at bíða bardaga. Bað þá alla menn segja sfnn vilja, heldr en sfðarr, 'Ef nökkurir eru þeir menn er eigi vilja berjask; munum vér öngum óþökk fyrir kunna þeim sem nú segja, þótt eigi vili berjask; en hlaupa þá eigi frá oss er vér komum í raunina.' Auðunn Seldæll mælti: 'Eigi væri mér þannig, ef ek væra feigr.' Þá svarar Eyjólfr: 'Þat er geta míni at þeir munu silla gefask, hverju sem þeir hétu; væri þat eigi fírr mínu skapi, at hætta eigi at sinni. Er þat eigi síðr mítt hugboð, at eigi sé víst hvárt vér sigrumk á svá stórbornum mönnum á fjölda-fundum, þótt oss hafi veitt vel í áhlaupum með skyndi-ráðum eðr skjótum atburðum. Ætla ek mér, Hrafn, eigi at renna frá þér í dag, þótt vit komim í nökkura ræn; enda treysti ek þér vel, at þú munir eigi renna frá mér.' Hrafn kvazk eigi mundu renna, eðr láta elta sik um sveitir við svá fræklegt lið; 'Þykki mér vit hætt hafa á óvænna, ok hefir vel dugat; vættir ek ok enn, at sú auðna fylgi oss til sigrs sem fyrr, ok sé eigi enn frá oss horfin.' Bjoggusk þeir þá til ofan-reiðar ok höfðu lið fræklegt ok búning góðan. Vóru flestir menn fúsir at berjask.

289. Nú er þar til máls at taka, er þeir Þorgils ok Þorvarðr ok Sturla biðja nú lið sít búask til bardaga, hvern eptir sínum föngum. Ok er þar hart frá at segja, þvíat vápna-búnaðr var all-lítill; höfðu Austfirðingar skjöldu nökkura en Vestan-menn fá eina. Þorvarðr talaði þá enn fyrir liði þeirra, ok hét þá af nýju vináttu sínni öllum þeim mönnum er með hónum berðisk. Þetta var næsta dag fyrir Þorláks-messu um sumarit. Þá var heitið á Allzvaldanda Guð, ok inn heilaga Thorlak biskup, at allir þeir menn, sem heilir kæmisk þaðan, skyldi fasta dag ok nótt fyrir Þorláks-messu annat sumar, ok syngja Psaltara; en sumir hétu at fasta æfinlega,—fór þat þá með handtökum,—ef þeir sigraðisk. Gengu menn þá til skiptar, ok bjoggusk síðan. Stíga þá á bak, ok ríða upp á grundina til Þverár. Stigu menn þar af baki ok bundu hesta sína. Tók Sturla þeim stað hvar þeir skyldu berjask þar sem hónum þótti grjót auð-fengit, en þó slétt at standa. Var þá skotið á fylking. Vóru menn Þorgils í inn vestra fylkingar-arm; skipaði hann þar fyrir Einari Halldórssyni ok Þórði mági sínum. Par vóru þeir menn, er upp höfðu staðit í Skagafirði; var fyrir þeim Ásbjörn Íllugason. Þorgils kauss af liðinu núi menn, en

[III. 246: ix. 32.]

hann var inn tíundi; ætlaði hann at þeir skyldi þar fram koma sem mest þótti manna við þurfa. Sturla var í miðri fylkingu, ok með hónum Ögmundr Helgason. Þorvarðr var í inn eystra fylkingar-arm, ok Austfirðingar með hónum. Eyjólfur ábóti vildi enn sættum á koma, ok ganga á milli; en Þorgils segir at þat mundi til einkis koma, ok þeir sjálfrir mundu á sættask. Ábóti kallar á bræðrna ok aðra kenni-menn, ok bað þá frá ríða; ‘Þvíat ekki vinnu vér hér.’

290. Nú ríða þeir Hrafn ok Eyjólfur ofan af hjallanum, ok stigu af baki, ok bundu hestana; skutu síðan á fylking, ok slógu upp herópi, ok gengu at ofan. Í þessu bili féll sá maðr í óvit í liði þeirra Þorvaldz ok Þorgils er Þórðr krabbi hétt, ok var Sigfússson; ok er hann raknaði við, segir hann mönnum at hann þóttisk sét hafa fyrir liði þeirra Hrafnar ok Eyjólfss þann óhreinan anda, er hann átti eigi stað við at sjá; ok því féll hann niðr. Segir Sturla svá í Þverár-vísum, at Þorgils vakði fyrst bardaga þenna:—

Þik sá ek Þorgils veikja þing-mót Héðins snótar;
járn-faldinn gékk aldar oddr í ferðar-broddi.

Nú sigu saman fylkingar. Hljópu þeir Hrafn þar at ofan er þeir Einarr ok Þórðr stóðu fyrir með sveit Þorgils. Hrukku þeir við verr er fremstir stóðu, en hinir grýttu er síðar gengu; ok þótti þeim Hrafnar þar hart við at eiga; ok létt hann svísa þaðan frá, ok þangat sem þeir Helga-synir voru. En Þorgils var fyrir miðri fylkingu hjá Sturlu, þvíat þar var mest þörf, ok barðisk ágæta-vel, ok þótti annars-staðar auðvellra á at sækja en þar er hann var fyrir. Þorgils hafði mikit lið haft af Snæfellz-nesi vestan með sér, sem fyrr segir; ok veitti hann Þorvarði mikit lið með sjálfs síns framkvæmð ok rösklegri framgöngu. Þess getr Sturla í drápu þeirri, er hann orti um Þorgils:—

Veitti hjörva hættir (her-garða) Þorvarði;
norðr fór herr með hirði harðr til Eyjafjarðar:
Ok valkóstust vestan veðr-blikis liði miklu
herði-baldr at bildi hjálm-faldinn pröng aldri.

Sturla gékk í fyrstunni ¹ fram frá öðrum mönnum; hann hafði panzara ok sverð, skjöld ok stálhúfu. Þorgils mælti við hann, hví hann færí svá óvarlega. Sturla mælti: ‘Lát mik sjá fyrir báti

¹ fram frá] here begins the fourth column of the mutilated leaf in B; see p. 193, foot-note.

[III. 247, 248: ix. 32.]

mínum sem auðit má verða, eðr sér . . . ga ekki, eptir þeim þvíat þeir ero . . .¹ Þorgils hljóp fram til hans; ok segir, þeir skyldi báðir saman vera. Þessa getr Sturla í Þorgils-drápu, er Þorgils gékk fram fyrir skjöldu ok barðisk all-djarflega:—

Rym-gæðir nam rjóða ríkr val-slöngu bríkar
út, þar er aldir létusk, oðd í ferðar-broddi:
Hlíði brjóst, en brustu brand-orpin sky randa,
(höldr gékk hvatt fyrir skjöldu) hring-drífs frömu lífi.

²Nú þá er þeim Hrafni ok hans félögum sveif frá þeim Einari ok Þórði, þá eggjaðu þeir at fram skyldi ganga fylkingin, ok herða á eptir. Beygðu þeir Þórðr ok Einarr at þeim þann fylkingararminn, ok hlutu þá hvárir-tveggju nökkura áverka. Sveif Hrafn þá undan, ok þar at sem Þorvarðr var fyrir ok þeir Austfirðingar; gékk Auðunn á aðra hönd hónum, en Eyjólfur Eyjólfsson á aðra hönd ok fylgðar-menn Hrafnar aðrir, ok börðusk allvel. Lagði Hrafn þá þegar til Þorvarðz ok hvárr til annars, ok kom í munni hvárum-tveggja, ok varð hvárr-tveggi sárr, ok þó Þorvarðr meirr sárr. Þá lagði Þorvarðr til Auðunnar báðum höndum, ok kom á hann miðjan, ok féll hann svá við at fótunum kastaði fram fyrir höfuðit; en svá var hann örugglega búinn at hlísum, at ekki gékk á. En þó höfðu menn þat fyrir satt, at hann meiddisk fyrir laginu. Þorgils var þar í orrostu er ströngust var, ok barðisk bezt sínna manna; gékk þar ok ekki á er hann var fyrir; hrukku menn fyrir hónum, þvíat hann lagði hart ok tit, en hjó stórum. Hann lagði til eins mannz

¹ eðr sér—ero] add. B (the ends of the two lines are cut off).

² The remainder of the column of the mutilated leaf in B contains a much-abridged text; the edge is cut off, but the stumps of the lines remain, thus:—

Eyjolfr ok Rafn . . . in ok varð því hart mótt með . . . o rosquir oc hvatir. Aug . . . Fagraness maðr ok í liðe með . . . ne oc lét sem hann étti ecki . . . til hans iakasa. Rafn átti við . . . framarst í orrostonne. Rafn lagðe . . . man í stál háfuna oc í geg . . . þat bana sár oc féll hann þegar . . . eptir þat mættuzt þeir þor . . . í munni öðrum. Svá . . . Gingi ij tenn or . . . skilde með þeim . . . maðrinn var . . . í enn syðra . . . hvárt hann véré . . . ufunne hann . . . þá var sótt at . . . nær ok sveit . . . þorvarðara . . . at eiga. en síðan . . . first hónum var hans mótt . . . al lið þeirra Ey. ok . . . Asgr. Þorste. s. ok þeir xxx . . . gr fór með þeim. hann var sárr . . . í Möðrufell til Óláfs Jons . . . grædde Ól. hann síðan. þeir Rafn (here ends the mutilated leaf and begins the next whole one), riðu þegar um nóttina vestri Skialgdals heiðe. námu þeir eigi fyrr staðar en í Gelldinga holte. Nú er at segia frá Eyiolse . . .; see the foot-note in the following page. The encounter between Thorvard and Rafn is here more minutely told than in A, (e. g. the loss of the two teeth.) Neither is the healing of the wounds by Olave in Madrefell mentioned in A; but being unable to fill the stump-lines, we leave them in the foot-note just as they stand.

[III. 248: ix. 32.]

svá at herðarnar kómu niðr á grundina; en svá var hann búinn at ekki gékk á; hann stóð seint upp. En er þeir Þorvarðr ok Hrafn vóru skilðir, snýr Hrafn þar at sem Austfirðingar vóru. Gengu þeir Hrafn svá fast at, at hinir hrukku fyrir, ok gengu þeir í gegnum fylkingina. Féllu þar nökkurir menn af Austanmönnum. Ögmundr prjónn hétt maðr, hann var Fagraness-maðr; hann var í liði með Þorvarði. Hann sótti at Hrafni, svá sem hann ætti ekki annat at göra en höggva til hans í ákafa. Hrafn átti við fleirum at sjá; lagði hann þá til Ögmundar, ok kom framan í stálhúfuna ok í gegnum hana; ok var þat hans bana-sár, ok féll hann dauðr til jarðar. Þar féll ok Óláfr frá Bustarfelli, ok enn fleiri menn aðrir. Féllu þar ok nökkurir menn af Hrafni. Svá segja menn er Þorvarðr sékk áverkann af Hrafni, at hart var við hann at eiga áðr; en síðan þóttisk sá bezt hafa er hónum stóð first hans móttöðu-manna. Tók þá ok at riðlask lið þeirra Eyjólfs. Ok þá stókk Hrafn ór bardaga, ok Ásgrímr Þorsteinsson, ok þeir þrír tigir saman. Sér Hrafn at þrotin var ván sigrs. Snýr hann þá til hestz síns, ok steig í stigreipit, ok ætlaði á bak, ok gékk eigi, þvíat hann var þrotinn mjök af mæði. Þá lypti Þorsteinn hvítakollr hónum á bak; hann var hesta-sveinn þeirra, ok hafði eigi verit í bardaga. Ríða síðan í brott. Þeir Hrafn riðu þegar um nöttina vestr Skjálgdals-heiði. Námu þeir eigi fyrr staðar en í Geldingaholti.

291. ¹ Eyjólfr Þorsteinsson stóð í miðri fylkingu þeirra Hrafns

¹ The whole narrative from Eyjólfr Þorsteinsson stóð to the end of the following chapter is much abridged in B; yet some items are here found which are not in A, those are marked by italics:—

Nú er at segia frá Eyjolfe, þá er þyntiz lið um hann *leitaðe hann þá undan upp á grundina*. Þá var hann tekinn af úvinum sínum, var þá tekin af hónum stálhúfan. Sá maðr hið í höfuð Eyjolfe með eyxe er Kimbi hétt. var þat bana sár. þá kom at Þorvarðr, ok lagðe í munn Eyjolfe. var þat ok mikit sár. ok fleiri áverka hafðe hann. Auðunn seldæll lézt *fyrir sunnan ána*. hann var lítt sár ok sprack miok af mæðe þvíat hann hafðe borit sik miok vápnum. Snört bróðir hans fór í síðarsta lagi af betrom mönnum ok komzt í kirkiu at Þverá, ok heitaðist Þorvarðr at draga hann út ór kirkjunne áðr hann náðe bryniunne af hónum þeirre er Oddr bróðir Þorvarðr hafðe í Gelldinga hollte þá er hann var veginn. Eyjolfr son Eyjolfs Kárs sonar létz þar, *ok var hogginn í sundr í miððmunum*; hann var Rafns maðr. Þar létz ok Halldórr bóndi af Skarsfjörðum (!), Helgason, *hann var frænde Eyj. Þorst. sonar*. *Gudleif Ásgríms** dóttr var móðir hans. viði menn létuðt af þeim Michaels messo um haustið. Þorvarðr reið á Grund eftir bardagann, en þeir Sturla

* Ásgríms] so the paper transcripts, now cut off.

[III. 249 : ix. 33.]

öndurðan bardagann, ok barðisk vel ok drengilega; ok gékk þar eigi lengi á er hann var fyrir; stóð hann fast ok þeir sem hónum fylgðu. Eyjólfir hafði fengit steins-högg framan á¹ brjóstið í bardaganum; varð hónum við þat heldr erfitt; vóru hans atgörðir þaðan af minni en ellegar mundi. Gékk þá bardaginn sem snarpast um hrið. Sóttu menn þá fast at Eyjólfi; angraði hann þá mæði. Var þat mjök jafn-snrimma at þá brast flóttinn í liði þeirra Hrafnar ok Eyjólfss. Vildi hann þá leita til hestz síns. En er hann tekr stigreipit ok ætlar á bak, hljóp í því at hónum Jörundr gestr, ok preif um hálsinn, ok hneykði á bak aprí, ok felldi hann, ok fór á hann ofan, ok rak af hónum stálhúfuna. Kom þá at Þorvarðr ok menn hans, ok spurði hvern hann hefði þar undir. Jörundr svarar: ‘Ek kenni hann full-görla, at hér er Eyjólfir Þorsteinsson.’ Gékk Þorvarðr þá at, ok tók spjótið tveim höndum ok lagði til Eyjólfss; kom þat lag í munninn ok niðr í gegnum hnakkann við vellinum. Sá maðr hjó í höfuð Eyjólfi er Kimbi hét með breiðöxi; ok greinask menn at hvárr fyrri áverki varð. Kimbi var síðan dreppinn; ok segja menn þat væri af ráðum Hrafnar fullkomlega.

292. Þessum atburðum mjök jafn-fram sem nú var frá sagt, görðisk þat sem fyrr var ritað, at Hrafn reið í brott ok vestr Skjálgasdals-heiði. Er þat skjótast af at segja, at hann létti eigi fyrr en þeir kómu til mótz við Þorleif; hann var kominn sunnan á Arnarvatn-heiði með flokk. En nú er at segja frá þeim mönnum er eptir vóru á Þverár-fundi, at þeir leituðu undan, sumir í kirkjur, en sumir í bæna-hús. Sumir vóru þar teknir, ok flettir vápnum ok klæðum; sumir beiddu griða. Þorgils var góðr af griða-gjöfum. Þorgils hitti á grundinni í flóttanum Auðun Thomasson. Spurði Auðunn ef Þorgils vildi gefa hónum grið. Hann kvazk þat gjarna vilja, ok spurði ef hann væri nökkut sárr. Hann kvazk ekki sárr vera, en ákaflega móðr. Auðunn kvazk vilja vera eptir ok hvflask. Þorgils setti eptir hjá hónum Ingimund bróður sínn ok Dal-Jón, at gæta hans. Auðunn settisk niðr við árbakkann ok kvazk þyrsta. Ingimundr gaf hónum at drekka þrim ok Þorgils til Rafnagils. Brátt eptir fundinn reið Þorvarðr austr til Fiarða; en þeir Þorgils vestr. Rafn var þá undan riðinn vestr til Fiarða ok þeir Ásgrímr báðir með sína sveit. *Eyjólfir Þorsteins son var færðr til Munka-Þverár ok grafinn hjá Sturlu Sighvatz syne.* Sá maðr bjó í Miðium dal, etc. See the foot-note, pp. 219-221.

¹ framan á] here begins the twenty-fourth and last vellum leaf of A, only half a leaf (the other half being cut off and the rest black and hard to read).

[III. 250: ix. 33.]

sinnum. Síðan hné hann aptr, ok dó lítlu síðarr. Þorgils reið til bæjar upp til Þverár innar Lítru; vóru þar margir menn í bænahúsi. Þar var kominn Svarthöfði Dufgusson undir bænahússvegginn ok var hann særðr meizla-sárum, högginn um þvert andlitið; hann bað griða heldr ákaflega. Þorgils gaf hónum grið. Þar var ok tekinn Óláfr Óláfsson; bað hann sér griða, en Þorgils var í því heldr tregr. Sótti Óláfr þá at Þórð Hitnesing at biðja sér griða; ok því jáði Þorgils um síðir. Þeir Þorgils ok Þorvarðr riðu upp eptir héraði til Munka-Þverár, ok vildu vita hvárt Hrafn hefði eigi þar komizk í kirkju. En er þeir kómu þar, var ábóti heim kominn, ok segir, at Hrafn var eigi þar. Riðu upp aptr allt þar til er þeir kómu í Þórunnar-ey; samnaðisk þangat flokkrinn ok vóru þar þat er eptir var nætrinnar. Þorláks-messu-dag riðu þeir upp á eyrina þar sem bardaginn¹ hafði verit; ok sá þar tíðendi slík sem orðin vóru. Lágu þar líkamir þeirra er fallit höfðu, en sumir vóru brott fluttir. Þessir menn fíllu þar: Eyjólfur Þorsteinson, Eyjólfur Eyjólfsson, Auðunn Thomasson, Halldórr af Skinna-stöðum, Þorkell inn mikli. En allz fíllu af þeirra liði átta menn eðr níu. En af Austfirðingum fíll: Ögmundr prjónn, Óláfr frá Bustarfelli, ok enn fleiri. Sextán menn eðr seytján fíllu í bardaganum, en margir urðu sárir. Tóku þeir til at berjask milli miðs-aptans ok náttmála; en eptir sólar-fall var þat er flóttinn brast. Þar vóru margir menn bæði flettir vápnum ok klæðum; ok urðu inar mestu hrakningar. En þat var lengi öndverðan bardagann at þeim Eyjólfí þótti horfa hvergi óvænna; en þessi varð endir á sem margir menn vitu, at Eyjólfur lézk þar; en þeir höfðu sigr, er óvænna þóttu út sigla. Um morguninn riðu þeir Þorvarðr ok Þorgils upp á Grund; þar kom Eyjólfur ábóti ok margir kenni-menn með hónum; vóru menn þá leystir til samneytis. Finnbjörn bóndi hafði fengit sár í bardaganum, ok var hann lagðr í óstinn; þótti þat sár litið at sjá, en þat varð at miklu. Var Finnbjörn hress í ferðum með Þorvarði um summarit; en þat sár leiddi hann til bana. Andaðisk hann um haustið Michaelis-messu-dag. Var eptir hann inn mestimann-skaði².

¹ bardaginn] emend.; flockrinn, vellum leaf (and Br.).

² Between chapters 292 and 293 B adds the following dream-narrative. The vellum leaf in B is very rotten; the words which are mouldered away are here taken from the paper transcripts of the seventeenth century, and are, wherever there is any doubt or difficulty, marked thus []:-

Sá maðr bió suðr í Miðum dal skamt frá Laugarvatne er Páll hét. hann var

[III. 251, 252: ix. 34.]

293. Þorláks-messu-dag var fundr stefndr við Djúpádals-á; kómu þar til margir héraðs-menn. Var þá talat um tíðendi þessi, fráfall Eyjólfss bónða. Beiddi Þorvarðr sér viðtöku af bónnum;

prest maðr ok góðr búpegn, kona sú var með hónum er Jóreiðr hét ok var Hermundar dóttir. Þetta dreymðe hana Jóreiðe xvi vетra gamla þar í Miðium dal um messu Máriú messu (!) Magdalene í kirkju. Þá var eigi spurt fall Eyjólfss Þorsteins sonar, hon póttitza vera úte þar á hlæði í Miðium dal. hon sá kono ríða vestan fyrir hlæði á grám hestí í döckum klæðum, mikill var hestrinn ok svá konan. Jóreiðr póttitza spyria hvaðan hon kom at. ‘Norðan kom ek at,’ sagðe hon, ‘or Násheim.’ ‘Hvat veitztú til þorvarðar?’ segir mærin. ‘Þat veit ek allgorla,’ segir draum konan:—

[Hann er hurð fyrir heim] bryniaðr í sveini
eru brennu-menn [þá] mann hundar hiá.

‘Er þat nokkut mark [er þú segir mer]?’ quæð mærin:—

‘Mark er þér sem þínun főður
ok öllum yðrum átt niðiungum.’

‘Hvar ero brennu-menn?’ quæð mærin. Hon s.:—

‘Eru menn þá er þeim vegnar svá,
helldr vísa ek þeim í heliu heim: í h. heim.’

‘Hvat ætla þá er þeim vegnar svá?’ (quæð mærin.)

‘Þá ætla þeir með illvilia sínum at koma heiðne á allt landit.’ Þá vaknaðe Jóreiðr. Enn dreymðe Jóreiðe vi nótum síðarr ok sá þessa sömu konu, ok spyrr hvaðan hon kom nú at. ‘Norðan ór sveitum,’ segir hon. ‘Hvat veitztú nú til þorvarðar?’ segir hon:—

‘Nú er þorvarðe þróngt um hiarta
þó er buðlunge bót it næsta: bót it næsta.’

‘Hvat er um Steinólf bróður hans?’—

Nú er Steinólfur í styr-straumi
aa stagle píndr með Agle.
Vertú vinr vinar míns
enn ek man með svinnum at saka bótum.

Þá vaknaðe hon. Þá spurðizt suðr þangat fall Eyjólfss ok þau tíðendi önnur sem þar urðo. Enn dreymðe Jóreiðe at þesse kona kom at henni. hon var þá í blám klæðum, ok sýndi henni konan mikilúðlig. Hon reið þá enn grám heste. hon mællte [við] hana: ‘Hví spyrr þú mik engis, ok eigi at nafne?’ Mærin svarar: ‘Mér er ótte at þér. en þó vil ek nú vita hver þú ert eðr hvat þú heitir.’ Hon segir: ‘Ek heiti Guðrún Giúka dóttir.’ ‘Hví fara heiðnir menn hér?’ quæð mærin. ‘Aungu skal þik þat skipta,’ sagðe hon, ‘hvárt ek em Kristin eðr heiðin; en vinr em ek vinar míns.’ ‘Hvat veitztú nú til Gizurar þorvalldz sonar?’ quæð mærin. Hon svarar:—

‘Minnir millding morgin sáran,
hvárt man Gizure ganga at óskum?
Villde ek at óskum oðlings s. (!)
öll æfse sin eptir genge.’

‘Hversu er þá,’ segir mærin, ‘ef svá ferr.’ ‘Þá ræðr hann Íslande til alldr-slita,’

[III. 253, 254: ix. 34.]

ok flutti þat með hónum Þorgils ok Sturla; varð at því lítill rómr. Orti Þorvarðr á um órskurði við bændrna, Porvarðr ór Saurbæ, Hall af Möðruvöllum, Örnólf ór Miklagarði, ok enn fleiri aðra. Þorvarðr ór Saurbæ svarar fyrst, lézk eigi ráð eiga meirr en eins mannz; ‘Má ek vel sæma við hann, en þat er bezt at engi sé. Þeir Hallr sögðu at þeir mundu eigi taka ráð þessi fyrir hendr bónnum. Gengu bændr þá á eintal. En er þeir höfðu talat um hríð, gengu þeir aptr á fundinn. Sagði Þorvarðr, at þat var samþykti bónda at þeir vildu eigi taka við hónum í hérað; ‘Er oss Þorvarðr sagðr inn mesti ofsa-maðr, en févani mjök, en eigi þó at svara stórum vandræðum. Vilju vér bíða þess er Hákon konungr ok Þórðr Sighvatz-son göra ráð fyrir.’ En er Þorvarðr skilr, at eingi er þessa kostr, þá riðu þeir af héraði ok vestr til Skagafjarðar. Gisti Þorvarðr á Silfra-stöðum, en Þorgils í Flata-tungu. Var þá fundr stefndr við Valla-laug. Kómu þar til bændr flestir. En um daginn er þeir riðu ofan eptir Jökulsár-bökkum talask þeir við, Þorvarðr ok Þorgils, um liðveizlu þá er Þorvarðr hafði heitið Þorgilsi um¹ til héraðs í Skagafirði. En Þorvarðr segir draum konan. ‘Er þér vel til hans?’ segir mærin. ‘Harðla vel,’ sagðe hon. ‘Hvernig er þér til þorvarðar?’ sagðe mærin. Hon svarar: ‘Allir þicki mér þeir góðir fuglar er hátt fliúga.’ ‘Hversu er þér til Rafns?’ sagðe hon. ‘Leiðir eru mér allir svartir fuglar,’ sagðe draum konan. ‘Hvernig er þér til Þorgils skarða?’ sagðe mærin. ‘Íllir þicki mér allir þeir fuglar er í sitt hreiðr skíta.’ Þá quæd hon:—

‘Seg þú þorvarðe þessa grímu
ungum aud-skata, ef þik [eptir spyrr,
En þótt] þik eigi eptir fregni
þó skalltú segja [syne oddvita].’

‘Nú hefir þetta þrysvar borit fyrir þík, enda v[arð] þrysvar allt forð]um. þat er eigi síðr, at góð er Guðs brennung.’ Þá vaknaðe hon. Um haustið er nött tók at myrkva, dreymde hana á leið fram. Eina nött dreymde hana þat Jóreiðe at þessi kona reið austan fyrir hlaðit þar í Miðum-dal ok hafðe mann bundit í tagl hestinum. Jóreiðr spyrr, hverr þar være svá hardliga leikinn. Draum konan quæd þar vera Eyiólf Þorsteins son. ‘Skal ek nú launa hónum,’ sagðe hon, ‘er hann dró Hall Gizurar son um klakann á Flugu myré.’ Ok þá keyrðe hon hestinn, ok hleypte út, ok suðr eptir túninu, oc quæd þetta:—

‘Þá var betra er fyrir baugum réð
Brandr hinn örve ok burr Skata:
Enn nú er fyrir löndum ok lengi man
Hákon konungr ok hans synir.’

Þá vaknaðe Jóreiðr.

B then omits the next twenty-three chapters (293–315), p. 248 of the present edition.

¹ um] thus Cd., V.

[III. 254, 255: ix. 35.]

færðisk ór fangi; segir þar einskis mundu sín orð metin. Þar var hjá Finnbjörn; gékk þá í nökkur grein með þeim Þorgils ok Þorvarði. Finnbjörn mælti: 'Mikla fylgð ok góða áttú at launa Þorgils, ok mikil hefir hann til sæmðar unnit við þik, ok góðu hefir þú hónum heitið.' Ok mælti at hónum nökkurum orðum. Þorvarðr kvazk allt halda mundu við Þorgils þat er hann hafði hónum beztu heitið, ok hann átti undir sér. Þótti hónum Þorgils eigi verit hafa tillaga-mikill í Eyjafirði. Riðu þeir þá til fundar; var þá komit fjölmennt. Beiddisk Þorgils þá af bónnum, at þeir tæki við hónum til höfðingja yfir héraðit; talði til frændsemi við Kolbein at réttum erfðum; þóttisk næst kominn til rkis í Skagafirði. Broddi svarar þar fyrstr manna; ef hann skyldi þar nökkurum höfðingja þjóna vildi hann helzt Þorgils; en betr at þjóna öngum, ef hann mætti kyrr sjásk. Sturla flutti þetta mest manna ok Ásbjörn. Í þessu kom Þórarinn [prestr] kaggi sendr af Heinreki biskupi; las hann þar upp bréf. Stóð þat á bréfi því, at biskup kallar Þorgils ok Þorvarð í banni ok alla þá menn er á Þverár-fundi hafa verit, ok farið með ófriði þangat á sveitir í móti þeim Eyjólfi ok Hrafni. Fyrir-bauð hverjum manni at taka við Þorgils í hérað, ok hét þeim banni ok asar-kostum er at því yrði kunnir. Var þá því lokit, at bændr mundi nökkurn kost á göra at taka við Þorgils. Lagði Þorvarðr þar ok ekki til. Segir Þorgils bónum, at hann var eigi heldr héraði horfinn, ok hann mundi til leita þegar hann þættisk föng á hafa, ok hirða eigi hvat biskup segði. Broddi kvað allt¹ mega þó nauðugr skyldi². Skilði svá þenna fund, ok töluðu þeir Þorgils ok Broddi lengi hljótt. Þat spurðisk vestan ór sveitum, at Hrafni var kominn til mótz við Þorleif, ok þeir höfðu flokk mikinn; voru þar Borgfirðingar. Þat er ok sagt, at Hrafni léti samna mönnum um Dali; ok þótti þá eigi friðlegt at ríða vestr á sveitir. Beiddi Þorgils Þorvarð at ríða vestr með sér; en hann bauð at fylgja hónum um Borgarfjörð til Bláskóga-heiðar. Þorvarðr þóttisk eigi til hafa hesta-kost, ok talðisk undan alla vega at fylgja hónum í Vestfjörðu, en bað hann³ Þorgils at ríða austr í Fjörðu með svá marga menn sem hann vildi, ok vera þar til þess er lyki málum þeirra. Finnbirni bauð Þorgils

¹ allt] twice, vellum leaf. ² allt mega þó nauðugr skyldi] thus? 'allt mega þó nau... ugr skilldi,' the vellum leaf as it seems, because at the edge of the column one or two letters are cut off; the saying seems to be equivalent to 'Necessity is the mother of invention.' ³ hann] thus vellum leaf.

[III. 255, 256: ix. 35.]

at riða vestr með sér¹, ok vera þar við sjauda mann. Þóttiz hann vera van-fárr sakir sárs þess er hann hafði fengit, ok þótti hann lítill aflu; ok vildi hann þat eigi. Skilðusk² þeir Þorgils ok Þorvarðr við Vatz-skarð; var þar skilnaðr laglegr. Pakkar Þorvarðr þá enn af nýju Þorgilsi liðveizlu, ok hafði uppi in fegrstu fram-heit. Þorgils svarar því fálega. Reið Þorgils vestr Vatz-skarð. En er hann kom í Langadal, þá voru þar slískar fréttir allar sem fyrr höfðu verit af þeim Þorleifi ok Hrafní. Þá görði Þorgils Þórð Hitnesing, ok þá tólf saman, at þeir mundu riða um fjöll fyrir ofan allar bygðir, ok koma til mótz við hann í Haukadals-skarði; ‘En ek vil riða it fremra.’ Þórðr skyldi ok riða til mótz við Þorgils, ef hann yrði varr við flokkinn. Þeir Þórðr riðu þar til er þeir kómu fyrir Vatzdals-botn; fundu þeir þar Gelli Pálsson, ok Lýting Arngeirson, Sigmund Gestz-son. Þeir voru sendir af Þorleifi á njósni at vita um ferð þeirra Þorgils ok Þorvarðz. Kvöddusk þeir kynnilæga, ok sögðu hvárir öðrum lausnar-tíðendi. Segja Borgfirðingar Hrafn hafa komit til mótz við þá á Arnarvatn-heiði, ok beitt Þorleif, at hann mundi riða með þeim norðr at þeim Þorgilsi ok Þorvarði; en Þorleifr vildi hvergi riða á sveitir með flokk, en bauð Hrafní at riða til Borgarfjarðar, ok lézk þá mundu verja hann með Borgfirðingum, ef hann væri þangat sóttr. Hrafn vildi þat eigi. Sögðu at hann reið heim til Sauðafellz; ‘Ok hyggju vér at hann sé heldr fjölmennr.’ Skilðusk þeir at því; ok riðu þeir Þórðr þá til Miðfjarðar ok leituðu þar til farar-skjóta. Riðu síðan í Haukadals-skarð, ok kómu þar um myrk-nætti sem Þorgils var, ok svaf allr flokkrinn. En er þeir riðu at, varð af dynr mikill; vöknudu menn við þat. Vindr var af land-suðri; en þeir höfðu sett upp spjót sín. Þeir voru mjök svefn-vana. Einarr bóndi spratt upp fyrstr manna, ok þreif til spjótz síns ok mælti: ‘Nú riða djöflarnir hér at oss; sprettum upp ok dugum vel!’ Þórðr mælti: ‘Menn riða at, en eigi djöflar.’ Ok þá kenndi Einarr mennina. Þorgils spratt upp, ok nökkurir menn fleiri; sagði Þórðr þau tíðendi sem hann hafði spurt. Riðu þeir Þorgils þá, þegar þeir voru búinir, þar til er þeir kómu at Vestliða-eyri. Þar áðu þeir mjök lengi. Menn ræddu um, at þat væri óráðlegt, svá fjölbygðar sveitir sem þar voru, at riða þar um. Þorgils kvazk eigi

¹ Finnbirni—sér] thus vellum leaf. ² skilðusk] here ends the twenty-fourth and last vellum leaf of A.

[III. 257: ix. 36.]

vilja hlaupa um horn Hrafni, svá at hann ætti eigi kost at finna hann, ef hann vildi. Sturla segir, at Hrafn mundi eigi í þessu sinni at ráða, þar sem hann hafði áðr forviða orðit. Hrafn var heima at Sauðafelli, ok sá reið Þorgils; var þar bang mikil um atreið; en þeir heptu sik sjálfrir. Riðu þeir Þorgils um kveldit á Rauðamels-heiði. Skilðusk þeir frændr með kærleik miklum. Bauð Þorgils Sturlu til Staðar með sér; en Sturla reið heim í Hitardal; sátu heima um kyrt um sumarit. Hrafn var lengstum at Sauðafelli; var þá griða-laust með mönnum, ok sætta-laust, ok atfara-laust þó at kalla. Sturla reið vestr til Saurbæjar lítlu síðarr, en Hrafn til Borgarfjarðar. Dvalðisk Sturla lítlia hrið vestr, ok reið heim þaðan.

294. Þorgils Böðvarsson reið heiman frá Stað tveim nóttum fyrir Márlíu-messu ina fyrri. Hann setti Einar til héraðs at gæta, þvíat hann ætlaði sér eigi aprí inn næsta vetr. Hann sendi orð Þórði mági sínum, at hann mundi fara með hónum. Fundusk þeir at Rauðamel. Maðr hét Sigurðr Grímsson; hann var kallaðr snókr; hann átti heima at Syðra-Rauðamel. En er hann vissi at Þorgils var kominn at Rauðamel, þá hleypti hann vestr til Sauðafellz með njósn. Lét Hrafn þegar mönnum samna. Þorgils reið við tuttugta mann. Þeir Sturla höfðu mælt með sér mótt á Vestliða-eyri. Þá um kveldit riðu þeir Þorgils þangat; var þá sólar-fall. Sturla kom líttlú síðarr; görðisk þá myrk mjök. Riðu menn þá inn yfir Vöðla. Þorgilsí bótti eigi fært at ríða um Haukadal-skarð, þvíat hann vissi at Hrafni mundi ganga njósn um ferð þeirra. Reið hann þá til Laxárdals, en Sturla reið vestr til Saurbæjar. Þá var svá mikil myrkr, at engi maðr sá annan þegar nökkut var í milli. Þat bar svá til, at Bergr reið nökkut í fyrra lagi. En er þeir urðu varir, at þeir riðu at grafar-læk nökkurum, at menn vóru öðrum-megin; lét Bergr þá stað nema, ok beið Þorgils, ok mælti at menn skyldi hljóðir vera. En er Þorgils kom at fram, bað hann menn búa sik ok ríða á hvat sem fyrir væri. En þeim Bergi ok Þórði þótti ráðlegt at vita hverir fyrir væri. Þorgils spurði hverir menn væri öðrum-megin lækjarins. Þeir segja, þat væri Björn bóni drumbr ór Hjarðarholti. Menn Þorgils nökkurir, þeir er riðit höfðu fyrri í nátt-mykrinu, riðu sína leið til Miðfjarðar um kveldit ok síðan til Skagafjarðar norðr. Hrafn hafði stefnt mönnum saman, ok hugði at Þorgils mundi ríða at hónum; en þat sinn riðu hvárigir at öðrum. En er Þorgils

[III. 258: ix. 36.]

kom til Skagafjarðar, reið hann fyrst í Viðvík til Ásbjarnar; hann hafði bú-skylft ok lítið upptak, en lið mart. Brandr hét maðr Ölvíðarson er þar bjó á sumu landinu við lítinn fjár-kost. Var þá leitað eptir fögum til Árons karlsunga ok Geirs auðga, ok séfksk hvárki. Þá kómu orð frá biskupi. Var þeim borit bann ok Guðs reiði; bannaði biskup hverjum manni at sam-neyta þeim eðr göra þeim nökkrum greiðskap. En þó mælti hann, at heldr skyldi menn bera mat fyrir Þorgils, en rænt væri; en gefa leifarnar hundum. Þorgils fór þá út í Viðvík; tók hann þar við búi þeirra Ásbjarnar ok Brandz; görðusk þeir þá hans heima-menn. Þorgils stefndi fund at Valla-laug; kómu þar til allir bændr ór héraði, ok beiddi Þorgils sér viðtöku. Bændr tölðu nú upp vandræði mörg, þau er vóru: bann biskups, ok þar með þótti horfa ófriðlega meðan stór-mæli þessi vóru ósætt er hann átti at svara. Broddi lagði þat ráð til at bændr skyldu taka við Þorgilsi; 'Hygg ek,' segir hann, 'at þér munut hónum seint af yðr koma.' Bændr kvóðu mikinn kostnað mundu af hónum leiða þar sem hann var kominn með tvær hendr tómar. Broddi mælti: 'Eigi má fyrir öllu sjá. Munu þeir biskup brátt sættask. En Skagfirðingar hafa jafnan haldit formann með kostnaði.' Þorgils segir þeim slíkt þykkja mundu lítið, at taka við hónum til höfðingja, við þá Eyjólf ok Hrafni. Var þat þá at lyktum, at flestir menn játuðu at taka við hónum til höfðingja. Var þá talat um tillögur. Görði Broddi þat ráð fyrir, at hafa sauða-kvöð. Settisk Þorgils þá í Viðvík; en biskup lét læsa kirkju, ok lýsti yfir þeim banni. Þorgils hafði þar marga fundi, ok játuðu bændr hónum héraði á hverjum fundi, en eingi mælti í mótt. Var þá höfð uppi sauða-kvöð um hérað allt norðan til Hrútafjarðar. Gengu menn þá undir þat. Var með þeim Þorgilsi ok biskupi in mesta fæð.

295. Í Viðvík var gleði mikil ok gótt at vera, leikar ok fjölmenni mikil. Þat var einn Dróttins-dag, at þar var danz mikill; kom þar til fjöldi manna. Hámundr prestr frá Hólum hafði sungit á Miklabæ í Óslandz-hlíð um daginn; ok ríðr hann í Viðvík til danz, ok var þar at leik, ok dáðu menn mjök danz hans. En er hann kom til Hóla rak biskup hann ór kirkju með hrakningum, ok vildi eigi sjá hann. En er Þorgils vissi þat; bauð hann presti til síns. En er Hámundr prestr birti þat fyrir vinum sínum, þá tók biskup hann í sætt fyrir bæn manna; en hann var við hann aldri jafn-vel síðan sem áðr. Var Hámundr lítla hríð at Hólum

[III. 259: ix. 37.]

með biskupi ok rézk eptir þat austr í Fjörðu. Margir lygi-kvittir voru þar ok mörg upphlaup.

296. Þat er nú þessu næst at segja, at Heinrekr biskup fór heiman norðr í sýslu sína um haust. Í þenna tíma kom austan ór Fjörðum Þorvarðr Þórarinsson ok með hónum Finnbjörn Helgason. Þorvarðr sendi orð Þorgils at þeir skyldi finnask í Svarfaðardal. Fór Þorvarðr þingum um alla sveit, ok leitaði sér viðtöku; ok fékk eigi. Reið Þorgils norðr Heljardals-heiði; fundusk þeir á Grund í Svarfaðardal. Töludu þeir um vandræði sín, ok áselli þater biskup lagði á þá Þorgils, ok nökktu á þá alla. Réðu þeir þat með sér at ríða inn í herað til mótz við biskup, er hann ferr norðan ór sýslu sínni, ok beiðask af hónum sætta. Var Þorvarðr þá inn blíðasti, ok fór þá með þeim frændum vingjarnlega. Sagði Þorvarðr Þorgils um hvat hann ætti at vera; ok heraðs-bændr þóttu hónum vera tvídrægir, en biskup fjándskapar-fullr við sik. Finnbjörn bóndi var mjök krankr af sári því er hann hafði fengit um sumarit á Þverár-fundi; var hann hress á fótum, en mjök háss í máli. Peir riðu nú inn til Eyjafjarðar. Þá gisti hann á Möðruvöllum; ætluðu þeir Þorgils ok Þorvarðr þangat til fundar við hann. En er biskup vissi þat, reið hann í brott þegar ok ofan til Munka-Þverár, ok gékk þar í kirkju, ok lét læsa kirkjunni. En er Þorgils ok Þorvarðr spurðu þat, riðu þeir til Þverár við þrjá tigi manna. En er ábóti fann þá, fagnaði hann þeim vel; ok segir þeim, at biskup vildi at þeir riði á brott; ok vildi eigi við þá mæla. Ábóti bauð þeim Þorgilsu þar greiða þann er þeir þyrsti, ok hesta-skipti, hvárt sem biskupi líkaði betr eða verr. Þorgils ok Þorvarðr buðu ábóta, at hann skyldi ganga á milli ok koma á með þeim stefnu-lagi til umtals mála síenna. Hétu þeir biskupi griðum ok hans mönnum, hversu sem felli með þeim; en kölluðusk eigi mundu brott ríða fyrr en þeir næði fundi biskups; ‘Ella skal hann kost eiga at vera í kirkjunni meðan hónum þykkir gótt.’ Fór ábóti þá í millum, ok Hallr af Möðruvöllum; ok stóð þar fjarri um tilmæli allra sætta; ok varð þat at lyktum at biskup gékk ór kirkju fyrir bæn ábóta. Var þá gengit í Ábóta-stofu. Þar var við ræðu þeirra ábóti ok Þórarinn [prestr] kaggi. En er Þorvarðr ok Þorgils ok þeirra menn gengu í stofuna, kvöddu þeir biskup; en hann svaraði öngu. Settusk þeir þá niðr, ok hóf Þorvarðr þá mál sít á þessa leið: ‘Herra, þat er örendi vårt hingat, at allt þat er vér höfum brotið við heilaga kirkju ok raskat guðs rétti, viljum

[III. 260, 261 : ix. 37.]

vér bjóða á yðvarn dóð, ek ok Þorgils, frændi mínn, ok Finnbjörn; vilju vér hafa þar í mótt af yðr lausn ok löglega sætt. En þær sakir sem görzk hafa millum vár ok annarra leikmanna, skiljum vér undan yðar dómi; ok um allar héraðs-ísetur vilju vér eigi yðru ráði hlíta; þvíat oss þykkir sem þér munit þar öngar sakir á eiga. Er þessi mínn vili ok Þorgils. En ef þér, herra, þykkisk eiga at skripta oss, þá vitu vér, at þér eигut at leysa oss af sökum þeim sem hér hafa görzk í summar; vilju vér undir þat bíðlega ganga. Er þá mítt boð allt at sinni.' 'Þat er ok mítt boð, herra,' segir Þorgils. 'En hver-vetna vil ek til sveigja yðvars samþykkis, sakir fyrri vináttu, þat er ek þykkjum eigi sjálfan mik minnka til; en hérað mun ek eigi upp gefa. En mjök undrar mik þat, hví þér hafit svá skjótt fengit mikit skap-skipti síðan vit vórum inir kærstuvinir. Veit ek mik vandlega vera saklausan við yðr, bæði í orði ok verki, at mínni skynsemi; ok hart þykki mér þat, er þér heitið bóndum afar-kostum, ef þeir gefa mér mat eðr mínum mönnum, eðr skipta um hesta við mik; þá má þat vera af stundu at yðr eðr vinum yðrum þykki þat lítlu betr ráðit; ok meiri ván, at þá kenni fleiri kulða af en ek einn ok mínið menn.' Biskup varð þá reiðr mjök, ok mælti mörg óþægileg orð við Þorgils, þau er eigi hæfir at rita. Hann mælti, at Þorgilsi ok hans mönnum mundi þat ekki heimilt er bændr gæfi hónum; 'Ok eigi skal yðr heimöl jörð at ganga á, eigi himininn at horfa á, ok öngan hlut heimilan, nema helviti.' Þorgils þagði, ok svaraði öngu. Biskup kærði sakir á Finnbjörn. En Finnbjörn svarar því af sínni hendi: 'Herra,' segir hann, 'þessi orð, sem þér hafit hér talat í dag við Þorgils lögð-naut mínn, munu sýnask vitrum mönnum óskynsamlega tölud, þótt inn heimskasti maðr talaði svá, ok inn illgjarnasti, mundi hann þykkja nær dauða fyrir verðr. En ek em nú heldr háss at svara yðr í dag; mætti guð gefa þat, at ek væra á öðrum fundi miklu snjall-mæltari. Er þat nú ljóst fyrir allra manna augum, at þá gull-hálsana, sem hér hafa geisat yfir sveitir með ránum ok refsingum, hafit þér látið þá standa hjá yðr hjá altari í heilagri kirkju, ok lagt á þá alla virkt. Ok er þat lygi-laust. Ok ¹ þeir hafa marga menn brennt inni ok marga menn saklausa fátækja inni kæft í reyk. Um sum ill-virki þeirra er þat sumum mönnum eigi tvímælis-laust, hvárt þér munið þurt hafa

¹ ok] thus Cd.

[III. 261, 262: ix. 38.]

um setið allar vitundir. En þat vitu allir, at brennu-vargar eru rækastir görvir í guðs lögum ok manna.' Spratt biskup þá upp, ok kvað djöful mæla fyrir munn hónum. 'Þú segir,' sagði biskup, 'hvæt þeir hafa at hafzk, ok um brennuna; en þar yfir þegir þú hvæt þeim var áðr til gört í manndrápum ok öðrum svívirðingum¹.' Margir lögðu þar gótt til; ok vann þat ekki. En Þorgils mælti, þá er biskup gékk í brott, svá at hann heyrði: 'Eigi mun ek leggja hendr á yðr, herra, ok eigi ræna staðinn á Hólum; en svá munut þér til mega ætla, at ek muna lítils virða yðvarn vilja í héraði, ef þér virðit mínn vilja einskis.' Gékk biskup þá í brott ok allir þeir. Gengu þeir Þorgils þá til hesta síenna; en Þorvarðr gékk til biskups, ok talaði við hann. Sagði Þorvarðr síðan, at hann hefði beitt biskup lausnar; en biskup vísaði hónum til umboðs-manna í Austfjörðum, ok losaði hónum lausn ok öllum hans mönnum, ef hann riði af héraði, ok veitti Þorgilsi öngan styrk. Riðu þeir Þorvarðr þá í brott, ok skildusk yfir á Espihóli. Reið Þorgils þá til Skagafjarðar, ok heim í Viðvík. Þeir Þorvarðr ok biskup höfðu þegar fundizk, ok samðisk þá vel með þeim Finnbirni. Reið Þorvarðr þá norðr til Fnjóska-dals. En er þeir kómu á Drafla-staði, þyngði Finnbirni svá, at hann var eigi færr. Lagðisk hann þar eptir; en Þorvarðr reið austr í Fjörðu. Þá kom til Finnbjarnar Óláfr prestr Kráksson, ok leysti hann umboðs-maðr ok oleaði hann. Ok andaðisk hann Michaelis-messu af sári því er hann hafði fengit á Þverár-fundi; ok þótti Þorgilsi at hónum mikill skaði, er hann spurði, ok mörgum öðrum. Til Þorgils kómu um haustið mjök margir menn ór héraði. Einn af þeim var Böðvarr Klængsson frá Bjarnar-gili ór Fljótum, er síðan var allra manna knástr. Fékk hann síðan sæmð mikla ok fé gótt, ok görðisk fylgðar-maðr Þorgils síðan. Sá maðr kom vestan ór Viðidal er hét Guðmundr Galtnesingr, ungr maðr ok vasklegr. Þorgils hafði menn á njósum vestri til Vatzdals, þvíat á öngri stundu þótti örvaðt vera at þeir Hrafn ok Ásgrímr mundi koma vestan með ófriði. Þorgils sat þá lengstum heima í Viðvík, þess í milli er hann fór yfir hérað at örendum sínum. Var með þeim Þorgilsi ok biskupi slíkt eðr meiri fjándskapr en áðr þeir höfðu fundizk í Eyjafirði.

297. Skeggi hét maðr, hann var messu-djákn at vígslu; hann var ráða-maðr at Hólum; hann átti bú at Kálfs-stöðum, vellauðigr

¹ þú segir—svívirðingum] om. Cd.; add. the paper transcripts.

[III. 262, 263: ix. 39.]

at fé; ok hafði gnótt í búi. En er sauða var kvatt, vildi hann öngan sauð gefa, ok ekki tillæti Þorgils göra. Þat var um haustið at Þorgils sendi upp þangat Ingimund bróður sínn, ok með hónum Fljóta-Böðvar Klængsson, ok Snorra gemsung; voru þeir saman fimm eðr fjórir; skyldu þeir fala fé til slátrs at Skeggja, eðr beiða hann nökkurra tillaga. En ef þeir fengi þat eigi, þá bannaði Þorgils þeim eigi at göra þar nökkurar óspektir; en bauð þeim þat eigi. Fóru þeir nú upp þangat, sem fyrr var sagt. Skeggi vildi hvárki gefa né selja, ok eigi gefa þeim mat. Þar var mart manna fyrir, bæði konur ok karlar. Sló þar í orða-hnippingar. Lét Ingimundr þá hlaupa til, ok höggyva ofan krof nokkur. Urðu þá áhöld með mönnum; var þar liðs-munr með þeim; voru heima-menn fleiri. Varð Snorri undir hafðr um hríð, ok svá Ingimundr. Varaði Skeggi menn við því mjök at göra Ingimundi mein. Böðvari þótti þar ok lítið gört af sér. En er Ingimundr komsk á fætr, laust hann húskarl Skeggja með buklara. Var þar þæfa mjök löng. Skilðu þeir við þat, at þeir Ingimundr höfðu þaðan öngan hlut, ok fóru heim við svá búit. Lét Þorgils illa yfir þeirra ferð; ‘Hafi þér,’ segir hann, ‘farit auvirðilega ok lítilmann-lega.’ Var kyrt um hríð.

298. Þat var einn dag á öndurðum vetri, at Þorgils var heima í Viðvís; þá var veðr gótt, ok görðisk á norrænt¹. Ok er dró at sólar-falli var Þórðr Hitnesingr staddir suðr á vellinum ok nökkurir menn með hónum. Þeir sá ríða tvá menn all-mikit, ok þegar á túngarðinn þar sem þeir kómu at. En er Þórðr fann þá, kenndi hann þar Guðmund galtnesing, ok með hónum annarr maðr Við-dælskr. Þórðr spurði tíðenda, eðr fyrir hví hann færi svá ákaft. Guðmundr kvazk engi tíðendi segja; ‘En þat er sagt, at Hrafn ok Ásgrímr væri komnir vestan ór Fjörðum með hálfst fjórða hundrað manna í Dali, ok ætlaði fyrst at ríða til Hitardals at Sturlu, ok síðan norðr at Þorgils; ok þeirra ván þar til er þeir koma².’ Fóru þeir þá heim allir saman. Spurði Þorgils Þórð at tíðendum, hver Guðmundr segði. Þórðr svarar, ok³ segir, at Hrafn ok Ásgrímr sé komnir vestan ór Fjörðum með fjölmenni. Þóttisk hann þat sannlega vita. ‘Er þat líkast,’ segir hann, ‘at Sturla, frændi þínn, sé annat-hvárt drepinn eðr höndum tekinn; mun hónum þykkja þín liðveizla heldr fjarri sér.’ Þorgils mælti: ‘Má

¹ norðrænt, Cd.² ok þeirra ván—koma] thus?³ ok] hann, Cd.

[III. 264: ix. 40.]

vera at betra sé en þú segir; svellr njósnar-mönnum opt í munni sér¹ mjök.' Rézk Þorgils þá um við fylgðar-menn sína hvert ráð upp skyldi taka. Var þat þá til ráðs tekit at samna mönnum. Þórðr fór í Fljót út, Ásbjörn um Sæmundar-hlíð, Þorgils um Blöndu-hlíð; en allr flokkr skyldi koma upp í Krossa-nes um daginn eptir. Er þar af sagt, at um kveldit eptir kómu saman sjogur hundruð manna í Krossa-nes. En um kveldit, er menn bjoggusk til svefns, var Þorgilsi sagt, at komnir væri úti menn nökkurir þeir er eigi vóru þar héraðs-menn, ok eigi vóru kenndir. Hann bað Þórð út ganga, ok spryrra tíðenda. Þórðr gékk út, ok kenndi þá menn skjótt; var þar kominn Guðmundr prestr Óláfs-son, ok Eyjólfur Þorgilsson, ok þeir nökkurir saman. Leiddi Þórðr þá inn, ok tók Þorgils vel við þeim ok blíðlega. Segir Guðmundr örendi sítt, at hann var sendr af þeim Hrafni ok Sturlu, 'Til þín, Þorgils. Hefir Hrafni riðit suðr til Hitardals, ok hafði Sturla komit til mótz við hann. Höfðu þeir sætkr, ok skyldu nefna menn jafnmarga til görðar um öll mál sín. Skyldu hvárir-tveggju halda héruðum sínum ok ríkjum útanferða-laust; skyldi Þorgils kjósa hvárt hann vildi vera undir þessi sætt eðr eigi. En ef hann vildi sættask, þá fór Guðmundr með griðum; ok vildi Hrafni at þeir syndisk ok handsalaði sjálfir sætt sína. Þykkir mér ván,' segir Guðmundr, 'ef þú vilt eigi sættask, at Hrafni riði norðr á sveitir með þat lið er hann fær; ok man þat vera margs mannz mein.' Lagði Guðmundr allan hug á, at koma sættum saman með þeim Hrafni ok Þorgilsi. Játti hann² því þá at riða vestr; en skilði þat til, at þeir mundu láta rakna vápn ok hesta, er menn höfðu tekit á Þverár-eyrum. Tók Þorgils þá þegar grið af Guðmundi; en seldi hónum grið at móti, þau er hann skyldi selja Hrafni; ok fundr vera Allra-heilagra-messu-dag at Hóla-vaði í Vatzdal. Reið Þorgils þá norðr með flokkinn allan, en Guðmundr reið vestr fyrir í móti þeim Hrafni at hnækka flokkum. Fann hann Hrafni í Miðfirði; sagði hann hónum viðtal þeirra Þorgils, ok þat at fundr var stefndr Allra-Heilagra-messu-dag við Vatzdals-á. Hrafni var inn tregasti at bregða flokinum, en þó réð Guðmundr því.

299. Reið Hrafni þá norðr með nökkura sveit manna ok þeir Ásgrímr. Þorgils kom norðan Allra-Heilagra-messu. Reið hann með flokinum um hálsa; þaðan mátti sjá öll tíðendi til Hóla-vaðs; var

¹ sér] thus.² hann] i. e. Guðmund.

[III. 265: ix. 41.]

þá flokkrinn all-tregr eptir at dveljask. Mæltu þá margir, at eigi þyrfti at reka sparmæli við Hrafn, ef færí gæfi á. Þorgils vildi þat eigi. Bað þá hafa menn á njósnar-bergi, ef eigi væri trútt, ok þyrfti hann manna við; ok verða þá sem bezt[ir] fanga-ráðs. Reið Þorgils þá ofan til árinnar við fimbótaða mann, ok yfir ána. Kom Guðmundr þá til mótz við hann, ok segir, at Hrafn hefði verit um nöttina á Breiðabólstað, ok væri þangat ván; en mundi þykkja heldr mann-mart á hálsunum. Þeir biðu þar um hrifð, ok kom Hrafn eigi; ok þótti þá eigi víst at hann kæmi. En þá er minnst varði, reið Hrafn þar at hónum með fimbótaða mann; var þat lið it víglegsta. Stigu þeir Hrafn þá af baki; en þeir Þorgils spruttu upp; gengu þá hvárir í mótt öðrum, ok snöru fram spjótum. Guðmundr prestr gékk í millum, ok þeir menn er með hónum vóru; tók hann þá at inna sátt þeirra sem gör var í Hitardal, ok hvat milli þeirra hafði farit; vóru þar margar áminningar um tíðendi þau sem orðit höfðu manna á millum. En þat varð at lyktum, at þeir sættusk at því sem Guðmundr hafði flutt á millum þeirra. Var þá dagr mjök á liðinn; ok var mönnum mál at riða til gistingar. Reið Þorgils á Breiðabólstað um kveldit, en Hrafn til Hóla. Um morguninn kómu þeir Hrafn á Breiðabólstað; var þá með þeim Hrafnni ok Þorgilsi glenzan ok gleði. Vóru þá borin fram vápn, ok hestar fram leiddir¹. Var þat mælt, at Þorgilsi þætti þar bezt fram fara greizlur, ok borit allt bezt til stanga, þat er rænt hafði verit, ok hans fylgðar-mönnum². Skilðu þeir þá skipulega. Reið Þorgils þá norðr til Skagafjarðar. Átt höfðu þeir Þorgils ok Hrafn fund um haustið í Hrútafirði, ok varð þá eigi af sættum, þvíat hvárrgi var þar, Þorvarðr né Sturla. Skilðisk nú flokkrinn. Hétu þeir nú Þorgilsi fullkomlega sínu trausti, sem hann þyrfti við. Reið Þorgils þá heim í Viðvís. Þóttusk margir menn eiga at launa hónum mikit fullting, at hann hefði rétt rán þau er þeir höfðu rændir verit í Geldinga-holti.

300. Síðan reið Þorgils upp á Kálfssstaði; var þar fyrir Skeggi bóni. Ok þegar hann sá manna-reið, steig hann á hest sínn, en reið í brott, en bannaði þar hvet-vitna þat er hann átti. Báru menn þá föng hans í kirkju; varð til þess skamt tóm, þvíat Þorgils bar brátt at. Hljópu þeir fyrir kirkju-dyrrin. Karlar ok konur segja, at Skeggi hafi þar alla hluti bannat ok óheimilað hverjum

¹ fram leiddir] add. the paper transcripts.² ok hans—mönnum] thus.

[III. 266: ix. 41.]

manni nökkura afneyzlu. Þorgilsi þótti þat vel vera, ok kvað hann mundu eigi meira við þurfa. Mælti Þorgils fyrst, at brjóta skyldi stakk-garð, ok leiða þangat hesta, ok til matar skyldi búa. Vildu þat hvárki göra konur né karlar. Mælti Þorgils þá, at hans menn skyldu til ganga, þó at þeir þætti eigi haglega til búa. Var þá tekit mart, ok mörgu spillt. Var þá fólk allt hrætt. En er biskup spyrr þessi tíðendi þá líkaði hónum stór-illa. Tók hann þat ráð, at hann sendi út til Hofs um nóttina til Brodda, ok létt hann óbrátt við at fara. Kom sá heim, ok segir biskupi, at meiri ván væri at Broddi kæmi eigi. Biskup sendi annan mann ofan á Kálfsstaði at segja Þorgilsi, at biskup mundi þann sama dag bann-syngja hann ok steypa kertum, ok meiri ván hann bann-setti allt hérað. Þorgils svarar: 'Biskup mun ráða söngum sínum, en vér ætlum hann muni snart eiga at tala um meiri vandræði. Mun ek taka vini hans ok vanda-menn ok hrekja suma, en ræna eðr berja suma, ok góðra gjalda vert ef eigi eru drepnir sumir.' Görðisk þá illr kurr í heima-mönnum biskups ok vinum, ok þótti eigi svá búit standa mega. Var þá sendr Þórarinn kaggi út til Hofs, ok lagt við ríkt at Broddi skyldi útan koma. Lézk biskup hans tillögur mikils virða ef hann vildi til koma. Broddi kvazk fara mundu; en kvað slíks ván, er biskup lagði stríðu á stóra höfðingja, at svá lítlum sökum sem mönnum virðisk at Þorgils hefði til gört við biskup. Kom Broddi þá til biskup. Kærði biskup þá fyrir Brodda ójafnað þann er Þorgils hefði veitt hónum ok vinum hans. Broddi taldi í móti, at hónum þótti biskup hafa of-bráðlega farit at við Þorgils; ok kvazk hyggja at hann mundi eigi við þat mykjask at svá væri með farit. Lauk svá, at Broddi fékk komit á stefnu-lagi með þeim. Réðusk þeir þá til meðalgöngu, Broddi ok Einarr prestr Brandzson ok Einarr faxi. Var Þorgils inn tregasti; kvað þá vel, at 6friðr stæði meðan biskup vildi. En þó létt Þorgils leiðask eptir bæn Brodda, at hann reið upp til Hóla ok menn hans. Gengu inn í stofu, ok hestum var gefit úti. Kómu þá inn heima-menn, ok segja at biskup bannaði at gefit væri hestum. Þorgils kvað gefa skyldi allt at einu. Báru þá húskarlar frá hestunum, en Þorgils-menn báru fyrir. Maðr hét Gísli, ok var kallaðr Sauða-Gísli, manna fót-hvatastr ok heima-maðr at Hólum; hann kom inn á stofu-gólfis; annarr hét Guðmundr, hann var bróður-sonr Þórðar prestz Ásbjarnarsonar. Þorgils mælti: 'Hafi þit borit hey frá hestum várum?' 'Vit görðum

[III. 267: ix. 41.]

þat eptir ráðum biskups,' segja þeir. Þorgils mælti: 'Ek mun þá göra annat til skaps biskups; ok erut þit verðir öxar-hamars-höggs.' Vóru menn til þess auð-kvaddir. Hljópu þeir þá upp ok börðu þá. Varð Gísli sakadur nökkut, en hinn lítt. Hljópu menn þá út, ok segja biskupi hver endemi til vóru tekin, er menn vóru barðir heima á staðnum. Biskup mælti, at Broddi skyldi fara inn ok hepta ófriðinn, ok bað Þorgils koma upp í stofu til tals við sik. Gékk Þorgils þá upp þangat við nökkura menn. Varð þá ekki at kveðjum. Tók Broddi þá at tjá, hver mis-smíði þeir báðir mundu á sjá, ef svá færí ófimlega fram í héraði, at þeir væri ósáttir; ok hvé mörgum manni mein þat mátti verða. Ok bauð Þorgils þá eindæmi biskups á öllum þeim málum sem hann hafði við kirkju-rétt ok kennimanna brotið, ok þat próvaðisk löglega; en¹ fyrir þat skjótræði er hann hafði þar haft á staðnum; skyldi biskup þá taka ór banni ok veita þeim skript. En ferð á Kálfsstaði vildi hann dæma við sann Brodda. Gékk þessi sætt saman. Skyldi nú hvárr þeirra vera annars vin; skyldi biskup heimta héraðs-menn til vináttu við Þorgils, en Þorgils skyldi styrkja biskup í alla staðarins nauðsyn til réttinda. Tóku þeir at því höndum saman, ok vóru þá vel sáttir. Þá lét biskup leiða þá í stöpul, ok leysa þá; síðan skriptaði hann þeim. Eptir þat fóru þeir upp í biskups-stofu. Lét hann þá gefa þeim at drekka. Var hann kátr yfir fram; en þó þótti mönnum sem þat væri eigi með fullu. En er Þorgils hafði setið um hríð, þá vildi hann heim ríða. En er hann var búinn til at ríða, mælti biskup til Þorgils: 'Nú mun ek lúka upp görð okkarri.' Þorgils segir: at 'Þat er heldr skjótt, herra; var þat skilit í sætt okkarri, at ek skyldi bæta með samþykti skynsamra manna ok yfirsýn, hvat ek þykkir brotið hafa við heilaga kirkju. En gæta vil ek til skaps yðvars, ef þér vilit svá vera láta.' En bað hann svá stilla görðina sem hann vildi at héldisk sætt þeirra. Biskup talði þá á Þorgils margar sakir. Hann hlýddi til, ok þótti þær eigi allar sannar vera. En er biskup hafði allar talt, þá gaf hann Þorgilsi upp allar sakar þessar. Þorgils pakkaði biskupi blíðlega upp-gjöfina, ok bauð hónum heim þá er hann þættisk til þess búinn vera. Tók biskup því vel, ok hét þangat ferð sínni. Þorgils lauk þá upp görð sína við Skeggja; segir, at þeir Broddi ok Einarr skyldu fara á Kálfsstaði ok virða skaða þann er þar hafði görr verit; en glíma sú er þeir glímdu

¹ Read enda? at, Cd.

[III. 268, 269 : ix. 42, 43.]

við menn Þorgils skyldi niðr falla. Broddi svarar: 'Um skaða þann, mágr, er Skeggja hefir görr verit, skaltú þér öngu af skipta; ek mun þat bæta; en betr þætti mér, ef þú görðir Skeggja nök-kura sæmð.' Þorgils kvað þat eigi mundu verða, nema hann görðisk þess verðr. Skilðusk þeir Þorgils þá vel. Reið Þorgils þá heim. En biskup lét líka upp kirkju í Viðvík, ok syngja þar tíðir. Tveim nóttum síðarr kom Skeggi bóndi í Viðvík; lét hann leiða þangat oxa nú vetra gamlan, ok hest er á vóru þrjár vættir matar, ok gaf Þorgils. Tók Þorgils þat þakksamlega, ok varð síðan með þeim in mesta vinátta. Sat Þorgils þá um kyrt, ok görðisk inn vinsælasti maðr í héraði. Lítlu fór Þórðr, mági hans, vestr á Hitarnes til bú sínus. Gaf Þorgils hónum at skilnaði góðar gjafir, tvau hundruð vörur, hest ok brynjur.

301. Eptir um várit fór Þorgils búi sínu í Ás í Hegranes. Innti hann þá af hendi boð þat er hann hafði boðit Heinreki biskupi. Var þar veizla virðuleg ok gjafir stórar. Hann gaf biskupi stóð-hross þrjú, ok þrjú hundruð vörur, ok fingr-gull, ok bók góða. Skeggja gaf hann ok góðar gjafir, ok mörgum öðrum. Skilðu þeir biskup þá vinir, ok héldu þat vel síðan. Biskup bjósk þá til útan-ferðar. Styrkði Þorgils hann at farar-efnum, ok öllum hlutum, ok fylgði hónum til skips; ok mæltusk þeir vel við at skilnaði. Fór biskup þá útan, ok andaðisk í Noregi. Aðra veizlu hafði Þorgils um haustið; bauð hann þá til sín flestum héraðs-bóndum inum beztum. Var þá veizla fjölmenn ok veitt með inni mestu rausn; vóru ok gjafir stórar at útlausnum; ok engi fór gjafa-laust í brott, sá er boðit hafði verit. Af þessi veizlu fékk Þorgils mikla virðing af bóndum. Buðu flestir bændr hónum þá heim; ok fór hann at veizlum um vetrinn um allt hérað, ok þá af bóndum inar sœmilegstu gjafir. Var nú í héraði gleði mikil; ok þóttusk bændr þá hafa nálega himin höndum tekit, er þeir hafa fengit slískan höfðingja. Þótti þeim nú Kolbeinn aptr kominn ok endr-borinn, er¹ þá langaði æ eptir.

302. Þenna vetr², er Þorgils var í Viðvík, reið hann vestr til Staðar til bú sínus, ok skipaði þar fyrir ráðs-menn þá er vera skyldi framleiðis. Báðu margir menn hónum heim vestr þar, ok tók hvern við hónum eptir föngum inum beztum. Þá bauð hónum Sturla heim, frændi hans, í Hitardal; var þar veizla in

¹ er] ok, Cd.² The winter of 1255-56.

[III. 269, 270: ix. 43.]

virðulegsta; var þar mart manna með Þorgils; var [i] fylgð hans Einarr bóndi Halldórsson, Gunnlaugr Hallfríðarson. Gaf Sturla gjafir góðar Þorgils frænda sínum, ok skilðu þeir með kærleikum miklum. Fór Þorgils þá heim norðr, ok hafði hann aflat sér vini marga ok mikla sæmð¹.

303. Eptir um várit² færði Sturla bú sítt í Svigna-skarð, ok færði bæinn upp á hamrana, hafði hann þat af héraði sem hann fékk. Tóku nú at ganga í með þeim Hrafni margar greinir; þrútnaði þá með þeim þar til er þeir Hrafn ok Ásgrímr riðu vestr á Staðarhól at þeim Sturlu. Hann hafði riðit heiman um kveldit, ok fylgðar-menn hans með hónum, ok lágu þar í hlíðinni upp frá Bjarnarstöðum, þvíat ófriðlegt var sagt af Hrafni. En um morguninn snemma vildu fylgðar-menn hans heim ríða; en Sturla létt ráðlegra at þeir biði miðs-morgins; ‘Ok ef yðr sýnisk einsætt þá heim at ríða, þá mun ek eigi letja yðr; en ekki vita þá draumar þeir er mik hafa dreymt í nött ef þér erut þá jafn-fúsir.’ En um miðs-morgins-skeið, þá sjá þeir menn mjök marga ríða ofan frá Þverfelli um eyrarnar. Hleypti þá hvern yfir annan fram; en sólin skein á vápnin. Var þar Hrafn ok Ásgrímr. Léttu eigi fyrr en þeir kómu á Staðarhól. Höfðu þeir hleypi-flokk þvílikan sem sjá mátti. Þeir Sturla sjá atreiðina. Þá mælti Sturla: ‘Eru þér nú jafn-fúsir heim at ríða sem í morgin?’ Einginn játti því. Lét Sturla þá taka hesta sína, ok ríða síðan upp á fjallit. En þeir Hrafn ok Ásgrímr gengu inn á Staðarhóli, ok drap Ásgrímr þar í durunum Helga keis. Dvölusk þeir þar skamma hríð, þegar þeir vissu at Sturla var eigi heima. Riðu þeir þá suðr aprí yfir heiði. Sturla kom heim lítlu síðarr. Eptir um sumarit fóru menn í milli þeirra, ok leituðu um sættir; ok var fundr áttr hjá Glerá. Sturla reið því eigi lengra, at hann trúði þeim eigi til fullz. Fóru þá menn í millum þeirra, ok leituðu um sættir; ok fór því firr sem lengr var um talat. Ok er þrotin var ván sætta, létu þeir Hrafn taka hesta sína, ok ætluðu at ríða at Sturlu. Sá þeir Sturla þá reiðina, ok tóku hesta sína, ok riðu undan upp til Krosshóla, ok riðu þar á fjall upp. Þeir Hrafn hleyptu þá eptir ákaflega. Drógu þeir þeim svá nær, at þeir unnu þá á Sturlumönnum þeim sem síðast riðu. Þá vá Ófeigr Ísungr Einar Jónsson; voru þeir þá komnir mið-leiðis. Veðr var heið-bjart; en í því slær

¹ vini, sæmð] thus (acc.).² The spring of 1256.

[III. 270, 271 : ix. 44, 45.]

yfir þoku svá myrkri, at eingi þeirra sá annan. Skilði þar með þeim Hrafni. Riðu þeir Hrafn þá aprí; en Sturla dró undan. Ok var nú lokit um sættir með þeim Hrafni ok Ásgrími ok Sturlu.

304. Þat sumar er Þorgils bjó í Ási¹, kom til Íslandz Ívarr Arnljótarsón². Segir hann at Hákon konungr hefði spurt dráp Eyjólfss Þorsteinssonar. Fór Ívarr með konungs-boðskap. Hafði hann út konungs-bréf til Þorgils; var þat þar á, at hann hefði skipat Þorgilsi Eyjafjörð til fyrir-vistar, ok allar sveitir norðr þaðan til fjórðunga-mótz; þvíat Þórðr Sighvatzson var þá andaðr. Gengu þá allir bændr undir Þorgils, ok játtu hónum til yfir-mannz. Eptir andlát Þórðar kallaði Steinvör Sighvatz-dóttir sér hérað í Eyjafjörði ok landit á Grund, ok aðrar eignir þær er Þórðr hafti átt; þvíat Þórðr átti engi börn skilgetin, en Steinvör var skilgetin systir hans. Þetta haust kom heim í Ás Guðrún Gunnars-dóttir; tók Þorgils hana frillu-taki; áttu þau dóttur er Steinunn hét. Görðisk þá Íllugi bróðir hennar heima-maðr Þorgils.

305. Þenna vetr fór Þorgils vestr á Snæfellnes til Staðar til bús síns; voru þeir saman á þriðja tigi manna. Fórk þeim vel ok fengu færdir góðar. En er þeir riðu ofan eptir Haukadal, var á þey-viðri; ok er þeir riðu á Haukadals-á, hljóp áin ofan svá ákasflega, at þá rak af baki er á ánni voru. Druknaði þar Sveinn Ívarsson; hann var fylgðar-maðr³. En þeim lagði öllum næst, Þorgilsi, Bergi ok Ásbirni. Þetta var Vincentius-messu-dag⁴. Þótti mönnum þetta kyn mikil, þvíat vötn öll voru lítil, bæði áðr ok síðan. Þorgils létt flytja lísk Sveins til kirkju til Vatz-horns suðr, ok gaf með lískinu kú til kirkjunnar. Reið Þorgils þá suðr til Staðar til bús síns, ok dvaldisk þar nökkura hríð. Reið hann síðan heim norðr, ok varð eigi fleira til tilfönda í þessi ferð. Sat hann þá um kyrt í friði góðum.

306. Um sumarit eptir tók Þorgils við búi á Miklabæ í Blönduhlíð; þvíat hónum þótti þat land styrkara undir bú at heyföngum; en þó bær mikill. Var þar eft rausnar-bú, bæði at mann-fjöldá ok tilföngum. Þá rézk til hans um várit Ásbjörn Íllugason; þá var

¹ The summer of 1256.

² Arnljotsson, Cd., cp. Hak. S. It should be Englason, for in 1255 the king sent to Iceland a messenger named Ivar, the son of Engli (the which Ivar died in 1259); and again, five years later, in 1260, the king sent another Ivar, the son of Arnljot; see Hak. S. ch. 283 and 300. Neither could Ivar in 1256, as we are here told, be the messenger of the death of Thord Kakali, who died on the 11th Oct. 1256.

³ hann var sem(l) fylgðar-maðr, Cd.; or read, haun 'Sveinn' var fylgðar-maðr(?).

⁴ This day was the anniversary of Thorgils' death in the following year.

[III. 271, 272: ix. 45.]

ok með hónum Bergr Ámundason ok Guthormr Guthormsson, Böðvarr Klængsson, ok mart annarra fylgðar-manna. Var nú virðing Þorgils með miklum blóma. Þann vetr görði Þorgils annat bú í Auðbrekku í Hörgár-dal; var þar ok mann-mart ok sjöldi fjár. Þetta vár lét Steinvör göra bú á Grund. Þetta sumar efnaði Þorgils til mikillar þingreiðar. Sendi hann orð öllum inum meirum mönnum, er vóru í hans sveitum, at þeir skyldi ríða til þings. Vikusk menn vel við þat; varð hann all-fjölmennr; hafði hann allgött mann-val. Hann sendi orð Einari Halldórssyni, at hann riði til þings, ok fjölmennti sem mest. Hann hafði hundrað manna. Þar kom Sturla, ok Saurbæingar ok Stranda-menn með hónum, ok slíkt ór Borgarfirði sem hann fékk. Á þinginu kom til mótz við Þorgils Þorvarðr Þórarinsson, ok var með þeim fagna-fundr. Höfðu þau orð í milli farit, at þeir skyldi með einni fylking á þing ríða. Var þingit kyrt; réð Þorgils mestu á þinginu. Með Þorgils var Jón járnþúkr, mágr hans. Þorvarðr þóttisk eiga á hónum sakir; ok kenndi þat Jóni, at hann hefði nær gengit Oddi bróður hans; vóru þá búin mál til á hendr Jóni. Þorgils ok Sturla leituðu um sættir, ok tölðu hann undan sökum; varð þeim þat ervingi-drægt, þvíat Þorvarðr hafði lagt á Jón inn mesta fjándskap. En er kom at því er dómar skyldu út fara, þá tóluðu þeir Þorvarðr ok Þorgils þetta mál, ok var Þorvarðr því fastari fyrir sem meirr var eptir leitað. Þá mælti Þorgils: ‘Þat segi ek þér, Þorvarðr, þótt þú görir Jón sekjan skógar-mann, at þú munnt hann eiga til mína at sækja; ok ek mun hónum eigi út kasta fyrir þat.’ Þá lagði Sturla til: ‘Þat mun mælt, Þorvarðr, at Þorgils hafi unnit til þess við þik, þótt hann ráði eins mannz sætt.’ Lögðu þá til fleiri, at hann léti sér eigi slíkt verða at sundr-þykki. Fór þá svá, at Jón var eigi sóttr. Mælti Þorvarðr þat, er hann gékk í brott, at á slíku mátti sjá, hversu Þorgils vildi einn öllu ráða. Þóttusk menn þat sjá, at hvárir-tveggju lögðu á mál þessi mikla þykkju. Þeir Þorgils ok Þorleifr Þórðarson höfðu sætkz á óþykkjur þær er verit höfðu á milli þeirra. Skyldi Þorleifr þá sætt upp greiða í gripum. Lét Þorleifr nú þær gjafir fram at þinglausnum; gaf hann Þorgils stóðhross ok brynjur tvær, skjöldu tvá ok þrjú hundruð vörur, ok fingr-gull mikit; tvau sáld maltz. Skilðusk þeir með vinmælum. Þótti mönnum Þorgils nu flest til sæmðar horfa. Skilðu þeir Þorgils ok Þorvarðr álitlega. Reið Þorgils þá norðr til Skagafjarðar, en Sturla reið til Saurbæjar, Bergr reið vestr með

[III. 273: ix. 46.]

þeim Einari. En er þeir riðu um Bláskóga-heiði, segir Bergr þeim Einari ok Ámunda draum þann, er Bergþór í Héraðs-dal hafði dreymt.—Bergþórr þóttisk koma út um nótt. Hann þóttisk sjá við ána á Vífimýri hvar stóll mikill stóð; ok gékk maðr at stólinum, ok tók undan fótinn, ok hallaðisk þá eptir stóllinn nær til fallz öðrum-megin. Þá þótti hónum ganga at kona, ok mælti: ‘Hvat stóli er þetta, eðr hverr á hann?’ Þá kvað hann þetta:—

Bála ben sóla brennu-menn¹ stól pennu,
kjóla kjöl-rýrir kennir stól pennu.

Þá tók hón undir:—

Eggjar öld seggja Yggjar fagr-byggja
bendr mun rynr randa rísa Þorgíslu.

Þá sýndisk Bergþóri stóllinn vera blóðugr. Síðan vaknaði hann. Þorvarðr reið austr yfir ár af þingi, ok fundusk þau Steinvör. Fékk hón þá í hendr Þorvarði bú á Grund, ok allar heimildir þær er hón þóttisk eiga í Eyjasírfi eptir Þórð bróður sínn. Sögðu menn at hón eggjaði hann á, at halda sem hann væri drengr til.

307. Nú er þar til máls at taka, er fyrr var frá horfit;—at inn sami fjándskapr var með þeim Hrafni ok Sturlu. En um summarit varð þat til tíðenda, at Sturla reið í Tungu at Óláfi bróður Hrafn. Ok þetta spurði Hrafni; riðr hann þegar vestan ór Fjörðum ok þeir Ásgrímr suðr í Skarð at Sturlu. Hann var eigi heima, ok var hann riðinn ofan á Mýrar. Þeir Hrafni tóku hús á mönnum í Skarði. Ok er þeir vissu at Sturla var eigi heima, görðu þeir þar engi manndráp, en fóru óspaklega ok görðu hraklegt. Gékk Sturlu þá njósn; reið hann þegar út eptir Mýrum it neðra, þar til er hann kom í Krossholt; lét hann þaðan fara með sér Þorkel brenni, ok reið út í Borgar-hraun. Sendi hann þá menn til Böðvars ok Einars, at úti væri almenningr um nesit, at fara með hónum at þeim Ásgrími ok Hrafni. Böðvarr vildi upp standa; en Einarr vildi eigi fara at Hrafni, nema Þorgils sendi orð til; ‘En ek mun verja Sturlu, ef hann kemr út þangat, ef þeir Hrafni vilja sækja hann.’ Görði Sturla þá svá; ok var þat ráðit, at Þorkell brennir skyldi ríða norðr til Þorgils sem ákafast; vildi Sturla at Þorgils kæmi til mótz við hann, ok skærisk ór á einhvern veg með þeim. Einarr kom útan til mótz við Sturlu. Beiddi Sturla hann liðs; en Einarr segir slíkt sem fyrr. Reið Sturla þá

¹ brennu-menn] thus?

[III. 274 : ix. 47.]

út til Staðar. En er hann fann Böðvar, bróður sínn, vóru þar viðtökur góðar; en Böðvarr kom öngu til leiðar um liðveizlu; vildu menn eigi ganga í flokk með Sturlu. Reið hann þaðan til Helgafellz, ok þaðan inn á Eyri; var hann þar næstu nótt fyrir Máríu-messu ina síðari.

308. Nú er at segja frá ferðum Þorkels, at þá er hann kom á Miklabæ var Þorgils riðinn norðr til Öxarfjarðar. Reið Þorkell þegar norðr eptir, ok fann hann í Reykjardal er hann var norðan á leið. Segir hann Þorgilsi sín örendi. Brá hann þegar við, ok reið norðan sem ákafast, ok lét samna mönnum fyrir sér svá sem hann komsk við hver-vetna um sveitir. Fóru þeir sem mest máttu þeir norðan. Var þat nær með fádæmum hvé skjótt þeir fóru svá langa leið. Peir fóru til þess er þeir kómu í Haukadals-skarð. Hrafn hafði njósnir um skarðit, en Þorgils hafði gört [Sturlu] njósn fyrir sér norðan yfir skarðit; ok sá njósnar-menn Hrafns, þeir er vörð héldu í skarðinu, reið Þorgils-manna. Hleyptu þeir þegar aptr til Hrafns, ok kómu til Sauðafellz um tíðir, Máríu-messu. Hrafn átti bú í Hundadal. Lét hann bera út kjöt, ok ætlaði at snæða; en til þess var ekki tóm. Görði hann aðra njósn á hálsinn hjá Þykkva-skógi. Þóttisk Hrafn þegar vita, at þessi afspringr mundi vera af ferð þeirra Þorgils, er þeir höfðu sét. Sjá þeir þá at riðr ferðar-broddrinn flokksins neðan eptir Gargans-eyri. Hleyptu þeir Hrafn á fjall upp; ok hafði hvern slíkt er fékk af vistum. Þeir Þorgils fóru lítlu síðarr í Hundadal; vóru þá hestar þeirra mjök dregnir; var þá eigi færí á at riða eptir Hrafni. Ok skilði þar með þeim. Þorgils vildi þar öngu ræna láta [á Sauðafelli], ok kvað njóta skyldu at því Þóriðar frændkonu sínnar; ok ekki vildi hann þar óspaklegt göra láta; kvað þat vera öngan frama, þar sem konur einar vóru heima. Fóru þeir Þorgils þá ofan til virkis. Vóru þá sótt naut ok sauðir á bæi til matar mönnum. Vóru þeir Þorgils í virkinu um nóttna.

309. Sturla var um nóttna á Eyri, sem fyrr var ritað. En er hann klæddisk um morguninn, segir hann sik svá dreymt hafa, sem hann mundi nökkut brátt spryra til Þorgils frænda síns. Var sungit snimma. Reið hann síðan inn til Dala. Þótti flestum sú ferð óvarleg; ætlaði hann at riða um nóttna norðr Haukadals-skarð ok til mótz við Þorgils. En er þeir riðu inn um Ströndina, segir Sturla opt it sama, at þeir Þorgils mundu skjótt finnask. Menn hans sumir heituðusk at riða frá hónum ok vestr til Saur-

[III. 275, 276: ix. 47.]

bæjar. Sturla bað þá eigi frá sér ríða. Ok svá var. En er þeir riðu inn hjá Hólmlátri, sá þeir mann ríða á móti sér. Segir Sturla, at hann vildi þann mann finna; ‘Man hann kunna nokkut at segja í fréttum.’ Þar var Erlingr prestr Þorkelsson; hafði hann riðit inn til Snóksdals; vissi hann njósn þá er komit hafði til Sauðafellz um tiðir. Þóttisk Sturla þá vita, at Þorgils mundi annat-hvárt kominn, eðr ókominn at eins. Ríða þeir Sturla á Vestliða-eyri. Kom þar Þorkell brennir, ok sagði sönn tíðendi af ferðum Þorgils, ok þat hann hafði eltan Hrafn á fjöll upp; ok at Þorgils var þá kominn til virkis, ok hafði eigi fára en fjogur hundruð manna. Sturla reið til Hamra-enda, ok át þar náttverð; reið hann síðan til virkis. Varð mikill fagna-fundr með þeim frændum. Segir hvárr öðrum þau tíðendi er görzk höfðu í ferðum hvers þeirra. Hrafn sendi menn til Þorgils at leita um sættir; ‘Em ek nú undan kominn, svá at eigi er víst at hann nái mér at sinni.’—‘Ekki mun tjóa um sættir at leita í kveldi,’ segir Þorgils; ok eingi fengusk þá grið. Um morguninn eptir kom til Ketill prestr Þorláksson, ok Guðmundr Óláfsson, ok Páll prestr ór Langadal, ok Snorri prestr undan Felli, ok Þórarinn Sveinsson. Vóru þá sett grið, ok komit á stefnu. Riðu þeir Hrafn þá ofan af fjallinu til fundarins; vóru þeir tólf saman. Var þá talat um sættir; horsfði þat seinlega; var Sturla all-ósáttfúss; þóttisk setið hafa fyrir mörgum atsförum. En þó man Þorgils ráða.’ Þorgils var sáttfúss ok þó sáttavandr. Kom svá, at Hrafn ok Ásgrímr buðu dóm Þorgils á málum þeirra. En vildu halda sætt við Þorgils þá er þeir sættusk við hann í Vatzdal. En því var eigi játt. En er þetta féksk eigi, þá buðu þeir öll mál í dóm Þorgils. Þorgils neitti því. ‘Munut þér,’ segir hann, ‘þat kalla nauða-sætt. Eru þat mín ráð, at vér sættimk heilum sáttum, eðr verum ósáttir ella. Skulut þér héðan í griðum ríða, þótt vér sættimk eigi. Vil ek nú bjóða yðr, at vér nefnim til jasfn-maírga menn þá er nú þykkja bezt til fallnir; má eigi þat þá mæla, at þér takit knefanar-kost¹, þótt nú þykki nokkurr afla-munr.’ Varð pessi sætt með þeim, at göra skyldi Snorri prestr frá Skarði, ok Snorri prestr undan Felli, Páll prestr ór Langadal. En af Hrafn hendi, Þorkell prestr, Guðmundr Óláfsson, Þórarinn Sveinsson. Var nú lagðr fundr til í Bjarnardal daginn eptir. Fundusk þeir þar at

¹ knefanar-kost, Cd.

[III. 276, 277: ix. 48.]

ákveðnu. Kom þar Einarr ok Stranda-menn til Þorgils. Var þar lengi um talat; ok urðu görðar-menn á sáttir sín í milli, ef þat væri vili Þorgils. En segja eigi fyrr upp en þeir hefði samþykki af hónum, at hann vildi at svá væri. Fannsk þat á, at Þorgils var eigi smálátr, þótt hann þyrfti ór sínum sjóði at leggja. Vóru þar görðir upp sagðar, ok jafnat sökum þeim er svá þótti til heyra, en bættir skakki sá sem á þótti vera. Vóru þar margir menn héraðs-sekir, ok engir af landi görvir; en halda goðorðum sínum. Héldu þeir þessa sætt meðan þeir lifðu allir. Reið Þorgils þá ofan eptir Norðrár-dal, ok reið Hrafn með hónum á leið ok var inn blíðasti; töludu þeir mart, ok skilðusk vel. En Ásgrímr ok sum sveitin reið ofan eptir dalnum. Þóttusk þeir allir eiga van-talat við hann. Reið þá til annarr, en annarr frá; bægði hvern öðrum. En Ásgrímr var því rískari en aðrir, at hann hélt í stigreip hans, ok gætti svá til at hónum yrði eigi frá bægt. Töludu þeir lengi ok skilðu ok blíðlega. Fann engi þat, at Ásgrímr, eðr aðrir þeir, minntisk þess, at nökkurar sakir eðr sundr-greinir hefði verit með þeim. Þeir minntusk allir við Þorgils, ok báðu hann vináttu. Var hann við þá alla blíðr, ok bað hann þá vel fara.

310. Þorgils ok Sturla riðu um kveldit til Dals-minnis. Ok um morguninn skilðusk þeir frændr. Reið Þorgils út á Hvanneyri; var þar syrir Sigvarðr biskup. Tók hann vel við Þorgilsi, ok talaði syrir hónum mart, ok um skipti þeirra Þórðar Andréssonar, ok við hvert vandræði hann þóttisk þar kominn vera. Beiddi hann Þorgils þar til fulltings, ef hann kynni at þurfa. Hét Þorgils at eiga þar at góðan hlut, ef hann mætti sér við koma. Skilðusk þeir með inum mestum vinmaelum. Bauð biskup Þorgilsi heim í Skálaholt um haustið þá er hann vildi koma. Reið Þorgils þá út um kveldit á Kalastaði. Þar hófu þeir bónorð við Eyrnýju dóttur Halldórs prestz syrir hönd Ásbjarnar Íllugasonar, ok svaraði hón því seinlega; en Halldórr prestr ok Þorsteinn son hans tóku því vel. Þorgils var í Saurbæ aðra nöttina; ok varð öngu keypt. Reið Þorgils á brott, ok Þorsteinn reið á leið með hónum, ok bauð hónum til Hestz. Skilðusk þeir þar Einarr ok Þorgils, ok gaf Einarr hónum stóðhross góð ok oxa sex vetra gamlan, ok kvað þeirra frændsemi skyldu aldri skilja meðan þeir lifði. En er Þorgils reið upp eptir héraði, riðu þærdr at hónum; ok bað hann¹ hvern þeirra slíkt af sér at hafa sem hann vildi; en margir

¹ hann] acc. = him.

[III. 277, 278: ix. 49.]

gáfu hónum. Reið hann þá heim norðr, ok þótti sjá ferð röskleg.

311. Nökkuru síðarr reið Þorgils suðr til Borgarfjarðar Arnarvatn-heiði. Reið Egill ór Reykjaholti út í Saurbæ til Halldórs prestz. Rézk þat þá, at Ásbjörn skyldi fá Eyrnýjar. Kom Þorgils niðr boði í Reykjaholti; var þar veizla góð. Egill segir Þorgilsi, at þar vóru fimm Hrafnsmenn, Óláfr bróðir hans ok menn með hónum; 'Skaltú skipa Óláfi,' segir Egill, 'sem þú vilt.' Þorgils svarar: 'Hann skal vera vel kominn, ok sitja it næsta mér, þvfat vit Hrafn erum nú vel sáttir.' Þat varð til nýlundi í veizlunni, at þar sem brauð var kastað á borð fyrir þá Þorgils ok Óláf, sá þeir blóð-dropa ný-blædda á einum hleifinum. Þótti þeim þetta undarlegt. Var þá leitað, ef nökkurr væri sárr nær, sá er blæddi, eðr hvaðan þat blóð væri komit, ok fundusk til þess engi lískendi. Reið Þorgils þaðan til Skálaholtz, ok þá gjafir at biskupi. Ok þaðan reið hann heim norðr. Var Ásbjörn nú kvángaðr; ok vóru þau um vetrinn á Miklabæ með Þorgilsi¹.

stöðvaði þá hestinn undir sér, ok leit á um hrifð ok mælti: 'Áverjar! Áverjar!' segir hann, 'ok snúum undan!' Þessa menn bar brátt eptir; vóru þar Andrés-synir, Eyjólfur ór Skærði, ok Brandr ór Skógum, ok Magnús agnarr. Þórðr var eigi þar; ætlaði hann, at þá mundi minnr grunat, ef þeir fyndi menn, at hann væri eigi í ferðinni. Nú veittu þeir atreið mikla, ok höfðu þeir Þórðr skilit austr við Þjórsá. Hildiglúmr hétt sa maðr er til þess var ætlaðr at vega Gizur jarl; var hónum fenginn inn bezti hestr til reiðar. Nú berr þá brátt at borði¹. Ok er þeir Andrés-synir vóru eptir komnir, bregðr Gizurr jarl sverði sínu Eysfara-naut, ok sveiflaði um sik. Hildiglúmr lagði spjóti til Gizurar jarls, ok skárusk klæðin; ok varð jarl lítt sárr; kom lagit hægra-megin hjá geirvörtu. Gizurr jarl hallaðisk mjök á baki. Þá reið at jarli Sæmundr Haraldzson, ok hjó til hans tveim höndum með breiðöxi, ok hugðisk kjósa mundu á, ok ætlaði at höggva á öxlina. En í því rasaði hestrinn undir hónum, svá at í sundr gengu báðir beisl-taumarnir; ok bar öxina niðr hjá þjófi hestzins þess er jarl reið; en þat högg kom eigi á jarl. Gizurr glaði reið jafnan á aðra hönd hónum með brugðit sverð; en Haukr Óláfsson² á aðra hönd hónum; ok fylgdu hónum vel ok drengilega. Þeir Gizurr jarl hleypðu at ánni Hvítá, ok þar á sund þegar þeir kómu at; ok kómusk allir heilir yfir; ok riðu síðan til Tungu. Klængr var úti, ok spyrr hví þeir hleypði svá. Gizurr jarl svaraði: 'Þeir elta mik nú, mágar þínir; ok lát upp kirkjuna skjótt!' Klængr görði svá. Þorleifr hreimr var þar fyrir ok seinkaði eigi mjök. Gizurr jarl fór í kirkju; en sendi þegar í brott Gizur glaða, ok bað hann samna mönnum at sér skjótlega, ok vita at þeir kæmi brátt til fulltings við hann. Nú reið Gizurr glaði á brott; en Þorleifr hreimr bar kistur, þær er í vóru kirkjunni, fyrir kirkju-hurðina; ok tók þá heldr knálega til. Klængr bóndi ok heima-menn hans gengu at kirkjunni, ok vildu fulltingja Gizuri jarli. Menn jarls, er þar vóru, stóðu fyrir kirkju-durum. Nú kómu Andrés-synir at kirkjunni, ok hljópu af baki. Ásta húsfreyja Andrés-dóttir hljóp at Eyjólfí bróður sínum, ok laust hann með tré miklu [er hón hafði í hendi]; ok kom þat á stálhúfu-barðit; ok varð því höggit minna; en³ hón var tekin af föru-nauti þeirra bræðra hennar. Klængr bað þá fyrir sjá mága sína vel, ok göra Gizuri jarli ekki grand þar sem hann

¹ Emend.; broddi, Cd.² Svarizson, Cd.³ en] emend.; at, Cd.

[III. 316: x. 24, 25.]

var þá kominn. Þeir svara fá um; ok vóru í öngu skeleggir, sem síðar bar raun á. En þeir menn er minna háttar þóttu vera, eggjuðu at brotin mundi vera kirkjan austan til, ok kvóðu ekki mundu fyrir vera, at ná jarlinum. Svá göra nøkkurir menn af liði þeirra; fóru austr um kirkjuna, ok ætluðu at brjóta hana. Andrés-synir vildu þat eigi göra láta, ok vildu tala við jarl fyrst; ok svá var, at þeir gengu í forkirkjuna ok töluðusk við. Gizurr jarl segir svá: at þat eitt var í orðit, at þeir frændr mætti þat semja sjálfr með góðra manna tillögum. Klængr lagði þar mörg góð orð til; ok töluðusk þeir mjök lengi við. Ok þá kómu at margir menn til fulltings við jarl. Var hann þá þegar seinni í öllum ját-yrðum sem fulltings-menn vóru fleiri; ok dró þá málit fyrir þeim sem kænlegast, allt þar til er mann-fjöldi dreif at. Þá riðu Andrés-synir í brott. Ok skildi svá með þeim. Riðu þeir þá til mótz við Þórð bróður sínn austr til Þjórsár, ok segja hónum frá ferðum sínum sem farit hafði. [Magnús] agnarr Andrésson segir svá, at þeir hefði vel leikit, er þeir höfðu eltan jarlinn. Þórð varð fár um, ok segir svá: ‘Orðit hefir Gizurr þá beiskr ok harðr í horn at taka, er hónum mundi eigi heldr þykkja til gört en nú; ok mun eigi ráðleysi duga; þvíat eigi mun Gizurr jarl lengi um kyrt sitja; ok hefir mikill kænleiks-munr með yðr orðit.’—Þeir Þórð riðu nú austr um ár, ok allt austr í Þórs-mörk, ok höfðusk þar við um hríð; en stundum í bygðum.—Gizurr jarl samnar nú liði at sér. Hann sendir menn sína norðr um land til Skagafjarðar at kveðja lið upp; ok gaf landráða-sök þeim er eigi fóru; ok fór mart manna norðan, ok kom suðr yfir heiði. Gizurr jarl var þá riðinn austr um ár er Norðlendingar kómu suðr. Fundu þeir jarl á Rangár-völlum; hafði hann þá eigi minna lið en sex hundruð manna; var þá enn víða drepit fé á Rangár-völlum; ok galt margr óverðr þessa ófriðar ok ófsagnaðar. Þórð Andrésson, ok hans félagar, vóru í fjöllunum upp frá Þórs-mörk, sem syrr var sagt. Þeim varð opt talat um hagi sína. Þórð segir svá, at þeir bræðr hans ok aðrir vinir hans skyldu þat at marki hafa, at þá mundi hann feigr, ef hann trýði Gizuri jarli. Þat var eitt kveld er Þórð ræddi um við Simon Þórhallzson fylgðar-mann sínn, at hann skyldi hrífa um hálsinn á sér; kvað þar klæja mjök. Símon görði svá. Þórðr kvað hann eigi at göra þeim kláða.

329. Frá því er nú at segja, at menn fara milli þeirra til Gizurar jarls ok Þórðar, Óláfr Svartzson frá Esjubergi, ok aðrir bændr

[III. 317: x. 25.]

með hónum. Fundusk þeir í Teigi. Kómu þeir Þórðr Andrésson þar ok bræðr hans. Mælti Gizurr jarl þá sjálfr fyrir griðum. Vóru þeir þar allir um nöttina; vóru þeir Andrés-synir þar í kirkju ok þeirra menn sem rúm höfðu nær þrír tigir manna. Um morguninn gengu þeir ór kirkju allir bræðr. Gizurr jarl hafði þá mikla sveit manna þar hjá kirkjunni. Þá er þeir bræðr kómu út, vóru jarls menn alvápnaðir, ok var gör kví at þeim Þórði. Þórðr gékk fyrstr í kvína, hann hafði öxi í hendi. Gizurr jarl mælti þá: ‘Þú, Þórðr,’ segir hann, ‘ok bræðr þínir, ok Sæmundr Haraldzson, skuluð ríða með mér vestr yfir ár, ok tala þar um mál vár.’ Jarl tók til öxarinnar er Þórðr hafði; ok hélt Þórðr eigi á, ok lét lausa. Gizurr jarl mælti þá; bað taka af þeim öllum vápnin; kvað þá eigi vápn þurfa út yfir ár, ok kvað þá engi vápn hafa skyldu. Þá brá þegar mörgum inum betrum mönnum í brún; ok þótti þá þegar eigi efnt þat er mælt hafði verit. Frjádaginn riðu þeir Gizurr jarl vestr yfir ár, ok allr flokkr hans með hónum; ok þar vóru Andrés-synir allir í ferð ok Sæmundr Haraldzson. Árni son Bjarna bónda af Auðkúlu-stöðum reið hjá Þórði um daginn ok töluðu. Þórðr mælti til Árna: ‘Hvat ætlar þú, at jarl göri nú af vóru máli bræðra?’ Árni kvazk ætla at hann mundi nökkt gótt ráð fyrir sjá; skipa þeim at vera með nokkurum góðum mönnum um vetrinn. Þórðr kvað þetta eigi svá fara mundu. ‘Hvat ætlar þú þá, bóndi,’ segir Árni. ‘Ek mun drepinn verða,’ segir Þórðr, ‘en bræðir mínr munu fá grið.’ Ok þá hrökði Þórðr hestinn undir sér, ok kvað danz þenna við raust:—

‘Mínar eru sorgir þungar sem blý!’

Gizurr jarl fékk menn at ríða hjá þeim bræðrum, Andrés-sonum. Um daginn var regn mikil. Allr þori flokksins reið með jarli um kveldit í Þrándar-holt. Andrés-synir vóru í stofu um nöttina, en jarl svaf í skála ok hans sveit. Laugar-morguninn snemma kom til jarls á rekku-stokk Hjálmr Þorbjarnarson. Jarl mælti þegar til hans: ‘Hugsat hefig um mál Andrés-sona eitthvat.’ ‘Hvat er þat, herra?’ segir Hjálmr. ‘Ek ætla at láta drepia þá alla í dag,’ segir hann, ‘ok Sæmundr Haraldzson; ok seg heima-mönnum mínum ok öllum eiðsvörum mínum, at þeir vápnisk, ok vil ek ganga til stofunnar.’ Hjálmr segir þetta örendi. Jarl stendr þá upp skjótt, ok klæðisk ok vápnask, ok mikil sveit manna með hónum. Ganga þá innar at stofunni ok líka upp. Gizurr jarl

[III. 318; 299: x. 25; 12.]

gékk í stofu-dyrnar, ok segir þá í sundr griðum öllum ok friði við þá bræðr Andrés-sonu; ok kvað þá alla drepa skyldu þann dag, ok svá Sæmund Haraldzson. Þeir vóru þá klæddir, ok tóku allir vápn sín, ok ætluðu af verjask þaðan ór stofunni. Þá fóru menn jarls upp á stofuna, grýttu ok lögðu inn. Gáfusk þeir þá brátt upp, ok beiddu prestz-fundar; var þeim þá prestr fenginn. Þá urðu menn til at biðja þeim griða. Arnórr Guðmundarson fékk grið til handa Sæmundi frænda sínum, en Ketill Ketilsson Brandi Andrés-syni; ok allir þeir frændr fengu grið, nema Þórðr. Jarl kvað öngan mann hónum þurfa griða at biðja; kvað annan-hvárn þeirra deyja verða. Fóru þeir í kirkju er grið vóru gefin. Þá var Þórðr út leiddr. Hann var í treyju; þeir leiddu hann út á hlaðit. Þórðr mælti þá: ‘Pess vil ek biðja þik, Gizurr jarl, at þú fyrirgefis mér þat er ek hefi af gört við þik.’ Gizurr jarl svarar: ‘Þat vil ek göra þegar þú ert dauðr!’ Sigurðr jarls-maðr hélt á treyju-blaði Þórðar. Þórðr drap hendi hans af sér, ok varð lauss, ok ætlaði at taka á rás. Þá tók hann Andrés Gjafvalldzson, ok félлу þeir báðir. Þá lagðisk Þórðr niðr annars-staðar, ok rétti hendr frá sér í kross. Geirmundr þjófr hjó á háls Þórði með öxi þeirri er Gylta var kölluð. Gizurr jarl þreifaði í sárit, ok bað hann höggva annat; ok svá görði hann. Lét Þórðr þar líf sítt tveim nöttum fyrir Michaelis-messu.

Gizurr jarl reið norðr til Héraðs þegar eptir þessi tíðendi. Sæmundr Haraldzson fór norðr með Arnóri Guðmundar-syni, ok var með hónum um vetrinn.—Nú vóru kyrr tíðendi þenna vetr eptir hér á Íslandi. Sat Gizurr heima á Stað.



330. ¹ Nú er þar til máls at taka er fyrr var frá horfit, at Sturla reið heim vestr til sveita; átti hann nú bú at Staðarholi, en Hrafna görði bú í Stafaholti með ráði Sturlu². Nú þróask synir Sturlu

¹ The following two chapters (330, 331) may be regarded as a kind of continuation to Thorgils Saga Skarða. The words ‘Sturla reið heim’ refer to the Althing of 1262, running on from ch. 327.

² The following items in Br. are evidently compiled by the glossators or transcribers of the seventeenth century:—þat sumar er skattr var svarinn Hákon konungi á Íslandi; fór utan Brandr ábóti, ok þá kom Óláfr Grænlendina-biskup

[III. 299, 300: x. 13.]

Snorri ok Þórðr; hélt Þórðr sík til kenni-mannz ok var hóglátr í hvívetna; en Snorri görðisk uppivözlu-maðr mikill, ok hélt hann sveit nökkura. Vóru þeir feðgar mjök óskaplískir. Snorri reið um haustið suðr til Borgarfjarðar at Hauks, ok tók þar við búi; hafði hann heldr fjölmennt um vetrinn; ok þóttu þeir eigi spakir í héraði; lagði Hrafn inn mesta óþokka á Snorra; ok því urðu þeir all-óvinsælir af héraðs-mönnum. Kom því svá, at Snorra þótti eigi við vært. Stukku þeir þá upp. Fór Snorri þá fyrst norðr til föður síns. Var þá fullr fjándskapr með þeim Sturlu ok Hrafni. Um vetrinn er á leið¹, fundusk þeir Vigfúss Gunnsteinsson ok Snorri Sturluson ok Eyrar-Snorri í Ljár-skógum; mæltu þeir saman vingan með sér; skyldi hverr þeirra veita öðrum, ef þyrfsti, í móti Hrafni. Þóttusk þeir skilja, at engi varð uppgangr þeirra ef svá búit stæði ríki Hrafns. Lítlu síðarr sendi Snorri Pálsson menn á fund Hrafns, ok bað hann senda sér öxi nökkura breiða ok mikla ok bitrlega. Skyldi sá forvitnask hvat tíðenda væri í héraði. Hrafn sendi önga öxi, kvazk ok önga til hafa; ‘Ok man ek senda síðarr.’ Hann heyrði menn Hrafns segja, at hann þóttisk spurt hafa, at þeir höfðu þá sömu öxi ætlað hónum til lflátz. En eptir Páska um várit bjoggusk þeir til at ríða at Hrafni, Sturla ok Snorri son hans, ok Snorri Pálsson; en Vigfúss dró sík ór atferð er at kom. Snorri mælti við föður sínn; kvazk þeim illa trúa er hjá sátu, ok ekki vildu halda af viðræðum þeirra. Sturla mælti: ‘Eigi mun oss mein verða at Vigfúsi; en sakir vina Hrafns munu vér fara leynilega um Dalí.’ Þeir svara nafnar: ‘Þat má vel vera; en svá vildu vér þessa ferð fara at eigi yrði örendis-laust.’ Þá mælti Sturla: ‘Þat er satt, at ek hefi mjök latt þessar ferðar jasnan hér til; en nú nennta ek eigi við áeggjan yðra at sitja heima, þvíat ek vissa, at þér vildut þó fara. En þat er áhugi mínn, at af þessi ferð hljótum vér mikinn ćtíma, en öngan framgang, ef svá ferr sem mik varir.’ Þeir segja at hann mundi eigi at þessu sann-spár verða. Riðu þá suðr um heiði, ok námu staðar í skóginum ofan frá Gríasar-tungu. Þeir sendu mann til Norðr-ár, at vita hvárt án væri reið, þvíat vatna-vextir vóru miklir, eða hvárt Hrafn væri heima í Stafaholti. Kom aprí sendi-maðr

til Íslands. Annat ár eptir var vígðr Brandr biskup til Hóla, ok kom út til Íslands; vóru þá þrír biskupar á Íslandi. Þá fór Hákon konung til Skotlandz. Þorleifr hreimr var Lögmaðr.

¹ The winter of 1262-63.

[III. 301: x. 14.]

þeirra, ok segir at áin væri óreið. Sneru þeir þá ofan með Norðrá, ok út á Mýrar. Hrafni gékk njósn vestan ór Dölu. Ok nökkuru síðarr kom Snorri Markússon sendr af Vigfúsi til Hrafnar með njósn; ok þótti Hrafni sem Vigfúss mundi mátt hafa þessa ferð látið verða skjótari ef hann hefði öruggr í verit. Stefndi Hrafna þegar at sér mönnum; ok um daginn eptir riðu þeir út yfir Norðrá. Spurðu þeir þat at Sturla hafði riðit út á Mýrar. Riðu þeir þar til er þeir vissu, at þeir mundi eigi ná þeim at sinni. Þeir Snorri Sturluson ok Snorri Pálsson riðu vestr til Skógastrandar; ok fengu sér þar skip, ok fóru vestr í Fjörðu ok heldr óspaklega. En er þeir Sturla tóku undan, þá riðu þeir Hrafna heim í Stafaholt. Stóð nú með þeim allt atgörða-laust. Lítlu síðarr bjósk Þóris Þórludóttir heiman, kona Hrafnar, at fara vestr á Eyri í Arnarfjörð til bús þeirra. Var þat örendi hennar reyndar, at hón bar Vestfirðingum orð Hrafnar at fara vestan til mótz við hann at ákveðinni stundu. Ætlaði hann þá at fara at þeim Sturlu þann tíma er þeir kæmi vestan. Vóru þar nefndir til, Einarr Vatzfirðingr, Loptr Gíslason af Sandi, ok Súð-víkingar, ok allt it bezta mann-val vestan ór Fjörðum. Vestfirðingar brugðu við skjótt; ok görðu svá mikil afrek, at þeir fluttu stór-skip yfir þær heiðar, er varla þótti lausum mönnum fært. Hrafna samnar liði ok reið vestr á Skógaströnd. Hann sendi orð Guðmundi Böðvarssyni, at hann kæmi til mótz við hann vestr á Breiðafjörð, ok hefði með sér af Snæfellz-nesi skip þau er hann fengi. Büðvarr Þórðarson bað Guðmund því at eins fara, at hann vildi Sturlu verða at því liði sem hann mætti. Guðmundr svarar svá, at Sturlu mundi ekki verða at hónum mein; 'En þat veit ek, at hónum verðr ekki lið at mér, ef ek verð heima.' Fór Guðmundr, er hann var búinn, ok hafði mikla sveit manna. En er hann kom til Helgafellz, var þar fyrir Ari Guðlaugsson ok nökkurir menn Hrafnar. Þeir segja Guðmundi at Hrafna var kominn á Eyri, en Vestfirðingar all-margir komnir með mörgum skipum ok miklu fjölmenni. Höfðu þeir Börkr af Svínanesi eltan Eyrar-Snorra, ok komsk hann á land undan, ok á vald Hrafnar, ok var í griðum. En Snorri Sturluson var í Öxney, er Vestfirðingar kómu þar. Vóru þeir í svefni, ok höfðu önga njósn af fyrr en maðr kallaði at ófriðr færi at þeim. Snorri komsk þá í bæna-hús, ok þeir félagar. Hljópu Vestfirðingar þá at bæna-húsinu. Lögðu menn þar misjafnt til, hvárt bæna-húsit skyldi halda

[III. 302: x. 14.]

þeim. Þat rézk af, at bíða þess er Hrafn kæmi til. Sturla var þá vestr at¹ Staðarfelli. Hrafn kom um daginn í Öxney, ok höfðusk þeir Snorri þá orð við; beiddi hann sér griða ok mönnum sínum. Hrafn kvazk því heita mundu at sinni. Frétti Hrafn þá at Sturla var inn undir Staðarfelli; snýr þá þangat með Borgfirðinga ok allan flokkinn mjök svá. En er Sturla sá, at mörg skip fóru at landi, sagði hann vera mundu ófrið; ‘Eru þetta miklu fleiri skip enn várir menn höfðu; ok munu þeir Hrafn komnið vera; þvíat mik dreymði svá í nótta; ok munu vér riða undan norðr um fjall til Skarðz-strandar.’ Ok er þeir riðu upp í brekkur, sá þeir, at hvern maðr hljóp yfir annan fram af skipunum. Þóttusk þeir þá kenna, at Hrafn var í ferðar-broddi. Riðu þeir þá undan, ok þraut hesta fyrir þeim; var sá einn þá óþrotinn er Guthormr átti. Reið Sturla þá þeim hesti. Vóru þeir þá þrír saman, Sturla, ok Guthormr, ok Þorbjörn²; settu þeir undan norðr um fjallit til Strandar. Stökk sín veg hvárr þeirra bræðra, Óláfr ok Þorsteinn. Óláfr fal sik, en Þorsteinn komst í bæna-hús á Arastöðum³. Nikulás Þórarinson kom eptir þeim Hrafni í heiðar-brekkunni; var Hrafn þá móðr, en mart manna þrotið. Hrafn mælti, at Nikulás mundi strjúka eptir þeim er fremstir vóru, ef hann væri eigi þrotinn. Þá spurði Nikulás hvárt vápn skyldi bera á Sturlu ef hann yrði tekinn. ‘Þat veit ek nú eigi,’ segir Hrafn, ‘enda vil ek nú þat eigi.’ Nikulás fór þar til er hann fann Óláf Óláfsson; ok segir Óláfr, at Sturla væri undan dreginn. Nikulási þótti þat breytilegt. Hurfu þá Hrafns-menn aprí sumir, ok fóru at leita Þorsteins, ok fundu hann í bæna-húsi á Arastöðum, ok leiddu hann út ór bæna-húsinu, ok drápu hann. Hrafn kom norðr til Skarðz, ok bað Bjarna Snorrason fara at leita Sturlu; en hann vildi þat eigi nema hónum væri grið seld. Hrafn görði þat. Fór Bjarni þar til er hann fann Sturlu, ok selldi hónum grið af Hrafns hendi, en Sturla önnur af sínni hendi. Var þá fundr ákveðinn á Dögurðar-nesi. Fundusk þeir Hrafn ok Sturla at ákveðnu; var þar Óláfr ábóti Hjörleifsson, Guðmundr Böðvarsson. Urðu þau mála-lok, at menn Sturlu fengu lífs grið ok lima, en Hrafn réð einn sáttum. Ok rézk þat, at Sturla skyldi fara útan um sumarit á Eyrum; en þau Snorri ok Helga görðu bú á Staðarholi; en Hrafn átti bú í Stafaholti.

¹ at] á, Cd.; better undir. ² Þorbjörn] read Þórarinn? ³ Arastöðum] thus Cd.; it is now called Harastaðir.

[III. 303: x. 15.]

En er Sturla fór til skips¹, fann hann Þórð mág sínn á Þingvelli. Segir hanh hónum þau tíðendi, at Hákon konungr væri ór landi farinn, en Magnús konungr var fyrir landz-stjórn ok dróttning, ok Gautr af Meli². Barsk Sturla þat fyrir at koma sér í kærleika við þau, þegar hann vissi at Hákon konungr væri ór landi; þvíat hann uggði hans fjándskap mest. Fór Sturla þá á Eyrar suðr. Var þar þá Gizurr jarl, ok létt eigi vel við Sturlu³.

331. Eptir þetta fór Sturlu útan á Eyrum; hafði [hann] nær ekki í fé. Fórsk þeim vel, ok tóku land við Björgyn, ok var þar fyrir Magnús konungr. Þá var ok í Björgyn Gautr af Meli⁴. Gékk Sturla þegar á fund Gautz. Tók hann því vel ok mælti: ‘Ertú Sturla inn Íslenzki?’ ‘Svá er víst,’ segir hann. Gautr mælti: ‘Heimoll er þér matr með mér sem öðrum Sturlungum.’ Sturla mælti: ‘Eigi er víst at ek eiga betra kosti.’ Fór hann þá til vistar með Gauti, ok segir hónum af it ljósasta um þangatkvámu sína. En Gautr segir hónum aptr á mótt, hversu mjök hann var af fluttr við Magnús konung; en þó meirr við Hákon konung. Lítlu síðarr gengu þeir Gautr ok Sturla til Magnúss konungs. Kvaddi Gautr konung; en hann tók því vel. Sturla kvaddi ok konung; en hann svaraði öngu. Konungr mælti: ‘Seg, Gautr, hvern þessi maðr er, er með þér ferr.’ Gautr mælti: ‘Þessi maðr er Sturla skáld Þórðarson; ok er nú kominn á yðra miskunn; ok hygg ek vera, herra, vitran mann.’ Konungr mælti: ‘Pann hyggjum vér, at hann væri eigi hér kominn ef hann væri sjálf-ráði; en þó mun hann reyna þá er hann finnr föður mínn.’ Gautr mælti: ‘Svá ferr⁵, þvíat ek hygg, at hann muni hafa yðr kvæði at færa ok svá föður yðrum.’ ‘Pat er líkast,’ segir konungr, ‘at eigi láta ek drepa hann; en eigi kemr hann í mína þjónustu.’ Gékk Gautr ok Sturla þá í brott. En er þeir kómu til herbergis, mælti Gautr til Sturlu: ‘Þunglega þótti mér konungr taka þínu máli; en þó eru þér grið ráðin, ok ætla ek þú hafir mjök af fluttr verit.’ Sturla segir: ‘Eigi esfar ek þat; heldr þykkjumk ek vita, at Hrafn mun mik hér mjök af flutt hafa, er

¹ Cd. here adds,—var út kominn Hallvarðr gull-skór, sem fyrr segir. This is probably an interpolation, or a marginal gloss by transcribers of the seventeenth century, having in mind the summer of 1261 (see ch. 326), whereas the date is the summer of 1263. The vellum is here lost.

² Mæli, Cd. here and below. ³ þá kvað Sturla vísu þá er fyrr er rituð: Rauf við randa stýfi, add. (an interpolation). ⁴ Mæli, Cd. ⁵ ferr] conject.; fyrir, Cd.; or ‘svá er farit’

[III. 304: x. 16.]

mér þótti á Íslandi til tínt smátt ok stórt, satt ok logit.' Annan dag eptir gékk Gautr ofan í konungs-garð. Ok er hann kom aprí ok þeir Sturla töludusk við, mælti Gautr: 'Skipask hefir nú um mál þítt, fyrir því at konungr vill nú at þú farir með hónum suðr með landi.' Sturla mælti: 'Mun eigi konungr hljóta at ráða? en eigi fýsir mik í brott héðan.' Rézk hann þá til ferðar með konungi, ok var skrá-settr í skip. Gékk hann þá til skips, ok var fátt manna komit; hafði hann húðfat ok svipti-kistu; settisk hann fram á þiljur. Nökkuru síðarr gékk konungr á bryggjur ok sveit manna með hónum. Stóð Sturla þá upp, ok hneigði hónum, ok kvaddi hann; en konungr svaraði öngu ok gékk aprí eptir skipi til lytingar. Siglðu þeir um daginn suðr með landi. En um kveldit, er menn brutu upp vistir sínar, sat Sturla kyrr, ok bauð engi maðr hónum til matar. Þá gékk þjónustu-maðr konungs um skipit, ok spurði Sturlu, ef hann hefði nökkura vist ok drykk. Hann kvazk hvárki hafa. Síðan gékk þjónustu-maðrinn til konungs ok mælti við hann hljótt. Síðan gékk hann fram í skip til Sturlu ok mælti: 'Þú skalt fara í mótu-neyti með þeim Þóri munn ok Erlendi maga.' Þeir tóku við hónum, ok heldr fálega. En er menn lögðusk til svefn, þá spurði stafnbúi konungs, hvern skemta skyldi. Flestir létu hljótt yfir því. Þá mælti hann: 'Sturla inn Íslenzki, viltu skemta?' 'Ráð þú,' segir Sturla. Sagði hann þá Huldar-sögu, betr ok fróðlegar en nökkurr þeirra hafði fyrr heyrt er þar vóru. Preyngðusk þá margir fram á þiljurnar ok vildu heyra sem görst; varð þar þróng mikil. Dróttning spurði: 'Hvat þróng er þar fram á þiljunum?' Maðr segir: 'Þar vilja menn heyra til sögu er hann Íslendingrinn segir.' Hón mælti: 'Hvat sögu er þat?' Hann svarar: 'Þat er frá trollkonu mikilli; ok er góð sagan; enda er vel frá sagt.' Konungr bað hana gefa at þessu öngan gaum, ok sofa. Hón mælti: 'Þat ætla ek, at Íslendingr þessi muni vera góðr drengr, ok sakáðr minnr en flutt hefir verit.' Konungr þagði. Sváfu menn þá af nóttina. En um morguninn eptir var engi byrr, ok lá konungr í sama lægi. En er menn sátu at drykk um daginn, sendi konungi Sturlu sendingar af borði. Mötu-nautar Sturlu urðu við þetta glaðir; 'Ok hlýzk betra af þér en vér hugðum, ef slíkt vensk opt á.' En er menn vóru mettir, sendi dróttning eptir Sturlu; bað hann koma til sín ok hafa með sér trollkonu-söguna. Gékk þá Sturla aprí í lytingina, ok kvaddi konung ok dróttningina. Konungr tók

[III. 305: x. 17.]

kveðju hans lágt, en dróttning vel ok léttilega. Bað dróttning hann segja þá sömu sögu er hann hafði sagt um kveldit. Hann görði svá, ok sagði mikinn hluta dags sögu. En er hann hafði sagt, þakkaði dróttning hónum, ok margir aðrir, ok þóttusk skilja at hann var fróðr maðr ok vitr. En konungr svarar öngu, ok brosti at nökkut svá. Þóttisk Sturla þá sjá, at allt skap konungs var þá léttara en inn fyrra daginn. Sagði hann þá konungi at hann hefði ort kvæði um hann, ok svá um föður hans; ‘Vilda ek at þér hlýdduð til.’ Dróttningin mælti: ‘Látið hann kveða; þvíat mér er sagt, at hann sé it mesta skáld; ok mun kvædit vera ágæta gótt.’ Konungr bað hann kveða, ef hann vildi, ‘Þat er þú þykkisk um mik ort hafa.’ Þá kvað Sturla til þess er lokit var. Dróttning mælti: ‘Þat ætla ek, at kvædit sé vel ort.’ Konungr mælti: ‘Kanntú mjök görla at heyra?’ Hón mælti: ‘Ek vilda at yðr þætti svá, herra.’ Konungr mælti: ‘Spurt hefir ek, at Sturla kann at yrkja.’ Kvaddi Sturla konung ok dróttningu, ok gékk til rúms síns.—Gaf konungi eigi at sigla þann dag. En um kveldit áðr hann fór sofa, lét hann kalla á Sturlu. Ok er hann kom, kvaddi hann konung ok mælti síðan: ‘Hvat vili þér mér, herra?’ Konungr bað taka silfr-ker fullt af víni, ok drakk af nökkut; fékk síðan Sturlu ok mælti: ‘Vín skal til vinar drekka.’ Sturla mælti: ‘Guð sé lofaðr at svá sé.’ ‘Svá skal vera,’ segir konungr. ‘En nú vil ek at þú kveðir kvædit þat sem þú hefir ort um föður mínn.’ Sturla kvað þá kvædit. En er lokit var, lofuðu menn mjök, ok mest dróttning. Konungr mælti: ‘Þat ætla ek, at þú kveðir betr en Páfinn.’ Konungr spurði Sturlu at um þangat-kvámu hans. Sturla sagði konungi vel ok einarðlega frá skiptum heirra Hrafns; ‘En nú veit ek, herra, at ek hefi af fluttr verit við föður yðvarn ok yðr af óvinum mínum, ok eigi með sönnu efni. Nú þarf ek, sem allir aðrir, Guðs miskunnar ok yðvarrar ásjá, herra; ok nú er allt mítt mál á yðru valdi.’ Konungr svarar vel ok hóglega ok mælti: ‘Nú hefir ek heyrt kvæði þín, Sturla, ok hygg ek at þú munir vera ít bezta skáld. Nú mun ek þat at launum leggja, at þú skalt heim kominn með mér í náðum ok góðum friði. En faðir mínn á sök á sínum málum, er þit finnisk; en gótt mun ek til leggja.’ Dróttning þakkaði konungi, ok kvazk hyggja at Sturla væri inn bezti drengr. Konungr tók þá Sturlu vel, ok tærði hónum vel ok sæmilega. Dróttning var til hans forkunnar-vel, ok svá görðu aðrir eptir.

[III. 306: x. 18.]

Ok líftlu síðarr kom Sturla í ína mestu kærleika við konung. Ok hafði konungr hann mjök við ráða-görðir sínar; ok skipaði hónum þann vanda, at setja saman sögu Hákonar konungs föður síns, eptir sjálfss hans ráði, ok inna vitrustu manna forsögn. En áðr konungr létt setja söguna saman, hafði Hákon konungr andask í Orkneyjum, ok þótti mönnum þat mikil tíðendi um öll Norðrlönd, ok inn mesti skaði¹. Ok þá í annarri útanferð Sturlu var hann enn með Magnúsi konungi vel haldinn ok mikils metinn. Þá setti hann saman sögu Magnúss konungs eptir bréfum ok sjálfss hans ráði. Görðisk hann þá hirðmaðr Magnúss konungs, ok því næst skutil-sveinn. Hann orti mörg kvæði um Magnús konung, ok þá margfalda sæmð þar fyrir. Síðan kom útan af Íslandi Helga Þórðardóttir, kona Sturlu, ok synir hennar. Var hón þar fyrir sakir Sturlu, tekin í ína mestu sæmð af dróttningu. Þórðr Sturluson kom útan, ok fór til konungs, ok var þar vígðr til prestz, ok varð síðan hirðprestr Magnúss konungs, ok fékk mikla virðing, ok andaðisk þar². Sturla orti um Birgi jarl af Svíþjóð tólf vínsa flokk, ok þá þar laun fyrir; var þat kumpas af baldikin, ok kyrtill hálf-ermaðr, baldikinn, ok skarlat, ok ágætt kaprun. En er þeir Magnús konungr ok Birgir jarl fundusk, þá færði Sturla drápu er hann hafði ort um Birgi jarl. Pakkaði jarl hónum vel kvæðit, ok bauð Sturlu upp í Svífa-veldi með sér; ‘Skal þík hvárki skorta góða hesta né gangs-silfr.’ Sturla gaf jarli þar fyrir góðar pakkir; ‘En konungr hefir mér gefit útferðar-leyfi til Íslandz.’ En konungr leit frá ok brosti við, þvíat þeir Sturla höfðu eigi um þat talat. En þó létt konungr hónum leyft verða þat sumar út at fara til Íslandz³.

¹ Some of the paper transcripts (but not Br. or V.) here add:—Sturla þá orðlof til Íslandz er skip gengu. Síðan sigldi hann enn at nýju nökkuru síðarr; ‘sigla’ in this sense is a modernism. The vellum A is here unfortunately lost, and the text only extant in transcripts, partly glossed, of the seventeenth century. The words, even of Br., ‘ok þá í annarri ú.’ are somewhat suspicious. The text we believe ran thus:—ok inn mesti skaði. Var Sturla þá með Magnúsi kgi vel haldinn, etc. The Annals are silent on any return to Iceland or a second voyage to and from Iceland in the interval of 1264–71. The statement of the Annals is this:—Sturla’s first journey to Norway in 1263, and return in 1271; second journey in 1277, and return in the following year.

² He died in 1283, one year before his father.

³ The following entries in Br. are a compilation from the Annals, and a gloss of the transcribers:—Hit næsta sumar eptir andlát Hákonar konungs andaðisk Brandr

[III. 307: x. 19.]



332. ¹Pat er frá Sturlu sagt, at hann fór til Íslandz með lögbók þá er Magnús konungr hafði skipat. Var hann þá skipaðr lögmaðr yfir allt Ísland. Vóru þá laga-skipti á Íslandi. Tók hann þá við búi um haustið í Fagradal af Skeggja bónda.

Þann vetr var með Sturlu Þórðr Narfason. Pat var eitt sinn um vetrinn, at þangat kom til Sturlu Bárðr son Einars Ásgrímssonar; hann fór á skipi. En þann dag eptir er þeir fóru á brott, laust á veðri miklu fyrir þeim, ok uggðu menn at þeir mundu týnask. Þórðr gékk út ok inn, hugði at ef veðr minkaði. Ok eitt sinn er hann kom inn mælti Sturla: 'Vertú kátr, Þórðr, eigi mun Bárðr, frændi þínn, drukna í þessi ferð.' 'Pat muntú aldri vita,' segir Þórðr. En þat fréttisk þá síðarr sem Sturla sagði.—Nökkuru síðarr um várit tók Bárðr sótt. Þá spurði Þórðr Sturlu, hvárt Bárðr mundi upp standa ór sóttinni eðr eigi. 'Skil ek nú,' segir Sturla, 'hví þú spyr्र þessa. En fá mér nú vax-spjöld mínn.' Lék hann þar at um hríð. Lítlu síðarr mælti Sturla: 'Ór þessi sótt mun Bárðr andask.' Pat fór svá.

Sturla fór þá til Staðarhóls búi sínu, ok hafði Lögsögu þar til er hófusc deilur milli kenni-manna ok leik-manna um staða-mál. Lét Sturla þá lögsögu lausa, ok settisk hjá öllum vandræðum er þar af görðusk.—Margir menn heyrðu Árna biskup þat mæla, ok þótti þat merkilegt, at Sturla mundi nökkurs mikils góðs at njóta, er hann gékk frá þessum vanda.—Tók þá lögsögn Jón Einarsson ok Erlendr sterki.

Sturla görði bú í Fagrey; en fékk Snorra, syni sínum, land á Staðarholi til ábúðar. Sat Sturla þá í góðri virðing², þar til er hann andaðisk einni nótt eptir Óláfs-messu-dag. Var hann ok

biskup Jónsson at Hólum. Þá fór Óláfr Grænlendinga-biskup af Íslandi. Pat haust fyrir Michaelis-messu léti Gizurr drepa Þórð Andrésson.

¹ This final chapter and, we think, the last paragraph of the preceding chapter were added, after the death of Sturla the historian, probably by the editor or compiler of our present Sturlunga text. This refers to the summer of 1271 and the following winter of 1271-72.

² virðing] mörög ár í elli sinni, add. some of the paper transcripts.

[III. 308: x. 19.]

Óláfs-messu-dag fyrst í heim, ok Óláfs-messu-dag síðast¹. Hann var þá sjautögr² er hann andaðisk. Var líkami hans færðr á Staðarhól, ok jarðaðr þar at kirkju Pétrs Postula, er hann hafði mesta elsku á haft af öllum helgum mönnum.

¹ var hann—síðast] instead of which, some of the less correct paper transcripts read, var hann ok oleaðr messudaginn fyrri, ok svá inn síðari, but no doubt badly.

² sjautögr] nær lxx, Cd. Sturla died on the 30th of July, 1284, having just completed his seventieth year, being born on the 29th of July, 1214.

END OF THE STURLUNGA SAGA.

APPENDIX.

I. H R A F N S S A G A.

PROLOGUE.

1. ATBURÐIR margir, þeir er verða, falla mönnum opt ór minni, en sumir eru annan veg sagðir en verit hafa; ok trúá því margir er logit er, en tortryggja þat er satt er. En fyrir því at ‘Apr hverfr lygi þá er sönnu mætir,’ þá ætlu vær at ríta nökkura atburði, þá er görzk hafa á vórum dögum, á meðal vár kunnra manna, sem vér vitum sannleik til. Í þeim atburðum mun sýnask mikil þolinmæði Guðs almáttigs, sú er hann hesir hvern dag við oss; ok sjálfræði þat er hann gefr hverjum manni, at hvern má göra þat sem vill, gótt eðr flitt.

2. SVEINBJÖRN hét maðr, son Bárðar svarta, Atla sonar, Höskullz sonar, Atla sonar, Högna sonar ins heppna, Geirþjófs sonar, er nam Geirþjófsfjörð, Valþjófs sonar ins gamla. Sveinbjörn bjó í Arnarfirði á þeim bæ er á Eyri heitir; hann átti konu þá er Steinunn hét; hón var Pórðar dóttir Oddleifs sonar. Sveinbjörn var goð-orðz-maðr ok vitr, ok mikill atferðar-maðr, læknir góðr. Atli, föður-faðir hans, hafði verit með Magnúsi konungi inum góða Óláfssyni í bardaga á Hlyrskógs-heiði þá er hann barðisk við Vindi. Þá vitraðisk Óláfr konungr Magnúsi syni sínum; bað hann velja tólf menn af öllum herinum þá er væri af inum beztum

ættum til þess at þeir bindi sár manna; en hann kvezk þat piggja mundu af Guði, at í hvers þeirra kyni skyldi síðan lækning haldask, er þar væri til valðir sár manna at binda. En eptir bardagann skipaði hann þeim til at binda sár manna; þvíat fáir vóru læknar í liði hans, en margir vóru sárir orðnir. Þar batt Atli sár manna fyrsta sinn at boðorði Magnúss konungs; ok var síðan algörr læknir, sem allir þeir er þar bundu sár manna. Svá kom lækning fyrsta sinn af Guðs miskunn í kyn Bárðar svarta. Þau Sveinbjörn ok Steinunn áttu tvá sonu ok fimm dætr: Herdís hét dóttir þeirra er átti Hallr prestr ok lögsögu-maðr, sonr Gizurar lögsögu-mannz. Helga hét önnur dóttir þeirra; hana átti Brandr Þóris son ok Helgu Jóns dóttur austan frá Svínafelli. Guðrún hét in þriðja dóttir þeirra; hana átti Sámr prestr Símonar son. Halla hét in fjórða; hana átti Þórðr Arason. Birna hét in fimta. Markús hét son Sveinbjarnar inn ellri, en Hrafn inn yngri. Markús var mikill maðr vexti ok ramr at afli. Svá var handleggr hans digr meðal axlar ok ólboga, sem lær mannz væri. Hann var ungr til bókar settr ok síðan vígðr til prestz. Á Eyri í Arnarfirði stendr steinn sá er Markús bar þangat. Í þeim steini vóru klappaðir fjórir koppar; ok er nú hafðr til þvátt-steins, ok er svá höfugr at varla megu fjórir karlar hefja. En fyrir því at 'Skammæ eru of öll þessa heims'¹, þá varð Markús eigi langliffr. Hann fór einn vetr ór Arnarfirði um heiði til Tálkna-fjarðar ok þeir fjórir saman; ok á heiðinni görði at þeim vánt veðr svá at þeir fóru villt. Ok er minnstar vánir vóru, þá brast undir þeim einn hengi-skafli. Ok í þessi skriðu týndisk Markús prestr, ok annarr maðr með hónum; en sá komsk í brott heill ór skriðunni er óknástr var; sá hét Árni; ok Húnþjófr hét annarr maðr er á brott komsk. Þessi atburðr varð þar sem heitir Feiksdalr.

3. Hrafn var á unga aldri snemmendis mikill atgörvis-maðr. Hann var Völundr at hagleik, bæði at tré ok at járni; ok skáld; þó hefir hann sátt kveðit svá at vér vitim; ok inn mesti læknir ok vel lærðr; ok eigi meirr vígðr en krúnu-vígslu; lög-spakr maðr ok snjall-talaðr ok minnigr, ok at öllu fróðr. Hrafn var mikill maðr ok réttleitir í andliti, svartr á hárs-lit; syndr vel, ok við allt firð þat er hann hafðisk at; bogmaðr mikill, ok skaut manna bezt handskoti. Hrafn fór ungr brott af landi, ok fékk góða virðing í

¹ Thus partly emend.; seinar eru of ails, Cd.; skömm eru oföll, B.

öðrum löndum af höfðingjum; sem vitni bar um þær gersimar er Bjarni biskup sendi hónum, sonr Kolbeins hrúgu ór Orkneyjum, út hingat: þat fingr-gull er stóð eyri, ok var merktr á hrafn ok nafn hans, svá at innsigla má með; annan hlut sendi biskup hónum, söðul góðan; ok inn þriðja hlut stein-klæði. Hrafn var útan einn vetr, ok var á hendi tígnum mönnum, ok þótti mikils virðr hvar sem hann kom, fyrir sþróttu sakir. Þá var Sverrir konungr fyrir Noregi. Annat sumar sigldi hann út hingat, ok fór til bús með föður sínum á Eyri.

4. Atburðr sá görðisk í Dýrafirði á várpingi þá er Hrafn var þar, at rosm-hvalr kom upp á land; ok fóru menn til at særa hann; en hvalrinn hljóp á sjó ok sökk, þvíat hann var særðr á hol. Síðan fóru menn til á skipum, ok görðu til sóknir; ok vildu draga hvalinn at landi; ok unnu öngar lyktir á. Þá hélt Hrafn á inn helga Thomas biskup til þess, at násk skyldi hvalrinn, hausfastar tenn ór hvalnum, ef þeir gæti náð hvalinn at landi fluttan. Ok síðan er hann hafði heitið, þá varð þeim ekki fyrir at flytja at landi hvalinn. Þessu næst fór Hrafn í brott, ok kvómu þeir skipi sínu við Noreg. Þetta sannar Guðmundr Svertingsson í drápu þeirri er hann orti um Hrafn:—

Sviðr braut sinni öðru sundr men-broti grundar
(brast glym-fjöturr Gestils) garð fyrir knarrar-barði:
Áðr veðr-lostinn vestan vegg-öndur framir seggir
(meðr stigu glatt af græði grund) við Noreg bundu.

Þann vetr var Hrafn í Noregi. Ok at vári fór hann vestr til Englandz, ok sótti heim inn helga Thomas Erkibiskup í Kantara-bergi, ok færði inum helga Thomas tenn; ok varði hann þar fé sfnu til musteris, ok fal sik undir þeirra bænir. Þetta sannar Guðmundr Svertingsson:—

Get ek þess er gékk at lúta geðfastr enum helgasta
böl-hnekkjanda af blakki blás vandar Thomási:
Sök-reynir bjó sína suðr drengilegr lengra
för, sem fyrðar heyra, foeti sál at boeta.

Þaðan fór hann suðr um haf, ok sótti heim inn helga Egidium í Ílans-borg. Ok er hann kom þar, þá minntisk hann þess er mælt er af alþýðu, at Guð veiti hverjum þeim er komr til Egidium eina bæn þá er maðr vildi helzt biðja, af verðleikum Egidii. Þá bað Hrafn þess Guð almáttkan, at af verðleikum Egidii skyldi hvárki

fjár-hlutr né þessa heims virðing svá veitask hónum, at þeir hlutir hnekði fyrir hónum fagnaði himinríkis dýrðar. Ok þat hyggjum vér, at Kristr veitti hónum þetta; þvíat Hrafn hafði nær alla hluti til þess at hann mætti mikill höfðingi sýnask. En engi var sá orðómr á af alþýðu manna hér á landi um hans virðing, sem oss sýndisk hann til vinna; þvíat vér seam nakkvera menn þá er meiri virðing hafa af alþýðu er minna unnu til virðingarinnar. Síðan fór Hrafn vestr til Jacobs. Sem Guðmundr segir:—

Fyrr kom fleina-rýrir fram jó-keyrir glamma
(lýðir sjá storma stríða stund) til Jacobs-fundar.

Þaðan fór hann til Róma-borgar, ok fal líf sítt á hendi Guðs Postulum ok öðrum helgum mönnum. Síðan fór hann sunnan frá Rómi, ok varði fé sínu til helgra dóma, þar sem hann kom. Ok er hann kom í Noreg, þá fór hann út til Íslandz, ok var um vetrinn á Þingvelli með Brandi mági sínum. Þá fóru þeir Hrafn ok mágar hans, Hallr Gizurarson ok Brandr, í Kallaðarnes at biðja Hallkötlu Einars dóttur til handa Hrafni; ok var þat at ráði gjort. Hallkatla var Einars dóttir, Gríms sonar, Ingjaldz sonar, Gríms sonar glammaðar, Þorgils sonar errubeins-stjúps. Móðir hennar var Þórey Más dóttir. Síðan fór Hrafn vestr á Eyri; ok tók hann við fjár-hlut þeim er faðir hans ok móðir hans hafði átt; ok bjó á Eyri í Arnarfirði þaðan af meðan hann lifði. Hrafn tók þá við goðorði því, sem faðir hans hafði átt, ok manna-varðveizlu. Þá réðu þeir Mögr, ok Seldælir ok Hraunsverjar, goðorð sítt undir Hrafn fyrir sakir vinsælda hans. Svá var bú Hrafns gagnauðigt, at öllum mönnum var þar heimill matr þeim er til sóttu ok örinda sínna fóru, hvárt sem þeir vildu setið hafa lengr eðr skemr. Alla menn lét hann flytja yfir Arnarfjörð þá er fara vildu. Hann átti ok skip á Barða-strönd; þat höfðu allir þeir er þurftu yfir Breiðafjörð. Ok af slfkri rausn Hrafns var sem brú væri á hvárum-tveggja firðinum fyrir hverjum er fara vildi. Svá sylgði hans lækningu mikill Guðs kraptr, at margir gengu heilir frá hans fundi þeir er banvænir kvómu til hans fyrir vanheilsu sakir. Sem hér segir:—

Sótti Hrafn at hitta höggu-sár af fári
maðr eða meðr at öðrum margr sá er þurfti bjargar:
Hverr gékk hodda-stökkvir heill, segi'k á því deili,
ljóns eða leystr frá meinum lög-varðanda ór garði.

Til einkis var hónum svá titt, hvárki til svefns né matar, ef sjúkir

menn kvómu á fund hans, at eigi mundi hann þeim fyrst nökcura miskunn veita. Aldregi mat hann fjár lækning sína. Við mörgum mönnum vanheilum ok félau sum tók hann þeim er þrot-ráða vóru, ok hafði með sér á sínum kostnaði þangat til er þeir vóru heilir. Fyrir því væntum vér, at Kristr muni kaup-laust veitt hafa Hrafnini með sér andlega lækning á dauð-degi hans. Eigi at eins græddi Hrafn þá menn er særðir vóru egg-bitnum sárum, heldr græddi hann mörg kynja-mein þau sem menn vissu eigi hvers-háttar vóru: —Þorgils hétt maðr, er hafði meinsemi þá, at allr líkamr hans þrútnaði, bæði höfut hans ok búkr, hendr ok fætr. Hann kom á fund Hrafnins á fornnum veg á einum gistingar-stað þeim er Hrafn hafði, ok bað hann lækningar; en Hrafn brenndi hann marga díla, bæði í kross fyrir brjósti, ok í höfði, ok í meðal herða. En hálfum mánaði síðarr var allr proti ór hans hörundi, svá at hann varð alheill.—Kona sú kom á fund Hrafnins, er mikit hugar-válað hafði; hón grét löngum, ok var svá brjóst-pungt, at nær hélt henni til örvinlunar. Hrafn tók henni æða-blóð í hendi í æði þeirri er hann kallaði þjótandi. En þegar eptir þat varð hón heil.—Þorgils hétt maðr er tók vit-firring; hann var svá sterkr at margir karlar urðu at halda hónum. Síðan kom Hrafn til hans, ok brenndi hann í höfði díla nakkvara; ok tók hann síðan vit sítt. Lítlu síðarr varð hann heill.—Í sveit Hrafnins varð maðr þróráða er hétt Marteinn ok var Brandzson; hann hafði stein-sótt, svá at [fyrir] því mátti hann eigi þurft sækja er steinninn fél fyrir getnaðar-liðu hans. Síðan tók Hrafn við hónum, ok hafði hann með sér lengi; ok létti hans meini með mikilli sprótt; ok svá sótti meinít at hónum, at hann varð banvænn, ok lá bolginn sem naut; ok þá heimti Hrafn til sín presta sína, ok þá menn er vitrastir vóru með hónum; ok spurði hvárt þeim þótti sjá maðr fram kominn fyrir vanmegnis sakir; en allir sögðu, at þeim þótti hann ráðinn til bana, nema atgörðir væri hafðar. En Hrafn sagði; at hann mundi til taka með Guðs forsjá ok þeirra atkvæði. Ok þá fór hann höndum um hann, ok kendi steinsins í kviðinum, ok færði hann fram í getnaðar-liðinn svá sem hann mátti, ok batt síðan fyrir ofan með hör-þræði svá at eigi skyldi upp þoka steininn; ok öðrum þræði batt hann fyrir framan steininn. Ok þá bað hann at allir skyldi syngja fimm *Pater noster* þeir er inni vóru, áðr hann veitti atgörðina. Ok síðan skar hann um endilangt með knífi ok tók í brott tvá steina; síðan batt hann viðsmjör við sárit, ok

græddi hann svá at hann varð heill. Torvellt er at tína öll ágæti sþróttlegrar lækningar hans þeirrar er Guð gaf hónum. En fyrir því má slíkt eigi undarlegt sýnask at Guði eru öngir hlutir ómáttugir, ok af Guði er öll sönn lækning; svá sem Páll postuli segir: *Alii gratia sanitatum in eodem spiritu.* Þat er svá at skilja: Sumum mönnum er gefin miskunn Heilags Anda. Mörgum mönnum veitti Hrafn smíðar sínar, ok aldri mat hann þær sjár. Bæ sinn á Eyri bygði hann vel, ok görði þar mörg hús ok stór, ok marga aðra bæjar-bót, þá er mikil merki má á sjá.

5. Markús hét maðr; hann var Gísla son, Þórðar sonar, Ulf's sonar. Guðríðr hét kona Markúss; hón var Steingríms dóttir. Ingibjörg hét kona Markúss; hón var dóttir Oddz af Söndum ór Dýrafirði. Þau Markús ok Ingibjörg fluttu sik af Söndum í Dýrafirði ok til Saurbæjar á Rauða-sandi, ok bjoggu þar, ok áttu tvá sonu ok eina dóttur, svá at ór barnæsku kæmisk. Gísli hét son þeirra inn ellri, en Magnús inn yngri, en Hallbera dóttir. Loptr hét son Markúss; hann var launetinn. Ragneiðr hét móðir hans; hón var Bjarnar dóttir. Markús var bú-pegn góðr ok mikill aferðar-maðr. Hann fór útan, ok lét höggva í Noregi kirkju-við góðan; síðan fór hann út hingat ok kom í Austfjörðu í Gautavík, ok gaf kirkju-viðinn allan Sigmundi Ormssyni. Sú kirkja stendr nú austr á Valpjófsstöðum. Sigmundr var þá mestr höfðingi í Austfjörðum. Síðan fór Markús á Rauða-sand til bús síns, ok bjó þar lengi síðan í góðri virðingu. Markús var eigi goðorðz-maðr, ok var þó með öllu rískr í héraði sínu. Svá lét hann bæ sinn húsa stór-kostlega, at hans bær var svá húsaðr sem þeir er bezt vóru húsaðir í Vestfjörðum. Síðan andaðisk Ingibjörg, kona Markúss; ok eptir hennar andlát fór Markús í brott af landi, ok lét höggva í Noregi kirkju-við góðan. Hann fór suðr til Róms; ok er hann fór sunnan frá Róm[i], keypti hann klokkur góðar í Englandi ok hafði þær með sér í Noreg. Síðan fór hann til Íslandz með kirkju-viðinn ok klokkurnar. Ok er hann kom út hingat, lét hann göra kirkju göfuglega á Rauða-sandi; ok til þeirrar kirkju gaf hann klokkurnar, ok Óláfs-skrín er hann hafði út haft. Sú kirkja var síðan vígð Guði Almátkum ok heilagri Máríu dróttningu. Eptir andlát Ingibjargar var Markús óglaðr löngum, af hugtrega þeim er hann hafði af hennar andlái.

6. Maðr hét Ingi; hann var Magnús son; hann bjó í Patreksfirði á þeim bæ er heitir at Hval-skeri. Ingi var mikill maðr vexti

ok ljótr, grályndr ok gár-fenginn. Á þeim bæ er Ingi bjó var bæna-hús; þat lá undir þá kirkju er á Rauða-sandi var. En þat var boð ins heilaga Þorláks biskups, at hvergi skyldu bæna-hús niðr falla þar sem áðr voru. Ok ef bæna-hús hrörnaði eðr felli niðr, þá skyldi af toptinni gjalda sex aura til graptar-kirkju þeirrar er bæna-húsit lá undir. Á þeim bæ er Ingi bjó, fíll bæna-hús ofan; en þat hús lét Ingi eigi upp göra, ok ekki vildi hann gjalda af toptinni. Þat fé heimti Markús at Inga; en hann galt eigi féit. Þaðan af óx óþykt með þeim Markúsi ok Inga. Guðlaugr hét maðr; hann var Valentinus son; hann bjó at bæ þeim er heitir at Stökkum. Jólinn hét systir Guðlaugs; hana átti Ingi. Þat var eitt haust, þá er sauðir voru reknir saman í rétt at Rauða-sandi, at Markús lét draga sauði sína í hús til skurðar. Þá kómu þeir Guðlaugr ok Ingi til réttarinnar. Þeir fengu til mann þann er Þormóðr hét, at draga sauð, þann er Ingi átti, til sauða Markúss þeirra er til skurðar voru dregnir; þvfat þeir vildu gefa Markúsi gagn-sök í móti fjár-heimtu þeirri er hann heimti bænhúss-tollinn at Inga. Síðan skildusk menn at réttinni. En um morguninn eptir fékk Markús menn til at skera sauði þá er inn voru dregnir. En er húskarlar Markúss voru at slátra, þá sendu þeir Ingi mann til fundar við þá, at vita hvárt þeir hefði skorit sauðinn þann er Ingi hafði látið draga til sauða Markúss; en þeir Markús vissu enga ván til at Ingi átti þar sauð inni með sauðum Markúss. Þá höfðu húskarlar Markúss skorit sauðinn. En er sendi-maðr Inga kom þangat til er þeir slátruðu, þá heilsuðu þeir hónum; en hann tók kveðju þeirra. Hann tók upp höfuð sauða þeirra er þeir höfðu skorit, ok finnr þar höfuð þat er mark Inga var á. En þeir svöruðu ok kvóðusk eigi vitað hafa at með því marki hefði verit. Sendi-maðr Inga fór í brott ok kemr á fund þeirra Guðlaugs, ok segir at húskarlar Markúss hefði skorit gelding er Ingi átti. Nú er Markús varð þess varr at húskarlar hans hefði skorit sauð þann er Ingi átti, þá sendi hann mann til fundar við þá Inga ok Guðlaug, ok bauð at gjalda fé fyrir sauð þann, vaðmál, eðr sauð þann annarr er þeir vildi, ef þeim þætti sér þat betr koma at hafa, heldr en slátr þess sauðar er skorinn var. Þeir svöruðu, ok kvóðusk ekki vilja þat þiggja er Markús bauð. Þeir sögðu þessa sök búna vera á hendr Markúsi um sauða-skurð, á mótt þeirri sök er hann hafði á höndum Inga um bænhúss-toll. Ok síðan drógu þeir glott at ok mikit skaup, at Markús mundi eigi allt

réttilega fá til bús síns; ok höfðu mörg heimsleg orð um þetta mál. Nú við þessi slög þeirra ok silt orða-lag þá reiðisk Markús mjök, ok kvazk eigi lengi mundu nenna at sitja sér minnum mönnum slískan ósóma er þeir tóku upp.

7. Þá er þessi mál hófusk, þá dreymði þann mann draum er Guðbrandr hét Gestzson. Hann dreymði þat, at hónum þótti maðr koma at sér, mikill ok svart ok illilegr. Hann þóttisk spyrja hvat manni hann væri. Sá svaraði, ok kvað vísu:—

Líðr gótt sumar gróðrar, gandrekri þrumir landa;
heimr er í hæstum blóma hirtr, nú er ráð at birtask:
Mjök er grálega glyðjaðr (gapir hann á sjót manna)
ólmr und ægis-hjálmi Ingólfur kominn hingat.

Þann draum hyggjum vér verit hafa fyrir þeim ófriði er á Rauðasandi varð. En fyrir því, at ‘Lítið er nef var (!) en breiðar fjaðrar¹,’ þá óx óþykt með þeim Markúsi ok Inga, svá at eigi var óhætt. Markús var þingmaðr Jóns Loptz sonar, Sæmundar sonar; en Ingi ok Guðlaugr vóru þingmenn Hrafns Sveinbjarnar sonar. Markús var frændi Hrafns, manni firnarri en systrungr. Guðlaugr var ok skyldr Hrafni nökkut. Þat var eitt haust, at Ingi fór á kynnis-leit til Stakka til Guðlaugs, ok var þar nökkurar nætr. En er Ingi skyldi heim fara, þá ræzk Guðlaugr í ferð með hónum. Í þeirri ferð vóru sönir Inga, Arnórr ok Magnús. Ketill hét maðr, Árni ok Þormóðr, er í þeirri ferð vóru. Þeir fóru um tún í Saurbæ. Ok er þeir vóru komnir í tún-garð, þá kom kona nökkur í stofu, sú er úti hafði verit, ok mælti: ‘Nú fara þeir Ingi hér í tún.’ Karlar vóru at skinnleik margir, heima-menn Markúss. Loptr son hans var sjúkr, ok var hann því eigi at leiknum. Þeir Gísli ok Magnús vóru börn at aldri. Nú er Markús heyrir sagt, at þeir Ingi fara þar um tún, þá tók hann öxi í hönd sér, ok gékk út á hlaðit í móti þeim, ok hjó þegar til Inga; ok kom höggit framan í enni hónum; ok varð þat sár ekki mikil, þvíat² Ingi bjó í móti til Markúss ok hjó í sundr viðbeinat, ok þar á hol. Ok lítlu síðarr dó Markús. Ok er hann var fallinn, þá kvómu húskarlar hans út. Maðr hét Sigurðr Þórðarson; ok var hann húskarl Markúss. Ok er hann sá hann veginn, þá hjó hann til föru-nautz Inga, þess er Ketill hét; hann féll við höggit ok dó þegar. Ok er Ketill var veginn, þá hjó Sigurðr þegar til Guðlaugs, ok veitti

¹ Thus? a saying, but the words are somehow corrupt.

² Thus.

hónum sár mikit. Þá var Sigurði haldit. Vóru þá sögð Loðti tíðendin, þar sem hann lá sjúkr, at faðir hans var veginn. Þá reis hann upp þegar ok tók spjót í hönd sér, ok gékk út, ok lagði til Guðlaugs, ok veitti hónum sár mikit; ok var Loptr þá tekinn ok haldinn. Maðr hét Bárðr; hann var son Ingólfss, Bárðar sonar ins Svarta; hann var vinr Markúss ok frændi, sviðr maðr ok góðgjarn; hann beiddi Lopt griða fyrir hönd þeirra Guðlaugs ok Inga; sagði þá báða sára; kvað þá til einskis vera at vinna á þeim; en föru-nautr þeirra einn veginn; kvað annat vera hjálpvænlegt Markúsi föður hans en þá væri fleiri menn veginr at sinni. Ok af þessum orðum Bárðar vóru grið sett meðal manna; ok síðan fór Ingi ok hans félagar í brott. Þessir atburðir urðu tveim nóttum eptir Allra-heilagra-messu. Svá berr ártíð Markúss ok Ketils. Síðan var lýst vígi Markúss. Árni Surtzson, föru-nautr Inga, lét sem hann skyldi óhelga Markús. Þormóðr, sá er skotið hafði sauðnum til sauða Markúss, færði Loði höfuð sít um vetrinn eptir víg Markúss; en Loptr mælti, at hann skyldi sjálf ráða fyrir höfði sínu. Um þat var kveðin vísa:—

Hvat-vetna grét (hefig þat fregit)
(býsn þótti þat), Baldr ór Helju:
þó hefir hæra, þá er höfuð færði,
Þormóðr þotíð; þat er ólogit.

Of várit næsta eptir víg Markúss var átrr sáttar-fundr of þessi mála-efni. Sá fundr var á Barða-strönd á þeim bæ er at Haukabergi heitir. Fyrir þeim fundi réð Hrafns Sveinbjarnarson ok Jón prestr Brandzson, ok Krákr Þórarinsson, Steinólfur prestr Ljótzson. Jón Brandzson var vinr mikill Loptz Markús sonar, ok því bað hann Hrafns til at handsala fyrir Inga ok Guðlaug þingmenn sína; eðr fá menn til handsala. Gellir hét maðr Steins son ok Jóreiðar Þórólfs dóttur. Gellir átti Vigdísí Sturlu dóttur; en Jón Brandzson átti Steinunni Sturlu dóttur; en þó var sínum-megin hvárr þeirra at þessu máli; þvíat Gellir hafði tekizt á hendr Inga, ok varð-veitt hann á laun á bæ sfnum. Gellir var hávaða-maðr mikill ok heitramr. En þá er Gellir vissi fund þenna, samnaði hann liði, ok fór með fjölmenni til þessa fundar, ok hafði með sér í för Árna, er óhelgat hafði Markús. Þeir fóru með mikilli gamsan. Ok er þeir vóru á fór komnir, þá sagði Gellir sík fleirum mönnum andvígum en einum. Um þat var kveðin sjá vísa:—

'Verða nadda-nirðir (nú em'k út kominn) lúta;
vist man ek fimm it fæsta sella menn,' kvað Gellir.

Ok er þeir kómu til fundarins þá var Lopti mjök óþokkat um þeirra gems; því skaut hann spjóti í flokk Gellis. Af því spjóti sékk sa maðr sár er Hólmsteinn hét; hann fíll við skotið; ok varð lítt sárr. Ok síðan hljóp föru-nautr Loptz sá er Óttarr hét, ok hjó í flokk Gellis; en maðr vildi stöðva höggit sá er Örnólfr hét; hann var hús-karl Steinólfss prestz; en Ottarr hjó Örnólf bana-högg; ok síðan vóru margir menn særðir föru-nautar Gellis. Síðan beiddu góðgjarnir menn griða. Ok af því, at margir góðir menn ok vitrir vóru við staddir, þá var sætk á þessi mál þeirra í millum. Um víg Örnólfss ok áverka er þar görðusk, skipuðu þeir Hrafn ok Jón Brandzson. Á þeim fundi var Eyjólfur Snorrason. Hann kvað þá vísu þessa:—

Strendir hvöttu vápn vönd; víða ferr ýgs-lið;
Gellir vissi fyrir fall, flatir skriðusk menn at:
Lopti var sú gefin gipt grjóti mætti hans spjót;
Jón leyfði ok þá öldum at lita skjöld.

Á þeim fundi var sætk á víg Markúss ok víg Ketils, ok áverka alla þá er þar görðuzk á þeim fundi. Jón Loptzson skyldi göra slfska fé-sekð sem hann vildi gört hafa. Þau fé-gjöld handsöluðu þeir Hrafn, ok Krákr Þórarinsson, Helgi bróðir Guðlaugs, Páll Surtzson bróðir Árna. Þat var ok skilit undir sætt, at Ingi skyldi fara braut af landi, ok koma aldri aptr. Guðlaugr ok synir Inga skyldu fara í brott ór Vestfirðinga-fjórðungi ok verða þar aldri síðan vistum. Árni Surtzson var ok heraðs-sekr um Barðaströnd ok Rauða-sand, um Vískr ok Patreks-fjörð. Ok um sumarit eptir á Alþingi görði Jón Loptzson um þessi mál svá sem ætlat hafði verit. Þau fé öll sem gör vóru, guldusk at máldögum. Ingi fór í brott af landi, ok kom aldri aptr síðan. Guðlaugr ok synir Inga fóru í brott ór Vestfjörðum. Loptr gaf mörgum mönnum sakir þeim er verit höfðu vinir Inga ok tók fé af. Árni Surtzson var síðan í Tálkna-firði. Þá var þat mælt af nökkurum mönnum fyrir Lopti, at Árni væri illz verðr af hónum fyrir þat er hann hafði óhelgat föður hans. Nökkurum misserum eptir víg Markúss fór Loptr, ok sá maðr með hónum er Galti hét, í Tálkna-fjörð, á þann bæ er í Krossadal heitir. Þeir hitta þar heima-menn ok spryja hvar Árni sé; en þeim var sagt, at hann var eigi heima. Þá fóru

þeir í Selárdal, ok vóru þar nökkurar nætr. En er þeir fóru heim, þá fundu þeir Árna á götu; ok hjó Loptr þegar til Árna; en hann bar af sér höggit. Siðan sótti Loptr at hónum; en hann varðisk vel. Ok er Galta þótti Lopti seint sækjask, þá fór hann til, ok vann á Árna; ok síðan vógu þeir hann. Þat víg varð inn næsta dag eptir Óláfs-messu. Þat víg mæltisk illa fyrir; þvíat fé öll höfðu goldin verit fyrir Árna; ok hann hafði sætt þá, er gör hafði verit á hendr hónum, vel haldir við Lopt. Siðan bætti Loptr frændum Árna fé sem gört var á hendr hónum af þeim mönnum er til görðar vóru teknir. Loptr bjó nökkura vetr á Rauða-sandi síðan, ok varð-veitti bú bræðra sínna til þess er þeir höfðu aldr til at taka við fjár-varðveislu sinni.

8. Maðr hét Snorri; hann var Þórðar son, Þorvaldz sonar, Kjartans sonar, Ásgeirs sonar, Knattar sonar. Sigríðr hét móðir hans, dóttir Hafliða Máss sonar. Snorri var höfðingi mikill, rískr ok fjölmennr, vitr ok stórráðr. Snorri bjó í Ísafirði á bæ þeim er í Vatzfirði heitir. Snorri var lítill maðr vexti ok vænn at yfirliti ok vel vaxinn; hann átti mart barna, ok vóru engi skír-getin. Hafliði hét son hans; hann var vitr maðr ok vinsæll ok mikill umbótar-maðr, bæði með föður sínnum ok öðrum þeim sem hans ráð vildu hafa; þvíat Snorri þótti eigi í öllum stöðum jafnaðarmaðr vera; en sá ójafnaðr gékk aldri við ef Hafliði var nær, fyrir gæzku sakir hans ok réttlæti; af því var hann vin-sæll við alla menn, at hann vildi öllum gótt. Þat var einu sinni at einn vinr Snorra ræddi fyrir hónum um vinsældir Hafliða, ok tjáði þat hversu gótt höfðingja-efni hann var. Snorri svarar: ‘Engar nytjar munu menn hafa Hafliða, þvíat hann er miklu betr at sér um alla hluti en ek sé verðr at njóta hans; mun hann verða skamm-lífr; en þau börn mírn munu lengr lifa, er mönnum man minna gagn at verða, ok munu þar mírn at því gjalda; uggr mik, at menn munu meirr hafa harm en huggan af mínni kynslóð.’ Þetta mælti Snorri með mikilli áhyggju ok trúnaði fyrir sínun vin; ok sýndisk mönnum síðan sem hann hefði þetta mælt af nökkurum spakleik. Þvíat lítlu síðarr rézk Hafliði til skips, ok fór í brott af landi; en þat skip týndisk í hafi, ok öll skips-höfn sú er þar var á. Síðan tók Snorri sótt ok andaðisk tveim nóttum eptir Michials-messu. En eptir andlát Snorra tóku synir hans við staðfestu ok fjár-hlut, Þórðr ok Þorvaldr. Bárðr bróðir þeirra var þá barn at aldri. Þórðr var mikill vexti ok liðlegr, en Þorvaldr

var lítill maðr ok frálegr. Ok brátt er þeir höfðu við fjár-hlut tekit, urðu þeir eigi ásáttir um fé. Þá fór Þorvaldr í Vigr um vetrinn eptir andlát Snorra, ok var þar til várs.—Maðr hét Sveinn, ok var Þórolfsson; hann var kvángaðr maðr, ok hét Þóra kona hans; hón var Bárðar dóttir, Snorra sonar, Bárðar sonar ens svarta. Móðir Þóru hét Jóreiðr; hón var Oddleifs dóttir. Jóreiðr var móðir Þorvaldz Snorra sonar. Sveinn var hávaða-maðr mikill ok ódæll; hann görðisk fylgðar-maðr Þorvaldz, ok var í eynni Vigr með Þorvaldi. Jórunn hét dóttir Snorra; hón var Jóreiðar dóttir, systir Þóru konu Sveins. Þat mæltu sumir menn, at Sveinn legði á hana þokka. En er Þórðr Snorrason frá þaðan orðróm, þá lagði hann óþokka á Svein fyrir allt saman, orðlag þat er á var með þeim Jórunni, ok hávaða þann ok óspekð er hann hafði. Þórðr Snorrason var eigi sammæddr við Þorvald; Steinunn hét móðir hans Ingjaldz dóttir. Um várit eptir andlát Snorra áttu þeir Þórðr ok Þorvaldr fund í Vatzfirði, at skilja með sér, hvárr hafa skyldi staðfestu eðr goðorð. Til þess fundar kom Sveinn með Þorvaldi. Ok er Þórðr vissi þat, at hann var þar kominn, þá rέð hann til mann at vinna á Sveini; sá hét Gísli; hann hjó á hönd hónum upp við öxl. Þá hjó sá maðr, er Guðmundr hét; Gísla bana-högg. Búi hét húskarl Þórðar; hann hjó til Guðmundar; af því sári fékk hann bana. Nú eptir þenna atburð hafði Þórðr staðfestu í Vatzfirði ok manna-forráð. Þorvaldr var þá staðfestu-lauss nökkura vetr. Sveinn var færðr til lækningar þeim manni er Þorbjörn hét, ok varð eigi græddr fyrr en Hrafn græddi hann. Síðan fór Sveinn í brott af landi, ok görði bú á Hálogalandi; ok kom eigi síðan til Íslandz.

9. Magnús hét prestr; hann var Þórðar son, Þóris sonar, er kallaðr var Tolla-Þórir. Magnús görði eptir Jórunni Snorradóttur til Ísafjarðar, ok hafði hana með sér í Dýrafjörð á Mýrar. Þar bjó sá maðr er Mögr hét; hann var Mögs son, en Magnús var heima-prestr með hónum. Bergþórr hét maðr, Sáms son, Brandz sonar; hann hafði nökkut verit fyrr í tíðleikum við Jórunni; ok er hann frá, at Magnús prestr hafði eptir henni gört, þá fór hann til Dýrafjarðar, ok ætlaði at hafa Jórunni brott með sér. En fyrr en Bergþórr kæmi á Mýrar, þá var Magnúsi sögð för hans ok fyrir-ætlan. Þá létt Magnús prestr flytja Jórunni á þann bæ, er at Gnúpi heitir; ok var hón þar varð-veitt á laun meðan Bergþórr var þar í heraðinu. At Gnúpi bjó kona sú er Sigrfðr hét; hón

var Þórðar dóttir; hón var góð húsfreyja ok fengsöm. Bergþórr kom á Mýrar, ok var þar við hónum vel tekit. Þar var hann nætr nökkurar, ok gat eigi upp spurt Jórunni. Magnús var við Bergþór all-kátr; ok gaf hónum hund er hann fór á brott. Bergþórr fór heimleiðis, ok var Jórunn eigi í ferð með hónum. Þá kvað Magnús vísu þessa:—

Sitr fimligt fljóð (fram greiði ek ljóð)
(vex greppi sít), at Gnípi út:
En höfðu heim þat er hæfði þeim;
var hundr í för með hjálma-bör.

Ok er Bergþórr frá þetta, at Magnús hafði kveðit vísu, hafði hann rýgileg orð um at eigi mundi svá búit sjatna. En þau orð spyrr Magnús prestr, ok kvað vísu:—

Margr mundi sá sendir sókn-gífrs numinn lífi
linna-vangs fyrir löngu lundr, er nú rekr undan:
Ef bryn-hríðar bæði biti rýgileg skitja¹
(niðr drepr skáld) und skildi (skeggi) mál sem eggjar.

Ok eptir þat er þessar vísur vóru kveðnar, þá sömnuðu þeir Þorvaldr ok Bergþórr liði, ok göra til Magnúss. Ok er hann spyrr þetta, ferr hann á fjall þat er Sölófs-fell heitir; ok þar eru þau í einum helli meðan þeir Þorvaldr vóru í firðinum; rannsökuðu þeir víða bæi, ok leituðu þeirra Magnúss, ok fóru við þat á braut af héraði, at þeir fundu þau eigi. Ok eptir þat snörisk Jórunn í karla-föt, ok fór með Magnúsi presti suðr á Eyrar á laun, ok eptir þat af landi á braut. Ok er þau kómu í Noreg, görði hann boð² til hennar at ráði Erlendz múga-mannz; hann var hirðmaðr Sverris konungs ok frændi Jórunnar. Magnús var lengi í Noregi ok gat mart barna við Jórunni.

Kali hét maðr; hann var Halldórsson; hann átti Ingiríði Snorra dóttur; hón fíflidisk frá Kala at þeim manni er Ljótr hét; hann var son Sela-Eireks. Ok er þeir Þorvaldr ok Kali urðu þessa varir, þá görðu þeir sát fyrir Ljóti, ok sá inn þriði maðr er Þórðr hét, ok var Kala son. Ok er þeir fundu Ljót, sóttu þeir hann þrír með vápnum; en hann varðisk svá vel, at þeir gátu hann seint sóttan. Þá eggjaði Kali Þorvald, at hann skyldi sækja at djarflega; ok sagði klæki vera at þeir fengi eigi einn mann sóttan. Svá lauk þeirra fundi, at þeir vágu Ljót. Um þat víg orti Eilifr vísu:—

¹ málsskitja, = the speech-shuttle = the tongue.

² I. e. brullaup?

Kali bauð kjark at selja kald-ráðum Þorvaldi,
(ýti ek Fjölnis-flýti-feng), en til var enginn:
Þórðr manat virðum (!) virðask vann á dauðum manni,
(áðr sló á hoddá hlæði hvíkan) með spjót it mikla.

Eptir þessa atburði fór Þorvaldr til fundar við Hrafn, ok skoraði á hann til viðtöku; þvíat hann var þá félauß ok ráðstafa-lauss; en Hrafn var góðr viðtakna við mönnum, ok skyldr at frændsemi Þorvaldi, manni firnari en næsta-bræðri. Hrafn tók við Þorvaldi vel, ok hafði með sér nökkura vetr, ok var til hans sem hann væri hans son eða bróðir.

10. Ragnheiðr hét kona, dóttir Árons, Bárðar sonar ins Svarta, bræðrunga Hrafnar; hón var vitr kona ok spök; hana hafði átta Ámundi Úlfsson. Þar Ragnheiðr ok Ámundi höfðu átt fjórar dætr, þær er ór barnæsku kvæmisk. Tófa hét dóttir þeirra, ok Margrét, Hallbera ok Birna. Ámundi andaðisk; ok eptir andlát hans var Ragnheiðr gefin þeim manni er Þórarinn hét, Porkels son, Þórarins sonar, Auðunnar sonar, Þorsteins sonar, Auðunnar sonar af Auðunnar-stöðum, Ásgeirs sonar frá Ásgeirs-á. Þau Ragnheiðr ok Þórarinn áttu fjóra sonu, ok tvær dætr. Krákr hét son þeirra, er fyrr var getið, Eyvindr hét son þeirra, ok Thomas, ok Halldórr. Guðfinna hét dóttir þeirra, ok Guðrún. Ragnheiðr görði bú fimbán vetra gömul, ok bjó til elli góðu búi; ok var hvers mannz gagn, þess er hana sótti heim. Þórarinn andaðisk fyrr en Ragnheiðr; ok eptir andlát hans bjó hón lengi í Selárdal. Nú er Þorvaldr var kominn til vistar með Hrafn, þá fór Hrafni í Selárdal, ok varð þeim Hrafn ok Ragnheiði rætt til Þorvaldz; ok bað Hrafni at hón skyldi leggja góðan hug á Þorvald. Ragnheiðr segir: ‘Enga stund mun ek á hann leggja; þvíat ek ætla at þú hafir þar úlf at fæða er hann er.’ Hrafni svarar: ‘Eigi veit ek hví þú mælir svá; því at mér sýnisk fáir mírir frændr þvílskir.’ Ragnheiðr svarar: ‘Þat ætla ek, at eigi muni langt bíða áðr þér mun Þorvaldr engi gersemi sýnask. Göra máttú svá vel til Þorvaldz sem þú vill; en eigi væntir mik, at þér verði gagn né virðing at hónum.’ Þessi orð Ragnheiðar sýnask mönnum verit hafa af mikilli forspá, af þeim atburðum er síðan görðusk með þeim Hrafn ok Þorvaldi. Þorvaldr var með Hrafn nökkura vetr. Ok eptir þat fýstisk Þorvaldr at fara af landi. Þá fékk Hrafni Þorvaldi vöru nökkura, vistir ok vatn-köruld ok húðfat, ok rekkju-klæði, ok al-klæðnað, ok tók hónum fari í skipi því er uppi stóð í Dögurðar-nesi. Þórðr

Snorrason átti bú gótt ok gagn-auðigt í Vatzfirði, svá at hann var hvers mannz gagn þess er til sótti. En fyrir því, at hallæri var á landi hér, þá sór Þórðr á várum til fiskjar, með mikit skip ok húskarla sína, í Bolungar-vísk, af því at hann þóttisk þá fleirum mönnum mega gagn göra. Þat vár er Þorvaldr var ráðinn til utan-ferðar, var Þórðr róinn á fiski; ok görði at þeim vánt veðr, svá at þeir gátu nauðulega land tekit. Þórðr var ern maðr ok kapps-fullr ok liðgóðr at öllu. Ok er þeir kvómu at landi, þá var Þórðr þreytr af mæði ok þyrstr, þeim munum meirr en förunautar hans, sem hann hafði lið-betri verit, ok miðr hlíft sér. Ok er hann kom at landi, þá drakk hann ór læk nökkurum; ok er hann hafði drukkit þá kendi hann sér sóttar; ok sú sótt leiddi hann til bana. Þórðr var mörgum mönnum harm-dauði, fyrir vinsældar sakir hans ok drengskapar. Ok er Þorvaldr frá andlát Þórðar, þá seldi hann goðorð ok manna-forráð, þat er Þórðr hafði átt, í hendr Hrafni meðan hann væri útan. Ok síðan fór hann í brott af landi; ok var útan einn vetr¹. Ok er hann kom heim út hingat, kvángaðisk hann; ok fékk þeirrar konu er Kolfinna hét; hón var dóttir Einars Þorgils sonar ok Salbjargar Ketils dóttur. Ok síðan görði hann bú í Vatzfirði, ok tók þá við goðorði sínu.

11. Sá atburðr görðisk norðr at Hólum at biskups-stóli, at Brandr biskup tók sótt ok andaðisk fjórum nótum fyrir Laurentius-messu. Ok er hann var andaðr, þá var kjörinn til biskups af Norðlendingum Guðmundr, son Ara Þorgeirs sonar, Halla sonar, Orms sonar, Gellis sonar, Orms sonar, Halla sonar ins hvíta. Móðir Guðmundar hét Úlfeiðr Gunnars dóttir. Ok er hann var kjörinn til biskups, þá sendi hann orð Hrafni Sveinbjarnar syni, at hann skyldi koma á fund hans norðr í Miðfjörð. Hrafn fór á fund biskups-efnis, svá sem hann sendi orð til. Ok er þeir fundusk, þá bað biskups-efni, at hann skyldi fara útan með hónum; þvíat hónum þótti hann bezt til fallinn þeirrar ferðar fyrir vizku sakir, ok vinsældar, er hann hafði útan-lendis. Var þar ok in mesta vináttu með þeim Hrafni ok Guðmundi inum góða; ok því hélt, á meðan þeir lisðu báðir. Frá þessu sagði Guðmundr Svertingsson:—

Guðmundr bauð inn góði (get ek jafnan þess) Hrafni
(síð man at enda óðar) útferð með sér (lúta):

¹ ijj vetr, B.

Farað leizk flotna stýri fallinn bezt inn snjalli
geira-veðrs til góðrar gang-nistir forvistu.

Ok fyrir því at Hrafn var vinr Guðmundar, þá hét hann hónum förinni; ok eptir þat fór Hrafn heim í Vestfjörðu. Ok um várit eptir fór Hrafn vestan ór Fjörðum norðr til skips í Eyjafjörð, á fund Guðmundar biskups-efnis. Í þeiri för var með Hrafn Thomas Þórarinsson, annarr maðr Þórðr Vermundarson, þriði Eyjólfur Snorrason. Biskups-efni varð seginn Hrafn ok hans förunautum. Ok er skip var búit ok veðr gaf til, þá létu þeir í haf. Þeim byrjaði erviðlega um sumarit, ok vóru lengi úti. Rak þá suðr í haf, svá at þeir höfðu fogl af Írlandi; ok um síðir bar þá at Skotlandi, ok þar lágu þeir nökkurar nætr sem heitir fyrir Stauri. Undan Skotlandi tóku þeir sunnan-veðr svá mikil, at þeir menn sögðu, er þar höfðu verit, at þeir hefði aldrí komit í jafn-stóran sjó sem þá er þeir sigldu undan Hvarfinu á Skotlandi. Grímr Hjalta-son kvað þá vísu:—

Eisandi veðr undan uðr (nú er hvast ór suðri),
(stærir sterkar bárur, starf erað smátt), fyrir Hvarfi:
Klökkur verðr kjölr en rakkán kemr hregg í stað seggja
nú eru fjöll á sjá sollin, súð gengr æ sem prúðast.

Þeir kvómu í rétt harðan. Ok um nótt eina heyrðu þeir menn, er vörð héldu ok vöktu, bresti stóra ok ógurlegan gný. Þeir urðu varir við báru svá mikla, at þeim þótti ráðinn bani sínn, ef hón gengi at flötu skipi þeirra. Vildu þá stýri-menn¹, Bótólfr ok aðrir, taka til segls, ok kvóðu þat eitt lífs-hjálp, ef þeir fengi fyrir snúit ok undit seglit. Hrafn kvað nær komna báruna en þeim mætti þat endask. Hann bað þá at ganga skyldi til biskups-efnis ok segja hónum hvar komit var. Biskups-efni stóð upp þegar, ok tók helga dóma, ok gékk út á borð með, ok blezaði. Þá snöri skipinu í móti bárunni. Ok er þeir vóru í brjósti hennar, þá hrunði hón öll, þar sem þeir máttu sjá, nema fyrir stafninum; ok í því gékk [hón] inn á bæði borð; ok tók frá sól-byrðin; en húðföt [öll] rak aptr í austr-rúm. Kaupmönnum varð öllum eitt á munni: 'Betr fór en glísklegt!' segja þeir. En biskups-efni þakkaði Guði, ok sagði fara eptir lískindum. Síðan tóku þeir til segls, ok höfðu svá mikinn storm at þeir sigldu við eitt rif. Ok at kveldi eins dags þá sá þeir land, ok vóru komnir svá nær, at boðar vóru á bæði borð.

¹ vildi Bótólfr stýri-maðr, B.

Þeir vissu at þeir vóru komnir at Suðreyjum; en þar þóttisk engi maðr kunna leið at segja fyrir; ok þat ætluðu flestir at skipit mundi brjóta, en menn týnask.

En er þeir vóru komnir í svá mikinn háska, þá urðu engi órræði kaupmanna. Þá mælti biskups-efni, bað Hrafn taka til at stýra; kvað mikil mundu mega giptu hans ok fréttir hans fróðlegar. Hrafn svarar: 'Dýrt er Dróttins-orð,' ok bað biskups-efni gefa sér blezan; ok kvazk mundu til taka í Guðs trausti ok hans. Stýrimenn kölluðu hónum djörfung mikla at takask slískan vanda á hendr, þar er hann átti ekki í skipi, ef eigi tækisk vel. Hrafn kvazk eigi þenna vanda á hendr takask, ef nökkur þeirra vildi fyrir segja¹. 'En þér megut sjá, at eigi mun svá búit hlyða; ok "Verðr ór hverju vandræði nökkut at ráða." En eingi þeirra kvazk til munu taka þessa vanda. Síðan tók Hrafn til leiðsagnar með samþykki allra stýri-manna. Þessa getr Guðmundr skáld:—

Foraðs-vanda hygg ek fundu, fyrir-sagnir þraut bragna,

þjóð varð þá við leiði þreytin segls at neyta:

Blátt var um bord at líta breka-fall vega alla,

bræddr þar er bárum ruddi barð-jór, of sker-garða².

Nú er þeir vóru komnir í svá mikinn háska, þá mælti Hrafn, at þeir skyldu sigla at eyjunum; en hann kvazk mundu fyrir segja sem hónum þætti vænligst. Ok svá görðu þeir, at þeir sigldu um nöttina, en hann sagði fyrir með miklu viti ok gæfu. Þat sagði Thomas Þórarinsson, at þat væri þrim sinnum, at hann kvazk eigi annat sjá en land fyrir stafn fram, ok eigi mátu þeir vita hvárt þar vóru nökkur sund eðr ekki. Þess getr Guðmundr skáld:

Gékk á græðis-blakki greppr um nött við óttu³

(Hramn varð sem ek get gumnum gagns-maðr), til leiðsagnar:

Heggr fékk hváru-tveggja hug-torgs-vita borgit

(svalði segl ok bulði sval-hrönn) skipi ok mönnum.

Þat var jam-snemma er þeir vóru komnir í gegnum eyjarnar, ok þá sá þeir dags-brúna. Þá kvað Eyjólfur forni vísu-helming þenna:—

Báru austr frá Íra ætt-landi skei branda

hregg óð⁴, himna-tiggi heit-byr firum veitti.

Þá tók Grímr at kveða:—

Sér á sigling vára Suðreysk kona (þuðri
súð góðask nú nauðir) nám-gjörn, er hryðr⁵ stjörnum.

¹ fyrir segja] 155; til taka, Cd. ² til sker-garðar, 155. ³ óttu] otta, Cd.
⁴ hregg óð] emend.; heggorð, 155. ⁵ hryðr] hnyðr, 155.

Þessu næst kómu þeir í góða höfn við ey þá er Sandey heitir, ok þar reistu kaumpmenn hafnar-mark. Svá sagði Grímr:—

Hér hefir beitt á brattri Bótolfr skipi fljótu
(áðr féll sær um súðir) Sandeyju skæ branda:
Reisti sjálfr, ok sýsti, snarr félagi harra,
hafnar-mark fyrir hrefnis, haps-verk, gota sterkan.

Þeir lágu við Suðreyjar í akkeris lægi nökkurar nætr. Þá réð fyrir Suðreyjum Óláfr konungr. Þar kom til þeirra sýslu-maðr konungs, ok heimti at þeim landaura, eptir því sem lög þeirra Suðrey[inga] standa til; ok talði at þeir ætti at gjalda tuttugu hundruð vaðmála, því at þeir vóru tuttugu Íslenzkir menn á skipinu. Þeir vildu eigi gjalda; þvíat þeir þóttusk þat vita, at þeir hlutu at gjalda annat því-líkt í Noregi. Eptir þetta gengu þeir Hrafn ok biskups-efni á land mjök margir, ok til kirkju; þvíat biskups-efni vildi hafa tíðir. Þar var kominn konungr¹, ok bauð biskups-efni til borðz. En er biskups-efni vildi brott fara, þá sagði konungr, at biskups-efni skyldi göra hónum rétt, ella kvazk hann mundu halda þá. En biskups-efni tók því þverlega. Hrafn sagði slíks ván, ok bauð at göra konungi sæmðir². En hann kvazk þat hafa skyldu er hann átti. En er stýrimenn urðu varir við þetta at þeir biskups-efni ok Hrafn vóru haldnir, þá bað Bótolfr at menn skyldi taka vápn sín; kvazk eigi svá skyldu skilja við svá vaska drengi at hann vissi eigi hvat titt væri um þá. En er þeir vóru búinir, hljópu þeir í bátinn, ok röru at landi; gengu þeir upp með fylktu liði; en Suðreyingar sátu undir einum hóli ok þeir biskups-efni. Fóru þá menn í milli þeirra; ok varð þat at sætt áðr en lauk, at þeir biskups-efni guldu sex hundruð vaðmála. Eptir þetta fóru þeir biskups-efni til skips síns, ok sigldu góðan byr, ok urðu vel reiðfara; koma við Noreg skipi sínu suðr frá Þrándheimi þar sem á Eiði heitir. Þar³ fréttu þeir andlát Sverris konungs. Þar lágu þeir um nóttina. Þaðan sigldu þeir norðr til Þrándheims; héldu þeir skipinu í Niðarós. Þá kvað Grímr vísu:—

Hér náðum val víðis víg-lundi með Guðmundi
sterkr at stöðva-merki stefnu biskups-efni:
Frágum áðr á Eiði einni nótt fyrir Dróttins
(trauð man glaum at gæða grams herr) bana Sverris.

Í Noregi vóru þeir um vetrinn, ok vóru margar stefnur at áttar, ok talðisk biskups-efni mjök undan, ok lézk lítt til fallinn þessa

¹ biskup, 155 (wrongly). ² ok—sæmðir] ok bað at þeir skyldu gefa, ok bauð konungi sæmðir, 155. ³ þar] þá, 155.

embættis. Eru þar margar frásagnir áðr en Guðmundr var vígðr. En með umráðum Hrafns ok annarra góðra manna, þá var hann vígðr til biskups af Eireki Erkibiskupi á messu-degi heilagrar meyjar Eusemie. Þá var Hákon Sværsson konungr yfir Noregi. Svá segir Guðmundr skáld :—

Rym-gæðis varð ráða randar hótz at njóta
vitr áðr vígslu gæti vegs-maðr náð saðri :
Kjöl-rennir fór kanna kyn-fríðr at þat síðan,
trú þá er tóksk með lýðum trygð, Háleygja-bygðir.

Hrafn fór um várit eptir norðr á Háloland. Um sumarit¹ eptir fóru þeir Guðmundr biskup ok Hrafn út til Íslandz, ok kvómu skipi sínu í Mjóva-fjörð í Austfjörðum. Þá fór biskup til Hóla til biskupsstóls síns; en Hrafn fór vestr í Fjörðu heim til bús síns á Eyri. Ok áðr þeir biskup skildusk, gaf biskup Hrafni stóð-hross góð, ok sólar-stein ok kyrtills-búnað²; ok þeir skiptu kyrtlum bránuðum til minja eptir því sem Hrafn beiddi. Þessa gripi átti Hrafn meðan hann lifði.—Allir vinir Hrafns urðu hónum fegnir er hann kom heim; en hann valði sínum ástvinum, þeim er hann fundu, góðar gjafir. Svá segir Guðmundr :—

Hverr gékk hyrjar-pverrir hodata-brjót at móti,
hrings er heim kom slöngvir, hauk-strandar fagnandi :
En men-fergi mörgum mótt-runnr frönum spjóta
(æ sé hann öfri skýjum ókvalðr) gjafar valði.

Ok er Hrafn hafði eigi lengi heima verit, þá fór hann í Vatzfjörð at heimboði Þorvaldz, ok þá af hónum stóð-hross góð. Þeir mæltu þá enn af nýju til vinfengis með sér. Nökkuru síðarr fór Þorvaldr á Eyri at heimboði Hrafns, ok þá af hónum góðar gjafir; ok var þá vinfungi þeirra it bezta.

12. Í Selárdal kom reyðar-hvalr góðr ok mikill á land þat er Ragneiðr átti. Ok er Þorvaldr frá þat, fór hann í Selárdal, ok bað Ragneiði, at hón skyldi selja hónum nökkrar vættir hvals. En Ragneiðr lét hann hafa tólf vættir hvals, ok mælti, at hann skyldi gjalda henni jafn-mikinn hval síðarr þá er ræki á fjörur hans. Fyrir þann hval galt Þorvaldr aldri síðan. Ok er hann fór á brott 6r Selárdal með hvalinn, gisti hann í Lokin-hömrum. Ok er hann var þar um nótt þá var stolinn í brott sumr hvalrinn. Sá stulðr reyndisk á hendr þingmanni Hrafns þeim er bjó á Sléttanesi. Ok er Hrafn varð þess varr, varð hann skjótr til, ok bauð hónum at

¹ summarit] várit, 155 (less correct).
p. 309, l. 28.

² kyrtills klæði brúnað, 155; see

gjalda fyrir þingmann sinn, slíkt fé sem Þorvaldr vildi gört hafa, fyrir hvaltökuna; en Þorvaldr vildi eigi þiggja at Hrafni fébætr. Ok lítlu síðarr fór Þorvaldr ok rændi þann mann er tekit hafði hvalinn. Ok þaðan af tók Þorvaldr at ganga á hendr þingmönnum Hrafnar at öðru hváru.

Maðr hét Haukr, er kallaðr var Víga-Haukr, sonr Orms Fornasonar; hann var Norðlenzkr at ætt; hann kvángaðisk vestr á Rauða-sand, ok fékk Hallberu dóttur Markúss Gísla sonar, ok fór þangat vista-fari til Loptz. Þá er Gísli Markússon var fulltíða at aldri, þá beiddi hann Lopt at gjalda fé þau, er hann hafði at varð-veita, er þeir Markús-synir áttu; ok Loptr galt fén af hendi, svá sem Gísli beiddi, bæði lönd ok lausa aura. Nú er Loptr var staðfestu-lauss þá fór hann norðr í Dýrafjörð á Mýrar. Þar bjó Mögr, er fyrr var getið; hann var á gömlum aldri, ok auðigr at fé. Hann var þingmaðr Hrafnar ok átti hann mála á Mýra-landi. Loptr keypti landit at Mög, svá at hann spurði ekki Hrafn at, ok fór þangat búi sínu. Víga-Haukr rézk þangat til fylgðar með Lopti á Mýrar. Nú er Hrafn spurði, at Loptr var kominn á Mýrar búi sínu, þá misliskaði Hrafn við Lopt um landz-kaupit ok búgorð, þvíat Loptr var hávaða-maðr mikill ok ódæll, en þingmenn Hrafnar voru nábuar Loptz, ok hugðu eigi gótt til. Hafði Loptr ok nakkvað rýgilig orð við Hrafn ok þingmenn hans; kvezk ekki undir þíkkja hvárt þeim þætti vel eðr flá hans bygð. Þá samnaði Hrafn liði ok fór á Mýrar með fjölmenni. Þá kom þar Þorvaldr Snorrason með sex menn, ok bauð Hrafn lið sítt, ok gékk í flokk Hrafnar. Síðan leituðu menn um sættir milli þeirra, en Loptr var tregr til sættar við Hrafn. Þá fóru þeir Hrafn til, ok veittu á brott læk þann er inn féll í húsin á Mýrum. Ok er þeir höfðu þat gört, þá grunaði þá Lopt at þeir mundu ætla at bera eld at húsum, ok brenna bæinn. Þá tók Haukr at leita um sættir. Ok þat varð at lyktum, at þeir sættusk á þat, at Sig-hvatr Sturluson skyldi göra á milli þeirra Hrafnar ok Loptz. Eptir þenna fund ýfðusk þeir Loptr við Þorvald fyrir þat er hann hafði görzk berr í liðveizlu við Hrafn. Eptir þenna atburð gaf Hrafn Þorvaldi góða breiðöxi, silfr-rekna ok bar-skepta, áðr þeir skildusk á Mýrum; ok mæltusk þá enn vel við. Of sumarit eptir á Alþingi görði Víga-Haukr hlaupa-far til Þorvaldz, ok hjó milli herða hónum; en Þorvaldr skeindisk ekki, þvíat hann var í brynju. Þá hjó Haukr til föru-nautz Þorvaldz, þess er Teitr hét, ok var son

Árna rauðskeggs. Þat högg kom á hönd Teiti á hreifann; ok var kallat ekki mikit sár; en höndin fíll síðan af hónum í hreifanum þá er Þorvaldr Bjarnason skyldi græða hann. Á þau mál var þar þegar sætzk á pinginu. En þat kom upp síðan, at þeir Loptr ok Gísli höfðu verit í fjörráðum við Þorvald, ok þeir hefði heitið at halda upp fébótum fyrir Hauk, ef hann hefði unnit á Þorvaldi. En er Loptr vissi, at Þorvaldr hafði ekki skeinzk, þá vildi hann eigi fébótum uppi halda, sem þeir höfðu heitið. Svá görði ok Gísli; en Hauki þótti þeir eiga at efna mælt mál við sik, þar er hann hafði ráðit til Þorvaldz, þótt hann hefði eigi skeinzk. En því vildu þeir eigi fé gjalda er Þorvaldr hafði ekki skeinzk af tilræði Hauks. Þá sýndisk Lopti óvarlegt vera sér at sitja í Dýrafirði fyrir ófriði Þorvaldz; ok fyrir því fór hann á braut, brátt er menn kómu af þingi, suðr um land til Eyjólfss goða, Þorsteins sonar, mágs síns, föður Álfðísar konu hans, ok var þar um sumarit ok öndverðan vetrinn. Þetta sumar fór Þorvaldr vestr í Dýrafjörð til leiðar, at vitja fé-gjalda þeirra er gjaldask skyldu fyrir Hauk. En fén kómu þar eigi fram. Þá beiddi Þorvaldr Hrafn at hann skyldi fara með hónum á Mýrar at ræna bú Loptz, fyrir þat er fé-gjöld kómu eigi fram fyrir Hauk; en Hrafn vildi eigi í þeirri fór vera; kvezk veita mundu Þorvaldi til laga, en eigi til ólaga; mælti at Þorvaldr skyldi sækja Lopt til laga eðr Gísla, um fjörráð eðr fjárhald, ok kvazk veita mundu hónum til þess. Eptir þat fór Þorvaldr á Mýrar ok rænti þar mörgu fé, ok lagði ámæli til við Hrafn, er hann vildi eigi í þeirri fór vera. Of þetta rán orti Heinrekr pingmaðr Þorvaldz, vísu þessa:—

Rekkar frá ek at ræki (ráð er þat mikit dáða)
(kynnisk kapp-gjörd manna) kýr tuttugu af Mýrum:
Nú hefir hrun-birkis hvárki hlynr (veit ek á því skynjar)
(illr man kostr hans kallaðr) kýr né land á Mýrum.

Loptr kom eptir Jólin vestr á Mýrar í Dýrafjörð, at ráði Sighvatz Sturlusonar ok Eyjólfss Þorsteins sonar. Ok er Þorvaldr frá at Loptr var kominn á Mýrar, samnaði hann liði ok fór á Mýrar með fjölmenni. Til þeirrar farar spurðu vinir Loptz, ok sömnuðu þeir liði, ok kvómu á Mýrar þá er Þorvaldr var kominn þar, ok leituðu um sættir á milli þeirra Þorvaldz ok Loptz. Ok fyrir því at Þorvaldr sá at Loptr hafði þar fleiri fulltings-menn, þá sættisk hann við Lopt, ok fór í brott síðan. Ok er hann var í brottu, treystisk Loptr eigi at vera á Mýrum, því at hónum þótti einskis

Örvænt fyrir Þorvaldi um tiltektir. Loptr fór þá til Hrafns á Eyri, ok bað at hann skyldi taka við hónum; kvað Sighvatr hafa sent hónum orð til ásjá við sik. En í þann tíð var Sighvatr mikill vinr Hrafns. Nú fyrir því at Hrafni var leitt at kveða nei við þeim er hans þurfti, þá varð þat, at hann tók við Lopti. Ok þótti þar verða mikill manna-munr með þeim. Um þat sannar Guðbrandr:—

Betr vill ægis oþra opt (tók Hrafn við Lopti)
(raun sannar þat) rennir ráð-gjarn hafa en aðrir.

Ok er Þorvaldr frá, at Hrafn hafði tekit við Lopti, þá misliskaði hónum við Hrafn sín tiltekja, fyrir óþyktar sakir þeirrar, er milli þeirra Loptz var. Eptir þat sendi Þorvaldr Hrafni orð, at hann skyldi koma til fundar við hann í Dýra-firði, á þann bæ er á Granda heitir. Pangat kom Hrafn við inn þriðjamann, fyrr en Þorvaldr; ok beið hans inni. Ok er Þorvaldr kom við marga menn, þá sendi hann orð Hrafni, at hann skyldi út ganga. Þá gékk Hrafn út, ok hans föru-nautar, Thomas Þórarinsson ok Sturla Bárðarson. Þá höfðu þeir Þorvaldr skipazk fyrir dyrnar, ok görðu kví at Hrafni ok föru-nautum hans; en Þorvaldr stóð stund frá durunum ok hafði sverð í hendri, ok brugðið á miðjar sliðrar. Ok Hrafn hvarf til hans; en Þorvaldr tók kveðju hans. Ok síðan settusk þeir niðr ok hjöluðu; ok varð Þorvaldi ekki at orðum við Hrafn. Ok þat þótti Hrafni undarlegt; ok ekki sá Hrafn örindi Þorvaldz við sik í því sinni. Af þeim fundi fór hvárr þeirra til síns heimilis. Loptr keypti síðan bæ þann á Rauðasandi er at Stökkum heitir, ok görði þar bú á. Þat ætluðu margir menn, at Eyjólfur Þorsteins son, mágr Loptz, mundi rétta hluta hans, ok þeir Sunnlendingar, fyrir þingvistar sakir, um ránit við Þorvald. En þat varð eigi. Þá var kveðin vísa þessi:—

Vist eru farnir flestir fálu-hestz it mesta,
þótt lyðir ból bíði, bræðendr at harðræðum:
Menn eru seinir sunnan (slikt heyrig'g opt) með Lopti
stála strangra éla stefni ráns at hefna.

Víga-Haukr, ok Hallbera kona hans, fóru í brott af landi, fyrst í Noreg, ok síðan til Grænlandz; ok þótti Haukr mikil-menni hvar sem hann kom. Magnús Markússon fór ok til Grænlandz. Ok kom ekki þeirra apr. Guðmundr hét maðr; hann var Hallz son; hann var ein-hleypingr ok hávaða-maðr; hann görðisk fylgðar-maðr Gísla Markús-sonar. Galti hét vinr Loptz; hann

átti hest góðan; þann föluðu þeir Gísli ok Guðmundr; en Galti vildi eigi selja hestinn; ok gaf síðan Lopti. Ok er Guðmundr vissi þetta, þá görði hann eptir hestinum, ok ætlaði at hafa í brott. Loptr sá at Guðmundr tók hestinn hjá garði; ok fór eptir hónum við inn fjórða mann. Gestr hét maðr, ok Gunnarr; Galti enn þriði; þessir menn fylgðu Lopti. Þeir Loptr ok Gunnarr vógu Guðmund. Þat vígs-mál var lagt undir Sighvat Sturluson; þvíat hann var kallaðr vinr hvárs-tveggja þeirra Loptz ok Gísla. Gísla þótti sér mjök misboðit í vígi Guðmundar. Fyrir víg Guðmundar görði Sighvatr Lopt á braut ór Vestfjörðum ok föru-nauta hans þá er til vígsins fóru; ok þar á ofan fé-gjöld mikil. Þá fór Loptr í brott ór Vestfjörðum ok suð um land til handa Eyjólfí mági sínum; ok var síðan lengi undir ára-burði Oddaverja.

13. Í þenna tíma tók at vaxa mjök misþykki með þeim Hrafni ok Þorvaldi, af þeim ágangi er Þorvaldr tók at hafa á hendr þingmönnum Hrafns. Þorvaldr færði ómaga þingmanni Hrafns þeim er Bárðr hét; hann bjó í Reykjarsíði í Arnarfirði. Þorvaldr setti þar niðr ómagann at Bárðar; ok fór brott síðan. En Bárðr fór á fund Hrafns, ok bað, at hann skyldi færa ómagann af hendi hónum. Hrafni samnaði liði, ok fór við átta tigi manna norðr til Ísafjarðar, ok færði ómagann þeim manni er Jóseppr hét; hann bjó á þeim bæ er í Súðavík heitir. Þorvaldr varð varr við fór Hrafns; ok tóku þeir skútu nökkura þar í Súðavík, ok lögðu henni þar í einn leyni-vág, ok vóru þar meðan Hrafni var í Súðavík. Hrafni létt þar eptir ómagann. Um þat kvóðu förunautar Hrafns kviðing þenna:—

Færum gildan grepp Jóseppi
sá skal ráða ríkr Súðavík.

Hrafni fór heim aptr eptir þat. En Þorvaldr færði aldri síðarr þann ómaga á hendr þingmönnum Hrafns.

14. Sá atburðr varð í Skagafirði, þá er Guðmundr biskup hafði fimm vetr at stóli verit, at þeir Kolbeinn Tumason ok menn biskups börðusk í Viðinesi í Hjaltadal. Tóksk þar meirr at Guðs fyrir-ætlan en at líkendum, fyrir lið-fjöldá sakir. Féll Kolbeinn þar; en biskups-menn sigruðusk. Þann vetr inn næsta eptir görðu þeir Þorvaldr Gizurarson ok Sighvatr Sturluson menn til allra höfðingja á Íslandi, ok báðu liðveizlu þeirrar, at fara at Guðmundi biskupi. En í þetta mál gengu allir höfðingjar nema

Þórðr Sturluson ok Hrafn Sveinbjarnarson. Þorvaldr Snorrason gékk ór Vestfjörðum með þrjá tigi manna norðr til Hóla. Varð þar sá fundr, at sex félru af þeim er til kómu, en níu af biskupsmönnum. Var biskup tekinn með valdi. Hafði Snorri Sturluson hann með sér í Reykjaholt. Eptir þetta þóttisk Hrafn ok hans vinir kenna nökkurn kulða af ráðum Sighvatz í skiptum þeirra Þorvaldz.

Þá urðu í Vestfjörðum mörg¹ kyn, bæði í sýnum ok draumum :— Einu sinni þá er Hrafn hafði verit at heimboði í Selárdal, fór hann í brott snemma um morginn, ok tveir menn með hónum. Ok er þeir vóru komnir skamt frá garði, sá þeir ljós mikil ór austri frá bænum á Eyri. Hrafn sá í ljósini þrjá menn. Þar þóttisk hann kenna sik sjálfan ok tvá menn aðra. Þá sýn sagði hann fám mönnum; ok þótti hónum mikils um vert.

Þórðr hét maðr; hann var heima-maðr í Selárdal; hann sofnaði eitt kveld, ok dreymði, at maðr kom at hónum svartr ok flilegr. Þórðr þóttisk spyrja hvern hann væri. Hann segir :—

Foraldr ek heiti; ferr ek um aldar-kyn;
emka ek sættir svika :
Döprum dauða ek mun drengi vega,
ok nyta mér nái.

Hann vaknaði ok sagði drauminn.

Guðbrandr hét maðr, er fyrr var getið; hann dreymði at maðr kom at hónum mikill ok flilegr. Hann þóttisk spyrja, hvat manna hann væri. Sá svaraði: ‘Hér er nú Ingólfur sá inn sami er þér vitraðisk fyrir vígi Markúss.’ Guðbrandr spurði: ‘Hvárt ferr þú með jafn-llum tíðendum sem þá!’ Hann svarar: ‘Hygg at vísu þessi’—

Fagna ek því er ógnir (ymr þjóðar-böl) glympja ;
allr tekr svármr at svella, svellr þat er mannfolk h[r]ellir :
Fara man ek suðr it syðra snák-rannz um lið manna ;
farit hefi'g norðr it nörðra ná-valdr um far aldar.

Guðbrandr vaknaði, ok mundi vísunu.

Eyjólfur hét maðr ok var Snorrason; hann bjó at Haukabergi á Barðaströnd. Hann dreymði um nótt, at hann þóttisk sjá tungl svá mörg sem stjörnur væri, sum full en sum hálf; sum meirr en sum minnr vaxandi ok þverrandi. Ok er hann undraðisk þessa sýn, þá sá hann mann hjá sér, ok kvað vísu :—

¹ mörg] maurkut, 155.

Seþu hvarfa heima í milli
synd-auðigra sálur manna !
Kveljask andir í orms-gini ;
skelfr ramr röðull. Ræð ek þér at vakna.

Þá vaknaði hann ok mundi vífsuna.

Jón hét maðr; hann var Þorsteinsson; hann var húskarl á þeim bæ, er á Kúlu heitir; þar bjó sá maðr er Kjartan hét. Maðr hét Símon; hann var Bjarnason; hann var heima-maðr Hrafns á Eyri. Símon átti barn ok byrgis-konu á Kúlu. Jón fífldisk at þeirri konu. Einn helgan dag fór Símon til fundar við fylgjukonu sína, ok sat á tali við hana. En Jón gékk at hónum ok hjó hanna bana-högg. Fyrir þat víg görði Hrafn Jón sekjan skógar-mann. Nökkuru síðarr færði Jón Hrafn höfuð sít; en Hrafn gaf Jóni upp höfuðit; en hann þakkaði Hrafn höfuðit, ok launaði illu silt höfuð, sem síðarr mun sagt verða¹. Hrafn bætti síðan fé fyrir víg Símonar frændum hans, ok færði sjálfir fram syknu hans.

15. Þat var eitt vár, at Þorvaldr fór með fjölmenni norðan ór Ísafirði til Arnarfjarðar. Ok er þeir kómu ofan á heiðar-brún í Arnarfjarðar-botni, þá sá sú kona fór þeirra er Ástríðr hét; hón var Gunnars dóttir, Bárðar sonar, bræðrunga Hrafns. Hón bjó at Borg. Ok er hón sá fór margra manna saman, þá sendi hón son sínn út á Eyri til fundar við Hrafn at segja hónum manna-ferð. Ok er Hrafn spurði þetta, þá sendi hann menn til Selár-dals, at Ragneiðar-synir kæmi til fulltings við hann með svá marga menn sem þeir fengi til. Ok þeir sömnuðu at sér mönnum, ok flotuðu skipum. Þorvaldr kom lítlu síðarr á Eyri, en Hrafn hafði sent menn yfir fjörð. Þá er Hrafn hafði sanna frétt af ferð Þorvaldz, þá bað hann sína menn búask við eptir fögnum, brennu þeirra Ísfirðinga. Hrafn skipaði mönnum fyrir í húsum með vápnum, ok lét vera opnar dyrr allar, ok skaut í slám. Hrafn hafði boga ok skaut. Þorvaldr bar eld at húsum þegar er hann kom, ok kveykði fyrir þeim durum er hónum þótti minst vörn fyrir verða. En þeir er inni vóru, báru í vatn ok sýru í eldinn, ok slökðu svá sem þeir máttu. Hrafn spurði hverr fyrir eldinum réði. Þorvaldr svarar, ok segir, at hann réð fyrir. Hrafn spyr, hvat hann gæfi hónum at sök, er hann bar eld at húsum hans. Þorvaldr kvað mart til saka. Hrafn spurði, hvat þat væri. Þorvaldr svarar,

¹ He was one of the thirty-two named in ch. 19.

kvað Hrafn hafa verit í fjörráðum við sik þá er hann færði ómagann í Súðavík. Hrafn kvað eigi þat satt vera. ‘Því at ek vissa hvar skip þitt var, eðr þú, þá er ek var í Súðavík; ok hafða ek svá mikit fjölmenni, at ek átta allz kost við þik, þess er ek vilda. Svá vissa ek er þú vart í Holti í Önundarfirði, ok hafða ek þá enn ærit fjölmenni, at göra slískan þínn hlut sem ek vilda. Nú er á hitt at líta, hvat vær skulum til þess vinna at þú brennir eigi bæinn.’ Þorvaldr svarar: ‘Þú skalt handsala mér sjálfdæmi fyrir þá hluti alla er ek vil göra á hendr þér; skaltu járn bera fyrir þat, at þú vildir eigi bana mínn í Súðavíkr-för.’ Hrafn sagðisk eigi mundu selja hónum sjálfdæmi: ‘Fyrir því, at mér mun eigi skortr liðveizlu af bragði.’ Þeir háðusk þar við um stund; ok gátu þeir Þorvaldr eigi brenndan bæinn fyrir varnar sakir þeirra manna er fyrir vóru. Þá sá þeir Þorvaldr hvar skip fóru útan eptir firðinum, skiput mönnum ok vápnum. Þorvaldr spurði þá Hrafn, ef hann vildi þeirra mál í nökkurs mannz görð leggja. En Hrafn görðisk til þess tregr, því at hann vissi sér þá liðs ván. Þá áttu margir menn hlut í at þeir skyldu sættask; ok skyldi Hrafn hafa þá nefnu um þetta mál, er hónum þætti góð. Þorvaldr var þá fúss til sætta er hann sá lið vápnað fara til fulltings við Hrafn. Þat urðu mála-lok þessa fundar, at Þórðr Sturluson skyldi göra milli þeirra Hrafnar ok Þorvalds, bæði um heimsókn, ok allt þat er hónum þætti görðar þurfa í milli þeirra. Þegar er þessi sætt var handsöluð fór Þorvaldr í brott með skyndingi. Ok er Þorvaldr var skamt í brott farinn, þá dreif mikit lið at Hrafn, bæði Seldælir ok margir aðrir. Þeir vóru margir vinir Hrafnar er mæltu, at þá skyldi göra eptir Þorvaldi ok drepa hann, svá berr sem hann görðisk í fjörráðum við Hrafn, er hann vildi brenna hann inni. En þat sýndisk opt, at Hrafn var ógrimmr maðr, ok hann vildi heldr deyja fyrir trygðar sakir en fyrir ótrygðar. Nú vildi hann eigi göra eptir þeim Þorvaldi, né drepa hann, svá sem hann átti þá kost, ef hann vildi; þvfat hann vildi eigi vinna þat til fárra vetra virðingar, sem opt kunnu manna-ráð verða; heldr vildi Hrafn hafa svívirðing af mönnum í orðlagi fyrir Guðs sakir, ok hætta svá lfsi sfnu til eilfsfrar miskunnar allmáttigs Guðs. Fyrir þessa trygð Hrafnar ámæltu hónum margir menn fyrir þat er hann hafði látið Þorvald undan ganga. Svá sem Guðmundr skáld Galtason sagði Guðrúnusystur Hrafnar, þá er hón spurði hvat hann heyrði rætt um málaferli þeirra Hrafnar. Hann sagði ok kvað vísu:—

Heyri ek Hrafni fjóra hyr-tzélendr ámæla
 (þjóð er til lymsk & láði) lín-spöng! um atgöngu:
 Raun man segja sína seim-hrjóðandi góða;
 viggs er ullr með öllu eitr-pvengs fyrir-leitinn.

Þá er Þorvaldr kom í Ísafjörð, þá sagði hann allt annat um fundi þeirra, ok hver sætt verit hafði, en var. Of sumarit eptir riðu þeir Hrafni ok Þorvaldr með miklu fjölmenni báðir til Alpingis. Á þingi var kníat mál þeirra Þorvaldz ok Hrafns; vóru í fyrstu öll vitni borin í hag Hrafni, svá sem mála-efni vóru til. En Þorvaldr knokaði sína menn til ljúgvitna ok eptir-mælis við sik; þá drógusk þeir í málínu, ok mæltu þá eptir Þorvaldi allir, nema einn maðr. Sá hét Eymundr; hann var son Þórðar Halldórs sonar; hann bar öll vitni eptir því sem Hrafns-menn báru ok verit hafði. Þar varð ekki gört um mál þeirra Hrafns ok Þorvaldz, þvíat Þorvaldr hélt ekki þat er þeir höfðu á sætzk sín í milli.

16. Eptir um vetrinn kom hvalr norðr á Strandir á land Hrafns; en sá maðr er fann hvalinn, fór ok sagði Þorvaldi hval-kvámuna. Þá görði Þorvaldr þat ráð, at sá er fundit hafði hvalinn, skyldi segja at hvalrinn hefði komit á Almenninga, ok hefði hann þar fest lögfesti hvalinn. En þat gegndi öngu. Þá fór Þorvaldr til með sína menn, ok lét skera hvalinn ok flutti heim til sín, en sumum hvalnum skipti hann með mönnum sínum. Nú er Hrafni spurði þetta, þá sendi hann menn suðr um land, til fundar við Hall lögsögu-mann, mág sínn, ok Þorvald bróður hans, ok hafði ráð við þá, hversu hann skyldi þetta mál leiðréttu við Þorvald. En þeim sýndisk þat ráð, at Þorvaldr væri sóttr, ok þeir menn er tekit höfðu hvalinn; ok Hrafni björggi¹ til mál á hendr þeim til Dýrafjarðarþings, ok sækti þá þar at lögum. Sendi-menn Hrafns kvómu aptr til fundar við hann með þeim ráðum sem þeir höfðu til lagt. Um sumarit eptir bjó Hrafni mál til um hvaltökuna á hendr Þorvaldi ok þeim mönnum öllum, sem at hval-skurðinum höfðu verit, ok neytt höfðu hvalinn. Sturla hét maðr, son Bárðar Snorra sonar, ok Þórðsár Sturlu dóttur; hann hafði mál á hendri. Á því þingi varð Þorvaldr sekr, ok níu menn aðrir, er at hvaltökunni höfðu verit.

17. Eptir um sumarit reið Þorvaldr til þings með fjölmenni. Þat sumar fór Hrafni eigi til þings. Sturla Bárðarson fór til þings fyrir hönd Hrafns, ok var í flokki Þórðar Sturlu sonar, ok sagði til sekðar Þorvaldz at Lögbergi ok þeirra manna annarra, er sekir

¹ beyggi, Cd.

höfðu orðit um hval-mál. Þat sumar fór Hrafni norðr í Ísafjörð, ok tók upp sekðar-fé fyrir þeim mönnum er sekir höfðu orðit. Þá er Þorvaldr kom heim af þingi, samnaði hann mönnum um allan Ísafjörð, ok fékk hundrað manna. Margir fóru nauðigir í þá fór með Þorvaldi. Kolbeinn hét fylgðar-maðr Þorvaldz; hann fór at sendingum þessum, ok nökkurir menn með hónum, til fundar við þann mann er Ámundi hét. Ámundi var fátækr maðr, ok bjó, þó at hann atti mikla ómegð; hann var Þorkelsson, ok þingmaðr Hrafns. Þorvaldr mælti svá við Kolbein ok hans föru-nauta, at þeir skyldu beiða Ámunda at fara at Hrafni með þeim; en ef hann vildi eigi fara, þá mælti Þorvaldr at þeir skyldu vega hann. Þeir Kolbeinn fundu hann á hey-teigi, er hann sló; en kona hans rakaði ljá eptir hónum, ok bar reifa-barn á baki sér þat er hón fæddi á brjósti. Þeir Kolbeinn beiddu Ámunda, at hann færí með þeim á Eyri til Hrafns. En Ámundi kvezk í öngri þeirri ferð vera mundu er Hrafni væri til óþyktar. Þá hljópu þeir at hónum ok vógu hann. Síðan fóru þeir til fundar við Þorvald, ok sögðu hónum vígit; en hann lastaði eigi verkit. Þá er þeir Þorvaldr kómu í Dýrafjörð, þá fór kona nökkur með skyndindi á Eyri til Hrafns, ok sagði hónum til fara þeirra Þorvaldz. Ok er Hrafni heyrði þau tíðindi, þá sendi hann menn til Salárdals til fundar við Eyvind, ok bað hann samna liði, ok fara til fundar við sik. Hrafni sendi ok menn til Barðastrandar til fundar við Steinólf prest Ljótzson ok Gelli Þorsteinsson, ok bað þá koma til lið-veizlu við sik. Þeir Gellir kvómu á Eyri með þá menn er þeir fengu til. Hrafni hafði gört virki mikil ok gótt ór grjóti um bæ sín. Heima-menn Hrafns bjoggusk við kvómu Þorvaldz eptir öllum slíkum föngum sem til vóru. Þeir menn, er eigi höfðu bolhlífar aðrar, skáru sér stakka ór pilju-þósum¹. Þá kvað Sturla Bárðarson vísu:—

Hlíðu hamri þæfðar hjaldr-bordz viðum forðum
(þjóð bjósk Þróttar-klæðum-þings) grá-skyrtur bringa:
Nú skerr margr í morgin mótt-runnr um sik spjóta
(‘Mjótt verðr mundang hitta mitt hóf’) söðul-þófa.

Þar var með Hrafni Guðmundr Galtason; hann var skáld gótt, ok ódæll maðr; heldr örigr viðskiptis. Þat hafði Hrafni mælt, at hónum þótti þat líkast í hsbýlum, Guðmundr skáld ok hundr sá er Rósta hét. Ok því reiddisk Guðmundr. Hann bjó sik við

¹ pilju-] add. B; pilja = *felt*; pilju-þófi = *a felt pad*.

pessum fundi frá því sem aðrir menn. Hann tók eina nautz-húð hrá-blauta, ok skar á rauf, ok fór í, ok gyrdi at sér með reipi; eina öxi mikla í hendi, ok gékk út ok inn ok kvað:—

Skal ek með skjaldar-runni (skapaðr erumk aldr) at gunni
(koma man geira gjósta) ganga fram sem Rósta:
Okkr þurfut nú ella, þeir er opt á mik skella,
(svinomn¹ ek seðja hrafna) saman um allt² at jafna.

Þorvaldr kom á Eyri með hundrað manna. Ok er hann sér viðrbúning Hrafns, bæði virkit ok fjölmenni mikit, þá sýndisk hónum óárennilegr bólkr þeirra. Síðan settisk Þorvaldr niðr á brekku einni skamt frá virkinu. Eyvindr Þórarinsson hafði samnat liði um Tálknafjörð ok Dali í Arnarfirði, ok fór skipa-liði til Eyrar. Nú er Þorvaldr sá hvar skipin fóru, þá fór hann ofan til sjóvar með flokk sínn, ok ætlaði at vera á ströndu fyrir er þeir Eyvindr kæmi at landi. Eyvindr sá hvar flokkrinn Þorvaldz var í fjörunni fyrir. Hann mælti við sína förunauta at þeir skyldi eigi at landi leggja skipin. Þorvaldr kallaði á skipa-mennina, ok spurði, hverr fyrir réði. En hónum var sagt, at Eyvindr Þórarinson réði fyrir. Þorvaldr kallaði á Eyvind, ok mælti at hann skyldi leggja at landi skipin, ‘Þvíat ek vil tala við þik.’ Eyvindr svarar: ‘Ef þú átt nökkut van-mælt við mik, þá mælpú þaðan sem nú ertú kominn; en ek man héðan svara, sem ek em kominn, þvíat ek á ekki van-mælt við þik.’ Þá svaraði Þorvaldr öngu. Þá sá þeir, er í virkinu vóru, flokk Þorvaldz ok skipa-mennina, hvar þeir kölluðusk á. Í virkinu vóru bræðr Eyvindar tveir, Thomás ok Halldórr; ok er þeir sá hvar Eyvindr var komian skipum sínum, þá ganga þeir ór virkinu með miklum flokki á móti Eyvindi. Ok er Þorvaldr sá fór þeirra, þá gengr hann á braut ór fjörunni. Þá leggja þeir Eyvindr at landi, ok ganga í flokk þeirra bræðra síenna, ok fara með þeim í virkit til Hrafns. Þá hafði hann þrjú hundruð manna í virkinu. Þá fóru nokkurir menn ór flokki Þorvaldz á þann bæ er á Tjaldanesi heitir. Þá mæltu sumir menn við Hrafn, at þeir skyldu ganga at Þorvaldi ok drepa hann; kvóðu eigi mundu Hrafn komask í betra færi. En Hrafn vildi eigi þat; þvíat hann kvezk vilja virða til inn heilaga Jacobum Postula, ok berjask eigi við Þorvald; ok hann kvezk aldri mundu um líf hans sitja. Sjá ræða Hrafns var um kveldit fyrir Jacobs-messu. Þá

¹ Thus (?), somehow corrupt. ² The true reading, we think, would be, saman við Róstu at jafna, or saman við rakka at jafna?

kallaði Þorvaldr á Steinólf prest Ljótz son, at hann skyldi koma á hans fund. Ok Steinólfr fór ór virkinu ok á fund Þorvaldz, ok töluluðu lengi hljótt. Siðan fór Steinólfr aptr í virkit, ok leitaði þaðan af um sættir milli þeirra Hrafns ok Þorvaldz. Um morguninn eptir kom Áli Oddzson inn auðgi á Eyri með nökkura menn, ok leitaði um sættir með Steinólfí. Ok þá sættusk þeir Þorvaldr ok Hrafni. Sú var sætt þeirra, at göra skyldi um öll þeirra mála-ferli Þórðr Sturluson ok Þorvaldr Gizurarson. Ok þá er þeir höfðu handsalat þessa sætt, þá þakkaði Þorvaldr öllum mönnum er um sættir höfðu leitazt, ‘Em ek þessu feginn orðinn, er vér erum sáttir; þvíat mér sýnisk svá, frændi, sem vit sém eigi uppnæmir fyrir einum höfðingja, ef vit erum at einu ráði báðir.’ Þá bauð Hrafni Þorvaldi, ok öllu föru-neyti hans til mat-borðz. Þá hafði Þorvaldr ok flokkr hans dögurð a Eyri. Hrafni létt skera húð til skúa föru-nautum Þorvaldz, þvíat þeir voru mjök skólausir, er langa leið höfðu farit þangat. Hrafni fékk Þorvaldi ok föru-nautum hans fara-skjóta norðr yfir heiði til Dýrafjarðar. Þorvaldr mælti marga vega fagrt til Hrafns er þeir skilðu, ok hvarf til hans. Þá voru mála-efni þeirra kyrr þaðan frá um sumarit, ok svá um vetrinn eptir. Um várítt eptir fór Hrafni suðr til Borgarfjarðar, í Reykjaholt, til sáttar-funda þess er þeir Þorvaldr höfðu sett með sér. Til þessa fundar kom Þorvaldr eigi. Þar kom Þórðr Sturluson ok Þorvaldr Gizurarson, er göra skyldu um þetta mál. En þeim sýndizk sem ekki mundi stoða at göra um þetta mál þar er Þorvaldr var eigi við staddir; sýndisk þeim Þorvaldr rjúfa sætt er hann kom eigi til þessa fundar sem ákveðit var. Um haustið eptir sendi Þórðr Sturluson orð Þorvaldi ok Hrafni, at þeir skyldu koma á Meðalfellz-strönd í Fagradal ef þeir vildi sættask. Til þessa fundar kom Hrafni en Þorvaldr eigi. Þá þóttusk menn sjá, at Þorvaldr vildi önga sætt við Hrafni. Þá fór Hrafni á Barðaströnd, í Haga, til brúðkaups þess er Haukr Þorgilsson gékk at eiga Oddnýju dóttur Steinólfss prestz. At því boði var ok Eyvindr Þórarinsson. Ok er lokit var boðinu, þá var Hrafni eptir í Haga; en Eyvindr fór um heiði til Arnarfjarðar ok föru-nautar hans. Ok er þeir fóru út með Forsfirði til Dufansdals síð um kveld, þá sá þeir eld brenna á sjávar-brekkunum fyrir utan Dufansdals-á. Þeim sýndisk eldrinn bjartr, ok víðr sem stakk-garðz-vídd væri. Þeir sá lengi eldinn, ok ætluðu at fara, ok vita hverju gegndi; en flóð var í ánni niðri, ok máttu þeir þar eigi yfir

komask. Fara upp með ánni, ok sá jafnan eldinn. Áin var síl yfirferðar, ok upp gengin af frosti. Fjúk var á ok snæ-kvóma. En er þeir kvómu yfir ána, hugðu þeir at eldinum; ok var þá horfinn eldrinn. Þeir fóru til húss í Dufansdal, ok vóru þar um nöttina, ok sögðu þar sýn eldzins. En engi þóttisk vita, hví sjá sýn mundi gegna, er þeir sá.

18. Í Selárdal varð sá atburðr, at húskarlar Ragneiðar vóru rónir á sjó. En er þeir vóru mjök langt komnir frá landi, þá sjá þeir á sjónum út til hafs eld upp brenna, ok skjótt hverfa. Þeir sá allir þessa sýn; ok eigi meirr senn en tveir; en þeir sá svá opt, at þó sá þeir allir. Eptir þessa sýn sá þeir blóð á klæðum sínum, þat er þeir vissu eigi hvaðan var komit. Um kveldit er þeir kómu at landi, sögðu þeir mönnum þessi tféndi. Öllum þótti þessi atburðr undarlegr.—Þat var enn í Selárdal, at sásks í kirkju á söngþús-pöllum, ok á gólfínu útar frá, blóð, þat er menn vissu eigi hvaðan at var komit. Öllum þótti þessi sýn undarleg, er sá.—Oddleifr hét maðr Jónsson, á Skálmar-nesi í Breiðafirði; hann sá enn blóð á klæðum sínum einhvær dag, er hann var úti staddir. Hann undraðisk, ok vissi eigi hvaðan at var komit. Slíka sýn sá húskarl Oddleifs þar á Skálmar-nesi, ok vissi eigi hvaðan þat blóð var at komit.

